Hæstaréttardómar 1943

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI
HÆSTIRÉTTUR

XIV. BINDI
1943

REYKJAVÍK
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG
MCMXLIV

Reglulegir dómarar hæstaréttar 1943.

Þórður Eyjólfsson. Forseti dómsins frá 1. janúar til 31. ágúst.

Gizur Bergsteinsson. Forseti dómsins frá 1. september til 31. desember.

Ísleifur Árnason settur dómari í stað Einars Arnórssonar.

Registur.

I. Málaskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Árni Böðvarsson gegn Bæjarstjóra Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál	8/1	1
2.	Umboðs- og raftækjaverzlun Íslands h/f gegn H/f Slippfélaginu í Reykjavík f. h. Danziger Holzexport, I. Goldberger. Kyrrsetning og málshöfðun samkvæmt Op. br. 30. nóv. 1821. Óbeðinn erindisrekstur o. fl.	8/1	4
3.	Steingrímur Arnórsson gegn Sigfúsi Sigfússyni og Huldu Guðjónsdóttur. Kærumál	8/1	10
4.	Ásgeir Pétursson & Co. h/f gegn Verzlun Stefáns Guðjohnsens, Húsavík. Kærumál	8/1	10
5.	Stefán Stefánsson gegn Fanneyju Benónýs. Um öflun framhaldsskýrslna	11/1	15
6.	Réttvísin gegn Þóroddi Guðmundssyni. Meiðandi ummæli um opinbera starfsmenn	15/1	16
7.	Eigendur og skipshöfn v/b Ársæls V. E. 8 gegn Lárusi Fjeldsted f. h. eigenda e/s Kinaldie A. 83 og gagnsök. Bjarglaun	20/1	25
8.	H/f Hængur gegn Hafnarstóra Reykjavíkur f. h. hafnarsjóðs og gagnsök. Bjarglaun	25/1	31
9.	Kristinn Vigfússon, Ísleifur Sigurðsson og Kaupfélag Árnesinga gegn Guðrúnu Halldórsdóttur og gagnsök. Dánarbætur	27/1	35
10.	Kristinn Vigfússon, Ísleifur Sigurðsson og Kaupfélag Árnesinga gegn Oddnýju Magnúsdóttur og gagnsök. Dánarbætur	27/1	43
11.	Síldarverksmiðjur ríkisins gegn Jóni Björnssyni og gagnsök. Um skaðabótaábyrgð vegna lemsturs, er verkamaður hlaut við vinnu í þjónustu fyrirtækis	29/1	50
12.	Pétur Jónsson gegn Kristjáni Jónssyni. Útivistardómur	29/1	55

		Dómur	Bls.
13.	Hans Steinason gegn Guðrúnu Einarsdóttur. Útivistardómur	29/1	56
14.	Sigurgeir Sigurjónsson gegn Jónasi Jónssyni. Útivistardómur	29/1	56
15.	Valdstjórnin gegn Guðmundi Einarssyni. Brot gegn umferðarreglum	3/2	56
16.	Magnús Andrésson gegn Andreas Godtfredsen og gagnsök. Um öflun skýrslna	5/2	60
17.	Lúðvík Sigmundsson gegn Ísafold Jónsdóttur. Skuldaskipti vegna leigu á húsnæði	10/2	61
18.	Valdstórnin gegn James Darkins. Brot gegn lögum nr. 5/1920	12/2	64
19.	Ólafur Þórarinsson gegn Mogens L. Andersen. Ómerking og vísun máls frá héraðsdómi	15/2	67
20.	Sigfús Sigfússon og Hulda Guðjónsdóttir gegn Steingrími Arnórssyni og gagnsök. Um uppsögn á leigu húsrýmis	22/2	71
21.	Firmað Ó. Jóhannesson gegn Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Lögtak. Ómerking.	24/2	74
22.	Bjarni J. Jóhannesson gegn Guðmundi H. Þórðarsyni og Jóni Eiríkssyni. Útivistardómur	26/2	75
23.	Trolle & Rothe h/f vegna eigenda og vátryggjenda e/s Persier, skips og farms gegn Skipaútgerð ríkisins og gagnsök. Bjarglaun	3/3	76
24.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Ingólfi Siggeir Andréssyni Nielsen. Manndráp af gáleysi. Brot gegn bifreiðalögum	8/3	82
25.	Einar Einarsson og Jón Einarsson gegn Skilanefnd Bifreiðaeinkasölu ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Um valdsvið ráðherra	10/3	92
26.	Þórarinn Snorrason gegn Guðmundi Jónssyni. Vísun máls frá hæstarétti vegna þess að skilyrði samkvæmt 30. gr. laga nr. 112/1935 til endurupptöku voru ekki fyrir hendi	12/3	97
27.	Andrés Blomsterberg og Bjarni Blomsterberg gegn Jóni Markússyni og gagnsök. Um skaðabótaábyrgð vegna bifreiðarslyss	15/3	99
28.	Jóhannes J. Reykdal gegn Mjólkurbúi Hafnarfjarðar og gagnsök. Ómerking og heimvísun	19/3	103
29.	Stephan Stephensen gegn Dánarbúi Eggerts Briems frá Viðey. Ágreiningur út af sölu fasteignar	29/3	108
30.	Steindór Einarsson gegn Júlíusi Guðmundssyni. Ómerking og frávísun	31/3	112

		Dómur	Bls.
31.	Ólafur Gränz gegn Sigurði Ó. Ólafssyni. Útivistardómur	3½	115
32.	Kristín Guðmundsdóttir og Sólveig Sandholt gegn Jónínu Eggertsdóttur. Útivistardómur	3½	115
33.	Konráð Gíslason gegn Stefáni Péturssyni. Útivistardómur	3½	116
34.	Guðmundur Þ. Gíslason gegn Stefáni Jónssyni og Benjamín Ólafssyni. Um stærð og mörk landspildu	¾	116
35.	Aðils Kemp gegn Garðari Jóhannessyni. Kærumál	¾	123
36.	Valdstjórnin gegn Jóni Ívarssyni. Ómerking og heimvísun	¾	124
37.	Bolli Eggertsson, Kristján Albertsson og Árni Friðriksson gegn Antoni Ólafssyni Weyvadt. Ómerking og heimvísun	¾	134
38.	Pétur Bóasson f. h. eigenda jarðarinnar Hafnar gegn Jóni Jóhannessyni. Leigutaki ekki talinn hafa fyrirgert leiguréttindum sínum að lóð	¾	142
39.	Jón Gíslason og Eric Christiansen gegn Magnúsi Andréssyni. Kærumál. Um veitingu frests	1¾	147
40.	Þorsteinn Þorsteinsson gegn Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Skattamál	1¾	149
41.	Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs gegn Ósvaldi Knudsen. Hlunnindi áunnin samkvæmt lögum nr. 57/1935 ekki talin hafa fallið niður við afnám laganna	1¾	154
42.	Eigandi l/v Reykjaness G. K. 94 gegn Eigendum v/s Báru G. K. 270 og gagnsök. Skaðabótamál vegna árekstur skipa	1¾	157
43.	Sigurjón Jónsson gegn Garðari Þorsteinssyni. Kærumál. Synjað um frest	1¾	160
44.	Réttvísin gegn Þóroddi Guðmundssyni. Brot gegn 108. gr. hegningarlaganna	3¾	162
45.	Jónas Jónsson gegn Sigurgeiri Sigurjónssyni. Útivistardómur	3¾	166
46.	Guðmundur H. Þórðarson gegn Bjarna J. Jóhannessyni. Útivistardómur	3¾	166
47.	Guðmundur H. Þórðarson gegn Jóni Ketilssyni og Guðmundi Ingimundarsyni. Útivistardómur	3¾	166
48.	Guðmundur H. Þórðarson gegn Sigurjóni Jónssyni. Útivistardómur	3¾	167
49.	Stefán Pétursson gegn Konráði Gíslasyni. Útivistardómur	3¾	167
50.	Réttvísin gegn Aðalsteini Ingimundarsyni. Brot gegn 199. gr. hegningarlaganna	⅗	167

		Dómur	Bls.
51.	Einar Ragnar Jónsson gegn h/f Muninn. Ómerking og heimvísun	5/5	176
52.	Björn Gottskálksson gegn Kristjáni Kjartanssyni. Mótmæli gegn kröfu talin of seint fram komin	5/5	177
53.	Einar Ágúst Einarsson gegn Skarphéðni Jónssyni og dánarbúi Jóns Jónssonar. Öflun framhaldsskýrslna	7/5	180
54.	Björn Gottskálksson gegn Kristjáni Kjartanssyni. Málið hafið	10/5	182
55.	Ebenhard Jónsson gegn Bæjarfógetanum á Akureyri f. h. ríkissjóðs. Kaupkrafa	12/5	182
56.	Vélbátatrygging Eyjafjarðar og eigendur v/s Narfa E. A. 671 gegn eigendum v/s Magnúsar N. K. 84. Úrskurður gerðardóms um bjarglaun ekki ónýttur	14/5	188
57.	Óskar Gíslason gegn Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál	19/5	195
58.	Eigendur v/b Ársæls V. E. 8 gegn eigendum v/b Kára V. E. 7. Ómerking og heimvísun	19/5	200
59.	Stefán Stefánsson gegn Fanneyju Benónýs. Útburðarmál	21/5	205
60.	Ólafur Þórarinsson gegn Mogens L. Andersen. Útivistardómur	21/5	208
61.	Valdstjórnin gegn Ásgeiri Magnúsi Ásgeirssyni. Ólögleg notkun talstöðvar í skipi	24/5	208
62.	Réttvísin og valdstórnin gegn Jósep M. Thorlacius. Refsing dæmd fyrir ívilnun lánardrottins og brot á lögum um bókhald	26/5	211
63.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Jóhanni Gottfred Thorarensen. Þjófnaður	28/5	215
64.	Eggert Jónsson gegn Trolle & Rothe h/f og gagnsök. Um hæð vátryggingariðgjalds	31/5	217
65.	Eigandi l/v Reykjaness G. K. 94 gegn eig. m/b Ísfell S. H. 203. Útivistardómur	31/5	222
66.	Ragnar V. Jónsson gegn Pétri Hjaltesteð. Útivistardómur	31/5	222
67.	Guðmundur H. Þórðarson gegn Skiptaráðandanum í Reykjavík. Útivistardómur	31/5	222
68.	Guðmundur H. Þórðarson gegn Skiptaráðandanum í Reykjavík. Útivistardómur	31/5	223
69.	Guðmundur H. Þórðarson gegn Skiptaráðandanum í Reykjavík. Útivistardómur	31/5	223
70.	Hansína Eiríksdóttir gegn Jónínu Þorvaldsdóttur. Útivistardómur	31/5	224
71.	Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna gegn Guð-		

		Dómur	Bls.
	rúnu Nikulásdóttur og h/f Sviða og gagnsök. Heimta styrjaldartryggingar og bóta til lífeyriskaupa	4/6	224
72.	Stjórn ríkisspítalanna gegn Sjúkrasamlagi Reykjavíkur. Sjúkrasamlag dæmt til greiðslu kostnaðar af sjúkrahúsvist kynsjúkra manna	9/6	233
73.	Valdstjórnin gegn Einari Ragnari Jónssyni, Stefáni Ögmundssyni og Halldóri Kiljan Laxness. Sýknað af kæru fyrir brot á lögum nr. 127/1941. Sératkvæði	9/6	237
74.	Striðstryggingafélag íslenzkra skipshafna gegn Sigurjóni Á. Ólafssyni f. h. Þórdísar Helgadóttur, Auðar Gísladóttur og Sigurðar Gíslasonar og h/f Sviða og gagnsök. Heimta styrjaldartryggingar og bóta til lífeyriskaupa	9/6	245
75.	Dóra Johnsen gegn Þórði Eirikssyni. Kærumál	9/6	254
76.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs gegn Lárusi Jóhannessyni og gagnsök. Um fébótaábyrgð ríkis og bæjarfélags	11/6	256
77.	Einar Ágúst Einarsson gegn Skarphéðni Jónssyni og dánarbúi Jóns Jónssonar. Umferðaréttur	16/6	265
78.	Vélbátaábyrgð Keflavíkur gegn Steindóri Péturssyni. Vátryggingarfélag skyldað til að bæta skiptapa, vegna þess að hernaður var ekki talinn meginorsök hans	18/6	269
79.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og skilanefnd Síldareinkasölu Íslands gegn Landsbanka Íslands og gagnsök. Um skuldaröð	18/6	272
80.	Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs gegn Gunnari Guðjónssyni. Skattamál	23/6	278
81.	Ragnheiður Magnúsdóttir gegn Kjartani Gíslasyni og Gísla Gíslasyni. Um eignarrétt að fasteign	23/6	282
82.	Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs gegn Guðmundi Jónssyni. Skattamál	23/6	285
83.	Guðmundur H. Þórðarson gegn Skiptaráðandanum í Reykjavík. Útivistardómur	23/6	288
84.	H/f Hótel Hekla gegn Bæjargjaldkera Reykjavíkur. Útivistardómur	23/6	288
85.	H/f Hótel Hekla gegn Ólafi Þorgrímssyni og Margréti Árnadóttur. Útivistardómur	23/6	289
86.	H/f Hótel Hekla gegn Margréti Árnadóttur. Útivistardómur	23/6	289
87.	Holger Clausen gegn Lúðvík Guðmundssyni og Ásmundi Guðmundssyni. Útburðarmál	23/6	290

		Dómur	Bls.
88.	Pétur Magnússon, Einar B. Guðmundsson og Guðlaugur Þorlákssson gegn Jóni Dúasyni f. h. Strandvold & Dúason og gagnsök. Fébætur dæmdar vegna mistaka við heimtu skuldar	28/6	293
89.	Sigurður Markan gegn Bifreiðaverkstæði Tryggva Ásgrímssonar. Kærumál. Synjað um frest	21/9	312
90.	Þórhallur Arnórsson gegn Kristjáni Guðmundssyni. Frestbeiðni synjað	21/9	314
91.	Þorkell Teitsson gegn Stefáni Péturssyni. Kærumál. Frávísun	23/9	316
92.	Magnús Andrésson gegn Jóni Gíslasyni og Eric Christiansen. Kærumál. Frestbeiðni synjað	24/9	319
93.	Sigurjón Jónsson gegn Garðari Þorsteinssyni. Útburðarmál. Frávísun	29/9	321
94.	Þórður Bjarnason Austmann gegn Lúðvík Guðmundssyni. Útivistardómur	29/9	323
95.	Réttvísin gegn Kristni Guðmundi Guðbjartssyni. Framhaldsrannsókn fyrirskipuð	1/10	324
96.	Gunnar Guðmundsson f. h. Kristins Gunnarssonar gegn Pétri Jónssyni f. h. Elísabetar Pétursdóttur og gagnsök. Bætur vegna bifreiðarslyss	6/10	324
97.	Garðar Þorsteinsson gegn Haldis og Karl Gizke. Útburðarmál	8/10	330
98.	Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn Baldvin Kristinssyni. Heimta bóta vegna árekstrar bifreiða	11/10	335
99.	Vélsmiðjan Jötunn h/f gegn Húsaleigunefnd Reykjavíkur. Kröfu um fjárnám fyrir dagsektum hrundið	13/10	339
100.	Magnús Guðbjartsson gegn Karel Hjörtþórssyni. Heimta ábyrgðarskuldar	15/10	341
101.	Réttvísin gegn Kristni Guðmundi Guðbjartssyni. Refsing dæmd og fébætur vegna líkamsáverka	20/10	344
102.	Gunnar Guðmundsson gegn Tryggva Helgasyni. Bætur vegna bifreiðarslyss	22/10	348
103.	Haraldur Bjarnason gegn Ásbirni Ó. Jónssyni og Sofus Jakobsen. Um vinnuafköst	25/10	353
104.	Stefán Runólfsson gegn Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu. Kærumál. Ómerking og heimvísun	1/11	356
105.	Stefán Runólfsson gegn Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu. Kærumál. Ómerking og heimvísun	1/11	358
106.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Christian Agerskow. Landhelgisbrot og brot gegn 106. gr. alm. hegningarlaga	3/11	359

		Dómur	Bls.
107.	Valdstjórnin gegn Gunnari Bjarnason. Brot gegn lögum nr. 24/1937	5/11	363
108.	Valdstjórnin gegn Trausta Ólafssyni. Brot gegn bifreiðalögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur	15/11	365
108.	Sigurður Jónasson gegn Hermanni Jónassyni. Kærumál. Kröfu um frest hnekkt	17/11	368
110.	Karl Friðriksson og Jón Kristjánsson gegn Jóni Gíslasyni og gagnsök. Um söltun síldar	19/11	370
111.	Réttvísin gegn Sveinbirni Matthíasi Október Sveinbjörnssyni, Kristmundi Jóhannesi Sigurðssyni og Þórarni Hallgrímssyni. Lögreglumenn ekki taldir hafa orðið offarar við löggæzlustörf	24/11	377
112.	Valdstórnin gegn Unni Jónsdóttur. Brot gegn lögum um húsaleigu	26/11	385
113.	Kristín Guðmundsdóttir og Sólveig Sandholt, eigendur hárgreiðslustofunnar Hollywood gegn Jónínu Eggertsdóttur og gagnsök. Bætur vegna bruna við hárliðun	3/12	389
114.	Réttvísin gegn Jóni Sigurðssyni. Fjárdráttur. Hlutdeild í röngum framburði fyrir dómi	8/12	394
115.	Magnús Andrésson gegn Andreas Godtfredsen og gagnsök. Um umboðslaun o. fl.	10/12	400
116.	Valdstjórnin gegn Ólafi Óskari Guðmundssyni. Ölvun	13/12	407
117.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Magnúsi Magnússyni. Ómerking og heimvísun	13/12	410
118.	Stefán Runólfsson gegn Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu. Kærumál. Ómerking og vísun málsins frá héraðsdómi	13/12	413
119.	Hafnarstjórn Reykjavíkur gegn Stefáni Jóh. Stefánssyni f. h. Svensk-Isländska Fryseriaktiebolaget, Göteborg. Um forkaupsrétt	15/12	418
120.	Flosi Sigurðsson og Ólafur Jónsson f. h. Rúllu- og hleragerðar Reykjavíkur gegn Friðriki Sigfússyni og gagnsök. Bætur vegna ólögmæts útburðar	17/12	425
121.	Gísli Kristjánsson gegn Skipaútgerð ríkisins. Kærumál. Krafa um vísun máls frá héraðsdómi tekin til greina	18/12	430
122.	Jón B. Valfells gegn Gunnari Árna Sveinssyni. Kærumál. Ómerking og heimvísun	29/12	434

II. Nafnaskrá.

A. Einkamál.

	Bls.
Andersen, Mogens L.	67, 208
Auður Gísladóttir	245
Árni Böðvarsson	1
Árni Friðriksson	134
Ársæll v/b V.E. 8, eigendur og skipshöfn	25
Ársæll v/b V.E. 8, eigendur	200
Ásbjörn Ó. Jónsson	353
Ásgeir Pétursson & Co. h/f	10
Ásmundur Guðmundsson	290
Baldvin Kristinsson	335
Bára v/s G.K. 270, eigendur	157
Benjamín Ólafsson	116
Bifreiðaeinkasala ríkisins	92
Bifreiðaverkstæði Tryggva Ásgrímssonar	312
Bjarni J. Jóhannesson	75, 166
Björn Gottskálksson	177, 182
Blomsterberg, Andrés	99
Blomsterberg, Bjarni	99
Bolli Eggertsson	134
Briem, Eggert, dánarbú	108
Christiansen, Eric	147, 319
Clausen, Holger	290
Danziger Holzexport, I. Goldberger	4
Ebenhard Jónsson	182
Eggert Jónsson	217
Einar Einarsson	92
Einar Ágúst Einarsson	180, 265
Einar B. Guðmundsson	293
Einar Ragnar Jónsson	176
Elísabet Pétursdóttir	324
Fanney Benónýs	15, 205
Firmað Ó. Jóhannesson	74

Bls.
Flosi Sigurðsson 425
Friðrik Sigfússon 425
Garðar Jóhannesson 123
Garðar Þorsteinsson 160, 321, 330
Gizke, Haldis 330
Gizke, Karl 330
Gísli Gíslason 282
Gísli Kristjánsson 430
Godtfredsen, Andreas 60, 400
Gränz, Ólafur 115
Guðjohnsen, Stefán, verzlun 10
Guðlaugur Þorláksson 293
Guðmundur Þ. Gíslason 116
Guðmundur Ingimundarson 166
Guðmundur Jónsson bóndi 97
Guðmundur Jónsson stýrimaður 285
Guðmundur H. Þórðarson 75, 166, 167, 222, 223, 288
Guðrún Einarsdóttir 56
Guðrún Halldórsdóttir 35
Guðrún Nikulásdóttir 224
Gunnar Guðjónsson 278
Gunnar Guðmundsson 348
Gunnar Árni Sveinsson 434
Hans Steinason 56
Hansína Eiríksdóttir 224
Haraldur Bjarnason 353
Hermann Jónasson 368
Hjaltested, Pétur 222
Hótel Hekla h/f 288, 289
Hulda Guðjónsdóttir 10, 71
Húsaleigunefnd Reykjavíkur 339
Hængur h/f 31
Höfn, eigendur jarðarinnar 142
Ísafold Jónsdóttir 61
Ísfell m/b S.H. 203, eigandi 222
Ísleifur Sigurðsson 35, 43
Jacobsen, Sofus 353
Johnsen, Dóra 254
Jón Björnsson 50
Jón Dúason f. h. Strandvold & Dúason 293
Jón Einarsson 92
Jón Eiríksson 75
Jón Gíslason 147, 319
Jón Gíslason 370

Bls.
Jón Jóhannesson 142
Jón Jónsson, dánarbú 180, 265
Jón Ketilsson 166
Jón Kristjánsson 370
Jón Markússon 99
Jónas Jónsson 56, 166
Jónína Eggertsdóttir 115, 389
Jónína Þorvaldsdóttir 224
Júlíus Guðmundsson 112
Karel Hjörtþórsson 341
Karl Friðriksson 370
Kári v/b V.E. 27, eigendur 200
Kaupfélag Árnesinga 35, 43
Kemp, Aðils 123
Kinaldie e/s A. 83, eigendur 25
Kjartan Gíslason 282
Knudsen, Osvald 154
Konráð Gíslason 116, 167
Kristinn Gunnarsson 324
Kristinn Vigfússon 35, 43
Kristín Guðmundsdóttir 115, 389
Kristján Albertsson 134
Kristján Guðmundsson 314
Kristján Jónsson 55
Kristján Kjartansson 177, 182
Landsbanki Íslands 272
Lárus Jóhannesson 256
Lúðvík Guðmundsson 290, 323
Lúðvík Sigmundsson 61
Magnús Andrésson 60, 147, 319, 400
Magnús Guðbjartsson 341
Magnús v/s N.K. 84, eigendur 188
Margrét Árnadóttir 289
Markan, Sigurður 312
Mjólkurbú Hafnarfjarðar 103
Muninn h/f 176
Narfi v/s E.A. 671 188
Oddný Magnúsdóttir 43
Ó. Jóhannesson, Firmað 74
Ólafur Jónsson 425
Ólafur Þorgrímsson 289
Ólafur Þórarinsson 67, 208
Óskar Gíslason 195
Persier e/s, eigendur og vátryggjendur 76

Bls.
Pétur Bóasson 142
Pétur Jónsson 55
Pétur Magnússon 293
Rafveita Austur-Húnavatnssýslu 356, 358, 413
Ragnar Jónsson 222
Ragnheiður Magnúsdóttir 282
Reykdal, Jóhannes J. 103
Reykjanes l/v G.K. 94, eigendur 157, 222
Reykjavíkurbær 31, 256, 288, 335, 418
Ríkissjóður 74, 92, 149, 154, 182, 256, 272, 278, 285
Ríkisspítalar 233
Rúllu- og Hleragerð Reykjavíkur 425
Sandholt, Sólveig 115, 389
Sigfús Sigfússon 10, 71
Sigurður Gíslason 245
Sigurður Jónasson 368
Sigurður Ó. Ólafsson 115
Sigurgeir Sigurjónsson 56, 166
Sigurjón Jónsson 160, 167, 321
Síldareinkasala Íslands 272
Síldarverksmiðjur ríkisins 50
Sjúkrasamlag Reykjavíkur 233
Skarphéðinn Jónsson 180, 265
Skilanefnd Bifreiðaeinkasölu ríkisins 92
Skilanefnd Síldareinkasölu Íslands 272
Skipaútgerð ríkisins 76, 430
Skiptaráðandinn í Reykjavík 222, 223, 288
Slippfélagið í Reykjavík h/f f. h. Danziger Holzexport 4
Stefán Jónsson 116
Stefán Pétursson 116, 167, 316
Stefán Runólfsson 356, 358, 413
Stefán Stefánsson 15, 205
Steindór Einarsson 112
Steindór Pétursson 269
Steingrímur Arnórsson 10, 71
Stephensen, Stephan 108
Strandvold & Dúason 293
Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna 224, 245
Svensk-Isländska Fryseriaktiebolaget 418
Sviði h/f 224, 245
Trolle & Rothe h/f 76, 217
Tryggvi Helgason 348
Umboðs- og raftækjaverzlun Íslands h/f 4
Valfells, Jón B. 434

Bls
Vélbátaábyrgð Keflavíkur ... 269
Vélbátatrygging Eyjafjarðar ... 188
Vélsmiðjan Jötunn h/f ... 339
Verzlun Stefáns Guðjohnsens ... 10
Vestmannaeyjakaupstaður ... 1, 195
Weyvadt, Anton Ólafsson ... 134
Þorkell Teitsson ... 316
Þorsteinn Þorsteinsson ... 149
Þórarinn Snorrason ... 97
Þórdís Helgadóttir ... 245
Þórður Bjarnason Austmann ... 323
Þórður Eiríksson ... 254
Þórhallur Arnórsson ... 314

B. Opinber mál.

Aðalsteinn Ingimundarson ... 167
Agerskow Christian ... 359
Ásgeir Magnús Ásgeirsson ... 208
Darkins, James ... 64
Einar Ragnar Jónsson ... 237
Guðmundur Einarsson ... 56
Gunnar Bjarnason ... 363
Jón Ívarsson ... 124
Jón Sigurðsson ... 394
Kristinn Guðmundur Guðbjartsson ... 324, 344
Kristmundur Jóhannes Sigurðsson ... 377
Laxness, Kiljan Halldór ... 237
Magnús Magnússon ... 410
Nielsen, Ingólfur Siggeir Andrésson ... 82
Ólafur Óskar Guðmundsson ... 407
Stefán Ögmundsson ... 237
Sveinbjörn Matthías Október Sveinbjörnsson ... 277
Thorarensen, Jóhann Gottfred ... 215
Thorlacius, Jósep M. ... 211
Trausti Ólafsson ... 365
Unnur Jónsdóttir ... 385
Þórarinn Hallgrímsson ... 377
Þóroddur Guðmundsson ... 16, 162

III. Skrá

um lög, reglugerðir, samþykktir o. fl., sem vitnað er til í XIV. bindi hæstaréttardóma.

1687 15. apríl. Norsku lög Kristjáns V.
1—9—13, 303.

1821 30. nóv. Opið bréf um kyrrsetningu á útlendum manni sjálfum eða fjármunum hans, 4,6.

1855 9. maí Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi með nokkrum breytingum lög 3. janúar 1851 um prentfrelsi.
3. gr., 237.

1869 25. júní. Almenn hegningarlög handa Íslandi 212.
38. gr., 408.
48. gr., 165, 408.
55. gr., 84, 408.
63. gr., 84, 408.
83. gr., 165.
99. gr., 165.
102. gr., 165.
231. gr., 84, 408.
239. gr., 408.
245. gr., 408.
256. gr., 214.
263. gr., 211.
264. gr., 214.

1878 nr. 3. 12. apríl. Lög um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.
64. gr., 284, 285.
82. gr., 276.
83. gr., 273, 276, 277.
84. gr., 273, 277.
88. gr., 276.
89. gr.. 273, 276, 277.

1885 nr. 29 16. des. Lög um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.
4. gr., 2.

1905 nr. 13 20. okt. Lög um rithöfundarétt og prentrétt, 239, 240, 241.
— nr. 46 10. nóv. Lög um hefð.
7. gr., 267.
8. gr., 267.
1914 nr. 35 2. nóv. Lög um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, 113.
6. gr., 181.
— nr. 56 30. nóv. Siglingalög, 34.
10. kafli, 192.
236. gr., 42, 50.
1917 nr. 61 14. nóv. Lög um framkvæmd eignarnáms.
10. gr., 419.
1919 nr. 41 28. nóv. Lög um landamerki o. fl.
8. gr., 181.
1920 nr. 5 18. maí. Lög um bann gegn botnvörpuveiðum, 64, 66, 360.
1. gr., 67, 362.
3. gr., 67, 362.
— nr. 9 18. maí Stjórnarskrá Íslands.
62. gr., 154, 241.
67. gr., 238, 239, 240, 241, 244.
— nr. 55 15. júní. Lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað.
8. gr., 346.
— nr. 144 9. febrúar. Reglugerð um próf fyrir bifreiðarstjóra, 184.
1921 nr. 23 27. júní. Lög um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, 432.
— nr. 56 27. júní. Lög um bifreiðaskatt.
4. gr. 185.
— nr. 60 27. júní. Lög um útflutningsgjald af síld, 277.
— nr. 70 27. júní. Lög um útflutningsgjald, 277.
— nr. 77 27. júní. Lög um hlutafélög.
5. kafli, 281.
38. gr., 281.
42. gr., 279, 281.
1923 nr. 35 20. júní. Lög um breyting á lögum nr. 35 2. nóv. 1914 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.
1. gr., 113.
1924 nr. 4 11. apríl. Lög um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot, 66, 67, 360.
— nr. 64 30. des. Auglýsing um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., 96.
1925 nr. 13 8. júní. Lög um sektir.
4. gr., 340.
1926 nr. 54 15. júní. Lög um vörutoll, 277.

1927 nr. 23 31. maí. Lög um breyting á lögum nr. 56 frá 15. júní 1926 um notkun bifreiða, 184.
1928 nr. 4 1. febr. Reglugerð um skoðun bifreiða, 184.
2. gr., 186.
7. gr., 185, 187.
— nr. 5 1. febrúar. Erindisbréf um skoðunarmenn bifreiða.
9. gr. 185.
— nr. 51 7. maí. Lög um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.
6. gr., 84, 408.
7. gr., 84, 408.
8. gr., 84.
1929 nr. 61 14. júní. Lög um einkasölu á útfluttri síld, 274, 276.
5. gr., 273, 275, 276.
— nr. 82 24. sept. Lögreglusamþykkt Siglufjarðar, 165.
2. gr., 56, 57, 58, 59.
56. gr., 56, 57, 59.
95. gr., 57.
1930 nr. 2 7. jan. Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, 366, 408.
7. gr., 409.
43. gr., 168, 367.
96. gr., 367, 409.
— nr. 47 19. maí. Lög um fiskveiðasjóðsgjald, 277.
— nr. 64 19. maí. Áfengislög.
11. gr., 408.
1931 nr. 70 8. sept. Lög um notkun bifreiða.
5. gr., 84.
14.gr., 84.
15. gr., 139.
16. gr., 139.
— nr. 84 9. des. Bráðabirgðalög um skiptameðferð á búi Síldareinkasölu Íslands, 274.
1932 nr. 25 10. maí. Reglugerð um próf fyrir bifreiðarstjóra, 84.
— nr. 84 6. júlí. Lög um bifreiðaskatt o. fl.
4. gr., 185.
— nr. 91 23. júní. Lög um varnir gegn kynsjúkdómum, 235, 236.
15. gr., 236.
1934 nr. 74 29. des. Lög um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., 17.
1935 nr. 6 9. jan. Lög um tekjuskatt og eignarskatt.
7. gr., 279, 280, 285, 287.
— nr. 21 13. marz. Reglugerð um einkasölu á rafvélum, rafáhöldum o. fl., 94.
— nr. 30 9. jan. Lög um heimild handa ríkisstjórninni til

einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl. 92, 93, 95, 96.
1935 nr. 32 9. jan. Lög um varðskip landsins og skipverja á þeim, 432.
— nr. 33 9. jan. Áfengislög 84, 366, 408.
15. gr., 215.
17. gr., 84.
18. gr., 409.
21. gr., 84.
33. gr., 215.
37. gr., 84.
38. gr., 409.
39. gr., 84.
— nr. 40 26. apríl. Reglugerð um einkasölu á bifreiðum, bifhjólum og bifreiðahjólbörðum, 93, 95.
4. gr., 93.
7. gr., 93.
— nr. 57 28. jan. Lög um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki, 154, 155, 156.
— nr. 112 18. maí. Lög um hæstarétt.
30. gr., 97, 98.
38. gr., 1, 4, 294.
1936 nr. 26 1. febr. Lög um alþýðutryggingar, 234, 235.
30. gr., 234.
— nr. 78 23. júní. Lög um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla 234, 235.
1. gr., 234.
2. gr., 234.
— nr. 85 23. júní. Lög um meðferð einkamála í héraði, 415, 416.
5. gr., 181.
34. gr., 372.
37. gr., 176.
71. gr., 93.
105. gr., 103, 372, 390, 415.
106. gr., 103, 372, 390.
108. gr., 431.
109. gr., 103, 134, 148, 200, 295, 372, 390.
110. gr., 148, 178, 313, 314, 319, 372, 390, 415.
111. gr., 148, 178, 372, 390, 415, 416.
114. gr., 2, 74, 104.
117, gr., 10, 123.
120. gr., 15, 60.
125. gr. 415.
126. gr., 418.

186. gr., 11, 316.
188. gr., 311, 372.
190. gr., 357, 358, 435.
191. gr., 134.
193. gr., 2, 74, 340, 357, 358, 435.
199. gr., 316, 430.
223. gr., 2, 15, 74.
224. gr., 181.
1936 nr. 106 23. júní. Lög um útsvör.
8. gr. 2, 3, 196, 197, 198, 199.
9. gr., 2, 196.
29. gr., 2.
— nr. 133 28. des. Reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt.
12. gr., 285, 287.
16. gr., 151.
1937 nr. 24 13. júní. Lög um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga, 363, 364.
1. gr., 363, 364.
7. gr., 364.
— nr. 74 31. des. Lög um alþýðutryggingar, 234, 235.
30. gr., 234, 235, 236.
1938 nr. 27 13. jan. Lög um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, 192, 194, 271, 433.
23. gr., 188, 191, 192, 193, 432.
33. gr., 192.
— nr. 62 11. júní. Lög um bókhald, 212.
1. gr., 214.
2. gr., 214.
20. gr., 214.
— nr. 78 11. júní. Lög um eftirlit með skipum, 36, 44.
1939 nr. 57 27. okt. Bráðabirgðalög um stríðstryggingafélög íslenzkra skipshafna, 228, 249.
1. gr., 228, 249.
5. gr., 229, 249.
1940 nr. 19 12. febrúar. Almenn hegningarlög 241.
6. kafli, 347, 348.
12. kafli. 164, 360.
14. kafli, 379.
15. kafli, 395.
22. kafli, 168.
23. kafli, 84, 346, 379, 411, 412.
24. kafli, 360.
25. kafli, 164.
26. kafli, 212, 215, 395.
27. kafli, 212.

22. gr., 372, 395, 399.
68. gr., 91, 175, 217, 399.
77. gr., 217, 362, 395, 399.
106. gr., 359, 362.
108. gr., 16, 17, 19, 24, 162, 163, 164.
142. gr. 60, 394, 399.
195. gr., 168.
199. gr., 167, 168, 175.
215. gr., 91, 412.
218. gr., 347.
219. gr., 91.
235. gr., 165.
244. gr., 215, 217.
247. gr., 394, 399.
250. gr., 211.
262. gr., 214.
1940 nr. 37 12. febrúar. Lög um stríðstryggingarfélög íslenzkra skipshafna, 229, 231, 250, 252.
1. gr., 229, 250.
5. gr., 225, 230, 231, 245, 250, 251.
— nr. 66 7. maí. Lög um stríðsslysatryggingu sjómanna, 229, 250.
3. gr., 229, 250.
— nr. 200 28. des. Reglugerð um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenzkum skipum, 209.
1. gr., 210.
4. gr., 210.
1941 nr. 9 5. maí. Lög um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935 um tekjuskatt og eignarskatt, 155.
5. gr., 155.
— nr. 13 5. maí. Lög um viðauka við lög nr. 63 31. des. 1937 um tollheimtu og tolleftirlit, 215.
1. gr., 215, 217.
— nr.23 16. júní. Bifreiðalög, 82, 84, 366, 411.
9. gr., 91.
23. gr., 367.
26. gr., 91.
27. gr., 83, 412.
28. gr., 91.
34. gr., 325, 338.
35. gr., 99.
37. gr., 353.
38. gr., 91, 367.
39. gr., 91, 367.
— nr. 24 16. júní. Umferðarlög, 57.
6. gr., 56.

11. gr., 56.
14. gr., 57.
1941 nr. 30 27. júní. Lög um fjarskipti, 209.
10. gr., 210.
27. gr., 210.
— nr. 36 20. marz. Reglugerð um breyting á reglugerð um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenzkum skipum frá 28. des. 1940, 209, 210.
— nr. 37 20. marz. Sérreglur um notkun talstöðva í skipum, sem sigla milli Íslands og Stóra-Bretlands, 209, 210.
— nr. 38 27. júní. Lög um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938 um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, 432, 433.
9. gr., 192.
— nr. 76 27. júní. Lög um breyting á lögum nr. 66 7. maí 1940 um stríðsslysatryggingar sjómanna, 225, 229, 230, 246, 250.
2. gr., 225, 230, 231, 245, 251.
3. gr., 225, 229, 230, 245, 246, 250, 251.
— nr. 95 9. júlí. Lög um breyting á lögum nr. 37 12. febrúar 1940 um stríðstryggingarfélag íslenzkra skipshafna, 229, 230, 231, 250.
1. gr., 228, 231, 232, 248, 249, 251, 252, 253.
— nr. 106 8. sept. Lög um húsaleigu, 386, 388.
11. gr., 385.
— nr. 126 9. des. Lög um viðauka við og breytingu á lögum 8. sept. 1941 um húsaleigu, 386.
1. gr., 385, 388.
— nr. 127 9. des. Lög um viðauka við lög nr. 13 20. okt. 1905 um rithöfundarétt og prentrétt 237, 240, 241, 243, 244.
1. gr., 237, 238, 239, 240, 242, 244.
2. gr., 237, 238, 239, 240, 242, 244.
3. gr., 242, 244.
1942 nr. 20 20. maí. Lög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935 um tekju- og eignarskatt.
2. gr. 279, 280, 285, 287.
— nr. 32 11. júní. Lög um vátryggingarfélög fyrir vélbáta 433.
13. gr., 432.
22. gr., 430, 432, 433.
32. gr., 433.
— nr. 61 4. júlí. Lög um málflytjendur.
1. gr., 418.
— nr. 99 19. des. Lög um breyting á lögum nr. 79 frá 1. sept. 1942 um dómnefnd í verðlagsmálum, 124, 125, 126.
1. gr., 124.
2. gr., 133.

1942 nr. 100 19. des. Auglýsing ríkisstjóra Íslands um bann gegn verðhækkun, 124, 126, 132.
apríl 160 25. sept. Reglugerð um afnám reglugerðar nr. 40 26. apríl 1935 um einkasölu á bifreiðum, bifhjólum og bifreiðahjólbörðum, 95.
1943 nr. 39 7. apríl. Lög um húsaleigu, 322.

IV. Efnisskrá.

A. Atriðisorð efnisskrár.

Ábyrgð.
Aðfarargerðir. Sjá dagsektir, fjárnám, fógetagerðir, kyrrsetning, lögtak, útburðargerðir.
Aðgerðaleysisverkanir. Sbr. skuldir, skuldamál.
Aðild. Sbr. áfrýjun, málasamlag.
Aðiljaskýrslur.
Áfengislagabrot. Sbr. bifreiðar, lögregla, mat og skoðun, refsingar, sönnun, vitni.
Afnotahefð. Sjá hefð.
Áfrýjun. Sbr. aðild, kæra, málasamlag.
Áfrýjunarleyfi.
Ágreiningsatkvæði. Sjá sératkvæði.
Álitsgerðir. Sjá mat og skoðun.
Allsherjarregla. Sjá lögreglumenn.
Alþingi.
Alþýðutryggingar.
Analogia. Sjá lög, lögskýringar.
Árekstur skipa.
Ásetningur. Sjá saknæmi.
Atvinnuréttindi.
Áverkar. Sjá líkamsáverkar.

Bifreiðaeinkasala.
Bifreiðar, bifreiðalagabrot.
Bjarglaun. Sjá björgun.
Björgun.
Bókhald.
Borgaraleg réttindi.
Botnvörpuveiðar. Sjá fiskveiðabrot.
Börn og foreldrar. Sjá dánarbætur.

Dagsektir.
Dánarbætur.
Dómar og úrskurðir. Sbr. ómerking.
Dómarar.
Dómstólar. Sbr. stjórnsýsla.

Eftirgrennslan brota. Sbr. lögregla, lögreglumenn, mat og skoðun, opinber mál.
Eiður.
Eignarréttur.
Eignarupptaka. Sjá refsingar.
Einkasala bifreiða. Sjá bifreiðaeinkasala.
Einkasala síldar. Sjá gjaldþrotaskipti.
Embættismenn. Sjá stjórnsýslumenn.
Embættistakmörk yfirvalda. Sjá dómstólar, stjórnsýsla.
Embættisvottorð.
Endurgreiðsla. Sjá framkröfur.
Erfðaleiga. Sjá samningar.

Fangelsi. Sjá refsing.
Fasteignamál. Sjá hefð, landleiga, landamerkjamál, merkjadómur Reykjavíkur, umferðarréttur.
Félög, félagsskapur. Sjá hlutafélög.
Fébótaábyrgð ríkisins.
Fiskveiðabrot.
Fiskveiðasjóðsgjald. Sjá gjaldþrotaskipti.
Fjarskiptalög. Sjá talstöðvar skipa.
Fjármál hjóna. Sjá hjón.
Fjárnám.
Fjársvik. Sjá einnig gjaldþrot.
Fógetagerðir. Sjá einnig dagsektir, fjárnám, kyrrsetning, lögtak, útburðargerðir.
Forgangskröfur. Sjá gjaldþrotaskipti.
Forkaupsréttur.
Framfærsla. Sjá dánarbætur.
Framkröfur.
Framsal.
Frávísun. Sbr. ómerking.
Frestir.

Gagnsakir. Sjá málasamlag.
Gáleysi. Sjá saknæmi.
Gengi.
Gerðardómur.
Gjaldþrotaskipti.
Greiðsla.
Grunnleiga. Sjá landleiga.
Gæzluvarðhald.

Hafning máls.
Handtaka. Sjá fébótaábyrgð ríkisins.
Hefð.
Heimilisfang.
Heimvísun. Sjá ómerking.
Hernaður. Sjá stríðstryggingar, vátrygging.
Hjón.
Hlutafélög.
Hlutdeild.
Húsaleiga.

Ítök. Sjá hefð.

Játning. Sjá aðiljaskýrslur.

Kaup og sala. Sjá einnig forkaupsréttur.
Kröfuréttindi. Sjá ábyrgð, aðgerðaleysisverkanir, forkaupsréttur, framkröfur, framsal, gengi, greiðsla, kaup og sala, óbeðinn erindisrekstur, samningar, skaðabætur, umboðssamningar.
Kvaðir. Sjá hefð, umferðarréttur.
Kynferðisbrot.
Kynsjúkdómar.
Kyrrsetning.
Kærumál. Sbr. áfrýjun.

Landamerkjamál. Sbr. merkjadómur Reykjavíkur.
Landhelgisbrot. Sjá fiskveiðabrot.
Landleiga.
Leiðbeiningarskylda dómara.
Leiga. Sjá húsaleiga, landleiga.
Lífeyrir. Sjá dánarbætur.
Líftrygging. Sjá stríðstryggingar.
Líkamsáverkar.
Líkur. Sjá sönnun.
Loforð. Sjá forkaupsréttur, kaup og sala, samningar, skaðabætur, umboðssamningar.
Lóðarleiga. Sjá landleiga.
Lóðir. Sjá hefð, landleiga, umferðarréttur.
Læknar. Sbr. mat og skoðun.
Lög, lögskýring.

Löggjafarvald. Sjá stjórnarskráin.
Löggæzla. Sjá lögreglumenn.
Löghald. Sjá kyrrsetning.
Lögregla, lögreglumenn.
Lögreglusamþykktir.
Lögræði.
Lögtak.

Málasamlag.
Málflutningsmenn.
Málflutningur. Sbr. málsmeðferð.
Málshöfðun. Sbr. opinber mál.
Málskostnaður.
Málsmeðferð.
Mannorð. Sjá borgaraleg réttindi.
Mat og skoðun. Sbr. sönnun, vitni.
Meinyrði. Sjá einnig ærumeiðingar.
Merkjadómur Reykjavíkur.

Neyðarvörn.

Óbeðinn erindisrekstur.
Ofbeldi. Sjá líkamsáverkar.
Ómaksbætur.
Ómerking.
Opinber mál. Sbr. eftirgrennslan brota, lögregla, lögreglumenn, sönnun, vitni.
Opinberir starfsmenn. Sjá stjórnsýslumenn.
Opinber skjöl. Sjá embættisvottorð

Prentréttur. Sjá stjórnarskráin.

Rangur framburður.
Refsingar.
Regres. Sjá framkröfur.
Reklamation. Sjá aðgerðaleysisverkanir.
Res judicata. Sjá dómar.
Réttarfar. Sjá aðild, aðiljaskýrslur, áfrýjun, dómar, dómarar, fjárnám, fógetagerðir, frestir, kyrrsetning, kærumál, málasamlag, málflutningsmenn, málshöfðun, málsmeðferð, merkjadómur Reykjavíkur, ómerking, sjó- og verzlunardómur, sönnun, vitni.
Réttarfarssektir.
Ríki. Sjá fébótaábyrgð ríkisins.
Rithöfundaréttur. Sjá stjórnarskráin.

Sakamál. Sjá eftirgrennslan brota, lögregla, málskostnaður, opinber mál, refsingar, sönnun, vitni.
Saknæmi.
Sameign. Sjá eignarréttur.
Samningar. Sbr. skaðabætur.
Sáttir.
Sératkvæði.
Setulið.
Siglingar. Sjá árekstur skipa, björgun, fiskveiðabrot, sjóveð, stríðstryggingar, vátrygging.
Síldareinkasala Íslands. Sjá gjaldþrotaskipti.
Sjó- og verzlunardómur.
Sjóveð.
Sjúkratryggingar. Sjá alþýðutryggingar.
Skaðabætur.
Skattar og gjöld.
Skip. Sjá árekstur skipa, björgun, fiskveiðabrot, stríðstryggingar, talstöðvar skipa, vátrygging.
Skipti, Sjá einnig eignarréttur, gjaldþrotaskipti, hjón.
Skírlífisbrot. Sjá kynferðisbrot.
Skjöl.

Skuldamál. Sbr. forkaupsréttur, kaup og sala, samningar, skaðabætur, umboðssamningar.
Skuldaröð. Sjá gjaldþrotaskipti.
Slysatryggingar. Sjá Stríðstryggingar.
Stefna.
Sjórnarfar. Sjá stjórnsýsla.
Stjórnarskráin.
Stjórnsýsla.
Stjórnsýslumenn.
Stríðstryggingar.
Sveitarfélög.
Svik. Sjá fjársvik, gjaldþrotaskipti.
Svipting réttinda. Sjá atvinnuréttindi, bifreiðar, borgaraleg réttindi, bifreiðar.
Sönnun.

Talstöðvar skipa.
Tolleftirlit.
Tryggingar. Sjá alþýðutryggingar, stríðstryggingar, vátrygging.

Umboð.
Umboðslaun, umboðssamningar.
Umboðsskrá.
Umferðarlög. Sjá einnig bifreiðar.
Upptaka eignar. Sjá refsingar.
Úrskurðir.
Útburðargerðir.
Útflutningsgjöld. Sjá gjaldþrotaskipti.
Útivist aðilja. Sjá einnig málflutningur.
Útsvör. Sjá skattar og gjöld.

Valdmörk yfirvalda. Sjá stjórnsýsla.
Vangeymsla. Sjá aðgerðaleysisverkanir.
Varðskip ríkisins. Sjá stjórnsýsla.
Varnarþing.
Vátrygging.
Veð.
Verðlag, verðlagsmál.
Verkfræðingar.
Verzlun. Sjá kaup og sala, kyrrsetning, umboðssamningar.
Verzlunarbækur. Sjá bókhald.
Vettvangsmál. Sjá landamerkjamál, landleiga, merkjadómur Reykjavíkur.
Vextir.
Viðskiptatilkynningar. Sjá aðgerðaleysisverkanir, forkaupsréttur, kaup og sala, samningar, umboðssamningar.
Vinnusamningar.
Vitni.
Vörutollur. Sjá gjaldþrotaskipti.

Yfirvöld. Sjá dómar, dómarar, lögreglumenn, stjórnsýslumenn.

Þingsályktun. Sjá Alþingi.
Þjófnaður.

Ærumeiðingar.

Ölvun. Sjá áfengisbrot.

B. Efnisskrá.

Ábyrgð. Sjá bifreiðalög.

a) Ábyrgð á skuldbindingum annarra.

Ráða má af 3. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1929, að ríkissjóður bar ekki ábyrgð á öðrum skuldbindingum Síldareinkasölu Íslands en þeim, er ríkisstjórnin hafði sérstaklega tekið ábyrgð á samkvæmt heimild í nefndu ákvæði .. 272

A seldi B húsnæði á leigu, og ritaði C yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð á leigumálann. B lenti í vanskilum. A gat látið bera hann út úr húsnæðinu vegna vanskilanna, þótt hann, A, hefði ekki áður krafið C um leigugreiðslur .. 290

Ekkja (E) tók húsnæði á leigu til árs frá 1. okt. 1938, en uppsagnarfrestur var ákveðinn 3 mánuðir til 1. október, og gerðu aðiljar því ráð fyrir þegjandi framlengingu samningsins. A ritaði á samninginn ábyrgðarskuldbinding á leigunni. Honum var kunnugt um, að E var eigna- og atvinnulaus. Ætla varð, eins og á stóð, að A hefði fylgzt með því, hvernig skiptum E og leigusala reiddi af, enda aðstoðaði hann E, er hún, að því er virtist í apríl 1941, reyndi að fá húsaleigu sína greidda úr bæjarsjóði Rvíkur. A var því dæmdur til að greiða leigueftirstöðvar E fram til 14. maí 1941 auk kostnaðar af árangurslausri löghaldsgerð fyrir leigu hjá E 341

b) Ábyrgð á athöfnum annarra án samninga.

Fluttur var með strönd fram fiskur á uppskipunarbát, sem dreginn var af vélbát. Uppskipunarbáturinn sökk eftir nokkra sigling, og fórust tveir menn. Þar sem þetta stafaði af óhæfi bátsins, var fyrirtæki það, sem átti hann og fiskinn lét flytja, dæmt til að greiða dánarbætur til mæðra hinna drukknuðu manna vegna missis framfærenda 35, 43

Verkstjóri síldarverksmiðju sendi A upp á þak verksmiðjunnar til að mála reykháf hennar. Varð A að skreiðast eftir þakinu með tæki sín og halda sér í það, sem fyrir var. Missti hann taks og rann á gúmskóm sínum niður þakið, þar sem skreift var eftir rigningu, féll niður á skúrþak og hlaut stórkostleg lemstur á fótum. Talið var óverjandi að láta framkvæma starfa þenna án öryggisútbúnaðar, en A var metið það til vangæzlu, að hann kvartaði ekki undan öryggisleysinu. Síldarverksmiðjan var talin bera ábyrgð á mistökum verkstjórans og dæmd til greiðslu bóta 50

A og B létu G stunda akstur á bifreið þeirra frá bifreiðastöð. G lánaði Þ bifreiðina. Þ ók á S, og hlaut hann lemstur. Þar sem gegn skýrslum A, B og Þ var ekki sannað eða líklegt gert, að G hefði haft heimild til að lána bifreiðina, urðu A og B ekki dæmdir til greiðslu fébóta vegna slyssins, sbr. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 23/1941 99

Skipið R var fest við bryggju. Skipið A var fest utan í R. Æðiveður skall á. Festingin í bryggjuna bilaði, og rak skip þessi m. a. á skipið B, sem laskaðist mikið. Skipstjórnarmenn á R treystu ekki nægilega festar, þegar veðrið herti, og gerðu ekki virkar ráðstafanir til að losa þunga A af festum sínum. Voru eigendur R því dæmdir til að greiða eigendum B fébætur 157

Lögreglumenn í Reykjavík tóku A höndum, þar sem hann var ör af víni á almannafæri. Handtakan varð ekki talin þeim til áfellis, en handleggur A brotnaði fyrir ofan olnboga fyrir ógætni þeirra. A voru dæmdar bætur úr ríkissjóði, þar sem athafnir lögreglunnar eru þáttur í meðferð ríkisvalds og handhafar ríkisvalds fara með stjórn hennar 256

Bæjarsjóður Reykjavíkur ber ekki ábyrgð til skaðabóta á mistökum, er lögreglumenn í Reykjavík fremja í starfa sínum, þar sem handhafar ríkisvalds stjórna lögreglumönnum þessum, en þeir eru ekki háðir stjórnvöldum Reykjavíkur 256

Eigendur hárgreiðslustofu dæmdir til að greiða A bætur vegna bruna, sem hún hlaut á höfði við svonefnda „permanent"hárliðun, þar sem óhapp þetta þótti stafa af galla á umbúnaði eða skorti á nægilegri aðgæzlu að öðru leyti af hálfu starfsfólks á hárgreiðslustofunni 389

Aðfarargerðir. Sjá dagsektir, fjárnám, fógetagerðir, kyrrsetning, lögtak, útburðargerðir.

Aðgerðaleysisverkanir. Sbr. skuldir, skuldamál.

A seldi B jörð. Í kaupsamningi stóð, að B vissi um erfðaleigurétt dóttur A (D) að landspildu í jörðinni, en í afsalinu var erfðaleiguland D undan skilið. Þegar B tók eftir orðalagsmun kaupsamnings og afsals, vildi hann fá A til að lýsa því skriflega, að erfðaleigulandið fylgdi í kaupunum. Milligöngumaður segir, að A hafi ætlað að undirrita yfirlýsingu þessa efnis, en ekki varð samt af því. Í þess stað samdi B við A og D á þá leið, að B keypti með vissum skilyrðum erfðaleiguland og erfðaleigurétt-

indi. Þessi samningur var ekki framkvæmdur, en A seldi D erfðaleigulandið. B seldi F síðar jörðina og framseldi honum jafnframt rétt sinn vegna erfðaleigulandsins. Gerði F því næst kröfur á hendur dánarbúi A vegna meðferðar á erfðaleigulandinu. Þar sem vafi gat leikið á um skýringu á orðalagsmun kaupsamnings og afsals, þá skaut B með síðari samningsgerð um kaup erfðaleigulandsins af A og annarri framkomu sinni loku fyrir, að hann (B) eða réttartakar hans gætu reist rétt á því, að afsal A til B hefði tekið yfir land þetta 108

Eigendur fasteignar létu um langan tíma viðgangast, að eigendur tveggja nágrannaeigna fóru um stig yfir land þeirra að vegi, er lá að því, án þess að gera alvarlegar ráðstafanir til tálma þá umferð. Þetta ásamt mörgum öðrum atriðum talið gefa til kynna, að nágrannarnir ættu umferðarrétt um stíginn 265

Málflutningsmenn (M) voru dæmdir til að greiða F fébætur vegna vanrækslu við heimtu skuldar, sem F átti hjá L og E, er síðar urðu gjaldþrota. Við ákvörðun bótanna var tillit tekið til þess, að F hafði dregið lengi að höfða skaðabótamál á hendur M og þar með að líkindum gert þeim öflun gagna sér til varnar torveldari en ella 293

G, sem var leigutaki í húsi A, var orðinn í nokkrum vanskilum með greiðslu leigu. Skiptafundur í þrotabúi A lét taka við leigunni án þess að vanda um við G vegna vanskilanna eða slá varnagla um útburð af þeim sökum. Þ, sem síðar keypti húsið, gat ekki notað þessi vanskil til að bera G út 330

Þá var og ósannað, að Þ hefði krafið G um greiðslu um leigu fyrir sex mánuði, er greiðast átti fyrirfram, á tímabilinu frá því Þ hafði fengið eignarráð hússins og þangað til hann krafðist útburðar. Varð útburðargerð því ekki grundvölluð á greiðsludrætti leigunnar, sem boðin var fram strax fyrir fógeta 330

Konur, sem ráku hárgreiðslustofu, voru dæmdar til að greiða A bætur vegna brunasára, sem hún hlaut á höfði við svonefnda „permanent" hárliðun, þar sem óhapp þetta þótti stafa af galla á umbúnaði eða skorti á nægilegri aðgæzlu af hálfu starfsfólks á stofunni. Hins vegar virtist A hvorki hafa kvartað nægilega skýrt um óþægindi sín, meðan hárliðunin stóð yfir, né lagt næga rækt við lækningu brunans, án þess að atriði þessi þættu þó eiga að svipta hana öllum rétti til bóta fyrir sársauka og lýti 389

Hafnarnefnd Rvíkur (H) átti forkaupsrétt að frystihúsi því, sem Svensk-Isländska Fryseriaktiebolaget (F) átti í Rvík,

skyldi verðið ákveðið með mati. F lofaði að selja K frystihúsið. H bar fyrir sig forkaupsréttinn og krafðist að fá að vita, hvert kaupverð til K væri, áður en fullnaðarákvörðun væri tekin um, hvort forkaupsréttar yrði neytt. H átti að vísu ekki rétt á að fá frystihúsið fyrir það verð, sem K átti að greiða, en þetta verð skipti H miklu máli, þar sem það gaf vísbendingu um verð frystihússins í kaupum og sölum, sbr. 10. gr. laga nr. 61/1917. Samkv. þessu og þar sem F hafði gengið fram hjá H, er F samdi við K, bar F að miklu leyti ábyrgð á drætti þeim, sem varð á því, að H gæfi fullnaðarsvör um forkaupsréttinn. Drátturinn var því ekki metinn H til réttarspjalla 418

Aðild. Sbr. áfrýjun, málasamlag.

Kyrrsettir voru fémunir erlends manns hér á landi. Kyrrsetningarmáli var beint gegn vörzluhafa fémunanna, sbr. Op. br. 30. nóv. 1821 4

Maður, sem réð því, að ónýtur uppskipunarbátur var tekinn til fiskflutnings, skipstjóri á vélbát, er dró uppskipunarbátinn, og kaupfélag, er átti uppskipunarbátinn og fiskflutningurinn var framkvæmdur fyrir, sóttir sameiginlega til greiðslu dánarbóta fyrir tvo menn, sem fórust með uppskipunarbátnum 35, 53

Síldarverksmiðjur ríkisins sóttar til greiðslu fébóta vegna lemsturs, er maður hlaut, er hann var að mála reykháf verksmiðju 50

Sagt, að fjármálaráðherra yrði ekki, svo að bindandi sé að stjórnskipunarrétti, sviptur með þingsályktun, sem einungis lýsir vilja Alþingis, valdi því, sem honum er fengið í lögum nr. 30/1935 til yfirráða bifreiðasölu, og að tilgreindir aðiljar gætu því ekki reist rétt til úthlutunar bifreiðar á ákvörðun nefndar, sem kosin var eftir þingsályktun Sameinaðs Alþingis til að úthluta bifreiðum .. 92

A og B létu G stunda akstur á bifreið þeirra frá bifreiðastöð. G lánaði Þ bifreiðina. Þ ók á S, og meiddist hann. Þar sem gegn skýrslum A, B og Þ var ekki sannað eða líklegt gert, að G hefði haft heimild til að lána bifreiðina, urðu A og B ekki dæmdir til að greiða skaðabætur vegna slyssins, sbr. 2. mgr. 35. gr. l. nr. 23/1941 99

A seldi B jörð. B taldi kaupin taka yfir erfðaleiguland í jörðinni, sem dóttir A hafði á leigu. A seldi dóttur sinni síðan erfðaleigulandið. Í máli réttartaka B gegn dánarbúi A vegna meðferðar hans á erfðaleigulandinu, varð ekki dæmt, hver væri nú eigandi að landi þessu, þar sem sá, sem fór með eignarráð landsins, var ekki aðili málsins 108

Skipið R festi sig við bryggju. Skipið A festi sig utan í R. Áðivcður gerði. Festingin í bryggjuna slitnaði, og rak skip þessi m. a. á skipið B, og laskaðist það stórlega. Í máli eigenda B á hendur eiganda R til fébóta varð ekki dæmt um framkröfu (regres) R á hendur A, þar sem A var ekki aðili þess máls 157
Maður, sem hlotið hafði lemstur vegna ógætilegrar meðferðar lögreglumanna, sækir fyrirsvarsmenn ríkissjóðs og bæjarsjóðs Reykjavíkur til bóta 256
Maður, sem á í máli, andast, og tekur dánarbúið við aðild málsins 265
Eigandi bifreiðar var sóttur til greiðslu skaðabóta vegna þess, að kona varð fyrir bifreiðinni og meiddist. Vátryggingarfélagi því, sem tryggt hafði eigandann gegn ábyrgð á bifreiðinni, var stefnt til að gæta réttar síns .. 324

Aðiljaskýrslur.

a) Einkamál.

Það vítt, að fógeti gerði aðiljum lögtaksmáls ekki kost á því að skýra málið, sbr. 114. gr. sbr. 223. gr. laga 85/1936 1
Útburðarmáli frestað í hæstarétti og lagt fyrir fógeta samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga, að veita aðiljum kost á því að gefa skýrslur og afla skýrslna um ýmis atriði 15
Máli um ýmis skuldaskipti frestað í hæstarétti og lagt fyrir héraðsdómara samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85/1936 að spyrja aðilja um nokkur atriði og veita þeim kost á því að afla skýrslna 60
Fógeti innti ekki lögtaksþolanda, sem var ólöglærður, eftir ástæðum fyrir mótmælum, er hann hafði uppi gegn lögtaksgerð, og leiðbeindi honum ekki, svo sem lög ákveða, sbr. 114. gr. og 223. gr. laga nr. 85/1936. Lögtaksgerðin var ómerkt í hæstarétti m. a. af þessum sökum 74
Ægir bjargaði skipinu P, og var það flutt á fjöruna G, er þótti öruggur staður handa því. Skipstjóri P viðurkenndi, að hann hefði þá tekið við forráðum þess og ákveðið að flytja það á fjöruna K, þar sem það brotnaði í miðju G stundaði akstur frá bifreiðastöð á bifreið, sem þeir A og B áttu. G. lánaði Þ bifreiðina. Þ ók á S, og hlaut hann lemstur. Þar sem gegn skýrslum A og B, er stúddar voru af framburði Þ, var ekki sannað eða líklegt gert, að G hefði haft heimild til að lána bifreiðina, urðu A og B ekki dæmdir til að greiða skaðabætur vegna slyssins, sbr. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 23/1941 ..... 76 99
Héraðsdómara hafði verið full nauðsyn að kalla aðilja fyrir

sig og krefja þá skýrslna um einstaka reikningsliði. Mótmæli og málsástæður stefnda voru mjög óljós, og bar dómara því að leiðbeina honum, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Þessir gallar leiddu til ómerkingar dóms og málsmeðferðar og heimvísunar 103
Fyrirsvarsmaður vátryggingarfélags og gagnaðili félagsins gefa aðiljaskýrslu fyrir dómi 217

b) Opinber mál.

Skipstjóri á togara, sem tekinn var af varðskipi fyrir ólöglegar fiskveiðar í landhelgi, taldi sig ekki geta mótmælt staðarákvörðun, sem yfirmenn á varðskipinu gerðu, en neitaði samt sekt sinni 64
Með skýrslum vitna var hrakin frásögn bílstjóra um för fótgangandi hermanns á vegi, en hermaðurinn varð þar fyrir bifreið bílstjórans og beið bana 82
Bifreiðarstjóri drakk við akstur í einu vetfangi þrjá sopa úr citronflösku, sem að honum var rétt, en kvaðst hafa neitað að drekka frekar, þegar hann fann, að áfengi var í citroninu. Þessi skýrsla hans var lögð til grundvallar, enda var hún óhrakin, og var hann því sýknaður af kæru fyrir þetta 82
Maður játar, að hann þá sykur að gjöf af erlendum hermanni, sbr. lög nr. 13/1941 215
A, sem var tekinn á ljósatíma, þar sem hann ók bifreið sinni ljóslausri, játaði, að hann hefði tekið að aka bifreiðinni í beinu framhaldi af neyzlu áfengis um nokkurn tíma 365
A játaði, að hann hefði tekið við 180 kr. af hermönnum og eytt því í sjálfs sín þarfir. Var játningin studd af skýrslu tveggja hermanna svo og reyndum málsins. Afturköllun á játningunni, sem engum rökum var studd, var ekki tekin til greina 394

Áfengislagabrot. Sbr. bifreiðar, lögregla, mat og skoðun, sönnun, vitni.

Bifreiðarstjóri drakk við akstur í einu vetfangi þrjá sopa úr citronflösku, er að honum var rétt, en kvaðst hafa neitað að drekka frekar, þegar hann fann, að áfengi var í citroninu. Í blóði hans reyndist að vera 0.96‰ áfengismagn. Þar sem svo stóð á og sannað var, að hann var ekki með áhrifum áfengis við akstur, var hann sýknaður af kæru fyrir brot á áfengislöggjöfinni 82
Læknar rannsaka þau áhrif, sem mismunandi mikil neyzla áfengis hafði á tilgreindan mann 256
A ók bifreið í beinu framhaldi af neyzlu áfengis um nokkurn

tíma. Hann þótti með þsesu hafa neytt áfengis við akstur í merkingu 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, og var hann sektaður samkvæmt 38. gr. þeirra laga svo og sviptur ökuleyfi samkvæmt 39. gr. sömu laga um þriggja mánaða skeið. Blóðsýnishorn, sem lögreglumenn létu taka úr honum, eyðilagðist, en blóðsýnishorn, sem hann lét taka úr sér sjálfur, sýndi 0,55‰ áfengismagn. Skýrslur lögreglumanna, sem kærðu hann, og læknis þess, sem tók blóð úr honum, sönnuðu ekki til hlítar, að hann hefði ekið með áhrifum áfengis. Var hann því sýknaður af kæru fyrir brot á áfengislögunum 465
Manni dæmd refsing fyrir ölvun á almannafæri 408

Afnotahefð. Sjá hefð.

Áfrýjun. Sbr. aðild, kæra, málasamlag.
Kærumáli um málskostnað í héraði frestað ex officio í hæstarétti samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936, þar sem hinn aðilinn áfrýjaði málinu í heild sinni 10, 123
Málsmeðferð frestað ex officio í hæstarétti samkvæmt analogíu 120 gr. laga nr. 85/1936, til þess að aðilja gæfist færi á að afla rækilegri skýrslna um tiltekin málsatriði 15, 60
Héraðsdómara láðist að tiltaka vararefsingu réttarfarssektar, er hann gerði á hendur verjanda sökunauts. Þetta var lagfært í hæstarétti 56
Aðalkrafa máls sótt og varin sérstaklega í héraði og áfrýjað sérstaklega til hæstaréttar innan viku frá uppsögu dóms um hana samkvæmt 71. gr. laga nr. 85/1936 92
A sótti um leyfi til endurupptöku máls fyrir hæstarétti samkvæmt 30. gr. laga nr. 112/1935. Í umsögn sinni lýsti hæstiréttur því, að A hafði verið í lófa lagið að afla skýrslna þeirra, er hann nú vildi fram bera, er málið var til meðferðar fyrir dómstólum, og væru því ekki lög til þess að taka málið upp aftur. Ráðherra synjaði A síðan leyfisins. Nokkrum mánuðum síðar sótti A af nýju um leyfi til endurupptöku málsins, og veitti ráðherra nú leyfið, án þess að leita áður tillagna hæstaréttar um þau gögn, er hann reisti hina breyttu ákvörðun sína á. Leyfið var þegar af þessari ástæðu ekki lögmætur grundvöllur undir nýja meðferð málsins fyrir hæstarétti, og var málinu vísað frá hæstarétti 97
Í skaðabótamáli út af árekstri skipa var það atriði, hver bæri ábyrgð á árekstrinum, sótt og varið sérstaklega og þess-

um hluta málsins síðan áfrýjað sér í lagi. Áfrýjunarfrests þess, sem greinir í 71. gr. laga nr. 85/1936, var ekki gætt ex officio 157

A var stefnt til greiðslu skaðabóta. Stefnandi lagði á fyrsta dómþingi fram sáttakæru, stefnu, reikninga og greinargerð. A kom fyrir dóm ásamt lögfræðingi. Síðan fékk lögfræðingur þessi frest eftir frest, en lagði hvorki fram greinargerð né hreyfði andmælum. Loks sótti hann ekki þing, og var málið þá tekið til dóms og dæmt eftir framlögðum skilríkjum. A áfrýjaði málinu að fengnu novaleyfi. Sagt, að honum hefði verið í lófa lagið að bera fyrir sig í héraði málsástæður þær, sem hann vildi reisa vörn sína í hæstarétti á, og yrðu þær því ekki til greina teknar gegn andmælum gagnaðilja, sbr. 110. gr. og 111. gr. laga nr. 85/1936 177

Stjórnsýslumaður, er látið hafði af störfum, krafðist vangoldinna launa. Frásögn hans um tilhögun starfa hans og framkvæmd á greiðslu launa var ekki nægilega mótmælt í héraði. Ákveðin mótmæli í hæstarétti komu því ekki gagnaðilja hans að haldi 182

Maður, sem flutti mál sitt sjálfur, var með héraðsdómi dæmdur til refsingar fyrir mjög ósæmilegt orðbragð. Sektarákvæðinu var ekki áfrýjað, og var það þegar af þeirri ástæðu staðfest í hæstarétti 293

Hæstiréttur leyfir manni, sem kom sjálfur í máli sínu fyrir hæstarétt, að flytja málið skriflega, sbr. 2. tl. 38. gr. laga nr. 112/1935 293

Hús A, sem hann bjó sjálfur í, var selt á nauðungaruppboði. Kaupandi hússins (K) krafðist útburðar á A, og féllst fógeti á þá kröfu með úrskurði 4. maí 1943. A áfrýjaði úrskurðinum, en K krafðist þess, að málinu væri vísað frá hæstarétti, þar sem A hefði eftir uppsögu úrskurðarins, en áður hann áfrýjaði, sjálfkrafa flutzt úr húsinu, án þess að slá varnagla um áfrýjun. A lagði þá fram vottorð fógeta þess efnis, að hann, þ. e. A, hefði að loknu dómþingi 6. maí lýst yfir því við K, að hann ætlaði sér að áfrýja, en K neitaði, að hann hefði veitt þessu athygli, enda kvaðst hann hafa treyst því, þegar A fluttist þegjandi og fyrirvaralaust úr húsinu, að hann áfrýjaði ekki. Sagt, að brottför A úr húsinu með þeim hætti, sem lýst var, yrði ekki samþýdd áfrýjun málsins, og var málinu því vísað frá hæstarétti 321

Úrskurði dómara um framgang vitnaleiðslu var skotið til hæstaréttar með kæru. Meðferð málsins í héraði hafði verið andstæð ákvæðum 105., 106., 109., 110. gr. og 111.

gr. laga nr. 85/1936, og að öðru leyti var henni mjög ábóta vant. Það þótti ekki hlýða að halda áfram svo gallaðri málsmeðferð, og var hún því ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi 413

Áfrýjunarleyfi.

Áfrýjunarfrestur liðinn 142, 177, 180, 233, 265, 293, 324, 370, 389

Ágreiningsatkvæði. Sjá sératkvæði.

Álitsgerðir. Sjá mat og skoðun.

Allsherjarregla. Sjá lögreglumenn.

Alþingi.

Fjármálaráðherra varð ekki, svo að bindandi sé að stjórnskipunarrétti, sviptur með þingsályktun, sem einungis lýsir vilja Alþingis, valdi því, sem honum er fengið í lögum nr. 30/1935 til yfirráða bifreiðasölu, og gátu tilgreindir menn því ekki reist rétt til úthlutunar bifreiða á ákvörðun nefndar, sem kosin var eftir þingsályktun sameinaðs Alþingis til að úthluta bifreiðum 92

Alþýðutryggingar.

Sjúklingar, sem haldnir voru kynsjúkdómi, voru til lækninga á Landsspítalanum. Þeir nutu réttinda í Sjúkrasamlagi Reykjavíkur (SR), og var það sótt til greiðslu sjúkrahúskostnaðar. Ákvæði laga nr. 78/1936 um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla taka til slíkra sjúklinga, sbr. 1. gr. Í 2. mg. 2. gr. sömu laga segir, að styrkur samkvæmt lögunum verði ekki veittur til greiðslu kostnaðar, sem aðili á rétt á að fá greiddan samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, en um þau efni voru lög nr. 26/1936, síðar lög nr. 74/1937. Menn haldnir kynsjúkdómi voru því tryggðir af SR, sbr. 30. gr. laga nr. 26/1936, og ekki þótti verða talið, að niðurlag 30. gr. laga nr. 74/1937 hefði breytt þessu. Loks firrti það ekki ríkisspítala rétti til greiðslu, þótt ekki sæist, hvort ráð tryggingalæknis um sjúkrahúsvist hefði komið til hverju sinni, sbr. 1. tl. 30. gr. laga nr.74/1937, eða hvort fylgt hefði verið reglum sjúkrasamlagsins um tilkynningar, þar sem sjúklingarnir voru á spítalanum eftir ákvörðun sérfræðings í kynsjúkdómum og trúnaðarmanns ríkisins í þeim efnum, og voru þeir stundaðir af honum, en sérstakrar leyndar ber að gæta um slíka sjúklinga 233

Analogia. Sjá lög, lögskýring.

Árekstur skipa.

Skipið R, 103 smálestir, lagðist vestan við bátabryggju í Rvík, og var það fest með kaðli við hring í bryggjunni. Norskt skip, A, 80—90 smálestir, lagðist utan við R og tengdi sig í það. Æðiveður skall á, festingin í bryggjunni bilaði, og rak R og A m. a. á skipið B, og löskuðu þau það mjög. Skipstjórnarmenn á R voru taldir hafa sýnt vangæzlu, þar sem þeir treystu ekki nægilega festar R, er veðrið herti, og gerðu ekki ráðstafanir, er að gagni kæmu, til að losa festar sínar við þunga norska skipsins A. Hins vegar þóttu skipstjórnarmenn B ekki hafa sýnt ógætni, þótt þeir hefðu bát sinn austan við næstu bryggju, þar sem þeir höfðu ekki ástæðu til að vantreysta festingu R og A. Eigandi R bar því fulla ábyrgð á árekstrinum gagnvart eigendum B, en framkrafa (regres) R á hendur eigendum A varð ekki dæmd, þar sem A var ekki aðili málsins .. 157

Vélbáturinn G var að næturlagi í febrúar á leið til fiskjar frá Reykjavík og hafði að sögn skipverja uppi öll siglingaljós. Sáu þá skipverjar, að skyndilega var brugðið upp tveimur siglingaljósum, öðru hvítu en hinu rauðu, í stefnu framundan G, aðeins til stjórnborða. Ljós þessi voru slökkt samstundis. Mátti vita, að þarna var skip á ferð og yfirvofandi hætta á árekstri. Skipstjórinn á G, sem var við stýrið, dró fyrst úr olíugjöf til vélar og snéri síðan stýrinu hart til bakborða. Ljóslausa skipið, sem var amerískur tundurspillir, rakst allt að einu á G stjórnborðsmegin að aftan. Sökk G þegar. Sex skipverjar björguðust, en einn drukknaði. Engar skýrslur fengust til afnota í málinu frá skipverjum á tundurspillinum. Hernaðarástæður lágu að vísu til grundvallar því, að tundurspillirinn var ljóslaus, en meginorsök slyssins var samkvæmt gögnum málsins talin sú, að ekki var gætt nægilegrar varúðar af hendi stjórnenda tundurspillisins, sem áttu að geta varazt ásiglingu. Var því vátryggingarfélag það, sem tryggt hafði v/b G, dæmt til að greiða vátryggingarféð, þrátt fyrir það þótt kveðið væri svo á í vátryggingarskírteini, að G væri ekki tryggður gegn hernaðartjóni né afleiðeingum þess 269

Ásetningur. Sjá saknæmi.

Atvinnuréttindi.

G lét skrá sig í viðskiptaskrána með starfheitinu Mittweida-ingenieur. Hann hafði prófskírteini frá Vereinigte Technische Lehranstalten des Technikum, Mittweida í

Þýzkalandi. Þar segir, að hann hafi lokið fullnaðarprófi „Maschinen-Ingenieure". Þrátt fyrir þetta varð að telja, að G væri óheimilt að nefna sig „ingeniör", þar sem hann hafði ekki leyfi ráðherra til þess samkvæmt 1. gr. laga nr. 24/1937, enda hafði stéttarfélag verkfræðinga, eftir því sem upp kom, ekki viðurkennt skóla þann fullgildan, sem G hafði lokið prófi við 363

Áverkar. Sjá líkamsáverkar.

Bifreiðaeinkasala.

Fjármálaráðherra varð ekki, svo að bindandi sé að stjórnskipunarrétti, sviptur með þingsályktun, sem einungis lýsir vilja Alþingis, valdi því, sem honum er fengið í lögum nr. 30/1935 til yfirráða bifreiðasölu, og gátu tilgreindir aðiljar því ekki reist rétt til kaupa bifreiðar á ákvörðun nefndar, sem kjörin var á Alþingi eftir þingsályktun sameinaðs Alþingis til að úthluta bifreiðum .. 92

Bifreiðar. Bifreiðalagabrot.

Bifreiðarstjórinn A ók Suðurlandsbraut til Rvíkur. Hann kveðst, nokkru áður hann nálgaðist vegamót Suðurlandsbrautar og Vatnsveituvegar, hafa séð ameríska hermann standa á suðurbrún vegarins, og hafi hermaðurinn farið út á veginn, er A átti ófarna 3—4 metra að honum. A beygði til hægri og hemlaði að nokkru, en vinstra framhjól bifreiðar hans rakst á hermanninn, og kastaðist hann á veginn og hlaut bana. Í sama vetfangi varð árekstur milli bíls A og brezkrar herbifreiðar, er kom á móti A. Við árekstur þenna kastaðist einn farþegi í bíl A út úr bílnum og lét líf sitt, og annar farþegi fékk heilahristing. Bifreiðarstjóri brezku bifreiðarinnar meiddist, og farþegi þeirrar bifreiðar hlaut stór lemstur. Báðar bifreiðarnar stórskemmdust. Bifreiðarstjórinn á brezku bifreiðinni, bifreiðarstjóri á annarri brezkri bifreið, er ók austur og hinn drepni hermaður steig úr, svo og þrír menn í íslenzkri bifreið, er þarna voru, bera allir, að hermaðurinn hafi verið á leið suður yfir veginn, er hann varð fyrir bifreið A, en A hafi reynt að beygja norður fyrir hann. A segist ekki hafa ekið yfir 40 km hraða, en vitni nefna 40—50 enskar mílur og allt að 60 km. Hinn drepni hermaður þótti hafa sýnt ógætni, er hann gekk út á veginn, en missýni A um för hermannsins, spölur, er bíll hans rann, eftir að hermaðurinn varð fyrir honum og þunginn í árekstrinum á brezku bifreiðina,

sýndu athugaleysi A og að hann hafði ekið of hratt, eins og á stóð. Brot A var heimfært undir 215. og 219. gr. laga nr. 19/1940, 26., 27. og 28. gr. laga nr. 23/1941. Með því að aka bílnum án nothæfs hraðamælis og með því að gefa ekki hljóðmerki braut A auk þess 9., 28. og 38. gr. laga nr. 23/1941. Hann var sviptur rétti til að stýra bifreið ævilangt 82

A og B létu G stunda akstur á bifreið þeirra frá bifreiðastöð. G lánaði Þ bifreiðina, og ók Þ á S, er hlaut lemstur. Þar sem G lánaði bifreiðina heimildarlaust, báru A og B ekki skaðabótaábyrgð á slysinu, sbr. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 23/1941 99

A var skipaður prófdómari við próf bifreiðarstjóra á Akureyri haustið 1927, og þeirri frásögn hans, sem studd var af vottorði fulltrúa lögreglustjóra, var ekki nægilega mótmælt í héraði, að hann hefði upp frá því skoðað bifreiðar þar að beiðni lögreglustjóra, að fráskilinni aðalskoðun í júlí 1928, þar til ráðherra skipaði hann skoðunarmann bifreiða í apríl 1929. Því var og ekki hnekkt, að hann hefði 1928 einungis fengið skoðunargjöld fyrir þær bifreiðar, sem þá komu ekki til aðalskoðunar, en annars hefði hann ekki fengið greiðslu fyrir eftirlit bifreiða 1928 fyrr en sumarið 1929. Varð því að telja, að laun, sem A voru greidd fyrirvaralaust 1929, væri fyrir unnin störf. Síðan fékk hann laun sín greidd eftir á fyrir hvert ár í júlí. Átti hann því ógreidd hálfs árs laun, er hann lét af störfum í árslok 1936 182

A var að aka norður Bröttugötu á Akureyri. Þegar hann var kominn á móts við húsið nr. 33, kom brezk bifreið með hárri yfirbyggingu á móti honum á eystri vegarbrún. Stúlka ók á reiðhjóli á eftir brezku bifreiðinni, og kveðst A ekki hafa séð stúlkuna fyrr en bifreiðarnar höfðu farið hvor fram hjá annarri, en þá beygði stúlkan vestur yfir götuna upp að húsi. A beitti hemlum, en bifreiðin lenti á reiðhjólinu. Stúlkan féll á götuna, missti meðvitund og hlaut lemstur, einkum á vinstra fæti, sem brotnaði. Telja varð, að stúlkan ætti aðalsök á slysinu, en hins vegar voru ekki sönnur að því leiddar, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, ef bifreiðarstjórinn hefði þegar, er hann varð stúlkunnar var, beygt frekar en hann gerði til vinstri og upp í lóð hússins nr. 35, en ætla varð eftir málflutningnum, að honum hefði verið þess kostur. Var eigandi bifreiðarinnar dæmdur til að greiða stúlkunni fébætur, en að vísu ekki fullar, sbr. 34. gr. laga nr. 23/1941 324

Dómari kveður tvo menn til þess að meta hraða bifreiðar, sem skildi eftir 3,75 m hemlaför á vegi, er hún var stöðvuð. Áætluðu þeir, að hraði hennar myndi hafa verið h. u. b. 20 km, miðað við klukkustund 324

A ók austur Vonarstræti í Rvík. Framundan húsinu nr. 8 stóðu tvær bifreiðar, hvor við sína gangstétt og andspænis hinni. A ók inn í hliðið milli bifreiðanna. Sá hann þá slökkviliðsbifreið, sem var að hans sögn rétt komin fram hjá Templarasundi. A stöðvaði þegar bifreið sína. Slökkviliðsbifreiðin kom úr Lækjargötu og ók vestur Vonarstræti með allmiklum hraða. Var bjöllu hennar hringt, er hún fór inn í Vonarstræti, en ekki eftir það. Sá, sem gætti blásturshorns hennar, segist hafa gefið mörg hljóðmerki í Vonarstræti. Annar slökkviliðsmaður ber, að hann hafi gefið eitt hljóðmerki, áður en þeir fóru yfir Templarasund, en ekki eftir það, en A, tveir farþegar í bifreið hans og tveir Bretar í bifreiðinni við syðri vegarbrún heyrðu ekki hljóðmerki frá slökkviliðsbifreiðinni. Þegar bifreiðarstjórinn á slökkviliðsbifreiðinni sá til ferðar A, hemlaði hann, og voru hemlaförin 11 metrar, en ekki tókst að afstýra árekstri. A var metið það til gáleysis, að hann ók inn í hliðið milli bifreiðanna, án þess að ganga úr skugga um, hvernig umferð var háttað austan megin við þær, en hins vegar gáfu þeir á slökkviliðsbifreiðinni ekki nógu tíð og greinileg merki, þegar þeir ætluðu að aka á svo miklum hraða inn á milli bifreiða á götunni. Samkvæmt þessu þótti rétt að leggja helming sakar á hvorn bifreiðarstjóranna. Voru A dæmdar hálfar bætur fyrir tjón það, sem bifreið hans varð fyrir, úr bæjarsjóði Rvíkur 335

Bifreiðarstjórinn A ók á B, sem var að ganga yfir götu. Ósannað var, að B hafi látið skorta á aðgæzlu, þegar hann fór yfir götuna. A urðu hins vegar m. a. þau mistök, að fótur hans skrapp af bremsunni, þegar hann ætlaði að bremsa, og gat hann því ekki stöðvað bifreiðina eins fljótt og hann ætlaði. Var eigandi bifreiðarinnar því dæmdur til að greiða B kostnað við lækningar svo og bætur 348

A ók bifreið í beinu framhaldi af neyzlu áfengis um nokkurn tíma. Með þessu þótti hann hafa neytt áfengis við akstur í merkingu 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, og var hann sektaður samkvæmt 38. gr. þeirra laga svo og sviptur ökuleyfi samkvæmt 39. gr. sömu laga um þriggja mánaða skeið. Annar lögreglumanna þeirra, sem kærðu A, taldi, að hann hefði verið með áhrifum áfengis, en

hinn sagði hann ekki áberandi drukkinn. Læknir sá, er tók blóð úr honum, segðist ekki hafa séð slík áhrif á honum. Þótti því ekki fullsannað, að hann hefði verið með áhrifum áfengis við akstur. Blóðsýnishorn, sem lögreglumenn létu taka úr honum, týndist, en blóðsýnishorn, er hann lét nokkru síðar taka úr sér, sýndi 0,55‰ áfengismagn í blóði hans. Var hann því sýknaður af kæru fyrir brot á áfengislögunum. Hann ók bifreið sinni ljóslaustri á ljósatíma um götur Rvíkur, og varðaði það við 43. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur .. 365

Bjarglaun. Sjá björgun.

Björgun.

Erlent skip var með brotna skrúfu og bilað stýri og rak stjórnlaust fyrir vindi rétt hjá Drangaskerjum, sem eru mjög hættuleg. Nokkur leki kom að skipinu. Skipið hafði engin segl og enga varaskrúfu. Vélbátur dró það til Vestmannaeyja. Þessi liðveizla var talin vera björgun. Skip það, sem bjargað var, og farmur þess voru metin á kr. 308880.00. Bjarglaun voru ákveðin kr. 60000.00. Við ákvörðun þeirra voru m. a. virtar tafir bátsins frá veiðum og kostnaður, er bjargandi greiddi öðru aðstoðarskipi 25

Trygging sett fyrir þeim bjarglaunum, er dómur síðar kynni að ákveða 25

Skip, sem bjargað hafði verið og lagt á bezta skipalægi í innri höfn Vestmannaeyja, var síðar að fyrirlagi hafnaryfirvalda flutt til í höfninni. Rak það síðan upp í fjöru, og hlauzt mikill kostnaður af losun þess. Þar sem björgun var lokið, þegar óhapp þetta varð, og bjargandi hafði komið skipinu á öruggasta stað, sem völ var á, kom lækkun bjarglauna af þesum sökum ekki til greina .. 25

Bjargskip hafnarsjóðs Reykjavíkur bjargaði togara, sem strandað hafði. Krafizt var bjarglauna, en ekki sjóveðréttar fyrir þeim í togaranum 25

Sjó- og verzlunardómur fer með mál til ákvörðunar launa fyrir liðveizlu, sem veitt var skipi, er statt var í neyð 25, 31

Skip sigldi upp í stórgrýtisurð og klappir og strandaði þar. Brim fór sívaxandi, og óveður var í aðsigi. Bjargskip búið bjargtækjum dró hið strandaða skip á flot og bjargaði því. Dómkvaddir menn mátu skip það, sem bjargað var, á kr. 404700,00, kol í því á kr. 3500.00 og fisk í því á kr. 43000.00. Bjarglaun voru ákveðin kr. 70000.00 .. 31

Hinn 28. febrúar 1941 strandaði erlent skip P á Mýrdals-

sandi. Bifreiðar, sem í skipinu voru, fluttu menn í land, en hrájárni var kastað útbyrðis. Ægir kom oft á strandstaðinn, og menn af Ægi voru alltaf á strandstaðnum með dælur og annan útbúnað. Hinn 14. maí dró Ægir P á flot og hélt síðan með það í eftirdragi til Rvíkur. Vélar P gengu. Skipaútgerð ríkisins (S) og hafnaryfirvöld Rvíkur létu nú setja P á Gufunessfjöru, sem talin var öruggasti staður handa skipinu. Síðan tók skipstjóri P við forráðum þess og hóf samninga við vélsmiðju um viðgerð þess og ákvað flutning þess til Kleppsvíkur. Voru stýrimaður og vélstjóri Ægis í P, er það var flutt, en ekki varð séð, að þeir eða aðrir af hendi S hefðu átt þátt í ákvörðun um flutning skipsins frá Gufunessfjöru eða val á stað handa því í Kleppsvík, en þar varð holt undir miðju P, og brotnaði það í miðju, og meginverðmæti þess fór forgörðum. Af hendi fyrirsvarsmanna P var ekki sannað, að Gufunessfjara væri óhæfur viðgerðarstaður, né að þess hefði verið krafizt af S, að skipið yrði flutt, eða S gefizt kostur að velja því annan stað. Samkvæmt þessu voru bjarglaun ákveðin með hliðsjón af verðmæti skipsins í Gufunessfjöru, sem var kr. 2577500.00. Kostnaður við björgun var um 100000.00 krónur. Bjarglaun voru ákveðin kr. 500000.00. Björgun á farmi var haldið utan við þetta mál 76

Bjargsamningur gerður milli fyrirsvarsmanna strandaðs skips og Skipaútgerðar ríkisins 76

V/b M bjargaði v/b N, sem var með brotna skrúfu og bilað stýri nærri tundurduflum. Bæði skipin voru vátryggð samkvæmt lögum nr. 27/1938, og ákvað því gerðardómur bjarglaunin, en þau skulu samkvæmt 23. gr. laganna miðast við fétjón það og tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti. Ákvæði þetta var ekki talið tæmandi, þar sem það t. d. nefnir ekki háska bjargskips og áhafnar þess. Þegar þetta var virt og með því að ekki þótti fullyrðandi, að gerðardómsmenn hefðu lagt ólöglega sjónarmið til grundvallar úrskurði sínum, er þeir að vísu reistu aðallega á ákvæðum siglingalaga, þá var úrskurður þeirra ekki ómerktur 188

Varðskipið Ægir bjargaði vélskipi, sem vátryggt var í vélbátatryggingarfélagi. Skipaútgerð ríkisins höfðaði mál til bjarglauna, en eigandi vélbátsins krafðist frávísunar málsins með skírskotun til 22. gr. laga nr. 32/1942, þar sem ákvörðun bjarglauna í slíkum tilvikum er falin stjórn Samábyrgðarinnar. Af hendi Skipaútgerðar ríkisins var því haldið fram, að ákvæði þetta fari í bága við

stjórnarskrána. Sagt, að löggjafarvaldinu hafi verið heimilt að setja ákvæðið í 2. mgr. 22. gr. laga nr. 32/1942 um ákvörðun launa fyrir bjargstarfa Ægis þegar af þeirri ástæðu, að Ægir var eign ríkisins og rekinn á kostnað þess. Hins vegar ber undir dómstóla að skera úr um það, hvort aðili sá, sem lögin fela ákvörðun launanna fer um það eftir löglegum sjónarmiðum 430

Bókhald.

A tók færeysk skip á leigu til síldveiða, og skyldu skipaeigendur fá ákveðinn hluta af andvirði aflans í leigu. A vanefndi samninginn, og varð hann gjaldþrota. Bókhald hélt hann ekki um rekstur sinn. Var af þeim skjölum, er A hafði í vörzlum sínum, ekki unnt að gera heildarreikning um rekstur útgerðarinnar. Varð og ekki kannað til nokkurrar hlítar, hverjar tekjur af útgerðinni hefðu verið né hvernig A hefði varið þeim. Varðaði bókhaldsbrot hans við 1. gr. sbr. 2. gr. og 20. gr. laga nr. 62/1938 211

Borgaraleg réttindi.

Maður sviptur með dómi í refsimáli kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 167, 215 394

Botnvörpuveiðar. Sjá fiskveiðabrot.

Börn og foreldrar. Sjá dánarbætur.

Dagsektir.

Húsaleigunefnd Rvíkur skipaði 7. okt. 1942 J að viðlögðum 100 króna dagsektum að breyta tilgreindu húsnæði úr teiknistofum og skrifstofum í íbúðir. Var húsnæði þessu að fullu breytt í einkaíbúð 18. janúar 1943. Hinn 5. febrúar 1943 var í fógetadómi tekin til úrskurðar krafa húsaleigunefndar um fjárnám á hendur J fyrir dagsektum fram til 31. des., að fjárhæð kr. 8100.00. Synjað var um framkvæmd fjárnámsins, þar sem telja verður það meginreglu í íslenzkri löggjöf, að ákvæði dóms eða úrskurðar um dagsektir á hendur aðilja verði ekki fullnægt, hvorki með fjárnámi né afplánun, ef því er að skipta, eftir að hann hefur gegnt þeirra skyldu, sem knýja átti hann til með dagsektum, sbr. 2. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936 og áður 4 gr. laga nr. 13/1925 .. 339

Dánarbætur.

Fluttur var með strönd fram í maí fiskur á uppskipunarbát, sem dreginn var af vélbát. Uppskipunarbáturinn sökk

eftir nokkra sigling, og fórust tveir menn. Þar sem báturinn var notaður af fyrirsvarsmanni K í þágu K og reyndist óhæfur, var K dæmt að greiða mæðrum hinna drukknuðu manna dánarbætur vegna missis framfærenda. Hins vegar var A, sem var starfsmaður K og hafði tekið bátinn til þessarar notkunar, sýknaður, þar sem ekki þótt sannað, að hann hefði átt að sjá, að báturinn var óhæfur. B, er stjórnaði vélbátnum, var einnig sýknaður af bótakröfunni, þar sem ekki varð sagt, að hann hefði átt að varast bátinn, og hann vissi ekki fyrr um óhæfi hans en í þeim svifum, er hann sökk, en þá varð ekki björgun við komið 35, 43

Hinn 1. des. var b/v Sviði á sigling út af Vestfjörðum áleiðis til Hafnarfjarðar. Annar togari hafði hinn 2. des. skeytasamband við Sviða, sem þá var kominn suður undir Kolluál. Skeytið frá Sviða benti til, að allt gengi vel, en eftir það er það eitt vitað um afdrif skips þessa, að hlutir úr því svo og lík eins skipverjans fannst rekið á Vesturlandi. Stríðstryggingarfélag íslenzkra skipshafna var dæmt til að greiða ekkjum, börnum og foreldri manna, sem fórust með skipinu, dánarbætur samkvæmt 2. gr. laga nr. 76/1941, sbr. 5. gr. laga nr. 37/1940, svo og tiltekna fjárhæð til lífeyriskaupa samkvæmt 3. gr. laga nr. 76/1941, sbr. 5. gr. laga nr. 37/1940, enda virtist nefnt tryggingarfélag hafa viðurkennt skyldu sína til að tryggja í millilandasiglingum bætur samkvæmt 3. gr. laga nr. 76/1941, en eftir ákvæðum hennar voru skipshafnir skipa, sem til útlanda sigldu, einnig tryggðar, þegar skipin voru að veiðum eða í förum með ströndum fram. Ekki var ástæða til að ætla, að b/v Sviða hefði verið sérstakur háski búinn af bilun, sjó eða veðri, er hann hvarf. Var því ekki skilyrði fyrir hendi til lækkunar krafna samkvæmt lögum nr. 95/1941 ..... 224, 245

Dómar og úrskurðir. Sbr. ómerking.

Atvikalýsingu í lögtaksmáli var að nokkru leyti mjög áfátt og að nokkru vantaði hana alveg. Þessi vömm vitt, og lögtakið fellt úr gildi m. a. af þeim ástæðum, sbr. 193. gr. laga 85/1936 1

A gerði þá kröfu fyrir fógetarétti, að B rýmdi eitt herbergi af þremur, er hann leigði af A, en húsaleigunefnd hafði fyrirskipað B að gera þetta. Þar sem ekki var greint, hvert herbergið skyldi rýmt, var dómkrafan of óákveðin undirstaða dóms, og var því öll meðferð málsins í héraði ómerkt og málinu vísað frá fógetaréttinum. 67

Málsmeðferð og úrskurður fógeta ómerkt og máli vísað heim m. a. vegna vöntunar á atvikalýsingu og rökstuðningi í úrskurði, sbr. 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936 74
Í úrskurði, sem skotið var til hæstaréttar með kæru, greindi hvorki aðilja málsins né málsatvik og kröfum og málsástæðum var þar ekki lýst nema að litlu leyti. Hafði héraðsdómari því ekki gætt fyrirmæla 2. mgr. 190 gr. og 1. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Var úrskurðurinn vegna þessara megingalla ómerktur og málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju 356, 358
Fundið að því, að héraðsdómari hafði ekki rökstutt niðurstöðu dóms 385
Í skaðabótamáli vegna ólögmæts útburðar krafðist A bóta fyrir kostnað, sem hann taldi sig hafa haft af útburðarmálinu. Þessi krafa var ekki tekin til greina, þar sem fullnaðardómur var genginn um þetta atriði í útburðarmálinu 425
Með kæru var skotið til hæstaréttar úrskurði um skyldu vitnis til að svara tilgreindum spurningum. Atvikalýsingu var áfátt í úrskurði þessum, greinargerð brast þar um horf vitnisins við málinu, skýrslu skorti um vottorð vitnisins, sem leiddi til vitnaleiðslunnar, rekja þurfti nánar ástæður sóknaraðilja fyrir því, að hann vildi fá svör við spurningunum, svo voru og forsendur úrskurðarins tvískiptar og sum atriði endurtekin. Þar sem fyrirmæli 2. mgr. 190. gr. og 1. og 4. mgr. 193 gr. laga nr. 85/1936 voru freklega brotin, var úrskurðurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju 434

Dómarar.

Fógeti átalinn fyrir vangæzlu á 4. gr. laga nr. 29/1885, 114. gr. sbr. 223. gr. og 193. gr. laga nr. 85/1936 1
Fundið að því, að dómari í máli til refsingar samkvæmt 108. gr. laga nr. 19/1940 hafði ekki tilgreint í stefnu meinyrði þau, er kærð höfðu verið, og að hann hafði ekki stefnt til ómerkingar meinyrðum 16
Í máli á hendur manni fyrir brot á lögreglusamþykkt og umferðarlögum láðist héraðsdómara að vitna til umferðarlaga nr. 24/1941 í málshöfðun, hann ákvað ekki frest til greiðslu sektar þeirrar, er sökunaut var á hendur ger, og loks tiltók hann ekki vararefsingu í stað réttarfarssektar, er hann dæmdi á hendur verjanda sökunauts. Var fundið að þessu í hæstarétti 56
Málsmeðferð og úrskurður fógeta ómerkt og máli vísað heim vegna vangæzlu á 114. gr. og 1. mgr. 193. gr. sbr. 223. gr.

laga nr. 85/1936, þ. e. vegna vanrækslu fógeta að leiðbeina ólöglærðum fyrirsvarsmanni aðilja og vöntunar á atvikalýsingu og rökstuðningi í úrskurði 74

Dómari krafðist ekki greinargerða um mál á því stigi þess, er segir í 105. og 106. gr. laga nr. 85/1936, ákvað ekki um skriflegan eða munnlegan málflutning á því stigi, er í 109. gr. sömu laga segir, lét ekki umboðsmenn aðilja hafa sameiginlegan frest samkvæmt 110. gr. s. l. Aðiljar skiptust á 9 sóknar- og varnarskjölum. Loks leiðbeindi hann ekki ólöglærðum umboðsmanni aðilja um einstök óglögg sakaratriði, sbr. 114. gr. s. l. Meðferð málsins í héraði var ómerkt frá þingfestingu og því vísað heim í hérað. Dráttur á sama máli í héraði var víttur 103

A var sóttur til refsingar fyrir brot gegn lögum nr. 99/1942 um breyting á lögum nr. 79/1942 og ríkisstjóraauglýsingu nr. 100/1942 um bann gegn verðhækkun. Mál þetta hafði ekki verið borið undir dómnefnd í verðlagsmálum, svo sem lögin ætlast til, og skýrslur brast frá dómnefnd og ríkisstjórn um ýmsar ráðstafanir þeirra, er mikils var um vert, er dæma skyldi málið. Var héraðsdómur því ómerktur og málinu vísað heim í hérað 124

Málsmeðferð og dómur ómerkt og máli vísað heim vegna vangæzlu á 109. gr. laga nr. 85/1936, móttöku 11 skriflegra sóknar- og varnarskjala auk einnar bókunar af hendi hvors aðilja, og vegna dráttar á uppkvaðningu dóms nærfellt 6 vikum eftir munnlegan flutning þess 134

Það átalið, að ekki hafði verið gætt fyrirmæla 105., 106., 109., 110., og 111. gr. laga nr. 85/1936 147

Það vítt í máli til refsingar fyrir meinyrði um stjórnsýslumann, *að* héraðsdómari lagði ekki fram eintak af blaði því, er meinyrðin birtust í, að ákærða var ekki stefnt til ómerkingar meinyrða og greiðslu sakarkostnaðar, *að* sakarlýsing var óskilmerkileg í héraðsdómi og að þess var ekki getið í niðurstöðu dómsins, hver bera ætti sakarkostnað 162

Í fógetamáli kom fram krafa um, að fógeti viki sæti. Fulltrúi fógeta, er fór með málið, hratt kröfunni með úrskurði. Fulltrúinn var ekki talinn bær til uppsögu slíks úrskurðar, þar sem sýnt er af ákvæðum 2. sbr. 4. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936, að dómari skuli persónulega úrskurða um það, hvort hann víki sæti í máli, þótt fulltrúi megi fara með málið að öðru leyti. Var úrskurður fulltrúans því ómerktur ex officio og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar 176

Málsmeðferð og dómur ómerkt vegna vangæzlu dómara á 109. gr. og 110. gr. laga nr. 85/1936 200
Dómari átalinn fyrir það, að hann hafði farið með mál, sem höfðað var eftir gildistöku laga nr. 85/1936, að mestu eftir eldri reglum 293
Fundið að því, að lýsingu málsatvika var áfátt í áfrýjuðum úrskurði, en ekki þótti nægileg ástæða til að ómerkja hann af þeim sökum 312, 314
Fundið að því, að aðiljar einkamáls höfðu ekki notað fresti í málinu jöfnum höndum, svo sem boðið er í 110. gr. laga nr. 85/1936 319
Við meðferð einkamáls var blandað saman reglum þeim, sem nú gilda og reglum, er áður giltu um meðferð mála. Brotin voru ákvæði 105., 106., 109., 110. og 111. gr. laga nr. 85/1936. Málið var dregið á langinn og lá lengi hjá dómara, áður munnlegur málflutningur færi fram. Dómari var sektaður samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936 370
Það talið aðfinnsluvert, að héraðsdómari, sem að vísu lýsti atvikum málsins, rökstuddi ekki niðurstöðu sína 385
Dómari átalinn fyrir vangæzlu á 105., 106., 109. 110. og 111. gr. laga nr. 85/1936 og fyrir að láta viðgangast, að mál var flutt bæði munnlega og skriflega og að blandað var saman eldri og nýrri meðferð einkamála í héraði 389
A var leiddur fyrir þrjá hermenn í því skyni að fá úr því skorið, hvort hann væri sá maður, er þeir töldu, að hefði beitt þá fjársvikum. Það var vitt, að A var látinn, að því er séð varð, koma einn fyrir hermennina, en þeir ekki látnir benda á hann úr hópi manna 394
Rannsókn opinbers máls var svo ábóta vant, að héraðsdómurinn var ómerktur, og var málinu vísað heim í hérað til framhaldsrannsóknar og til uppsögu dóms af nýju 410
Úrskurði dómara um framgang vitnaleiðslu var skotið með kæru til hæstaréttar. Við meðferð málsins í héraði höfðu verið brotnar reglur 105. gr., 106. gr., 109. gr., 110. gr. og 111. gr. laga nr. 85/1936, og auk þess var málsmeðferðin gölluð að öðru leyti. Þótti því ekki viðhlítandi að halda henni áfram, og var hún öll ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi 413

Dómstólar. Sbr. stjórnsýsla.

A hafði átt tilgreint hús frá því 1939, og var B leigutaki þar. A sagði B upp leigunotum, þar sem sér væri brýn

þörf íbúðarinnar. A sótti málið fyrir bæjarþingi í stað þess að neyta beinnar fógetagerðar 71
A sótti til ráðherra um leyfi til að taka upp af nýju mál fyrir hæstarétti samkvæmt 30. gr. laga nr. 112/1935. Í umsögn sinni lýsti hæstiréttur því, að A hefði verið auðgengt að því að afla skýrslna þeirra, sem hann vildi nú leggja fyrir dóm, þegar málið var á sínum tíma fyrir dómstólum, og væru því ekki lög til endurupptöku. Samkvæmt þessu synjaði ráðherra leyfis. Síðar veitti ráðherra leyfið eftir nýrri umsókn. Þar sem ekki var leitað álita hæstaréttar um gögn þau, sem ráðherra reisti hina breyttu ákvörðun sína á, þá var leyfið þegar af því ekki lögmætur grundvöllur undir nýja meðferð málsins fyrir hæstarétti, og var því vísað þar frá dómi 97
A reisti eftir samningi við B garð milli fasteigna þeirra í Rvík. Síðar tók A að hækka garðinn, en B höfðaði mál fyrir bæjarþingi Rvíkur til tálmunar því. Þar sem mál þetta bar undir lóðamerkjadóm Rvíkur, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1923 um breyting á lögum nr. 35/1914, var dómur bæjarþings Rvíkur ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi 112
V/b N var bjargað af v/b M. Þar sem báðir vélbátarnir voru vátryggðir samkvæmt lögum nr. 27/1938, ákvað gerðardómur bjarglaunin, sbr. 23. gr. laganna. Það bar undir almenna dómstóla að meta, hvort gerðardómsmenn hefðu lagt lögleg sjónarmið til grundvallar gerðardómnum .. 188
Varðskipið Ægir bjargaði vélskipi, sem vátryggt var í vélbátatryggingarfélagi. Skipaútgerð ríkisins höfðaði mál til bjarglauna, en eigandi vélbátsins krafðist frávísunar málsins með skírskotun til 22. gr. laga nr. 32/1942, þar sem ákvörðun bjarglauna í slíkum tilvikum er falin stjórn Samábyrgðarinnar. Af hendi skipaútgerðar var því haldið fram, að ákvæðið yrði ekki samþýtt stjórnarskránni. Sagt, að löggjafarvaldinu hafi verið heimilt að setja ákvæði í 2. mgr. 22. gr. laga nr. 32/1942 um ákvörðun launa fyrir bjargstarf Ægis þegar af þeirri ástæðu, að Ægir er eign ríkisins og rekinn á kostnað þess. Hins vegar ber undir dómstóla að skera úr um það, hvort aðili sá, sem lögin fela ákvörðun launanna, fer um það eftir löglegum sjónarmiðum 430

Eftirgrennslan brota. Sjá lögregla, lögreglumenn, mat og skoðun.
Lögreglumenn athuga stað, þar sem bílslys varð, og gera uppdrátt af honum 324

A var leiddur fyrir þrjá hermenn til þess að fá skorið úr því, hvort hann væri maður, er hafði vélað þá. Það vitt, að A var látinn, að því er séð varð, koma einn fyrir hermennina, en þeir ekki látnir benda á hann úr hópi manna. 394

Eiður.

Tveir stýrimenn á varðskipi, 1. og 2., gefa skýrslu um töku togara við fiskveiðar í landhelgi og staðfesta þá skýrslu með eiði 64

Íslenzkt vátryggingarfélag hafði milligöngu um vátrygging skips í för til Englands og heim aftur. Var tryggingin tekin hjá brezku félagi. Tryggingartaki A kvaðst hafa beðið um ótímabundna tryggingu fyrir ferð skipsins fram og aftur, ef hún fengist með sömu kjörum og tímabundin trygging. Fyrirsvarsmaður íslenzka félagsins (C) sagði, að A, sem ekki vildi bíða eftir svari frá London um kjörin, hefði tekið ótímabundna tryggingu, en hún reyndist miklu dýrari en tímabundin trygging um einn mánuð. Þegar skipið var farið, voru A kynntir skilmálar í bréfi, sem A kveðst ekki hafa fengið fyrr en löngu eftir þann tíma, er það var dagsett. C þótti hafa fært þær líkur fyrir máli sínu, að málsúrslit voru látin velta á synjunareiði A um það, að hann hefði tekið ótímabundna tryggingu. Ef hann ynni eiðinn, skyldi hann greiða fyrir tímabundna tryggingu, en yrði honum eiðfall, skyldi hann greiða fyrir ótímabundna tryggingu 217

Lagt fyrir héraðsdómara að halda framhaldsrannsókn í opinberu máli, yfirheyra tvö vitni af nýju og eiðfesta þau síðan 324

Maður, sem var hrint af öðrum manni og síðan reyndist vera með lemstur á fingri, vann eið að þeim framburði sínum, að lemstrið hefði hann fengið við árásina 344

Fangavörður vinnur eið að framburði sínum um aðdraganda að viðureign lögreglumanns og Norðmanns í anddyri lögreglustöðvar og framkomu lögreglumannsins, eftir að Norðmaðurinn var að velli lagður 377

Eignarupptaka. Sjá refsingar.

Eignarréttur.

A seldi B jörð. Var í kaupsamningi svo ákveðið, að B vissi um erfðaleigurétt, sem D, dóttir A, hafði að landspildu í jörðinni, en í afsalinu var fram tekið, að erfðaleigulandið væri undan skilið í kaupunum. Þegar B veitti orðalagsmun kaupsamnings og afsals athygli, vildi hann

fá A til að lýsa því skriflega, að erfðaleigulandið fylgdi í kaupunum. Milligöngumaður bar, að A hefði ætlað að undirrita yfirlýsingu þessa efnis, en ekki varð samt af því, heldur samdi B við A á þá leið, að B keypti með vissum skilyrðum erfðaleiguland og erfðaleiguréttindi. Þessi samningur var ekki framkvæmdur, en A seldi D erfðaleigulandið. B seldi síðar F jörðina og framseldi honum jafnframt rétt sinn vegna erfðaleigulandsins. Gerði F því næst kröfur á hendur dánarbúi A vegna meðferðar á erfðaleigulandinu. Í því máli varð ekki úrskurðað um eignarrétt að erfðaleigulandinu, þar sem þriðji maður hafði eignarráð þess, heldur einungis um ábyrgð búsins vegna hátternis A. Þar sem vafi gat leikið á um skýringu á orðalagsmun kaupsamnings og afsals, þá skaut B með síðari samningsgerð um kaup erfðaleigulandsins af A og annarri framkomu sinni loku fyrir, að hann eða réttartakar hans gætu reist rétt á því, að afsal A til B hefði tekið yfir land þetta 108

Þau hjónin M og kona hans (K) gerðu ráðstafanir til lögskilnaðar 1941. Var bú þeirra tekið til opinberrar skiptameðferðar, er þau voru skilin. K taldi, að nýbýlið R uppi í sveit væri allt ásamt íbúðarhúsi, gripahúsum og gróðurhúsi eign félagsbús þeirra, en M kvað bróður sinn (B) eiga það hálft, en M sagðist eiga heimting á að fá í sinn hlut helming félagsbúsins af nýbýlinu, þar sem hann hefði komið með það í félagsbúið. R var reist á 15 ha landi, sem M tók á erfðaleigu 1939. Virtist ljóst, að M og B hefðu staðið sameiginlega að gerð mannvirkja á nýbýlinu, lagt báðir fé fram til þess og ráðið þar jafnt. Mörg vitni, sem unnu þar að byggingum og síðar að bústörfum, töldu þá jafnan hafa komið fram sem sameigendur. Meðal vitna þessara var sonur K af fyrra hjónabandi. Hinn 26. ágúst 1939 undirritaði M þá yfirlýsingu, að B væri sameigandi hans að R og öllum mannvirkjum þar og væri M óheimilt að selja eða veðsetja nýbýlið nema með samþykki B. Segja þeir bræður, að bróðir K hafi samið þessa yfirlýsingu fyrir þá. Þann 26. marz 1941 gerðu þeir félagssamning um R, þar sem tekið er fram, að þeir starfræki býlið að hálfu hvor. Þá taldi M einungis hálft býlið R til félagsbús hjónanna, er þau komu fyrir yfirvald 4. júlí 1941 vegna hjónaskilnaðarins. Var þá ekki hreyft andmælum af konunni eða málflytjanda hennar. Nú var R að vísu skráð á nafn M í veðmálabækur, og hann hafði einn tekið lán út á það og beðið stjórn nýbýlasjóðs að mega selja B helming þess, en samt voru atriði þau, sem

áður voru rakin, talin sanna það, að M og K væru einungis eigendur að hálfu nýbýlinu R ásamt mannvirkjum í óskiptri sameign á móti B. M var ekki talinn eiga rétt á því að leysa til sín gegn andmælum K hluta félagsbús þeirra í R, sbr. 64. gr. laga nr. 3/1878 282
Þ, sem varð hæstbjóðandi að húsi á nauðsungaruppboði, gat ekki fengið leigutaka borinn út vegna vanskila á greiðslu leigu, sem orðið hafði, áður en Þ fékk eignarafsal fyrir húsinu, enda hafði skiptafundur í búi fyrrverandi eiganda hússins tekið við leigu án þess að vanda um greiðsludráttinn við leigutaka. Ósannað var og, að Þ hefði krafið leigutaka um greiðslu, eftir að hann fékk eignarráð hússins og áður en hann krafðist útburðar .. 330

Einkasala bifreiða. Sjá bifreiðaeinkasala.

Einkasala síldar. Sjá gjaldþrotaskipti.

Embættismenn. Sjá stjórnsýslumenn.

Embættistakmörk yfirvalda. Sjá dómstólar, stjórnsýsla.

Embættisvottorð.
A fékk ekki frest fyrir fógetadómi til að leiða forsætisráðherra sem vitni um þörf ríkisstjórnar til að fá til umráða bústað forsætisráðherra, er fyrrverandi forsætisráðherra hafði búið í, þar sem forsætisráðherra hafði gefið yfirlýsingu um þetta, og var hún fram komin í málinu 368
Það var galli á málflutningi, að hæstaréttarlögmaður krafði skiptaráðanda vættis um atriði, sem hann hefði átt að fá embættisvottorð hans um 413

Endurgreiðsla. Sjá framkröfur.

Erfðaleiga. Sjá samningar.

Fangelsi. Sjá refsing.

Fasteignamál. Sjá hefð, landamerkjamál, landleiga, merkjadómur Reykjavíkur, umferðarréttur.

Félög. Félagsskapur. Sjá hlutafélög.

Fébótaábyrgð ríkisins.
Tveir lögreglumenn tóku A fastan, þar sem hann var ör af víni fyrir utan veitingahús. Héldu þeir hvor sinni hendi hans fyrir aftan bak hans og leiddu hann þannig. Átak á handleggjum A varð meira vegna þess, að lögreglu-

mennirnir voru miklu stærri menn en hann. A varð mjög álútur á milli lögreglumannanna, og kveða þeir, að það hafi stafað af mótspyrnu hans, en A telur átak þeirra hafa valdið því. Ætlaði nú annar lögreglumaðurinn að reisa A við og kippti vinstri hendi hans hærra upp á bak hans. Við þetta og átak hins lögreglumannsins á hægri hendi A stríkkaði svo á vinstra handlegg A, að hann brotnaði fyrir ofan olnboga. Átti A mjög lengi í lemstri þessu og varð að þola þrautir við læknisaðgerðir. Það varð, eins og á stóð, ekki talið lögreglumönnunum til áfellis, þótt þeir tækju A fastan. Auðsætt var hins vegar, að þeir höfðu tekið hann of hörðum tökum, og það jafnvel þótt óhrakin væri sú staðhæfing þeirra, að hann hefði reynt að beita mótspyrnu. Talið var réttlátt og eðlilegt, að þjóðfélagið beri ábyrgð á mistökum sem þessum, að því leyti sem þau verða rakin til ógætni stjórnsýslumanna. Miðar slík meðferð til öryggis og varnaðar. Handhafar ríkisvaldsins fara með stjórn lögreglu Reykjavíkur, og eru athafnir lögreglu þeirrar þáttur í beiting ríkisvalds. Hins vegar eru lögreglumennirnir ekki háðir stjórnvöldum Reykjavíkur um framkvæmd sýslu sinnar. Samkvæmt þessu voru A dæmdar bætur úr ríkissjóði, kr. 17000.00, og borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs sýknaður. A hafði gert kröfur til bóta á hendur þessum aðiljum in solidum 256

Ráða má af 3. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1929 um einkasölu á útfluttri síld, að ríkissjóður bar ekki ábyrgð á öðrum skuldbindingum Síldareinkasölu Íslands en þeim, er ríkisstjórnin hafði sérstaklega tekið ábyrgð á samkvæmt heimild í nefndu ákvæði 272

Fiskveiðabrot.

Tveir stýrimenn á varðskipi, 1. og 2., gefa skýrslu um töku togara við fiskveiðar í landhelgi og staðfesta þá skýrslu með eiði 64

Togaraskipstjóri dæmdur til refsingar samkvæmt 1. sbr. 3. gr. laga n. 5/1920, sbr. lög nr. 4/1924, fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi 64

Varðbátur kom að erlendum togara, sem var að veiðum fyrir utan Stafnes í landhelgi. Fór stýrimaður varðbátsins um borð í togarann og gaf skipstjóra togarans (A) skipun um að hætta veiðum og fylgjast með varðbátnum. A hélt samt áfram veiðum um stund og sigldi síðan á haf út. Stýrimaður varðbátsins var áfram í togaranum samkvæmt skipun skipstjóra varðbátsins, þótt A vildi fá

hann til að fara yfir í varðbátinn og síðar í aðra báta, sem urðu á leið togarans. Ægir, sem var í V.eyjum, veitti togara A eftirför daginn eftir og stöðvaði hann, eftir að skotið hafði verið að honum mörgum skotum. A var dæmdur fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi eftir lögum nr. 5/1920 svo og fyrir brot á 106. gr. laga nr. 19/1940 359

Fiskveiðasjóðsgjald. Sjá gjaldþrotaskipti.

Fjarskiptalög. Sjá talstöðvar skipa.

Fjármál hjóna. Sjá hjón.

Fjárnám.

A fékk kyrrsettar eigur erlends firma hér á landi til tryggingar kröfum sínum á hendur því og sótti síðan kyrrsetningarmálið með stefnu á hendur varðveizlumanni eignanna. Honum dæmt heimilt að gera fjárnám í hinum kyrrsettu eigum, sbr. op. br. 30. nóv. 1821 4

Telja verður það meginreglu í íslenzkri löggjöf, að ákvæði dóms eða úrskurðar um dagsektir á hendur aðilja verði ekki fullnægt, hvorki með aðför né afplánun, ef því er að skipta, eftir að hann hefur gegnt þeirri skyldu, sem knýja átti hann til með dagsektum, sbr. 2. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936 og áður 4. gr. laga nr. 13/1925 339

Fjársvik. Sjá einnig gjaldþrotaskipti.

Þrír ameríkskir hermenn kváðust hafa skotið saman kr. 400 til áfengiskaupa og hafi A, sem þar var viðstaddur, boðizt til að aðstoða við kaupin. Hafi einn hermannanna tekið við peningunum og A farið með honum. Þessi hermaður segist síðan hafa fengið A peningana, og hafi A því næst farið inn í tilgreint hús, en er A kom ekki aftur, hafi verið farið að leita hans og hann þá fundizt fyrir utan sama hús. Var hann tekinn þar fastur, en hafði þá einungis kr. 64.00 á sér, og meiri peningar komu ekki í leitir. Fullar sannanir fyrir því, að A hefði dregið sér 400 krónur voru því ekki fram komnar. Hins vegar játaði A, að hann hefði öðru sinni tekið við 180 krónum af hermönnum til áfengiskaupa, en eytt þeim í sjálfs sín þarfir. Var játningin studd af framburði tveggja hermanna svo og reyndum málsins. Afturköllun á játningunni, sem engum rökum var studd, var því ekki gaumur gefinn. Varðaði þetta brot A við 247. gr. laga nr. 19/1940 394

Fógetagerðir. Sjá einnig dagsektir, fjárnám, kyrrsetning, lögtak, útburðargerðir.

Fógeti átalinn fyrir vangæzlu á 4. gr. laga nr. 29/1885 og 114. gr. og 193. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936 1

Útburðarmáli frestað í hæstarétti og lagt fyrir fógeta samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga, að veita aðiljum kost á því að gefa skýrslur og afla skýrslna um ýmis atriði 15

Fyrir fógetadómi gerði A þá kröfu, að B skyldi rýma eitt herbergi af þremur, er hann hafði tekið á leigu hjá A, og var þessi krafa í samræmi við úrskurð húsaleigunefndar. Þessi dómkrafa var svo óákveðin, að ekki varð dómur á málið lagður, og var því öll meðferð málsins í héraði ómerkt og málinu vísað frá fógetaréttinum 67

A hafði átt tilgreint hús frá því 1939, og var B leigutaki þar. A sagði upp leigunotum, þar sem sér væri brýn þörf íbúðarinnar. A sótti málið fyrir bæjarþingi í stað þess að biðja um beina fógetagerð 71

Ólögfróður fyrirsvarsmaður kom fyrir fógeta við lögtaksgerð til heimtu skatts og mótmælti hinum kröfðu gjöldum sem of háum, en greindi ekki ástæður, sem áður höfðu verið hafðar uppi fyrir ríkisskattanefnd. Fógeti leiðbeindi ekki fyrirsvarsmanninum, heldur hratt mótmælunum með úrskurði, þar sem þau voru almenns eðlis. Í úrskurði þessum voru hvorki greindir aðiljar málsins né lögtakskrafa. Var þessi meðferð brot gegn 114. gr. og 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga. Meðferð málsins fyrir fógetaréttinum og úrskurður fógeta var ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar .. 74

Forgangskröfur. Sjá gjaldþrotaskipti.

Forkaupsréttur.

Árið 1927 leigði Hafnarstjórn Rvíkur (H) Svensk-Isländska Fryseriaktiebolaget (F) lóð í Rvík undir frystihús, og var leigutíminn ákveðinn 60 ár frá 1. júlí 1928. Leigutaka var heimilað að veðsetja leigurétt sinn og selja hann svo og að nota lóðina til annars atvinnurekstrar, en leigusali skyldi hafa forkaupsrétt að húsum og mannvirkjum á lóðinni fyrir matsverð. Hinn 8. júní 1942 lofaði F að selja hlutafélagi á Íslandi (K) frystihúsið og mannvirki á lóðinni. Þegar stjórnvöld Rvíkur fréttu um samninga þessa, kröfðust þau skilríkja um verð það, er K og F hefðu samið um, og báru fyrir sig forkaupsréttinn. Sendust nú nefnd stjórnvöld annars vegar og hins vegar F

og K á skeytum og bréfum. Gekk á þessu allt til loka október, er kaupverðið, sem F og K sömdu um, var leitt í ljós. Hinn 4. nóv. s. á. ákvað H að neyta forkaupsréttarins og lýsti því í bréfi til K 9. nóv. og 5. des., að hún ætlaði að neyta hins fyllsta réttar til forkaupa. Hinn 18. nóv. tilkynnti K borgarstjóra, að F og K hefðu ákveðið, að kaup þeirra skyldu ónýtast. Hinn 30. des. höfðaði H mál á hendur F og krafðist kaupa á nefndum eignum fyrir verð það, sem samið hafði verið um við K, en til vara fyrir matsverð. H var talin hafa öðlazt forkaupsrétt, sem ekki félli niður, þótt F og K kæmu sér síðar saman um að ónýta samning sinn. Ekki voru rök færð fyrir því, að ákvæði lóðarleigusamningsins um matsverð væru einungis í þágu H, og var því H ekki dæmdur réttur til að fá frystihúsið fyrir það verð, sem F og K sömdu um. Drátt-ur sá, sem varð á því, að H gæfi fullnaðarsvör um forkaupsréttinn, var ekki metinn H til réttarspjalla, þar sem F hafði við samninga gengið fram hjá H og H var mikilsvert að fá vitneskju um kjör þau, er K buðust, áður en tekin var ákvörðun um forkaupsrétt, því að þau gáfu vísbendingu um verð mannvirkjanna í kaupum og sölum, sbr. 10. gr. laga nr. 61/1917. Bar því F ábyrgð á dráttinum að miklu leyti. Var H því dæmdur forkaupsréttur fyrir verð, er ákveðið væri með mati samkvæmt ákvæðum lóðarleigusamningsins 418

Framfærsla. Sjá dánarbætur.

Framkröfur (regres).

Skipið R var fest við bryggju. Skipið A var fest utan í R. Ofsaveður gerði. Festingin í bryggjuna lét undan þunganum, og rak skip þessi m. a. á skipið B, og laskaðist það stórlega. Í máli eigenda B gegn eigendum R til fébóta, varð ekki dæmt um framkröfu (regres) eigenda R á hendur eigendum A, þar sem eigendur A voru ekki aðiljar þess máls 157

Framsal.

Eigendur lóða í kaupstað leigðu reit undir íbúðarhús og til ræktunar, og hafði leigutaki rétt til að selja leiguréttindi, en ekki mátti hann leyfa öðrum að reisa hús á lóðinni nema með samþykki lóðareigenda. A, sem varð á uppboði kaupandi að leiguréttindum þessum, afhenti B af sinni hálfu byggingarreit á lóðinni og tók fé fyrir, en benti B á, að hann yrði að fá leyfi landeiganda til

byggingar, og fékk B það leyfi. Yfirvöld kaupstaðarins létu leggja veg um hina leigðu lóð og greiddu A fé fyrir missi réttinda hans. Sagt, að A hefði ekki með greindum aðgerðum fyrirgert leiguréttindunum, þar sem réttur landeigenda var óhaggaður af þeim. A varð af sömu ástæðu ekki krafinn af lóðareigendum um fé það, sem hann hafði veitt viðtöku 142

Frávísun. Sbr. ómerking.

a) Frá héraðsdómi.

A gerði þá kröfu fyrir fógetarétti, að B skyldi rýma eitt herbergi af þremur, sem hann leigði af A, en úrskurð þessa efnis hafði húsaleigunefnd kveðið upp. Þar sem ekki var greint, hvert herbergið skyldi rýmt, var dómkrafan of óákveðin til undirstöðu dóms, og var því öll meðferð málsins í héraði ómerkt og málinu vísað frá fógetaréttinum 67

A reisti eftir samningi við B garð milli fasteigna þeirra í Rvík. Síðar tók A að hækka garðinn, en B höfðaði mál fyrir bæjarþingi Rvíkur til tálmunar því. Þar sem mál þetta bar undir lóðamerkjadóm Rvíkur, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1923 um breyting á lögum nr. 35/1914, var dómur bæjarþings Rvíkur ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi 112

Hæstaréttarlögmaður (H) lagði ekki fram greinargerð, þegar mál, sem hann höfðaði, var þingfest í héraði, og ekki var málsatvikum né málsástæðum lýst í sáttakæru né stefnu. Var þetta brýnt brot á 105. gr. laga nr. 85/1936. Sameiginlegur frestur, sem aðiljum bar að hagnýta sér í samvinnu eftir ástæðum, var ekki veittur samkvæmt 110. og 111. gr. s. l. Ekki var ákveðið á þeim tíma, sem segir í 109. gr., hvort mál skyldi flytja munnlega eða skriflega. Þegar málið hafði verið fyrir héraðsdómi á níunda mánuð, krafði H skiptaráðanda í þrotabúi varnaraðilja svo og tilgreindan hæstaréttarlögmann vættis. H hefði getað fengið embættisvottorð um sum þessara atriða. Að öðru leyti hugðist H að nota vætti þessara manna til styrktar málsástæðu, sem hann þá enn hafði ekki hreyft í héraði. Varnaraðili andmælti vitnaleiðslu þessari og skaut úrskurði dómara um framgang hennar til hæstaréttar með kæru. Þar sem málsmeðferðin hafði verið svo andstæð lögum, þótti ekki viðhlítandi að halda henni áfram, og ómerkti hæstiréttur hana því og vísaði málinu frá héraðsdómi 413

Varðskipið Ægir bjargaði vélskipi, sem vátryggt var í vélbáta-

tryggingarfélagi. Skipaútgerð ríkisins höfðaði mál til bjarglauna, en eigandi vélbátsins krafðist vísunar málsins frá dómi með skírskotun til 22. gr. laga nr. 32/1942, þar sem ákvörðun bjarglauna í slíkum tilvikum er falin stjórn Samábyrgðarinnar. Af hendi Skipaútgerðar ríkisins var því haldið fram, að ákvæði þetta fari í bága við stjórnarskrána. Sagt, að almenna löggjafarvaldinu hafi verið heimilt að setja ákvæðið í 2. mgr. 22. gr. laga nr. 32/1942 um notkun Ægis til bjargstarfa þegar af þeirri ástæðu, að Ægir er eign ríkisins og rekinn á kostnað þess. Hins vegar ber undir dómstóla að skera úr um það, hvort sá aðili, sem lögin fela ákvörðun launanna, fer um það eftir löglegum sjónarmiðum. Málinu var því vísað frá héraðsdómi 430

Stefndi krafðist þess, að máli yrði vísað frá héraðsdómi, og fór munnlegur málflutningur fram um frávísunarkröfuna samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 430

b) Frávísun frá hæstarétti.

A sótti um leyfi til endurupptöku máls fyrir hæstarétti samkvæmt 30. gr. laga nr. 112/1935. Í umsögn sinni lýsti hæstiréttur því, að A hefði verið auðgengt að því að afla skýrslna þeirra, sem hann nú vildi bera undir dóm, þegar málið var á sínum tíma fyrir dómstólum, og væru þess vegna ekki lög til endurupptöku málsins. Ráðherra synjaði samkvæmt þessu leyfis. Síðar veitti ráðherra leyfið eftir nýrri beiðni, en ekki var þá leitað álita hæstaréttar um þau gögn, sem hin breytta ákvörðun ráðherra var reist á. Var leyfið þegar af þessari ástæðu ekki lögmætur grundvöllur undir nýja meðferð málsins fyrir hæstarétti, og var málinu vísað þar frá dómi 97

Ákvæði héraðsdóms í máli um málskostnað var með kæru skotið til hæstaréttar eftir lok vikufrests þess, sem ákveðinn er í 199. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 186. gr. sömu laga. Var kærumálinu því vísað ex officio frá hæstarétti 316

Hús A, sem hann bjó í sjálfur, var selt á nauðungaruppboði. Kaupandi hússins (K) krafðist útburðar á A, og tók fógeti þá kröfu til greina með úrskurði 4. maí 1943. Þegar A áfrýjaði úrskurðinum síðar, krafist K þess, að málinu væri vísað frá hæstarétti vegna þess, að A hefði eftir uppsögu úrskurðarins, en áður hann áfrýjaði, flutzt úr húsinu, án þess að slá varnagla um áfrýjun. A skírskotaði til vottorðs fógeta þess efnis, að hann (A) hefði að loknu dómþingi 6. maí sagt K, að hann myndi áfrýja, en K neitaði því, að hann hefði veitt þeim orðum athygli, enda

segist K hafa treyst því, þegar A fluttist þegjandi og fyrirvaralaust úr húsinu, að hann áfrýjaði ekki. Talið var, að brottför A úr húsinu með greindum hætti yrði ekki samþýdd áfrýjun málsins, og var því málinu vísað frá hæstarétti 321

Frestir.

Kærumáli um málskostnað í héraði frestað ex officio í hæstarétti samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 117. laga nr. 85/1936, þar sem hinn aðilinn áfrýjaði málinu í heild sinni 10, 123

Fógetamáli frestað í hæstarétti, og var lagt fyrir fógeta samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga, að veita aðiljum kost á því að afla skýrslna um tilgreind atriði 15

Máli um ýmis skuldaskipti frestað í hæstarétti og lagt fyrir héraðsdómara samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85/1936 að spyrja aðilja um nokkur atriði og veita þeim kost á því að afla skýrslna 60

Málflutningsmaður hafði vanrækt flutning máls fyrir héraðsdómi, en dómari hafði veitt honum með úrskurði frest til vitnaleiðslu, og var sá úrskurður ekki kærður. Þegar vitnaleiðslan átti að fara fram, var málflutningsmaðurinn bundinn við umræður á Alþingi. Veitti dómari honum því stuttan framhaldsfrest til vitnaleiðslunnar. Þar sem þannig stóð á og fyrri úrskurður dómara stóð óhaggaður, þótti mega staðfesta seinni úrskurðinn 147

A fékk veðskuldabréf í fasteign frá G. Áður en veðskuldabréfið var þinglesið, fékk B afsal fyrir eigninni úr hendi G, þar sem veðskuldarinnar var ekki getið. Veðskuldabréfið kom til þinglestrar á undan afsalinu. A bað síðan um uppboð á eigninni samkvæmt heimild í veðskuldabréfinu, en B mótmælti framgangi uppboðsins og bað um frest til öflunar gagna. Þar sem ekki þóttu vera líkur til þess, að málsástæður B hefðu áhrif á uppboðið, og hann hafði haft nægan tíma til öflunar gagna, frá því uppboðið var auglýst fyrsta sinni í Lögbirtingablaðinu, var honum synjað um frestinn 160

Dómari átalinn fyrir veitingu fresta og málflytjandi fyrir töku fresta andstætt ákvæðum laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði 293

Stefndi lagði fram 2. maí vottorð manns til að styðja málstað sinn. Stefnandi andmælti vottorðinu 27. maí. Stefndi fékk síðan fresti til 24. júní, en þá krafðist hann frests til 2. september til þess að leiða vottorðsgefanda, er var

í öðru héraði, fyrir dóm. Þar sem stefndi hafði ekki fært sönnur að því, að fyrri frestir hefðu ekki nægt til að leiða vitnið fyrir dóm, þá þótti vegna mótmæla stefnanda verða að synja honum frestsins, sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936 312

Stefndi lagði fram 13. maí vottorð manns máli sínu til styrktar. Stefnandi mótmælti vottorðinu 20. maí. Stefndi fékk síðan frest til 10. júní, en þá krafðist hann enn 2 vikna frests til að leiða vottorðsgefanda fyrir dóm í öðru héraði. Þar sem stefndi færði ekki sönnur að því, að hann hefði ekki getað notað áður fengna fresti til að leiða vitnið fyrir dóm, þá varð vegna mótmæla stefnanda að synja honum frestsins, sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936 .. 314

Aðilja máls synjað frekari frests í máli, þar sem hann hafði haft nægan tíma til að athuga gögn þau, sem gagnaðili bar fram, enda höfðu aðiljar haft ítrekaða fresti í málinu, sem þeim bar að nota jöfnum höndum 319

Ríkisstjórn krafðist að fá til sinna þarfa bústað forsætisráðherra, sem fyrrverandi forsætisráðherra (H) bjó enn í. H krafðist því útburðar á hendur S, sem var leigutaki í húsi H, og féllst húsaleigunefnd á kröfu H. Fyrir fógetadómi var S synjað um frest til að leiða forsætisráðherra sem vitni um væntanlega notkun forsætisráðherrabústaðarins, þar sem yfirlýsing hans um þetta efni var fram komin, og ekki varð frestur veittur S á þeim grundvelli, að formaður húsaleigunefndar, sem var fulltrúi í Stjórnarráðinu, hefði ekki átt að taka þátt í ákvörðun húsaleigunefndar 368

Gagnsakir. Sjá málasamlag.

Gáleysi. Sjá saknæmi.

Gengi.

A, sem hlutdeild átti í milligöngu um sölu timburs hingað til lands, dæmd umboðslaun úr hendi hins erlenda seljanda, er heima átti í Danzig. Umboðslaunin voru samkvæmt kröfu hans ákveðin í brezkri mynt 4

Gerðardómur.

V/b M bjargaði v/b N, sem var með brotna skrúfu og bilaðan stýrisútbúnað nálægt tundurduflasvæði. Bæði skipin voru vátryggð samkvæmt lögum nr. 27/1938, og ákvað því gerðardómur bjarglaunin, en þau skulu samkvæmt 23. gr. laganna miðast við fétjón það og tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti. Ákvæði þetta

var ekki talið tæmandi, þar sem það nefnir t. d. ekki háska bjargskips og áhafnar þess. Samkvæmt þessu og þar sem ekki þótti fullyrðandi, að gerðardómsmenn hefðu lagt ólögleg sjónarmið til grundvallar úrskurði sínum, er þeir að vísu reistu aðallega á ákvæðum siglingalaga, var úrskurður þeirra ekki ómerktur 188

Gjaldþrotaskipti.

A tók færeyskt skip á leigu til fiskveiða við Ísland 1939. Eigendur skipsins skyldu fá ákveðinn hluta af andvirði aflans í leigugjald, og skyldi A greiða það til banka á nafn eigenda. A vanefndi þetta og eyddi af fjárhlut eigenda. Fyrirsvarsmaður þeirra samdi þá skilareikning um viðskiptin þann 29. ágúst 1939, og gaf A síðan út víxil fyrir skuld sinni til skipseigenda. Sætti fyrirsvarsmaðurinn sig við þessi málalok. Þótti hann með því hverfa frá refsikröfu á hendur A, enda var ekki sannað, að A hefði blekkt hann við reikningskilin, sbr. 256. gr. laga 25. júní 1869. Víxillinn var ekki greiddur. Skipseigendur létu framkvæma kyrrsetningu hjá A 29. og 30. ágúst. Daginn áður hafði A greitt 1800 króna skuld. Þessi greiðsla varðaði A, er kominn var í fjárþrot og úrskurðaður var gjaldþrota 5. júlí 1940 samkvæmt kröfu skipseigendanna frá 7. nóv. 1939, við 4. tl. 250. gr. laga 19/1940, sbr. 263. gr. laga 25 júní 1869 211

Stjórn Síldareinkasölu Íslands tók samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 61/1929 lán í útibúi Landsbankans á Akureyri til kaupa á tunnum o. fl. til einkasölunnar svo og til að greiða framleiðendum upp í síld þá, sem þeir höfðu afhent Síldareinkasölunni. Samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 84/1931 var bú Síldareinkasölunnar tekið til gjaldþrotaskipta, og voru skiptin framkvæmd af tveggja manna skilanefnd, er einnig kom í stað stjórnar Síldareinkasölunnar. Ákvæðum gildandi laga um gjaldþrotaskipti skyldi beitt, að því er varðar skuldajöfnuð, ógildingu gerninga, fjárnám eða löggeymslu og um skuldaröð. Hinn 19. febrúar 1934 var skilanefndin f. h. bús einkasölunnar dæmd í héraði til að greiða nefndu bankaútibúi kr. 391658.99. Svo var og dæmt, að útibúið hefði samkvæmt 5. gr. laga 61/1929 sem lögveðhafi forgangsrétt að andvirði þeirrar síldar, er Síldareinkasala Íslands hafði í sínum vörzlum til sölumeðferðar, er bú hennar var tekið til skipta, svo og í birgðum hennar þá af tunnum, salti og öðru efni. Þeim dómi var ekki áfrýjað. Nú skuldaði bú Síldareinkasölunnar ríkissjóði kr.

260504.50, útflutningsgjöld 1930 og 1931; kr. 2711.92, fiskveiðasjóðsgjald árið 1931, sbr. lög nr. 60 og 70/1921 og lög nr. 47/1930; kr. 14027.00 fyrir vörutoll 1931, sbr. lög nr. 54/1926, og kr. 94 í lögtakskostnað. Er ýmsar forgangskröfur voru greiddar, voru eignir, að fjárhæð kr. 299748.43, eftir í búinu. Ákvað skilanefnd, að fjárhæð þessi skyldi öll renna til ríkissjóðs, kr. 25475.95 sem skiptagjöld og afgangurinn, kr. 274272.48, upp í áðurnefndar kröfur ríkissjóðs. Til greiðslu annarra krafna var ekkert fé. Þessi skiptagerð var staðfest í máli milli banka og ríkissjóðs. Ráða mátti af 3. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1929, að ríkissjóður bar ekki ábyrgð á öðrum skuldbindingum Síldareinkasölu Íslands en þeim, er sérstaklega hafði verið tekin ábyrgð á af hans hendi samkvæmt heimild í nefndu ákvæði, en því var ekki til að dreifa um kröfu útibúsins. Samkvæmt c-lið 82. gr. laga nr. 3/1878 gengu skiptalaunin í ríkissjóð fyrir kröfum bankans. Aðrar kröfur ríkissjóðs voru forgangskröfur samkvæmt b-lið 83. gr. laga nr. 3/1878. Eftir orðalagi sínu tekur hvorki 84. né 89. gr. laga nr. 3/1878 yfir veð það, sem í 5. gr. laga nr. 61/1929 getur, en veði þessu verður að jafna til veðs þess í öllu lausafé bús, er 84. gr. laga nr. 3/1878 tekur til, þar sem það er mjög skylt því í eðli sínu. Verður því veð samkvæmt 5. gr. laga nr. 61/1929 að víkja fyrir forgangskröfum samkvæmt 83. gr. laga nr. 3/1878, eða krafa útbúsins að víkja fyrir kröfu ríkissjóðs .. 272

Greiðsla.

G, sem var leigutaki í húsi A, var orðinn í nokkrum vanskilum með greiðslu húsaleigu. Skiptafundur í þrotabúi A lét taka við húsaleigunni án þess að vanda um við leigutaka vegna vanskilanna eða slá varnagla um útburð af þeim sökum. Þ, sem keypti húsið á nauðungaruppboði, gat ekki síðar notað þessi vanskil til að bera G út. Ósannað var og, að Þ hefði krafið G um greiðslu á leigu um sex mánuði, er fallið hafði í gjalddaga 1. apríl, á tímabilinu frá því hann, þ. e. Þ, hafði fengið eignarráð hússins og þar til hann krafðist útburðar. Varð útburðargerð því ekki reist á greiðsludrætti leigunnar, sem boðin var fram strax fyrir fógeta 330

Grunnleiga. Sjá landleiga.

Gæzluvarðhald.

Gæzluvarðhald látið koma fullri dagatölu til frádráttar varðhaldi, sem maður var dæmdur í 359, 394

Hafning.

Áfrýjandi hóf mál. Stefndi krafðist ómaksbóta, að fjárhæð kr. 354.95, og skírskotaði til þess, að komið hefði verið 8 sinnum fyrir hæstarétt af sinni hendi og vitnaleiðslur háðar í málinu, eftir að því var áfrýjað. Þrátt fyrir andmæli áfrýjanda var krafa stefnda tekin til greina, enda þótti hún sanngjörn 182

Handtaka. Sjá fébótaábyrgð ríkisins.

Hefð.

Fasteignirnar L, S_1 og S_2 eru nágrannalóðir á Bráðræðisholti í Rvík. Liggur L ofar en S_1 og S_2 neðar að sjó. Eigendur allra þessara eigna komu því til vegar 1901, að vegur var lagður vestur að L. Telja vitni, að frá lagningu vegarins 1902 eða 1903 hafi verið hafin umferð til og frá S_1 og S_2 um stíg, sem liggur frá nefndum vegi þvert yfir L, en eigandi L kveðst hafa tálmað í bili umferð þessa 1916—1917. Stígur þessi var notaður einnig í þágu L, og umferð um hann var því ekki sýnileg ítaksnotkun á L frá S_1 og S_2, en ítaksnotkun þessi hafði ekki, svo sannað væri, átt sér stað fullan hefðartíma ósýnilegra ítaka, 40 ár, sbr. 7. og 8. gr. laga nr. 46/1905. Varð umferðarréttur til og frá S_1 og S_2 um stíginn því ekki reistur á hefð 265

Heimilisfang.

A var búsettur í sveitinni Y. Hann átti bát, er var yfir 30 smálestir að stærð, og var báturinn skrásettur í sveitinni X, og þaðan var hann gerður út til fiskjar 2 mánuði á vetrarvertíð, en notaður annars staðar hinn hluta ársins. Þessi útgerð bátsins í X var ekki talin heimilisföst atvinnustofnun þar, sbr. 8. gr. laga nr. 106/1936 og 9. gr. b- og c-lið sömu laga 1

A, sem átt hafði heimili í Vestmannaeyjum, fluttist ásamt konu sinni og barni til Reykjavíkur haustið 1940. Hann stundaði þar nám í Stýrimannaskólanum um veturinn og lauk þar prófi vorið 1941. Var fjölskyldan skráð á manntal í Reykjavík haustið 1940, og þar taldi A fram tekjur sínar og eignir til skatts 1941. A átti bát, sem var yfir 30 smálestir. Báturinn var skrásettur í Vestmannaeyjum, og þaðan var hann gerður út til fiskjar vetrarvertíð og vorvertíð 1941, en fiskurinn seldur í fisktökuskip. Ekkert benti til, að A hefði þá fyrirtæki í landi í Vestmanna-

eyjum. Sumarið 1941 var A á bátnum við síldveiðar fyrir Norðurlandi, en fjölskyldan dvaldist þá í Reykjavík. A var talinn heimilisfastur í Reykjavík, þegar útsvör voru á lögð 1941. Var útsvar því réttilega lagt á hann þar, en hann var ekki útsvarsskyldur í Vestmannaeyjum 1941, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 106/1936 195

Heimvísun. Sjá ómerking.

Hernaður. Sjá stríðstryggingar, vátrygging.

Hjón.

Félagsbúi hjóna, sem skildu að lögum, varð að skipta opinberum skiptum. Konan (K) taldi, að nýbýli (N) uppi í sveit ásamt mannvirkjum væri allt eign þeirra hjóna, en maður hennar (M) sagði bróður sinn (B) eiga það hálft á móti þeim. N var reist á landi, sem M hafði tekið á erfðaleigu 1939. Einsætt þótti, að þeir bræður, M og B, höfðu staðið saman að gerð mannvirkja á N, lagt fram fé í því skyni og ráðið þar jafnt. Mörg vitni, sem unnu þar bæði að byggingum og síðar að búrekstri, báru, að bræðurnir hefðu jafnan komið fram sem sameigendur. Meðal vitna þessara var sonur K af fyrra hjónabandi. Hinn 26. ágúst 1939 undirritaði M þá yfirlýsingu, að B væri sameigandi hans að N og öllum mannvirkjum þar og væri sér (M) óheimilt að selja eða veðsetja N nema með samþykki B. Segja þeir bræður, að bróðir K hafi samið þessa yfirlýsingu fyrir þá. Hinn 26. marz 1941 gerðu bræðurnir félagssamning um N, þar sem tekið er fram, að þeir starfræki býlið að hálfu hvor. M taldi einungis hálft N til félagsbús þeirra hjóna, þegar þau vegna hjónaskilnaðar komu fyrir yfirvald í júlí 1941. Var þá ekki hreyft andmælum af K eða málflytjanda hennar. Nú var N að vísu skráð í veðmálabækur á nafn M og hann hafði einn tekið lán út á það og beðið stjórn nýbýlasjóðs að mega selja B helming þess, en samt þóttu áður rakin atriði sanna það, að hjónin M og K væru einungis eigendur að hálfu N í óskiptri sameign á móti B. M krafðist þess að fá við skiptin milli hjónanna hluta félagbúsins í N. Hann var ekki talinn eiga rétt á þessu gegn andmælum konunnar 282

Hlutafélög.

Öll hlutabréf í h/f Í voru seld hlutafélaginu E, og runnu með þessum hætti allar eigur h/f Í til E. Með þessari ráð-

stöfun slitu hluthafar h/f Í félaginu á þann hátt, sem segir í 42. gr. laga nr. 77/1921. Samkvæmt hinu ótvíræða og undantekningarlausa ákvæði 2. gr. laga nr. 20/1942, sbr. d-lið 7. gr. laga nr. 6/1935, varð að telja hluthafa í h/f Í til skattskyldra tekna fé það, sem hann fékk af félagseigninni við slit félagsins umfram nafnverð hlutabréfa sinna 278

A átti hluti að nafnverði 4500 krónur í h/f Í, sem stofnað var árið 1933. Árið 1941 seldi hann hlutafélaginu hluti sína 19000 krónur yfir nafnverði. Við álagningu skatts 1942 voru honum taldar þessar 19000 krónur til tekna samkvæmt 12. gr. reglugerðar nr. 133/1936, þar sem segir, að endurkaupi félag hlutabréf af hluthöfum sínum hærra verði en nafnverð þeirra hljóðar, telst mismunurinn arður til hluthafa. Ákvæði þetta var talið hafa stoð í d-lið 7. gr. laga nr. 6/1935 og nú í 2. gr. laga nr. 20/1942, en jafnframt var tekið fram, að hluthafar félags greiði ekki við slit þess skatt af þeirri fjárhæð, sem félagið galt hluthafa umfram nafnverð bréfanna 285

Hlutdeild.

Maður var frumkvöðull að því, að annar maður gerðist sekur um rangan framburð fyrir dómi. Þetta atferli varðaði hann við 142. gr. 1. mgr. sbr. 22. gr. 1. mgr. laga nr. 19/1940 394

Húsaleiga.

A höfðaði mál á hendur B, sem verið hafði leigutaki í húsi hans, til greiðslu á kolum, húsaleigu, kostnaði við þvott á göngum og til bóta vegna spjalla á íbúðinni. Sannað þótti, að B hefði ekki alveg fullgreitt húsaleigu og kol. Ósannað var af hendi A, að B hefði vanrækt þvott á göngum að sínum hluta. Krafa um bætur fyrir spjöll á íbúðinni var reist á skoðunargerð tveggja manna, en þar sem B hafði ekki verið boðið að vera við skoðunina, var hún ónýtt sönnunargagn gegn henni 61

A gerði í samræmi við úrskurð húsaleigunefndar þá kröfu fyrir fógetadómi, að B yrði borinn út úr einu herbergi af þremur, er hann leigði af A. Þar sem þess hvorki var getið í úrskurði húsaleigunefndar né í kröfu A fyrir fógetarétti, hvert herbergið B skyldi rýma, var kröfugerðin svo ónákvæm, að dómur varð ekki lagður á hana. Var því öll meðferð málsins ómerkt og málinu vísað frá fógetadóminum 67

A bjó ásamt konu sinni, sem var barnshafandi, og stjúpsyni

sínum í tveimur herbergjum í húsi sínu, en herbergi þessi voru hluti af íbúð, sem leigð var. Eldhús hafði hann ekki, og varð hann því að kaupa sér og fjölskyldu fæði utan heimilis. Í öðru húsi, sem A eignaðist 1939, bjó konan B ásamt börnum sínum og gömlum manni, en þessa íbúð hafði maður hennar tekið á leigu. Talið var, að A væri brýn þörf íbúðar þeirrar, sem B hafði á leigu, og var henni því dæmt að víkja úr henni eftir uppsögn, sem miðuð var við 1. október, eins og áskilið var í leigumála. Málið var rekið fyrir bæjarþingi 71

Í úrskurði, sem húsaleigunefnd kvað upp í útburðarmáli, greindi ekki, á hvern hátt nefndin hafði aflað sér vitneskju þeirrar, sem hún reisti niðurstöðu sína á. Þessi meðferð þótti aðfinnsluverð, en þar sem málið var nægilega skýrt fyrir dómi, þótti mega dæma það allt að einu 71

Kona tók á leigu heilt hús, sem var 2 herbergi, eldhús og geymslur. Hún tók síðar danskan mann, sem atvinnu hafði hér á landi, inn í íbúðina, en hann kvaðst sjá fyrir heimilinu eftir þörfum. Ekki var sannað, að dvöl hans á heimilinu færi í bága við ákvæði húsaleigusamnings um framleigu né hagsmuni leigusala að öðru leyti. Var synjað útburðar á fólki þessu. Í héraði rökstuddi húseigandi kröfu sína líka með því, að vísitöluhækkun hefði ekki verið greidd á húsaleigu, en ósannað var, að löglegur grundvöllur hefði verið fyrir slíkri hækkun, þar sem ekki var vitað, hvort húsaleigunefnd hefði staðfest leigumálann 205

A hafði á leigu sölubúð og tvö bakherbergi í húsi í Rvík. Í leigumála var kveðið svo á, að leigutími skyldi vera nokkur ár með rétti til áframhaldandi leigu fyrir leigutaka og leigan skyldi greiðast 1.—5. hvers mánaðar fyrirfram. A, sem skrapp úr bænum um 20. janúar 1943, kveðst hafa beðið stúlku, sem sá um verzlun hans, að greiða leigu, en hún var þá ógreidd fyrir janúar. Stúlkan segist hafa boðið fram leigu fyrir janúar og febrúar fyrst í febrúar, en húseigendur neita því, að hún hafi boðið þessar greiðslur fram fyrr en 18. febrúar. A kom í bæinn 11. febrúar, en greiddi ekki leiguna fyrir janúar og febrúar fyrr en með ábyrgðarbréfi 23. febrúar. Húseigendur áskildu sér fullan rétt til útburðar vegna vanskila, er þeir tóku við greiðslu. Dráttur áfrýjanda þótti bera vott um slíkt hirðuleysi, að ekki yrði hjá því komizt að taka kröfu húseigenda til greina. Nokkur ofgreiðsla húsaleigu á fyrra ári stoðaði ekki A, þar sem hún var svo lág, að hún vá ekki á móti skuld hans 290

A seldi B húsnæði á leigu, og ritaði C yfirlýsingu um sjálfsskuldarábyrgð á leigumálann. B komst í vanskil um greiðslu húsaleigu. A gat látið bera B út úr húsnæðinu vegna vanskilanna, þótt hann, A, hefði ekki áður krafið C um leigugreiðslur 290

G tók á leigu íbúð í húsi A haustið 1940. Greiðsla fyrir hita var falin í leigu. Öll leiga var greidd fyrirfram fyrir fyrsta árið, en frá 1. okt. 1941 skyldi hún greiðast fyrir fram um 6 mánuði. G greiddi skilvíslega til 1. okt. 1942. Veturinn 1942—43 hitaði A ekki íbúðina, svo sem samið var, og hann varð gjaldþrota á öndverðu ári 1943. Leiga sú, sem fallið hafði í gjalddaga fyrirfram 1. okt. 1942, var þá ógreidd, og barði G því við, að A hefði ekki fengizt til að taka við henni, og auk þess tjáðist G ekki vita, hver leigufjárhæðin ætti að vera, er hitakostnaður væri dreginn frá. Á skiptafundi í búi A var ákveðið 12. marz 1942 að krefja G um leiguna og gefa fyrirvaralausa kvittun, þótt vanskil væru orðin. G greiddi 23. s. m. fjárhæð, sem hann taldi nægilega leigu til 14. maí s. á. Þ varð á uppboði 13. apríl s. á. hæstbjóðandi að húsi A. Uppboðsafsal fékk Þ 20 s. m. og lét þinglýsa því 20. maí s. á. Hann krafðist útburðar á hendur G, og var það mál tekið til úrskurðar af fógeta 17. maí s. á. Útburður varð ekki reistur á vanskilum, sem skiptafundur hafði gefið upp með viðtöku leigu, án þess að vanda um greiðsludrátt. Þ taldi, að 6 mánaða leiga, sem greiðast átti fyrirfram, hefði fallið í gjalddaga 1. apríl. Kvaðst Þ hafa tjáð G 14. apríl, að hann væri orðinn eigandi hússins, en þá var Þ ekki búinn að fá eignarráð hússins, og réð þetta því ekki úrslitum. Ósannað var loks, að Þ hefði krafið G um greiðslu, eftir að Þ fékk eignarafsal fyrir húsinu og áður en hann krafðist útburðar. Samkvæmt þessu þótti sá greiðsludráttur, sem orðinn var, þegar útburðar var krafizt, ekki réttlæta útburð G 330

Þ, sem keypt hafði hús á nauðungaruppboði, krafðist útburðar á hendur G, er leigði í húsinu, og reisti kröfuna m. a. á því, að G væri utanhéraðsmaður. Þessi sóknarástæða, sem ekki var tekin til greina í héraði, var ekki höfð uppi í hæstarétti 330

Húsaleigunefnd Rvíkur skipaði 7. okt. 1942 J að viðlögðum 100 króna dagsektum að breyta tilgreindu húsnæði úr teiknistofum og skrifstofum í íbúðir. Var húsnæði þessu að fullu breytt í einkaíbúð 18. janúar 1943. Hinn 5. febrúar 1943 var í fógetarétti tekin til úrskurðar krafa húsaleigunefndar um fjárnám á hendur J fyrir dagsekt-

um fram til 31. des., að fjárhæð kr. 8100.00. Synjað var um framkvæmd fjárnámsins, þar sem telja verður það meginreglu í íslenzkri löggjöf, að ákvæði dóms eða úrskurðar um dagsektir á hendur aðilja verði ekki fullnægt, hvorki með fjárnámi né afplánun, ef því er að skipta, eftir að hann hefur gegnt þeirri skyldu, sem knýja átti hann til með dagsektum, sbr. 2. mgr. 193. gr. laga 85/1936 og áður 4. gr. laga nr. 13/1925 339

Ekkja (E) tók húsnæði á leigu um eitt ár frá 1. okt. 1938, en uppsagnarfrestur var 3 mánuðir til 1. október, og gerðu aðiljar því ráð fyrir þegjandi framlengingu samningsins. A ritaði á samninginn ábyrgðarskuldbinding á leigunni. Honum var kunnugt um, að E var eignalaus og atvinnu. Ætla varð, eins og á stóð, að hann hafi fylgzt með, hvernig skiptum E og leigusala reiddi af, enda aðstoðaði hann E, er hún, að því er virtist í apríl 1941, reyndi að fá húsaleigu sína greidda úr bæjarsjóði Rvíkur. A var því dæmdur til að greiða leigueftirstöðvar E fram til 14. maí 1941 auk kostnaðar af árangurslausri löghaldsgerð fyrir leigu hjá E 341

Ríkisstjórnin krafðist að fá til sinna þarfa bústað forsætisráðherra, sem fyrrverandi forsætisráðherra (H) hafði enn til afnota. H krafðist því, að leigutaki hans (S) viki úr húsi H, og féllst húsaleigunefnd á þá kröfu. Fyrir fógetadómi var S synjað um frest til að leiða forsætisráðherra sem vitni um væntanlega notkun forsætisráðherrabústaðarins, þar sem yfirlýsing hans um þá notkun var fram komin, og ekki þótti ástæða til að veita S frest á þeim grundvelli, að formaður húsaleigunefndar, sem var fulltrúi í stjórnarráðinu, hefði ekki átt að taka þátt í ákvörðun húsaleigunefndar 368

Konan U leigði A 3 herbergi og eldhús í húsi sínu 1937. Var þriggja mánaða uppsagnarfrestur áskilinn, miðað við 14. maí og 1. október. A framleigði B síðan af húsnæðinu tvö herbergi. U sagði A upp til brottflutnings 14. maí 1942, og sama varð A að gera gagnvart framleigutakanum B. Kvaðst U ætla að gifta sig unnusta sínum og flytjast í íbúðina. Húsaleigunefnd staðfesti þessar uppsagnir. B fluttist á brott 14. júní 1942, en A fékk að vera þar í einu herbergi til 1. okt. s. á. Í júlí fékk U tilvonandi tengdamóður sinni og fjölskyldu hennar íbúðina til afnota. Unnusti U fór til útlanda í júní, og giftu þau sig ekki fyrr en á jólum s. á., en þá settust þau að í húsi móður U. Varð K læknir, sem búið hafði í húsi móður U, að rýma þar fyrir þeim hjónum. Samkvæmt framburði A

fyrir húsaleigunefnd og dómi hafði U tjáð honum, að íbúðin í húsi hennar væri ætluð tengdamóður hennar og fjölskyldu. K læknir skýrði svo frá, að bæði U og móðir hennar hefðu sagt honum, að íbúð þá, er hann rýmdi, ætluðu U og tilvonandi maður hennar að nota. Af þessu öllu þótti mega ráða, að U hefði ekki haft brýna þörf húsnæðisins í sjálfs síns húsi vorið 1942 og að hún hefði aflað sér úrskurðar húsaleigunefndar með villandi skýrslum. Hafði hún því gerzt brotleg við 1. gr. laga nr. 126/1941, og var refsing hennar ákveðin samkvæmt 11. gr. sömu laga 600 króna sekt, en til vara 15 daga varðhald 385

A fékkst við frystingu matvæla í leiguhúsi. Eigendur hússins (E) kröfðust þess, að hann væri borinn út vegna vanskila, og tók fógeti þá kröfu til greina. Úrskurður fógeta var felldur úr gildi í hæstarétti. A fékk ekki framgengt kröfu sinni um innsetning í húsnæðið. Hann höfðaði því næst skaðabótamál vegna útburðarins á hendur E. Talið var, að A hefði orðið fyrir fétjóni við skyndisölu véla og áhalda svo og orðið fyrir atvinnutjóni. Þá voru honum líka dæmdar bætur fyrir það, að hann varð að greiða bókhaldara sínum þóknun vegna atvinnumissis. Hins vegar átti hann ekki kröfu til bóta vegna kostnaðar af útburðarmálinu, þar sem fullnaðardómur um það atriði var genginn í útburðarmálinu 425

Ítök. Sjá hefð.

Játning. Sjá aðiljaskýrslur.

Kaup og sala. Sjá einnig forkaupsréttur.

Fjármálaráðherra varð ekki, svo að bindandi sé að stjórnskipunarrétti, sviptur með þingsályktun, sem einungis lýsir vilja Alþingis, valdi því, sem honum er fengið í lögum nr. 30/1935 til yfirráða bifreiðasölu, og varð réttur til kaupa á bifreið því ekki reistur á ákvörðun nefndar, sem kjörin var á Alþingi eftir þingsályktun Sameinaðs Alþingis til að úthluta bifreiðum 92

A seldi B jörð. Var í kaupsamningi kveðið svo á, að B vissi um erfðaleigurétt, sem D, dóttir A, hafði að landspildu í jörðinni, en í afsalinu var fram tekið, að erfðaleigulandið væri undan skilið í kaupunum. Þegar B veitti orðalagsmun kaupsamnings og afsals athygli, vildi hann fá A til að lýsa því skriflega, að erfðaleigulandið fylgdi í kaupunum. Milligöngumaður bar, að A hefði ætlað að

undirrita yfirlýsingu þessa efnis, en ekki varð samt af því, heldur samdi B við A á þá leið, að B keypti með vissum skilyrðum erfðaleiguland og erfðaleiguréttindi. Þessi samningur var ekki framkvæmdur, en A framseldi D erfðaleigulandið. B seldi síðar F jörðina og framseldi honum jafnframt rétt sinn vegna erfðaleigulandsins. Gerði F því næst kröfur á hendur dánarbúi A vegna meðferðar á erfðaleigulandinu. Í því máli varð ekki úrskurðað um, hver væri eigandi erfðaleigulandsins, þar sem þriðji maður hafði eignarráð þess, heldur einungis um ábyrgð búsins vegna hátternis A. Með því að vafi gat leikið á um skýringu á orðalagsmun kaupsamnings og afsals, þá skaut B með síðari samningsgerð um kaup erfðaleigulandsins af A og annarri framkomu sinni loku fyrir, að hann eða réttartakar hans gætu reist rétt á því, að afsal A til B hefði tekið yfir land þetta 108

A stóð í samningum um kaup á salti í Færeyjum. B var milligöngumaður um kaupin, og virtist það vera forsenda A fyrir kaupunum, að sterlingspundainnstæða B í Færeyjum yrði notuð til að greiða andvirði saltsins. Greiðsla saltsins fór ekki fram á þenna hátt, og útflutningsbann vegna styrjaldar skall á, áður en samningar voru fullgerðir. B átti því ekki kröfu á umboðslaunum vegna salts þessa 400

A gerði fyrir milligöngu B kaup á salti í Aberdeen. Umboðsmaður A þar greiddi saltið og 3% umboðslaun til nafngreinds manns þar á staðnum, en ósannað var, að umboðslaun þessi hefðu runnið til B eða maður sá, sem við þeim tók þar og ekki vildi skýra frá málavöxtum, hefði haft heimild til að taka við umboðslaunum fyrir B. Var A því dæmdur til að greiða B umboðslaun 400

Kosningarréttur. Sjá borgaraleg réttindi.

Kröfuréttindi. Sjá ábyrgð, aðgerðaleysisverkanir, forkaupsréttur, framkröfur, framsal, gengi, greiðsla, kaup og sala, samningar, skaðabætur, umboðssamningar.

Kvaðir. Sjá hefð, umferðarréttur.

Kynferðisbrot.

A leigði ásamt öðrum manni herbergi í Rvík. A var oft utan bæjar, og leyfði hann þá kunningja sínum B afnot af herberginu og rúmi sínu. B svaf þar oft ásamt fylgikonu sinni (V). Á gamlárskvöld 1941 var A í Rvík, en B hélt, að A yrði ekki heima um nóttina, og gengu því B og V til

sængur í rúmi A. Að áliðinni nótt kom A heim. Voru þau B og V þá sofnuð. A fór úr klæðum, slökkti ljós og fór upp í rúmið. Lá þá V á milli A og B. Nokkru síðar tók A að hafa samfarir við V í rúminu. Er hún varð þessa vís, hélt hún, að friðill sinn B væri tekinn að eiga lag við sig, en er hún varð þess vör, að annar maður var að verki, brauzt hún fram úr rúminu. Það þótti ekki sannað gegn neitun A, að hann hefði gert sér grein fyrir því, að stúlkan var sofandi, er hann hóf samræðið, og varð hann því ekki sakfelldur eftir 195. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar hlaut honum að vera það ljóst, að V hélt sig hafa samfarir við B. Var A því dæmdur til refsingar eftir 199. gr. nefndra laga 167

Kynsjúkdómar.

Stjórn ríkisspítala sótti Sjúkrasamlag Reykjavíkur (SR) til greiðslu sjúkrahúskostnaðar sjúklinga, er haldnir voru kynsjúkdómi. Ákvæði laga nr. 78/1936 taka til slíkra sjúklinga, sbr. 1 gr., en 2. mgr. 2. gr. þeirra laga kveður svo á, að styrkur samkvæmt lögunum verði ekki veittur til greiðslu kostnaðar, sem aðili á rétt á að fá greiddan samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, en um þau efni voru lög nr. 26/1936 og lög nr. 74/1937. Menn haldnir kynsjúkdómi voru því tryggðir af SR, sbr. 30. gr. laga nr. 26/1936, og ekki varð talið, að niðurlag 30. gr. laga nr. 74/1937 hefði breytt þessu. Loks firrti það ekki ríkisspítala rétti til greiðslu, þótt ekki yrði vitað, hvort ráð tryggingalæknis um sjúkrahúsvist hefði komið til hverju sinni, sbr. 1. tl. 30. gr. laga nr. 74/1937, eða hvort fylgt hefði verið reglum sjúkrasamlagsins um tilkynningar, þar sem sjúklingarnir voru á spítalanum eftir ákvörðun sérfræðings í kynsjúkdómum, sem er trúnaðarmaður ríkisins í þeim efnum, og voru þeir stundaðir af honum, en sérstakrar leyndar ber að gæta um slíka sjúklinga .. 233

Kyrrsetning.

Kyrrsetning fyrir umboðslaunum og þóknun fyrir geymslu timburs var gerð í eigum erlends aðilja hér á landi og mál til staðfestingar kyrrsetningunni rekið með stefnu á hendur aðilja þeim, er varðveitti eigurnar hér á landi, sbr. op. br. 30. nóv. 1821 4

Kærumál. Sbr. áfrýjun.

Aðili kærði sérstaklega málskostnaðarákvæði í héraðsdómi til hæstaréttar. Áður kærumálið yrði dæmt, áfrýjaði hinn

aðilinn málinu í heild sinni. Var kærumálinu því samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 frestað ex officio, unz séð yrði, hvort áfrýjunarmálið yrði lagt í dóm 10, 123
Málskostnaðarákvæði í héraðsdómi sérstaklega kært til hæstaréttar samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 10
Úrskurður um veiting frests í dómsmáli í héraði kærður til hæstaréttar 147
Úrskurður um synjun frests í uppboðsmáli kærður til hæstaréttar 160
Fulltrúi dómara hratt með úrskurði kröfu um, að dómarinn viki sæti. Þessum úrskurði var skotið með kæru til hæstaréttar 176
Málskostnaðarákvæði dóms skotið með kæru til hæstaréttar 254
Úrskurður héraðsdóms, þar sem manni var synjað frests til að leiða vitni, kærður til hæstaréttar 312, 314
Ákvæði dóms um málskostnað var með kæru skotið til hæstaréttar, en þar sem þá var liðinn kærufrestur, ein vika, frá uppkvaðningu héraðsdóms, varð að vísa málinu ex officio frá hæstarétti, sbr. 199. gr. laga nr. 85/1936 og 186. gr. sömu laga 316
Dómari úrskurðaði gegn mótmælum stefnda, að tilgreindar spurningar skyldu bornar upp fyrir vitnum B og C. Stefndi skaut úrskurði þessum með kæru til hæstaréttar 356, 358
Úrskurði dómara um framgang vitnaleiðslu var skotið til hæstaréttar með kæru. Meðferð málsins í héraði hafði verið andstæð ákvæðum 105., 106., 109., 110. og 111. gr. laga nr. 85/1936, og að öðru leyti var henni mjög ábóta vant. Það þótti ekki hlýða að halda áfram svo gallaðri málsmeðferð, og var hún því ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi 413
Kærumál flutt munnlega fyrir hæstarétti, sbr. 3. mgr. 199. gr. laga nr. 85/1936 430
Með kæru var skotið til hæstaréttar úrskurði um skyldu vitnis til að svara tilgreindum spurningum. Atvikalýsingu úrskurðarins var svo áfátt, að það varð að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju, sbr. 2. mgr. 190. gr. og 1. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936 434

Landamerkjamál. Sjá einnig merkjadóm Reykjavíkur.
Landamerkjamál um merki milli jarðar og engjaspildna á bökkum Hvítár. Landamerkjadómur staðfestur að niðurstöðu til 116

Landhelgisbrot. Sjá fiskveiðabrot.

Landleiga.

Eigendur Hafnar á Siglufirði seldu á leigu reit undir íbúðarhús og til ræktunar á Hafnarbökkum, og hafði leigutaki rétt til að selja leiguréttindi, en ekki mátti hann leyfa öðrum að reisa hús á lóðinni nema með samþykki jarðareigenda. A, sem varð á uppboði kaupandi að leiguréttindum þessum, afhenti af sinni hálfu B byggingarreit á lóðinni og tók fé fyrir, en benti B á, að hann yrði að fá leyfi landeigenda til byggingar, og fékk B það leyfi. Bæjaryfirvöld létu leggja veg um leiguland A og greiddu A fé fyrir missi réttinda hans. Sagt, að A hefði ekki með greindum aðgerðum fyrirgert leiguréttindum, þar sem réttur landeigenda var óhaggaður af þeim. A varð af sömu ástæðu ekki krafinn um fé, er hann hafði veitt viðtöku. Loks hafði Á leyft manni að reisa gripahús á leigulóðinni. Þetta var að vísu brot á leigusamningnum, en þar sem gripaskúr þessi skyldi flytjast af lóðinni, er þess yrði krafizt og A hafði eignazt skúrinn, þótti A ekki hafa unnið til riftunar leigusamningsins með þessu 142

Leiðbeiningarskylda dómara.

Við lögtaksgerð til heimtu skatts kom fyrir dóm af hendi gerðarþola ólöglærður fyrirsvarsmaður og mótmælti hinum umkröfðu gjöldum sem of háum og því ranglega á lögðum, en tilgreindi ekki þær ástæður, sem hafðar voru uppi fyrir ríkisskattanefnd. Fógeti leiðbeindi honum ekki, sbr. 114. gr. og 223. gr. laga nr. 85/1936. M. a. af þessum sökum var meðferð málsins fyrir fógetadómi og úrskurður fógeta ómerktur og málinu vísað heim í hérað 74

Dómari leiðbeindi ekki ólöglærðum umboðsmanni aðilja um einstök sakaratriði, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Sökum þessara og annarra galla á meðferð málsins var meðferð þess ómerkt frá þingfestingu í héraði og því vísað heim til löglegrar meðferðar 103

Leiga. Sjá húsaleiga, landleiga.

Lífeyrir. Sjá dánarbætur.

Líftrygging. Sjá stríðstrygging.

Líkamsáverkar.

A var sendur upp á þak síldarverksmiðju til að mála reykháf, án þess að nokkur öryggisútbúnaður væri við hafð-

ur. Hann féll niður af þakinu og hlaut stórkostleg lemstur. Það var talið mjög saknæmt af verkstjóra að láta framkvæma verkið með þessum hætti, og var verksmiðjan dæmd til bóta, en virt var, að A hefði ekki átt að fara til starfans, án þess að kvarta undan öryggisskortinum 50

Bílstjóri ók af gáleysi á fótgangandi mann og annan bíl og olli auk dauða tveggja manna líkamsáverkum á þremur mönnum. Hann var m. a. dæmdur eftir 219. gr. laga nr. 19/1940 82

A fór ásamt fleira fólki inn á veitingastofu B 20. des. til að síma þaðan. Mikil sundurþykkja hafði verið með þeim A og B. A reiddist B þarna á veitingastofunni og hrinti honum að afgreiðsluborðinu. Ekki kvartaði B þá um það við þá, sem næstaddir voru, að hann hefði hlotið meiðsl. Að tveimur nóttum liðnum kom B með lemstur á þumalfingri til læknis. Kvaðst hann hafa rekið fingur í hlera, þegar B hrinti honum. Taldi læknirinn trúlegt, að aldur lemstursins væri rétt greindur af B. B vann eið að framburði sínum um orsakir lemstursins. Heimafólk B og venzlafólk kvaðst hafa tekið eftir lemstrinu kveld eitt fyrir jól, og hafi B sagt, að hann hefði fengið það í ryskingum á veitingastofunni. Stúlka ein bar og vann eið að því, að B sagði henni, að A væri valdur að lemstrinu. Sannað þótti, að B hefði hlotið lemstrið, þegar A hratt honum, og að þessar afleiðingar yrði að telja A til gáleysis. A var dæmdur samkvæmt 218. gr. laga nr. 19/1940 344

Þrír lögreglumenn, K, Þ og S voru sóttir til refsingar fyrir líkamsáverka og brot í starfa sínum. Þeir voru ásamt öðrum lögreglumönnum að tvístra mannfjölda á gamlárskveld í Rvík. Þeir og þrír starfsbræður þeirra kváðust hafa skipað mannfjölda að dreifast, og hlýddu því allir nema N_1 og N_2, konur þeirra og fólk, er með þeim var. Varð að ganga út frá því, að skipunin hefði verið gefin. Gripu lögreglumenn nú til kylfna. Af þeim sökum vildi N_1 bera fram kvörtun á lögreglustöðinni. Fóru áleiðis þangað N_1, N_2, konur þeirra svo og K og Þ. Á leiðinni kom til handalögmáls milli N_1 og N_2 annars vegar og K og Þ hins vegar, og skarst þá S lögreglumaður í leikinn. Töldu K, Þ og S, að fyrst hefði N_2 veizt að K og hafi þá N_1 einnig ráðizt gegn lögreglumönnunum, en N_1 og N_2 og konur þeirra kváðu upptökin hafa verið lögregluumannanna. N_1 meiddist þarna. Framburðir hlutlausra vitna voru óljósir, en bentu til, að N_1 og N_2 hefðu átt

upptökin. Þegar virtar voru skýrslur málsins svo og það, að þeir K, Þ og S voru þarna að starfa sínum á óróatíma og mannfjöldi hafði að þeim þyrpzt, þá varð ekki talið nægilega sannað, að lögreglumennirnir hefðu orðið offara gagnvart N_1 og N_2. Í anddyri lögreglustöðvarinnar urðu ryskingar milli K og N_2, er kvaðst hafa verið sleginn í ómegin og sér misþyrmt. K sagði, að N_2 hefði spyrnt fæti í vegg, og hafi hann ætlað með þeim hætti að skella K aftur á bak ofan tröppur á steingólf, en K kveðst hafa bjargað sér með því að kasta sér fram á N_2, er við það kastaðist á gólfið og meiddist. Kona N_2 sá ekki K slá mann sinn. Fangavörður, sem viðstaddur var, hefur með eiðfestum framburði staðfest skýrslu K og andmælir því, að K hafi misþyrmt N_2, eftir að hann var fallinn. Sök var því engin sönnuð á hendur K 377

Líkur. Sjá sönnun um mörg fleiri tilvik.

Skip var vátryggt í för til Englands hjá brezku félagi fyrir atbeina og milligöngu íslenzks vátryggingarfélags. Fyrirsvarsmaður skipsins (A) kvaðst hafa beðið um ótímabundna tryggingu á skipinu á ferð þess fram og aftur milli landanna, ef ótímabundin trygging fengist með sömu kjörum og tímabundin trygging. Forráðamaður íslenzka félagsins C bar, að A hefði ekki viljað bíða eftir svari frá London um tryggingarkjörin. Hafi A því eftir örstuttan umhugsunarfrest tekið ótímabundna tryggingu og sent skipið af stað. Ótímabundna tryggingin reyndist miklu dýrari, og voru A tilkynntir skilmálar í bréfi, er hann kvaðst ekki hafa fengið fyrr en löngu eftir, að það var talið sent. C þótti hafa leitt þær líkur að máli sínu, að A var gerður kostur á því að vinna synjunareið þess, að hann hefði tekið ótímabundna tryggingu. Ef hann ynni eiðinn, skyldi hann greiða fyrir tímabundna tryggingu, en ef hann féllist á eiðnum fyrir ótímabundna 217

Botnvörpungurinn Sviði sigldi frá miðum fyrir Vesturlandi áleiðis til Hafnarfjarðar. Annar togari, sem var á þessum slóðum, hafði skeytasamband við skipverja á Sviða, sem kváðust vera komnir suður undir Kolluál. Þeim á Sviða gekk vel, eftir skeytinu að dæma, en eftir þetta var það eitt vitað um afdrif þeirra, að lík eins skipverjans og hlutir úr skipinu fundust reknir á Vesturlandi. Ekki varð ætlað, að Sviða hefði verið sérstakur háski búinn af bilun, sjó eða veðri. Voru því mestar líkur fyrir því, að hann hefði farizt af styrjaldarorsökum 224, 245

Loforð. Sjá forkaupsréttur, kaup og sala, samningar, skaðabætur, umboðssamningar.

Lóðir. Sjá hefð, landleiga, umferðarréttur.

Læknar. Sbr. mat og skoðun.

Lík manns, sem varð fyrir bíl og hlaut bana, krufið á Rannsóknarstofu Háskólans 82

Læknir lýsir lemstri, sem maður varð fyrir af ryskingum, og tjáir sig um aldur þess 344

Læknir lýsir meiðslum, sem maður hlaut í umferðarslysi 324 348

Læknir lýsir brunasári, sem kona fékk við „permanent"-hárliðun 389

Lög. Lögskýring.

Kærumáli um málskostnað í héraði frestað ex officio í hæstarétti samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936, þar sem hinn aðilinn áfrýjaði málinu í heild sinni 10, 123

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært til hæstaréttar. Síðan skaut hinn aðilinn héraðsdómnum til hæstaréttar. Kærumálinu frestað ex officio samkvæmt analogiu 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936, unz séð yrði, hvort áfrýjunarmálið yrði lagt í dóm 10

Máli frestað ex officio fyrir hæstarétti samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85/1936, til þess að aðili fengi færi á að afla gagna um tiltekin sakaratriði 15

Sagt, að fjármálaráðherra yrði ekki, svo að bindandi sé að stjórnskipunarrétti, sviptur með þingsályktun, er einungis lýsir vilja Alþingis, valdi því, er honum er fengið í lögum nr. 30/1935 til yfirráða bifreiðasölu, og að A og B gætu því ekki reist rétt til úthlutunar bifreiðar á ákvörðun nefndar, sem kosin var eftir þingsályktun Sameinaðs Alþingis til að úthluta bifreiðum 92

A sótti um leyfi til endurupptöku máls fyrir hæstarétti samkvæmt 30. gr. laga nr. 112/1935. Í umsögn sinni lýsti hæstiréttur því, að A hefði verið í lófa lagið að afla skýrslna þeirra, sem hann nú vildi bera undir dóm, þegar málið var á sínum tíma fyrir dómstólum, og væru því ekki lög til endurupptöku málsins. Ráðherra synjaði samkvæmt þessu leyfis. Nokkru seinna veitti ráðherra leyfið eftir nýrri beiðni A, en án þess að tillagna hæstaréttar væri leitað um þau gögn, sem leyfið nú var reist á. Leyfið var þegar af þessum ástæðum ekki lögmætur grundvöllur undir nýja meðferð málsins fyrir hæstarétti, og var málinu vísað þar frá dómi 97

A og B létu G stunda akstur á bifreið þeirra frá bifreiðastöð. G lánaði Þ bifreiðina. Þ ók á S, og hlaut hann lemstur. Þar sem gegn skýrslum A, B og Þ var ekki sannað eða líklegt gert, að G hefði haft heimild til að lána bifreiðina, urðu A og B ekki dæmdir til að greiða skaðabætur vegna slyssins, sbr. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 23/1941 .. 99

A reisti eftir samningi við B garð milli fasteigna þeirra í Rvík. Síðar tók A að hækka garðinn, en B höfðaði mál fyrir bæjarþingi Rvíkur til tálmunar því. Þar sem mál þetta bar undir merkjadóm Rvíkur, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1923 um breyting á lögum nr. 35/1914, var dómur bæjarþingsins ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi 112

A keypti niðurnidda húseign 1936 og varði þegar töluverðri fjárhæð til viðgerða og endurbóta á henni. Hann vildi síðan draga þessa fjárhæð frá tekjum sínum, sem skattlagðar voru árin 1937 og 1938. Þar sem fjárhæðinni hafði ekki verið varið til að bæta úr rýrnun á eigninni frá því sem verið hafði, er hann keypti hana, var honum ekki heimilt að draga þenna kostnað frá tekjum sínum til skatts 149

Atvinnumálaráðherra ákvað, að iðnfyrirtækið A skyldi samkvæmt lögum nr. 57/1935 þegið undan tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs um næstu 3 ár frá byrjun október 1938 að telja. Með 5. gr. laga nr. 5/1941 voru fyrrnefnd lög numin úr gildi. Réttur til skattfrelsis, veittur skv. heimild í þeim lögum, var talinn varinn af 62. gr. stjórnarskrárinnar, og var því synjað lögtaks fyrir skatti, er lagður var 1941 á iðnfyrirtækið A 154

Í skaðabótamáli út af árekstri skipa var það atriði, hver bæri ábyrgð á árekstrinum, sótt og varið sérstaklega og þessum hluta málsins áfrýjað sér í lagi. Áfrýjunarfrests þess, sem greinir í 71. gr. laga nr. 85/1936, var ekki gætt ex officio 157

A var sóttur samkvæmt 108. gr. laga nr. 19/1940 til refsingar fyrir meinyrði um stjórnsýslumann. Honum var hvorki stefnt til ómerkingar meinyrðunum né til greiðslu málskostnaðar. Meinyrðin voru því ekki ómerkt, þótt saknæm væru, og sakarkostnaður var lagður á ríkissjóð .. 162

B gekk gamlárskvöld eitt ásamt fylgikonu sinni (V) til sængur í rúmi A, er B hafði leyfi til að nota, þegar A var fjarvistum. A kom heim að áliðinni nóttu, er B og V voru sofnuð. A afklæddi sig, slökkti ljósið og fór upp í rúmið. Lá nú V á milli karlmannanna í rúminu. Rétt á eftir tók A að hafa samfarir við V. Kveðst hún hafa vaknað við mökin og talið friðil sinn vera að verki, en er hún varð

þess vís, að svo var ekki, brauzt hún fram úr rúminu. Ekki varð fullyrt, að A hefði athugað, að V var sofandi, þegar hann hóf samræðið, og varð hann því ekki sakfelldur eftir 195. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar hlaut honum að vera ljóst, að V hélt sig vera í samræði við B. Var A því dæmdur eftir 199. gr. laga nr. 19/1940 .. 167

Það talið sýnt af ákvæðum 2. sbr. 4. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936, að dómari skuli persónulega úrskurða um það, hvort hann víki sæti í máli, enda þótt fulltrúi hans fari með málið að öðru leyti 176

Í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 35/1914 segir, að ekki þurfi að leggja til sátta mál, sem ber undir merkjadóm Reykjavíkur. Ekki talið, að ákvæði þessu hafi verið breytt með 12. tl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, að dómari leiti sátta í landamerkja- og fasteignamálum, þar sem 224. gr. laga nr. 85/1936 fellir eigi úr gildi 2. mgr. 6. gr. laga nr. 35/1914, athugasemd við greint ákvæði 5. gr. laga nr. 85/1936 vísar einungis til laga nr. 41/1919 og ástæður þær, sem liggja til grundvallar sérstöðu merkjadóms Reykjavíkur að þessu leyti, halda gildi sínu 180

Það eitt var vitað um afdrif b/v Sviða, er var á sigling fyrir Vesturlandi, að hlutir úr honum svo og lík eins skipverja fannst rekið. Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna var dæmt til að greiða ekkjum, börnum og foreldri manna, sem fórust með skipinu, dánarbætur samkvæmt 2. gr. laga nr. 76/1941, sbr. 5. gr. laga nr. 37/1940, svo og tiltekna fjárhæð til lífeyriskaupa samkvæmt 3. gr. laga nr. 76/1941, sbr. 5. gr. laga nr. 37/1940, enda virtist stríðstryggingafélagið hafa viðurkennt skyldu sína til að tryggja í millilandasiglingum bætur samkvæmt 3. gr. laga nr. 76/1941, en eftir þeirri grein voru skipshafnir skipa, sem til útlanda sigldu, einnig tryggðar, þegar skipin voru að veiðum eða í förum með ströndum fram. Ekkert benti til, að b/v Sviða hefði verið búinn sérstakur háski af bilun, sjó eða veðri. Var því ekki skilyrði fyrir hendi til að lækka kröfur samkvæmt lögum nr. 95/1941 ..... 224, 245

Ákvæði laga nr. 78/1936 taka til manna, sem haldnir eru kynsjúkdómi, sbr. 1. gr., en 2. mgr. 2. gr. þeirra laga kveður svo á, að styrkur samkvæmt lögunum verði ekki veittur til greiðslu kostnaðar, sem aðili á rétt á að fá greiddan samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, en um þau efni voru lög nr. 26/1936 og síðar lög nr. 74/1937. Menn, sem voru félagar í Sjúkrasamlagi Reykjavíkur (SR) og haldnir voru kynsjúkdómi, voru því tryggðir, að því er

varðaði sjúkrahúsvist, sbr. 30. gr. laga nr. 26/1936, og ekki varð talið, að niðurlag 30. gr. laga nr. 74/1937 hefðu breytt þessu. Það skaut ekki loku fyrir greiðsluskyldu sjúkrasamlagsins, þótt ekki yrði vitað, hvort ráð tryggingalæknis um sjúkrahúsvist hefði komið til hverju sinni, sbr. 1. tl. 30. gr. laga nr. 74/1937, eða hvort fylgt hefði verið reglum sjúkrasamlagsins um tilkynningar, þar sem sjúklingarnir voru á spítalanum eftir ákvörðun sérfræðings í kynsjúkdómum, sem er trúnaðarmaður ríkisins í þeim efnum, og voru þeir stundaðir af honum, en sérstakrar leyndar ber að gæta um slíka sjúklinga 233

Í 2. gr. laga nr. 127/1941 er hinu íslenzka fornritafélagi fenginn réttur til að gefa út íslenzk rit, sem samin eru fyrir 1400. Annars er íslenzka ríkinu áskilinn einkaréttur til að gefa rit þessi út. Þó getur kennslumálaráðherra veitt öðrum leyfi til útgáfu þeirra, og má þá binda leyfið því skilyrði, að fylgt sé samræmdri stafsetningu fornri. Tveir af þremur dómendum hæstaréttar kváðu upp þann dóm, að ákvæði þetta færi í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar virðist meiri hluti hæstaréttar ekki telja, að 1. gr. laga nr. 127/1941 riði í bága við nefnda grein stjórnarskrárinnar, en í 1. gr. er lagt bann við því að birta, þótt meira en 50 ár séu liðin frá dauða höfundar, rit hans breytt að efni, meðferð eða málblæ, ef breytingunni er svo háttað, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón af. Einn dómenda taldi bæði 1. og og 2. gr. laga nr. 127/1941 samþýðanlega stjórnarskrá. Um rök vísast til forsendna dóms og sératkvæðis 237

Manni, sem varð fyrir lemstri vegna of harkalegrar meðferðar lögreglumanna, er tóku hann fastan, dæmdar bætur úr ríkissjóði. Hins vegar var bæjarsjóður Reykjavíkur sýknaður, þar sem sýsla lögreglumannanna er einn þáttur í beiting ríkisvalds og þeir lúta handhöfum ríkisvalds einum um framkvæmd sýslunnar 256

Ráða má af 3. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1929, að ríkissjóður bar ekki ábyrgð á öðrum skuldbindingum Síldareinkasölu Íslands en þeim, er ríkisstjórnin hafði sérstaklega tekið ábyrgð á samkvæmt heimild í nefndu ákvæði 272

Samkvæmt c-lið 82. gr. laga nr. 3/1878 hafa skiptalaun í ríkissjóð forgengi í búi Síldareinkasölu Íslands fyrir kröfum, sem banki hafði á hendur búi einkasölunnar og tryggðar voru með almennu lögveði samkvæmt 5. gr. laga nr. 61/1929 í síld þeirri, sem Síldareinkasalan hafði í sínum vörzlum, þegar bú hennar var tekið til skipta eftir

lögum nr. 84/1931, svo og í birgðum hennar þá af tunnum og öðru efni. Kröfur ríkissjóðs í bú Síldareinkasölunnar til greiðslu á útflutningsgjöldum og fiskiveiðasjóðsgjaldi, sbr. lög nr. 60 og 70/1921 og lög nr. 47/1930, svo og vörutolli, sbr. lög nr. 54/1926, voru forgangskröfur samkvæmt b-lið 83. gr. laga nr. 3/1878. Eftir orðalagi sínu tekur hvorki 84. ná 89. gr. laga nr. 3/1878 yfir veð það, sem í 5. gr. laga nr. 61/1929 getur, en veði þessu verður að jafna til veðs þess í öllu lausafé bús, sem 84. gr. laga nr. 3/1878 tekur til, þar sem það er mjög skylt því í eðli sínu. Varð því veð samkvæmt 5. gr. laga nr. 61/1929, er banki hafði fyrir skuld á hendur búi Síldareinkasölunnar, að víkja fyrir nefndum kröfum ríkissjóðs 272

Öll hlutabréf í h/f Í voru seld hlutafélaginu E, og runnu með þessum hætti allar eigur h/f Í til h/f E. Með þessari ráðstöfun slitu hluthafar h/f Í félaginu á þann hátt, sem segir í 42. gr. laga nr. 77/1921. Samkvæmt hinu ótvíræða og undantekningarlausa ákvæði 2. gr. laga nr. 20/1942, sbr. d-lið 7. gr. laga nr. 6/1935, varð að telja hluthafa í h/f Í til skattskyldra tekna fé það, sem hann fékk úr félagseigninni við slit félagsins umfram nafnverð hlutabréfa sinna 278

A átti hluti að nafnverði 4500 krónur í h/f Í, sem stofnað var 1933. Árið 1941 seldi hann hlutafélaginu hluti sína 19000 krónur yfir nafnverði. Við álagningu skatts 1942 voru honum taldar þessar 19000 krónur til tekna samkvæmt 12. gr. reglugerðar nr. 133/1936, þar sem svo er kveðið á, að endurkaupi félag hlutabréf af hluthöfum sínum hærra verði en nafnverð þeirra hljóðar, telst mismunurinn arður til hluthafa. Ákvæði þetta var talið hafa stoð í d-lið 7. gr. laga nr. 6/1935 og nú 2. gr. laga nr. 20/1942, en jafnframt var tekið fram, að hluthafar félags greiði ekki við slit félags skatt af þeirri fjárhæð, sem félagið galt hluthafa umfram nafnverð bréfanna 285

Stefnda synjað frests til að leiða vottorðsgefanda, sem var í öðru héraði, fyrir dóm, þar sem hann færði ekki sönnur að því, að fyrri frestir, er hann hafði fengið, hefðu ekki nægt honum til að leiða vitnið fyrir dóm, sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936 ..... 312, 314

Samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 186. gr. sömu laga, má kæra ákvæði héraðsdóms um málskostnað til hæstaréttar innan viku frá uppkvaðningu héraðsdóms. Slíku kærumáli, sem skotið var til hæstaréttar eftir lok greinds frests, var því vísað frá hæstarétti ex officio 316

Fundið að því, að aðiljar einkamáls höfðu ekki notað fresti í málinu jöfnum höndum, svo sem boðið er í 110. gr. laga nr. 85/1936 319
Telja verður það meginreglu í íslenzkri löggjöf, að ákvæði dóms eða úrskurðar um dagsektir á hendur aðilja verði ekki fullnægt, hvorki með aðför né afplánun, ef því er að skipta, eftir að hann hefur gegnt þeirri skyldu, sem knýja átti hann til með dagsektum, sbr. 2. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936 og áður 4. gr. laga nr. 13/1925 .. 339
Í úrskurði, sem skotið var til hæstaréttar með kæru, greindi hvorki aðilja málsins né málsatvik, og málsástæðum var þar ekki lýst nema að litlu leyti. Hafði héraðsdómari því ekki gætt fyrirmæla 2. mgr. 190. gr. og 1. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Var úrskurðurinn því ómerktur og málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju 356, 358
Skipstjóri á erlendum togara, sem var að veiðum í landhelgi, hlýddi ekki skipunum yfirmanna á varðbát um að hætta veiðum og fylgjast með varðbátnum, heldur hélt áfram veiðum og sigldi síðan á haf út með stýrimann varðbátsins innan borðs, en hann hafði farið um borð í togarann og neitaði að fara þaðan. Ægir veitti togaranum eftirför og stöðvaði hann eftir töluverða skothríð. Skipstjórinn á togaranum var dæmdur til refsingar samkvæmt 106. gr. laga nr. 19/1940 svo og fyrir brot á lögum nr. 5/1920 359
Kona aflaði sér með villandi skýrslum úrskurðar húsaleigunefndar þess efnis, að leigutakar í húsi hennar skyldu rýma hið leigða húsnæði vegna brýnnar þarfar hennar og tilvonandi manns hennar á því. Þetta varðaði hana við 1. gr. sbr. 11. gr. laga nr. 126/1941 385
Varðskipið Ægir bjargaði vélskipi, sem vátryggt var í vélbátatryggingarfélagi. Skipaútgerð ríkisins höfðaði mál til bjarglauna, en eigandi vélbátsins krafðist vísunar málsins frá dómi með skírskotun til 22. gr. laga nr. 32/1932, þar sem ákvörðun bjarglauna í slíkum tilvikum er falin stjórn Samábyrgðarinnar. Því var haldið fram, að ákvæði þetta yrði ekki samþýtt stjórnarskránni. Ægir er eign ríkisins og rekinn af því. Var löggjafanum heimilt þegar af þessari ástæðu að setja nefnt ákvæði um notkun skipsins til bjargstarfa og ákvörðun launa fyrir hann. Hins vegar ber undir dómstóla að skera úr um það, hvort aðili sá, sem lögin fela ákvörðun launanna, fer um það eftir löglegum sjónarmiðum 430

Löggjafarvald. Sjá Stjórnarskráin.

Löggæzla. Sjá lögreglumenn.

Löghald. Sjá kyrrsetning.

Lögregla, lögreglumenn.

Tveir lögreglumenn tóku A fastan, þar sem hann var ör af víni á almannafæri. Handtakan varð ekki talin þeim til áfellis. Þeir héldu hvor sinni hendi hans fyrir aftan bak hans og leiddu hann þannig á milli sín. Átak á handleggjum A varð miklu meira vegna þess, að lögreglumennirnir voru miklu stærri en hann. A varð mjög álútur milli lögreglumannanna, og kveða þeir, að það hafi stafað af mótspyrnu hans, en A telur meðferð þeirra á honum hafi valdið því. Kippti nú annar lögreglumannanna vinstri handlegg A hærra upp á bak hans til að reisa hann við. Við þetta og átak hins lögreglumannsins á hægri hendi A stríkkaði svo á vinstri handlegg hans, að hann brotnaði fyrir ofan olnboga. Átti A mjög lengi í lemstri þessu og varð að þola miklar þrautir. Auðsætt þótti, að lögreglumennirnir höfðu tekið A of hörðum og ógætilegum tökum, og það jafn vel þótt óhrakið væri, að hann hefði reynt að beita mótspyrnu. Athafnir lögreglumannanna voru taldar þáttur í beitingu ríkisvalds, enda lúta þeir handhöfum ríkisvalds í sýslu sinni. Voru A því dæmdar bætur úr ríkissjóði, en fyrirsvarsmaður bæjarsjóðs Reykjavíkur sýknaður. A hafði gert kröfur á hendur báðum þessum aðiljum in solidum 256

Lögreglumenn rannsaka verksummerki á stað, þar sem bílslys hafði orðið 324

Varðbátur kom að erlendum togara, sem var að veiðum í landhelgi fyrir utan Stafnes. Fór stýrimaður varðbátsins (S) um borð í togarann og gaf skipstjóra A skipun um að hætta veiðum og fylgjast með varðbátnum. A hélt samt áfram veiðum um stund, en sigldi síðan leiðar sinnar á haf út. S var áfram í togaranum samkvæmt skipun skipstjórans á varðbátnum, þrátt fyrir það þótt A vildi fá hann til að fara yfir í varðbátinn og síðar í aðra báta, sem urðu á leið togarans. Ægir, sem var í Vestmannaeyjum, veitti togara A eftirför daginn eftir og stöðvaði hann, eftir að skotið hafði verið að honum mörgum skotum. A var dæmdur til refsingar samkvæmt 106. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 svo og fyrir brot gegn lögum nr. 5/1920 359

A ók bifreið í beinu framhaldi af neyzlu áfengis um nokkurn tíma. Tveir lögreglumenn, sem kærðu hann, voru sín á milli ekki alveg á einu máli um það, að hann hefði verið undir áhrifum áfengis, en læknir sá, sem rannsakaði hann, tók ekki eftir slíkum áhrifum. Sýnishorn af blóði hans, sem lögreglan tók, týndist, en blóðsýnishorn, er hann lét sjálfur síðar taka, sýndi 0,55‰ áfengismagn. Ekki var talið fullsannað, að hann hefði ekið með áhrifum áfengis 365

Þrír lögreglumenn, K, Þ og S, voru sóttir til refsingar fyrir brot á 14. og 23. kafla hegningarlaga nr. 19/1940. Þeir voru ásamt öðrum lögreglumönnum að tvístra mannfjölda á gamlárskvöld í Rvík. Þeir og þrír starfsbræður þeirra kváðust hafa kallað upp skipun til fólksins að dreifast, og hlýddu því allir nema N_1 og N_2, konur þeirra og fólk, sem var í fylgd með þeim. Beittu nú lögreglumennirnir kylfum. Af þessum sökum vildi N_1 bera fram kvörtun á lögreglustöðinni. Fóru nú K og Þ með N_1 og N_2 og konur þeirra í áttina til lögreglustöðvarinnar. Á leiðinni lentu N_1 og N_2 í ryskingum við lögreglumennina. Skarst þar í leikinn S lögreglumaður, og meiddist N_1 í þeirri viðureign. Þeir K, Þ og S sögðu, að fyrst hefði N_2 ráðizt á K og og síðan hefði N_1 veizt líka að þeim, en N_1 og N_2 og konur þeirra kváðu lögreglumennina hafa átt upptökin. Framburður hlutlausra vitna var óljós, en benti til, að þeir N_1 og N_2 hefðu átt upptökin. Þegar athugaðar voru skýrslur í málinu svo og það, að þeir K, Þ og S voru þarna að starfa sínum á óróatíma og mannfjöldi hafði að þeim þyrpzt, þá varð ekki talið sannað, að þeir K. Þ og S hefðu orðið offara. Í anddyri lögreglustöðvarinnar urðu ryskingar milli K og N_2, er kvaðst hafa verið sleginn í ómegin og sér misþyrmt. K sagði, að N_2 hefði spyrnt fæti í vegg, og hafi hann ætlað með þeim hætti að skella K aftur á bak ofan tröppur á steingólf, en K kvaðst hafa bjargað sér með því að kasta sér fram á N_2, en við það skelltist N_2 á gólfið og meiddist. Kona N_2 sá K ekki slá mann hennar. Fangavörður, sem viðstaddur var, hefur með eiðfestum framburði staðfest skýrslu K og kveður það alrangt, að K hafi misþyrmt N_2, eftir að hann var fallinn. Engin sök var sönnuð á hendur K 377

A var leiddur fyrir þrjá hermenn til þess að fá skorið úr því, hvort hann væri maður sá, sem hafði vélað þá. Það var vitt, að A var látinn, að því er séð varð, koma einn fyrir hermennina, en þeir ekki látnir benda á hann úr hópi manna 394

Lögreglusamþykktir.

Maður sektaður samkvæmt c-lið 56. gr. sbr. 95. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar fyrir að aka á reiðhjóli ljóslaust og á rangri götubrún 56

Lögræði.

Kona varð fyrir bifreið, sem var eign ófjárráða manns, og hlaut hún lemstur af. Faðir hins ófjárráða var sóttur f. h. hans til greiðslu skaðabóta 324

Lögtak.

Það sást ekki, að fógeti hefði kveðið upp og birt úrskurð samkvæmt 4. gr. laga nr. 29/1885, áður en hann gerði lögtak fyrir útsvari 1

Í sveitinni X var lagt útsvar á A, sem búsettur var í Y, vegna útgerðar báts hans í sveitinni X, og var þar gert lögtak fyrir útsvarinu. Þar var og gert lögtak í eignum A fyrir útsvari háseta á bátnum, og var lögtaksgerðinni beint gegn skipstjóra á bátnum sem umboðsmanni A, án þess að A væri gert við vart. Þetta var vítt, en lögtakið fellt úr gildi af öðrum ástæðum 1

Málsmeðferð og úrskurður fógeta í lögtaksmáli ómerkt og málinu vísað heim vegna vanrækslu fógeta að leiðbeina ólöglærðum fyrirsvarsmanni aðilja og vegna vöntunar á atvikalýsingu og rökstuðningi í úrskurðinum, sbr. 114. gr. og 1. mgr. 193. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936 .. 74

Málasamlag.

a) Einkamál.

I. Kröfusamlag.

1. Kröfusamlag af hálfu sækjanda:

Krafizt er greiðslu vegna flutningskostnaðar og geymslu á timbri svo og umboðslauna af timbri 4

Leigutaki að lóð í kaupstað er sóttur af eigendum lóðarinnar til þess að hafa fyrirgert leiguréttinum að lóðinni svo og til endurgreiðslu fjár, sem hann fékk fyrir framsal lóðarréttindanna af hluta til þriðja manns og úr bæjarsjóði, er hluti lóðarinnar var tekinn undir götu 142

Maður sóttur til greiðslu eftirstöðva á tekju- og eignarskatti tveggja ára 149

Heimt styrjaldartrygging sjómanns, er fórst með togara, og bætur til lífeyriskaupa handa skylduliði hans 224, 245

2. Gagnkröfur:
A var sóttur til greiðslu vangoldins þinggjalds. Hann höfðaði gagnsök til skuldajafnaðar og sjálfstæðs dóms og krafðist kaupeftirstöðva fyrir starf sitt við skoðun bifreiða 182
A höfðaði mál til heimtu bjarglauna, er gerðardómur samkvæmt lögum nr. 27/1938 hafði ákveðið. Stefndi höfðaði gagnsök til ómerkingar úrskurði gerðardómsins 188
Maður, sem krafinn var um greiðslur fyrir söltun síldar, höfðaði gagnsök til skaðabóta fyrir skemmdir, sem urðu á síldinni 370
A sótti B til greiðslu umboðslauna o. fl. B höfðaði gagnsök til greiðslu skuldar, er hann taldi sig eiga á hendur A samkvæmt reikningi, er hann, þ. e. B, hafði samið um viðskiptin 400
Dómi áfrýjað af hendi beggja aðilja 25, 31, 35, 43, 50, 71, 76, 99, 103, 157, 217, 224, 256, 293, 370, 400, 425

II. Aðiljasamlag.
1. Sóknaraðilja:
Eigendur skips sækja eiganda annars skips til fébóta vegna tjóns af árekstri 157
Vélbátatrygging Eyjafjarðar og eigendur vélskipsins N höfða saman mál til ónýtingar gerðardómi, sem ákvað eigendum vélskipsins M bjarglaun fyrir björgun N 188
Eigendur vélbáts sækja eigendur annars vélbáts til skaðabóta vegna árekstrar bátanna 200
Eigendur tveggja fasteigna krefjast saman réttar til umferðar um land nágrannaeignar þeirra 265
Sameigendur fasteignar krefjast útburðar á hendur leigutaka í húsi þeirra 290
Tveir málarar heimta saman greiðslu fyrir framkvæmd málningar á húsi 353
Tveir síldarsaltendur sækja saman greiðslu fyrir söltun á síld 370
2. Varnaraðilja:
Tveir menn fórust með uppskipunarbát, sem tekinn var til fiskflutnings. Mæður þeirra gerðu hvor í sínu máli kröfur til dánarbóta á hendur manni þeim, sem stóð fyrir fiskflutningnum, skipstjóra á vélbát, er dró uppskipunarbátinn, og kaupfélagi því, sem uppskipunarbátinn átti og fiskflutningurinn var framkvæmdur fyrir 35, 43

Hjón höfðu tekið saman húsnæði á leigu. Þau voru skilin að borði og sæng, en konan bjó áfram í íbúðinni ásamt börnum þeirra. Hjónin voru sótt saman til að rýma húsnæðið 71
Eigendur og vátryggjendur bjargaðra fémæta krafðir bjarglauna 25, 30, 76
Tveir menn sækja skilanefnd bifreiðaeinkasölu ríkisins og fjármálaráðherra til afhendingar á bifreið, sem úthlutunarnefnd, er kosin var af Sameinuðu Alþingi hafði lofað að selja þeim 92
Sameigendur bifreiðar krafðir fébóta vegna bifreiðarslyss 99, 134
Landamerkjamál sótt á hendur tveimur sameigendum landspildu 116
Stríðtryggingafélag íslenzkra skipshafna og hlutafélag, sem gerði út togara, sem fórst, krafin um styrjaldartryggingu og bætur til lífeyriskaupa af skylduliði sjómanna, sem fórust með togaranum 224, 245
Maður, sem hlaut lemstur af völdum lögreglumanna, sækir ríkissjóð og sveitarsjóð þann, sem í hlut á, til greiðslu fébóta 256
Landsbanki Íslands krefst þess, að skilanefnd Síldareinkasölu Íslands og fjármálaráðherra hlíti því, að kröfur bankans á hendur þrotaþúi síldareinkasölunnar gangi fyrir kröfum ríkissjóðs 272
Kona, sem skilin var að lögum við mann sinn, kveður, að tilgreind fasteign hafi verið öll í eigu félagsbús þeirra hjóna, og andmælir því fyrir skiptarétti, að fasteignin hafi verið í sameign félagsbúsins og bróður manns hennar 282
Eigendur málflutningsskrifstofu sóttir saman til greiðslu skaðabóta fyrir tjón, sem skuldareigandi varð fyrir við heimtu skuldar 293
Tvær konur, er störfuðu saman að hárgreiðslu, krafðar fébóta vegna brunasárs, er kona fékk á hárgreiðslustofu þeirra 389

b) Opinber mál.

1. Aðili kærður fyrir fleiri brot en eitt 124, 211, 215, 359, 394, 410
2. Fleiri en einn aðili kærður í sama máli:
Þrír menn sóttir til refsingar fyrir brot á lögum nr. 127/1941 237

Þrír lögreglumenn sóttir til refsingar samkvæmt 14. og 23. kafla laga nr. 19/1940 vegna lögreglustarfa 377

Málflutningsmenn.

Í varnarskjali fyrir mann, sem kærður var af 2 lögreglumönnum fyrir brot, viðhafði málflutningsmaður niðrandi orð um lögreglumennina. Héraðsdómari sektaði málflutningsmanninn fyrir meinyrðin, en láðist að tiltaka vararefsingu réttarfarssektarinnar. Hæstiréttur ákvað vararefsinguna 56

Hæstaréttarlögmaður vanrækti flutning máls fyrir héraðsdómi. Hann var átalinn fyrir þetta í kærumáli fyrir hæstarétti 147

Málflutningsmaður víttur fyrir vanrækslu í starfa sínum .. 177

Málflutningsmaður vittur fyrir meinyrði um lögreglustjóra Reykjavíkur í málflutningi sínum 256

Fyrirtæki (F) í Danmörku aflaði varnings handa feðgunum L og E, sem stunduðu verzlun hér á landi. Lagði F fram fé til vörukaupanna og krafði síðan þá L og E um andvirðið auk þóknunar. Þeir L og E stóðu ekki í skilum, og fól F þá M, málflytjanda í Rvík, að heimta skuldirnar 1927. M eða skrifstofa hans fór ekki eftir eindregnum fyrirmælum F um málshöfðun á hendur L og E, en skjót málshöfðun var nauðsynleg vegna véfengingar L og E að einhverju leyti á þeim kröfum F, sem þeir höfðu ekki samþykkt víxla fyrir, svo og vegna versnandi fjárhags þeirra. Tilraunir til innheimtu voru ekki gerðar með þeim krafti og hraða, sem unnt hefði verið, og F voru ekki sendar nægilegar skýrslur eða næjanlega tímanlega um það, hvort mál hefði verið höfðað eða um önnur atriði málsins. Urðu L og E gjaldþrota 1934. Var þá einungis lítill hluti kröfu F heimtur. M þótti með þessu hátterni sínu hafa fellt sér á hendur sönnunarbyrði um það, að ekki hefði verið unnt að heimta meira af kröfu F en raun varð á, en líta varð einnig á það við ákvörðun bóta, sem M og og félögum hans var gert að greiða, að F hafði dregið lengi höfðun skaðabótamáls á hendur þeim og þar með að líkindum gert þeim öflun gagna sér til varnar torveldari. Í máli F á hendur M og félögum varð að áætla eftir líkum, hversu mikinn hluta allrar kröfu F hefði verið unnt að heimta inn með þeim hætti, sem F ætlaðist til, og að öðru leyti með hraðri og skynsamlegri meðferð. Samkvæmt þessu og þegar virtar voru eignir L og E og skuldagreiðslur á tímabilinu fram yfir 1930, var áætlað, að heimta hefði mátt hjá L og E 14000 d. kr. af

heildarkröfum F. M hafði heimt rúmar 6000 ísl. kr. Fébætur þær, sem M og félögum bar að greiða F, þóttu hæfilega ákveðnar ísl. kr. 12000, en F krafðist d. kr. 28784.58 293

Maður, sem sótti mál sitt sjálfur, viðhafði mörg mjög meiðandi og niðrandi ummæli um stefndu í málsskjölunum. Héraðsdómari lét hann sæta fyrir þetta þeirri hæstu sekt, sem ákveðin er í 188. gr. laga nr. 85/1936, eða 200 króna sekt í ríkissjóð, og voru ummælin ómerkt. Þau gagnbrigzl af hendi stefndu, að svo væri helzt að sjá, að stefnandi væri ekki með réttu ráði, voru ómerkt, en ekki var sektað fyrir þau. Sektarákvæði héraðsdómsins var ekki áfrýjað með málinu, og var það þegar af þeirri ástæðu staðfest 293

Fundið að því, að málflutningsmenn höfðu ekki notað fresti í einkamáli í héraði jöfnum höndum 319

Við meðferð einkamáls var blandað saman reglum þeim, sem nú gilda, og reglum, er áður giltu um meðferð einkamála. Brotin voru ákvæði 105., 106., 109., 110. og 111. gr. laga nr. 85/1936. Málið lá lengi í salti, áður munnlegur málflutningur færi fram. Hæstaréttarlögmenn þeir, sem málið fluttu, voru sektaðir samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940 analogice, og fyrir þarflausan drátt málsins samkvæmt 3. tl. 188. gr. laga nr. 85/1936 370

Tveir hæstaréttarlögmenn átaldir fyrir vangæzlu á 105., 106., 109., 110. og 111. gr. laga nr. 85/1936 og fyrir að flytja mál bæði munnlega og skriflega og blanda saman eldri og nýrri meðferð einkamála í héraði 389

Málflutningur.

Fyrir fógetadómi gerði A þá kröfu, að B skyldi rýma eitt herbergi af þremur, er hann leigði af A, og var krafa þessi í samræmi við úrskurð húsaleigunefndar. Þessi dómkrafa var svo óákveðin, að ekki varð lagður dómur á málið, og var því öll meðferð málsins í héraði ómerkt og málinu vísað frá fógetaréttinum 67

Í máli á hendur A til skaðabóta lagði stefnandi á fyrsta dómþingi fram sáttakæru, stefnu, reikninga og greinargerð. A kom fyrir dóm ásamt lögfræðingi. Lögfræðingurinn fékk marga fresti, hvern eftir annan, en lagði hvorki fram greinargerð né hafði uppi mótmæli. Loks sótti hann ekki dómþing, og var málið þá tekið til dóms og dæmt eftir framlögðum skilríkjum. A áfrýjaði málinu að fengnu novaleyfi. Talið var, að honum hefði verið auðgengt að því að bera fyrir sig í héraði málsástæður þær, sem hann vildi flytja fram í hæstarétti, og yrðu þær því ekki tekn-

ar til greina í hæstarétti gegn andmælum gagnaðilja, sbr. 110. gr. og 111. gr. laga nr. 85/1936 177
Í máli til greiðslu skaðabóta var fyrst sótt þing af hendi stefnda og frestir fengnir, en síðar sótti lögfræðingur ekki þing, og engum andmælum hreyfði hann. Málið var dæmt eftir framlögðum skilríkjum, er þóttu nægileg til rökstuðnings varakröfu stefnanda 177
Skoðunarmaður bifreiða, er látið hafði af störfum, krafðist launa, er hann taldi vangoldin. Frásögn hans um tilhögun starfans og launagreiðslur var ekki nægilega mótmælt í héraði. Ákveðin mótmæli í hæstarétti komu því ekki gagnaðilja hans að haldi 182
Skýrslu A, að hann hefði skoðað bifreiðar á Akureyri um tiltekinn tíma að beiðni lögreglustjóra var ekki nægilega mótmælt í héraði, enda var hún studd af fulltrúa lögeglustjóra. Því var og ekki hnekkt, að hann hefði fengið laun fyrir eftirlit bifreiða greidd fyrir hálft ár eftir á 182
Fundið að því, að aðiljar einkamáls höfðu ekki notað fresti í málinu jöfnum höndum 293, 319
Maður, sem sótti mál sitt sjálfur fyrir dómi, gerði sig sekan um óþarfa málalengingar og óheppilega efnisskipun, og auk þess var orðbragð hans ósæmilegt. Hinum mikla skjalafjölda, sem lagður var fram í málinu, var raðað, eftir því sem þau voru fyrir hendi, þegar þing voru haldin í málinu, og torveldaði þetta mjög verk dómara 293
Hæstiréttur leyfir manni, sem kom sjálfur fyrir dóm, að flytja málið skriflega fyrir hæstarétti, sbr. 2. tl. 38. gr. laga nr. 112/1935 293
Maður, sem flutti mál sitt sjálfur, var með héraðsdómi dæmdur til sektar fyrir mjög ósæmilegt orðbragð um andstæðing sinn. Sektarákvæðinu var ekki áfrýjað, og var það þegar af þeirri ástæðu staðfest í hæstarétti 293
A og B áttu saman ýmis viðskipti. Samkvæmt reikningi, sem A gerði um viðskiptin, skuldaði B honum tiltekna fjárhæð. Með því að B vefengdi ekki einstaka liði reikningsins þessa, var hann dæmdur til að greiða A skuldina 400
Hæstaréttarlögmaður (H) flutti mál andstætt ákvæðum 105. gr., 109. gr., 110. gr. og 111. gr. laga nr. 85/1936. Þegar málið hafði verið marga mánuði fyrir héraðsdómi, krafði hann skiptaráðanda í þrotabúi varnaraðilja svo og tilgreindan hæstaréttarlögmann vættis. H hefði getað fengið embættisvottorð skiptaráðanda um sum þessara atriða. Að öðru leyti hugðist hann að nota vætti þeirra til styrktar málsástæðu, sem hann hafði þá ekki enn hreyft í héraði. Varnaraðili andmælti vitnaleiðslunni og skaut úrskurði

dómara um framgang hennar til hæstaréttar með kæru. Þar sem málsmeðferðin var svo andstæð lögum nr. 85/1936, þótti ekki viðhlítandi að halda henni áfram, og ómerkti hæstiréttur hana því og vísaði málinu frá héraðsdómi 413
Kærumál flutt munnlega fyrir hæstarétti, sbr. 3. mgr. 199. gr. laga nr. 85/1936 430
Munnlegur málflutningur fór fram fyrir héraðsdómi um frávísunarkröfu, sbr. 108. gr. laga nr. 19/1940 430

Málshöfðun.

Kyrrsetning var gerð í eigum, sem erlendur aðili átti hér á landi. Mál til staðfestingar kyrrsetningunni var höfðað með stefnu á hendur aðilja þeim, sem varðveitti eigurnar hér á landi, sbr. op. br. 30. nóv. 1821 4
Í stefnu á hendur manni, sem sóttur var til sakar samkvæmt 108. gr. laga nr. 19/1940, voru ekki tekin upp meinyrði þau, sem honum voru gefin að sök, en þar sem tilgreind ummæli höfðu verið kærð og rannsókn málsins og dómur laut að þeim og ákærði hafði ástæðu til að taka til varnar um þau, þá þótti ekki ástæða til að ómerkja dóminn af þessum sökum, en fundið var að þessum galla á meðferð málsins 16
Í máli á hendur manni fyrir brot á lögreglusamþykkt og umferðarlögum nr. 24/1941 láðist héraðsdómara að vitna til umferðarlaganna 56
A var sóttur til refsingar samkvæmt 108. gr. laga nr. 19/1940 fyrir meinyrði um stjórnsýslumann í blaðagrein. Honum var hvorki stefnt til að þola ómerkingu meinyrða sinna né til greiðslu málskostnaðar. Meinyrðin urðu þess vegna ekki ómerkt og sakarkostnaður var lagður á ríkissjóð, enda þótt sökunautur væri dæmdur til refsingar 162

Málskostnaður. Sbr. ómaksbætur.

a) Í einkamálum.

1. Málskostnaður látinn falla niður. Sjá einnig aðalsök og gagnsök.
Kröfur áfrýjanda teknar til greina að öllu eða nokkru leyti, en málskostnaður þó látinn falla niður 265, 272, 339
Áfrýjandi tapaði máli, en var þó eigi dæmt að greiða málskostnað 92, 108, 116, 147, 160, 188, 205, 269, 282, 312, 314, 319, 330
Skilyrði samkvæmt 30. gr. laga nr. 112/1935 til endurupptöku máls voru ekki fyrir hendi, og var máli því

vísað frá hæstarétti. Málskostnaður var látinn falla niður 97
Úrslit máls voru látin velta á eiði, en málskostnaður látinn falla niður 217
Dómur eða úrskurður héraðsdómara ómerktur vegna rangrar málsmeðferðar og málskostnaður látinn falla niður 67, 103, 134, 176, 200, 356, 358, 413, 435
Dómur og málsmeðferð ómerkt, og málinu vísað frá dómstól, sem ekki átti dóm þess. Málskostnaður látinn falla niður 112
Varastefndi var sýknaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti, og málskostnaður var látinn falla niður, að því er hann varðaði 224, 245
Leigusali (A) krafðist þess, að leigutaki (B) yrði borinn út úr leiguíbúð vegna vanskila á leigugreiðslu. Þegar málið kom fyrir fógeta, greiddi B þriggja mánaða leigu eftir á, og síðar tók A við leigu fyrir umliðinn mánuð fyrirvaralaust. Þar sem það hafði viðgengizt í viðskiptum aðilja, að B greiddi leigu eftir á fyrir tvo til þrjá mánuði í einu, synjaði fógeti um útburð, en lét málskostnað falla niður. B skaut ákvæði úrskurðarins um málskostnað til hæstaréttar með kæru, og það var staðfest þar, en málskostnaður fyrir hæstarétti var látinn falla niður 254
Kærumáli var vísað frá hæstarétti, þar sem kærufrestur var liðinn, en málskostnaður var látinn falla niður, með því að varnaraðili kom ekki fyrir hæstarétt .. 316
A var dæmdur í héraði til greiðslu vinnulauna. Hann áfrýjaði, og voru vinnulaunin lækkuð. Málskostnaður fyrir báðum dómum var látinn falla niður 353
2. Aðilja, sem áfrýjaði dómsathöfn til breytinga og fékk kröfur sínar teknar til greina að meira eða minna leyti, dæmdur málskostnaður 1, 4, 25, 157, 182, 195, 233, 278, 285, 293, 341, 418
3. Áfrýjandi, sem áfrýjaði dómsathöfn til breytinga, en kröfur hans voru alls ekki eða að litlu leyti teknar til greina, dæmdur til að greiða málskostnað 61, 142, 149, 154, 157, 177, 224, 245, 290, 293, 321, 335, 368, 389, 425, 430
Útburðarmáli var vísað frá hæstarétti, þar sem áfrýjandi hafði fyrirvaralaust vikið úr húsnæðinu, áður en hann áfrýjaði. Áfrýjandi var dæmdur til greiðslu málskostnaðar 321
A var dæmdur í héraði til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðarslyss. Hann áfrýjaði, og voru bætur lækkaðar.

Hann var dæmdur í einu lagi til greiðslu málskostnaðar fyrir báðum dómum 348
Máli, sem skotið var til hæstaréttar með kæru, var vísað frá héraðsdómi, þar sem það bar ekki undir dómstóla að svo komnu. Stefnandi í héraði var dæmdur til greiðslu málskostnaðar 430
4. Ómerkingardómar.
Fógetaúrskurður og meðferð máls ómerkt vegna of óákveðinnar kröfugerðar. Málskostnaður var látinn falla niður 67
Úrskurður og lögtaksgerð fyrir tekjuskatti var ómerkt vegna þess, að fógeti vanrækti leiðbeiningarskyldu sína og stórgallar voru á samningu úrskurðar. Málskostnaður fyrir hæstarétti var lagður á ríkissjóð .. 74
Dómur og málmeðferð ómerkt vegna þess, að dómari vanrækti leiðbeiningarskyldu sína. Málskostnaður fyrir hæstarétti látinn falla niður 103
Úrskurður fulltrúa, að dómari viki sæti, var ómerktur, með því að fulltrúi var ekki bær til að kveða upp úrskurð um þetta atriði. Málskostnaður fyrir hæstarétti var látinn falla niður 176
Úrskurður, sem skotið var með kæru til hæstaréttar, var ómerktur vegna galla á samningu hans. Málskostnaður fyrir hæstarétti var felldur niður 356, 358, 435
5. Aðalsök og gagnsök.
Báðir aðiljar áfrýjuðu dómi í máli til heimtu bjarglauna, og voru þau hækkuð í hæstarétti. Krefjanda bjarglauna var dæmdur málskostnaður 25
Dómi í máli til heimtu bjarglauna var áfrýjað af hendi beggja aðilja, og voru þau lækkuð í hæstarétti. Krefjanda bjarglauna var dæmdur málskostnaður í einu lagi fyrir báðum dómum 31, 76
Þrír aðiljar voru sóttir saman til greiðslu dánarbóta, og voru þeir allir dæmdir í héraði. Dóminum var áfrýjað af öllum aðiljum. Tveir aðiljar voru sýknaðir í hæstarétti, og var málskostnaður felldur niður, að því er þá varðaði. Þriðji aðilinn var dæmdur til greiðslu dánarbóta og málskostnaðar 35, 43
Krefjandi skaðabóta áfrýjaði máli til hækkunar bótum, og stefndi gagnáfrýjaði til sýknu sér, en niðurstaða héraðsdóms var staðfest. Bótakrefjanda var dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum 50, 425
Stefnandi vann mál í héraði. Báðir aðiljar áfrýjuðu, og var héraðsdómur staðfestur. Málskostnaður fyrir báðum dómum var látinn falla niður 71

Stefnandi vinnur mál að nokkru í héraði. Báðir aðiljar áfrýjuðu, og voru stefndu í héraði sýknaðir. Málskostnaður fyrir báðum dómum var látinn falla niður 99

A var sóttur til greiðslu skaðabóta vegna árekstrar skipa og tapaði því að nokkru í héraði. Báðir aðiljar áfrýjuðu. A tapaði málinu að öllu í hæstarétti og var dæmdur til greiðslu málskostnaðar 157

A höfðaði mál á hendur B og C til skaðabóta, og voru honum dæmdar bætur í héraði. A áfrýjaði til hækkunar fébótum, en B og C til sýknu. C var sýknaður og var málskostnaður látinn falla niður, að því er til hans tók, en fébætur, sem B var gert að greiða, voru lækkaðar nokkuð. Hann var dæmdur í einu lagi til greiðslu málskostnaðar fyrir báðum dómum 256

Skuldareigandi sótti málflytjendur til greiðslu skaðabóta vegna mistaka við heimtu skuldar og fékk nokkrar bætur sér dæmdar í héraði. Hann áfrýjaði til hækkunar bótum, en málflytjendur áfrýjuðu sér til sýknu. Fébætur voru hækkaðar í hæstarétti og málflytjendur dæmdir til greiðslu málskostnaðar fyrir báðum dómum 293

A höfðaði mál til skaðabóta á hendur B og vann það að nokkru í héraði. Báðir aðiljar áfrýjuðu, en bætur voru lækkaðar í hæstarétti og B dæmdur til greiðslu málskostnaðar í einu lagi fyrir báðum dómum 324

Dómi héraðsdómara í aðalsök og gagnsök var áfrýjað af báðum aðiljum, og var hann staðfestur. Aðaláfrýjendur voru dæmdir til greiðslu málskostnaðar fyrir hæstarétti 370

A höfðaði mál til skaðabóta á hendur B og C og vann það að nokkru í héraði. B og C áfrýjuðu til sýknu sér og A til hækkunar bótum. Fébætur voru hækkaðar og B og C dæmdar til greiðslu málskostnaðar í einu lagi fyrir báðum dómum 389

Dómi héraðsdómara í aðalsök og gagnsök var áfrýjað af báðum aðiljum. Málskostnaður látinn falla niður fyrir báðum dómum 400

6. Kærumál.

A skaut með kæru til hæstaréttar ákvæði héraðsdóms um málskostnað í máli hans gegn stefnda. Kærumálinu var frestað ex officio í hæstarétti samkvæmt analogíu frá 117. gr. laga nr. 85/1936, unz séð varð, hvort aðalmálið, sem áfrýjað var af stefnda, yrði lagt í dóm 10, 123

A vann mál sitt á hendur B í héraði að öðru leyti en því, að málskostnaður var látinn falla niður. A skaut

málskostnaðarákvæði héraðsdóms til hæstaréttar samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 10
Ákvæði dóms um málskostnað var skotið til hæstaréttar með kæru, og var það staðfest þar, en málskostnaður fyrir hæstarétti látinn falla niður 254

b) Í opinberum málum.

1. Aðili dæmdur sekur.
Einn aðili sakfellur og dæmdur til greiðslu málskostnaðar 16, 56, 64, 82, 167, 208, 211, 215, 344, 359, 263, 285, 365, 394, 407
2. Aðili eða aðiljar sýknaðir og sakarkostnaður allur lagður á ríkissjóð 237, 377
3. Héraðsdómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað, en áfrýjunarkostnaður lagður á ríkissjóð 124, 410
4. Sökunaut í refsimáli var ekki stefnt til greiðslu málskostnaðar. Sakarkostnaður var því lagður á ríkissjóð, þótt sökunautur væri dæmdur til refsingar 162

Málsmeðferð.

Kyrrsettir voru fémunir erlends aðilja hér á landi. Kyrrsetningarmáli var síðan beint gegn vörzluhafa fémunanna, sbr. op. br. 30. nóv. 1821 4
Máli frestað í hæstarétti og var lagt fyrir fógeta samkvæmt analogiu 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga, að veita aðiljum kost á því að afla skýrslna um ýmis atriði 15
Máli um ýmis skuldaskipti var frestað í hæstarétti og lagt fyrir héraðsdómara samkvæmt analogiu 120. gr. laga nr. 85/1936 að spyrja aðilja um nokkur atriði og veita þeim kost á því að afla skýrslna 60
Málsmeðferð og úrskurður fógeta í lögtaksmáli ómerkt og málinu vísað heim m. a. vegna vanrækslu fógeta að leiðbeina ólöglærðum fyrirsvarsmanni aðilja svo og vegna vöntunar í úrskurði á skýrslu um aðilja og lögtakskröfu 74
Aðalkrafa máls sótt og varin sérstaklega og áfrýjað sérstaklega til hæstaréttar samkvæmt 71. gr. laga nr. 85/1936 92
Greinargerðir samkvæmt 105. og 106. gr. laga nr. 85/1936 komu ekki fram á réttu stigi máls, skriflegur eða munnlegur málflutningur var ekki ákveðinn á þeim tíma, er greinir í 109. gr., umboðsmenn aðilja höfðu ekki sameiginlegan frest samkvæmt 110. gr. Aðiljar skiptust á 9 sóknar- og varnarskjölum. Loks leiðbeindi dómari ekki ólöglærðum umboðsmanni aðilja um óglögg sakaratriði,

sbr. 114. gr. Var málið af þessum sökum ómerkt frá þingfestingu, og var því vísað heim í hérað 103
A seldi B jörð. B taldi kaupin taka yfir erfðaleiguland í jörðinni, er dóttir A hafði á leigu. A seldi henni síðan erfðaleigulandið. Í máli réttartaka B gegn dánarbúi A vegna meðferðar hans á erfðaleigulandinu, varð ekki dæmt, hver væri nú eigandi að landi þessu, þar sem sá, er fór með eignarráð landsins, var ekki aðili málsins 108
Málsmeðferð og dómur ómerkt og máli vísað heim vegna vangæzlu á 109. gr. laga nr. 85/1936, móttöku 11 skriflegra sóknar- og varnarskjala auk einnar bókunar af hendi hvors aðilja, og vegna uppkvaðningar dóms nærfellt 6 vikum eftir munnlegan flutning þess 134
Málflutningsmaður hafði vanrækt flutning máls fyrir héraðsdómi, en dómari hafði þó veitt honum með úrskurði frest til vitnaleiðslu, og var sá úrskurður ekki kærður. Þegar vitnaleiðslan átti að fara fram, var málflutningsmaðurinn bundinn við umræður á Alþingi. Veitti dómari honum því stuttan framhaldsfrest til vitnaleiðslunnar. Þar sem þannig stóð á og fyrri úrskurður dómara stóð óhaggaður, þótti mega staðfesta framhaldsfrestinn 147
Í skaðabótamáli vegna árekstrar skipa var það atriði, hver bæri ábyrgð á árekstrinum, sótt og varið sérstaklega og þessum hluta málsins síðan áfrýjað sér í lagi. Áfrýjunarfrests þess, er getur í 71. gr. laga nr. 85/1936, var ekki gætt ex officio 157
A var stefnt til greiðslu skaðabóta. Stefnandi lagði á fyrsta dómþingi fram sáttakæru, stefnu, reikninga og greinargerð. A kom fyrir dóm ásamt lögfræðingi. Síðan fékk lögfræðingur þessi frest eftir frest, en lagði hvorki fram greinargerð né hreyfði andmælum. Loks sótti hann ekki þing, og var málið tekið til dóms og dæmt eftir framlögðum skilríkjum. A áfrýjaði málinu að fengnu novaleyfi. Sagt, að honum hefði verið í lófa lagið að bera fyrir sig í héraði þær málsástæður, er hann vildi flytja fram í hæstarétti, og yrðu þær því ekki teknar til greina í hæstarétti gegn mótmælum gagnaðiljans, sbr. 110. og 111. gr. laga nr. 85/1936 177
Dómari ákvað ekki í máli, hvort málflutningur skyldi vera skriflegur eða munnlegur, svo sem skylt var samkvæmt 109. gr. laga nr. 85/1936. Umboðsmönnum aðilja var ekki veittur sameiginlegur frestur samkvæmt 110. gr. s. l., heldur fengu þeir fresti á víxl og skiptust á alls 6 skriflegum greinargerðum. Var málið síðan tekið til dóms

og dæmt. Málsmeðferð og dómur var ómerkt af þessum sökum 200

Sá var ljóður á meðferð máls í héraði, að ekki sást, að ákvörðun hefði verið tekin um skriflegan eða munnlegan málflutning samkvæmt 109. gr. laga nr. 85/1936, en málið var þó skriflega flutt eftir beiðni stefnanda. Frestir voru veittir aðiljum á víxl, eins og eftir hinum eldra hætti á flutningi einkamála í héraði, í stað þess að veita skal nú sameiginlegan frest til gagnasöfnunar. Hinum mikla skjalafjölda, sem lagður var fram í málinu, hafði verið raðað, eftir því sem þau voru fyrir hendi, er þing voru haldin í málinu, og torveldaði þetta mjög verk dómara málsins. Málsútlistun stefnanda í héraði var mjög ábótavant einkum sakir óþarfra málalenginga og óheppilegrar efnisskipunar, auk þess sem orðbragð hans var mjög ósæmilegt. Þrátt fyrir þessa galla á meðferð málsins af hálfu héraðsdómara og stefnanda í héraði þótti ekki alveg næg ástæða til að ómerkja málsmeðferð í héraði og dóm 293

Aðili krafðist frests í máli til að leiða vottorðsgefanda, sem dvaldist í öðru lögsagnarumdæmi, fyrir dóm til að staðfesta vottorðið, sem gagnaðili véfengdi. Þar sem frestbeiðandi færði ekki sönnur að því, að hann hefði ekki getað notað áður fengna fresti til að leiða vitnið fyrir dóm, þá varð vegna mótmæla gagnaðilja að synja honum frestsins, sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936 ..... 312, 314

Fundið að því, að aðiljar einkamáls höfðu ekki notað fresti í málinu jöfnum höndum, eftir því sem unnt er, svo sem boðið er í 110. gr. laga nr. 85/1936 319

Hús A, sem hann bjó í sjálfur, var selt á nauðungaruppboði. Kaupandi hússins (K) krafðist útburðar á hendur A, og varð fógeti við þeirri kröfu með úrskurði 4. maí 1943. Síðar er A áfrýjaði úrskurðinum, krafðist K þess, að málinu yrði vísað frá hæstarétti, þar sem A hefði eftir uppsögu úrskurðarins, en áður en hann áfrýjaði, flutzt úr húsinu, án þess að slá varnagla um áfrýjun. A bar fyrir sig vottorð fógeta þess efnis, að hann (A) hefði að loknu dómþingi 6. maí tjáð K, að hann ætlaði sér að áfrýja, en K neitaði því, að hann hefði veitt þessum orðum athygli, enda kvaðst K hafa treyst því, þegar A fluttist þegjandi og fyrirvaralaust úr húsinu, að hann áfrýjaði ekki. Talið var, að brottför A úr húsinu með nefndum hætti, yrði ekki samþýdd áfrýjun, og var málinu því vísað frá hæstarétti 321

Í einkamáli voru greinargerðir ekki lagðar fram, eins fljótt

og tilskilið er í 105. og 106. gr. laga nr. 85/1936. Ekki var kveðið á um það á þeim tíma, er í 109. gr. segir, hvort málið skyldi flutt skriflega eða munnlega. Sameiginlegur frestur var ekki veittur aðiljum, heldur frestir á víxl hátt á annað ár, og eftir það lá málið í salti um 8 mánuði, áður en það var flutt munnlega. Var við meðferð málsins auk þess blandað saman eldri og nýrri meðferð einkamála í héraði. Héraðsdómarinn var sektaður samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936, og hæstaréttarlögmenn þeir, sem með málið fóru, voru sektaðir samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940, og 3. tl. 188. gr. laga nr. 85/1936 370

Það vítt alvarlega, að mál var látið í héraði sæta meðferð andstæðri lögum nr. 85/1936. Greinargerðir af hendi umboðsmanna aðilja fóru ekki að fyrirmælum 105. og 106. gr. laganna. Sameiginlegur frestur, sem aðiljum ber að hagnýta sér í samvinnu eftir ástæðum, var ekki veittur samkvæmt 110. og 111. gr. s. l., heldur frestir á víxl, eins og tíðkaðist eftir eldri reglum. Ekki sást, að ákveðið hafði verið eftir 109. gr., hvort málið skyldi flytja munnlega eða skriflega. Raunverulega hafði málið verið flutt bæði munnlega og skriflega, og blandað var saman eldri og nýrri meðferð einkamála í héraði 389

Hæstaréttarlögmaður (H), lýsti málsatvikum og málsástæðum hvorki í stefnu né sáttakæru, og ekki lagði hann fram greinargerð, svo sem segir í 105. gr. laga nr. 85/1936. Ekki var ákveðið, hvort málflutningur skyldi vera skriflegur eða munnlegur á þeim tíma, er geinir í 109. gr. s. l. Frestir voru veittir á víxl, en ekki sameiginlegur frestur samkvæmt 110. og 111. gr. s. l. Þegar málið hafði verið fyrir héraðsdómi marga mánuði, krafði H skiptaráðanda í þrotabúi varnaraðilja svo og tilgreindan hæstaréttarlögmann vættis. H hefði getað fengið embættisvottorð skiptaráðanda um sum þessara atriða. Að öðru leyti hugðist H að nota vætti þessara manna til styrktar málsástæðu, sem hann hafði þá ekki enn hreyft í héraði. Varnaraðili andmælti vitnaleiðslunni og skaut úrskurði dómara um framgang hennar til hæstaréttar með kæru. Þar sem málsmeðferðin hafði verið svo andstæð lögum nr. 85/1936, þótti ekki viðhlítandi að halda henni áfram, og ómerkti hæstiréttur því hana og vísaði málinu frá héraðsdómi 413

Stefndi krafðist þess, að máli yrði vísað frá héraðsdómi, og fór munnlegur málflutningur fram um frávísunarkröfuna samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 430

Manndráp.

A ók bifreið vestur Suðurlandsbraut. Er hann nálgaðist vegamót, sá hann standa þar á vegarbrún ameríska hermann, er stigið hafði úr brezkri bifreið, sem ók í austurátt. Hermaðurinn fór út á veginn, A, sem segir, að hermaðurinn hafi verið á leið norður yfir veginn, beygði fyrir norðan hann, en vinstra framhjól bílsins rakst á hann, og hlaut hann bana. Í sama vetfangi rakst bíll A á brezka bifreið, er kom á móti A. Einn farþegi A kastaðist út úr bílnum og lét líf sitt, en annar farþegi hans meiddist svo og tveir menn í brezku bifreiðinni. Bifeiðarstjórar á brezku bifreiðunum svo og þrjú íslenzk vitni segja, að ameríski hermaðurinn hafi verið á leið suður yfir veginn, er bíll A rakst á hann. A segir hraða sinn ekki yfir 40 km, en vitni nefna meiri hraða. Sagt, að hinn drepni hermaður hefði sýnt mikla ógætni, er hann gekk út á veginn, en missýni A um för hermannsins, spölur sá, er bíll hans rann, eftir að hermaðurinn varð fyrir honum, og þunginn í árekstrinum á brezku bifreiðina leiddu í ljós athugaleysi A og of hraðan akstur hans, eins og á stóð. Hann var dæmdur m. a. fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215 gr. laga nr. 19/1940 82

Mannorð. Sjá borgaraleg réttindi.

Mat og skoðun. Sbr. sönnun, vitni.

Dómkvaddir menn meta skip og farm, sem bjargað var 25, 31, 76
Tryggingarlæknir lýsir áverka, er maður hlaut við fall af þaki síldarverksmiðju, og áætlar örorku hans 50
A höfðaði mál á hendur B, sem leigt hafði íbúð í húsi B, til bóta vegna spjalla á íbúðinni og bar fyrir sig skoðunargerð tveggja manna, en þar sem B var ekki veitt færi á að vera við skoðunina, var hún ónýtt sönnunargagn í málinu 61
Forstöðumaður Stýrimannaskólans markar á sjóuppdrátt eftir mælingum skipstjórnarmanna á varðskipi stað, þar sem togari var tekinn við fiskveiðar 64
Læknar lýsa áverkum, er menn urðu fyrir í bifreiðaslysum 82, 99, 324
Læknir athugar heilsu konu, er varð fyrir kynferðisbroti .. 167
Forstöðumaður Stýrimannaskólans og forstöðumaður Vélstjóraskólans voru dómkvaddir til að láta í ljós álit sitt á því, hvort sú hætta hafi vofað yfir tilgreindu skipi, að skipstjóra hefði verið rétt að rjúfa innsigli talstöðvar þess 208
Læknar rannsaka þau áhrif, sem mismunandi mikil neyzla áfengis hefur á tilgreindan mann 256

Lögreglumenn athuga verksummerki á stað, þar sem bílslys hafði orðið 324
Dómari kveður tvo menn til þess að ætlast á um hraða bifreiðar, sem rann 3,75 metra, eftir að hún var hemluð. Töldu þeir, að hraðinn myndi hafa verið h. u. b. 20 km, miðað við klukkustund 324
Af mælingargerð málarameistarafélags Rvíkur og matsgerð tveggja dómkvaddra manna mátti ráða, að vinnuafköst tveggja málara, sem unnu að málningu húss í tímavinnu, hefðu verið mjög rýr, miðað við vinnustundafjölda þann, sem þeir kröfðust launa fyrir 353
Héraðslæknir gefur lýsingu á brunasári, sem kona hlaut við svonefnda „permanent"hárliðun 389

Meinyrði. Sjá einnig ærumeiðingar.

Maður var kærður fyrir lögbrot af tveimur lögreglumönnum. Í varnarskjali fyrir hann viðhafði málflytjandi meinyrði um lögreglumennina. Héraðsdómari sektaði málflytjandann fyrir meinyrðin, en láðist að tiltaka vararefsingu fyrir réttarfarssektina. Úr þessu var bætt í hæstarétti 56
Hæstaréttarlögmaður víttur fyrir meinyrði um lögreglustjóra Reykjavíkur í málflutningi sínum 256
A, sem flutti mál sitt sjálfur, viðhafði í málsskjölum mörg og frekleg meinyrði um stefnda. Fyrir þetta sektaði héraðsdómari hann hæstu sekt samkvæmt 188. gr. laga nr. 85/1936. Þau gagnbrigzl stefnda, að svo væri helzt að sjá, að A væri ekki með réttu ráði, voru ómerkt, en ekki var sektað fyrir þau. Sektarákvæði héraðsdóms var ekki áfrýjað með málinu 293

Merkjadómur Reykjavíkur.

Í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 35/1914 segir, að ekki þurfi að leggja til sátta mál, sem ber undir merkjadóm Reykjavíkur. Ekki talið, að ákvæði þessu hafi verið breytt með 12. tl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, að dómari leiti sátta í landamerkja- og fasteignamálum, þar sem 224. gr. laga nr. 85/1936 fellir eigi úr gildi 2. mgr. 6. gr. laga nr. 35/1914, athugasemdir við greint ákvæði 5. gr. laga nr. 85/1936 vísa einungis til laga nr. 41/1919 og ástæður þær, sem liggja til grundvallar sérstöðu merkjadóms Reykjavíkur að þessu leyti, halda enn gildi sínu 180
Merkjadómur Reykjavíkur fer með og dæmir mál um umferðarrétt um fasteign 265

Óbeðinn erindisrekstur.

Íslenzkur aðili synjaði viðtöku viðar, er hann hafði gert samning um kaup á við erlent firma (F), og bar fyrir sig vörugalla. Þ greiddi þá fyrir tilmæli manns þess, sem milligöngu hafði haft um kaupin, flutningskostnað viðarins hingað til lands og geymdi síðan viðinn. Þar sem milligöngumaðurinn með tilmælum sínum við Þ var að gæta brýnna hagsmuna F, þá var skylt að endurgreiða Þ flutningskostnaðinn svo og greiða honum þóknun fyrir geymsluna 4

Ómaksbætur.

Áfrýjandi kom ekki fyrir dóm, og voru stefnda dæmdar ómaksbætur samkvæmt kröfu hans 222, 223, 288, 289

Áfrýjandi hóf mál sitt. Stefndi krafðist kr. 354.95 í ómaksbætur og studdi kröfu sína með því, að 8 sinnum hefði verið komið fyrir hæstarétt af hans hendi í málinu og vitnaleiðslur farið fram í því eftir áfrýjun þess. Áfrýjandi andmælti kröfu stefnda, en hún þótti sanngjörn og var tekin til greina 182

Neyðarvörn.

Lögreglumaðurinn (K) var að færa A inn á lögreglustöð á gamlsárkveld. A hélt því fram, að K hafði misþyrmt sér í anddyri lögreglustöðvarinnar. K sagði, að A hefði spyrnt fæti í vegg og ætlað með þeim hætti að skella K aftur á bak ofan tröppur á steingólf, en K tjáðist hafa bjargað sér með því að kasta sér fram á A, en við það skelltist A á gólfið og hlaut lemstur. Fangavörður, sem viðstaddur var, studdi skýrslu K með eiðfestum framburði. Engin sök var sönnuð á hendur K 377

Ómerking.

a) Einkamál.

Gert var lögtak í eign A fyrir útsvari, er var lagt á háseta á bát hans, en engin greinargerð var gerð fyrir fógeta um útsvar þetta, og ekki var vikið að því í úrskurði fógeta, þótt lögtaksgerðin virtist taka til þess. Var lögtakið því ómerkt 1

Með úrskurði húsaleigunefndar var A gert að rýma eitt af þremur herbergjum, er B leigði honum. B gerði kröfu þessa efnis á hendur honum fyrir fógetaréttinum. Þar sem hvorki í úrskurði húsaleigunefndar né í kröfugerð B fyrir fógeta var greint, hvert herbergið skyldi rýmt, var dómkrafan svo óákveðin, að dómur varð ekki á hana

lagður. Var öll meðferð málsins í héraði því ómerkt og málinu vísað frá fógetaréttinum 67
Ólöglærður fyrirsvarsmaður kom fyrir fógeta við lögtaksgerð til heimtu skatts og mótmælti hinum kröfðu gjöldum sem of háum, en greindi ekki ástæður, er áður voru hafðar uppi fyrir ríkisskattanefnd. Fógeti leiðbeindi ekki fyrirsvarsmanninum, heldur hratt mótmælum með úrskurði, þar sem þau væru almenns eðlis. Í úrskurði greindi hvorki aðilja málsins né lögtakskröfu. Fógeti vangætti því ákvæða 114. gr. og 1. mgr. 193. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936. Meðferð málsins fyrir fógetaréttinum og úrskurður fógeta var ómerkt, og var málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar 74
Dómari krafðist ekki greinargerða um mál á því stigi, er segir í 105. og 106. gr. laga nr. 85/1936, ákvað ekki um skriflegan eða munnlegan málflutning á því stigi, er í 109. gr. sömu laga greinir, lét ekki umboðsmenn aðilja hafa sameiginlegan frest samkvæmt 110. gr. s. l., en aðiljar skiptust á 9 sóknar- og varnarskjölum. Loks leiðbeindi dómari ekki ólöglærðum umboðsmanni aðilja um einstök óglögg sakaratriði, sbr. 114. gr. s. l. Leiddu þessi vömm til ómerkingar á meðferð málsins í héraði frá þingfestingu, og var því vísað heim í hérað 103
A reisti eftir samningi við B garð milli fasteigna þeirra í Rvík á þann hátt, að garðurinn stóð á lóð B. Síðar tók A að hækka garðinn, en B höfðaði mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til öftrunar því. Sagt, að mál þetta bæri undir lóðamerkjadóm Rvíkur, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1923 um breyting á lögum nr. 35/1914. Var dómur bæjarþings því ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi 112
Málsmeðferð og dómur ómerkt og máli vísað heim vegna vangæzlu á 109. gr. laga nr. 85/1936, móttöku 11 skriflegra sóknar- og varnarskjala auk einnar bókunar af hendi hvors aðilja, og vegna uppkvaðningar dóms nærfellt 6 vikum eftir munnlegan flutning málsins 134
Það er talið sýnt af ákvæðum 2. sbr. 4. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936, að dómari skuli persónulega úrskurða um það, hvort hann skuli víkja í máli, enda þótt fulltrúi hans fari með málið að öðru leyti. Úrskurður fulltrúa, þar sem hrundið var kröfu um, að dómari viki sæti, var því ómerktur ex officio og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar af nýju 176
Dómari ákvað ekki í máli, hvort málflutningur skyldi vera skriflegur eða munnlegur, sbr. 109. gr. laga nr. 85/1936, og veitti ekki aðiljum sameiginlegan frest samkvæmt 110.

gr. s. l. Umboðsmenn aðilja fengu í þess stað fresti á víxl og skiptust á skriflegum greinargerðum. Var málið síðan dæmt. Málsmeðferð og dómur var ómerkt af þessum sökum 200

Mál, sem höfðað var eftir gildistöku laga nr. 85/1936, var rekið að mestu eftir eldri reglum. Ekki þótti þó alveg næg ástæða til að ómerkja málsmeðferð og dóm og vísa málinu heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar af nýju 293

Fundið að því, að lýsingu málsatvika var áfátt í úrskurði um frest, sem kærður var til hæstaréttar, en ekki þótti næg ástæða til að ómerkja úrskurðinn af þeim sökum 312, 314

Í úrskurði, sem skotið var til hæstaréttar með kæru, greindi hvorki aðilja málsins né málsatvik og kröfum og málsástæðum var þar ekki lýst nema að litlu leyti. Hafði héraðsdómari því ekki gætt fyrirmæla 2. mgr. 190. gr. og 1. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Var úrskurðurinn vegna þessara megingalla ómerktur og málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju 356, 358

Hæstaréttarlögmaður (H) lagði ekki fram greinargerð, þegar mál, sem hann höfðaði, var þingfest í héraði, og ekki var málsatvikum né málsástæðum lýst í sáttakæru né stefnu. Var þetta brýnt brot á 105. gr. laga nr. 85/1936. Sameiginlegur frestur, sem aðiljum bar að hagnýta sér í samvinnu eftir ástæðum, var ekki veittur samkvæmt 110. og 111. gr. s. l., heldur frestir á víxl, eins og tíðkaðist eftir eldri reglum. Ekki var ákveðið á þeim tíma, sem segir í 109. gr., hvort mál skyldi flytja munnlega eða skriflega. Þegar málið hafði verið fyrir héraðsdómi á níunda mánuð, krafði H skiptaráðanda í þrotabúi varnaraðilja svo og tilgreindan hæstaréttarlögmann vættis. Um sum atriðin hefði H getað fengið embættisvottorð skiptaráðanda, sbr. 4. tl. 125. gr. laga nr. 85/1936. Að öðru leyti hugðist H að nota vætti þessara manna til styrktar málsástæðu, sem H hafði þá enn ekki hreyft í héraði. Varnaraðili andmælti vitnaleiðslu þessari og skaut úrskurði dómara um framgang hennar til hæstaréttar með kæru. Hæstiréttur taldi, að málsmeðferðin hefði verið svo andstæð lögum nr. 85/1936, að ekki hlýddi að halda henni áfram, og var því öll málsmeðferðin ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi 413

Með kæru var skotið til hæstaréttar úrskurði, þar sem tekin var til greina neitun vitnis að svara spurningum. Í úrskurðinum var atvikalýsing mjög áfátt, t. d. brast grein-

argerð um horf vitnisins við málinu, skýrslur skorti um vottorð vitnisins, sem varð efni þess, að það var leitt fyrir dóm, og rekja þurfti nánar ástæður sóknaraðilja fyrir því, að hann vildi fá svör við tilgreindum spurningum. Þá var og forsendum úrskurðarins tvískipt og sum atriði endurtekin. Þar sem fyrirmæli 2. mgr. 190. gr. og 1. og 4. mgr. 193. gr. laga 85/1936 voru svo brotin, var úrskurðurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju 434

b) Opinber mál.

Í stefnu á hendur manni, sem sóttur var til sakar fyrir brot gegn 108. gr. laga nr. 19/1940, voru ekki greind þau ummæli, er honum voru gefin að sök, en þar sem hann hafði verið kærður fyrir tilgreind ummæli og héraðsdómari hafði tekið þau ein ummæli til meðferðar í rannsókn sinni og dómi, þótti nefndur galli ekki eiga að varða ómerkingu dóms og málsmeðferðar frá útgáfu stefnu .. 16

A var sóttur til refsingar fyrir brot gegn lögum nr. 99/1942 um breyting á lögum nr. 79/1942 og ríkisstjóraauglýsingu nr. 100/1942 um bann gegn verðhækkun. Mál þetta hafði ekki verið borið undir dómnefnd í verðlagsmálum, áður það væri dæmt í héraði, svo sem greind lög ætlast til. Þá brast og skýrslur um ýmsar aðgerðir stjórnsýslumanna, er áhrif gátu haft á niðurstöðu málsins. Var héraðsdómur því ómerktur og málinu vísað heim í hérað 124

Rannsókn opinbers máls á hendur bifreiðarstjóra fyrir manndráp af gáleysi og brot á bifreiðalögum var mjög áfátt í ýmsum greinum. Bifreiðarstjóri, sem fengið hafði ákærða stjórn bifreiðarinnar og sat við hlið hans í henni, var ekki yfirheyrður, ekki var greint nægilega, hversu nærri vegarbrún var ekið, hvernig ákærði hagaði sér, er bifreiðin festist í girðingu við veginn, hvort ákærði teygði sig út til að losa bílhurðina úr girðingunni, hvort hliðarhalli var á veginum o. fl. Hinn áfrýjaði dómur var því ómerktur, og málinu vísað heim í hérað til nýrrar rannsóknar og uppsögu dóms af nýju 410

Opinber mál. Sbr. eftirgrennslan brota, lögregla, lögreglumenn, ómerking, refsing, sönnun, vitni.

Í máli til refsingar samkvæmt 108. gr. laga nr. 19/1940 hafði dómari ekki tekið upp í stefnu meinyrði þau, sem saksótt var fyrir, en þetta var ekki látið varða ómerkinu, þar sem rannsókn málsins og dómur var einskorðað við

ummæli, er kært var fyrir, og sökunautur koma að vörnum sínum. Fundið var að þessum ágalla 16
Í ofangreindu máli stefndi dómari ekki til ómerkingar ummæla. Urðu þau því ekki ómerkt. Fundið var að þessu 16
Í máli á hendur manni fyrir brot á lögreglusamþykkt og umferðarlögum láðist héraðsdómara að vitna til umferðarlaga nr. 24/1941 í málshöfðun. Hann gleymdi að ákveða frest til greiðslu sektar þeirrar, sem sökunautur var dæmdur í, og loks tiltók hann ekki vararefsingu í stað réttarfarssektar, er hann dæmdi á hendur verjanda sökunauts 56
A var sóttur til refsingar fyrir meinyrði um stjórnsýslumann í blaðagrein. Honum var hvorki stefnt til að þola ómerking á meinyrðum né til greiðslu málskostnaðar. Meinyrðin urðu því ekki ómerkt, þótt saknæm væru, og sakarkostnaður var lagður á ríkissjóð 162
Það vítt í máli til refsingar fyrir meinyrði um stjórnsýslumann, að ekki hafði verið lagt fram eintak af blaði því, er meinyrðin birtust í, *að* ákærða var ekki stefnt til greiðslu sakarkostnaðar og ómerkingar meinyrða, *að* atvikum var óskilmerkilega lýst í héraðsdómi og að þess var ekki getið í niðurstöðu dómsins, hver bera ætti sakarkostnað 162
Lagt fyrir héraðsdómara að halda framhaldsrannsókn í opinberu máli, yfirheyra tvö vitni af nýju og eiðfesta þau síðan 324
A var dæmdur til refsingar samkvæmt 218. gr. laga nr. 19/1940 fyrir líkamsárás á B, og voru þeim síðarnefnda dæmdar skaðabætur úr hendi A..... 344
A var leiddur fyrir þrjá hermenn til þess að fá skýrslu þeirra um það, hvort hann væri sá maður, er þeir töldu, að hefði vélað þá. Það var ámælisvert, að A var látinn, að því er séð varð, koma einn fyrir hermennina, en þeir ekki látnir benda á hann í hópi manna 394
Rannsókn opinbers máls var svo ábóta vant, að héraðsdómurinn var ómerktur, og var málinu vísað heim í hérað til framhaldsrannsóknar og uppsögu dóms af nýju .. 124 410

Opinberir starfsmenn. Sjá stjórnsýslumenn.

Prentréttur. Sjá stjórnarskrá.

Rangur framburður.

Maður dæmdur til refsingar samkvæmt 142. gr. 1. mgr. sbr. 22. gr. 1 mgr. laga nr. 19/1940 fyrir það, að hann var

frumkvöðull að því, að annar maður gerðist sekur um rangan framburð fyrir dómi 394

Refsingar, sbr. gjaldþrotaskipti.

1. Um refsingar og einstök refsiverð verk.

Í máli á hendur manni til refsingar fyrir brot á lögreglusamþykkt og umferðarlögum láðist héraðsdómara að vitna til umferðarlaga nr. 24/1941 í málshöfðun, hann ákvað ekki frest til greiðslu sektar þeirrar, sem hann gerði sökunaut, og loks tiltók hann ekki vararefsingu í stað réttarfarssektar, er hann dæmdi á hendur verjanda sökunauts 56

Bílstjóri (A) ók af gáleysi á fótgangandi mann, sem einnig sýndi athugaleysi, svo og í sömu andránni á bíl, sem kom á móti honum. Hinn fótgangandi maður og einn farþega í bíl A hlutu bana, annar farþegi A slasaðist. Bílstjóri hins bílsins og einn farþegi í þeim bíl meiddust. Brot A varðaði við 215. og 219. gr. laga nr. 19/1940, 26., 27. og 39. gr. laga nr. 23/1941. Með því að aka án nothæfs hraðamælis og gefa ekki hljóðmerki braut hann 9., 28. og 38. gr. laga nr. 23/1941 82

B hafði leyfi til afnota af herbergi og rúmi A, er hann var fjarvistum. B gekk þar til sængur gamlárskvöld eitt ásamt fylgikonu sinni (V). Þegar þau voru stofnuð, kom A heim og háttaði hjá þeim. Tók hann síðan að hafa samfarir við V. Kvaðst hún hafa vaknað við það, að karlmaður var tekinn að eiga lag við hana, og hugði hún, að það væri friðill sinn, en er hún varð þess vís, að annar maður var að verki, stökk hún fram úr rúminu. Ósannað var, að A hefði athugað, að V var sofandi, er hann hóf samræðið. Var hann því ekki sakfelldur eftir 195. gr. laga nr. 19/1940. Hann hlaut hins vegar að vita, að V taldi sig vera að hafa mök við B. Var A því dæmdur eftir 199. gr. greindra laga 162

A tók færeyskt skip til fiskveiða við Ísland 1939. Eigendur skipsins skyldu fá ákveðinn hluta af andvirði aflans í gjald fyrir afnot skips og starf skipshafnar, og skyldi A. greiða það til banka á nafn eigenda. A vanefndi þetta og eyddi af fjárhlut eigenda. Fyrirsvarmaður þeirra samdi þá skilareikning um viðskiptin þann 29. ágúst 1939, og gaf A síðan út víxil fyrir skuld sinni samkvæmt þeim reikningi. Sætti fyrirsvarsmaðurinn sig við þessi málalok. Þótti hann með þessu hverfa frá refsikröfu á hendur A, enda var ekki sannað, að A hefði blekkt hann við

reikningsskilin, sbr. 256. gr. laga 25. júní 1869 og 2. gr. laga nr. 19/1940 211
Telja verður það meginreglu í íslenzkri löggjöf, að ákvæði dóms eða úrskurðar um dagsektir á hendur aðilja verði ekki fullnægt, hvorki með aðför né afplánun, ef því er að skipta, eftir að hann hefur gegnt þeirri skyldu, sem knýja átti til með dagsektum, sbr. 2. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936 og áður 4. gr. laga nr. 13/1925 339
A hratt B í nærveru vitna á hlera á búðarborði. Tveimur nóttum síðar sýndi B lækni lemstur á fingri. Læknirinn taldi það trúlegt, að B hefði fengið áverkann við hrindinguna. B. vann eið að því, að lemstrið hefði hann fengið á þenna hátt. Heimafólk B tók eftir meiðslunum á þeim tíma, er heim kom við frásögn hans. Sannað þótti, að B hefði fengið lemstrið í árás A, og voru þessar afleiðingar metnar A til gáleysis og honum dæmd refsing samkvæmt 218. gr. laga nr. 19/1940 344
Skipstjóri á erlendum togara, sem var að veiðum í landhelgi, hlýddi ekki skipunum yfirmanna á varðbát um að hætta veiðum og fylgjast með varðbátnum, heldur hélt hann áfram veiðum og sigldi síðan á haf út með stýrimann varðbátsins, sem farið hafði út í togarann og neitaði að fara þaðan. Ægir veitti togaranum eftirför og stöðvaði hann eftir allmikla skothríð. Skipstjórinn á togaranum var dæmdur til refsingar eftir 106. gr. laga 19/1940 svo og fyrir brot á lögum nr. 5/1920 359
Gæzluvarðhald látið koma fullri dagatölu til frádráttar varðhaldi, sem maður var dæmdur í 359 394
Manni, sem lokið hafði fullnaðarprófi „Maschinen Ingenieure" í Mittweida í Þýzkalandi og nefndi sig Mittweidaingenieur, var talið óheimilt að nefna sig ingeniör, og var hann því sektaður samkvæmt lögum nr. 24/1937, þar sem hann hafði ekki leyfi ráðherra samkvæmt 1. gr. laganna til nefnds starfheitis, enda hafði stéttarfélag verkfræðinga, eftir því sem upp kom, ekki viðurkennt skóla þann sem fullgildan, er hann hafði lokið prófi við 363
Kona dæmd til refsingar samkvæmt lögum nr. 126/1941 fyrir að afla sér með villandi skýrslum úrskurðar húsaleigunefndar, en með úrskurðinum var leigutökum hennar gert að rýma leiguíbúð í húsi hennar vegna brýnnar þarfar hennar á íbúðinni. Síðar sannaðist, að sú þörf var ekki fyrir hendi. 385
A játaði, að hann hefði tekið við 180 krónum af hermanni til áfengiskaupa, en eytt þeim í sjálfs sín þarfir. Játningin

var studd af skýrslu tveggja hermanna svo og reyndum málsins. Afturköllun á játningunni, sem engum rökum var studd, var því ekki sinnt, og var A dæmdur til refsingar samkvæmt 247. gr. laga nr. 19/1940 394
Maður dæmdur til refsingar samkvæmt 142. gr. 1. mgr. sbr. 22. gr. 1. mgr. laga nr. 19/1940 fyrir það, að hann var frumkvöðull að því, að annar maður gerðist sekur um rangan framburð fyrir dómi 394

2. *Einstakar refsitegundir.*

a. Sektir dæmdar, er afplána skal í varðhaldi, ef ekki greiðast 16, 56, 64, 162, 208, 359, 363, 365, 385, 407
b. Varðhald dæmt 344, 359
c. Fangelsi dæmt 82, 167, 211, 215, 394
d. Upptaka eignar. Afli, veiðarfæri og dragstrengir togara gert upptækt 64, 359

Reklamation. Sjá aðgerðaleysisverkanir.

Regres. Sjá framkröfur.

Res judicata. Sjá dómar.

Réttarfar. Sjá aðiljaskýrslur, áfrýjun, dómar, dómarar, fjárnám, fógetagerðir, frestir, kyrrsetning, kærumál, lögtak, málflutningsmenn, málflutningur, málshöfðun, málsmeðferð, ómerking, stefna, sönnun, vitni.

Réttarfarssektir.

Tveir lögreglumenn kærðu mann fyrir lögbrot. Í varnarskjali fyrir kærða viðhafði málflytjandi niðrandi ummæli um lögreglumennina. Héraðsdómari sektaði málflytjandann fyrir meinyrðin, en láðist að ákveða vararefsinguna. Hæstiréttur tiltók hana 56
A, er sótti mál sitt sjálfur fyrir dómstólum, viðhafði mörg mjög niðrandi og meiðandi ummæli um stefndu í málsskjölunum. Héraðsdómari gerði honum fyrir þetta að greiða þá hæstu sekt, sem ákveðin er í 188. gr. laga nr. 85/1936, eða 200 króna sekt í ríkissjóð, en til vara 12 daga einfalt fangelsi. Þau gagnbrigzl af hendi stefndu, að svo væri helzt að sjá, að A væri ekki með réttu ráði, voru ómerkt, en ekki þótti, eins og á stóð, ástæða til að sekta fyrir þau. Sektarákvæði dómsins var ekki áfrýjað með málinu, og var það þegar af þeirri ástæðu staðfest 293

Ríki. Sjá fébótaábyrgð ríkisins

Rithöfundaréttur. Sjá stjórnarskráin.

Sakamál. Sjá bifreiðar, eftirgrennslan brota, gjaldþrotaskipti, lögregla, málskostnaður, mat og skoðun, opinber mál, refsingar, sönnun vitni.

Saknæmi.

Fluttur var fram með strönd í maí fiskur kaupfélags (K) á uppskipunarbát, sem dreginn var af vélbát. Eftir nokkra sigling sökk uppskipunarbáturinn, og fórust tveir menn með honum. A hafði fyrir nokkrum mánuðum gert við löskun á bátnum, tekið ákvörðun um notkun hans til þessara flutninga og séð um hleðslu hans, en samt var ekki talið, að honum hefði átt að vera ljóst, að báturinn var óhæfur til greindrar notkunar. Ekki var heldur talið sannað, að báturinn hefði verið hlaðinn á saknæman hátt. Ósannað var, að B, sem stjórnaði vélbátnum, hefði vitað um spjöll, er orðið höfðu á bátnum, eða að notkun hans væri varhugaverð. B þótti ekki hafa breytt á saknæman hátt, þar sem ekki varð fullyrt, að hann hefði vitað um ólag á bátnum fyrr en hann var að sökkva, en þá varð björg ekki við komið. Eigandi bátsins K var hins vegar dæmdur til greiðslu dánarbóta, þar sem báturinn var notaður af fyrirsvarsmanni hans og í hans þágu, en hafði reynzt óhæfur 35, 43

Verkstjóri síldarverksmiðju sendi A upp á þak verksmiðjunnar til að mála reykháf. Varð A að skreiðast eftir þaki verksmiðjunnar og halda sér í það, sem fyrir var. Missti hann taks og rann á gúmskóm sínum niður þakið, sem skreift var eftir rigningu, féll niður á skúrþak og hlaut stórkostleg lemstur. Það var talin frekleg óaðgæzla af hendi verkstjórans að láta framkvæma verk þetta án nokkurs öryggisútbúnaðar, en A þótti ekki hafa sýnt fulla aðgæzlu, er hann fór til starfans án þess að kvarta undan öryggisskortinum 50

A ók vestur Suðurlandsbraut og sá þar standa á vegarbrún ameríska hermann, er stigið hafði úr brezkri bifreið, er kom frá Rvík. A segir, að hermaðurinn hafi farið út á veginn frá suðurbrún vegarins. Beygði A nú til hægri, en vinstra framhjól bílsins rakst á hermanninn, og kastaðist hann á veginn og hlaut bana. Í sama vetfangi rakst bíll A á brezka bifreið, er kom á móti A. Einn farþegi A kastaðist út úr bílnum og lét líf sitt, og annar farþegi hans varð fyrir meiðslum svo og tveir menn í brezku bifreiðinni. Bifreiðarstjórar á brezku bílunum, er nefndir voru, svo og þrjú íslenzk vitni bera, að hinn drepni hermaður hafi farið suður yfir veginn. A kveður hraða bíls síns

ekki yfir 40 km, en vitni nefna meiri hraða. Sagt, að hermaðurinn hefði sýnt ógætni mikla, er hann gekk út á veginn, en missýni A um för hermannsins, spölur sá, er bíll hans rann, eftir að hann rakst á hermanninn, og þunginn í árekstrinum á brezka bílinn veittu fullar sönnur fyrir því, að A hafði orðið á athugaleysi og of hraður akstur 82

Skipið R, 103 smálestir, lagðist vestan við bátabryggju í höfn Rvíkur, og var það fest við hring í bryggjuna. Norskt skip A, 80—90 smálestir, lagðist utan við R og tengdi sig í það. Ofsaveður gerði, festingin í bryggjunni bilaði, og rak R og A m. a. á skipið B og löskuðu það. Skipstjórnarmenn á R þóttu hafa sýnt vangæzlu, þar sem þeir höfðu ekki treyst nægilega festar R, þegar veðrið herti, og ekki gert virkar ráðstafanir til að losa þunga norska skipsins af festum sínum. Hins vegar var það ekki leggjandi skipstjórnarmönnum á B til lýta, að þeir festu bát sinn austan við næstu bátabryggju, þar sem bátar voru vanir að vera, enda höfðu þeir ekki ástæðu til að vantreysta festing R og A. Eigandi R bar því fulla ábyrgð á árekstrinum gagnvart eigendum B 157

B gekk á gamlárskvöld 1941 ásamt fylgikonu sinni (V) til sængur í rúmi A, en rúm þetta hefði B heimild til að nota, þegar A var fjarvistum. A kom heim að áliðinni nóttu, og voru B og V þá sofnuð. A fór úr fötum sínum, slökkti ljósið og fór upp í rúmið. Lá nú V á milli karlmannanna. Rétt á eftir tók A að hafa samfarir við V. Kveðst hún hafa vaknað við mökin og haldið, að friðill sinn væri að verki, en þegar hún fann, að annar karlmaður hafði samræði við hana, brauzt hún fram úr rúminu. Ekki þótti fullyrðandi, að A hefði athugað, að V var sofandi, þegar hann hóf samfarirnar, og varð hann því ekki sakfelldur eftir 195. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar hlaut honum að vera ljóst, að V hélt, að hún hefði samfarir við B. Var A því dæmdur eftir 199. gr. laga nr. 19/1940 167

Tveir lögreglumenn tóku A fastan, þar sem hann var ör af víni á almannafæri. Handtakan varð ekki talin þeim til áfellis. Þeir héldu hvor sinni hendi hans upp á baki hans og leiddu hann. Varð átak þeirra meira á handleggjum hans vegna þess, að þeir eru menn miklu stærri vexti en A. Hann varð mjög álútur á milli þeirra, og kveða þeir, að það hafi stafað af mótspyrnu hans, en A telur, að meðferð þeirra á honum hafi valdið því. Kippti nú annar lögreglumaðurinn vinstri handlegg A hærra upp á bak hans til að reisa hann við. Við þetta og átak hins lög-

reglumannsins á hægri handlegg stríkkaði svo á vinstra handlegg A, að hann brotnaði rétt fyrir ofan olnboga, og var þetta mjög vont brot. Auðsætt þótti, að lögreglumennirnir höfðu tekið A of hörðum og ógætnislegum tökum, og það jafnvel þótt óhrakin væri sú fullyrðing þeirra, að hann hefði reynt að beita mótspyrnu 256

Vélbátur var að næturlagi í febrúar á leið til fiskjar. Var þá allt í einu brugðið upp tveimur siglingaljósum, öðru hvítu, en hinu rauðu, framundan vélbátnum aðeins til stjórnborða. Skipstjórinn á bélbátnum reyndi að afstýra árekstri við ljóslausa skipið, sem var amerískur tundurspillir, en tókst það ekki. Rakst tundurspillirinn á vélbátinn stjórnborðsmegin aftan til, og sökk báturinn svo að segja þegar. Einn skipverji á honum drukknaði. Engar skýrslur um slysið fengust frá skipverjum tundurspillisins. Hernaðarástæður lágu að vísu til ljósleysis tundurspillisins, en meginorsök árekstrarins varð eftir gögnum þeim, sem fáanleg voru, að telja þá, að stjórnendur tundurspillisins höfðu ekki gætt nægilegrar varúðar, en þeir áttu að geta séð vélbátinn og afstýrt ásiglingu 269

Erlendur aðili (F) fól 1927 M, málflytjanda í Rvík, að heimta skuld hjá feðgum L og E. M eða skrifstofa hans fór ekki eftir eindregnum fyrirmælum F um skjóta málshöfðun á hendur L og E, sem nauðsynleg var vegna vefengingar þeirra að einhverju leyti á þeim kröfum G, sem þeir höfðu ekki samþykkt víxla fyrir, svo og sökum versnandi efnahags þeirra. Innheimtan var ekki framkvæmd með nægilegri atorku, og F fékk ekki nægilegar skýrslur um gang innheimtunnar. Einungis lítill hluti kröfu F var heimtur 1934, er L og E urðu gjaldþrota. M hafði með atferli sínu fellt sér á hendur sönnunarbyrði um það, að ekki hefði verið unnt að heimta meira af kröfu F en raun varð á, en við ákvörðun fébóta, sem M og félögum hans var gert að greiða F, var það virt, að F hafði dregið lengi höfðun skaðabótamáls og þar með að líkindum gert stefndu öflun gagna sér til varnar erfiðari 293

A ók inn í hlið, sem varð á götu milli tveggja bifreiða, sem stóðu hvor við sína gangstétt. Kom þá slökkviliðsbifreið á miklum hraða á móti honum. A stöðvaði bifreið sína, en slökkviliðsbifreiðin rakst á bifreið hans af allmiklum krafti, og voru hemlaför slökkviliðsbifreiðarinnar 11 metrar. Það var metið A til gáleysis, að hann ók inn í hliðið milli bifreiðanna án þess að ganga úr skugga um, hvernig háttað var umferð hinum

megin við þær, en hins vegar var það sannað með vitnisburðum, að þeir á slökkviliðsbifreiðinni gáfu ekki nógu tíð og greinileg hljóðmerki, þegar þeir ætluðu að að aka á jafn miklum hraða á milli bifreiðanna á götunni. Rétt þótti að skipta sök til helminga 335

A hratt B í vitna viðurvist á hlera. Tveimur nóttum seinna kom B með lemstur á fingri til læknis. Taldi læknirinn trúlega frásögn B um, að hann hefði fengið lemstrið við hrindinguna. B vann eið að því, að hann hefði hlotið lemstrið við hrindingu A. Heimafólk B og venzla tók eftir lemstrinu á tíma, er kom heim við frásögn B. Sannað þótti, að B hefði fengið lemstrið í árás A, og voru þessar afleiðingar metnar A til gáleysis. Var hann dæmdur til refsingar samkvæmt 218. gr. laga nr. 19/1940 344

Sameign. Sjá eignarréttur.

Samningar. Sbr. skaðabætur.

A seldi B jörð. Í kaupsamningi stóð, að B vissi um erfðaleigurétt dóttur A (D) að landspildu í jörðinni, en í afsalinu var erfðaleiguland D undan skilið. Þegar B athugaði orðalagsmuninn milli kaupsamnings og afsals, vildi hann fá A til að lýsa því, að erfðaleigulandið fylgdi í kaupunum, en einungis hefði verið ætlazt til, að B virti erfðaleiguréttinn. Milligöngumaður segir, að A hafi ætlað að undirrita yfirlýsing þessa efnis, en ekki varð af því. Í þess stað samdi B við A og D á þá leið, að B keypti erfðaleiguland og erfðaleiguréttindi með vissum skilyrðum. Þessi samningur var ekki framkvæmdur, en A seldi D erfðaleigulandið. B seldi F síðar jörðina og framseldi honum jafnframt rétt sinn vegna erfðaleigulandsins. Gerði F því næst kröfur á hendur dánarbúi A vegna erfðaleigulandsins. Í því máli varð ekki úrskurðað um eignarrétt að erfðaleigulandinu, þar sem þriðji maður hafði eignarráð þess, heldur einungis um ábyrgð búsins vegna hátternis A. Þar sem orðalag afsalsins frá A til B var óglöggt, er það var borið saman við kaupsamninginn, þá skaut B með síðari samningsgerð um kaup erfðaleigulandsins af A og annarri framkomu sinni loku fyrir, að hann (B) eða réttartakar hans gætu reist rétt á því, að afsal A til B hefði tekið yfir land þetta 108

Eigendur Hafnar á Siglufirði leigðu grunn undir íbúðarhús og til ræktunar á Hafnarbökkum, og hafði leigutaki rétt til að framselja leiguréttindi, en ekki mátti hann leyfa öðrum að reisa hús á lóðinni nema með samþykki jarð-

areigenda. A, sem varð á uppboði kaupandi að leiguréttindum þessum, lét fyrir sitt leyti af hendi til B byggingarreit á lóðinni og tók fé fyrir, en benti B á, að hann yrði að fá leyfi landeigenda til byggingar, og fékk B það leyfi. Bæjaryfirvöld létu leggja veg um leigulandið og greiddu A fé fyrir missi sinna réttinda. Sagt, að A hefði ekki með nefndum athöfnum fyrirgert leiguréttindum sínum, þar sem réttur landeigenda var óhaggaður af þeim. A varð af sömu ástæðu ekki krafinn um það fé, er hann hafði veitt viðtöku hjá B og úr bæjarsjóði. Loks hafði A leyft manni að reisa gripaskúr á lóðinni. Þetta leyfi samrýmdist að vísu ekki leigusamningnum, en þar sem A hafði tilskilið, að skúrinn skyldi fluttur af lóðinni, er þess yrði krafizt, og A hafði síðar eignazt skúrinn, varð A með þessari athöfn ekki talinn hafa unnið til riftunar á lóðarleigunni 142

Íslenzkt vátryggingarfélag hafði milligöngu um vátrygging skips A í Englandsför hjá brezku félagi. Fyrirsvarsmaður íslenzka félagsins (C) kveðst hafa tjáð A, er hann bað um tryggginguna, að iðgjöld væri breytileg og tæki 2—3 daga að fá svar frá London, hver væri iðgjöld fyrir tímabundna trygging um einn mánuð og hver væri iðgjöld fyrir ótímabundna trygging fyrir ferðina fram og aftur. Segir C, að A hafi tekið ótímabundna tryggingu eftir nokkurra stunda umhugsunarfrest. Lagði skipið því næst af stað. Símaði C beiðni um ótímabundna tryggingu og A fól umboðsmanni sínum í Englandi að greiða iðgjaldið, en af því varð ekki. Ótímabundna tryggingin varð miklu dýrari, og tilkynnti C síðan A skilmála í bréfi, sem A kveðst ekki hafa fengið fyrr en meir en 2 mánuðum eftir, að það var ritað. A kveðst því aðeins hafa óskað ótímabundinnar tryggingar, að hún fengist með sömu kjörum og tímabundin trygging. Dæmt var, að A skyldi einungis greiða fyrir tímabundna trygging, ef hann synjaði þess með eiði, að hann hefði tilkynnt tryggingarfélagi C skilyrðislausa ákvörðun sína að vátryggja skipið og farminn ótímabundið til ferðar þeirrar, sem í málinu greinir, en ef hann féllist á eiðnum, skyldi hann greiða iðgjald fyrir ótímabundna tryggingu 217

Ekkja (E) tók húsnæði á leigu til árs frá 1. okt. 1938, en uppsagnarfrestur var ákveðinn 3 mánuðir til 1. október, og gerðu aðiljar því ráð fyrir þegjandi framlengingu samningsins. A ritaði á leigumálann ábyrgðarskuldbindingu sína á leigugreiðslum. Honum var kunnugt um, að E var eigna- og atvinnulaus. Ætla varð, eins og á stóð, að A

hefði fylgzt með því, hvernig skiptum E og leigusala reiddi af, enda aðstoðaði hann E, er hún, að því er virtist í apríl 1941, reyndi að fá húsleigu sína greidda úr bæjar sjóði Rvíkur. A var því dæmdur til að greiða leigueftirstöðvar E fram til 14. maí 1941 auk kostnaðar af árangurslausri löghaldsgerð fyrir leigu hjá E 341

Hafnarnefnd Rvíkur (H), sem leigði Svensk-Isländska Fryseriaktiebolaget (F) lóð undir frystihús um tiltekið árabil, átti samkvæmt lóðarsamningnum forkaupsrétt að mannvirkjunum, ef F vildi selja þau, og skyldi þá kaupverðið ákveðið með mati, er framkvæmt skyldi með ákveðnum hætti. Hinn 8. júní 1942 lofaði F að selja hlutafélagi á Íslandi (K) frystihúsið. Þegar stjórnvöld Rvíkur fréttu þetta, báru þau fyrir sig forkaupsréttinn og kröfðust að fá að vita um kaupverð það, sem F og K höfðu samið um. Urðu um þetta skeytaskipti og bréfa allt til loka október, en þá var kaupverðið leitt í ljós. Hinn 4. nóv. ákvað H að neyta forkaupsréttarins og lýsti því í bréfum til K 9. nóv. og 5. des., að neytt yrði fyllsta réttar til forkaupa. Hinn 18. nóv. tilkynnti K, að kaupsamningur þeirra F væri úr gildi fallinn. Hinn 30. des. höfðaði H mál á hendur F og krafðist forkaupsréttar á frystihúsinu fyrir verð það, sem K hafði samið um, en til vara fyrir matsverð. H var talinn hafa öðlazt kauparétt, sem ekki féll niður, þótt samningur F og K væri ekki lengur við lýði. Ekki voru færð fram gild rök fyrir því, að ákvæði lóðarleigusamningsins um matsverð væri einungis í þágu H, og var H því ekki dæmdur réttur til að fá frystihúsið fyrir það verð, sem F og K sömdu um. Dráttur sá, sem varð á fullnaðarákvörðun um forkaupsréttinn af hendi H, var ekki metinn H til réttarspjalla, þar sem F hafði við samningana við K gengið fram hjá H og H var mikilsvert að fá að vita um kaupverðið, sem K átti að greiða, er tekin var ákvörðun um forkaupsrétt, því af því mátti ráða um verð frystihússins í kaupum og sölum, sbr. 10. gr. laga nr. 61/1917. F bar þannig ábyrgð á drættinum að miklu leyti. H var dæmdur forkaupsréttur fyrir verð, er ákveðið væri með mati 418

Sáttir.

Í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 35/1914 segir, að ekki þurfi að leggja til sátta mál þau, er ber undir merkjadóm Reykjavíkur. Ekki talið, að ákvæði þessu hafi verið breytt með 12. tl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, að dómari leiti sátta í landamerkja- og fasteignamálum, þar sem athugasemdir

við nefnt ákvæði laga nr. 85/1936 vísa einungis til laga nr. 41/1919, 224. gr. laga nr. 85/1936 fellir eigi úr gildi ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 35/1914 og ástæður þær, sem eru til grundvallar sérstöðu merkjadóms Reykjavíkur að þessu leyti, halda enn gildi sínu 180

Sératkvæði.

Ágreiningur í hæstarétti um niðurstöðu í refsimáli 237

Setulið.

Maður dæmdur til refsingar samkvæmt 1. gr. laga nr. 13/1941 fyrir að þiggja sykur að gjöf af erlendum hermanni 215

Siglingar. Sjá árekstur skipa, björgun, fiskveiðabrot, sjóveð, stríðstryggingar, vátryggingar.

Síldareinkasala Íslands. Sjá gjaldþrotaskipti.

Sjó- og verzlunardómur.

Mál til endurheimtu greidds andvirðis fyrir skemmda síld 10
Mál til ákvörðunar bjarglauna 25, 30, 76
Mál til greiðslu dánarbóta fyrir menn, sem fórust með uppskipunarbát, sem notaður var til fiskflutnings 35, 43
Skaðabóta krafizt vegna tjóns af árekstri skipa 157
Ómerktur dómur til greiðslu skaðabóta vegna tjóns af árekstri skipa 200
Heimt styrjaldartrygging sjómanna og bætur til lífeyriskaupa handa skylduliði þeirra 224, 245
Heimt vátryggingarfjárhæð skips, sem fórst í árekstri við ameríska tundurspilli 269
Skuldamál og skaðabóta vegna söltunar á síld 370
Dæmd ýmis skuldaskipti út af umboðsmennsku 400
Máli vísað frá dómi, þar sem úrlausn þess bar undir gerðardóm, en ekki undir hina almennu dómstóla að svo komnu 430

Sjóveð.

Trygging var sett fyrir bjarglaunum, sem dómur kynni síðar að ákveða, og hvarf stefnandi því frá kröfu sinni um sjóveð í skipi því, sem bjargað var 25

Sjúkratryggingar. Sjá alþýðutryggingar.

Skaðabætur.

a) Vegna vanefnda á samningum o. fl.

Kaupfélag (K) þurfti í maímánuði að láta flytja 6500 kg fisks frá Þorlákshöfn til Eyrarbakka. A, sem sá um flutn-

inginn, tók til hans uppskipunarbát, sem K átti í Þorlákshöfn, og annaðist hleðslu fisksins í hann. Nokkrum mánuðum áður höfðu brotnað nokkur borð í hlið báts þessa, og gerði A við þá löskun ásamt öðrum manni, en ekki var báturinn skoðaður eftir þetta samkvæmt lögum nr. 78/1938. Uppskipunarbáturinn var dreginn af vélbát, sem B stjórnaði, og voru tveir menn í uppskipunarbátnum. Þegar farin hafði verið hálf leið, kölluðu þeir á uppskipunarbátnum beiðni, að farið væri nær landi, og var þá aðeins sveigt nær landi. Um 15—20 mínútum seinna var aftur kallað, og virtist þá eitthvað vera að í uppskipunarbátnum. Var þá tekin ferð af vélbátnum, en í sömu andránni sökk uppskipunarbáturinn, og varð engri björg við komið. Drukknuðu menn þeir, sem í uppskipunarbátnum voru. Ekki þótti fullyrðandi, að A hefði átt að vera ljóst, að báturinn var óhæfur til þessa flutnings. Það þótti heldur ekki sannað, að báturinn hefði verið of hlaðinn né illa hlaðinn. Ósannað var, að B hefði vitað um þau spjöll, er orðið höfðu á bátnum, eða að notkun hans væri varhugaverð. Ekki varð staðhæft, að B hefði vitað um ólag eða bilun á bátnum fyrr en hann var að sökkva. Í máli, er mæður hinna drukknuðu manna sóttu á hendur A, B og K, voru A og B sýknaðir. K var hins vegar dæmt til greiðslu dánarbóta, þar sem fyrirsvarsmaður þess notaði bátinn í þess þágu og báturinn var ótvírætt ekki hæfur til notkunar þessarar 35, 43

Verkstjóri síldarverksmiðju sendi verkamenn upp á þak síldarverksmiðju til að skafa og mála reykháf. Er komið var upp á þakið, urðu mennirnir að fikra sig áfram með tæki sín og halda sér í hluti, sem ekki varð náð góðu taki á. Skreift var á þakinu eftir rigningu, og rann A, sem var í gúmskóm, missti taks á rimli, er hann hélt sér í, og féll af þaki verksmiðjunnar og niður á skúrþak. Hlaut hann af fallinu stórkostleg lemstur á fótum. Sagt, að það hefði verið óverjandi að láta A framkvæma starfann án nokkurs öryggisútbúnaðar, en honum var metið það til nokkurs aðgæzluskorts, að hann fór til starfans, án þess að kvarta undan öryggisskortinum. A var stúdent 23 ára að aldri. Honum voru dæmdar 30000.00 krónur í bætur 50

Ósönnuð voru á hendur fyrrverandi leigutaka spjöll á leigðri íbúð, enda var skoðunargerð tveggja manna um slík spjöll ónýtt sönnunargagn, þar sem leikutaka var ekki veitti færi á því að vera við skoðunina 61

A sótti B til greiðslu skaðabóta. Eftir að sótt hafði verið þing nokkrum sinnum af hendi B, sótti lögfræðingur B ekki

þing. A fékk bætur fyrir það, að B hafði ekki afhent honum salt til síldarsöltunar, eins og samningar stóðu til. Auk þess skuldaði B honum af öðrum ástæðum 177
Sameigendur málflutningsskrifstofu sóttir sameiginlega til greiðslu skaðabóta vegna mistaka við heimtu skuldar, enda þótt þeir væru ekki allir eigendur skrifstofunnar, þegar mistökin urðu. Engar varnir voru hafðar uppi á þessum grundvelli 293
Fyrirtæki (F) í Danmörku annaðist vörukaup handa feðgunum L og E, sem stunduðu verzlun hér á landi. Greiddi F vörurnar og taldi síðan þeim L og E andvirðið til skuldar auk þóknunar fyrir sína fyrirhöfn. Þeir L og E lentu í megnum vanskilum við F, og fól F þá í jan. 1927 M, málflytjanda í Rvík, heimtu skuldarinnar. Ætlaðist F til, að M annaðist hana sjálfur, en skrifstofa hans mun aðallega hafa unnið að heimtunni. M eða skrifstofumenn hans fóru ekki eftir eindregnum tilmælum F um málshöfðun á hendur L og E, en versnandi efnahagur L og E og véfenging þeirra að einhverju leyti á þeim kröfum F, sem ekki voru víxlar fyrir, gerðu skjóta málshöfðun nauðsynlega. Þá voru ekki tilraunir til innheimtu framkvæmdar með þeim krafti og hraða, sem unnt hefði verið, og ekki voru F sendar, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur hans, nægilegar skýrslur eða nægilega tímanlegar um aðgerðir M. Urðu L og E gjaldþrota 1934, og var þá einungis lítill hluti kröfu F heimtur. Með greindri háttsemi sinni þótti M hafa fellt sér á hendur sönnunarbyrði um það, að ekki hafi verið unnt að heimta meira af kröfu F en raun varð á, en virða varð það líka við ákvörðun bóta, sem M og félögum hans var gert að greiða F, að F hafði dregið höfðun skaðabótamáls á hendur þeim lengi og þar með að líkindum gert þeim öflun gagna sér til varnar torveldari. Í máli F á hendur M og félögum varð að áætla eftir líkum, hversu mikinn hluta allrar kröfunnar hefði verið unnt að heimta inn með þeim hætti, sem F ætlaðist til, og að öðru leyti með hraðri og skynsamlegri meðferð. Samkvæmt þessu og þegar virtar voru eignir L og E og skuldagreiðslur á tímabilinu fram yfir 1930, var áætlað, að heimta hefði mátt hjá L og E 14000 d. kr. af heildarkröfunni. Heimzt höfðu af M rúmar 6000 ísl. kr. Þóttu fébætur þær, sem M og félögum bar að greiða F, hæfilega ákveðnar ísl. kr. 12000, en F hafði krafizt d. kr. 28784.58 293
Nokkur hluti síldar, sem A og B söltuðu fyrir C, spilltist. Tunnur, sem síldarútvegsnefnd lagði til undir síld,

reyndust mjög gallaðar og höfðu lekið pæklinum. Þeir A og B urðu ekki taldir ábyrgir á spjöllum, sem af þessu stöfuðu. Meginorsök skemmda á nokkrum hluta síldarinnar átti samkvæmt áliti kunnáttumanna rót sína að rekja til þess, að saltið var lélegt, en úr því mátti bæta með aukinni saltnotkun. Þeir A og B taldir bera ábyrgð á þessum spjöllum og voru því dæmdir til að greiða C skaðabætur fyrir þau spjöll 370

A brenndist á höfði við svonefnda „permanent"-hárliðun. Óhapp þetta varð að telja hafa stafað af galla á umbúnaði eða skorti á nægilegri aðgæzlu af hálfu starfsfólks hjá konum þeim, sem áttu hárgreiðslustofuna. Hins vegar virtist A hvorki hafa kvartað nægilega skýrt um óþægindi sín, meðan hárliðunin stóð yfir, né lagt næga rækt við lækningu brunans, en ekki var talið, að þessi atriði ættu að svipta hana öllum rétti til bóta fyrir sársauka og lýti 389

A stundaði frystingu matvæla í leigðu húsnæði. Eigendur húsnæðisins (E) kröfðust útburðar á hendur honum vegna vanskila, og tók fógeti þá kröfu til greina. Úrskurður fógeta var felldur úr gildi í hæstarétti. Krafðist A þá innsetningar í húsnæðið, en var synjað hennar. Höfðaði A því næst skaðabótamál á hendur E vegna útburðarins, og voru A dæmdar fébætur. Var talið, að hann hefði hlotið fétjón af skyndisölu véla og áhalda, orðið fyrir atvinnutjóni svo og orðið af hlutdeild í hagnaði af áframhaldandi rekstri frystihússins. A var loks bætt þóknun, er hann varð að greiða bókhaldara, sem hann hafði ráðið. Honum varð hins vegar ekki dæmdur kostnaður af útburðarmálinu, þar sem fullnaðardómur um það atriði gekk í því máli 425

b) Utan samninga.

A og B létu G stunda fyrir sig akstur á bifreið þeirra frá bifreiðastöð. G lánaði Þ bifreiðina. Þ ók á S, og hlaut hann lemstur. Þar sem gegn skýrslum A, B og Þ var ekki sannað eða líklegt gert, að G hefði haft heimild til að lána bifreiðina, báru A og B ekki skaðabótaábyrgð á slysinu, sbr. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 23/1941 99

Skipið R, 193 smálestir, lagðist vestan við bátabryggju í höfn Rvíkur, og var það fest við hring í bryggjunni. Norskt skip A, 80—90 smálestir, lagðist utan á R og tengdi sig við það. Æðiveður skall á, festingin í bryggjunni bilaði, og rak R og A m. a. á skipið B og löskuðu það mjög. Eigendur B sóttu eiganda R til fébóta vegna

árekstrarins. Sagt, að skipstjórnarmenn R hefðu sýnt vangæzlu, þar sem þeir hefðu ekki treyst nægilega festar R og ekki séð um, að A þyngdi ekki á festum þeirra. Hins vegar þótti það ekki leggjandi skipstjórnarmönnum B til lýta, að þeir festu bát sinn austan við næstu bátabryggju, þar sem bátar voru vanir að vera, enda höfðu þeir ekki ástæðu til að vantreysta festing á R og A. Eigandi R bar því fulla ábyrgð á árekstrinum gagnvart eigendum B, en framkrafa (regres) R á hendur eigendum A varð ekki dæmd, þar sem A var ekki aðili málsins .. 157

Tveir lögreglumenn tóku A, þar sem hann ör af víni var fyrir utan veitingahús að skipta sér af ölvuðum erlendum sjóliða, sem herlögreglumaður var að taka fastan. Héldu lögreglumennirnir hvor sinni hendi A fyrir aftan bak á A og leiddu hann þannig á milli sin. Þar sem lögreglumennirnir voru stórir vexti, en A ekki meðalmaður að stærð, varð átakið á handleggjum A meira. Gerðist A nú allátur, og kveður hann, að það hafi stafað af átaki lögreglumannanna, en þeir segja, að mótspyrna hans hafi valdið því. Varð þetta til þess, að annar lögreglumaðurinn kippti vinstri hendi A lengra upp á bak hans í því skyni að reisa hann, en hinn lögreglumaðurinn hélt um leið hægri hendi A uppi á baki hans. Við þetta stríkkaði svo á vinstra handlegg A, að hann brotnaði rétt fyrir ofan olnboga. Varð A að liggja lengi í sjúkrahúsi vegna lemsturs þessa, og voru gerðar á honum margar læknisaðgerðir. Það varð, eins og á stóð, ekki talið lögreglumönnunum til áfellis, þótt þeir tækju A fastan. Hins vegar þótti það sýnt, að þeir hefðu tekið A of föstum tökum, og það jafnvel þótt óhrakin sé sú staðhæfing þeirra, að hann hefði reynt að beita mótspyrnu. Talið var réttlátt og eðlilegt, að þjóðfélagið beri ábyrgð á mistökum sem þessum, að því leyti sem þau eiga rót sína að rekja til ógætni stjórnsýslumanna. Miðar slík meðferð til öryggis og til varnaðar. Handhafar ríkisvalds fara með stjórn lögreglu Reykjavíkur, og eru athafnir lögreglu þar þáttur í beiting ríkisvalds, en lögreglumennirnir eru ekki háðir stjórnvöldum Reykjavíkur um framkvæmd sýslu sinnar. Samkvæmt þessu voru A dæmdar bætur úr ríkissjóði, kr. 17000, og borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs sýknaður, en A hafði gert kröfur á hendur þessum aðiljum in solidum 256

A ók bifreið norður Bröttugötu á Akureyri. Kom þá brezk bifreið með hárri yfirbyggingu á móti honum á eystri vegbrún. Stúlka ók á reiðhjóli á eftir brezku bifreiðinni, og kvaðst A ekki hafa séð stúlkuna fyrr en bifreiðarnar

höfðu farið hvor fram hjá annarri, en þá beygði stúlkan vestur yfir götuna. A beitti hemlum, en bifreiðin lenti á reiðhjólinu. Stúlkan féll á götuna, missti meðvitund, fótbrotnaði og meiddist meira. Telja varð, að stúlkan ætti aðalsök á slysinu, en hins vegar voru ekki sönnur að því leiddar, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, ef bifreiðarstjórinn hefði þegar, er hann varð stúlkunnar var, beygt frekar en hann gerði til vinstri og upp í lóð húss, er við götuna stendur, en ætla varð eftir málflutningnum, að hann hefði getað gert það. Var því eigandi bifreiðarinnar dæmdur til að greiða stúlkunni nokkrar fébætur, sbr. 34. gr. laga nr. 23/1941 324

A ók inn í hlið, sem varð á götu milli tveggja bifreiða, er stóðu hvor við sína gangstétt. Kom þá slökkviliðsbifreið á miklum hraða á móti honum. A stöðvaði bifreið sína, en slökkviliðsbifreiðin rakst á bifreið hans með töluverðum þunga, og voru hemlaför slökkviliðsbifreiðarinnar 11 metrar. Það var metið A til gáleysis, að hann ók inn í hliðið milli bifreiðanna, án þess að ganga úr skugga um, hvernig umferð var háttað hinum megin við þær, en hins vegar var sannað með vitnisburðum, að þeir á slökkviliðsbifreiðinni gáfu ekki nóg tíð og greinileg merki, þegar þeir ætluðu að aka á jafn miklum hraða á milli bifreiða á götunni. Samkvæmt þessu þótti rétt að leggja helming sakar á hvorn bifreiðarstjóra, og voru A dæmdar hálfar bætur fyrir tjón það, sem bifreið hans varð fyrir, úr bæjarsjóði 335

Bifreið A rakst á aðra bifreið, og skemmdist sú bifreið. A var dæmdur til að bera helming skaðans, en honum var þó ekki talið skylt að fullbæta að sínum hluta atvinnutjón vegna tafar á viðgerð, sem stafaði af vöntun á varahlutum í hina bifreiðina 335

A var dæmdur til refsingar samkvæmt 218. gr. laga nr. 19/1940 fyrir líkamsárás á B. B voru í sama máli dæmdar fébætur úr hendi A 344

Bifreiðarstjóri ók á B, sem var að ganga yfir götu, og meiddist B. Ósannað varð, að B hafi látið skorta á aðgæzlu, þegar hann fór yfir götuna. Bifreiðarstjóranum urðu hins vegar m. a. þau mistök, að fótur hans skrapp af hemlunni, þegar hann ætlaði að hemla, og gat hann því ekki stöðvað bifreiðina, eins fljótt og hann ætlaði. Var eiganda bifreiðarinnar því dæmdur til að greiða B kostnað við lækningar svo og bætur 348

Skattar og gjöld.

a) Til bæjar- og sveitarfélaga.

Bátur A, sem búsettur var í sveitinni Y, var skrásettur í sveitinni X og gerður þaðan út til fiskveiða 2 mánuði á vetrarvertíð, en notaður annars staðar hinn hluta árs. Þessi útgerð bátsins var ekki talin heimilisföst atvinnustofnun í X, sbr. 8. gr. laga nr. 106/1936 og 9. gr. b- og c-lið sömu laga. Var því felld úr gildi lögtaksgerð fyrir útsvari, er lagt var á A í X. Þá var og krafizt lögtaks í eignum A fyrir útsvari, sem lagt var í X á háseta á nefndum bát, B. Engin greinargerð var gerð fyrir fógeta um útsvar B, og ekki var vikið að því í úrskurði fógeta, þótt lögtakið virtist taka til þess. Ekki varð séð, að A hefði verið tilkynnt þessi útsvarsálagning, sbr. 29. gr. laga nr. 106/1936. Var lögtaksgerð fógeta fyrir útsvari B í eignum A því felld úr gildi 1

Fógeti virtist ekki hafa kveðið upp og birt úrskurð samkvæmt 4. gr. laga nr. 29/1885, áður lögtak væri gert fyrir útsvari. Þetta var vítt 1

A, sem átt hafði heimili í Vestmannaeyjum, fluttist ásamt konu sinni og barni til Reykjavíkur haustið 1940. Hann stundaði þar nám í Stýrimannaskólanum um veturinn og lauk þar prófi vorið 1941. Þau hjón létu rita sig og barn þeirra á manntal í Reykjavík haustið 1940, og þar taldi A fram tekjur sínar og eignir til skatts 1941. Var og skattur og útsvar lagt á hann í Reykjavík það ár. A átti bát, sem var yfir 30 smálestir. Báturinn var skrásettur í Vestmannaeyjum. Var hann gerður út þaðan til fiskjar vetrarvertíð og vorvertíð 1941 og fiskurinn seldur í fisktökuskip, en ekkert benti til, að A hefði þá fyrirtæki í landi í Vestmannaeyjum. Sumarið 1941 var A á bátnum við síldveiðar fyrir Norðurlandi, en skyldulið hans dvaldist þá í Reykjavík. A var talinn heimilisfastur í Reykjavík, þegar útsvör voru á lögð 1941. Var útsvar því réttilega lagt á hann þar, en hann var ekki útsvarsskyldur í Vestmannaeyjum 1941, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 106/1936 195

b) Til ríkissjóðs.

A keypti niðurnídda húseign 1936 og varði þegar töluverðri fjárhæð til viðgerða og endurbóta á henni. Hann vildi síðan draga þessa fjárhæð frá tekjum sínum, sem skattlagðar voru árin 1937 og 1938. Þar sem fjárhæðinni hafði ekki verið varið til að bæta úr rýrnun á eigninni, er orðið hefði í eigu A, heldur til að auka verðmæti eignarinnar, frá því sem verið hafði, er hann keypti hana, var

honum ekki heimilt að draga þenna kostnað frá tekjum sínum til skatts. A hafði talið til frádráttar tekjum sínum opinber gjöld og fjárhæð til endurbóta á húsi, svo sem lýst var. Því var ómótmælt, að skattstjóri hafði krafið hann skýringa á nokkrum liðum framtals hans, en svör A voru ófullnægjandi. Voru því ekki ástæður fyrir hendi til að fella úr gildi áætlun skattstjóra um tekjur A 149

Atvinnumálaráðherra ákvað, að iðnfyrirtæki A skyldi samkvæmt lögum nr. 57/1935 þegið undan tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs um næstu 3 ár frá byrjun október 1938 að telja. Með 5. gr. laga nr. 9/1941 voru lög nr. 57/1935 numin úr gildi. Réttur til skattfrelsis, veittur skv. heimild í þeim, var talinn varinn af 62. gr. stjórnarskrárinnar, og var því synjað lögtaks fyrir skatti, er lagður var á iðnfyrirtæki A 1941 154

Samkvæmt c-lið 82. gr. laga nr. 3/1878 höfðu skiptalaun í ríkissjóð forgengi í búi Síldareinkasölu Íslands fyrir kröfum, sem banki hafði á hendur búi einkasölunnar og tryggðar voru með almennu lögveði samkvæmt 5. gr. laga nr. 61/1929 í síld þeirri, sem Síldareinkasalan hafði í sínum vörzlum, þegar bú hennar var tekið til skipta eftir lögum nr. 84/1931, svo og í birgðum hennar af tunnum og öðru efni. Kröfur ríkissjóðs á hendur Síldareinkasölunni til greiðslu á útflutningsgjöldum og fiskiveiðasjóðsgjaldi, sbr. lög nr. 60 og 70/1921 og lög nr. 47/1930, svo og vörutolli, sbr. lög nr. 54/1926, voru forgangskröfur samkvæmt b-lið 83. gr. laga nr. 3/1878. Eftir orðalagi sínu tekur hvorki 84. né 89. gr. laga nr. 3/1878 yfir veð það, sem í 5. gr. laga nr. 61/1929 getur, en veði þessu verður að jafna til veðs þess í öllu lausafé bús, sem 84. gr. laga nr. 3/1878 tekur til, þar sem það er mjög skylt því í eðli sínu. Varð því veð samkvæmt 5. gr. laga 61/1929, er banki hafði á hendur búi Síldareinkasölu Íslands, að víkja fyrir nefndum kröfum ríkissjóðs 272

Öll hlutabréf í h/f Í voru seld hlutafélaginu E, og runnu með þessum hætti allar eigur h/f Í til h/f E. Með þessari ráðstöfun slitu hluthafar h/f Í félaginu á þann hátt, sem segir í 42. gr. laga nr. 77/1921. Samkvæmt hinu ótvíræða og undantekningarlausa ákvæði 2. gr. laga nr. 20/1942, sbr. d-lið 7. gr. laga nr. 6/1935, varð að telja hluthafa í h/f Í til skattskyldra tekna fé það, sem hann fékk úr félagseigninni við slit félagsins umfram nafnverð hlutabréfa sinna 278

A átti hluti að nafnverði 4500 krónur í h/f Í, sem stofnað var 1933. Árið 1941 seldi hann hlutafélaginu hluti sína 19000

krónum yfir nafnverði. Við álagningu skatts 1942 voru honum taldar þessar 19000 krónur til tekna samkv. 12. gr. reglugerðar nr. 133/1936, þar sem segir, að endurkaupi félag hlutabréf af hluthöfum sínum hærra verði en nafnverð þeirra hljóðar, telst mismunurinn arður til hluthafa. Ákvæði þetta var talið hafa stoð í d-lið 7. gr. laga nr. 6/1935 og nú 2. gr. laga nr. 20/1942, en jafnframt var tekið fram, að hluthafar félags greiði ekki við slit þess skatt af þeirri fjárhæð, sem félagið galt hluthafa umfram nafnverð bréfanna 285

Skip. Sjá árekstur skipa, björgun, fiskveiðabrot, stríðstryggingar, talstöðvar skipa, vátryggingar.

Skipti. Sjá einnig eignarréttur, gjaldþrotaskipti, hjón.

Skiptaréttur úrskurðar um kröfur á hendur dánarbúi 108
Skiptaréttur fer með skipti í félagsbúi hjóna, sem skildu lögskilnaði 282

Skírlífisbrot. Sjá kynferðisbrot.

Skjöl.

Í dómi hæstaréttar um landamerki er vísað til ýmissa gamalla opinberra skjala til rökstuðnings niðurstöðu 116
Það talinn galli á málflutningi, að hæstaréttarlögmaður krafði skiptaráðanda vættis um atriði, sem fá mátti embættisvottorð hans um 413

Skuldamál, sbr. forkaupsréttur, kaup og sala, samningar, skaðabætur, umboðssamningar.

A taldi timbur, sem hann hafði keypt af erlendu firma (F), gallað og neitaði að taka við því. Þ greiddi þá flutningsgjald timbursins hingað til lands fyrir tilmæli manns, sem milligöngu hafði haft um kaupin, og tók Þ síðan við timbrinu til geymslu. Þar sem milligöngumaðurinn var að gæta brýnna hagsmuna F með ráðstöfun þessari, var F dæmt skylt að endurgreiða Þ flutningskostnaðinn svo og til að greiða honum þóknun fyrir geymsluna 4
A kvaðst hafa haft milligöngu milli erlends firma og aðilja hér á landi um viðarkaup og krafðist umboðslauna af hinu erlenda firma. Skýrslur kaupenda og bréfaskipti, sem fram fóru milli A og hins erlenda aðilja, sýndu, að A hafði átt hlutdeild í milligöngu um sölu viðarins. Voru honum því dæmd umboðslaun 4

Í skuldamáli A á hendur fyrrverandi leigutaka (B) var sannað, að B hafði ekki alveg fullgreitt A húsaleigu og kol. Ósannað var af A, að B hefði vanrækt þvott á göngum að sínum hluta. Svo var og ósannað á hendur B spjöll á íbúðinni, enda var skoðunargerð tveggja manna ónýtt sönnunargagn um slík spjöll þegar af þeirri ástæðu, að B gafst þess ekki kostur að vera við skoðunina 61

A var skipaður prófdómari við próf bifreiðarstjóra á Akureyri haustið 1927. Þeirri frásögn hans, sem studd var af vottorði fulltrúa lögreglustjóra, var ekki í héraði nægilega mótmælt, að hann skoðaði frá þeim tíma bifreiðar þar, unz ráðherra skipaði hann skoðunarmann bifreiða í apríl 1929. Aðalskoðun í júlí 1928 var þó framkvæmd af skoðunarmanni frá Rvík. Þeirri skýrslu hans var heldur ekki hnekkt, að hann hefði einungis fengið 1928 skoðundargjöld fyrir þær bifreiðar, sem ekki komu til aðalskoðunar, en greiðslur fyrir annað eftirlit bifreiða það ár hefði hann fengið sumarið 1929. Varð því að telja, að laun, er A voru greidd fyrirvaralaust sumarið 1929, væru fyrir unnin störf. Síðan fékk hann laun sín greidd eftir á fyrir hvert ár í júlí. Átti hann því ógreidd hálfs árs laun, er hann lét af störfum í árslok 1936 182

Ráða mátti af 3. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1929 um einkasölu á útfluttri síld, að ríkissjóður bar ekki ábyrgð á öðrum skuldbindingum Síldareinkasölu Íslands en þeim, er ríkisstjórnin hafði sérstaklega tekið ábyrgð á samkvæmt heimild í nefndu ákvæði 272

A og B sóttu C til greiðslu á eftirstöðvum á launum fyrir söltun síldar svo og til greiðslu gjalds fyrir geymslu síldar. Loks kröfðust þeir andvirðis fyrir 145 hálftunnur. Sú vörn C, að honum hefði verið oftalin til skuldar verkunarlaun og pækilgjöld, þótti ekki á rökum reist, enda ósannað, að C hefði haft uppi mótmæli að þessu leyti við viðtöku skilareiknings. Sækjendur þóttu því eiga rétt til verkunarlaunanna. Svo áttu þeir og andvirði tunnanna, en krafa þeirra til geymslugjalds var ósönnuð. C höfðaði gagnsök til fébóta fyrir spjöll á síld, er A og B söltuðu. Tunnur, sem síldarútvegsnefnd hafði lagt til undir síld, voru mjög gallaðar og höfðu lekið pæklinum. Þeir A og B urðu ekki taldir ábyrgir á spjöllum, sem af þessu stöfuðu. Meginorsök skemmda á nokkrum hluta síldarinnar átti samkvæmt áliti dómkvaddra manna rót sína að rekja til þess, að saltið var lélegt, en úr því mátti bæta með aukinni saltnotkun. Þeir A og B voru taldir bera

ábyrgð á þessum spjöllum og voru því dæmdir til að greiða C bætur 370
B var umboðsmaður A um ýmis viðskipti. Samkvæmt reikningi, sem A hélt um viðskiptin, skuldaði B honum tiltekna fjárhæð. Með því að B vefengdi ekki einstaka liði reikningsins þessa, var hann dæmdur til að greiða A skuldina 400
A tók 1940 skipið M á leigu fyrir atbeina B. A greiddi B 2% af leigufjárhæðinni, meðan leigumálinn var í gildi, eða til 8. jan. 1941, en þá tók norsk stofnun í London umráð skipsins í sínar hendur, og gerði A þá nýjan samning um skipið við hana fyrir atbeina skipamiðlara í Rvík, án þess að A ætti þar nokkurn hlut í. Gat A því ekki krafizt umboðslauna vegna þessa samnings 400
A stóð í samningum um kaup á salti í Færeyjum. B hafði milligöngu á hendi, og virtist það vera forsenda fyrir kaupunum, að sterlingspundainnstæða B í Færeyjum yrði notuð til að greiða andvirði saltsins. Greiðsla saltsins fór nú ekki fram á þenna hátt, og útflutningsbann vegna styrjaldar skall á, áður en samningar voru fullgerðir. Átti B því ekki kröfu til umboðslauna vegna salts þessa .. 400
A gerði fyrir atbeina B kaup á salti í Aberdeen. Umboðsmaður A þar greiddi saltið og 3% umboðslaun til nafngreinds manns þar á staðnum, en ósannað var, að umboðslaun þessi hefðu runnið til B eða að maður sá, sem við þeim tók þar og ekki vildi skýra frá málavöxtum, hefði haft heimild til að taka við umboðslaunum fyrir B. Var A því dæmdur til að greiða B umboðslaun 400
B var ekki talinn hafa sannað rétt sinn til umboðslauna úr hendi A vegna salts, er A kvað hafa verið keypt án sinnar vitunar í Aberdeen og þar talið sér til skuldar, en salt þetta hafi síðan verið sent í heimildarleysi í skipinu M til Íslands, spillzt á leiðinni og verið síðan selt upp í kostnað 400
B, sem milligöngu hafði um saltkaup fyrir A erlendis, átti ekki sök á því, að kostnaður varð af því, að saltið var ekki tekið strax við skipshlið, og átti A því ekki bótakröfu á B af þeim sökum 400

Skuldaröð. Sjá gjaldþrotaskipti.

Slysatryggingar. Sjá stríðstryggingar.

Stefna.

Fundið að því, að í stefnu á hendur manni, sem sóttur var til sakar eftir 108. gr. laga nr. 19/1940, voru ekki tekin

meinyrði þau, sem honum voru gefin að sök, en þar sem rannsókn málsins og dómur laut að ummælum, er kærð höfðu verið, og ákærði gat komið að vörnum, að því er til þeirra tók, þóttu ekki efni til að ómerkja dóminn af þessum ástæðum 16

A var sóttur til refsingar samkvæmt 108 gr. laga nr. 19/1940 fyrir meinyrði um stjórnsýslumann í blaðagrein. Honum var hvorki stefnt til að þola ómerking meinyrða sinna né til greiðslu málskostnaðar. Urðu meinyrðin því ekki ómerkt, og sakarkostnaður var lagður á ríkissjóð, enda þótt sökunautur væri dæmdur til refsingar 162

Stjórnarfar. Sjá stjórnsýsla.

Stjórnarskráin.

Fjármálaráðherra varð ekki, svo að bindandi væri að stjórnskipunarrétti, sviptur með þingsályktun, sem einungis lýsir vilja Alþingis, valdi því, sem honum er fengið í lögum nr. 30/1935 til yfirráða bifreiðasölu, og gátu tilgreindir aðiljar því ekki reist rétt til úthlutunar bifreiða á ákvörðun nefndar, sem kosin var eftir þingsályktun Sameinaðs Alþingis til að úthluta bifreiðum 92

Atvinnumálaráðherra veitti iðnfyrirtækinu A samkvæmt lögum nr. 57/1935 undanþágu frá tekju- og eignarskatti um næstu 3 ár frá byrjun október 1938 að telja. Með 5. gr. laga nr. 5/1941 voru lög nr. 57/1935 numin úr gildi. Réttur til skattfrelsis, veittur samkvæmt heimild í þeim lögum, var varinn af 62. gr. stjórnarskrárinnar 154

Í 2. gr. laga nr. 127/1941 er Hinu íslenzka fornritafélagi fenginn réttur til að gefa út íslenzk rit, sem samin eru fyrir 1400. Annars er íslenzka ríkinu áskilinn einkaréttur til að gefa rit þessi út. Þó getur kennslumálaráðherra veitt öðrum leyfi til slíkrar útgáfu, og má binda leyfið því skilyrði, að fylgt sé samræmdri stafsetningu fornri. Tveir af þremur dómendum hæstaréttar kváðu upp þann dóm, að ákvæði þetta færi í bág við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar virtist meiri hluti hæstaréttar ekki telja, að 1. gr. laga nr. 127/1941 fari í bága við nefnda grein stjórnarskrárinnar, en í 1. gr. er lagt bann við því að birta, þótt meir en 50 ár séu liðin frá dauða höfundar, rit hans óbreytt að efni, meðferð eða málblæ, ef breytingunni er svo háttað, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón af. Einn dómenda taldi bæði 1. og 2. gr. laga nr. 127/1941 samþýðanlega ákvæðum stjórnarskrár. Um rök vísast til dóms og sératkvæðis 237

Varðskipið Ægir bjargaði vélskipi, sem vátryggt var í vélbátatryggingarfélagi. Skipaútgerð ríkisins höfðaði mál til bjarglauna, en eigandi vélbátsins krafðist frávísunar málsins frá dómi með skírskotun til 22. gr. laga nr. 32/1942, þar sem ákvörðun bjarglaunanna í slíkum tilvikum er falin stjórn Samábyrgðarinnar. Af hendi Skipaútgerðar ríkisins var því haldið fram, að ákvæði þetta yrði ekki samrýmt stjórnarskránni. Sagt, að löggjafarvaldinu hafi verið heimilt að setja ákvæðið í 2. mgr. 22. gr. laga nr. 32/1942 um ákvörðun launa fyrir bjargstarfa Ægis þegar af þeirri ástæðu, að Ægir er eign ríkisins og rekinn á kostnað þess. Hins vegar ber undir dómstóla að skera úr um það, hvort aðili sá, sem lögin fela ákvörðun launanna, fer um það eftir löglegum sjónarmiðum 430

Stjórnsýsla.

Í úrskurði húsaleigunefndar í útburðarmáli var ekki skýrt frá því, á hvern hátt nefndin hefði aflað sér vitneskju þeirrar, sem hún reisti niðurstöðu sína á. Meðferð þessi var ámælisverð, en þar sem atvik málsins voru nægilega skýrð fyrir dómi, þótti mega dæma það allt að einu .. 71

Sagt, að fjármálaráðherra yrði ekki, svo að bindandi sé að stjórnskipunarrétti, sviptur með þingsályktun, sem einungis lýsir vilja Alþingis, valdi því, sem honum er fengið í lögum nr. 30/1935 til yfirráða bifreiðasölu, og að tilgreindir aðiljar gætu því ekki reist rétt til úthlutunar bifreiða á ákvörðun nefndar, sem kosin var eftir þingsályktun Sameinaðs Alþingis til að úthluta bifreiðum .. 92

A sótti um leyfi til endurupptöku máls fyrir hæstarétti samkvæmt 30. gr. laga nr. 112/1935. Í umsögn sinni lýsti hæstiréttur því, að A hefði verið í lófa lagið að afla skýrslna þeirra, sem hann nú vildi bera undir dóm, þegar málið var á sínum tíma fyrir dómstólum, og væru því ekki lög til endurupptöku málsins. Ráðherra synjaði samkvæmt þessu leyfis. Nokkrum tíma síðar sótti A af nýju um leyfi til endurupptöku sama máls, og veitti ráðherra nú leyfið, án þess að leita áður tillagna hæstaréttar um þau gögn, sem hann reisti hina breyttu ákvörðun sína á. Leyfið var þegar af þessari ástæðu ekki lögmætur grundvöllur undir nýja meðferð málsins fyrir hæstarétti, og var málinu vísað frá hæstarétti .. 97

Varðbátur kom að erlendum togara, sem var að veiðum í landhelgi fyrir utan Stafnes. Fór stýrimaður varðbátsins (S) um borð í togarann og gaf skipstjóranum á honum (A) skipun um að hætta veiðum og fylgjast með

varðbátnum. A hélt samt áfram veiðum um stund og sigldi síðan á haf út. S var áfram í togaranum samkvæmt skipun skipstjórans á varðbátnum, þrátt fyrir það þótt A vildi fá hann til að fara yfir í varðbátinn og síðar í aðra báta, sem urðu á leið togarans. Ægir, sem var í Vestmannaeyjum, veitti togaranum eftirför daginn eftir og stöðvaði hann, eftir að skotið hafði verið að honum mjög mörgum skotum, er sum hæfðu hann. A var dæmdur til refsingar samkvæmt 106. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 svo og fyrir fiskveiðabrotið 359

Stjórnsýslumenn, sbr. lögreglumenn.

Starfi sá og vald það, sem síldarútvegsnefnd og framkvæmdarstjóri hennar hafa samkvæmt lögum nr. 74/1934, talið skipa nefndum mönnum í raðir stjórnsýslumanna 16

G bæjarfógeti gerði f. h. bæjarfélags sérleyfissamning við C. Einu eða tveimur árum seinna keypti G alldýran hlut af C, og gaf C honum þá ódýran hlut. Í blaði A var G spurður að því nokkrum árum seinna, hvort C hefði gefið honum báða hlutina. Þar sem fyrirspurn þessi var löguð til að gera G tortryggilegan í augum almennings og hafði ekki við rök að styðjast, að því er varðaði aðalverðmætið, þá gerðist A sekur við 108. gr. laga nr. 19/1940 162

Stríðstryggingar.

B/v Sviði var hinn 1. des. 1941 á sigling út af Vesturlandi áleiðis til Hafnarfjarðar. Hinn 2. des. var hann kominn suður undir Kolluál og sendi þá öðrum togara skeyti, sem benti til, að allt væri í lagi á b/v Sviða. Eftir þetta er það eitt vitað um skipið, að hlutir úr því svo og lík eins skipverjans fannst rekið á Vesturlandi. Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna var dæmt til að greiða ekkjum, börnum og foreldri manna, sem fórust með skipinu, dánarbætur samkvæmt 2. gr. laga nr. 76/1941, sbr. 5. gr. laga nr. 37/1940, svo og tilltekna fjárhæð til lífeyriskaupa samkvæmt 3. gr. laga nr. 76/1941, sbr. 5. gr. laga nr. 37/1940, enda virtist tryggingarfélagið hafa viðurkennt skyldu sína til að tryggja í millilandasiglingum bætur samkvæmt 3. gr. laga nr. 76/1941, en eftir ákvæðum þeirrar greinar voru skipshafnir skipa, sem til útlanda sigldu, einnig tryggðar, þegar skipin voru að veiðum eða í förum með ströndum fram. Ekki var ástæða til að ætla, að b/v Sviða hefði verið búinn sérstakur háski af bilun, sjó eða veðri, er hann hvarf. Voru

því ekki skilyrði til lækkunar krafna samkvæmt lögum nr. 95/1941. ..... 224, 245

Sveitarfélög.

Handhafar ríkisvalds fara með stjórn lögreglu Reykjavíkur og eru athafnir lögreglu þar þáttur í beiting ríkisvalds, en lögreglumennirnir eru ekki háðir stjórnvöldum Reykjavíkur um framkvæmd sýslu sinnar. Reykjavíkurbær er því ekki talinn bera fébótaábyrgð á mistökum, er lögreglumenn fremja í starfa sínum 256

Svik. Sjá fjársvik, gjaldþrotaskipti.

Svipting réttinda. Sjá atvinnuréttindi, bifreiðar, borgaraleg réttindi.

Sönnun. Sönnunarbyrði, sbr. aðiljaskýrslur, mat og skoðun, vitni.

a) Einkamál.

Sannað með skýrslum manna, er keyptu við af erlendu firma, og bréfaskiptum A og firmans, að A hafði haft milligöngu um sölu viðarins. Voru honum því dæmd umboðslaun 4

Ekki talið sannað, að A, sem tekið hafði uppskipunarbát til fiskflutnings með strönd fram í maí og nokkru áður hafði gert við löskun á honum, hefði átt að sjá, að báturinn var óhæfur til þessa flutnings. Ekki heldur talið sannað, að hann hefði ofhlaðið bátinn eða mishlaðið hann. B stjórnaði vélbát, er dró uppskipunarbátinn. Ekki var talið, sannað, að hann hafi vitað um ólag eða bilun á bátnum fyrr en í þeim svifum, er hann sökk 35, 43

Í skuldamáli leigusala A á hendur fyrrverandi leigutaka B þótti sannað, að B hefði ekki alveg fullgreitt húsaleigu, kol og kyndingu. Ósannað var, að B hefði vanrækt þvott á göngum af sínum hluta svo og, að hann hafði framið spjöll á íbúðinni, enda var skoðunargerð tveggja dómkvaddra manna ónýtt sönnunargagn um slik spjöll þegar af þeirri ástæðu, að B var ekki veitt færi á því að vera við skoðun þessa 61

Ægir bjargaði skipinu P, og var það flutt í fjöruna G, sem þótti öruggur staður handa því, unz gert hefði verið við það. Skipstjórinn á P viðurkenndi, að hann hefði þá tekið við forráðum þess og ákveðið að flytja það á fjöruna K, en þar varð holt undir miðju þess, og þar brotnaði

það. Við flutninginn voru stýrimaður og vélstjóri Ægis í P, en ekki voru gögn til stuðnings því, að þeir eða aðrir hefðu af hendi Skipaútgerðar ríkisins (S) átt þátt í ákvörðun um flutning P á fjöruna K eða val á stað handa því þar. Af hendi fyrirsvarsmanna P var ekki sannað, að fjaran G hefði verið óhæfur viðgerðarstaður né að þess hefði verið krafizt af S, að skipinu yrði valinn annar staður, eða S verið veitt færi á að velja skipinu annan stað en fjöruna G. Bjarglaun voru því ákveðin með hliðsjón af verðmæti skipsins, er það var á fjörunni G 76

A og B létu G stunda akstur á bifreið þeirra frá bifreiðastöð. G lánaði Þ bifreiðina. Þ ók á S, og hlaut hann lemstur. Þar sem gegn skýrslum A, B og Þ var ekki sannað eða líklegt gert, að G hefði haft heimild til að lána bifreiðina, urðu A og B ekki dæmdir til að greiða skaðabætur vegna slyssins, sbr. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 23/1941 .. 99

Vísað er í dómi hæstaréttar um landamerki til ýmissa gamalla opinberra gagna til rökstuðnings 116

Skýrslu A, að hann hefði skoðað bifreiðar á Akureyri um tiltekinn tíma að beiðni lögreglustjóra, var ekki nægilega mótmælt í héraði, enda var hún studd af fulltrúa lögreglustjóra. Þeirri frásögn hans var og ekki hnekkt, að hann hefði fengið laun fyrir eftirlit bifreiða greidd fyrir hálft ár eftir á 182

Kona tók á leigu heilt hús, sem var 2 herbergi, eldhús og geymslur. Hún tók síðar danskan mann, sem atvinnu hafði hér á landi, inn í íbúðina, en hann kvaðst sjá fyrir heimilinu eftir þörfum. Ekki var sannað, að dvöl hans á heimilinu færi í bága við ákvæði húsaleigusamnings um framleigu né hagsmuni leigusala að öðru leyti 205

Ósannað var, að löglegur grundvöllur að visitöluhækkun á húsaleigu væri fyrir hendi, þar sem ekki var vitað, hvort húsaleigunefnd hefði staðfest leigumálann 205

Íslenzkt vátryggingarfélag hafði milligöngu um vátrygging skips í Englandsför hjá brezku félagi. A kvaðst hafa beðið um ótímabundna tryggingu fyrir ferð skipsins fram og aftur, ef hún fengist með sömu kjörum og tímabundin trygging. Fyrirsvarsmaður íslenzka félagsins (C) segir, að A, sem ekki vildi bíða eftir svari frá London um kjörin, hafi tekið ótímabundna tryggingu, sem reyndist miklu dýrari en tímabundin trygging um einn mánuð. Er skipið var farið, voru A tilkynntir skilmálar í bréfi, er hann kveðst ekki hafa fengið fyrr en löngu seinna. C þótti hafa fært þær líkur fyrir máli sínu, að A var gerður kostur á að vinna synjunareið þess, að hann

hefði tekið ótímabundna tryggingu. Ef hann ynni eiðinn, skyldi hann greiða fyrir tímabundna tryggingu, en að öðrum kosti fyrir ótímabundna 217

Togarinn Sviði var á leið til Hafnarfjarðar frá miðum fyrir Vesturlandi. Annar togari, sem einnig var á heimleið af miðum þessum, hafði skeytasamband við Sviða, sem þá var kominn suður undir Kolluál. Skeyti þeirra á Sviða benti til, að þá hefði þeim gengið vel, en eftir það var það eitt vitað um afdrif þeirra, að hlutir úr skipinu svo og lík eins skipverja fannst rekið á Vesturlandi. Enginn ástæða var til að ætla, að Sviða hefði verið sérstakur háski búinn af bilun, sjó eða veðri. Voru því mestar líkur fyrir því, að hann hefði farizt af styrjaldarorsökum .. 224, 245

Tveir lögreglumenn héldu hvor sinni hendi A, er þeir höfðu handtekið, uppi á baki hans. Varð hann álútur á milli þeirra, og kveður hann, að það hafi stafað af átaki þeirra á handleggjum hans, en þeir kveða orsökina til þessa mótspyrnu hans. Átak þeirra varð meira fyrir það, að þeir voru miklu stærri vexti heldur en A. Kippti nú annar lögreglumanna vinstri handlegg A hærra upp á bak honum til að reisa hann við. Við þetta og átak hins lögreglumannsins á hægri hendi A strikkaði svo á vinstra handlegg hans, að handleggurinn brotnaði fyrir ofan olnboga. Auðsætt þótti, að lögreglumennirnir höfðu tekið A of föstum og ógætnislegum tökum, og það jafnvel þótt óhrakin væri sú staðhæfing þeirra, að hann hefði reynt að beita mótspyrnu 256

Fasteignirnar L og S_1 og S_2 eru nágrannaeignir í Rvík. Liggur L ofar, en S_1 og S_2 neðar að sjó. Eigendur allra þessara eigna komu því til leiðar 1901, að vegur var lagður að L. Sannað var með skýrslum vitna, að frá lagningu vegarins 1902 eða 1903 hafi verið hafin umferð til og frá S_1 og S_2 um stíg, sem liggur frá nefndum vegi þvert yfir L, en eigandi L kveður umferðina hafa hafizt 1912—1913 og tálmaða í bili 1916—1917. Stígurinn var notaður einnig í þágu L, og var umferð um hann því ekki sýnileg ítaksnotkun á L frá S_1 og S_2, en ítaksnotkun þessi hafði ekki, svo sannað væri, átt sér stað fullan hefðartíma ósýnilegra ítaka, 40 ár, sbr. 7. og 8. gr. laga nr. 46/1905. Skemmsta og greiðfærasta leiðin að og frá S_1 og S_2 liggur um stíg þenna. Samtök aðilja 1901, að fá veginn að L lagðan, verður að telja reist á þeirri forsendu, að umferðarréttur að S_1 og S_2 væri um stíginn, því að annars kostar hefði vegurinn að L verið eigendum S_1 og S_2 notalaus. Sjá mátti, að bæjaryfirvöld Rvíkur

gerðu ráð fyrir tilvist slíks umferðarréttar 1919. Þessi atriði og það, að viðgengizt hafði frá 1919 oftast umferð um stíginn, án þess að gerðar væru alvarlegar ráðstafanir til þess að tálma hana, og loks það, að stígurinn var greiðfærasta leiðin, talið sanna, að S_1 og S_2 fylgdi gangréttur og réttur til umferðar með hestvagna og handvagna um stíginn 265

Vélbátur var að næturlagi í febrúar á leið til fiskjar. Var þá allt í einu brugðið upp tveimur siglingaljósum, öðru hvítu, en hinu rauðu, framundan vélbátnum aðeins til stjórnborða. Skipstjórinn á vélbátnum reyndi að afstýra árekstri við ljóslausa skipið, sem var ameríska tundurspillir, en tókst það ekki. Rakst það á vélbátinn stjórnborgsmegin að aftan, og sökk báturinn svo að segja þegar. Einn maður drukknaði af skipverjum á honum. Engar skýrslur um slysið fengust frá skipverjum á tundurspillinum. Hernaðarástæður lágu að vísu til ljósleysis tundurspillisins, en meginorsök árekstrarins varð eftir gögnum þeim, sem fáanleg voru, að telja þá, að stjórnendur tundurspillisins hefðu ekki gætt nægilegrar varúðar, en þeir áttu að geta séð vélbátinn og afstýrt ásiglingu .. 269

Skipta varð opinberum skiptum félagsbúi hjóna, er skilið höfðu. Konan (K) taldi, að nýbýlið (N) uppi í sveit ásamt mannvirkjum væri allt eign þeirra hjóna, en maðurinn (M) sagði bróður sinn (B) eiga það hálft. N var reist á landi, er M hafði tekið á erfðaleigu 1939. Virtist auðsætt, að M og B höfðu staðið sameiginlega að gerð mannvirkja á nýbýlinu, lagt fé fram og ráðið þar jafnt. Mörg vitni, sem unnu þar bæði að byggingum og síðar að bústörfum, báru, að bræðurnir hefðu jafnan komið fram sem sameigendur. Meðal vitna þessara var sonur K af fyrra hjónabandi. Hinn 26. ágúst 1939 undirritaði M þá yfirlýsingu, að B væri sameigandi hans að N og öllum mannvirkjum þar og væri sér (M) óheimilt að selja eða veðsetja N nema með samþykki B. Kveða þeir bræður, að bróðir K hafi samið þessa yfirlýsingu fyrir þá. Hinn 26. marz 1941 gerðu þeir félagssamning um N, þar sem tekið er fram, að þeir starfræki býlið að hálfu hvor. M taldi einungis hálft N til félagsbús þeirra hjóna, er þau vegna hjónaskilnaðar komu fyrir yfirvald 4. júlí 1941. Var þá ekki hreyft andmælum af konunni eða málflytjanda hennar. Nú var að vísu N skráð á nafn M í veðmálabókum og hann hafði einn tekið lán út á það og í bréfi beðið stjórn nýbýlasjóðs að mega selja B helming þess, en samt þóttu áður rakin atriði sanna það, að hjónin M

og K væri einungis eigendur að hálfu N ásamt mannvirkjum í óskiptri sameign á móti B 282
Erlent fyrirtæki (F) fól málflutningsmanni (M) heimtu skuldar úr hendi feðga L og E, sem verzluðu hér á landi. M eða skrifstofa hans fór ekki eftir eindregnum fyrirmælum F um málshöfðun á hendur L og E, en skjótrar málshöfðunar var þörf, þar sem L og E véfengdu sumar kröfur F og efnahagur þeirra fór versnandi. Innheimtan var ekki framkvæmd með þeim hraða og krafti, sem unnt hefði verið, og M fékk ekki nægilegar skýrslur um gang heimtunnar, hvort mál hefði verið höfðað o. fl. L og E urðu gjaldþrota 1934. Var þá einungis lítill hluti kröfu F heimtur. M þótti með þessu hátterni hafa fellt sér á hendur sönnunarbyrði um það, að ekki hefði verið unnt að heimta meira af kröfum F en raun varð á, en við ákvörðun bóta bar líka að líta á það, að F hafði dregið lengi höfðun skaðabótamáls á hendur M og félögum og þar með að líkindum gert þeim öflun gagna sér til varnar torveldari. Í málinu varð að áætla eftir líkum, hversu mikinn hluta allra krafna F hefði verið unnt að heimta með þeim hætti, sem M ætlaðist til, og að öðru leyti með hraðri og skynsamlegri meðferð. Þá var og virtur efnahagur L og E á því tímabili, sem máli skipti, og tekið tillit til skuldagreiðslna þeirra á þessum tíma. Var áætlað, að heimta hefði mátt 14000 d. kr. af öllum kröfum F hjá L og E. M hafði heimt rúmar 6000 ísl. kr. Fébætur þær, sem M og félögum var gert að greiða F, þóttu hæfilega ákveðnar 12000 ísl. kr., en F hafði krafizt d. kr. 28784.58 293
Stúlka ók á eftir bíl með hárri yfirbyggingu á vegi, beygði síðan yfir götuna og varð þá fyrir bifreið, er komið hafði á móti henni, en bifreiðarstjórinn sá hana ekki fyrr en rétt áður en slysið varð. Stúlkan þótti eiga aðalsökina á árekstrinum, en ekki var sönnun að því leidd, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, ef bifreiðarstjórinn hefði beygt frekar en hann gerði til vinstri og upp í lóð húss, er við veginn stendur, en ætla varð eftir málflutningi, að honum hefði verið þess kostur, sbr. 34. gr. laga nr. 23/1943. Var eigandi bifreiðarinnar dæmdur til nokkurra bóta 324
Þ varð á nauðungaruppboði 13. apríl 1943 hæstbjóðandi að húsi og fékk uppboðsafsal fyrir því 20. s. m., og lét hann þinglýsa afsalinu 20. maí. Hinn 17. maí s. á. var tekið til úrskurðar af fógeta útburðarmál hans á hendur leigutaka í húsinu, sem greiða átti 6 mánaða leigu

fyrir fram 1. apríl. Þar sem ósannað var, að Þ hefði krafið leigutaka um greiðslu leigu, frá því hann fékk eignarafsal fyrir húsinu og áður en hann krafðist útburðar, þá þótti dráttur sá á leigugreiðslu, sem orðinn var, þegar útburðar var krafizt, ekki réttlæta útburð leigutaka .. 330
Sannað með vitnisburðum, að slökkviliðsbifreið, sem ók á miklum hraða inn í hlið, er myndaðist á götu milli bifreiða, gaf ekki nógu tíð og greinileg hljóðmerki 335
Bifreið var ekið á mann, og hlaut hann lemstur. Í máli á hendur eiganda bifreiðarinnar til skaðabóta viðurkenndi bifreiðarstjórinn, að sér hefðu orðið mistök í akstrinum 348
Bifreiðarstjóri ók á B, sem var að ganga yfir götu, og meiddist B. Ósannað var, að B hefði látið skorta á aðgæzlu, þegar hann fór yfir götuna. Bifreiðarstjóranum urðu hins vegar m. a. þau mistök, að fótur hans skrapp af hemlunni, þegar hann ætlaði að hemla, og gat hann því ekki stöðvað bifreiðina eins fljótt og hann ætlaði 348
Af mælingargerð málarameistarafélags Rvíkur og matsgerð dómkvaddra manna mátti ráða, að vinnuafköst tveggja málara, sem unnu að málningu húss í tímavinnu, hefðu verið mjög rýr, miðað við vinnustundafjölda þann, sem þeir kröfðust launa fyrir 353
A gerði fyrir milligöngu B kaup á salti í Aberdeen. Umboðsmaður þar greiddi saltið og 3% umboðslaun til nafngreinds manns þar á staðnum, en ósannað var, að umboðslaun þessi hefðu runnið til B eða að maður sá, sem við þeim tók þar og ekki vildi skýra frá málavöxtum, hefði haft heimild til að taka við umboðslaunum fyrir B. Var A því dæmdur til að greiða B 3% umboðslaun af andvirði saltsins 400
B var ekki talinn hafa sannað rétt sinn til umboðslauna úr hendi A vegna salts, sem A kvað hafa verið keypt án sinnar vitundar í Aberdeen og þar talið sér til skuldar, en salt þetta var að sögn A sent í heimildarleysi til Íslands með skipi, er var á vegum A, og hafði það spillzt á leiðinni og verið loks selt hér upp í kostnað 400

b) Opinber mál.

Sannað með eiðfestri skýrslu tveggja lögreglumanna, að A ók ljóslaust á reiðhjóli og á rangri götubrún. Hins vegar ósannað, að hann hafi heyrt er lögreglumennirnir kölluðu til hans og báðu hann að staðnæmast 56
A ók vestur Suðurlandsbraut. Ameríkur hermaður varð fyrir bílnum og hlaut bana. A sagði, að hermaðurinn hefði verið á suðurbrún vegarins og gengið norður yfir veg-

inn, A beygði til norðurs, en vinstra framhjól rakst á hermanninn. Í sömu andránni rakst bíll A á brezkan bíl, er kom á móti honum. Einn farþegi A hrökk út úr bílnum og slasaðist til dauða, og annar farþegi hans varð fyrir meiðslum svo og farþegi í brezka bílnum. Bifreiðarstjóri á brezka bílnum, bifreiðarstjóri á bíl, er hinn drepni hermaður hafði stigið út úr, svo og þrír íslenzkir sjónarvottar báru, að hermaðurinn hefði verið á leið suður yfir veginn. A kvað hraða bíls síns ekki yfir 40 km, en vitni greindu meiri hraða. Sagt, að hermaðurinn hefði farið mjög ógætilega að ráði sínu, er hann gekk út á veginn, en missýni A um för hermannsins, spölur sá, er bíll hans rann, eftir að hann rakst á hermanninn, og þunginn í árekstrinum á brezka bílinn veittu fullar sönnur fyrir athugaleysi A og of hröðum akstri hans 82

Bifreiðarstjóri drakk við akstur í einu vetfangi þrjá sopa úr sítronflösku, sem að honum var rétt, en kvaðst hafa neitað að drekka frekar, er hann fann, að áfengi var í sítroninu. Þessi skýrsla hans var lögð til grundvallar, enda var hún óhrakin. Ósannað var, að hann hefði verið með áhrifum áfengis við akstur, en áfengismagn í blóði hans var 0.96‰. Var hann því sýknaður af kæru fyrir brot á áfengislögum 82

B gekk gamlárskvöld eitt ásamt fylgikonu sinni (V) til sængur í rúmi A, er B hafði leyfi til að nota, er A var fjarvistum. A kom heim að áliðinni nótt, fór úr klæðum, slökkti ljós og fór upp í rúmið. Voru þau B og V þá sofnuð. Lá nú V á milli karlmannanna. Rétt á eftir tók A að hafa samfarir við hana. Kveðst hún hafa vaknað við það, að karlmaður var tekinn að eiga lag við hana, og hélt hún það vera friðil sinn, en er hún varð þess vís, að þetta var annar maður, stökk hún fram úr rúminu. Ósannað var, að A hefði athugað, að V var sofandi, er hann hóf samræðið. Var hann því ekki sakfelldur eftir 195. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar hlaut hann að vita, að V ætlaði sig eiga samfarir við B. A var því dæmdur eftir 199. gr. nefndra laga 167

Vitni voru að því, að A, sem var óvinveittur B, hratt B á afgreiðsluborð í veitingastofu A. Ekki kvartaði B þá um meiðsl. Að tveimur nóttum liðnum kom B með lemstur á þumalfingri til læknis. Sagðist B hafa rekið fingurinn í hlera, er A hrinti honum. Taldi læknirinn trúlegt, að aldur lemstursins væri rétt greindur af B. B vann eið að framburði sínum um orsakir lemstursins. Heimafólk B og venzlafólk tók eftir lemstrinu á tíma, er kom heim við

frásögn B. Stúlka ein bar og vann eið að, að B hefði tjáð henni, að A væri valdur að áverkanum. Sannað þótti, að B hefði hlotið lemstrið, þegar A hrinti honum, og að þessar afleiðingar yrði að telja A til gáleysis. Var A dæmdur til refsingar samkvæmt 218. gr. laga nr. 19/1940 344

A ók bifreið í beinu framhaldi af neyzlu áfengis um nokkurn tíma. Blóðsýnishorn, sem lögreglan lét taka úr honum, eyðilagðist í vörzlum lögreglunnar, en blóðsýnishorn, sem A lét síðar sjálfur taka úr sér, sýndi 0,55‰ áfengismagn. Lögreglumenn þeir, sem tóku A, sáu, að hann hafði neytt áfengis, en af framburðum þeirra og læknis, er tók blóð úr A, varð ekki með fullri vissu ályktað, að hann hefði verið með áhrifum þess. Ekki var talið sannað, að hann hefði ekið með áhrifum áfengis. Hins vegar var hann talinn hafa neytt áfengis við akstur í merkingu 23. gr. laga nr. 23/1941 365

Þrír lögreglumenn lentu í ryskingum við tvo Norðmenn á gamlárskveld á götu í Rvík. Norðmennirnir töldu, að lögreglumennirnir hefðu barið þá að ósekju með kylfum, og staðfestu konur Norðmannanna þá frásögn. Skýrslur hlutlausra vitna voru óljósar, en bentu til þess, að Norðmennirnir hefðu átt upptökin. Samkvæmt þessu og þar sem lögreglumennirnir voru þarna að rækja starfa sinn á óróatíma og mannfjöldi hafði að þeim þyrpzt, þá þótti sök ekki sönnuð á hendur lögreglumönnunum. Í anddyri lögreglustöðvarinnar felldi lögreglumaður annan Norðmanninn í gólfið, og meiddist hann. Lögreglumaðurinn sagðist hafa gert þetta í sjálfsvörn, er Norðmaðurinn ætlaði að skella honum aftur á bak niður tröppur á steingólf. Staðfesti fangavörður þessa frásögn og kvað það alrangt, að lögreglumaðurinn hefði misþyrmt Norðmanninum, eftir að hann var fallinn. Fangavörður vann eið að framburði sínum. Sök var engin sönnuð á hendur lögreglumanninum 377

Konan U sagði í maí 1942 upp leigutaka sínum A, sem leigt hafði í húsi hennar frá því 1937. Kvaðst hún ætla að gifta sig og þau hjón síðan að flytjast í íbúðina. A sagði nú upp framleigutaka, og fluttist hann á brott, en A fékk að vera í einu herbergi um sumarið 1942. Húsaleigunefnd staðfesti uppsagnir þessar. U fékk í júlí tengdamóður sinni tilvonandi íbúðina til afnota. Seinna giftist U unnusta sínum, og settust þau hjón að í íbúð í húsi móður U. En þá íbúð varð K læknir, sem þar hafði leigt, að rýma. Eftir því sem A bar fyrir húsaleigunefnd og dómi, hafði U tjáð honum, að íbúð sú, er hann rýmdi, væri

ætluð tengdamóður hennar tilvonandi. Vætti læknisins K var og á þá leið, að bæði U og móðir hennar hefðu tjáð honum, að þau U og maður hennar ætluðu að nota íbúð þá, sem hann varð að flytjast úr. Af gögnum þessum öllum þótti mega ráða, að U hefði ekki haft brýna þörf húsnæðisins í sjálfs síns húsi vorið 1942 og að hún hefði aflað sér úrskurðar húsaleigunefndar með villandi skýrslum 385

Þrír amerískir hermenn kváðust hafa skotið saman 400 krónum til áfengiskaupa og hafi A, sem var nærstaddur, boðizt til að aðstoða við kaupin. Hafi einn hermannanna tekið við peningunum og A farið með honum. Þessi hermaður segist hafa afhent A peningana við tilgreint hús, sem A hafi farið inn í. Síðar var farið að leita A, er ekki gaf sig fram, og fannst hann fyrir utan sama hús. Var hann tekinn þar fastur, en hafði þá einungis kr. 64 í fórum sínum, og meiri peningar komu ekki í leitir. Gegn neitun A var ekki sannað, að A hefði dregið sér fé. Hins vegar játaði A, að hann hefði öðru sinni tekið við 180 krónum af hermönnum til áfengiskaupa, en eytt því í sjálfs sín þarfir. Var játningin studd af skýrslu tveggja hermanna svo og reyndum málsins. Afturköllun á játningunni, sem engum rökum var studd, var enginn gaumur gefinn 394

Talstöðvar skipa.

Nokkurt ólag varð á þrýstilegu skips, er var á leið frá Englandi og var ekki mjög langt undan landi. Skipstjóri rauf innsigli á talstöð skipsins og sendi skeyti frá sér. Dómbærir menn töldu, að skipið hefði þá hvorki verið statt í neyð né yfirvofandi háska. Skipstjóri var talinn brotlegur við 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 200/1940, sbr. rgl. nr. 36/1941 og sérreglur nr. 37/1941. Var refsingin ákveðin samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 200/1940, sbr. lög nr. 30/1941, 10. og 27. gr. 8. lið 208

Tolleftirlit.

Maður dæmdur til refsingar samkvæmt 1. gr. laga nr. 13/1941 um viðauka við lög nr. 63/1937 um tollheimtu og tolleftirlit fyrir að þiggja sykur að gjöf af erlendum hermanni 215

Tryggingar. Sjá alþýðutryggingar, stríðstrygging, vátrygging.

Umboð.

A fékk kyrrsettar eigur erlends firma hér á landi til tryggingar kröfum sínum á hendur því. Sótti hann síðan kyrrsetningarmálið með stefnu á hendur varðveizlumanni eignanna hér, sbr. og op. br. 30. nóv. 1821 4
Íslenzkt vátryggingarfélag gætti hagsmuna eigenda og vátryggjenda erlends skips og farms og gerði samning við Skipaútgerð ríkisins um björgun skipsins, er strandað hafði 76

Umboðslaun. Umboðssamningar.

A krafðist umboðslauna vegna viðarsölu erlends firma hér á á landi. Skýrslur kaupanda og bréfaskipti, er fram fóru milli A og hins erlenda aðilja, sýndu, að A hafði ásamt öðrum tilgreindum manni haft milligöngu um sölu viðarins, og voru A því dæmd umboðslaun 4
A tók 1940 skipið M á leigu fyrir atbeina B. A greiddi B 2% af leigufjárhæðinni, meðan leigumálinn hélzt, eða til 8. jan. 1941, en þá tók norsk stofnun í London í sínar hendur öll umráð skipsins. Gerði A þá nýjan samning við nefnda stofnun um skipið fyrir atbeina skipamiðlara í Rvík, án þess að B ætti þar nokkurn hlut í. Gat B því ekki krafizt umboðslauna vegna þessa samnings 400
A ætlaði fyrir milligöngu B að kaupa tiltekið magn af salti í Færeyjum, og virtist það vera forsenda fyrir kaupunum, að sterlingspundainnstæða B þar yrði notuð til kaupanna. Þar sem greiðsla saltsins fór ekki fram á þenna hátt og útflutningsbann vegna styrjaldar skall á, áður samningar yrðu fullgerðir, átti B ekki kröfu til umboðslauna úr hendi A vegna salts þessa 400
B vildi fá 3% umboðslaun úr hendi A vegna kaupa á salti, sem A gerði fyrir atbeina hans í Aberdeen. Umboðsmaður A í Aberdeen greiddi saltið og 3% umboðslaun til tilgreinds manns þar á staðnum. A var allt að einu dæmdur til að greiða B umboðslaun, þar sem ósannað var, að umboðslaun þau, sem greidd voru í Aberdeen, hefðu til B runnið eða að maður sá, sem við þeim tók þar og ekki vildi skýra málavexti, hefði haft heimild til að taka við umboðslaunum fyrir B 400
B var ekki talinn hafa sannað rétt sinn til umboðslauna úr hendi A vegna salts, sem A kvað hafa verið keypt án sinnar vitundar í Aberdeen og þar talið sér til skuldar. Hafi saltið síðan heimildarlaust verið sent í skipinu M til Íslands, spillzt á leiðinni og verið selt hér upp í kostnað 400

Umboðsskrá.

Dómari fer með refsimál samkvæmt umboðsskrá 16

Umferðarlög. Sjá einnig bifreiðar.

Maður sektaður samkvæmt 6. gr. og 3. mgr. 11. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941 og 2. gr. c-lið 56. gr. sbr. 95. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar nr. 82/1929 fyrir að aka á reiðhjóli ljóslaust og á rangri götubrún 56

Umferðarréttur.

Fasteignirnar L, S_1 og S_2 eru nágrannaeignir á Bráðræðisholti í Rvík. Liggur L ofar en S_1 og S_2 neðar að sjó. Eigendur allra þessara eigna komu því til vegar 1901, að vegur var lagður vestur að L. Telja vitni, að frá lagningu vegarins 1902 eða 1903 hafi verið hafin umferð til og frá S_1 og S_2 um stíg, sem liggur frá nefndum vegi þvert yfir L. Eigandi L segir, að umferð þessi hafi ekki hafizt fyrr en 1912—13. Kveðst hann hafa reynt að tálma hana 1916, en úr því varð lítið. Árið 1940 girti hann fyrir umferðina. Stígurinn um L var einnig notaður í þágu þeirrar eignar, og var umferð um hann því ekki sýnileg ítaksnotkun á L frá S_1 og S_2, en ítaksnotkun þessi hafði ekki, svo sannað væri, átt sér stað fullan hefðartíma ósýnilegra ítaka, 40 ár, sbr. 7. og 8. gr. laga nr. 46/1905. Skemmsta og greiðfærasta leiðin til og frá S_1 og S_2 lá um stíg þenna. Samtök aðilja 1901, að fá veg lagðan að eigninni L, og loforð þeirra allra um framlag nokkurra dagsverka til þess verður að telja reist á þeirri forsendu, að réttur væri til umferðar um stíginn til og frá S_1 og S_2, því að annars kostar hefði vegurinn að L verið eigendum S_1 og S_2 notalaus. Sjá mátti og, að bæjaryfirvöld Reykjavíkur gerðu ráð fyrir umferðarrétti til og frá S_1 og S_2 1919. Þessi atriði svo og það, að viðgengizt hafði oftast frá 1901 umferð um stíginn til og frá S_1 og S_2, án þess að alvarlegar ráðstafanir hefðu verið gerðar til að tálma hana, og greiðfærast var um hann, var talið nægja til viðurkenningar á því, að S_1 og S_2 fylgdi gangréttur og réttur til umferðar með handvagna og hestvagna um stíginn, og var eigandi L skyldaður til að setja hæfilegt hlið á girðingu sína fyrir slíka umferð 265

Upptaka eignar. Sjá refsingar.

Úrskurðir.

Atvikalýsing í lögtaksúrskurði var í sumum greinum mjög ábóta vant og í öðrum greinum vantaði hana alveg. Þessi

vömm voru vítt, og lögtaksgerðin og úrskurður fógeta voru felld úr gildi m. a. af þessum ástæðum 1
Einkamáli frestað ex officio í hæstarétti og lagt fyrir héraðsdómara samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á öflun framhaldsgagna 15, 60, 180
Úrskurðir um framhaldsrannsókn í opinberu máli 324
Í úrskurði, sem skotið var til hæstaréttar með kæru, greindi hvorki aðilja málsins né málsatvik og kröfum var þar ekki lýst nema að litlu leyti. Hafði héraðsdómari því ekki gætt fyrirmæla 2. mgr. 190. gr. og 1. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Var úrskurðurinn vegna þessara meingalla ómerktur og málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju 356, 358
Kærður var til hæstaréttar úrskurður um skyldu vitnis til að svara spurningum. Atvikalýsing í honum var mjög ábótavant, t. d. brast skýrslur um horf vitnisins við málinu og um vottorð vitnisins, sem það var leitt til skýringar á. Þá skorti og lýsingu á ástæðum sóknaraðilja fyrir því, að hann vildi fá svar við tilgreindum spurningum. Loks var forsendum úrskurðarins tvískipt og sum atriði endurtekin. Úrskurðurinn var af þessum sökum ómerktur og málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju, sbr. 2. mgr. 190. gr. og 1. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936 434

Útburðargerðir.

A bjó ásamt konu sinni, sem var barnshafandi, og stjúpsyni sínum í tveimur herbergjum í húsi sínu, en herbergi þessi voru hluti af íbúð, sem leigð var. Eldhús hafði A þarna ekki, og varð hann því að kaupa sér og fjölskyldu sinni fæði utan heimilis. Í öðru húsi, sem A hafði átt frá því á árinu 1939, bjó konan B með börnum sínum og gömlum manni. Talið var, að A væri brýn þörf íbúðar þeirra, sem B hafði á leigu, og var henni því dæmt að víkja úr íbúðinni eftir uppsögn, er miðuð var við 1. október, eins og leigusamningur áskildi. Málið var rekið fyrir bæjarþingi 71
Kona tók á leigu heilt hús, sem var 2 herbergi, eldhús og geymslur. Hún tók síðar danskan mann, sem atvinnu hafði hér á landi, inn í íbúð sína, en hann kvaðst sjá fyrir heimilinu eftir þörfum. Ekki var sannað, að dvöl hans á heimilinu færi í bága við ákvæði húsaleigusamnings um framleigu né hagsmuni leigusala að öðru leyti. Var því neitað um útburð á fólki þessu. Fyrir fógeta var

útburðarkrafan einnig rökstudd með því, að vísitöluhækkun hefði ekki verið greidd á húsaleigu, en ósannað var, að löglegur grundvöllur væri fyrir slíkri hækkun, þar sem ekki var vitað, hvort húsaleigunefnd hefði staðfest leigumála 205

A leigði sölubúð og tvö bakherbergi í húsi í Rvík. Var í leigumála kveðið svo á, að leigutími skyldi vera tiltekið árabil og leigan greiðast 1.—5. hvers mánaðar fyrirfram. A, sem fór úr bænum um 20. janúar 1943, kveðst hafa beðið stúlku, er sá um verzlun hans, að greiða leigu, en leiga fyrir janúar var þá ógreidd. Kveðst hún hafa boðið fram leigu fyrir janúar og febrúar fyrstu daga í febrúar, en húseigendur neita því, að hún hafi boðið þessar leigugreiðslur fram fyrr en 18. febrúar. A kom í bæinn 11. febrúar, en greiddi ekki leiguna fyrir janúar og febrúar fyrr en með ábyrgðarbréfi 23. febrúar. Húseigendur áskildu sér fullan rétt til útburðar vegna vanskila. Greiðsludráttur A þótti bera vott um slíkt hirðuleysi, að ekki yrði hjá því komizt að taka kröfu húseigenda um útburð til greina 290

A seldi B húsnæði á leigu, og ritaði C yfirlýsingu um sjálfsskuldarábyrgð á leigumálann. B komst í vanskil um greiðslu húsaleigu. A gat látið bera B út úr húsnæðinu vegna vanskilanna, þótt hann, A, hefði ekki áður krafið C um leigugreiðslurnar 290

Hús A, sem hann bjó sjálfur í var selt á nauðungaruppboði. Kaupandi hússins (K) krafðist útburðar á A, og tók fógeti þá kröfu til greina með úrskurði 4. maí 1943. A áfrýjaði úrskurðinum, en K krafðist þess, að málinu væri vísað frá hæstarétti, þar sem A hefði eftir uppsögu úrskurðarins, en áður hann áfrýjaði, sjálfkrafa flutzt úr húsinu, án þess að slá varnagla um áfrýjun. A lagði þá fram vottorð fógeta þess efnis, að hann, þ. e. A, hefði að loknu dómþingi 6. maí lýst yfir því við K, að hann ætlaði sér að áfrýja, en K neitaði því, að hann hefði veitt þeim orðum A athygli, enda kveðst K hafa treyst því, þegar A fluttist þegjandi og fyrirvaralaust úr húsinu, að hann áfrýjaði ekki. Talið var, að brottför A úr húsinu með þeim hætti, sem lýst var, yrði ekki samþýdd áfrýjun málsins, og var málinu því vísað frá hæstarétti 321

G tók á leigu íbúð í húsi A haustið 1940. Kyndingarkostnaður var innifalinn í leigu. Fyrir fyrsta árið var leigan greidd fyrirfram, en síðan skyldi leigan greiðast fyrirfram misserislega, og greiddi G skilvíslega til 1. okt. 1942. Veturinn 1942—43 vanrækti A að láta hita húsið, og hann

varð gjaldþrota á öndverðu ári 1943. Leigan frá 1. okt. 1942 var þá ógreidd, og barði G því við, að A hefði ekki fengizt til að taka við henni, og auk þess kveðst G ekki vita, hver leigufjárhæð ætti að vera, er hitakostnaður væri dreginn frá. Á skiptafundi í búi A var ákveðið 12. marz s. á. að krefja G um leiguna og gefa fyrirvaralausa kvittun, þótt vanskil væri orðin. G greiddi síðan 23. marz fjárhæð, sem hann taldi nægilega leigu til 14. maí 1943. Þ varð á uppboði 13. apríl s. á. hæstbjóðandi að húsi A. Uppboðsafsal fékk Þ 20. s. m. og lét þinglýsa því 20. maí s. á. Hann krafðist útburðar á hendur G, og var það mál tekið til úrskurðar af fógeta 17. maí. Útburður varð ekki reistur á vanskilum, sem skiptafundur hafði gefið upp með viðtöku leigu, án þess að vanda um greiðsludrátt. Þ taldi, að 6 mánaða leiga hefði fallið í gjalddaga 1. apríl, kvaðst Þ hafa tjáð G 14. apríl, að hann væri orðinn eigandi hússins, en þá var Þ ekki búinn að fá eignarráð hússins, og réð þetta því ekki úrslitum. Ósannað var loks, að Þ hefði krafið G um greiðslu, eftir að Þ fékk eignarafsal fyrir húsinu og áður en hann krafðist útburðar. Samkvæmt þessu þótti sá greiðsludráttur, sem orðinn var, þegar útburðar var krafizt, ekki réttlæta útburð G 330

Ríkisstjórnin krafðist að fá til sinna þarfa bústað forsætisráðherra, sem fyrrverandi forsætisráðherra (H) hafði enn til afnota. H krafðist því, að leigutaki í húsi hans (S) viki þaðan, og féllst húsaleigunefnd á þá kröfu. Fyrir fógetadómi var S synjað frests til að leiða forsætisráðherra sem vitni um væntanlega notkun forsætisráðherrabústaðarins, þar sem yfirlýsing hans um þetta var fyrir hendi, og ekki varð frestur veittur S á þeim grundvelli, að formaður húsaleigunefndar, sem var fulltrúi í Stjórnarráðinu, hefði ekki átt að taka þátt í ákvörðun húsaleigunefndar 368

A fékkst við frystingu matvæla í leiguhúsi. Eigendur hússins (E) kröfðust þess, að hann væri borinn út vegna vanskila, og tók fógeti þá kröfu til greina. Úrskurður fógeta var felldur úr gildi í hæstarétti. A krafðist þá innsetningar í húsnæðið, en dómur um það atriði gekk honum ekki í vil. Hann höfðaði því næst skaðabótamál vegna útburðarins á hendur E. Talið var, að hann hefði hlotið fétjón vegna skyndisölu véla og áhalda sinna, orðið fyrir atvinnutjóni og orðið af hlutdeild í hagnaði af áframhaldandi rekstri frystihússins. Þá voru honum og dæmdar bætur vegna þess, að hann varð að greiða bókhaldara, sem hann hafði ráðið, þóknun fyrir atvinnumissi. Hins vegar varð honum ekki dæmdur kostnaður, er

hann taldi sig hafa haft af útburðarmálinu, þar sem fullnaðardómur um það atriði gekk í því máli 425

Útflutningsgjald. Sjá gjaldþrotaskipti.

Útivist aðilja. Sjá líka málflutningur.

1. Áfrýjandi sótti ekki dómþing. Útivistardómur 56, 75, 115, 116, 166, 167, 222, 223, 224, 288, 289, 323
2. Útivist stefnda. Mál flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 ..... 1, 4

Útsvör. Sjá skattar og gjöld.

Valdmörk yfirvalda. Sjá stjórnsýsla.

Valdstjórn og allsherjarregla. Sjá lögregla, lögreglumenn.

Vangeymsla. Sjá aðgerðaleysisverkanir.

Varðhald. Sjá refsingar.

Varðskip ríkisins. Sjá stjórnsýsla.

Varnarþing.

a) Einkamál.

Kyrrsetning var gerð í eigum erlends firma hér á landi til tryggingar umboðslaunum og þóknun svo og geymslulaunum fyrir timbur. Mál til staðfestingar kyrrsetningunni var sótt með stefnu á hendur aðilja þeim, sem varðveitti eigur hins erlenda firma hér á landi, sbr. op. br. 30. nóv. 1821 4

Mál rekið samkvæmt samkomulagi fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 50

Mál til heimtu bjarglauna höfðað á þeim stað, er hið bjargaða skip hafði verið dregið til 25, 30, 76

Mál rekið samkvæmt samkomulagi fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 35, 43, 370, 430

b) Opinber mál.

Landhelgisbrot framið í Garðsjó. Mál rekið í Reykjavík 64

Mál höfðað í Reykjavík samkvæmt umboðsskrá gegn manni, búsettum í Hornafirði 124

Brot framið á Seyðisfirði og mál rekið þar, þótt sökunautur ætti heima á Siglufirði 215

Landhelgisbrot framið út af Stafnesi. Mál rekið í Reykjavík 359

Vátrygging.

A bað vátryggingarfélag að hafa milligöngu um vátrygging skips í Englandsför hjá brezku félagi. Fyrirsvarsmaður hins íslenzka vátryggingarfélags (C) kveðst hafa tjáð A, er hann bað um trygginguna, að iðgjöld væru breytileg og tæki 2—3 daga að fá svar frá London um það, hver væri iðgjöld fyrir tímabundna tryggingu um einn mánuð, og hins vegar, hver væri iðgjöld fyrir ótímabundna tryggingu fyrir ferðina fram og aftur. Segir C, að A hafi tekið ótímabundna tryggingu eftir nokkurra stunda umhugsunarfrest. Lagði skipið svo af stað. Símaði C daginn áður beiðni um ótímabundna tryggingu, og fól A umboðsmanni sínum í Englandi að greiða iðgjaldið, en af því varð ekki. Hin ótímabunda trygging reyndist allt að helmingi dýrari en tímabundin trygging, og tilkynnti C síðan A skilmála í bréfi, er A kveðst ekki hafa fengið fyrr en meir en 2 mánuðum seinna. A kveðst hafa því aðeins óskað ótímabundinnar tryggingar, ef hún fengist með sömu kjörum og tímabundin trygging. Dæmt var, að A skyldi einungis greiða fyrir tímabundna tryggingu, ef hann synjaði þess með eiði, að hann hefði tilkynnt tryggingarfélagi C skilyrðislausa ákvörðun sína að vátryggja skipið og farm þess ótímabundið til ferðar þeirrar, er í málinu greinir, en ef hann féllist á eiðnum, skyldi hann greiða iðgjald fyrir ótímabundna tryggingu 217

Hinn 1. des. 1941 hætti b/v Sviði veiðum út af Vestfjörðum og sigldi áleiðis til Hafnarfjarðar. Hinn 2. des. hafði annar togari skeytasamband við b/v Sviða, sem þá var kominn suður undir Kolluál. Skeyti þeirra á Sviða bendir til, að þá hafi þeim gengið vel, en eftir það var það eitt vitað um afdrif skips þessa, að hlutir úr því svo og lík eins skipverjans fannst rekið á Vesturlandi. Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna var dæmt til að greiða ekkjum, börnum og foreldri manna, sem fórust með skipinu, dánarbætur samkvæmt 2. gr. laga nr. 76/1941, sbr. 5. gr. laga nr. 37/1940, svo og tiltekna fjárhæð til lífeyriskaupa samkvæmt 3. gr. laga nr. 76/1941, sbr. 5. gr. laga nr. 37/1940, enda virtist nefnt tryggingarfélag hafa viðurkennt skyldu sína til að tryggja í millilandasiglingum bætur samkvæmt 3. gr. laga nr. 76/1941, en eftir ákvæðum hennar voru skipshafnir skipa, er til útlanda sigldu, einnig tryggðar, þegar skipin voru að veiðum eða í förum með ströndum fram. Ekki var ástæða til að ætla, að b/v Sviða hefði verið sérstakur háski búinn af bilun, sjó eða veðri, er hann hvarf. Var því ekki skilyrði

fyrir hendi til lækkunar krafna samkvæmt lögum nr. 95/1941 ..... 224, 245

Vélbáturinn G var að næturlagi í febrúar á leið til fiskjar frá Rvík. Hafði hann að sögn skipverja öll siglingaljós uppi. Allt í einu var brugðið upp tveimur siglingaljósum, öðru hvítu, en hinu rauðu, í stefnu framundan G, aðeins til stjórnborða, en ljós þessi voru slökkt samstundis. Mátti af þessu ráða, að þarna væri skip á ferð, ljóslaust og yfirvofandi hætta á árekstri. Skipstjórinn á G, sem var við stýrið, dró fyrst úr olíugjöf til vélar og snéri síðan stýrinu hart til bakborða. Ljóslausa skipið, sem var amerískur tundurspillir, rakst allt að einu á G stjórnborðsmegin að aftan. Sökk G svo að segja þegar. Sex skipverjar á G björguðust, en einn drukknaði. Engar skýrslur fengust um slysið frá skipverjum á tundurspillinum. Hernaðarástæður lágu að vísu til ljósleysis á tundurspillinum, en meginorsök slyssins varð samt eftir gögnum málsins að telja þá, að stjórnendur tundurspillisins hefðu ekki gætt nægilegrar varúðar, en þeir áttu að geta séð G og varazt ásiglingu. Var því vátryggingarfélag það, sem tryggt hafði v/b G, dæmt til að greiða vátryggingarfé, þrátt fyrir það þótt kveðið væri svo á í vátryggingarskírteininu, að G væri ekki tryggður gegn hernaðartjóni né afleiðingum þess 269

Veð.

Samkvæmt c-lið 82. gr. laga nr. 3/1878 hafa skiptalaun í ríkissjóð forgöngu í búi Síldareinkasölu Íslands fyrir kröfum, sem banki hafði á hendur búinu og tryggðar voru með almennu lögveði samkvæmt 5. gr. laga nr. 61/1929 í síld þeirri, er Síldareinkasalan hafði í sínum vörzlum til sölumeðferðar, er bú hennar var tekið til skipta eftir lögum nr. 84/1931, svo og birgðum hennar þá af tunnum og öðru efni. Kröfur ríkissjóðs á hendur búi Síldareinkasölunnar til greiðslu á útflutningsgjöldum, fiskiveiðasjóðsgjaldi og vörutolli voru forgangskröfur samkvæmt b-lið 83. gr. laga nr. 3/1878. Eftir orðalagi sínu tekur hvorki 84. né 89. gr. laga nr. 3/1878 yfir veð það, sem í 5. gr. laga nr. 61/1929 getur, en veði þessu verður að jafna til veðs þess í öllu lausafé bús, sem 84. gr. laga nr. 3/1878 tekur til, þar sem það er mjög skylt því í eðli sínu. Verður því veð samkvæmt 5. gr. laga nr. 61/1929 að víkja fyrir forgangskröfum samkvæmt 83. gr. laga nr. 3/1878, eða krafa banka, sem veð hafði samkvæmt 5. gr.

laga nr. 61/1929, að vikja fyrir nefndum kröfum ríkissjóðs 272

Verðlag, verðlagsmál.

A var sóttur til refsingar fyrir brot gegn lögum nr. 99/1942 um breyting á lögum nr. 79/1942 og ríkisstjóraauglýsingu nr. 100/1942 um bann gegn verðhækkun. Mál þetta hafði ekki verið borið undir dómnefnd í verðlagsmálum, svo sem lögin ætlast til, og skýrslur brast bæði frá dómnefnd og ríkisstjórn um ýmsar þýðingarmiklar ráðstafanir þeirra, er mikils var um vert, er dæma skyldi málið. Var héraðsdómur því ómerktur og málinu vísað heim í hérað 124

Verkfræðingar.

G lét skrá sig í Viðskiptaskrána 1943 með starfsheitinu Mittweidaingenieur. Hann hafði prófskírteini frá Vereinigte Technische Lehranstalten des Technikum, Mittweida í Þýzkalandi, þar sem segir, að hann hafi lokið fullnaðarprófi „Maschinen-Ingenieure". Þrátt fyrir þetta varð að telja, að G væri óheimilt að nefna sig „ingeniör", þar sem hann hafði ekki leyfi ráðherra til þess samkvæmt 1. gr. laga nr. 24/1937, enda hafði stéttarfélag verkfræðinga, eftir því sem upp kom, ekki viðurkennt skóla þann fullgildan, sem G hafði lokið prófi við 363

Verzlun. Sjá kaup og sala, kyrrsetning, umboðssamningar.

Verzlunarbækur. Sjá bókhald.

Vettvangsmál. Sjá landamerkjamál, merkjadómur Reykjavíkur.

Vextir.

Einungis krafizt 5% ársvaxta og þeir því dæmdir 35, 43, 177, 182, 217, 224, 233, 245, 353, 370, 389, 425

Krafizt 6% ársvaxta og þeir dæmdir 4, 25, 31, 50, 149, 256, 324, 341, 348, 370, 400

Vextir dæmdir frá útgáfudegi sáttakæru eða héraðsstefnu samkvæmt kröfu þar um 4, 25, 35, 43, 50, 61, 76, 157, 177, 182, 217, 224, 245, 256, 269, 293, 324, 335, 341, 348, 353, 389, 400, 425,

Krafizt 6% ársvaxta í héraði, en einungis 5% vextir voru teknir til greina. Í hæstarétti einungis krafizt 5% vaxta og hærri vextir því ekki dæmdir þar 61, 76, 269, 293, 335

Vextir í máli til staðfestingar kyrrsetningu dæmdir frá kyrrsetningardegi 4
Vextir af bjarglaunum dæmdir frá bjargdegi 31
Maður dæmdur til greiðslu eftirstöðva af tekju- og eignarskatti fyrir tvö gjaldár ásamt ½% vöxtum á mánuði frá 1. júlí gjaldárs hvorrar fjárhæðar til greiðsludags 149
Vextir af lífeyrissjóðsgjaldi dæmdir frá 1. júlí gjaldársins 149
Úrskurður gerðardóms um bjarglaun staðfestur og þar með vaxtaákvæði hans 188
Ekki var andmælt upphafstíma vaxta af sjúkrahúskostnaði sjúklinga um nokkur ár, og voru dæmdir vextir af vistgjaldi fyrir hvert ár frá lokum þess árs 233
Vextir af skuldagreiðslu vegna síldarsöltunar reiknaðir frá lokum þess árs, er viðskiptin áttu sér stað, þótt málið væri höfðað meir en ári síðar 370
Vextir í gagnsök máls dæmdir frá fyrri tíma en höfðun málsins, en upphafstíma vaxta virðist ekki hafa verið mótmælt 400

Viðskiptatilkynningar. Sjá aðgerðaleysisverkanir, forkaupsréttur, kaup og sala, samningar, umboðssamningar.

Vinnusamningar.

B og S tóku tóku að sér saman að mála hús A og hófu starf sitt 10. apríl og unnu í tímavinnu. Þeir lögðu til efni og máttu leggja á það vissan hundraðshluta. Þeir kröfðust hærri hundraðshluta en lög stóðu til. A greiddi þeim laun vikulega fram til 6. júní. Eftir það vann annar þeirra til 16. júlí. A neitaði að greiða laun fyrir þenna tíma, þar sem hann taldi þá hafa krafizt launa fyrir fleiri tíma en þeir unnu. Af mælingargerð fulltrúa málarameistarafélags Reykjavíkur og matsgerð dómkvaddra manna mátti ráða, að vinnuafköst B og S hefðu verið mjög rýr, miðað við vinnustundafjölda þann, sem þeir kröfðust launa fyrir. Sitja varð þó við greiðslu vinnulauna þeirra, sem A hafði þegar goldið þeim fyrirvaralaust, en fjárhæð ógreiddra launa var færð niður 353

Vitni.

Menn, sem keyptu timbur af erlendu firma,, styðja þá staðhæfingu A, er krafðist umboðslauna af firmanu, að hann hefði átt hlutdeild í milligöngu um viðarkaupin 4
Kaupandi viðar lýsir því, hver milligöngu hafði milli hans og hins erlenda seljanda 4
Vitni lýsa uppskipunarbát, er tekinn var til fiskflutnings og sökk 35, 43

Sannað með eiðfestri skýrslu 2 lögreglumanna, að A ók á reiðhjóli á rangri götubrún og ljóslaust á ljósatíma 56
Vitni bera um aðdraganda að slysi, er ekið var á ameríska hermann, og afsanna frásögn bílstjóra þess, er á hermanninn ók, um það, hvernig för hermannsins á veginum var háttað fyrir slysið 82
Vitni gefur skýrslu um samskipti kaupanda og seljanda fasteignar 108
Vitni bera um merki milli tilgreindrar jarðar og engjaspildna 116
Málflutningsmaður vanrækti flutning máls fyrir héraðsdómi, en dómari veitti honum þó með úrskurði frest til vitnaleiðslu, og var þeim úrskurði ekki skotið til hæstaréttar. Þegar vitnaleiðslan átti að fara fram, var málflutningsmaðurinn bundinn við umræður á alþingi. Veitti dómari honum því stuttan framhaldsfrest til vitnaleiðslunnar. Þar sem þannig stóð á og fyrri úrskurður stóð óhaggaður, var framhaldsfresturinn staðfestur 147
Vitni bera um meðferð lögreglumanna á manni, er þeir tóku fastan og lemstur hlaut af völdum þeirra 256
Vitni bera um það, hversu lengi umferð hafði viðgengizt um land fasteignar til og frá tveimur nágrannaeignum .. 265
Skuldareigandi sótti málflutningsmann, sem hann hafði falið heimtu skuldarinnar, til fébóta vegna vanrækslu við heimtuna, eftir að skuldarar voru orðnir gjaldþrota. Ýmis vitna gefa skýrslur um fjárhagsgetu skuldara á þeim tíma, er máli skipti 293
Lagt fyrir héraðsdómara að halda framhaldsrannsókn í opinberu máli, yfirheyra tvö vitni af nýju og eiðfesta þau síðan 324
Sannað með vitnisburðum, að slökkviliðsbifreið, sem ók á miklum hraða inn að hliði, er myndaðist á götu milli bifreiða, gaf ekki nógu tíð og greinileg hljóðmerki 335
Vitni lýsa aðdraganda að umferðarslysi 348
A ók bifreið í beinu framhaldi af neyzlu áfengis um nokkurn tíma. Skýrslur tveggja lögreglumanna, sem kærðu hann, voru ekki sín á milli alveg samhljóða um það, hvort hann hefði verið með áhrifum áfengis, og læknir sá, sem rannsakaði hann, kvaðst ekki hafa tekið eftir áfengisáhrifum á honum. Fullar sönnur voru ekki að því leiddar, að A hefði verið með slíkum áhrifum 365
A fékk ekki frest fyrir fógetadómi til að leiða forsætisráðherra sem vitni um þörf ríkisstjórnarinnar til að fá bústað forsætisráðherra til afnota, enda hafði forsætisráð-

herra gefið yfirlýsingu um þetta, sem fram var komin í málinu 368
Vitni gefa skýrslur um viðureign lögreglumanna og tveggja Norðmanna á gamlárskvöld. Sjá nánar um lögreglumenn 377
Leigutakar, sem var sagt upp leiguíbúðum, skýra frá ummælum húseigenda um það, til hvers þeir ætluðu að nota íbúðirnar, þegar búið var að rýma þær 385
Kærður var til hæstaréttar úrskurður um skyldu vitnis til að svara spurningum. Lýsing atvika í úrskurðinum var mjög ábótavant, skýrslur brast um horf vitnisins við málinu og um vottorð vitnisins, sem það átti að staðfesta og skýra fyrir dómi. Ekki voru raktar nægilega ástæður sóknaraðilja fyrir því, að hann vildi fá svör við tilgreindum spurningum. Loks var forsendum úrskurðarins tvískipt og sum atriði endurtekin. Vegna þessara galla var úrskurðurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju, sbr. 2. mgr. 190. gr. og 1. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936 434

Vörutollur. Sjá gjaldþrotaskipti.

Yfirvöld. Sjá dómar, dómarar, lögreglumenn. stjórnsýsla, stjórnsýslumenn.

Þingsályktun. Sjá Alþingi.

Þjófnaður.

Maður dæmdur sekur við 244. gr. laga nr. 19/1940 fyrir innbrot í verzlunarbúð og stuld á varningi þar svo og fyrir stuld úr brauðgerðarstofu 215

Ærumeiðingar.

Maður dæmdur til refsingar samkvæmt 108. gr. laga nr. 19/1940 fyrir meinyrði um Síldarútvegsnefnd í heild og einstaka nefndarmenn svo og framkvæmdarstjóra, sem nefndin réð sér, enda voru menn þessir taldir vera stjórnsýslumenn 16
Greindur sökunautur var ekki dæmdur til refsingar fyrir meinyrði, er hann reisti á athugasemdum endurskoðanda Síldarútvegsnefndar, þótt of fast væri að orði kveðið, en ummælin urðu ekki ómerkt, þar sem ómerkingar var ekki krafizt í stefnu 16
G bæjarfógeti gerði f. h. bæjarfélags sérleyfissamning við C, er kom fram f. h. nokkurra fyrirtækja. Einu til tveim-

ur árum seinna keypti G alldýran hlut af C, og gaf C honum þá hlut 30—35 króna virði. Í blaði A var G nokkrum árum seinna spurður að því, hvort hann hefði þegið báða hlutina að gjöf. Þar sem fyrirspurn þessi var löguð til að gera starf G tortryggilegt í augum almennings, en hafði ekki við rök að styðjast um dýra hlutinn, varðaði hún A við 108. gr. laga nr. 19/1940 162

A var sóttur til refsingar samkvæmt 108. gr. laga nr. 19/1940 fyrir meiðandi ummæli um stjórnsýslumann í blaðagrein. Honum var ekki stefnt til að þola ómerking á ummælum sínum. Urðu þau því ekki ómerkt með dómi í málinu 162

Ölvun. Sjá áfengislagabrot.

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: **Hæstiréttur.**

XXIV. árgangur. **1943.**

Föstudaginn 8. janúar 1943.

Nr. 50/1942. **Árni Böðvarsson** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Bæjarstjóra Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs (enginn).

Lögtak. Útsvar.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Friðþjófur G. Johnsen, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum.

Af hendi stefnda hefur enginn komið fyrir hæstarétt í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið skriflega flutt samkvæmt 1. tölul. 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. maí f. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður og lögtaksgerð verði úr gildi felld og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í máli þessu var lögtaks krafizt í eignum áfrýjanda til tryggingar útsvari, er lagt var á hann í Vestmannaeyjum 1941, að fjárhæð kr. 4845.00, auk dráttarvaxta, að fjárhæð kr. 90.84. Enn fremur var lögtaks krafizt í eignum áfrýjanda til tryggingar útsvari Jóels Jóhannssonar, háseta á v/b Heimi V.E. 9, en það var að fjárhæð kr. 365.00 auk dráttarvaxta kr. 17.25. Var framkvæmt lögtak fyrir útsvörunum í fógetarétti þann 11. apríl f. á. eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða úrskurðar.

Samkvæmt því, sem upp kom fyrir fógetaréttinum, var útsvar áfrýjanda sjálfs, sem nú telst heimilisfastur í Sel-

tjarnarneshreppi, lagt á hann vegna útgerðar vélbátsins Heimis V.E. 9, en bátur þessi er yfir 30 smálestir að stærð og skrásettur í Vestmannaeyjum. Í greinargerð sinni hér fyrir dómi segir áfrýjandi, að báturinn hafi undanfarin ár einungis verið gerður út frá Vestmannaeyjum um 2 mánuði á ári hverju, þ. e. um vetrarvertíð, en á öðrum tímum árs hafi hann verið gerður út til síldveiða fyrir Norðurlandi og til flutninga á Faxaflóa o. fl. Útgerð bátsins frá Vestmannaeyjum, sú sem nú var lýst, verður ekki talin heimilisföst atvinnustofnun þar samkvæmt 8. gr. a-lið laga nr. 106/1936, sbr. 9. gr. b og c-lið sömu laga, og ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð og lögtaksgerð úr gildi, að því er útsvar áfrýjanda varðar.

Engin greinargerð var gerð fyrir fógeta um útsvar Jóels Jóhannssonar, sem áfrýjandi telur nú greitt, og ekki er vikið að því í hinum áfrýjaða úrskurði, þótt lögtaksgerðin virðist taka til þess. Ekki sést, að áfrýjanda hafi verið tilkynnt þessi útsvarsálagning samkvæmt 29. gr. laga nr. 106/1936. Þykir því þegar af þessum ástæðum rétt að fella lögtaksgerðina úr gildi, einnig að því er varðar þenna hluta lögtakskröfunnar.

Samkvæmt þessu þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Meðferð máls þessa í héraði er gölluð. Af skjölum málsins sést ekki, að fógeti hafi kveðið upp og birt úrskurð samkvæmt 4. gr. laga nr. 29/1885. Lögtaksgerðinni var beint gegn skipstjóra Heimis V.E. 9 sem umboðsmanni áfrýjanda, án þess að séð verði, að áfrýjanda, sem bjó í öðru lögsagnarumdæmi, hafi verið gert viðvart. Fógeti gerði aðiljum þess ekki kost að skýra málið samkvæmt 114. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936, þótt þess væri þörf. Atvikalýsingu í hinum áfrýjaða úrskurði er mjög áfátt og ekki er, eins og áður greinir, vikið þar að útsvari Jóels Jóhannssonar, sbr. 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Víta verður þessi vömm fógeta.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður og lögtaksgerð er úr gildi felld.

Stefndi, bæjarstjóri Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Árna Böðvarssyni, kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Vestmannaeyja 11. apríl 1942 og lögtaksgerð sama dag.

Útsvar gerðarþola, Árna Böðvarssonar, sem hér um ræðir, er lagt á hann með tilliti til þess, að hann rekur hér í bæ atvinnurekstur, sem hér er heimilisfastur. Bátur gerðarþola, v/b Heimir V.E. 9, (sem er að vísu yfir 30 smálestir að stærð) er skrásettur í Vestmannaeyjum og hefur stundað þaðan fiskveiðar bæði árið 1940 og 1941 og gerir það enn. Rétturinn verður því að líta svo á, að heimild hafi verið til þess skv. útsvarslögunum nr. 106/1936 8. gr. að leggja hér útsvar á gerðarþola, og ber gerðin því fram að ganga.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal fram fara.

Fógeti lýsti þá yfir, að hann gerði lögtak í inneign gerðarþola hjá Lífrarsamlagi Vestmannaeyja fyrir allt að krónum 5352.89 til tryggingar ofanrituðum lögtakskröfum með lögtakskostnaði, þó að geymdum betri rétti þriðja manns, og bryndi fyrir umboðsmanni gerðarþola, að eigi mætti ráðstafa hinni lögteknu inneign þannig, að í bága fari við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum. Jafnframt fól fógeti honum að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Föstudaginn 8. janúar 1943.

Nr. 49/1941. **Umboðs- og raftækjaverzlun Íslands h/f.** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

H/f Slippfélaginu í Reykjavík f. h. Danziger Holzexport, I. Goldberger (enginn).

Kyrrsetning og málshöfðun samkvæmt Op. br. 30. nóv. 1821. Óbeðinn erindisrekstur. Umboðslaun.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. júní 1941 og krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 649.29 og £ 81—1—5 auk 6% ársvaxta af báðum fjárhæðunum frá 1. maí 1938 til greiðsludags svo að málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Einnig krefst hann þess, að staðfest verði kyrrsetningargerð sú, er fram fór 24. júlí 1939 til tryggingar framangreindum kröfum og málskostnaði.

Stefndi hafði gagnáfrýjað málinu með stefnu 30. júní 1941 og látið sækja þing, er málið var þingfest í hæstarétti 29. sept. 1941, svo og síðar, er frestir voru veittir. En er flytja skyldi málið munnlega 14. des. f. á., sótti enginn þing af hálfu stefnda. Hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

I. Krafa vegna greiðslu flutningskostnaðar og geymslu á timbri.

Þegar vara þessi kom hingað til lands, neitaði kaupandi að veita henni viðtöku, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi. Finnbogi Kjartansson var því að gæta brýnna hagsmuna seljanda, firmans Danziger Holzexport, I. Goldberger, er hann fékk áfrýjanda til að greiða flutningsgjald vörunnar og síðar til að geyma hana. Verður því þegar af þeirri ástæðu að telja áfrýjanda heimilt að leita fullnægju þessarar kröfu sinnar, kr. 649.29, í hinum kyrrsettu munum, enda er því ekki hnekkt, að fjárhæð kröfunnar sé rétt.

II. Umboðslaun af timbri.

Með því að skjöl málsins bera það með sér, að áfrýjandi hefur ásamt Finnboga Kjartanssyni komið til leiðar þeim viðskiptum, sem hér getur, þá á hann rétt til þóknunar fyrir það, og þykir hún hæfilega ákveðin í héraðsdómi £ 55—0—0.

Niðurstaða málsins hér fyrir dómi verður því sú, að áfrýjandi eigi rétt til þess að fá greiddar kr. 649.29 og £ 55—0—0. Vexti af fjárhæðum þessum ber að dæma honum 6% frá kyrrsetningardegi, 24 júlí 1939, til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda málskostnað úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti, og ákveðst hann samtals 1600.00 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind kyrrsetningargerð frá 24. júlí 1939 staðfestist, og á áfrýjandi, Umboðs- og raftækjaverzlun Íslands h/f, rétt til að gera fjárnám í hinum kyrrsettu munum til lúkningar kröfu sinni á hendur Danziger Holzexport, I. Goldberger, kr. 649.29 og £ 55—0—0, ásamt 6% ársvöxtum af fjárhæðum þessum frá 24. júlí 1939 til greiðsludags svo og málskostnaði kr. 1600.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 3. apríl 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 23. ágúst 1939, af Umboðs- og raftækjaverzlun Íslands h/f. hér í bæ gegn h/f. Slippfélaginu hér í bænum vegna Danziger Holzexport, I. Goldberger, Danzig, til greiðslu á ísl. kr. 649.29 og £ 81—1—5, hvoru tveggja ásamt 6% ársvöxum frá 1. maí 1938 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Enn fremur krefst stefnandi þess, að staðfest verði kyrrsetningargerð, er hann lét fram fara hjá stefnda þann 24. júlí 1939 til tryggingar kröfum þessum.

Stefndur krefst aðallega algerðrar sýknu og málskostnaðar, til vara mótmælir hann stefnukröfunum sem of háum.

Kröfur sínar á hendur Danziger Holzexport sundurliðar stefnandi þannig:

I. Útlagður kostnaður vegna flutnings og geymslu á eik og beyki:

1.	Sept. 1937. Greitt flutningsgjald fyrir eik og brenni	kr. 332.25
2.	Marz 1938. Geymsla á brenni í 25 vikur	— 80.00
3.	Júlí 1939. Geymsla á eik í 96 vikur	— 167.04
4.	Júlí 1939. Útlagt fyrir akstur og flutning	— 40.00
5.	Júlí 1939. Vextir af peningum, greiddir fyrir flutningsgjöld	— 30.00
		Alls kr. 649.29

II. Umboðslaun af timbri, fluttu til Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Borgarness með e/s Enid 21. apríl 1938:

1.	Timbur til	Kassagerðar Reykjavíkur	£ 2064—18—10
2.	—	— Kassagerðar Jóhannesar Jónassonar	— 144—13—16
3.	—	— Verksmiðju Reykdals	— 149—15—10
4.	—	— Verzlunarfélagsins Borgar	— 343— 0— 0
			Alls £ 2702— 8— 2

Umboðslaun 3% af þeirri upphæð, eða £ 81—1—5.

Með því að stefnandi hefur ekki fengið upphæðir þessar greiddar, lét hann skv. heimild í op. br. 30. nóv. 1821 kyrrsetja 4,534 m³ af beyki og 2,471 m³ af eik, er hann taldi firmað Danziger Holzexport eiga hér og þá var í vörzlum Slippfélagsins h/f. hér bæ, og hefur hann síðan höfðað mál þetta gegn því sem vörzluhafa hinna kyrrsettu muna.

Slippfélagið hefur síðan haldið uppi vörnum í málinu f. h. Danziger Holzexort, en jafnframt tekið það fram, að það teldi sig eiga haldsrétt í hinum kyrrsetta við vegna þess kostnaðar, er af geymslu hans hafi leitt.

Í hinum munnlega málflutningi var því hreyft af hálfu stefnds, að þar sem stefnandi hefði ekki tilkynnt Danziger Holzexport kröfur sínar, kyrrsetninguna eða málshöfðun þessa, hefði hann fyrirgert hugsanlegum rétti sínum á hendur firmanu. Þessari varnarástæðu hefur ekki verið hreyft fyrr í málinu, og verður hún því gegn andmælum stefnanda ekki tekin til greina, enda var það hinn stefndi vörzluhafi, Slippfélagið, sem átti að tilkynna hinu útlenda firma kyrrsetninguna og hvað við lægi.

Verða nú kröfur stefnanda teknar til athugunar:

Um 1.

1. Krafa þessi mun þannig til komin, að Danziger Holzexport hafði, að því er virðist fyrir milligöngu Finnboga Kjartanssonar, gert samning við Hjálmar Þorsteinsson hér í bæ um kaup á viði þessum, en er til kom, vildi Hjálmar ekki veita viðnum móttöku, þar sem hann taldi hann gallaðan. Reikningur fyrir flutningsgjaldið frá Danzig til Reykjavíkur (dags. 9. okt. 1937) var stílaður á nafn

Finnboga Kjartanssonar, er þann 1. sept. s. á. hafði ráðizt til stefnanda sem verzlunarfulltrúi félagsins erlendis. Með áritun á reikning þenna bað Finnbogi stefnanda að greiða flutningsgjaldið, og mun svo hafa verið gert.

Því hefur verið eindregið mótmælt af hálfu stefnds, að hann hafi átt að greiða flutningsgjald þetta, og fyrir hann hafi greiðsla þessi því ekki átt sér stað. Gegn þessum mótmælum stefnds og með tilliti til þess, á hvern reikningurinn er stílaður, hvernig áritunin á hann er, svo og að óupplýst er um samninga áðurnefnds kaupanda viðarins og seljandans, þá þykir ekki fullyrðandi, að kröfu þessari sé réttilega beint að stefndum. Þar af leiðir, að 5. kröfuliður (vextir) getur heldur ekki orðið tekinn til greina.

2.—4. Stefnandi telur sig hafa geymt við þenna fyrir stefndan, eins og áður segir, svo og kostað flutning hans til sín og frá.

Stefndur hefur mótmælt því, að honum beri að greiða þessar upphæðir, þar sem hann hafi ekki beðið stefnanda um að geyma við þenna og það hafi ekki verið fyrir sína ráðstöfun, að viðurinn hafi verið í vörzlum stefnanda. Kröfunni fyrir akstur og flutning hefur stefndur og mótmælt sem ósannaðri og rangri. Gegn þessum mótmælum stefnds og þar sem fullnægjandi sönnur vantar að þessu leyti af hálfu stefnanda, þykir ekki unnt að staðhæfa, að stefndur verði, eins og á stendur, krafinn um þessar upphæðir.

Um II.

Eins og áður er minnzt á, réðst Finnbogi Kjartanson í þjónustu stefnanda sem verzlunarfulltrúi erlendis þann 1. sept. 1937, og gilti sá ráðningarsamningur til 1. marz 1938. Í samningi þessum var m. a. svo ákveðið, að öll verzlunarsambönd, er Finnbogi hafði, er hann tók við starfinu, eða eignaðist, meðan hann gegndi því, skyldu ganga til stefnanda, enda átti Finnbogi eingöngu að starfa í þágu stefnanda. Þó var svo ákveðið, að verzlunarsambönd þau, er Finnbogi hafði, er hann gekk í þjónustu stefnanda, skyldu fylgja honum, ef stefnandi segði honum upp starfi fyrir 1. febr. 1938. Það má teljast upplýst, að Finnbogi hafði umboð fyrir Danziger Holzexport, er hann kom í þjónustu stefnanda, og fékk stefnandi því það verzlunarsamband, meðan samningur hans við Finnboga hélt gildi. Með bréfi, dags. 12. jan. 1938, segir stefnandi upp „launasamningnum" við Finnboga frá 1. marz 1938 og telja, en óskaði jafnframt eftir því, að nýir samningar tækjust þeirra á milli. Verður ekki annað séð en að Finnbogi hafi skv. þessu farið úr þjónustu stefnanda þann 1. marz 1938.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi komið í kring sölum þeim, er að framan eru nefndar og hann krefst nú sölulauna fyrir, en af hálfu stefnds er því haldið fram, að stefnandi hafi alls ekki annazt sölur þessar, og eigi hann því ekki rétt til neinna sölulauna. Kaupendur þessa hafi þeir útvegað Goldberger jun. og Finnbogi

Kjartansson, er þeir komu hingað til lands í marz 1938, og gengið frá samningum við þá, en þá hafi Finnbogi verið farinn úr þjónustu stefnanda.

Finnbogi Kjartansson hefur borið það fyrir rétti, að stefnandi hafi ekki haft neina milligöngu um þessar sölur, heldur hafi hann sem starfsmaður firmans Polsko-islandzkie Towarzystwo Handlowe h/f í Gdynia og Goldberger jun., meðeiganda Danziger Holzexport, gert nefnda sölusamninga í Reykjavík í marzlok 1938. Þó hefur Finnbogi viðurkennt, að Jóhannes Jónasson hafi komið sjálfur til vitnisins og Goldberger, þar sem þeir dvöldust hér í bænum, og talað við þá, án þess að þeir gerðu boð eftir honum. — Þegar tekið er tillit til þess, að Finnbogi sendi stefnanda svo hljóðandi skeyti þann 16. marz 1938: „Timberspecialist coming arrange byers", þykja þó líkur fyrir því, að stefnandi hafi átt þátt í því, að a. m. k. einhverjir kaupendanna sneru sér til þeirra Finnboga og Goldberger. Því til stuðnings eru og vottorð frá Verksmiðju Reykdals, Jóhannesi Jónassyni og Kassagerð Reykjavíkur um, að nefndar sölur hafi farið fram fyrir milligöngu stefnanda. Hefur Jóhannes Jónasson staðfest vottorð sitt fyrir rétti, en þá jafnframt tekið fram, að Finnbogi Kjartansson hafi nær eingöngu annazt milligöngu um viðskipti þessi, en sér hafi skilizt, að Finnbogi starfaði að þessu fyrir stefnanda, enda hafi það verið Huxley Ólafsson, starfsmaður hjá stefnanda, sem hafi komið þeim í samband, og til hans hafi vitnið snúið sér með umkvartanir út af vörunni. Meðeigandi Kassagerðar Reykjavíkur hefur og staðfest vottorð Kassagerðarinnar með þeirri skýringu, að Kassagerðin hafi upprunalega haft samband við Danziger Holzexport sjálft, en jafnframt við Finnboga Kjartansson, sem að ætlan vitnisins var í þjónustu stefnanda. Pöntun og „specification" hafi verið sent til stefnanda, sem hafi tekið við henni og sent hana út til firmans, en síðar hafi þeir Finnbogi og Goldberger jun. komið hingað til lands og hafi þá verið gerðar breytingar á pöntuninni og endanlega um hana samið.

Í málinu liggur og fyrir bréf frá stefndum (Danziger Holsexport) til stefnanda (dags. 25. apríl 1938) með sundurliðun á vörum, sem skipað var um borð í s/s Enid, og er þess þar m. a. beiðzt, að stefnandi sjái um, að frumskjöl í banka verði tekin þegar í stað. Í bréfi, dags. 29. apríl s. á., biður stefndur og stefnanda að annast leiðréttingu á farmskírteinum í sambandi við viðskipti þessi. Einnig liggur fyrir bréf frá Verzlunarfélaginu Borg til stefnanda (dags. 30. maí 1938), þar sem félagið beinir umkvörtunum sínum út af vörunum til stefnanda og kemur þar að lútandi skaðabótakröfu á framfæri við hann. Með bréfi, dags. 31. maí s. á., skrifar stefnandi síðan stefndum út af viðskiptum þessum, segir frá umsögn kaupenda um viðinn o. s. frv. og skýrir stefndum frá kvörtunum og kröfum Verzlunarfélagsins Borgar. Með bréfi til stefnanda (dags. 13. júni

1938) viðurkennir stefndur síðan að hafa móttekið bréf þetta, andmælir kröfum verzlunarfélagsins og biður stefnanda um að innheimta hjá félaginu vangoldinn kostnað í sambandi við vörusöluna.

Þótt þannig verði að ganga út frá því, að endanlegir sölusamningar við umrædda kaupendur hafi verið gerðir við Finnboga Kjartansson á þeim tíma, er hann vegna áðurnefndrar uppsagnar verður að teljast hafa verið farinn úr þjónustu stefnanda og skv. ákvæðum ráðningarsamningsins hafa haldið nefndu verzlunarsambandi, þá verða framantalin gögn talin vottur þess, að stefnandi hafi unnið á þann hátt að viðskiptum þessum fyrir stefndan, fyrir þenna tíma og eftir, að honum beri þóknun fyrir það starf sitt. Eftir öllum atvikum þykir þóknun þessi hæfilega ákveðin £ 55—0—0.

Úrslit málsins verða því þau, að kyrrsetningargerðin frá 24. júlí 1939 verður staðfest, og á stefnandi rétt til að leita fullnægju í hinum kyrrsettu munum til lúkningar áðurnefndri kröfu sinni á hendur Danziger Holzexport £ 55—0—0, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, svo og málskostnaði, er þykir hæfilega ákveðinn kr 275.00.

Nokkur dráttur hefir orðið á rekstri máls þessa hér fyrir rétti. Stafar hann aðallega af því, að vitni þau, er leiða hefur þurft, hafa verið úti á landi svo og erlendis. Einnig hefur orðið nokkur bið á því, að málið yrði munnlega flutt, eftir að gagnasöfnun var talið lokið, en því hafa valdið lögmæt forföll af hálfu málflutningsmanns stefnanda.

Réttinn skipuðu: hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Jóhann Ólafsson stórkaupmaður og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind kyrrsetningargerð staðfestist, og á stefnandi, Umboðs- og raftækjaverzlun Íslands h/f., rétt til að gera fjárnám í hinum kyrrsettu munum til lúkningar kröfu sinni á hendur Danziger Holzexport, I. Goldberger, £ 55—0—0, með 6% ársvöxtum frá 23. ágúst 1939 til greiðsludags og kr. 275.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Föstudaginn 8. janúar 1943.

Kærumálið nr. 6/1942.

Steingrímur Arnórsson
gegn
Sigfúsi Sigfússyni og
Huldu Guðjónsdóttur.

Kærumáli um málskostnað frestað vegna áfrýjunar aðalmáls.

Úrskurður hæstaréttar.

Með kæru, dags. 4. des. f. á., er hingað barst 22. s. m., kærir sóknaraðili málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 2. des. f. á. í máli hans gegn varnaraðiljum.

Varnaraðiljar hafa skotið framangreindu máli til hæstaréttar með stefnu 4. þ. m. til þingfestingar í febrúarmánuði n. k. Þykir því rétt samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85 frá 1936 að fresta kærumálinu ex officio, unz séð er, hvort áðurnefnt áfrýjunarmál verður lagt í dóm.

Því úrskurðast:

Máli þessu er frestað ex officio samkvæmt framanskráðu.

Föstudaginn 8. janúar 1943.

Kærumálið nr. 5/1942.

Ásgeir Pétursson & Co. h/f.
gegn
Verzlun Stefáns Guðjohnsens, Húsavík.

Málskostnaðarákvæði dóms kært.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er upp kveðinn af Sigurði Eggerz, bæjarfógeta á Akureyri, og samdómsmönnum hans Kristjáni Árnasyni og Benedikt Steingrímssyni.

Með kæru, dags. 16. nóv. f. á., kominni til hæstaréttar 22.

des. f. á., hefur kærandi skotið til hæstaréttar samkvæmt 186. gr. laga nr. 85 frá 1936 ákvæði um málskostnað í dómi sjó- og verzlunardóms Akureyrar frá 12. nóv. f. á. og krefst þess, að téð ákvæði verði úr gildi fellt og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði í máli þessu samkvæmt framlögðum reikningum, samtals kr. 621.45. Auk þess krefst sóknaraðili þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kærumálskostnað fyrir hæstarétti, kr 250.00 eða eftir mati dómsins. Stefndi hefur ekki sent hæstarétti greinargerð um málið.

Eftir atvikum málsins þykir rétt að dæma sóknaraðilja kr. 400.00 upp í málskostnað í héraði. Svo ber varnaraðilja og að greiða sóknaraðilja kr. 100.00 í kærumálskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Varnaraðili, Verzlun Stefáns Guðjohnsens, Húsavík, greiði sóknaraðilja, Ásgeiri Péturssyni & Co. h/f, kr. 400.00 upp í málskostnað í héraði og kr. 100.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 12. nóvember 1942.

Mál þetta hefur höfðað framkvæmdarstjóri Ásgeir Pétursson f. h. Ásgeirs Péturssonar & Co., Knarrarbergi, Öngulsstaðahreppi fyrir sjó- og verzlunarrétti Akureyrar með stefnu, dags. 20. sept. 1940, gegn verzlunarstjóra Einari Guðjohnsen f. h. Verzlunar Stefáns Guðjohnsens til þess að fá hann dæmdan til greiðslu skuldar, að upphæð 4698.38 aura, auk 5% ársvaxta frá 1. jan. 1938 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann kr. 591.45.

Í stefnunni er skýrt svo frá:

Haustið 1936 útskipaði Ásgeir Pétursson & Co. farmi af síld í e/s Heklu, sem bæði félagið og ýmsir áttu, þar á meðal stefndu. Höfðu þeir munnlega falið stefnanda að sjá um sölu á síldinni. Farmur þessi var síðan sendur til Svíþjóðar, og við honum tók þar C. James Anderson, Smögen. Lánaði hann fyrir fram út á síldina sem svaraði kr. 13.50 pr. tunnu. Þessi greiðsla var að sjálfsögðu ekki bind-

andi fyrir hann, og átti hann því rétt til endurgreiðslu, ef síldin seldist fyrir lægra verð en láninu svaraði.

Pontus Nilson sá um sölu á síldinni, en C. J. Anderson tók á móti öllum greiðslum fyrir hana og greiddi allan kostnað vegna síldarinnar. Þegar þetta var gert upp, kom það í ljós, að síld stefnda sem og annarra, er farminn áttu, seldist fyrir mun lægri upphæð en C. J. Anderson hafði lánað út á síldina. Var þetta aðallega vegna þess, að síld hafði fallið í verði haustið 1936, og auk þess var töluvert af síldinni skemmd vara, sérstaklega sú síld, sem stefndi sendi, sem var allmikið skemmd. Þar sem h/f Ásgeir Pétursson & Co. hafði sent greindan síldarfarm á sínu nafni, varð félagið að endurgreiða allan mismuninn á raunverulegu söluverði síldarinnar og því, sem lánað hafði verið fyrirfram út á hana. En stefnandinn hafði í upphafi afhent stefndum svo og öðrum, sem síldina áttu, kr. 13.50 pr. tunnu af peningum þeim, sem C. J. Anderson lánaði út á síldina í trausti þess, að síldin mundi seljast nettó fyrir það verð.

Stefndi krefst algerðrar sýknu af kröfum stefnanda, þar á meðal málskostnaðarkröfunni, en til vara krefst hann sýknu vegna „partíanna" SS, SSS og MH, er hann telur hafi eigi verið eign stefnda, og einnig krefst hann málskostnaðar, þó varakrafan verði tekin til greina.

Síld sú, sem stefndur seldi út, virðist samkvæmt skýrslu hans hafa verið:

441	tn.	síld	merkt	STG
26	—	—	—	MH
145	—	—	—	SS
46	—	—	—	SSS

eða samtals 658 tunnur.

Á sölureikningnum eru taldar seldar:

202	tn.	síld	merkt	STG	.....	kr. 14.00
238	—	—	—	—	.....	— 10.80
26	—	—	—	MH	.....	— 9.00
143	—	—	—	SS	.....	— 7.50
2	—	—	—	SS	.....	— 11.00
45	—	—	—	SSS	.....	— 7.50

eða 656 tunnur.

Virðist þá vanta reikning fyrir 1 tn. síld, merkt St. G.

Ekki sést, hvort tunnan, sem vantar, hafi verið í hærri flokknum á kr. 14.00 eða lægri flokki á kr. 10.80. Enn fremur vantar 1 tn. af síld SSS kr. 7.50.

Stefndur hefur mótmælt því, að honum beri að greiða nokkuð vegna vöruflokkanna MH, SS, SSS, sem eru samtals 217 tunnur.

Segir umboðsmaður stefnda, að þessar tunnur séu umbjóðanda sínum óviðkomandi, eins og merki þeirra beri með sér, og þessu til

sönnunar vísar hann í réttarskjal 15, bréf til Ásgeirs Péturssonar & Co., dags. 15. marz án ártals, en í því talar hann um meðeigendur sína í 658 tunnum.

Enn fremur vísar hann í rskj. 9, vottorð Þorsteins Gunnarssonar, en í því bréfi segir, að hann sjálfur hafi flutt um borð í skipið þær tunnur, sem hann átti í vörusendingunni, og það son Ásgeirs Péturssonar fyrir þær, sem hafði verið um borð í skipinu. En við vitnaleiðslu í Reykjavík neitar Jón Ásgeirsson þessu öllu. Þá mótmælir hann og ákveðið, að hann eigi að greiða stefnanda til baka nokkuð af fyrirframgreiðslunni, er vöruflokk hans snertir, og mótmælin gegn endurgreiðslu á sína vörusendingu gildi einnig um hinar vörusendingarnar. Segir hann, að báðir eigendur hins stefnda fyrirtækis, Einar og Þórður, staðfesti, að samkomulag hafi orðið á milli þeirra og Ásgeirs Péturssonar um, að fyrirframgreiðslan skyldi óafturkræf. Þá vísar hann í réttarskjal 17, bréf til Ásgeirs Péturssonar, þar sem hann segir, að allir síldareigendurnir að greindum 658 tunnum hafi skoðað fyrirframgreiðsluna óafturkræfa.

Bréf þetta er dags. 12. maí 1937, og segir í enda bréfsins, að búið muni að selja síldina. Umboðsmaður stefndu segir, að svar við þessu bréfi hafi eigi komið.

Um aðiljayfirheyrslu var beðið í málinu og um, að Jón Ásgeirsson yrði leiddur sem vitni. Fór vitnaleiðslan fram í Reykjavík 1. október 1942, og neitaði Jón Ásgeirsson því, að hann hefði nokkuð haft með þessa samninga að gera. Hins vegar fór ekki aðiljayfirheyrsla fram yfir Ásgeiri Péturssyni vegna veikinda hans.

Þá hefur umboðsmaður stefnda mótmælt vottorði Jóns Þórðarsonar á réttarskj. 6, en í því vottorði segir, að síldin hafi átt að seljast á kostnað og ábyrgð síldareigenda.

Þá hefur umboðsmaður stefnda haldið því fram, að síldin hafi eigi getað selzt fyrir það smánarverð, sem í upphafi var gefið, og ber brigður í því sambandi á skýrslu Pontus Nilsens í rskj. 30 á bl. 28—29. Segir hann, að því er síld umbjóðanda hans snertir, að söluverðið sé eigi tilgreint og nafn kaupanda eigi nefnt, og sama segir hann gildi um merki MH. Er rétt að taka fram, að Pontus segir um 202 t. af þessari síld, að eftir því sem hann komist næst, komi verðið kr. 14.00 heim við söluverðið að frádregnum kostnaði í Göteborg, en söluverðið þar er ekki tilgreint. Að því er 238 tunnur af þessari síld snertir, segir Pontus, að hún hafi verið seld til Kaupmannahafnar, Hamborgar og ýmissa firma í Svíþjóð, og segir Pontus, eftir því sem hann komist næst, sé meðalverðið alveg rétt. Um merkin MH segir Pontus, að sú síld hafi öll verið flökuð og talin mjög svo léleg, svo miklu varð að kasta úr við flökun. Segir Pontus, að verðið, sem gert er upp með 9 kr., muni svara til þess, sem fékkst fyrir flökuðu síldina.

Þá mótmæla stefndu vottorði Svíanna Nils Ahlnérs og Thure

Bloom og Arnt Person. Þessir menn segja, að síldin í flokki SG sé meyr, en merkin MH, SS og SSS súr.

Þá hefur stefndur haldið því fram, að fyrirframgreiðsla hafi aðeins farið fram fyrir 600 tunnur, en ekkert hafi verið greitt fyrir 58 tunnur.

Fylgiskjal 2 sýnir, að 8000 kr. hafi farið upp í fyrirframgreiðsluna, og samkvæmt því vantar kr. 883.00 til þess, að greiddar séu 13 kr. 50 fyrir 658 tunnur. Sýnist þá vanta 100 kr. til fyrirframgreiðslu á 600 tunnum.

Rétturinn lítur svo á, að hér sé um umboðssölu að ræða, enda áttu stefndu að fá það, sem síldin seldist fram yfir kr. 13.50. Að því er það atriðið snertir, hvort kr. 13.50 sé lágmarksgreiðsla fyrir síldina, þá eru engir skriflegir eða vottanlegir munnlegir samningar um það, en þar sem hér virðist um umboðssölu að ræða, þá ber að líta svo á, að sönnunarskyldan hvíli á stefnda um það, að kr. 13.50 sé óafturkræf greiðsla.

Samkvæmt þessu ber því eigi að líta svo á, að kr 13.50 hafi verið óafturkræf.

Að því er snertir 217 tunnur, sem á eru merkt MH, SS og SSS, þá segir stefndur á réttarskjali 8, að hún hafi verið seld fyrir milligöngu sína. Enn fremur hefur hann tekið á móti peningum upp í fyrirframgreiðsluna og greitt hlutaðeigendum. Ber því að líta svo á, að stefnandinn geti haldið sér að stefnda með endurgjald fyrir þessa síldarflokka.

Þá lítur rétturinn svo á, að þar sem vitnisburðir þeirra Svianna um skemmdir á síldinni voru eiðfestir, þá megi þrátt fyrir það, þó enginn mætti sérstaklega við eiðfestinguna vegna vöruflokka þessara, sem getur um hér að framan, telja vitnisburði þessa sönnun fyrir því, að síldin hafi verið skemmd.

Þá lítur rétturinn svo á, að andvirði síldarinnar, sem talið er í réttarskjali 2, megi leggja til grundvallar, enda mótmæli gegn því eigi nógu ákveðin, auk þess sem vitað er, að mjög erfitt er að selja skemmda síld nema fyrir lítið verð.

Að því er kröfuna snertir um fyrirframgreiðslu á 58 tunnum, þá hefur hún engin áhrif á málið, því vegna þess, að fyrirframgreiðslan fór eigi fram fyrir þær, þá verður endurgreiðslukrafan þeim mun minni.

Að því er andvirðið snertir fyrir 2 tunnur, er vanta (Sk), virðist mega telja það kr. 21.50 mínus flutningsgj. kr. 4.00, eða sænskar kr. 17.50, eða í íslenzkum kr. eftir þáverandi gengi, eins og það er sett á rskj. 2, kr. 19.91, og dregst það frá kröfu stefnandans.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnandanum kr. 4698.38 aur. mínus kr. 19.91, eða kr. 4678.47, ásamt 5% vöxtum frá 1. jan. 1938.

Málskostnaður fellur eftir atvikum niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, verzlunarstjóri Einar Guðjohnsen f. h. Verzlunar St. Guðjohnsens, greiði stefnandanum, Ásgeiri Péturssyni f. h. Ásgeirs Péturssonar & Co., kr. 4678.47 ásamt 5% vöxtum frá 1. janúar 1938.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. janúar 1943.

Nr. 90/1942. **Stefán Stefánsson**

gegn

Fanneyju Benónýs

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Um öflun framhaldsskýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður dómur gengur í máli þessu í hæstarétti, þykir rétt að fresta málinu og leggja fyrir fógeta samkvæmt analógíu 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga, að veita aðiljum kost á því að afla skýrslna um eftirgreind atriði og önnur þau atriði, er málið varða og efni kunna að standa til:

1. Stefnda skal spurð um heimilishagi sína og heimilisfólk og innt eftir því, hvenær fyrrverandi húseiganda hafi fyrst orðið kunnugt um dvöl Jens Marius Jensens á heimili stefndu og hvort nefndur húseigandi hafi samþykkt þá dvöl eða látið hana ómótmælt viðgangast.
2. Aðiljum skal gefinn kostur að afla vættis Wilsons um það, hvenær honum hafi orðið kunnugt um dvöl greinds Jensens á heimili stefndu, hvenær frú Wilson hafi fengið vitneskju um þá dvöl og hvort hún hafi samþykkt hana í orði eða látið hana viðgangast.
3. Rétt er og að samprófa stefndu og Wilsonshjónin, ef efni standa til.

4. Loks er rétt að spyrja Jensen nánar um hagi hans erlendis, komu hans hingað til lands, dvöl hans hér og atvinnu.

Því úrskurðast:

Aðiljum skal gerður þess kostur að láta í té framangreindar skýrslur.

Föstudaginn 15. janúar 1943.

Nr. 67/1943. **Réttvísin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Þóroddi Guðmundssyni (Theódór B. Lindal).

Meiðandi ummæli um opinbera starfsmenn.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af lögfræðingi Sigurði Guðjónssyni, dómara samkv. umboðsskrá, útgefinni 11. des. 1940.

Í stefnunni til héraðsdóms er ákærða stefnt til ábyrgðar fyrir brot gegn ákvæðum 108. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, en ekki greind þau ummæli, sem honum voru gefin að sök. Áður en rannsókn málsins væri hafin, kom fram kæra af hendi Síldarútvegsnefndar, þar sem kvartað er undan ákveðnum ummælum. Rannsókn héraðsdómara varðar eingöngu þau ummæli, og ákærða hefur gefizt kostur á að koma fram vörnum, að því er til þeirra tekur. Verður að telja héraðsdómarann hafa afmarkað sakarefnið við ummæli þessi, og er því unnt að dæma um þau. Þykir þess vegna ekki nægileg ástæða til að ómerkja héraðsdóm og málsmeðferð frá útgáfu héraðsstefnu vegna framangreinds galla á meðferð málsins.

Ummæli þau, sem ákærði er saksóttur fyrir, hefur hann viðhaft um Síldarútvegsnefnd í heild og einstaka nefndarmenn, svo og framkvæmdarstjóra, sem nefndin réð sér. Telja verður menn þessa opinbera starfsmenn, þegar litið

er til starfs þess og valds, sem þeim er fengið með lögum nr. 74/1934.

Gegn mótmælum ákærða er eigi sannað, að hann eigi hlut að fyrirsögn og undirfyrirsögn greinar þeirrar, sem ummæli þau eru tekin úr, sem hann er sóttur til sakar fyrir. Verður hann því eigi sakfelldur vegna þeirra ummæla, sem þar koma fram.

Í héraðsdómi eru greind öll þau ummæli, sem ákærði er sakaður um. Eftirtalin ummæli þykja fara úr fyrir takmörk leyfilegrar gagnrýni og í þeim felast móðganir eða meiðandi aðdróttanir, sem ekki hafa verið réttlættar. Varða þau því við fyrri málslið 108. gr. laga nr. 19/1940.

1. „en þess vandlega gætt, að sundurliða ekki ýmsa pósta, sem líklegt var, að mundu þykja háir".

2. „en þoldu þó yfirgang hennar".

3. „Slíkar mútutilraunagreiðslur ná auðvitað engri átt ... hefur framkvæmdarstjóri og eitthvað af nefndarmönnum fengið slíkar greiðslur í Þýzkalandi, þegar þeir hafa verið að selja þar síld, og ef svo er, hve hátt „Gratiale" fengu þeir?"

4. „Hvort nefndin lýgur annari skýringunni eða báðum, skal ekki dæmt um hér, en eitthvað er óhreint við þetta mál, hvað margir, sem það kunna að vera, sem ekki hafa hreint mél í pokanum."

5. „Allar varnir nefndarinnar og framkvæmdarstjóra voru yfirklór eitt og hinar aumingjalegustu, en þar sem nefndin réð yfir meiri hluta atkvæða á fundinum, gat hún öllu ráðið og leyft sér það, sem henni sýndist."

6. „Þessi fundur hefur farið fram með hinum mestu endemum."

7. „Hún hefur verið duglaus í sölumálunum og leynir síldareigendur, hvað gert er. Ofan á þetta er nefndin svo frek og ósvífin, að hún fer í atkvæðasmalamennsku fyrir aðalfund og smalar sér á fundinn atkvæðavélum, svo hún geti þar öllu ráðið, hvað sem síldareigendur kunna að segja."

8. „Það er ósvífið."

Þá hefur ákærði og haldið því fram, að síldarútvegsnefnd

hafi gert sig seka um „gegndarlausa eyðslu“ og hún hafi verið „úr hófi fram eyðslusöm“, svo og að hún hafi „látið síldareigendur greiða meiri sölukostnað en lög mæla fyrir“. Þessa ádeilu styður hann við athugasemdir, er endurskoðendur reikninga Síldarútvegsnefndar hafa gert við ýmsa greiðsluliði reikninganna, einkum sölulaun síldar, risnu, ferðakostnað erlendis o. fl. Hér hefur ákærði að vísu allt of fast að orði kveðið, en eins og á stendur, þykir hann ekki verða sakfelldur fyrir þessi ummæli, og hvorki þau eða ummæli þau, sem ákærða eru saknæm talin, verða ómerkt, þar sem ómerkingar er ekki krafizt í stefnu.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 1200 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, 20 daga varðhald.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði skulu vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 800 krónur til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómarinn hefur ekki tilgreint ákæruatriðin í stefnu og að hann hefur ekki stefnt til ómerkingar á ummælum.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Þóroddur Guðmundsson, greiði 1200 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, 20 daga varðhald.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Theódórs B. Líndals, 800 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Siglufjarðar 8. ágúst 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. ágúst s. l. er, að undangenginni rannsókn, höfðað af réttvísinnar hálfu fyrir aukarétti Siglufjarðar með stefnu, útgefinni 28. júlí s. l., gegn Þóroddi Guðmundssyni, Túngötu 34, Siglufirði, fyrir brot á 108. gr. hegningarlaganna.

Málavextir eru þeir, að hinn 4. sept. 1940 birtist grein eftir ákærða í blaðinu „Þjóðviljinn", sem gefið var út í Reykjavík, undir fyrirsögninni: „Nokkur sýnishorn af stórhneykslum Síldarútvegsnefndar." Í grein þessari er rætt um aðalfund Síldarútvegsnefndar, sem haldinn var dagana 17. og 18. ágúst 1940, og er Síldarútvegsnefnd og framkvæmdarstjóri hennar borinn hinum þyngstu sökum bæði í sambandi við fundinn og störf nefndarinnar á starfsári því, er aðalfundurinn fjallaði um. Út af grein þessari kærði svo nefndin til dómsmálaráðuneytisins og krafðist þess, að greinarhöfundurinn svo og ritstjórar blaðsins væru látnir sæta ábyrgð samkvæmt 108. gr. hegningarlaganna og að skipaður yrði setudómari til að rannsaka og dæma málið. Varð ráðuneytið við beiðni þessari, og að undangenginni rannsókn var síðan mál þetta höfðað.

Ummæli þau, sem nefndin í kæru sinni telur meiðandi, eru þessi:

Aðalfyrirsögn greinarinnar:

„Nokkur sýnishorn af stórhneykslum Síldarútvegsnefndar."

Undirfyrirsögn:

„Nefndin sjálf og stofnanir henni nákomnar réð yfir meiri hluta atkvæða á aðalfundinum. Nefndin vill ekki ræða um markaðsleit í Rússlandi og Eystrasaltslöndunum, en einstakir nefndarmenn taka 119 kr. á dag í ferðakostnað."

Í sjálfri greininni:

„... en ekki að sama skapi ýtarlegt, þó var þar tekinn með útdráttur úr reikningum s. l. árs, en þess vandlega gætt að sundurliða ekki ýmsa pósta, sem líklegt var, að mundu þykja háir. ...."

„... Menn mótmæltu þessari hlálegu skýringu nefndarinnar, en þoldu þó yfirgang hennar, og var fundi frestað til næsta dags. ..."

„... Ein aðal athugasemdin er, að sölulaun Vilhjálms Þórs og Fritz Kjartanssonar, innheimtukostnaður og fleira, samtals 71 þúsundir króna, séu ekki greiddar af samlagsgjöldum, tekjum nefndarinnar, heldur tekið sérstaklega af síldareigendum. ..." „... Þrátt fyrir þá gegndarlausu eyðslu, er verið hefur hjá nefndinni. ..."

„... Jóni Sigurðssyni erindreka eru greiddar 45 krónur á dag við skoðun Faxasíldar auk ferðakostnaðar. Er fullvíst, að margir eyrarvinnumenn í Reykjavík hefðu verið hæfari til þess starfa og unnið hann fyrir helmingi minna kaup ..."

„... Slíkar mútutilraunagreiðslur ná auðvitað engri átt, þó nefndin og framkvæmdarstjóri telji það sjálfsagt. En hvernig stendur á því, að nefndin telur þetta sjálfsagt? Er það reynsla hennar í viðskiptum

við hina þýzku síldarkaupmenn, og hefur framkvæmdarstjóri og eitthvað af nefndarmönnum fengið slíkar greiðslur í Þýzkalandi, þegar þeir hafa verið að selja þar síld, og ef svo er, hve hátt „Gratiale" fengu þeir? ..."

„... Framkvæmdarstjóri lét senda sér mann norðan af landi til að aðstoða sig við útborgun og útskipun á Faxasíld s. l. haust. Maðurinn er á vegum nefndarinnar í 71 dag, og fær greitt yfir 11 hundruð krónur í ferðakostnað, risnu og dagpeninga. Það mun vera sjaldgæft hjá stórum fyrirtækjum, að aðstoðarskrifstofumenn fái risnufé, og allir vita, að vegna Faxasíldar gat maðurinn ekki dvalið í Reykjavík 71 dag.

„... Fyrir utanlandsför sína í sölúerindum fá þeir Erlendur og Jóhann Þ. Jósefsson greitt um 18 þús. krónur, eða til jafnaðar 119 kr. á dag hvor, því ferðin varaði á þriðja mánuð. Hér er þó ekki reiknað fastakaup þeirra hjá nefndinni, heldur er þetta ferðakostnaður, símakostnaður, o. fl., og báðir reikna sér 65 kr. á dag í aukapeninga — dagpeninga. Aukavinna á skrifstofu Síldarútvegsnefndar er gríðarhá, enda var framkvæmdarstjóri fjarverandi 244 daga á árinu ..."

„... Eftir að hann kemur suður, fær hann kaup hjá Alþingi, auk síns fasta kaups, og þó lætur hann nefndina greiða sér 12 krónur á dag af Faxasíld. Virðist það vera nokkuð langt gengið, að taka þessa dagpeninga af manni, sem hafði kaup á 2 stöðum fyrir ..."

„... Í risnufé var Erlendi greitt á árinu um 2100 kr. ..."

„... Tveir af nefndarmönnum, Óskar Jónsson og Finnur Jónsson, fá báðir greiddar kr. 7.50 á dag hvor í dvalarkostnað hér á Siglufirði. Nú er það skylda þeirra að dvelja á Siglufirði yfir síldveiðitímann, enda hafa þeir föst laun fyrir nefndarstörfin, svo frekari greiðslur ber þeim ekki að fá, en þegar nú tekið er tillit til þess, að báðir þessir menn eru fastlaunaðir menn annarra fyrirtækja hér á Siglufirði yfir síldveiðitímann, verður að telja þessa greiðslu enn ástæðulausari.

„... Síðastliðið ár hefur gengið þrálátur orðrómur um, að starfsmenn nefndarinnar misnotuðu aðstöðu sína og spekúleruðu í síld. Á fundinum komu fram ásakanir á þá um þetta, sérstaklega í sambandi við rúmlega 4000 króna greiðslu, er virðist hafa verið lán til eins starfsmannsins úr sjóði nefndarinnar og notaðar (sic) til greiðslu á síld. Framkvæmdarstjóri neitaði algerlega, að starfsmenn nefndarinnar, að einum undanteknum, hefðu gert sig seka í slíku athæfi, og kvaðst hann hafa bannað manni þessum að fást nokkuð við síldarverzlun, strax og hann komst að því, að það hafði átt sér stað."

„En Síldarútvegsnefnd gefur hins vegar tvær skýringar á þessum 4000 krónum. Önnur er sú, að hér hafi ekki verið um lán að ræða, þar eð hinn erlendi síldarkaupandi hafi verið búinn að greiða nefndinni peningana, áður en hún greiddi þá út. Hin skýr-

ingin er, að þetta skipti engu máli, þar eð greiðslan hafi ekki farið fram fyrr en vissa var fengin fyrir því, að peningarnir væru á leiðinni frá síldarkaupanda. Hvort nefndin lýgur annari skýringunni eða báðum, skal ekki dæmt um hér, en eitthvað er óhreint við þetta mál, hvað margir, sem það kunna að vera, sem ekki hafa hreint mjöl í pokanum."

„Til andsvara á fundinum hafði nefndin aðallega 2 menn, þá Jóhann Þ. Jósefsson, sem hélt uppi þrotlausu málskrafi á fundinum um allt og ekki neitt, og Finnboga Guðmundsson frá Gerðum, er nefndin hafði fyrir nokkurs konar hirðfífl á fundinum, og var hann látinn segja „brandara" og reyna að snúa umræðum upp í grín og heimta, að meiri völd væru lögð í hendur nefndarinnar. ..."

„... Allar varnir nefndarinnar og framkvæmdarstjóra voru yfirklór eitt og hinar aumingjalegustu, en þar sem nefndin réð yfir meiri hluta atkvæða á fundinum, gat hún öllu ráðið og leyft sér það, sem henni sýndist. En hvernig þessi meiri hluti nefndarinnar er til kominn, er fróðlegt að athuga nánar. Eins og áður er sagt, sátu fundinn auk nefndarinnar um 50 menn. Við atkvæðagreiðslu greiddu flest atkvæði 48, en nefndin sjálf, starfsmenn hennar, fulltrúar stöðva, sem nefndarmenn eiga, starfsmenn KEA og fulltrúar Alþýðusambandsins voru samtals á fundinum 26 til 28. Um atkvæðagreiðslur er því reyndar óþarfi að tala, tillaga um að greiða matjessíldareigendum 2 krónur út á tunnu til viðbótar var felld, og reikningarnir samþykktir, en við afgreiðslu reikninganna sátu nefndarmenn (sic) yfirleitt hjá, en nefndin, starfsmennirnir og hinir hjálparkokkarnir samþykktu þá. Um aðra starfsemi nefndarinnar, hvernig söluhorfur væru, hvernig gengi með sölu til Finnlands og Rússlands og hvað hefði verið gert til að selja þangað síld sá nefndin enga ástæðu til að gefa skýrslu um eða láta ræða, og ennþá síður telur nefndin auðvitað ástæðu til að ræða nánar fyrirkomulagið á síldarsölumálunum. Þessi fundur hefur farið fram með hinum mestu endemum, en hann hefur þó sýnt, hvert stefnir í þessum málum. Hann sýnir, að Síldarútvegsnefnd hefur verið úr hófi fram eyðslusöm, hún hefur látið síldareigendur greiða meiri kostnað en lög mæla fyrir, hún hefur verið duglaus í sölumálunum, og leynir síldareigendur, hvað gert er. Ofan á þetta er nefndin svo frek og ósvífin, að hún fer í atkvæðasmalamennsku fyrir aðalfund og smalar sér á fundinn atkvæðavélum, svo hún geti þar öllu ráðið, hvað sem síldareigendur kunna að segja. Það er hlálegt, um leið og það er ósvífið, að á fundi, sem deilt er um reikninga nefndarinnar, og lagðar fram sannanir fyrir ýmsum óleyfilegum greiðslum, skuli nefndin sjálf og starfsmenn hennar, sem reikningana hafa fært, leyfa sér að greiða atkvæði um þá."

Ákærður hefir haldið því fram undir rannsókn málsins, að fyrirsögn greinarinnar, undirfyrirsögn, og tilhögun birtingarinnar yfirleitt sé honum óviðkomandi. Af óviðráðanlegum orsökum hefur eigi verið unnt að rannsaka, hvort þessi neitun hans sé rétt, en eftir atvikum þykir eigi ástæða til að véfengja hana.

Hvað viðvíkur sjálfri greininni, þá hefur ákærður viðurkennt að vera höfundur hennar, en telur sig hafa öruggar heimildir fyrir flestu, sem þar er sagt, og hefur ákærði svo og hinn skipaði verjandi hans að mestu vísað til athugasemda endurskoðenda nefndarinnar, þeirra Jóns Gíslasonar og Ólafs Vilhjálmssonar. Eru athugasemdir þessar víða hinar harðorðustu svo og svör nefndarinnar við athugasemdunum og andsvör endurskoðendanna við þeim, en öllu þessu hafði ákærði aðgang að, þar eð hann sat aðalfundinn sem umboðsmaður eins síldarsaltendanna.

Af hinum átöldu ummælum, sem að framan eru greind, styðst ákærður við athugasemdir endurskoðendanna, hvað snertir ummælin um umboðslaunagreiðsluna til Fritz Kjartanssonar og Vilhjálms Þórs, um að nefndin hafi verið eyðslusöm úr hófi fram, um mann þann, er sendur var til Reykjavíkur til aðstoðar við afgreiðslu Faxasíldar, um ferðakostnað þeirra Erlends Þorsteinssonar og Jóhanns Þ. Jósefssonar, um risnu framkvæmdarstjórans og um dvalarkostnað þeirra Finns Jónssonar og Óskars Jónssonar.

Ásakanirnar um, að nefndin hafi vanrækt að sundurliða þá pósta, er líklegt væru, að þykja mundu háir, og að nefndin hafi beitt yfirgangi við fundarstjórn á aðalfundinum, hefur ákærði ekki getað rökstutt, svo og ummælin um hæfi matsmanns þess, er nefndin fékk til að meta faxasíld, og hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins, er styðji þessar ásakanir.

Hvað kaup matsmannsins snertir, hefur ákærði viðurkennt, að sér hafi verið kunnugt um, að meiri hlutann af starfstímanum hafi hann haft 15 kr. lægra dagkaup en haldið er fram í hinni átöldu grein, en kaup það, sem þar er talað um, þ. e. kr. 45.00 á dag, hafi hann ekki haft nema 5 eða 6 daga.

Þá hefur ákærði viðurkennt, að ásökun hans um það, að nefndin hafi greitt erlendum síldarkaupanda mútur, hafi ekki við annað að styðjast en það, að maður þessi hafi fengið greiddar 1000 krónur í „Gratiale", en á aðalfundinum hafi verið upplýst, að venja hafi verið komin á um þetta. Undir rannsókn málsins hafa framkvæmdarstjóri og varaformaður Síldarútvegsnefndar borið það, að „Gratiale" þetta hafi verið greitt vegna þess, að maður þessi hafi verið eins konar trúnaðarmaður nefndarinnar erlendis og látið nefndinni í té upplýsingar um, hvernig síldin líkaði o. s. frv., og hafi af viðskiptalegum ástæðum ekki verið hægt að gefa nánari skýringu á greiðslunni. Dylgjur sínar um, að nefndarmenn eða starfsmenn hennar hafi þegið mútur, hefur ákærði

heldur ekki getað rökstutt, enda hefur ekkert komið fram í rannsókn málsins, er styðji það. Sama máli gegnir um ásökun ákærða í garð framkvæmdarstjóra um, að hann hafi látið nefndina greiða sér dagpeninga um þingtímann. Hins vegar hefur það komið í ljós við rannsókn málsins, að ásökun ákærða á hendur framkvæmdarstjóra um, að hann hafi fengið ferðakostnað af sömu ferðinni endurgreiddan bæði frá Alþingi og Síldarútvegsnefnd hefur við rök að styðjast, en ummæli þessi voru ekki tekin upp í kæru nefndarinnar.

Kaflann um síldarkaup starfsmanns nefndarinnar hefur ákærði að mestu eftir endurskoðendunum, en bætir við frá sjálfum sér klausunni: „Hvort nefndin lýgur aðeins annarri skýringunni eða báðum, skal ekki dæmt um hér, en eitthvað er óhreint við þetta mál, hvað margir, sem það kunna að vera, sem ekki hafa hreint mjöl í pokanum."

Við rannsókn málsins hefur ekkert komið fram, sem réttlætt geti þessi ummæli, né heldur, að aðrir starfsmenn nefndarinnar hafi fengizt við síldarverzlun.

Undir rannsókn málsins hefur ákærði enga tilraun gert til að réttlæta ásakanir þær, er felast í tveimur síðustu köflum hinna átöldu ummæla, nema að því er snertir ásökunina um atkvæðasmölunina. Af framburði vitna þeirra, er yfirheyrð hafa verið, verður ekki annað séð en að aðalfundurinn hafi farið fram með eðlilegum hætti, nefndin hafi gert grein fyrir störfum sínum, eftir því sem tilefni gafst til, svarað fyrirspurnum þeim, sem fram komu, o. s. frv. Þó virðist allmikið ósamkomulag hafa ríkt á fundi þessum milli nefndarinnar og endurskoðendanna út af reikningum nefndarinnar, og sést það meðal annars á athugasemdum endurskoðendanna og svörum nefndarinnar við þeim.

Hvað ásökuninni um atkvæðasmölun viðvikur, þá hefur ákærði haldið því fram, að Jörundur Jörundsson útgerðarmaður í Hrísey hafi sagt sér, að kaupfélagsstjórinn þar á staðnum hafi farið þess á leit, að hann (Jörundur) gæfi Jakobi Frímannssyni framkvæmdarstjóra umboð til að fara með atkvæði sitt á aðalfundinum, en Jakob Frímannsson átti þá sæti í Síldarútvegsnefnd. Hafa þeir Jörundur Jörundsson og Hreinn Pálsson, útibússtjóri KEA í Hrísey, verið yfirheyrðir um þetta atriði, og hefur Jörundur borið, að þetta sé rétt eftir sér haft. Hins vegar kveðst Hreinn Pálsson ekki muna til, að hann hafi farið þessa á leit við Jörund, en segir þó, að það sé venja, að KEA annist milligöngu fyrir viðskiptamenn sína við Síldarútvegsnefnd, og láti þá vita um kosningar, fundahöld, og annað, er máli skipti fyrir þá gagnvart nefndinni, og muni hann því hafa haft tal af viðskiptamönnum félagsins fyrir fundinn og hvatt þá til að mæta eða senda umboð til þess. Hins vegar neitar þetta vitni því algerlega að hafa fengið nein tilmæli eða fyrirskipanir um að hafa áhrif á, hverjum þeir

sendu umboð til að fara með atkvæði sitt. Framkvæmdarstjóri KEA, Jakob Frímannsson, hefur og verið yfirheyrður um þetta atriði, og ber honum saman við Hrein Pálsson.

Þótt ýmsir viðskiptamenn KEA hafi farið með atkvæði á aðalfundinum svo og þrír af starfsmönnum nefndarinnar, verður ásökun ákærðs um, að nefndin hafi smalað atkvæðum á fundinn, ekki talin nægilega réttlætt.

Það verður að að líta svo á, að ákærði verði ekki sakfelldur fyrir ummæli þau, er hann styður við athugasemdir endurskoðendanna, enda verður að telja þá opinbera starfsmenn á sama hátt og nefndina, og þótt athugasemdirnar hafi verið ræddar á aðalfundinum, og reikningar nefndarinnar samþykktir, án þess að tillit væri tekið til þeirra, þá virðast endurskoðendurnir hafa haldið fast við flestar þeirra eftir sem áður. En auk þess eru í hinni átöldu grein ýmis mjög meiðandi og móðgandi ummæli í garð nefndarinnar og framkvæmdarstjóra hennar, sem ekki verða réttlætt, svo sem að framan er lýst. Þar sem telja verður Síldarútvegsnefnd og framkvæmdarstjóra hennar opinbera starfsmenn og þar sem ummæli þessi eru við höfð um þá út af skyldustarfi þeirra, þá ber að telja ummæli þessi refsiverð skv. 108. gr. hegningarlaganna.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. júlí 1903. Hefur hann áður sætt refsingum sem hér segir:

Samkvæmt dómi hæstaréttar 25. febrúar 1935 þriggja mánaða einföldu fangelsi fyrir niðurrif á þýzka hakakrossfánanum.

Samkvæmt dómi hæstaréttar 24. nóv. 1937 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir árás gegn lögreglunni.

Refsing ákærða fyrir framangreint brot hans þykir með hliðsjón af framansögðu hæfilega ákveðin 20 daga varðhald. Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 75 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Áka Jakobssonar cand. jur.

Á rannsókn málsins hefur orðið nokkur dráttur, og stafar hann af veikindum dómarans.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Þóroddur Guðmundsson, sæti 20 daga varðhaldi. Hann greiði og allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 75 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Áka Jakobssonar cand. jur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. janúar 1943.

Nr. 64/1942. **Eigendur og skipshöfn v/b Ársæls V.E. 8** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Lárusi Fjeldsted f. h. eigenda e/s Kinaldie A 83 og gagnsök (Theódór B. Lindal).

Bjarglaun.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, ásamt samdómsmönnum Lúðvíki N. Lúðvíkssyni og Ólafi St. Ólafssyni.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. júní 1942 og krafizt þess aðallega, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 93000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi, 7. marz 1942, til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur af sinni hálfu skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 10. júní 1942. Krefst hann þess aðallega, að honum verði aðeins gert að greiða hæfilega þóknun fyrir dráttaraðstoð, þó ekki yfir 15000 krónur, en til vara, ef björgun verði metin, hæfileg björgunarlaun, þó ekki yfir 30000 krónur, ásamt 5% ársvöxtum. Svo krefst hann og niðurfalls málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Fyrir hæstarétti hefur aðaláfrýjandi lagt fram kvittun Skipaútgerðar ríkisins fyrir því, að hann hafi greitt henni fyrir aðstoð varðbátsins Óðins, þá er í héraðsdómi getur. Það athugast, að, eftir því sem fram hefur komið hér fyrir dómi, hefur töf aðaláfrýjanda frá fiskveiðum vegna sjóprófa orðið að mun meiri en ráð er gert fyrir í héraðsdómi.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdómsins ber að staðfesta hann, þó svo, að bjarglaun ákveðast kr. 60000.00 og vextir 6% frá 7. marz 1942 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst kr. 1500.00.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Lárus Fjeldsted f. h. eigenda e/s Kinaldie A 83, greiði aðaláfrýjanda, eigendum og skipshöfn v/b Ársæls V.E. 8, kr. 60000.00 með 6% ársvöxtum frá 7. marz 1942 til greiðsludags, kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og kr. 1500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 26. maí 1942.

Mál þetta, sem var flutt hinn 19. þ. m., er höfðað af Karli Ó. Guðmundssyni skipstjóra, Urðaveg 8, Vestmannaeyjum, f. h. eigenda og skipshafnar v/b Ársæls V.E. 8 með stefnu, útgefinni 7. marz s. l., birtri 9. s. m., á hendur Robert Hogg, skipstjóra á e/s Kinaldie A 83 frá Aberdeen, f. h. eigenda og vátryggjenda e/s Kinaldie og farms skipsins til greiðslu in solidum, en subsidiært pro rata á björgunarlaunum, að upphæð kr. 93000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 23. febrúar 1942 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins, og enn fremur til viðurkenningar sjóveðrétti í e/s Kinaldie fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi breytt kröfum sínum á þá leið, að hann hefur fallið frá kröfu sinni á hendur vátryggjendum skipsins, en krafizt þess, að stefndur Robert Hogg f. h. eigenda e/s Kinaldie verði dæmdur til að greiða stefnandanum kr. 93000.00 í björgunarlaun eða til vara hlutfallslega upphæð samkv. mati réttarins ásamt vöxtum samkv. því, sem ofan greinir, svo og málskostnað samkv. framlögðum reikningi, sem nemur að upphæð kr. 6226.60. Jafnframt hefur stefnandi fallið frá kröfu sinni um, að sjóveðréttur verði viðurkenndur með dómi réttarins í skipinu, þar sem trygging hafi verið sett fyrir greiðslu björgunarlauna samkv. því, sem dómur kynni að ákveða.

Stefndur hefur mætt og látið mæta í málinu og samþykkt, að málið yrði dæmt af íslenzkum dómstólum. Hefur stefndur gert þær réttarkröfur, að eigendur skipsins verði aðeins dæmdir til að greiða stefnandanum hæfilega upphæð samkv. mati dómsins, þó ekki yfir kr. 15000.00, fyrir dráttaraðstoð, en til vara björgunarlaun eftir mati dómsins, þó ekki yfir kr. 30000.00, að vextir verði aðeins reiknaðir 5% p. a., talið frá stefnudegi, og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir: Hinn 4. febrúar s. l. lagði e/s Kinaldie af stað frá Aberdeen áleiðis til Íslands. Kom skipið upp að suðurströnd landsins hinn 12. febrúar s. l. og fór þá að fiska og var að veiðum frá þeim tíma til 21. sama mánaðar. Laugardaginn 21. febrúar lagði skipið af stað heimleiðis, og var þá statt samkv. frásögn skipstjórans 20 sjómílur VAS frá Heimaey, er klukkan var 11 síðdegis eftir brezkum sumartíma, og tók þá stefnu í AAN. Kveðst skipstjórinn hafa séð vitann á Stórhöfða um það bil, er hann var að leggja af stað, en misst svo sjónar á honum. Kl. 0¾ eftir miðnætti sá skipstjórinn 2 kletta í sjónum í norðaustlæga átt og breytti þá stefnu skipsins í NA. Kl. 1 eftir miðnætti sáust boðar framundan, og gaf skipstjóri skipun um að láta vélina vinna aftur á bak, og snerist skipið við það til norðurs, og tók afturendi skipsins niðri á grunni, en losnaði þegar í stað. Kom þá í ljós, að skrúfa skipsins hafði brotnað, svo að skipið lét ekki að stjórn. Einnig bilaði stýri skipsins, svo að það var ekki nothæft. Skipstjóri sendi þá út neyðarljós, en loftskeytatæki hafði skipið ekki. Nokkur leki kom að skipinu, en þó ekki meiri en það, að hægt var að halda skipinu þurru með austurtæki. Logn var, en nokkur undiralda, og rak skipið fyrir straum um nokkurn tíma, unz v/b Ársæll V.E. 8 kom á staðinn, og hafði þá liðið um klukkustund frá því neyðarljós voru send út.

Samkv. frásögn skipstjórans og skipshafnarinnar á v/b Ársæl var báturinn í fiskiróðri og hafði lagt af stað frá Vestmannaeyjum kl. 3 e. h. laugardaginn 21. febrúar s. l. og sigldi vestur fyrir Eyjar ca. 20 sjómílur NNV af Heimaey. Toguðu þeir þar, þangað til klukkan um 10 e. h., en sigldu þá burtu og héldu austur með landi. Er þeir höfðu siglt um eina klukkustund, sáu þeir neyðarljós allfjarri í stefnunni VSV, eða vestan við Þridranga. Beygðu þeir þegar í áttina þangað og héldu með fullri ferð stefnunni rétt vestan við Þridrangaskerin. Síðan sigldu þeir meðfram skerjunum að vestan, en mjög stutt frá þeim, og beygðu því næst í austur í sundið milli Litla boða og Drangaskerja og að lokum til norðurs um leið og rennt var upp að e/s Kinaldie, og voru þá liðnir ca. 3 stundarfjórðungar frá því skipshöfn á v/b Ársæl hafði séð neyðarljósin. Samkv. frásögn skipstjórans á v/b Ársæl var e/s Kinaldie statt sem næst 100 faðma kompássuður frá austasta brotinu á Drangaskerjum, er v/b Ársæll kom á staðinn. En samkv. frásögn skipstjórans á e/s Kinaldie hafði skipið rekið vestur um 1000 til 1500 yards frá skerinu, er það tók niðri á.

Er v/b Ársæll kom að, óskaði skipstjórinn á e/s Kinaldie hjálpar, og renndi v/b Ársæll þá fram með skipinu og tók við dráttartaug frá e/s Kinaldie, sem fest var um borð í v/b Ársæl, og þar næst var farið að draga skipið af stað. Sigldi v/b Ársæll fyrst í SSV út frá skerjunum, en eftir ca. 15—20 mínútur var stefnan

sett til Eyja og komið undir Eiðið kl. 3½ um nóttina. Lagðist skipið þar, með því að lágsjávað var. Um morguninn var þungur austansjór, svo hafnsögmaðurinn taldi ekki viðlit að draga skipið inn á innri höfnina. Beið v/b Ársæll allan sunnudaginn með vélina í gangi, en um kl. 8—9 e. h. hafði lægt svo, að hafnsögumanninum þótt fært að draga skipið inn. Fékk skipstjórinn á v/b Ársæli varðskipið Óðinn sér til aðstoðar við að draga e/s Kinaldie inn á innri höfnina, og tókst það vel. Var e/s Kinaldie síðan lagt við Básaskersbryggju.

Nokkrum dögum eftir að skipinu var lagt við bryggjuna, var skipið flutt til og því lagt við svo kallað Löngunef á innri höfninni. Rak skipið þaðan upp í fjöru og hefur staðið þar síðan, en um skemmdir á skipinu virðist ekki hafa verið að ræða, enda er sléttur sandur undir.

Stefnandi heldur því fram, að e/s Kinaldie hafi verið statt í neyð og yfirvofandi háska, er v/b Ársæll kom því til hjálpar, og að hér hafi verið um tvímælalausa björgun að ræða. Eigi hann þar af leiðandi rétt til björgunarlauna samkv. ákvæðum siglingalaganna um björgun fyrir þá hjálp, er hann veitti, og nema kröfur hans þeim upphæðum, sem ofan greinir.

Stefndur byggir aðalkröfu sína á því, að hér hafi ekki verið um björgun að ræða, heldur aðstoð, þar sem e/s Kinaldie hafi ekki verið statt í neyð og hvorki skip né skipshöfn hafi verið í nokkurri hættu.

Í málinu er það upplýst, að e/s Kinaldie var með brotna skrúfu og bilað stýri og að það rak stjórnlaust fyrir straum, er v/b Ársæll kom því til hjálpar. Engin varaskrúfa var á skipinu, og samkv. því, sem fram kom í hinum munnlega málflutningi, hafði skipið engin segl, og telja verður, að ekki hefði verið hægt að nota preseningar yfir lúgum skipsins, sem eru mjög litlar, í þeirra stað. Um nákvæman stað skipsins, er því var bjargað, gætir nokkurs ósamræmis í framburði skipshafnarinnar á v/b Ársæl og skipshafnarinnar á e/s Kinaldie, sem ekki verður talið, að skipti neinu verulegu máli, þar sem það er upplýst, að skipið var statt rétt hjá Drangaskerjum, sem eru mjög hættuleg, svo ekki er um annan jafn hættulegan stað að ræða í nánd við Vestmannaeyjar. Logn var, eins og áður er getið, og sem hélzt fram eftir sunnudeginum, og réð því straumur, hvert skipið rak, en eins og kunnugt er, verða straumskipti á 6 klukkutíma fresti, eða við útfall og aðfall, og hlaut því skipið að reka til baka sömu eða mjög líka leið, og þannig koma nálægt þeim stað, er það rak frá, svo að hending mundi ráða, hvort það bærist upp á skerin eða ræki fram hjá þeim. Um veðrið er það annars upplýst, að á aðfaranótt mánudags gerði austanrok, sem var 8 vindstig í Vestmannaeyjum og hélzt fram á þriðjudag. Upplýst er, að skipið hafði hvorki talstöð sé loftskeyta-

tæki og að engir aðrir bátar en v/b Ársæll voru á þeim slóðum, er e/s Kinaldie var, er því var bjargað. Það virðist einnig mega ráða af framburði skipstjórans um siglingu e/s Kinaldie, að honum hafi ekki verið ljóst, hvar skipið var. Af þessum ástæðum telur rétturinn, að högum skipsins hafi verið þannig háttað, að líkur voru ekki til, að það hefði komizt til hafnar af eigin ramleik, og að skip og skipshöfn hafi verið statt í allmikilli hættu. Rétturinn telur þar af leiðandi, að hér hafi verið um ótvíræða björgun að ræða og að v/b Ársæll eigi rétt til björgunarlauna samkv. fyrirmælum siglingalaganna.

Stefndur heldur því fram, að við ákvörðun björgunarlaunanna beri að taka tillit til þess, að eftir að e/s Kinaldie hafði verið lagt í innri höfnina í Vestmannaeyjum, hafi það rekið, eins og áður er getið, upp í fjöru, og kosti það ærið fé að draga það út þaðan og auk þess hafi allmikill kostnaður hlaðizt á skipið af þessum sökum, þar sem skipshöfnin sé öll á launum hjá stefndum. Rétturinn lítur hins vegar svo á, að ekki beri að taka tillit til þessa, þar sem björgunarstarfi v/b Ársæls hafi verið lokið, er e/s Kinaldie hafði verið lagt við Básaskersbryggju, sem telja verður öruggasta skipalægi, sem völ er á á innri höfninni, og eins bendir ekkert, sem komið hefur fram í málinu, til þess, að stefnandi hafi átt nokkurn þátt í, að skipið var flutt til innan hafnarinnar, heldur virðist það eingöngu hafa verið ráðstöfun hafnaryfirvaldanna.

Stefnandi krefst þess, að við ákvörðun björgunarlaunanna verði tekið tillit til þess kostnaðar, sem af því leiddi fyrir hann, að hafa þurft að fá aðstoð Óðins við að draga e/s Kinaldie frá Eiðinu inn á innri höfnina. Í málinu liggja ekki fyrir neinar yfirlýsingar frá eigendum v/s Óðins um, að þeir telji sig einungis eiga aðgang að stefnanda fyrir þá hjálp, sem skipið veitti, en báðir aðiljar eru sammála um, að aðstoð v/s Óðins var veitt samkv. beiðni stefnanda og að skipstjórinn á e/s Kinaldie áti þar engan hlut að. Enn fremur hefur stefnandi lagt fram í málinu skriflega yfirlýsingu, þar sem hann tekur það fram, að sér beri að greiða fyrir aðstoð v/s Óðins, og að það hafi verið skýrt tekið fram við skipstjórann á Óðni, er samið var um aðstoðina, að hann ætti aðeins aðgang að stefnanda, en ekki að stefndum fyrir verk sitt. Þykir verða að ganga út frá, að þetta sé rétt, enda hefur þetta ekki verið véfengt af stefndum. Verða því björgunarlaunin ákveðin með hliðsjón af aðstoð v/s Óðins, þannig að ómakslaun þess verða innifalin í hinum tildæmdu björgunarlaunum.

Stefnandi kveðst hafa tafizt frá veiðum í 5 sólarhringa vegna björgunarinnar og eftirfarandi sjóprófa og hafi beðið aflatjón af þeim sökum, sem nemi um 10 þúsund krónum, er miðað sé við afla hliðstæðra báta á þessum tíma. Eins og ofan greinir, tók björg-

unarstarfið sjálft tæpan sólarhring, eða frá þeim tíma, er v/b Ársæll sá neyðarljósin og lagði af stað til björgunarinnar og þangað til e/s Kinaldie hafði verið lagt við bryggju á innri höfninni. Vegna sjóprófanna virðist ekki hafa verið nauðsynlegt að láta skip og skipshöfn bíða í landi lengur en einn sólarhring, og virðist því töf stefnanda frá fiskveiðum vegna björgunarinnar og sjóprófanna ekki hafa þurft að nema meiru en 2 sólarhringum. Með tilliti til þessa og samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um afla hliðstæðra báta, virðist aflatjón stefnanda hæfilega áætlað kr. 3000.00.

Um verðmæti e/s Kinaldie liggja fyrir þessar upplýsingar: Samkv. mati, sem fram fór 26. og 28. febr. s. l., var skipið metið á kr. 215000.00 og veiðarfæri þess, afli og kolabirgðir o. fl. á kr. 16797.68. En samkv. yfirmati, sem fram fór 6. marz s. l., var skipið ásamt öllu því, er skipinu fylgdi, er björgunin fór fram, metið á kr. 308880.00, þar af skipið sjálft á kr. 292000.00. Báðir aðiljar hafa gert athugasemdir við yfirmatið. Telur stefnandi, að matið sé of lágt, og hefur skýrt svo frá, að ákveðinn maður hér í bæ hafi gert tilboð í að kaupa skipið, þar sem það liggur, fyrir kr. 400000.00. Stefndur hins vegar telur matið of hátt, og heldur því fram, að yfirmatsmennirnir muni hafa miðað við það verð á skipum, sem nú er, í stað þess að miða við verð fyrir stríð, sem átt hefði að gera, og enn fremur hafi matsmennirnir ekki tekið tillit til þess, að hér var um brezkt skip að ræða og þeirra kvaða, sem á slíkum skipum hvíla, útflutningsbann o. fl. Rétturinn lítur svo á, að við mat á skipinu beri að miða við gangverð á skipum á þeim stað og á þeim tíma, er matið fór fram, enda annað lítt framkvæmanlegt, og eins lítur rétturinn svo á, að ofangreint kauptilboð gefi ekki nægá ástæðu til að víkja frá yfirmatinu. Verður yfirmatið því lagt til grundvallar í málinu, eins og það er.

Um verðmæti v/b Ársæls hefur stefnandi upplýst, að ásamt botnvörpuveiðarfærum og öllum útbúnaði sé skipið yfir 125 þús. kr. virði, en að það sé tryggt án veiðarfæra fyrir rúmar 70 þús. krónur.

Við ákvörðun björgunarlaunanna þykir fyrst og fremst eiga að taka tillit til, að björgunin tókst til fullnustu og var leyst vel af hendi og að e/s Kinaldie og skipshöfn þess var statt í allmikilli hættu. Enn fremur varð stefnandi fyrir nokkrum kostnaði og aflatjóni, sbr. það, sem ofan greinir um aðstoð v/s Óðins og aflatjón stefnanda. Hins vegar tók björgunin ekki langan tíma og verður ekki talin sérstaklega áhættusöm. Að þessu og öðru athuguðu svo og með tilliti til verðmætis hins bjargaða, þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 50000.00, er stefndum ber að greiða ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi, hinn 7. marz s. l., til greiðsludags. Kostnaður við sjópróf og mat verður eftir atvikum

talinn með málskostnaði. Samkv. því og með tilliti til málavaxta þykir málskostnaður stefnanda til handa hæfilega ákveðinn kr. 5000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Robert Hogg f. h. eigenda e/s Kinaldie, greiði stefnandanum, Karli Ó. Guðmundssyni f. h. eigenda og skipshafnar v/b Ársæls, kr. 50000.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 7. marz 1942 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. janúar 1943.

Nr. 5/1942. **H/f Hængur** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Hafnarstjóra Reykjavíkur f. h. hafnarsjóðs og gagnsök (Lárus Jóhannesson).

Bjarglaun.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1942 og krafizt þess, að bjarglaun verði lækkuð eftir mati dómsins frá því, sem dæmt var í héraði. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir báðum dómum, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi, sem af sinni hálfu hefur skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 4. febr. 1942, krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 115000.00 eða til vara aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins með 6% ársvöxtum frá 30. jan. 1941 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að bjarglaun ákveðast kr. 70000.00 ásamt vöxtum eins og í héraðsdómi segir.

Svo þykir og rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, kr. 5000.00.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, h/f Hængur, greiði gagnáfrýjanda, hafnarstjóra Reykjavíkur f. h. hafnarsjóðs, kr. 70000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. janúar 1941 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 27. nóv. 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 1. apríl s. l., af Þórarni Kristjánssyni hafnarstjóra f. h. hafnarsjóðs Reykjavíkur gegn eigendum b/v Baldurs, h/f Hæng hér í bæ, til greiðslu björgunarlauna, að upphæð kr. 115000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 30. jan. s. l. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Einnig hefur vátryggjanda togarans, Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga, verið stefnt til þess að gæta réttar síns í málinu.

Stefnda krefst þess, að sér verði gert að greiða stefnanda kr. 36000.00 í björgunarlaun eða aðra hæfilega upphæð eftir mati dómsins, en stefnandi greiði hæfilegan málskostnað.

Málavextir eru þeir, að hinn 29. jan. s. l., kl. rúmlega 8 að kveldi, strandaði b/v Baldur á svonefndum Gróttutanga á Seltjarnarnesi. Virðist skipið hafa farið með um hálfri ferð, er það tók niðri, en strandstaðurinn var stórgrýtisurð og klappir. Var skipið síðan látið vinna með fullri ferð aftur á bak allt að hálf tíma, en skipið bifaðist ekki, enda var og útfall. Blíðalogn var, en aðeins undiralda, er skipið tók niðri. Útgerð skipsins leitaði nú til stefnanda þessa máls og beiddist þess, að dráttarbáturinn Magni yrði sendur á vettvang í þeim tilgangi að reyna að bjarga skipinu. Varð stefnandi við þeim tilmælum, og kl. 9,30 um kvöldið hélt dráttarbáturinn af stað héðan úr höfninni, og var hafnsögubáturinn einnig með. Lagðist Magni í 170 faðma fjarlægð suðvestur af togaranum á rúmlega 3 faðma dýpi. Var ljóskastari Magna notaður til að lýsa upp strandstaðinn, og var bátur frá Magna sendur út að togaranum til að athuga allar aðstæður. Að sögn skipverja á Magna var þá (kl. 10,45) komin talsverð alda, og braut beggja vegna við skipið. Með því að Baldur hafði trollvíra á „spili", töldu stjórnendur Magna heppilegast að nota þá, og var þeim síðan komið um borð í Magna. Magni flutti sig þá, færði akkeri og lét út meiri keðju, og var þá á að gizka 150 faðma bil á milli skipanna. Var þessu lokið um kl. 1,30 eftir miðnætti. — Einnig hafði

verið létt á togaranum með því að moka út ís, dæla burt lýsi o. fl., og gizka skipsverjar á, að togarinn hafi þannig létzt um 25 tonn. Ekki er upplýst, hvort skipverjar á Magna unnu að því að létta á togaranum. — Kl. 3,30 um nóttina var aftur farið um borð í Baldur og haldið áfram öllum undirbúningi, þar á meðal var athugað, hvort skipið læki og hvernig strandstaðurinn var. Kl. 5,20 var strengt á vírunum, og setti Magni á fulla ferð áfram, og var svo látið ganga um stund. Var skipið þá farið að riða og höggva á klettunum, enda hafði alda og aukizt talsvert með aðfallinu. Ferð Magna var nú aukin og minnkuð á víxl og sætt færis að rykkja skipinu út, þegar alda reið undir það. Kl. 6,05 náðist skipið af klettunum, og var það rúmum klukkutíma fyrir háflæði. — Skv. skipun stjórnenda á Magna var vél Baldurs ekki notuð við aðgerðir þessar, enda muni þeir hafa óttazt, að skrúfan skemmdist við það. — Dráttarvírarnir voru síðan aftur teknir um borð í Baldur, og héldu skipin svo til Reykjavíkur, og var komið þangað um kl. 7,45 f. h. þann 30. jan. — Togarinn hafði skemmzt nokkuð á botni og kili við strandið, en þó ekki meira en það, að skipið þurfti aðeins að vera einn til tvo daga í slipp til viðgerðar, að því er ómótmælt hefur verið haldið fram.

Stefnandi heldur því fram, að hér hafi verið um fullkomna björgun af hálfu Magna að ræða. Það verður að teljast útilokað, að skipið hefði getað losað sig af grunni af eigin ramleik. Veður hafi að vísu verið stillt og sjólaust, er Baldur strandaði, en er Magni kom á vettvang, hafi verið farið að brima, enda óveður í aðsigi, og líklegt megi teljast, að skipið hefði eyðilagzt, ef það hefði ekki náðst út á morgunflóðinu þann 30. jan. Telur stefnandi, að sér beri rífleg björgunarlaun í þessu sambandi, þar sem björgunin hafi tekizt svo vel, sem raun ber vitni um, enda hafi hún verið framkvæmd af sérstakri lagni og notið hafi tækja Magna sem björgunarskips. Skv. mati dómkvaddra manna var verðmæti skipsins eftir strandið talið nema kr. 404700.00. Kol í skipinu voru metin á kr. 3500.00 og 2600 körfur af fiski á kr. 43000.00. Stefnandi telur þó, að afli sá, er bjargað hafi verið, hafi ekki verið minna en 103500 króna virði, og miðar þá við sölu hans í Englandi, að frádregnum kostnaði.

Eins og þegar er minnzt á, véfengir stefnda ekki, að hér hafi verið um björgun í skilningi siglingalaganna að ræða, enda eru og framanlýst atvik og aðstæður allar því til stuðnings. — Kröfu sína um verulega lækkun hinna umstefndu björgunarlauna byggir stefnda hins vegar á því, að togarinn hafi ekki verið í yfirvofandi hættu, björgunarstarfið hafi tekið stuttan tíma og verið hættulítið, tilkostnaður lítill og Magni geti ekki talizt raunverulegt björgunarskip. Þá telur stefnda og, að leggja beri til grundvallar mat það, er fyrir liggur í málinu, en því hafi á engan hátt verið

hnekkt, enda sé það verðmætið hér á staðnum, sem einungis komi til greina.

Umrædd björgun tókst að öllu mjög vel og virðist hafa verið unnin með sérstakri atorku og verklagni. Hins vegar tók björgunarstarfið ekki nema 10—11 klst. og virðist ekki hafa verið sérstaklega fyrirhafnarmikið. Eins og ástatt var á strandstaðnum, þar sem brim fór sívaxandi, enda óveður í aðsigi, verður að telja togarann og farminn hafa verið í yfirvofandi hættu um að skemmast stórlega, enda þótt skipverjar hans geti ekki talizt hafa verið í sérstakri hættu. Magni og skipverjar á honum verða og ekki taldir hafa verið í hættu staddir, en hins vegar þeir skipverjanna, sem voru í bátnum, sem fór milli Magna og Baldurs og aðstoðuðu við björgunina. Sérstakur tilkostnaður stefnanda í sambandi við björgunarstarfið virðist ekki koma hér til greina, en um verðmæti Magna ásamt björgunartækjum er það eitt upplýst, að skipið mun á þessum tíma hafa verið vátryggt fyrir 162 þúsund krónur. Telja verður, að Magni sé björgunarskip í skilningi siglingalaganna, þótt vélarafl hans sé 325 hestöfl, en skipið sjálft er 111 smálestir brúttó, enda er hann búinn margs konar björgunartækjum og hefur, að því er stefnandi hermir, fastan kafara í þjónustu sinni. — Að þessu öllu athuguðu, svo og með tilliti til þess, sem upplýst má telja um verðmæti hins bjargaða skv. framansögðu, og með hliðsjón af lækkuðu verðgildi krónunnar, þykja björgunarlaun til handa stefnanda hæfilega áætlaðin kr. 75000.00. Verður stefnda gert að greiða þá upphæð með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, þar sem stefnda hefur alls engum andmælum hreyft gegn vaxtakröfu stefnanda, hvorki að því er snertir vaxtahæð eða upphafstíma. — Samkvæmt þessum málalokum þykir og rétt, að stefnda greiði stefnanda kr. 3000.00 í málskostnað.

Réttinn skipuðu: hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Geir Sigurðsson skipstjóri og Sigurjón Á. Ólafsson alþm.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, stjórn h/f Hængs f. h. félagsins, greiði stefnandanum, hafnarstjóra f. h. hafnarsjóðs Reykjavíkur, kr. 75000.00 með 6% ársvöxtum frá 30. jan. 1941 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. janúar 1943.

Nr. 38/1942. **Kristinn Vigfússon, Ísleifur Sigurðsson og Kaupfélag Árnesinga**
(cand. jur. Gunnar J. Möller)
gegn
Guðrúnu Halldórsdóttur og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dánarbætur.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1942 og krafizt aðallega algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en til vara lækkunar á dæmdri fjárhæð eftir mati dómsins. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur af sinni hálfu skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 13. maí 1942. Krefst hún þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða henni kr. 15000.00 með 5% ársvöxtum frá 30. maí 1941 til greiðsludags, en til vara aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins. Svo krefst hún og málskostnaðar af aðaláfrýjendum fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

I.

Eftir því sem komið hefur fram hér fyrir dómi, var aðaláfrýjandi Kristinn Vigfússon fastráðinn afgreiðslumaður hjá Kaupfélagi Árnesinga, þegar atburðir þeir gerðust, sem mál þetta er risið af. Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, réð hann því, að uppskipunarbáturinn „Dúfa“ yrði notaður til hins fyrirhugaða fiskflutnings frá Þorlákshöfn til Eyrarbakka þann 15. maí 1940 og annaðist hleðslu bátsins. Honum var kunnugt um spjöll þau, er á uppskipunarbátnum höfðu orðið þá áður um veturinn, enda hafði hann sjálfur unnið að viðgerð bátsins ásamt Halldóri Magnússyni, er með bátnum fórst. Þrátt fyrir þetta þykir þó ekki fullyrðandi, að honum hafi verið eða átt að

vera það ljóst, að báturinn væri óhæfur til þessarar notkunar né að hann hafi verið ofhlaðinn til ferðarinnar. Og ekki er það sannað, að hleðslu fisksins í bátnum hafi verið ábóta vant. Þykir því verða að sýkna aðaláfrýjanda Kristinn Vigfússon af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

II.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi greinir, er það ósannað, að aðaláfrýjanda Ísleifi Sigurðssyni hafi verið kunnugt um spjöll þau, er á uppskipunarbátnum höfðu orðið, né að hann hafi haft ástæðu til að ætla, að dráttur á bátnum með farmi þeim, sem í honum var, væri varhugaverður. Verður honum því ekki talið það ógætni, eins og veðri og sjó var háttað, að hann fór venjulega siglingaleið. Að vísu gáfu menn þeir, er í uppskipunarbátnum voru, eitt sinn merki um að sigla nær landi, en ekki verður fullyrt, að Ísleifur hafi þá haft ástæðu til að ætla, að nokkur hætta væri á ferðum, enda var merkið ekki endurtekið. Gegn mótmælum Ísleifs er ekki sannað, að hann né félagi hans á dráttarbátnum hafi orðið varir við, að nokkuð væri að uppskipunarbátnum, fyrr en í þeim svifum, er til þeirra var kallað. Tók báturinn þá skyndilega að sökkva, og varð engri björgun við komið. Þykja aðgerðir Ísleifs í för þessari ekki hafa verið með þeim hætti, að honum verði gefin sök á slysinu. Verður því einnig að sýkna hann af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

III.

Aðaláfrýjandi Kaupfélag Árnesinga var eigandi beggja þeirra báta, er í máli þessu greinir. Var förin farin í þess þágu og ákvörðun um notkun uppskipunarbátsins tekin af fyrirsvarsmanni þess, eins og áður greinir. Umrætt slys bar að höndum með þeim hætti, að telja verður ótvírætt, að uppskipunarbáturinn hafi ekki verið hæfur til þeirrar notkunar, sem í málinu getur, og megi orsakir slyssins til þess rekja. En báturinn hafði ekki verið skoðaður eftir bráðabirgðaviðgerðina samkvæmt lögum nr. 78 1938. Þykir því verða að leggja fjárhagsábyrgð af slysi þessu á Kaupfélag Árnesinga.

Að því er varðar greiðsluskyldu aðaláfrýjanda Kaupfélags Árnesinga, þá ber með skírskotun til forsendna héraðsdóms að staðfesta ákvæði hans um upphæð dánarbóta, vexti og málskostnað gagnáfrýjanda til handa. Svo þykir og rétt, að Kaupfélag Árnesinga greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 500.00.

Málskostnaður falli niður fyrir báðum dómum, að því er tekur til aðaláfrýjendanna Kristins Vigfússonar og Ísleifs Sigurðssonar.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur Kristinn Vigfússon og Ísleifur Sigurðsson eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Guðrúnar Halldórsdóttur, í máli þessu og falli málskostnaður niður bæði í héraði og fyrir hæstarétti, að því er þá varðar.

Aðaláfrýjandi Kaupfélag Árnesinga greiði gagnáfrýjanda kr. 2290.00 með 5% ársvöxtum frá 30. maí 1941 til greiðsludags, kr. 300.00 í málskostnað í héraði og kr. 500.00 í málskostnað í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 2. marz 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., er með samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 30 maí f. á., af Guðrúnu Halldórsdóttur, Hrauni í Ölfusi, gegn Kristni Vigfússyni verzlunarmanni, Ísleifi Sigurðssyni verzlunarmanni og Agli Thorarensen kaupfélagsstjóra f. h. Kaupfélags Árnesinga, öllum til heimilis að Selfossi í Árnessýslu, til greiðslu in solidum á dánarbótum, að upphæð kr. 15000.00, eða til vara annari upphæð eftir mati dómsins ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Einnig krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v/b Hermanni til tryggingar framangreindum kröfum.

Stefndir krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda; til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Þeir krefjast og málskostnaðar, hvernig sem málið fer.

Tildrög málsins eru þau, að hinn 14. maí 1940 sendi hið stefnda kaupfélag meðstefndu, Kristinn og Ísleif, til Þorlákshafnar til að annast flutning á óverkuðum saltfiski, sem flytjast átti til Eyrarbakka til verkunar. Að morgni þess 15. maí var fiski þessum, sem var 6500 kg, komið fyrir í uppskipunarbátnum Dúfu, er var eign kaupfélagsins. Annaðist stefndur Kristinn hleðsluna ásamt nokkrum mönnum öðrum. Kl. rúmlega 11 f. h. þenna dag fór svo v/b Hermann, sem einnig er eign kaupfélagsins og var undir stjórn stefnds Ísleifs, af stað frá Þorlákshöfn með uppskipunarbátinn í eftirdragi. Í uppskipunarbátnum voru tveir menn, Halldór Magnússon frá Hrauni í Ölfusi, sonur stefnanda þessa máls, og Ingvar Þórarinsson frá Stígprýði á Eyrarbakka. Um það bil miðja vegu milli Þorlákshafnar og Eyrarbakka sökk uppskipunarbáturinn skyndilega, og drukknuðu báðir mennirnir, er í bátnum voru, og hafa lík þeirra ekki fundizt. — Telur stefnandi, að slys þetta hafi orðið vegna vítaverðs gáleysis af hálfu þeirra manna, er unnu að hleðslu skipsins og flutningnum til Eyrarbakka, bæði að því er snertir ástand uppskipunarbátsins, hleðslu hans og dráttinn. Menn þeir, er stóðu fyrir þessu, stefndur Kristinn og Ísleifur, svo og hið stefnda kaupfélag sem eigandi skipanna og fisksins og vinnuveitandi áður nefndra manna hljóti að bera fjárhagslega ábyrgð á tjóni því, er slysið hafi valdið. Heldur stefnandi því fram, að Halldór heitinn hafi staðið fyrir búi sínu og verið framfærandi sinn að miklu leyti ásamt eftirlifandi bróður hans. Hefur stefnandi því krafið stefndu um dánarbætur, eins og áður segir, en með því að þeir hafa reynzt ófáanlegir til að greiða þær, er mál þetta höfðað og í því gerðar framangreindar dómkröfur.

Sýknukröfu sína byggja stefndir í fyrsta lagi á því, að umrætt slys hafi ekki orðið fyrir neitt gáleysi af þeirra hálfu.

Verða nú athuguð nánari atvik að slysinu svo og afstaða stefndu í því sambandi.

Stefndum Kristni Vigfússyni er gefið það að sök, að hann hafi sýnt af sér gáleysi með því að nota uppskipunarbátinn Dúfu til ferðarinnar svo og með því að hlaða hann, eins og gert var, enda hafi hvorttveggja átt þátt í því, að slysið varð.

Eftir því sem fram hefur komið í rannsókn málsins, virðist það ekki hafa verið fyrirfram ákveðið að nota umræddan uppskipunarbát til fararinnar, því að stefndur Kristinn hefur borið það, að fyrirhugað hafi verið að nota stærri bát í þessu skyni. Þar sem báturinn hafi hins vegar verið í Þorlákshöfn og þurft að komast til Eyrarbakka, hafi það orðið úr að nota hann. Verður ekki annað séð en að stefndur Kristinn hafi ráðið þessu. — Um bát þenna, sem er opinn, er það vitað, að hann var þiljaður að innan frá barka að skut, en ekki er með vissu kunnugt um stærð hans. Eitt vitni, sem hafði unnið við uppskipun með bátinn, telur, að venju-

lega hafi ekki verið látin í hann meira en 5 tonn í góðum sjó, og tvö vitni kveðast hafa heyrt, að báturinn hefði 5 tonna burðarþol. — Það er vitað, að nokkru fyrir jól 1939 brotnuðu nokkur borð í bátshliðinni, og gerðu þeir stefndur Kristinn og Halldór heitinn Magnússon við þá löskun með þeim hætti, að dældin í skipshliðinni var fyllt með tréfleygum, því næst lagður þar yfir tjörubleyttur flónelslappi og loks negld blýplata þar utan á og út yfir dældina. Eftir að þetta skeði, mun báturinn hafa verið notaður til lagningar á botnkeðjum í Þorlákshöfn, og virðist hann þá hafa verið eitthvað lekur. — Á að gizka 2—3 vikum áður en slysið varð, var báturinn og notaður heilan dag við framskipun á lýsi og uppskipun á kolum úr skipi, er lá um 500 metra frá landi í Þorlákshöfn. Var veður þá allslæmt, en leki á bátnum þó talinn fremur lítill. Báturinn hafði síðan staðið uppi á landi, þar til hann var notaður hinn 15. maí 1940. Réð stefndur Kristinn aðallega hleðslu fisksins í bátinn, en hann var á floti, meðan hleðsla fór fram. Var fiskurinn settur í einn hlaða milli þóftanna, og náði fiskhlaðinn út að borðstokknum báðum megin. Breitt var segl yfir fiskinn í bátnum, án þess að seglið næði út af borðstokknum, og árarnar, 4 að tölu, lagðar ofan á, tvær hvorum megin við hlaðann. Auk þess var lagður planki (aukaþófta) ofan á seglið að framan. Annars voru engin sérstök björgunartæki í bátnum.

Eins og aðstæðum hefur verið lýst hér að framan, getur það ekki talizt hafa verið áhættulaust að taka uppskipunarbátinn Dúfu, eins og hann var á sig kominn, til flutnings á þeim fiski, sem skipað var um borð. Það, hvernig hleðslunni var hagað, verður og að teljast hafa verið mjög varhugavert, þar sem fiskinum var þannig fyrir komið í bátnum, að erfitt var að sjá leka, er í skipið kunni að koma, svo og að koma við fullnægjandi austri; auk þess sem seglið var sett þannig yfir fiskinn, að það veitti enga örugga vörn gegn ágjöf, sem búast mátti við, eins og veðri og sjó var háttað, en að því verður vikið síðar. — Verður því að telja, að stefndur Kristinn hafi sýnt af sér gáleysi að þessu leyti, og þar sem þetta verður að teljast hafa átt sinn þátt í slysinu, getur framangreind varnarástæða, að því er hann snertir, ekki orðið tekin til greina.

Stefndum Ísleifi Sigurðssyni er gefið að sök að hafa hagað drættinum gálauslega.

Á v/b Hermanni, sem er rúmar 7 smálestir að stærð, var auk formannsins, Ísleifs, einn vélarmaður. Uppskipunarbátnum Dúfu var fest aftan í v/b Hermann með 30 faðma löngum vír, og voru á að gizka 25 faðmar á milli bátanna. Farin var venjuleg siglingaleið, sem er bein stefna til Eyrarbakka. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofunni var vindur á Eyrarbakka þenna morgun kl. 8 ANA 4 vindstig og kl. 14 NNA 6 vindstig, og var hvítt í báru, sem kallað er. Um það bil 15—20 mínútum áður en slysið skeði, gáfu

mennirnir á uppskipunarbátnum merki, sem skipverjum á Hermanni skyldist helzt, að ætti að tákna, að farið skyldi nær landi. Með því að þeir í uppskipunarbátnum höfðu þá sveigt örlítið í áttina til lands, breytti Ísleifur stefnu vélbátsins aðeins í samræmi við það, en annars urðu þeir á Hermanni sammála um, að óþarfi væri að beygja nokkuð nær landi, og var það því ekki gert frekar. Rétt áður en slysið skeði, heyrðust mennirnir í uppskipunarbátnum kalla, og segir vélarmaðurinn á v/b Hermanni, að sér hafi heyrzt þeir segja, að sjór væri kominn í bátinn og að þeir hefðu ekki við að ausa. Var ferðin þá tekin af vélbátnum og reynt að snúa við, en vélbáturinn lét ekki að stjórn, enda var hann orðinn ferðlítill, og dráttartaugin togaði fast í bátinn aftanverðan, þar sem uppskipunarbáturinn var að sökkva í sömu andránni. Annar mannanna í uppskipunarbátnum fleygði sér í sjóinn miðskipa, en hinn hljóp fram á hnífil og sökk þar með bátnum. Skaut öðrum manninum upp nokkru síðar, en sökk strax aftur.

Af hálfu stefnds Ísleifs er því mótmælt, að honum hafi verið kunnugt um, að nokkuð væri athugavert við uppskipunarbátinn, er haldið var af stað, og er það ósannað gegn þeim mótmælum. Hins vegar hlaut hann að sjá, hversu báturinn var hlaðinn og hve umbúnaður var þar ófullkominn, eins og að framan er lýst. Það verður því fyrst og fremst að teljast hafa verið ógætilega að farið að binda þannig hlaðinn bát aftan í vélbátinn, eins og gert var, og þar með hindra nauðsynlegar hreyfingar vélbátsins, ef í nauðir rak. Í þeim sjó, sem var á þessum slóðum, verður það og að teljast hafa verið gálaust að fara með uppskipunarbátinn þá leið, sem farin var, í stað þess að fara nær landi, enda virðist það álit margra hinna sjófróðustu manna austur þar, er þeir hafa verið spurðir um það fyrir rétti. Var þar minni hætta á ágjöf, en hún virðist hins vegar hafa verið talsverð þar, sem farið var, og sjór hafi þannig komizt í uppskipunarbátinn. Og sérstaklega verður þetta að teljast hafa verið ámælisvert, þar sem mennirnir í bátnum gáfu bendingu, sem skipverjar á vélbátnum skildu þannig, að þeir vildu að haldið væri nær landi, en því var ekki sinnt, svo að nokkra þýðingu hefði, og ekki einu sinni gengið úr skugga um, af hverju mennirnir í uppskipunarbátnum gáfu þessi merki eða hvernig ástatt væri þar um borð. Stefndur Ísleifur, sem talinn verður að bera ábyrgð á drættinum, þykir því einnig hafa sýnt óvarkárni í starfi sínu, og getur framangreind varnarástæða af hans hálfu ekki orðið tekin til greina.

Í öðru lagi byggja stefndir sýknukröfu sína á því, að mennirnir, sem voru í uppskipunarbátnum, hafi sjálfir gerzt sekir um stórkostleg gáleysi. — Að því er snertir Halldór heitinn, hafi það fyrst og fremst verið gáleysi af hans hálfu að fara með bátinn, eins og ástand hans var, en Halldóri hafi verið það allra manna

bezt kunnugt, þar sem hann hafi annazt viðgerðina á uppskipunarbátnum ásamt stefndum Kristni. Þótt talið sé, að ástandi bátsins hafi verið ábóta vant, eins og að framan greinir, og Halldóri heitnum hafi ef til vill að einhverju leyti verið kunnugt um það, getur það þó ekki út af fyrir sig talizt eiga að svipta stefnanda rétti til bóta, ef önnur skilyrði bótaskyldu eru fyrir hendi, að Halldór tók sér fari með bátnum, þar sem líta verður svo á, að hann hafi samt mátt gera ráð fyrir, að flutningurinn tækist, ef forsvaranlega væri frá öðru gengið, en á það skorti mjög, eins og fyrr er rakið. — Þá hafa stefndir og talið mönnunum í uppskipunarbátnum það til áfellis, að þeir skyldu ekki hafa hagrætt seglinu ofan á fiskinum, er þeir voru komnir út á sjó og ágjöf tók að aukast. — Eftir því sem upplýst er um hleðslu bátsins og hvernig gengið var frá seglinu, verður þó ekki séð, að mennirnir hafi átt hægt um vik að hagræða þessu, enda þurftu þeir um margt annað að hugsa, svo sem austur og stýrisstjórn. — Loks telja stefndir, að mennirnir hafi látið sér úr greipum ganga möguleika til bjargar, þar sem þeir hafi ekki gripið til plankans og ára þeirra, er lágu ofan á seglinu í bátnum. — Þegar þess er gætt, hversu báturinn sökk skyndilega og svo að segja enginn tími var fyrir mennina til að átta sig á því, sem var að gerast, getur þetta atriði ekki talizt þeim til áfellis. — Framangreind varnarástæða verður því heldur ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu verður þannig að telja, að stefndir Kristinn og Ísleifur séu valdir að framangreindu slysi fyrir óvarkárni. Verður því og talið, að heimilt sé að sækja hið stefnda kaupfélag til ábyrgðar að þessu leyti, þar sem það átti og gerði út v/b Hermann, en stefndur Ísleifur var við skyldustörf á þeim bát er framangreindir atburðir gerðust, og stefndur Kristinn vann að framangreindum störfum í þjónustu félagsins.

Þar sem þessir aðiljar verða þannig að teljast ábyrgir fyrir dauða Halldórs heitins, verður sú ábyrgð talin „solidarisk", að því er snertir dánarbætur til stefnanda, ef litið verður svo á, að hún hafi að einhverju leyti verið á framfæri Halldórs, en sýknukröfu sína hafa stefndir í þriðja lagi byggt á því, að svo hafi ekki verið. Það sé hvorttveggja, að stefnandi þessa máls sé svo efnum búin, að hún sé ekki framfærsluþurfi, og eins hitt, að Halldór heitinn hafi ekki verið aflögufær.

Stefnandi er nú 81 árs að aldri og hefur rekið búskap að Hrauni, þar til um vorið 1940, að hún brá búi. Samkvæmt vottorði hreppstjóra Ölfushrepps hafði Halldór heitinn, sem var 43 ára, er hann drukknaði, svo og bróðir hans Magnús, staðið fyrir búi stefnanda. Samkv. skattaframtali fyrir árið 1939 átti stefnandi þá rúmar 10 þús. kr. sem skuldlausa eign, en „nettó"-tekjur hennar það ár námu tæpum 1200 kr. Árið 1940 nam skuld-

laus eign hennar kr. 9400.00 og „netto"-tekjur kr. 2350.00. Samkv. framtali Halldórs heitins fyrir árið 1939 nam skuldlaus eign hans þá kr. 390.00 og „nettó"-tekjur um 1500 kr. — Magnús sonur stefnanda, sem nú hefur tekið við búrekstri að Hrauni, hefur haft frá 1000—1500 kr. í „nettó"-tekjur árin 1939 og 1940. Auk þessa á stefnandi þrjá aðra uppkomna syni á lífi, og munu sumir þeirra vera allvel efnum búnir, en hins vegar eru þeir allir fjölskyldufeður, að því er ómótmælt hefur verið haldið fram. Halldór heitinn einn var ókvæntur og verður, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að telja, að hann hafi verið framfærandi móður sinnar og hefði orðið það að einhverju leyti framvegis. En með tilliti til hins háa aldurs stefnanda og efnahags hennar að öðru leyti þykja dánarbætur henni til handa hæfilega ákveðnar kr. 3500.00.

Því er ómótmælt af hálfu stefnanda, að til frádráttar bótunum eigi að koma dánarbætur þær, kr. 1210.00, sem hún hefur fengið greiddar úr slysatryggingunni, og lækkar því hin dæmda fjárhæð sem því svarar. Verður stefndu gert að greiða nefnda upphæð in solidum ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Samkv. 4. tölulið 236. gr. siglingalaganna viðurkennist og sjóveðréttur í v/b Hermanni til tryggingar kröfunum.

Réttinn skipuðu hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Geir Sigurðsson skipstjóri og Jón Axel Pétursson hafnsögumaður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Kristinn Vigfússon, Ísleifur Sigurðsson og Kaupfélag Árnesinga, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnandanum, Guðrúnu Halldórsdóttur, kr. 2290.00, með 5% ársvöxtum frá 30. maí 1941 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í v/b Hermanni til tryggingar kröfunum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. janúar 1943.

Nr. 39/1942. **Kristinn Vigfússon, Ísleifur Sigurðsson og Kaupfélag Árnesinga**
(cand. jur Gunnar J. Möller)
gegn
Oddnýju Magnúsdóttur og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dánarbætur.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1942 og krafizt aðallega algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en til vara lækkunar á dæmdri fjárhæð eftir mati dómsins. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur af sinni hálfu skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 13. maí 1942. Krefst hún þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða henni kr. 15000.00 með 5% ársvöxtum frá 30. maí 1941 til greiðsludags, en til vara aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins. Svo krefst hún og málskostnaðar af aðaláfrýjendum fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

I.

Eftir því sem komið hefur fram hér fyrir dómi, var aðaláfrýjandi Kristinn Vigfússon fastráðinn afgreiðslumaður hjá Kaupfélagi Árnesinga, þegar atburðir þeir gerðust, sem mál þetta er risið af. Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, réð hann því, að uppskipunarbáturinn „Dúfa“ yrði notaður til hins fyrirhugaða fiskflutnings frá Þorlákshöfn til Eyrarbakka þann 15. maí 1940, og annaðist hleðslu bátsins. Honum var kunnugt um spjöll þau, er á uppskipunarbátnum höfðu orðið þá áður um veturinn, enda hafði hann sjálfur unnið að viðgerð bátsins ásamt Halldóri Magnússyni, er með bátnum fórst. Þrátt fyrir þetta þykir þó ekki fullyrðandi, að honum hafi verið eða átt að vera það ljóst,

að báturinn væri óhæfur til þessarar notkunar né að hann hafi orðið ofhlaðinn til ferðarinnar. Og ekki er það sannað, að hleðslu fisksins í bátnum hafi verið ábóta vant. Þykir því verða að sýkna aðaláfrýjanda Kristinn Vigfússon af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

II.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi greinir, er það ósannað, að aðaláfrýjanda Ísleifi Sigurðssyni hafi verið kunnugt um spjöll þau, er á uppskipunarbátnum höfðu orðið, né að hann hafi haft ástæðu til að ætla, að dráttur á bátnum með farmi þeim, sem í honum var, væri varhugaverður. Verður honum því ekki talið það til ógætni, eins og veðri og sjó var háttað, að hann fór venjulega siglingaleið. Að vísu gáfu menn þeir, er í uppskipunarbátnum voru, eitt sinn merki um að sigla nær landi, en ekki verður fullyrt, að Ísleifur hafi þá haft ástæðu til að ætla, að nokkur hætta væri á ferðum, enda var merkið ekki endurtekið. Gegn mótmælum Ísleifs er ekki sannað, að hann né félagi hans á dráttarbátnum hafi orðið varir við, að nokkuð væri að uppskipunarbátnum, fyrr en í þeim svifum, er til þeirra var kallað. Tók báturinn þá skyndilega að sökkva, og varð engri björgun við komið. Þykja aðgerðir Ísleifs í för þessari ekki hafa verið með þeim hætti, að honum verði gefin sök á slysinu. Verður því einnig að sýkna hann af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

III.

Aðaláfrýjandi Kaupfélag Árnesinga var eigandi beggja þeirra báta, er í máli þessu greinir. Var förin farin í þess þágu og ákvörðun um notkun uppskipunarbátsins tekin af fyrirsvarsmanni þess, eins og áður greinir. Umrætt slys bar að höndum með þeim hætti, að telja verður ótvírætt, að uppskipunarbáturinn hafi ekki verið hæfur til þeirrar notkunar, sem í málinu getur, og megi orsakir slyssins til þess rekja. En báturinn hafði ekki verið skoðaður eftir bráðabirgðaviðgerðina samkvæmt lögum nr. 78/1938. Þykir því verða að leggja fjárhagsábyrgð af slysi þessu á Kaupfélag Árnesinga.

Að því er varðar greiðsluskyldu aðaláfrýjanda Kaupfélags Árnesinga, þá ber með skírskotun til forsendna héraðsdóms að staðfesta ákvæði hans um upphæð dánarbóta, vexti og málskostnað gagnáfrýjanda til handa. Svo þykir og rétt, að Kaupfélag Árnesinga greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 500.00.

Málskostnaður falli niður fyrir báðum dómum, að því er tekur til aðaláfrýjendanna Kristins Vigfússonar og Ísleifs Sigurðssonar.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur Kristinn Vigfússon og Ísleifur Sigurðsson eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda Oddnýjar Magnúsdóttur, í máli þessu og falli málskostnaður niður bæði í héraði og fyrir hæstarétti, að því er þá varðar.

Aðaláfrýjandi Kaupfélag Árnesinga greiði gagnáfrýjanda kr. 8032.00 með 5% ársvöxtum frá 30. maí 1941 til greiðsludags, kr. 500.00 í málskostnað í héraði og kr. 500.00 í málskostnað í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 2. marz 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., er með samkomulagi málsaðilja höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 30. maí f. á., af Oddnýju Magnúsdóttur, Stigprýði á Eyrarbakka, gegn Kristni Vigfússyni verzlunarmanni, Ísleifi Sigurðssyni verzlunarmanni og Agli Thorarensen kaupfélagsstjóra f. h. Kaupfélags Árnesinga, öllum til heimilis að Selfossi í Árnessýslu, til greiðslu in solidum á dánarbótum, að upphæð kr. 15000.00, eða til vara annarri upphæð eftir mati dómsins ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Einnig krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v/b Hermanni til tryggingar framangreindum kröfum.

Stefndir krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda; til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Þeir krefjast og málskostnaðar, hvernig sem málið fer.

Tildrög málsins eru þau, að hinn 14. maí 1940 sendi hið stefnda kaupfélag meðstefndu Kristinn og Ísleif til Þorlákshafnar til að annast flutning á óverkuðum saltfiski, sem flytjast átti til Eyrarbakka til verkunar. Að morgni þess 15. maí var fiski þessum, sem var 6500 kg, komið fyrir í uppskipunarbátnum Dúfu, er var eign kaupfélagsins. Annaðist stefndur Kristinn hleðsluna ásamt nokkrum mönnum öðrum. Klukkan rúmlega 11 f. h. þenna dag fór svo v/b Hermann, sem einnig er eign kaupfélagsins og var undir stjórn stefnds Ísleifs, af stað frá Þorlákshöfn með uppskipunarbátinn í eftirdragi. Í uppskipunarbátnum voru tveir menn, Halldór Magnússon frá Hrauni í Ölfusi og Ingvar Þórarinsson, sonur stefnanda þessa máls. Um það bil miðja vegu milli Þorlákshafnar og Eyrarbakka sökk uppskipunarbáturinn skyndilega, og drukknuðu báðir mennirnir, er í bátnum voru, og hafa lík þeirra ekki fundizt. — Telur stefnandi, að slys þetta hafi orðið vegna vítaverðs gáleysis af hálfu þeirra manna, er unnu að hleðslu skipsins og flutningnum til Eyrarbakka, bæði að því er snertir ástand uppskipunarbátsins, hleðslu hans og dráttinn. Menn þeir, er stóðu fyrir þessu, stefndir Kristinn og Ísleifur, svo og hið stefnda kaupfélag sem eigandi skipanna og fisksins og vinnuveitandi áðurnefndra manna hljóti að bera fjárhagslega ábyrgð á tjóni því, er slysið hafi valdið. Heldur stefnandi því fram, að Ingvar heitinn hafi verið sér til aðstoðar og framfærandi sinn að miklu leyti. Hefur stefnandi því krafið stefndu um dánarbætur, eins og áður segir, en með því að þeir hafa reynzt ófáanlegir til að greiða þær, er mál þetta höfðað og í því gerðar framangreindar dómkröfur.

Sýknukröfu sína byggja stefndir í fyrsta lagi á því, að umrætt slys hafi ekki orðið fyrir neitt gáleysi af þeirra hálfu.

Verða nú athuguð nánari atvik að slysinu, svo og afstaða stefndu í því sambandi.

Stefndum Kristni Vigfússyni er gefið það að sök, að hann hafi sýnt af sér gáleysi með því að nota uppskipunarbátinn Dúfu til ferðarinnar, svo og með því að hlaða hann eins og gert var, enda hafi þetta hvorttveggja átt þátt í því, að slysið varð.

Eftir því sem fram hefur komið í rannsókn málsins, virðist það ekki hafa verið fyrirfram ákveðið að nota umræddan uppskipunarbát til fararinnar, því að stefndur Kristinn hefur borið það, að fyrirhugað hafi verið að nota stærri bát í þessu skyni. Þar sem báturinn hafi hins vegar verið í Þorlákshöfn og þurft að komast til Eyrarbakka, hafi það orðið úr að nota hann. Verður ekki annað séð en að stefndur Kristinn hafi ráðið þessu. — Um bát þenna, sem var opinn, er það vitað, að hann var þiljaður að innan frá barka að skut, en ekki er með vissu kunnugt um stærð hans. Eitt vitni, sem hafði unnið við uppskipun með bátinn, telur, að venjulega hafi ekki verið látin í hann meira en 5 tonn í góðum sjó, og

tvö vitni kveðast hafa heyrt, að báturinn hefði 5 tonna burðarþol. — Það er vitað, að nokkru fyrir jól 1939 brotnuðu nokkur borð í bátshliðinni, og gerðu þeir stefndur Kristinn og Halldór heitinn Magnússon við þá löskun með þeim hætti, að dældin í skipshliðinni var fyllt með tréfleygum, því næst lagður þar yfir tjörubleyttur flónelslappi og loks negld blýplata þar utan á og út yfir dældina. Eftir að þetta skeði, mun báturinn hafa verið notaður til lagningar á botnkeðjum í Þorlákshöfn, og virðist hann þá hafa verið eitthvað lekur. Á að gizka 2—3 vikum áður en slysið varð, var báturinn og notaður heilan dag við framskipun á lýsi og uppskipun á kolum úr skipi, er lá um 500 metra frá landi í Þorlákshöfn. Var veður þá allslæmt, en leki á bátnum þó talinn fremur lítill. Báturinn hafði síðan staðið uppi á landi, þar til hann var notaður þann 15. maí 1940. Réð stefndur Kristinn aðallega hleðslu fisksins í bátinn, en hann var á floti, meðan hleðslan fór fram. Var fiskurinn settur í einn hlaða milli þóftanna, og náði fiskhlaðinn út að borðstokknum báðum megin. Breitt var segl yfir fiskinn í bátnum, án þess að seglið næði út af borðstokknum, og árarnar, 4 að tölu, lagðar ofan á, tvær hvorum megin við hlaðann. Auk þess var lagður planki (aukaþófta) ofan á seglið að framan. Annars voru engin sérstök björgunartæki í bátnum.

Eins og aðstæðum hefur verið lýst hér að framan, getur það ekki talizt hafa verið áhættulaust að taka uppskipunarbátinn Dúfu, eins og hann var á sig kominn, til flutnings á þeim fiski, sem skipað var um borð. Það, hvernig hleðslunni var hagað, verður og að teljast hafa verið mjög varhugavert, þar sem fiskinum var þannig fyrir komið í bátnum, að erfitt var að sjá leka, er í skipið kunni að koma, svo og að koma við fullnægjandi austri; auk þess sem seglið var sett þannig yfir fiskinn, að það veitti ekki örugga vörn gegn ágjöf, sem búast mátti við, eins og veðri og sjó var háttað, en að því verður vikið síðar. — Verður því að telja, að stefndur Kristinn hafi sýnt af sér gáleysi að þessu leyti, og þar sem þetta verður að teljast hafa átt sinn þátt í slysinu, getur framangreind varnarástæða, að því er hann snertir, ekki orðið tekin til greina.

Stefndum Ísleifi Sigurðssyni er gefið það að sök að hafa hagað drættinum gáleysislega.

Á v/b Hermanni, sem er rúmar 7 smálestir að stærð, var auk formannsins Ísleifs einn vélamaður. Uppskipunarbátnum Dúfu var fest aftan í v/b Hermann með 30 faðma löngum vír, og voru á að gizka 25 faðmar á milli bátanna. Farin var venjuleg siglingarleið, sem er bein stefna til Eyrarbakka. Samkv. upplýsingum frá Veðurstofunni var vindur á Eyrarbakka þenna morgun kl. 8 ANA 4 vindstig og kl. 14 NNA 6 vindstig, og var hvítt í báru, sem kallað er. Um það bil 15 til 20 mínútum áður en slysið skeði, gáfu mennirnar á

uppskipunarbátnum merki, sem skipverjum á Hermanni skildist helzt, að ættu að tákna, að farið skyldi nær landi. Með því að þeir í uppskipunarbátnum höfðu þá sveigt örlítið í áttina til lands, breytti Ísleifur stefnu vélbátsins aðeins í samræmi við það, en annars urðu þeir á Hermanni sammála um, að óþarfi væri að beygja nokkuð nær landi, og var það því ekki gert frekar. Rétt áður en slysið skeði, heyrðust mennirnir í uppskipunarbátnum kalla, og segir vélamaðurinn á v/b Hermanni, að sér hafi heyrzt þeir segja, að sjór væri kominn í bátinn og þeir hefðu ekki við að ausa. Var ferðin þá tekin af vélbátnum og reynt að snúa við, en vélbáturinn lét ekki að stjórn, enda var hann orðinn ferðlítill, og dráttartaugin togaði fast í bátinn aftanverðan, þar sem uppskipunarbáturinn var að sökkva í sömu andránni. Annar mannanna í uppskipunarbátnum fleygði sér í sjóinn miðskipa, en hinn hljóp fram á hnífil og sökk þar með bátnum. Skaut öðrum manninum upp nokkru síðar, en sökk strax aftur.

Af hálfu stefnds Ísleifs er því mótmælt, að honum hafi verið kunnugt um, að nokkuð væri athugavert við uppskipunarbátinn, er haldið var af stað, og er það ósannað gegn þeim mótmælum. Hins vegar hlaut hann að sjá, hversu báturinn var hlaðinn og hve umbúnaður þar var ófullkominn, eins og að framan er lýst. Það verður því fyrst og fremst að teljast hafa verið ógætilega að farið, að binda þannig hlaðinn bát aftan í vélbátinn, eins og gert var, og þar með hindra nauðsynlegar hreyfingar vélbátsins, ef í nauðir rak. Í þeim sjó, sem var á þessum slóðum, verður það og að teljast hafa verið gálaust að fara með uppskipunarbátinn þá leið, sem farin var, í stað þess að fara nær landi, enda virðist það álit margra hinna sjófróðustu manna austur þar, er þeir hafa verið spurðir um það atriði fyrir rétti. Var þar minni hætta á ágjöf, en hún virðist hins vegar hafa verið talsverð þar, sem farið var, og sjór hafi þannig komizt í uppskipunarbátinn. Og sérstaklega verður þetta að teljast hafa verið ámælisvert, þar sem mennirnir í bátnum gáfu bendingu, sem skipverjar á vélbátnum skildu þannig, að þeir vildu, að haldið væri nær landi, en því var ekki sinnt, svo að nokkra þýðingu hefði, og ekki einu sinni gengið úr skugga um, af hverju mennirnir í uppskipunarbátnum gáfu þessi merki eða hvernig ástatt væri þar um borð. Stefndur Ísleifur, sem talinn verður bera ábyrgð á drættinum, þykir því einnig hafa sýnt óvarkárni í starfi sínu, og getur framangreind varnarástæða af hans hálfu því ekki orðið tekin til greina.

Í öðru lagi byggja stefndir sýknukröfu sína á því, að mennirnir, sem voru í uppskipunarbátnum, hafi sjálfir gerzt sekir um stórkostlegt gáleysi. Hafa stefndir talið það mönnunum í uppskipunarbátnum til áfellis, að þeir skyldu ekki hafa hagrætt seglinu ofan á fiskinum, er þeir voru komnir út á sjó og ágjöf tók að aukast.

— Eftir því sem upplýst er um hleðslu bátsins og hvernig gengið var frá seglinu, verður þó ekki séð, að mennirnir hafi átt hægt um vik að hagræða þessu, enda þurftu þeir um margt annað að hugsa, svo sem austur og stýrisstjórn. — Loks telja stefndir, að mennirnir hafi látið sér úr greipum ganga möguleika til bjargar, þar sem þeir hafi ekki gripað til plankans og ára þeirra, er lágu ofan á seglinu í bátnum. — Þegar þess er gætt, hversu báturinn sökk skyndilega og svo að segja enginn tími var fyrir mennina til að átta sig á því, sem var að gerast, getur þetta atriði ekki talizt þeim til áfellis. — Framangreind varnarástæða verður því heldur ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu verður þannig að telja, að stefndir, Kristinn og Ísleifur séu valdir að framangreindu slysi fyrir óvarkárni. Verður því og talið, að heimilt sé að sækja hið stefnda kaupfélag til ábyrgðar að þessu leyti, þar sem það átti og gerði út v/b Hermann, en stefndur Ísleifur var við skyldustörf á þeim bát, er framgreindir atburðir gerðust, og stefndur Kristinn vann að framangreindum störfum í þjónustu félagsins.

Þar sem þessir aðiljar verða þannig að teljast ábyrgir fyrir dauða Ingvars heitins, verður sú ábyrgð talin „solidarisk", að því er snertir dánarbætur til stefnanda, ef litið verður svo á, að hún hafi að einhverju leyti verið á framfæri Ingvars, en sýknukröfu sína hafa stefndir í þriðja lagi byggt á því, að svo hafi ekki verið. Tekjur Ingvars heitins hafi ekki verið slíkar, að hann væri aflögufær, enda muni elzti sonur stefnanda, Jón, vera aðal fyrirvinna hennar, auk þess sem hún hafði um mörg ár notið framfærslustyrks frá Eyrarbakkahreppi.

Stefnandi, sem nú er rúmlega fimmtug að aldri, varð ekkja fyrir rúmum 10 árum, þá með 7 börn. Samkv. vottorði hreppstjóra Eyrarbakkahrepps hafa öll börnin unnið heimilinu það, sem þau hafa getað, en hann telur þó, að Ingvar heitinn, sem var 19 ára gamall, þegar hann drukknaði, og ókvæntur, hafi verið sá af börnunum, sem hafi lagt drýgstan skerf til móður sinnar. Hún hefur ekki stundað útveg eða kvikfjárrækt, en hins vegar haft talsverða matjurtarækt og nokkra hænsnarækt. Skattskyldar tekjur Ingvars heitins voru aðeins 197 kr. árið 1939, en hann mun þá að verulegu leyti hafa unnið hjá móður sinni og fengið lítið annað fyrir en fæði, klæði og húsnæði. Eldri sonur stefnanda, Þorbergur Jón, mun hafa haft 935 kr. „nettó"-tekjur árið 1939 og kr. 1500 árið 1940 og yngri sonur hennar Magnús 1056 kr. „nettó"tekjur sama ár. Stefnandi hefur fengið frá 250 til rúmlega 800 kr. í framfærslustyrk á ári frá því árið 1932, kr. 250.00 á ári frá 1938. — Samkv. þeim gögnum, er fyrir liggja og að framan greinir, verður að teljast sennilegt, að Ingvar heitinn hafi verið og hefði orðið framfærandi móður sinnar a. m. k. að nokkru leyti, og með tilliti til

allra aðstæðna þykja því dánarbæturnar henni til handa hæfilega ákveðnar kr. 9000.00.

Því er ómótmælt af hálfu stefnanda, að til frádráttar bótunum eigi að koma dánarbætur þær, kr. 968.00, sem hún hefur fengið greiddar úr slysatryggingunni, og lækkar því hin dæmda fjárhæð sem því svarar. Verður stefndu gert að greiða nefnda upphæð in solidum ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Samkv. 4. tölulið 236. gr. siglingalaganna viðurkennist og sjóveðréttur í v/b Hermanni til tryggingar kröfunum.

Réttinn skipuðu: hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Geir Sigurðsson skipstjóri og Jón Axel Pétursson hafnsögumaður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Kristinn Vigfússon, Ísleifur Sigurðsson og Kaupfélag Árnesinga, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnandanum, Oddnýju Magnúsdóttur, kr. 8032.00 með 5% ársvöxtum frá 30. maí 1941 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í v/b Hermanni til tryggingar kröfunum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1943.

Nr. 18/1942. **Síldarverksmiðjur ríkisins**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Jóni Björnssyni og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Um skaðabótaábyrgð fyrirtækis vegna lemsturs, er verkamaður hlaut við vinnu í þjónustu þess.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af Birni Þórðarsyni lögmanni.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 2. marz 1942, krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í hér-

aði og fyrir hæstarétti. Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 6. marz 1942, krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 45000.00 með 6% ársvöxtum frá 5. júlí 1940 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Telja verður, að óverjandi hafi verið að láta gagnáfrýjanda framkvæma starfa þann, er í málinu greinir, án nokkurs öryggisútbúnaðar. En hins vegar sýndi gagnáfrýjandi ekki fulla aðgæzlu, er hann fór til starfans án þess að kvarta undan öryggisskortinum. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um skaðabætur, þó svo, að vextir reiknist 6%.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 4000 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Síldarverksmiðjur ríkisins, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Björnssyni, kr. 30000.00 með 6% ársvöxtum frá 29. apríl 1941 til greiðsludags og samtals kr. 4000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. desember 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., er með samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir bæjarþinginu, upphaflega með stefnu, útgefinni 29. apríl s. l., af Jóni Björnssyni stúdent, Siglufirði, gegn stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, þeim Þormóði Eyjólfssyni, Sveini Benediktssyni, Jóni Þórðarsyni, Þorsteini M. Jónssyni og Finni Jónssyni f. h. síldarverksmiðjanna til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 25000.00, er stefnandi hefur síðan með framhaldsstefnu, útgefinni 18. sept. s. l., hækkað í kr. 45000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 5. júlí 1940 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við hinn munnlega málflutning hefur stefnandi jafnframt gert þá varakröfu, að bæturnar yrðu ákveðnar af dóminum.

Stefnda krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati réttarins. Til vara krefst stefnda lækkunar á stefnukröfum.

Tildrög málsins eru þessi: Haustið 1937 vann stefnandi að algengri verkamannavinnu hjá Síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði. Þann 13. okt. hafði þáverandi undirverkstjóri verksmiðjanna sent stefnanda og Jón nokkurn Þorsteinsson upp á þak svo nefndrar SRN-verksmiðju til að skrapa og mála reykháf á suðurhelmingi verksmiðjuþaksins. Bar ekkert til tíðinda í þetta skipti, og daginn eftir áttu þeir félagar að halda áfram verkinu. Vegna skúraleiðinga að morgni þess 14. okt. lét verkstjórinn þá ekki byrja verkið fyrr en eftir hádegið. Þeir fóru til vinnu sinnar með þeim hætti, að fyrst fóru þeir (er höfðu meðferðis málningarkrúsir, virbursta og sköfur) upp stiga, sem reistur hafði verið upp með norðausturhorni verksmiðjunnar. Stigi þessi var þó svo stuttur, að á að gizka ½ metra vantaði til, að hann næði upp á þakbrún. Urðu þeir félagar að vega sig með handafli upp á þakskeggið, síðan skriðu þeir upp á mæni þaksins, með austurstafni verksmiðjunnar, er virðist standa um 20 cm upp fyrir þakið, sem samkv. framlögðum teikningum virðist hafa hallann 1:1,75. Síðan héldu þeir eftir mæninum vestur að svo kölluðu „skelletti", en það er uppbygging úr þakinu, ætluð til loftræstingar, járnklædd að ofan og á stöfnum, en með trérimla á hliðum. Héldu þeir svo niður þakið meðfram austurstafni „skellettsins", sem er um 1,5 metrar á hæð, vestur með norðurhlið þess og upp með því að vestan og síðan niður að reykháfnum, sem stendur við suðvesturhorn þess. Studdu þeir sig við „skellettið" með taki á rimlum þess eða milli þeirra, en rimlarnir virðast svo þétt saman, að erfitt sé að ná þar góðu taki. Unnu þeir félagar síðan við málningu á reykháfnum þar til kl. 3,20 e. h., en þá byrjaði aftur að rigna, og hættu þeir þá vinnu. Héldu þeir nú sömu leið aftur, að því er þeir skýra frá, og fór Jón Þorsteinsson á undan. Jón Þorsteinsson, sem var á leðurskóm, kveðst hafa misst tak á rimlunum, er hann var á leið meðfram „skellettinu" og byrjað að renna af stað á járninu, sem var hált vegna bleytunnar. Honum tókst þó að ná handfestu aftur, komst upp á mæni og síðan út að stafni, þar sem hann ætlaði að bíða eftir stefnanda. Stefnandi kveðst hafa haldið sömu leið, en er hann, sem var á gúmmiskóm, hafi verið kominn nokkuð meðfram „skellettinu", hafi hann misst tök á rimlum þess. Rann hann niður þakið og fram af brúninni og kom standandi niður á skúrþak svo nefndrar SR30-verksmiðju. Er fallhæðin um 6 metrar, enda brotnuðu bæði hælbein stefnanda við fallið, og var hann þegar í stað fluttur í sjúkrahús, þar sem hann lá í marga mánuði og síðan lengi í heimahúsum. Samkv. vottorði Steingríms Einarssonar læknis á Siglufirði (dags. 23. júlí 1938) var örorka stefnanda metin 25% þann 20. febr. 1940, en eftir að Jóhann Sæmundsson tryggingaryfir-

læknir hafði skoðað stefnanda á síðastliðnu vori, mat hann örorkuna 45%.

Stefnandi heldur því fram, að vegna vöntunar á öruggum útbúnaði á verksmiðjuþakinu og annars óforsvaranlegs aðbúnaðar við vinnuna, sem verkstjóri stefndu verði að teljast eiga sök á, hljóti stefndu að eiga að bæta sér allt það tjón, er hann hafi af slysi þessu hlotið. En þar sem stefndu hafa neitað öllum kröfum í þá átt, hefur stefnandi höfðað mál þetta og gert í því framangreindar dómkröfur.

Sýknukröfu sína byggir stefnda á því, að ástæðan til slyss stefnanda hafi verið sú, að hann hafi sýnt af sér óþarfa dirfsku og jafnvel kæruleysi við starf sitt, og mótmælir stefnda því eindregið, að öllum umbúnaði á vinnustaðnum eða aðgæzluleysi verkstjórans sé um slysið að kenna. Heldur verkstjórinn því fram, að leið sú, er þeir félagar fóru að reykháfnum, sé með öllu forsvaranleg og hættulaus án sérstaks öryggisbúnaðar, ef varlega sé farið, eins og hann kveðst hafa brýnt fyrir þeim félögum, áður en þeir héldu af stað. Einnig telur stefnda það hafa verið óvarkárni af hálfu stefnanda að fara á gúmmískóm upp á þakið, þar sem þeir séu sérstaklega varasamir á röku járni. Gegn mótmælum stefnanda og Jóns Þorsteinssonar eru engar sönnur á það færðar, að verkstjórinn hafi sérstaklega brýnt fyrir þeim félögum að fara varlega, er þeir færu eftir þakinu, né heldur, að hann hafi gefið nein fyrirmæli um, hvaða leið þeir skyldu halda eða hvernig þeir ættu að haga för sinni. Og ekki verður það talið stefnanda til áfellis, þótt hann, sem er ófaglærður verkamaður að þessu leyti, færi á gúmmískóm til vinnunnar, enda var verkstjóranum skylt að benda stefnanda á þetta, fyrst það taldist vera varhugavert, en ekki er upplýst, að hann hafi gert það. Þá heldur verkstjórinn því fram, að stefnandi hafi á leið sinni frá reykháfnum, er hann fór meðfram hlið „skelettsins", sleppt öllum tökum á því, gengið út á þakið fyrir neðan það og þá hafi hann runnið til og steypzt fram af. Verkstjórinn, sem heldur þessu fram, var þó alls ekki sjónarvottur að slysinu, heldur virðist hann byggja þessa fullyrðingu sína á því, að stefnandi kom standandi niður á skúrþakið, Telur hann það sönnun þess, að stefnandi hafi ekki haldið sér með höndunum í „skelettið", því hefði hann gert það, mundi hann hafa snúið baki að þakbrúninni og þá hefði hann runnið aftur á bak, en með því móti hefði hann alls ekki getað komið standandi niður. Stefnandi mótmælir þessari fullyrðingu sem alrangri. Hann kveðst, eins og fyrr segir, hafa haldið sér í rimlana, eftir því sem unnt var, en fæturnir hafi runnið til á sleipu járninu og þá hafi hann misst taks.

Það hefur ekkert komið fram í málinu, er bendi á, að stefnandi hafi snúið baki að þakbrúninni, enda verður, eins og á stóð, að teljast líklegast, að hann hafi fikað sig áfram á hlið meðfram „skelettinu". Sá eini, sem var sjónarvottur að slysinu, Jón Þorsteinsson,

hefur borið það fyrir lögreglurétti, að hann hafi séð stefnanda missa tak á „skelettinu". Af hálfu stefndu hefur það að vísu verið véfengt, að Jón Þorsteinsson hafi getað séð til stefnanda, þar sem „skelettið" hafi skyggt á. En með tilliti til þess, sem upplýst er um hæð stefnanda og „skelettsins", verður að telja, að Jón Þorsteinsson hafi getað séð það til ferða stefnanda, að vitnisburður hans að þessu leyti hafi gildi. Þykir því ekki unnt að staðhæfa, að slysið hafi orðið með öðrum hætti en stefnandi og Jón Þorsteinsson hafa lýst.

Eins og sést af framanskráðu, höfðu verkamennirnir, er urðu að fara um verksmiðjuþakið, engan öryggisbúnað sér til stuðnings, heldur urðu þeir að reyna ná taki á hlutum, sem ekki gátu veitt traust hald. Verður þetta að teljast óforsvaranlegur aðbúnaður, og verður að líta svo á, eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, að nefnt slys hafi orðið vegna þessa skorts á nauðsynlegum öryggisbúnaði og að stefndu beri skaðabótaábyrgð af þessum sökum, enda verður ekki séð, að stefnandi hafi sýnt af sér neina þá óvarkárni við starf sitt, er svipti hann rétti til bóta fyrir slysið. Því hefur að vísu verið hreyft af hálfu stefndu, að úr því að stefnandi telji aðbúnaðinn við vinnuna hafa verið ófullnægjandi, hafi hann átt að neita að vinna starfið, og það hafi verið óvarkárni af hans hálfu að fara til vinnunnar, eins og á stóð.

Eins og áður er greint, var stefnandi ófaglærður verkamaður að þessu leyti, og þótt honum hafi heppnazt að komast klaklaust um þakið daginn áður, þá verður ekki séð, að hann hafi haft tækifæri til að ganga úr skugga um þenna aðbúnað í ýmiss konar veðurlagi, og telja verður, að hann hafi haft ástæðu til að treysta forsjá verkstjórans í þessum efnum.

Sýknukrafa stefndu verður því ekki tekin til greina.

Stefnandi var 23 ára gamall, er slysið vildi til, og virðist vera einleypur. Hafði hann stundað nám í fiskiðnfræði og virtist hafa verið langt kominn með það nám, er hann slasaðist. Samkv. framlögðum læknisvottorðum hafði hann áður verið heill heilsu. Samkv. vottorði Jóhanns Sæmundssonar (dags. 15. þ. m.) brotnuðu bæði hælbeinin við fallið og flöttust út. Algert ilsig kom fram á báðum fótum, og er gangur því ófjaðurmagnaður. Þrautir komu í fætur við stöður og gerðu stefnanda ókleift að stunda annað en setuvinnu. Liðagigtarbreytingar hafa komið fram í liðamótunum milli völu og hælbeins báðum megin. Þessar breytingar hafa valdið slíkum þrautum, að stefnandi hefur ekki getað staðið eða gengið nema stutt í senn, á að gizka ½—1 klst., og þá alltaf með staf. Liðamótin milli völu og leggbeina virðast hins vegar óskemmd og hjarahreyfingin óhindruð, en hliðarhreyfing um öklana lítt möguleg fyrir sársauka. Telur læknirinn, að ilsig eins og þetta geti valdið verkjum í kálfum og lærum og allt upp í bak og jafnvel taugagigt. Á síðastliðnu sumri lét stefnandi á eiginn kostnað og áhættu gera uppskurð á fótunum.

Lá hann í nokkra mánuði á sjúkrahúsi af þeim sökum og verður að ganga með harðar umbúðir í eitt ár, þar til séð verður, hvort aðgerð þessi ber árangur. Að áliti Jóhanns Sæmundssonar má vænta þess, ef vel tekst, að verkir minnki til muna, en jafnframt sé algerlega fórnað hliðarhreyfingum um öklana og ilsigið muni haldast eftir sem áður óbreytt með þeirri verkjahættu, er því fylgir. Er það haft eftir lækninum, að takist aðgerð þessi, eins og bezt verði á kosið, telji hann, að örorkan muni lækka allt að 10% af þeim sökum, en þá er þess einnig að gæta, að stefnandi hefur lagt sig í aukna hættu við aðgerðina og liðið auknar þjáningar og óþægindi hennar vegna um alllangan tíma. Eftir því sem fram hefur komið í málinu, hefur stefnandi fengið greiddar 3000 kr. úr slysatryggingunni vegna slyssins, og telur hann, að hann muni þurfa að endurgreiða tryggingarstofnuninni þá upphæð, ef kröfur hans í þessu máli þykja hafa við rök að styðjast. Að öllu framangreindu athuguðu svo og öðru því, er fram hefur komið í málinu, og þá m. a. með tilliti til núverandi verðgildis krónunnar, þykja bæturnar til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 30000.00, sem stefndu verður gert að greiða með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu, 29. apríl s. l., til greiðsludags. Einnig þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda kr. 1500.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, stjórn Síldarverksmiðja ríkisins f. h. verksmiðjanna, greiði stefnandanum, Jóni Björnssyni, kr. 30000.00 með 5% ársvöxtum frá 29. apríl 1941 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1943.

Nr. 95/1942. **Pétur Jónsson**
gegn
Kristjáni Jónssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Pétur Jónsson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. janúar 1943.

Nr. 108/1942. **Hans Steinason**
gegn
Guðrúnu Einarsdóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hans Steinason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. janúar 1943.

Nr. 126/1942. **Sigurgeir Sigurjónsson**
gegn
Jónasi Jónssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurgeir Sigurjónsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 3. febrúar 1943.

Nr. 124/1942. **Valdstjórnin** (Einar Ásmundsson)
gegn
Guðmundi Einarssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Brot á umferðarreglum.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði.

Brot kærða, sem lýst er í héraðsdómi, varðar við 6. gr. og 3. mgr. 11. gr. laga nr. 24/1941 og 2. gr. og c-lið 56. gr. lög-

reglusamþykktar Siglufjarðar nr. 82/1929, og þykir refsing kærða samkvæmt 14. gr. áður nefndra laga og 95. gr. samþykktarinnar hæfilega ákveðin í héraðsdómi, og ber því að staðfesta refsiákvæði hans, þó svo, að vararefsingin komi til framkvæmdar, ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo ber og að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Rétt þykir að lagfæra ákvæði héraðsdóms um réttarfarssekt Jóns Jóhannessonar á þá leið, að 2 daga varðhald komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Það athugast, að héraðsdómara hefur láðst að vitna til umferðarlaga nr. 24/1941 í málshöfðun, að hann hefur ekki ákveðið kærða frest til greiðslu sektar og ekki tiltekið vararefsingu í stað réttarfarssektarinnar.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Guðmundur Einarsson, greiði 20 króna sekt í bæjarsjóð Siglufjarðar, en sæti varðhaldi í 2 daga, ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestast. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, 150 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 14. nóv. 1942.

Með stefnu, útgefinni 22. sept. s. l., er kærður Guðm. Einarsson vélstjóri, Suðurgötu 12, Siglufirði, stefnt til sakar fyrir brot á lögreglusamþykkt Siglufjarðar frá 24. sept. 1929, 2. gr. og 56. gr. c, fyrir

að hafa á götum bæjarins um miðnætti 13. ágúst s. l. ekið á reiðhjóli ljóslausu og ekki á vinstri götubrún, svo og til greiðslu sakarkostnaðar.

Samkv. eiðfestum framburði 2ja lögregluþjóna var kærður rétt fyrir miðnætti 13. ágúst s. l. á reiðhjóli og ók á því ljóslausu eftir Suðurgötu og niður á Aðalgötu. Hafi hann ekið á hægri götubarmi í bugðu Suðurgötu og Aðalgötu, þar sem þær mætast, og svo niður Aðalgötu eftir götunni miðri. Hafi lögregluþjónarnir verið staddir á torginu við bugðu Aðalgötu og Suðurgötu við söluturn þar við torgið og séð kærðan koma ljóslaust hjólandi sunnan Suðurgötu norður eftir götunni og niður á Aðalgötu. Hafi þeir kallað hátt til hans og hann litið við, en haldið áfram eftir sem áður. Þeir segja og, að engin önnur umferð hafi þá verið á götunni, svo að ekki hafi honum af þeim ástæðum verið ófært að vera á vinstri götubrún, enda verður eigi séð, að þótt umferð hefði verið á götunni, að hann hefði eigi getað ekið á vinstri götubrún fyrir því og þá eigi síður nauðsynlegt að fylgja réttum umferðarreglum. Vitnisburður þriðja lögregluþjónsins ber með sér, að kallið hafi verið hátt, og líkur benda til þess, að það kall hafi verið kallað til kærðs, er hafi heyrt það, en gegn mótmælum hans er það þó ósannað, að hann hafi heyrt kallað.

Kærður neitar eindregið að hafa ekið ljóslaust né heyrt kall lögregluþjónanna og minnist þess ekki að hafa ekki ekið á vinstri götubrún, en ef hann hafi ekki ekið á vinstri götubrún, hafi það verið af því, að hann hafi verið að forðast árekstur af umferð, án þess þó að hafa getað greint nánar frá atvikum um umferðina. Hins vegar heldur talsmaður kærðs því fram, að eftir 2. gr. lögreglusamþykktarinnar sé ósaknæmt að aka á hægri brún götu eða á miðri götu, ef engin umferð sé á götunni, og að engin umferð hafi verið á götunni, er kærður ók framhjá lögregluþjónunum.

Þá hefur umboðsmaður kærðs lagt mikið upp úr því, að lögregluþjónarnir hafi ekki athugað reiðhjól kærðs, er þeir fylgdu honum eftir og hann var farinn af reiðhjólinu, því að af því hefði mátt sjá, hvort ljós hefði verið á reiðhjólinu, er hann ók því. Það verður nú að telja misskilning hjá talsmanni kærða, að af því hefði sézt, hvort hjólinu hefði verið ekið ljóslaust eða ekki. Kærður hefði ekki þurft annað en láta hjólið snúast einn snúning eða svo með ljósrafalnum í sambandi við hjólið um leið og hann fór af hjólinu til þess að láta líta svo út sem hjólinu hefði verið ekið í sambandi við ljósrafalinn. Hins vegar hefði þó verið réttara vegna lögregluþjónanna sjálfra, að þeir hefðu athugað hjólið, þótt þeir hins vegar bendi á, að þeir hafi ekki gert þessa athugun á hjólinu sjálfu, af því að þeir hafi alveg örugglega séð, að kærður ók ljóslaust.

Það nær engri átt, eins og talsmaður kærðs heldur fram, að það sé ósaknæmt eftir 2. gr. lögreglusamþykktarinnar að aka á rangri

vegarbrún eða á miðri götu, ef engin umferð sé á götunni, enda myndi slíkt vera gagnstætt umferðarlögunum.

Það verður því þrátt fyrir eindregna neitun kærða að telja sannað með eiðfestum framburði 2ja lögregluþjóna, að kærður hafi ekið ljóslaust og á rangri götubrún og að hann með því hafi gerzt brotlegur gegn 2. gr. og 56 gr. c. lið lögreglusamþykktarinnar, og álízt sektin fyrir þetta brot hæfileg 20 kr., er renni í bæjarsjóð, til vara sæti kærður 2ja daga varðhaldi, og að kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 30 kr. málskostnaðarlaun til talsmanns kærðs.

Í málflutningnum hefur talsmaður kærðs, Jón Jóhannesson málflm., Siglufirði, farið meiðandi ummælum um lögregluþjónana, sem borið hafa um sök kærðs, og talið atriði í kæru þeirra bera vitni „litilli greind og óvild" þeirra í garð kærðs, en ekkert er fram komið í máli þessu, er bendi til, að slík aðdróttun í garð lögregluþjónanna hafi við nokkuð að styðjast, og verður því eigi komizt hjá að sekta talsmanninn fyrir þau og ógilda ummælin. En með sérstöku tilliti til þess, að talsmaðurinn er þarna að reyna að finna vörn fyrir skjólstæðing sinn, álízt sektin, er renni í ríkissjóð, hæfilega ákveðin 30 kr.

Á máli þessu hefur enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærður Guðmundur Einarsson vélstjóri, Siglufirði, greiði 20 kr. sekt í bæjarsjóð Siglufjarðar, til vara sæti 2ja daga varðhaldi og greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 30 kr. málsvarnarlaun til talsmanns síns, Jóns Jóhannessonar málflm., Siglufirði.

Jón Jóhannesson málflm., Siglufirði, talsmaður kærðs, greiði 30 kr. sekt í ríkissjóð fyrir ósæmilegan ritháttt um lögregluþjóna í varnarskjölum málsins.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 5. febrúar 1943.

Nr. 105/1942. **Magnús Andrésson**

gegn

Andreas Godtfredsen og gagnsök.

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Um öflun skýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður dómur gangi í máli þessu í hæstarétti, þykir verða að ákveða samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85/1936, að aðiljar máls þessa verði kvaddir fyrir héraðsdóm og þar beint til þeirra að gefa skýrslur um málavöxtu að viðlagðri ábyrgð, sbr. 142. gr. laga nr. 19/1940.

1. Báðir aðiljar skulu krafðir nánari sagna um skipti þeirra varðandi 350 smálestir af salti frá Vareforsyningen í Færeyjum. Sérstaklega skal gagnáfrýjanda gefinn kostur á að skýra frá efni símskeytis þess, dags. 8. apríl 1941, sem hann er talinn hafa fengið frá Vareforsyningen, og hvort aðaláfrýjandi hafi fengið vitneskju um efni þess. Þá skal og aðaláfrýjandi spurður um vitneskju hans varðandi skeyti þetta.
2. Aðiljar skulu krafðir rækilegra skýrslna um skipti þeirra um þrjár saltsendingar, er gagnáfrýjandi er talinn hafa útvegað aðaláfrýjanda frá firmanu A. & M. Smith Ltd. í Aberdeen. Einkum skal gagnáfrýjandi spurður um viðskipti hans og nefnds firma og honum gefinn kostur á að leggja fram símskeyti og bréf, er honum og firmanu hafa farið á milli, og hann spurður, hvort honum hafi verið kunnugt um, þegar hann kom viðskiptunum á, að A. & M. Smith höfðu í hyggju að heimta 3% umboðsþóknun af söluverði saltsins auk þeirra 3% þóknunar, sem gagnáfrýjandi taldi sig eiga tilkall til, og ef þessu var þannig farið, hvort hann hafi tilkynnt aðaláfrýjanda það. Þá skal aðaláfrýjandi spurður, hvort hann hafi haft nokkra vitneskju um, að nefnt firma mundi taka sérstaka þóknun auk umboðsþóknunar gagnáfrýjanda og hvaða fyrirmæli hann, þ. e. að-

aláfrýjandi, hafi gefið umboðsmanni sínum í Aberdeen um greiðslur til A. & M. Smith vegna nefndra saltsendinga.

Aðiljar skulu leiddir saman og spurðir um ósamræmi, er verða kann í skýrslum þeirra, og loks skulu þeir inntir eftir öllum þeim atriðum, er svör þeirra kunna að gefa efni til málinu til skýringar.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að kveðja aðilja máls þessa fyrir dóm og beina til þeirra framangreindum spurningum svo og öðrum þeim spurningum, sem svör þeirra kunna að gefa efni til.

Miðvikudaginn 10. febrúar 1943.

Nr. 63/1942. **Lúðvík Sigmundsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Ísafold Jónsdóttur (Einar Ásmundsson).

Um skuldaskipti vegna leigu húsrýmis.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður, Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. júní 1942, krefst þess, að stefnda verði dæmd til að greiða honum kr. 332.90 með 5% ársvöxtum frá 10. nóv. 1941 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Kröfuliðir áfrýjanda verða athugaðir hér í sömu röð og í héraðsdómi.

Um 1. Hér fyrir dómi hefur ekki verið gerð frekari grein en í héraði fyrir kostnaði við upphitun og kyndingu húss áfrýjanda frá 1. júní til 8. okt. 1941. Þykir því verða að sitja við niðurstöðu héraðsdóms um þenna lið.

Um 2. Með skírskotun til raka héraðsdómara ber að staðfesta niðurstöðu hans um þenna kröfulið.

Um 3. Þenna lið reisir áfrýjandi á vottorðum tveggja manna, er skoðuðu íbúðina um miðjan október 1941 eftir beiðni hans. Stefndu var ekki gefinn kostur á að vera viðstödd skoðun þessa og gæta þar réttar síns. Þegar af þeirri ástæðu þykir mat þessara manna ekki vera bindandi fyrir stefndu gegn mótmælum hennar, og ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms, að því er þenna lið varðar.

Um 4. Gegn mótmælum stefndu eru engar sönnur á það færðar, að hún hafi vanrækt þvott á útigangi að sínum hluta. Verður því að sýkna af þessum lið, eins og gert er í héraðsdómi.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefndu kr. 300 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Lúðvík Sigmundsson, greiði stefndu, Ísafold Jónsdóttur, kr. 300.00 í málskostað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. marz 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. nóvember 1941, af Lúðvík Sigmundssyni, Skarphéðinsgötu 16 hér í bæ, gegn Ísafold Jónsdóttur kaupkonu, Vífilsgötu 19 hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 373.40, með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt mati réttarins.

Í rekstri málsins hefur stefnandi lækkað kröfu sína um kr. 40.50, eða í kr. 332.90.

Stefnd krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda gegn því að greiða kr. 30.00.

Atvik máls þessa eru þau, að með ódagsettum samningi, líklega gerðum árið 1938, seldi stefnandi stefndri á leigu íbúð í húsi sínu

Skarphéðinsgötu 16. Var íbúðin 2 stofur og eldhús auk baðs, geymslu og aðgangs að þvottahúsi. Leigan skyldi greiðast fyrirfram, en hiti eftir á hlutfallslega við aðra íbúa hússins.

Þann 1. október 1941 skyldi stefnd flytja úr íbúðinni, en sökum þess, hvernig á stóð um íbúð þá, er hún skyldi flytja í, var henni lítt eða ekki mögulegt að rýma íbúðina þann dag. Rýmdi hún þó aðra stofuna, og flutti strax í hana kona manns þess, er íbúðina skyldi fá á eftir stefndri. Er svo að sjá sem ekki hafi verið amazt við því, að stefnd flutti ekki strax úr allri íbúðinni, enda mun maður sá, er í hana átti að flytja, af vissum ástæðum ekki hafa getað flutt í hana fyrr en síðar. Var stefnd af þessum ástæðum kyrr í íbúðinni, þ. e. annari stofunni og eldhúsinu, er hún hafði ein til 8. október 1941, en þá rýmdi hún íbúðina alveg.

Ekki gátu málsaðiljar orðið sáttir um skipti sín, og höfðaði stefnandi því mál þetta, er hann gerir í framangreindar kröfur.

Sundurgreinist stefnukrafan þannig:

1.	Kol og kynding	kr. 67.90
2.	Húsaleiga fyrir október	— 75.00
3.	Hreingerning og viðgerð	— 120.00
4.	Þvottur á útigangi að hálfu í 3 ár	— 70.00
		Kr. 332.90

Um 1. Liður þessi er með öllu órökstuddur og án allra fylgiskjala og reikningslegrar greinargerðar. Er því ekki unnt að taka hann til greina að fullu gegn andmælum stefndrar.

Samkvæmt nótu, dagsettri 23. september 1941, sem fram er lögð í málinu, keypti stefnandi 500 kg af kolum þann dag fyrir kr. 74.00. Þykir verða að ætla, að þá hafi eldri birgðir verið þrotnar og að stefnd hafi því a. m. k. ekki verið búin að greiða hitakostnað lengur en til þess dags. Ber því að gera henni að greiða stefnanda hitakostnað frá þeim degi til 8. október 1941, og þykir upphæð hans með tilliti til allra atvika hæfilega ákveðin kr. 35.00.

Um 2. Samkvæmt húsaleigusamningnum og að viðbættri lögheimilaðri vísitöluhækkun nam leigan fyrir alla íbúð stefndrar kr. 105.45 á mánuði. Þykja því fyrrgreind afnot stefndrar af íbúðinni frá 1.—8. október, þ. e. eftir að hún rýmdi aðra stofuna, hæfilega endurgoldin með kr. 30.00, en þá upphæð hefur hún boðið fram sjálf sem hæfilega greiðslu.

Um 3. Þenna kröfulið byggir stefnandi á því, að stefnd hafi vanrækt að gera íbúðina hreina, er hún flutti úr henni, auk þess sem hún hafi valdið skemmdum á múrveggjum íbúðarinnar með því að reka í þá nagla, er hafi sprengt út frá sér allstórar holur í múrinn.

Það má telja sannað í málinu, að allstórar holur hafi verið í múrveggjum íbúðarinnar, þegar stefnd flutti úr henni. Hins vegar er ekki

sannað, að stefnd hafi átt sök á þessum skemmdum, enda er því haldið fram af henni, að þær hafi verið eftir fyrri leigjendur.

Sannað er einnig, að stefnd lét gera íbúðina hreina, áður en hún flutti úr henni, en hins vegar má einnig telja sannað, að sú hreingerning hafi ekki verið nægilega vel af hendi leyst. Þó verður ekki séð, að íbúðin hafi verið gerð hrein aftur um haustið, heldur virðist hafa verið látið sitja við svo búið.

Þykir af þessum ástæðum ekki unnt að taka þenna kröfulið til greina að neinu leyti.

Um 4. Gegn andmælum stefndu er ekki sú grein gerð fyrir þessum lið, að unnt sé að taka hann til greina, enda föst venja, ef húseigandi sér um slíkan þvott fyrir leigjanda, að greiðsla fyrir hann sé innt af hendi mánaðarlega.

Verða málalok því þau samkvæmt framansögðu, að stefnd verður dæmd til að greiða stefnanda kr. 65.00 með 5% ársvöxtum frá 10. nóvember 1941 til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, Ísafold Jónsdóttir, greiði stefnandanum, Lúðvík Sigmundssyni, kr. 65.00 með 5% ársvöxtum frá 10. nóvember 1941 til greiðsludags og kr. 60.00 í málskostnað innan 15 daga frá löglbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. febrúar 1943.

Nr. 130/1942. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
James Darkins (Lárus Fjeldsted).

Brot gegn lögum nr. 5/1920.

Dómur hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, var dufli varpað frá varðskipinu í kjölfar togarans kl. 23.55 þann 19. nóv. 1942 og samtímis gerð staðarákvörðun til bráðabirgða, er reyndist þessi: Vatnsnesviti í Hólmbergstá til Garðskagavita 70°. Kom kærði síðan um borð í varðskipið og var þar sýnd staðarákvörðun þessi. Taldi hann sig þá ekki geta mótmælt henni, og síðar hefur hann fyrir dómi viðurkennt bráða-

birgðaákvörðun þessa. Næsta morgun þann 20. nóv. 1942 kl. 8.40 var staður duflsins mældur með tvöföldum hornmælingum þannig:

Keilir
> 36° 00′
Stakkur
> 69° 47′
Garðskagaviti

Reyndist staður duflsins þannig 0.5 sjómílu innan landhelgilínu.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur forstöðumaður Stýrimannnaskólans afmarkað framangreindar mælingar á sjóuppdrátt og hefur komizt að sömu niðurstöðu og skipstjórnarmenn varðskipsins um stað duflsins kl. 8.40 þann 20. nóv. f. á. Svo hefur hann og komizt að raun um, að staður togarans, sem mældur var kl. 23.55 kvöldið áður, sé einungis nokkra metra frá stað duflsins. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdómsins ber að staðfesta ákvæði hans um sekt og upptöku, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans í héraði, kr. 300.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, James Darkins, greiði kr. 29500.00 sekt til Landhelgisjóðs Íslands, og komi í stað sektarinnar 7 mánaða varðhald, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra staðfestist.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans í héraði, Lárusar Fjeldsteds hæstaréttar-

lögmanns, kr. 300.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 21. nóv. 1942.

Ár 1942, laugardaginn 21. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í bæjarþingstofunni af Ragnari Jónssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2933/1942: Valdstjórnin gegn James Darkins.

Málið er höfðað gegn kærðum fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum nr. 5 1920, sbr. lög nr. 4 1924. Málið var dómtekið í gær.

Kærður er James Darkins, skipstjóri á botnvörpungnum Vidonia G.Y. 257. Hann kveðst vera fæddur 2. maí 1893 í Ashby, Suffolk, Englandi. Hann hefur ekki áður orðið sekur við íslenzk lög.

Í fyrrakvöld kom varðskipið Óðinn að hlið togarans Vidonia, er þá var að veiðum í Garðsjó með stjórnborðsvörpu úti. Kl. var þá 23.55. Var þá bauju kastað út, 2. stýrimaður af varðskipinu settur um borð í togarann og kærðum tilkynnt, að hann væri stöðvaður. Skipherra varðskipsins gerði þá eftirfarandi bráðabirgðaathugun: Vatnsnesviti ± Hólmbergstá $\wedge$ til Garðskagavita 70°.

Varðskipið beið síðan birtu við baujuna og kl. 8.40 um morguninn var staður baujunnar mældur:

Keilir

$> 36° 00'$

Stakkur

$> 69° 47'$

Garðskagaviti

Dýpi var 38 metrar. Samkvæmt þessu reyndist staður baujunnar vera 0.5 sjómílu innan landhelgilínu.

Kærður hefur neitað að hafa verið að veiðum innan landhelgilínu og kveður togarann hafa verið með fullum ljósum. Kveðst hann hafa verið svo öruggur um, að hann væri utan landhelgilínu, að hann hafi ekki skipt sér af varðskipinu. Hann hefur ekki véfengt staðarákvarðanir varðskipherrans við baujuna, en kveðst ekki hafa vitað, hvenær baujunni var kastað út. Sjálfur kveðst hann hafa gert miðunina: Útskálaviti í vestur, Keflavíkurviti í sv. t. s. ½ s., og gefur það stað skipsins utan landhelgilínu.

Leiddir hafa verið sem vitni í málinu 1. og 2. stýrimaður varðskipsins, þeir Þorvaldur Valdimar Jakobsen og Tryggvi Gunnar Blöndal, og hafa báðir staðfest framburð sinn með eiði. 2. stýri-

maður, Tryggvi Gunnar Blöndal, kastaði út baujunni og fór síðan um borð í togarann. Kveðst hann hafa kastað baujunni rétt hjá togaranum í kjölvatn hans. 1. stýrimaður Þorvaldur Valdimar Jakobsson hefur staðfest, að baujunni hafi verið kastað rétt hjá togaranum. Hann var og við staðarákvörðun baujunnar um morguninn ásamt skipherra og hefur staðfest hana.

Eftir því sem nú hefur verið rakið, verður rétturinn að leggja mælingu varðskipherrans við baujuna til grundvallar í málinu. Samkvæmt því verður að telja sannað, að kærður hafi gerzt sekur við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 1924.

Refsing kærðs þykir með tilliti til gullgildis íslenzkrar krónu í dag hæfilega ákveðin kr. 29500.00 í sekt. Sektin renni til Landhelgisjóðs Íslands. Verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, afplánist hún í varðhaldi í 7 mánuði. Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í togaranum Vidonia G. Y. 257, skal upptækt gert til sama sjóðs. Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, James Darkins, greiði kr. 29500.00 í sekt til Landhelgisjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella í varðhaldi í 7 mánuði.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Vidonia G. Y. 257, skal upptækt gert til sama sjóðs.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. febrúar 1943.

Nr. 107/1942. **Ólafur Þórarinsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Mogens L. Andersen (Magnús Thorlacius).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Ómerking og vísun máls frá héraðsdómi.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið **Kristján** Kristjánsson, fulltrúi lögmanns.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. okt. f. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem hann krafðist fyrir fógetarétti. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með úrskurði húsaleigunefndar Reykjavíkur 30. júní f. á. var stefnda gert að rýma 1 herbergi íbúðar þeirrar, er í málinu greinir, þegar í stað, en hinn hluta íbúðarinnar 1. október 1942. Þar sem stefndi neitaði að hlíta úrskurði húsaleigunefndar, krafðist áfrýjandi þess 11. júlí f. á. fyrir fógeta, að stefndi yrði „þegar í stað borinn út úr einu herbergi af íbúð hans samkvæmt úrskurðinum". Þess er hvorki getið í úrskurði húsaleigunefndar né í kröfu áfrýjanda fyrir fógetarétti, hvert af þeim þremur herbergjum, sem stefndi leigir í húsi áfrýjanda, hann skuli rýma. Er kröfugerð þessi svo óákveðin, að dómur verður ekki lagður á hana. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og alla meðferð málsins í héraði og vísa málinu frá fógetaréttinum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður og meðferð málsins í héraði er ómerk og vísast málinu frá fógetarétti.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 15. sept. 1942.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 4. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Ólafur Þórarinsson, Hrísateig 9 hér í bæ, krafizt þess, að Mogens L. Andersen, sem býr í sama húsi, verið sviptur umráðum yfir 1 herbergi af íbúð þeirri, er hann hefur nú. Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar, og lögðu aðiljar atriðið því undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Þann 14. maí 1940 tók gerðarþoli á leigu hjá gerðarbeiðanda 3 herbergja íbúð í húsinu nr. 10 við Reykjavíkurveg. Auk þessarar

íbúðar, sem mun hafa verið á miðhæð hússins, var á efri hæð 2ja herbergja íbúð, er sonur og tengdadóttir gerðabeiðanda höfðu á leigu, auk herbergis, er gerðarbeiðandi ásamt syni sínum ógiftum hafði til afnota, svo og eitt herbergi í kjallara, sem stúlka, er verið hafi ráðskona hjá gerðarbeiðanda, hafði til afnota fram í sept. 1940, að því er telja verður upplýst, og mun einnig hafa verið eldað í þessu herbergi. Um 12. júlí 1941 mun hús þetta hafa verið rifið fyrir aðgerðir brezka setuliðsins og flutt og endurbyggt sem húsið nr. 9 við Hrísateig í sömu stærð og hið fyrra, en með innréttaðri tveggja herbergja íbúð í kjallara. Þann 2. sept. s. á. leitaði gerðarbeiðandi til húsaleigunefndarinnar hér og krafðizt þess, að leigumála sínum við gerðarþola um íbúðina yrði rift vegna flutnings hússins, en húsaleigunefndin tók kröfu hans ekki til greina, og með úrskurðum fógetaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 4. nóvember og 12. desember 1941, fékk gerðarþoli umráð íbúðarinnar að fullu.

Í janúarmánuði síðastliðnum mun gerðarbeiðandi hafa sagt gerðarþola upp húsnæðinu til flutnings 14. maí síðastliðinn, og með úrskurði húsaleigunefndar, upp kveðnum 30. júní, var gerðarþola gert að rýma eitt herbergi íbúðarinnar þegar í stað, en hinn hluta hennar 1. október næstkomandi. Þar sem gerðarþoli neitaði að rýma húsnæðið, krafðist gerðarbeiðandi útburðar, eins og að framan getur.

Gerðarbeiðandi byggir útburðarkröfu sína á því, að gerðarþola hafi verið löglega sagt upp og að húsaleigunefndin hafi metið uppsögnina gilda, enda sé hann húsnæðislaus að kalla megi og þurfi því á íbúðinni að halda fyrir sjálfan sig. Hefur hann haldið því fram, að hann búi í einu litlu súðarherbergi, er hann hafi fengið til bráðabirgða hjá syni sínum, er hafi íbúð þar uppi á loftinu, en herbergi þetta sé eiginlega stúlknaherbergi hans. Inn í herbergið komi hann ekki nándar nærri öllum húsgögnum sínum, heldur verði hann að geyma mikinn hluta þeirra úti í bæ á ýmsum stöðum. Hann sé þegar búinn að ráða til sín ráðskonu, en sig vanti algerlega húsnæði til heimilishaldsins. Hann hafi hvorki eldhús né herbergi fyrir ráðskonuna. Loks hafi sonur hans, sem sé á hans vegum, aðeins fengið að vera til bráðabirgða í öðru herbergi leigutaka í kjallara hússins.

Gerðarþoli heldur því aftur á móti fram, að uppsögnin hafi verið ólögleg og úrskurður húsaleigunefndar rangur. Telur hann, að gerðarbeiðandi sé alls ekki húsnæðislaus, þar sem hann hafi herbergi til afnota á efstu hæð hússins fyrir sjálfan sig svo og eitt herbergi í kjallara þess fyrir son sinn. Auk þess fullyrðir hann, ef um húsnæðisskort kynni að vera að ræða hjá gerðarbeiðanda, þá sé það hans eigin sök, þar sem hann hafi leigt óviðkomandi þriðja manni íbúðarhúsnæði í kjallara hússins, sem bætzt hafi við við endurbyggingu hússins eftir flutning þess úr Skerjafirði vegna aðgerða brezka setuliðsins.

Það er viðurkennt í máli þessu, að gerðarþoli tók á leigu hjá

gerðarbeiðanda 3ja herbergja íbúð 14. maí 1940 í húsinu nr. 10 við Reykjavíkurveg, og að hann bjó þar síðan, þar til að það hús var rifið fyrir aðgerðir brezku herstjórnarinnar í kringum 12. júlí 1941 og endurbyggt sem húsið nr. 9 við Hrísateig. Með úrskurðum fógetaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 4. nóv. og 12. des. 1941, var gerðarþoli settur inn í umráð íbúðarinnar, en gerðarbeiðandi hafði haldið því fram áður, að með flutningi hússins væri hann laus við samning sinn við gerðarþola um íbúð í húsinu. Í máli þessu er það óvéfengjanlega fram komið, að hús það, er endurbyggt var á Hrísateig 9, er ekki aðeins jafnstórt og hús það, er rifið var á Reykjavíkurveg 10, heldur hefur verið að auki innréttuð 2ja herbergja íbúð í kjallara þess, sem leigð hefur verið óviðkomandi 3ja manni.

Samkvæmt framburði vitnisins Helgu Oddsdóttur hér fyrir réttinum, en hún er tengdadóttir gerðarbeiðanda og býr á efstu hæð hússins, bauð gerðarbeiðandi, sem áður hafði stærsta herbergið í íbúðinni til eigin þarfa, skipti á því og öðru minna, sem hann nú hefur full umráð yfir, er þau fluttu á Hrísateig 9, og hefur hann með því svipt sig umráðum stærsta herbergisins á þeirri hæð. Þá hefur hann og svipt sig að meira eða minna leyti umráðum yfir húsnæði því, er hann átti völ á í kjallara hússins, með því að leigja óviðkomandi 3ja manni það húsnæði.

Með tilliti til þessa verður ekki séð, að gerðarbeiðandi geti krafizt umráða yfir íbúð þeirri, er gerðarþoli hefur nú í húsi hans, eða nokkrum hluta hennar, og verður því að neita um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fara fram.

Mánudaginn 22. febrúar 1943.

Nr. 1/1943. **Sigfús Sigfússon** og **Hulda Guðjónsdóttir** (Kristján Guðlaugsson) gegn **Steingrími Arnórssyni** og **gagnsök** (Magnús Thorlacius).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Um uppsögn á leigu húsrýmis.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. janúar þ. á. og krafizt algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur af sinni hálfu áfrýjað málinu með stefnu 8. janúar þ. á. Krefst hann þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um gildi húsnæðisuppsagnarinnar og að aðaláfrýjendur verði dæmd in solidum til þess að greiða honum málskostað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Húsaleigunefnd greinir ekki í úrskurði sínum, er í héraðsdómi getur, á hvern hátt hún hafi aflað sér vitneskju þeirrar, er hún reisir niðurstöðu sína á, en þar sem málið hefur verið nægilega skýrt fyrir dómi, þá þykir mega dæma það, eins og það liggur fyrir.

Með því að telja verður gagnáfrýjanda, eins og í héraðsdómi segir, hafa brýna þörf fyrir húsnæði það, er aðaláfrýjendur hafa nú á leigu, þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um gildi uppsagnar gagnáfrýjanda á húsnæði þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Húsnæðisuppsögn gagnáfrýjanda, Steingríms Arnórssonar, dags. 23. júní 1942, á hendur aðaláfrýjendum, Sigfúsi Sigfússyni og Huldu Guðjónsdóttur, er í héraðsdómi greinir, á að vera gild.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. des. 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. okt. s. l., af Steingrími Arnórssyni verzlunarfulltrúa, Laufásvegi 10, gegn Sigfúsi Sigfússyni málara, Baldursgötu 16, og Huldu Guðjónsdóttur, Lokastíg 16, og eru réttarkröfur stefnanda þær, að síðargreind húsnæðisuppsögn hans verði dæmd gild og að stefnd verði óskipt dæmd til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Stefndu krefjast, að fyrrnefnd húsnæðisuppsögn verði metin ógild og að stefnandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað.

Málsatvik eru þau, að með húsaleigusamningi, dagsettum 15. september 1939, leigði þáverandi eigandi hússins nr. 16 við Lokastíg, Þorsteinn Jónsson, Bárugötu 6, stefndum í máli þessu íbúð, 3 herbergi og eldhús, í nefndu húsi. Stefndur Sigfús skildi við konu sína, stefndu Huldu, að borði og sæng í apríl 1941, og hefur konan síðan búið í íbúðinni ásamt börnum þeirra og ónafngreindu gamalmenni. Hinn 10. febrúar 1942 sagði stefnandi máls þessa, er keypt hafði umrætt hús 6. nóv 1939, stefndum upp húsnæði þessu frá 14. maí s. á. að telja. Kom það mál fyrir húsaleigunefnd, en stefnandi féll frá, að nefndin úrskurðaði málið, þegar honum var bent á, að leigumálann mætti ekki hefja nema frá 1. október samkv. skýlausu ákvæði hans sjálfs. Með bréfi, dagsettu 23. júní 1942, sagði stefnandi enn upp íbúðinni og nú frá 1. október 1942 að telja. Hinn 21. júlí s. á. ritaði stefnandi húsaleigunefnd og krafðist þess, að uppsögn sín yrði metin gild af nefndinni. Var málið síðan rannsakað í nefndinni og lauk því þar með úrskurði, upp kveðnum 7. október 1942, á þá leið, að uppsögnin var úrskurðuð ógild. Vildi stefnandi ekki una þessum málalokum og höfðaði því mál þetta, er aðiljar gera í framangreindar kröfur.

Byggir stefnandi kröfur sínar í máli þessu á því tvennu 1) að stefndu hafi brotið leigumálann með því að framleigja eitt herbergi af íbúðinni og 2) að sér sé brýn nauðsyn að fá umrædda íbúð til eigin nota.

Þessu hvoru tveggja mótmæla stefnd og byggja réttarkröfur sínar á þeim mótmælum.

Það er nú að vísu svo, að í leigusamningi stefndu er ákvæði, er bannar þeim framleigu, nema sérstakt samþykki leigusala komi til. Hins vegar virðist svo sem stefndu hafi allan eða mestallan leigutímann framleigt eitt herbergi íbúðarinnar og að af því hafi leigusali ekki skipt sér. Þykir þessi málsástæða því ekki eiga að verða honum að liði.

Stefnandi er kvæntur og á einn stjúpson. Auk þess er kona hans vanfær á ca. miðjum meðgöngutíma. Hann hefur til afnota tvö herbergi í húsinu nr. 10 við Laufásveg, en það hús á hann sjálfur ásamt bróður sínum. Þessi herbergi fékk stefnandi frá þriggja herbergja íbúð, er frú Kristín Kress býr í með einu ungu barni. Á meðan frú Kress var í sveit s. l. sumar, hafði stefnandi til afnota eldhús hennar, að því er virðist, þangað til 20. september. Þá mun hann hafa hætt þeim afnotum eftir kröfu frúarinnar. Hefur stefnandi síðan ekki haft nein eldhúsafnot og hefur því orðið að kaupa sér og fjölskyldu sinni fæði utan heimilis.

Fyrrgreindar heimilisástæður stefnanda þykja slíkar, að telja verði, að honum sé brýn nauðsyn að fá íbúð með eldhúsi til afnota. Og með því að telja verður honum frjálst að velja þá íbúð úr húsum sínum til eigin nota, er honum þóknast, og ekki er óþarflega stór handa honum, þá ber að samþykkja kröfur hans í máli þessu, enda virðist íbúð stefndrar að stærð til mjög við hæfi stefnanda og fjölskyldu hans.

Í málskostnað þykir hæfilegt að gera stefndu að greiða stefnanda kr. 100.00.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind húsnæðisuppsögn stefnanda, Steingríms Arnórssonar, dagsett 23. júní 1942, skal teljast gild.

Í málskostnað greiði stefnd, Sigfús Sigfússon og Hulda Guðjónsdóttir, óskipt stefnandanum kr. 100.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1943.

Nr. 88/1942. **Firmað Ó. Jóhannesson** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Lárus Jóhannesson).

Lögtak og meðferð máls fyrir fógetarétti ómerkt.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Jóhann Skaptason, sýslumaður í Barðastrandarsýslu.

Með úrskurði ríkisskattanefndar 8. apríl 1942 var áfrýjanda gert að greiða viðbótar tekju- og stríðsgróðaskatt af tekjum hans árið 1940. Með því að hann taldi sér ekki skylt að greiða viðbót þessa, var byrjað lögtak hjá honum í fógetarétti Barðastrandarsýslu hinn 26. júní 1942. Ólöglærður fyrirsvarsmaður áfrýjanda mótmælti í fógetaréttinum hinum umkröfðu gjöldum „sem of háum og þar af leiðandi ranglega á lögðum", en tilgreindi ekki þær ástæður, sem hann áður hafði haft uppi fyrir ríkisskattanefnd. Fógeti innti áfrýjanda ekki eftir ástæðum fyrir mótmælunum og leiðbeindi honum ekki, svo sem honum bar skylda til eftir 114. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936. Þá er og úrskurði fógeta mjög ábóta vant. Þar greinir hvorki aðilja málsins né lögtakskröfu, og niðurstöðu sína reisir fógeti á því, að mótmæli áfrýjanda séu almenns eðlis, en um þau átti fógeti að leiðbeina honum, eins og áður segir. Hefur fógeti því ekki gætt fyrirmæla 1. málsgr. 193. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936.

Vegna framangreindra megingalla verður ex officio að ómerkja alla meðferð málsins fyrir fógetaréttinum svo og hinn áfrýjaða úrskurð og eftirfarandi lögtaksgerð og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar.

Áfrýjandi, hefur krafizt málskostnaðar, og þykir eftir atvikum rétt, að stefndi greiði honum kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Víta verður héraðsdómara fyrir framangreinda löglausa meðferð málsins.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður, meðferð málsins fyrir fógetarétti og eftirfarandi lögtaksgerð eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim til löglegrar meðferðar.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, firmanu Ó. Jóhannessyni, kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úskurður fógetaréttar Barðastrandarsýslu 26. júní 1942.

Hin umkröfðu gjöld eru lögð á gerðarþola af ríkisskattanefnd, eftir að athuguð hafa verið framtöl gerðarþola fyrir árin 1931 til 1939 og eftir að gerðarþola hafði gefizt kostur á að gefa nefndinni skýringar og leiðbeiningar þær, sem hann taldi, að skiptu máli um skattskylduna. Hin framkomnu mótmæli eru almenns eðlis, en gerðarþoli bendir ekki á nein sérstök atriði, sem hann telur, að geti valdið sýknu hans. Mótmælin geta því ekki orðið tekin til greina, og verður gerðin að ná fram að ganga.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að fara á ábyrgð ríkissjóðs, en á kostnað gerðarþola.

Föstudaginn 26. febrúar 1943.

Nr. 9/1943. **Bjarni J. Jóhannesson**
gegn
Guðmundi H. Þórðarsyni og Jóni Eiríkssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bjarni J. Jóhannesson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 3. marz 1943.

Nr. 37/1942. **Trolle & Rothe h/f vegna eigenda og vátryggjenda e/s Persier, skips og farms**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Skipaútgerð ríkisins og gagnsök
(Ólafur Þorgrímsson).

Bjarglaun.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. apríl 1942 og krafizt þess, að bjarglaun verði lækkuð eftir mati dómsins frá því, sem í héraði er dæmt, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður og að gagnáfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 4. maí 1942. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum bjarglaun kr. 1288750.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 26. júní 1941 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Aðiljar hafa orðið ásáttir um það, að bjarglaun vegna bifreiða þeirra, er bjargað var úr e/s Persier, skuli ekki ákveðin í þessu máli, heldur á annan hátt, og er krafa gagnáfrýjanda hér fyrir dómi þess vegna eingöngu miðuð við björgun skipsins og annars þess farms, er bjargað var með því.

Þegar varðskipið Ægir kom með e/s Persier til Reykjavíkur, var það samkvæmt sameiginlegri ákvörðun gagnáfrýjanda og hafnaryfirvalda Reykjavíkur sett á Gufunesfjöru, sem talin var öruggasti staður handa skipinu í nágrenni Reykjavíkur. Eftir það tók skipstjóri e/s Persier samkvæmt eigin yfirlýsingu sinni og og öðrum gögnum málsins við forráðum skipsins, hóf samninga við vélsmiðu um viðgerð þess og tók ákvörðun um flutning þess frá Gufunesfjöru til Kleppsvíkur. Þegar þessi flutningur fór

fram, voru dælur frá varðskipinu Ægi enn í e/s Persier, og þar voru um borð stýrimaður og vélstjóri af Ægi, en ekkert er upp komið, er bendi til þess, að þessir menn né nokkrir aðrir af hálfu gagnáfrýjanda hafi átt þátt í ákvörðun um flutning skipsins né verið með í ráðum um að velja því stað í Kleppsvík.

Því hefur verið haldið fram af hálfu aðaláfrýjanda, að viðgerð á skipinu hefði ekki orðið við komið á Gufunesfjöru, og hafi flutningur þess því verið nauðsynlegur. Gagnáfrýjandi hefur hins vegar fullyrt, að viðgerð hefði verið framkvæmanleg þar. Gögn þau, sem fram hafa komið, skera ekki úr ágreiningi um þetta atriði, og ekki verður séð, að kvartað hafi verið af hálfu aðaláfrýjanda undan því við gagnáfrýjanda, að Gufunesfjara væri óhæfur viðgerðarstaður, né að þess hafi verið krafizt af gagnáfrýjanda eða honum gefinn kostur þess að velja skipinu annan viðgerðarstað og flytja það þangað.

Samkvæmt framansögðu ber að miða bjarglaun við verðmæti skipsins á Gufunesfjöru og farms þess, er þá var í því, en verðmæti þessi voru metin kr. 2577500.00. Eftir gögnum málsins virðist beinn útlagður kostnaður gagnáfrýjanda vegna björgunar skipsins hafa numið um kr. 100000.00. Auk þess hefur gagnáfrýjandi borið mikinn kostnað vegna starfsemi e/s Ægis. Þá hafa og dælur Ægis spillzt og vírar og akkeri glatazt.

Með hliðsjón af þessu og að öðru leyti með skírskotun til lýsingar héraðsdóms á björgunarstarfinu þykja bjarglaun hæfilega ákveðin kr. 500000.00 með vöxtum eins og krafizt er. Svo ber aðaláfrýjanda og að greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals kr. 17000.00.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Trolle & Rothe h/f vegna eigenda og vátryggjenda e/s Persier, skips og farms, greiði gagnáfrýjanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 500000.00 með 5% ársvöxtum frá 26. júní 1941 til greiðsludags

og samtals kr. 17000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 10. marz 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 26. júní f. á., af Pálma Loftssyni framkvæmdarstjóra f. h. Skipaútgerðar ríkisins hér í bæ gegn Carl Finsen framkvæmdarstjóra f. h. h/f Trolle & Rothe hér í bænum vegna eiganda og vátryggjenda e/s Persier, skips og farms, til greiðslu björgunarlauna, að upphæð kr. 1937755.00, til vara aðra lægri upphæð eftir mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar skv. reikningi eða eftir mati réttarins.

Stefndur krefst þess, að hin umstefnda upphæð verði lækkuð að miklum mun og málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að hinn 28. febrúar 1941 strandaði e/s Persier á svonefndum Kötlutöngum á Mýrdalssandi. Skv. beiðni eigenda skipsins og vátryggjenda skips og farms tók stefnandi þessa máls að sér að reyna björgun, og var björgunarsamningurinn staðfestur hinn 6. marz s. á. af stefndum Carl Finsen f. h. vátryggingarfélagsins Trolle & Rothe h/f, en það félag gætir hagsmuna eigenda og vátryggjenda skips og farms.

Hinn 10. marz 1941 var Guðmundur Guðjónsson, stýrimaður á v/s Ægi, sendur austur að strandstaðnum til að athuga allar aðstæður. Stýri skipsins og hæll voru þá brotin, en aðrar beinar skemmdir sáust ekki utanborðs. Hins vegar var þá 20 feta sjór í öllu skipinu. Voru nú ráðnir menn til að losa farminn úr skipinu, sem var 100 bifreiðar og rúm 6 þúsund tonn af hrájárni. Nokkrir skipverjar (að jafnaði 15 talsins), er enn voru austur þar, voru einnig fengnir til þessa starfa, og var þeim greitt kaup fyrir sem öðrum verkamönnum. Hinn 15. marz komu menn frá v/s Ægi austur með dælu, en dagana áður hafði verið unnið að því að byggja skýli fyrir verkamenn og koma fyrir útbúnaði til að flytja farminn úr skipinu, en áin Blautakvísl rann rétt hjá strandstaðnum, og þurfti að draga farminn þar yfir um á að gizka 150 metra haf. Varð fyrst um sinn að afferma með handafli og „talíum", þar sem ekki var unnt að kynda undir kötlum vegna þess, hve sjór var mikill í skipinu. Hinn 19. marz var komið með enn stærri dælu frá v/s Ægi, þar sem fyrri dælan hafði ekki við um aðfallið. Hinn 23. marz var vélarrúmið orðið það þurrt, að hægt var að kynda undir einum katlinum, og hinn 25. marz tókst að fá

gufu á vindurnar, og var þá byrjað að losa með þeim. Hinn 7. apríl kom v/s Ægir austur að strandstaðnum til þess að leggja akkeri og víra út af skipinu, en það tókst ekki vegna brims, og fór varðskipið því burtu við svo búið. Næsta dag kom loftskeytamaður frá v/s Ægi austur með talstöð, til þess að unnt væri að hafa samband við Ægi, ef á þurfti að halda. Hinn 16. apríl kom Ægir aftur á vettvang og lagði tveim akkerum með vírum út af e/s Persier, og þann 23. s. m. var að fullu lokið við að afferma bifreiðarnar. Síðan var ákveðið að kasta hrájárninu fyrir borð, og var byrjað á því verki næsta dag. Þann 1. maí kom kafari frá Ægi á strandstaðinn til að reyna að þétta skipið, en það lak alltaf svo mikið, að dælur þær, er fyrir hendi voru (þar á meðal dæla skipsins), höfðu ekki við. Hinn 6. maí var komið með átta hundruð tonna dælu frá Ægi og hún sett um borð í e/s Persier. Þann 8. s. m. kom v/s Ægir aftur á strandstaðinn, og var send þaðan ein dæla í viðbót þenna dag. Að kveldi þess 9. maí komu tveir kafarar austur, en sá, er fyrst hafði komið, fór í burtu daginn áður. Urðu þeir varir við göt á skipinu, og voru síðan settar bráðabirgðaplötur fyrir þau. Kl. 6 að kveldi þess 14. maí var hætt við losun á farminum, og virðast þá hafa verið eftir í skipinu hér um bil 1000 tonn af hrájárni. Þenna dag voru gerðar tvær tilraunir til að ná skipinu á flot bæði með vélarafli frá Ægi og Persier. Ekki báru þær tilraunir þó árangur, að svo komnu. Á morgunflóðinu næsta dag gerði Ægir, sem verið hafði á strandstaðnum frá 8. maí, enn tilraun til að ná skipinu út, en án verulegs árangurs. Kl. 7 um kvöldið var enn gerð tilraun, og um átta-leytið var skipið komið á flot. E/s Persier gekk síðan með eigin vélarafli, en v/s Ægir hafði þó skipið í eftirdragi, og dælur frá varðskipinu voru þar um borð svo og 11 skipverjar frá Ægi til þess að gæta að dælunum og annast ýmis önnur störf. Var haldið til Reykjavíkur með viðkomu í Vestmannaeyjum og komið hingað á ytri höfnina kl. 11,44 þann 17. maí. Kom þá hafnsögumaður um borð í Ægi, en Persier lagðist við akkeri, og var Ægir bundinn utan á skipið. Kl. hálf tíu um kvöldið kom síðan dráttarbátur með hafnsögumenn og verkamenn, og dró báturinn Persier inn undir Gufunes, en Ægir var á stjórnborðshlið. Var Persier sett upp í fjöru á Gufunesi með flóðinu um kvöldið, en Ægir lagðist á Kleppsvík. Um kl. 2 um nóttina var lokið við að festa Persier í fjörunni á Gufunesi.

Heldur stefnandi því fram, að þar með hafi björgunarstarfi sínu verið lokið og atburðir þeir, sem síðar gerðust og nánara verður greint frá hér á eftir, séu sér með öllu óviðkomandi. Framangreint björgunarstarf hafi verið mjög vandasamt, tímafrekt og kostnaðarsamt, og verðmæti hins bjargaða hafi numið alls kr. 3875510.00. Séu því hæfileg björgunarlaun 50% af þeirri upphæð, en þar sem

stefndur hafi reynzt ófáanlegur til að greiða slík laun, sé mál þetta höfðað og í því gerðar framangreindar réttarkröfur.

Það er ekki véfengt af hálfu stefnds, að hér hafi verið um björgun að ræða í skilningi siglingalaganna. Hins vegar telur hann hina umstefndu upphæð allt of háa og byggir það bæði á því, að hundraðshlutinn af verðmæti hins bjargaða sé allt of hár, svo og virðingarverð það, sem miðað sé við. Björgunin hafi að vísu tekið nokkurn tíma, en verið hættulaus fyrir menn og tæki, og ekki geti hún talizt hafa verið erfið. Skipverjar af e/s Persier hafi og aðstoðað bjargendur með ráðum og dáð við björgunarstarfið.

Áður en tekin verða til athugunar þau atriði, sem skv. siglingalögunum ber að taka til greina við ákvörðun björgunarlaunanna, þykir rétt að leysa úr því ágreiningsefni aðiljanna, hvenær björgunarstarfi stefnanda hafi verið lokið í tilfelli því, sem hér um ræðir.

Eins og þegar er getið, telur stefnandi, að starfinu hafi verið lokið, er búið var að koma skipinu fyrir á Gufunesfjöru, og miða beri björgunarlaunin við verðmæti hins bjargaða þá og þar.

Af hálfu stefnds er því hins vegar haldið fram, að björguninni geti ekki talizt hafa verið lokið fyrr en bjargandinn hafi verið búinn að koma skipinu á þann stað, þar sem unnt hafi verið að framkvæma aðgerðir á því. Slíkt hafi verið ókleift á Gufunesfjöru og því hafi orðið að flytja það á annan stað. Þann 9. júní s. l. var skipið flutt frá Gufunesi yfir á Kleppsvík og því lagt þar í fjöruna. Telur stefndur, að þessi flutningur hafi farið fram með samþykki stefnanda, enda hafi og fyrsti stýrimaður á Ægi verið um borð í Persier, meðan á flutningnum stóð. Fyrst er skipið var komið í fjöruna í Kleppsvík, hafi björgunarstarfi stefnanda verið lokið og við verðmæti þess þar beri að miða björgunarlaunin. En svo vildi til, að er skipið hafði legið um stund þarna í fjörunni, brotnaði það í miðju, vegna þess að holt var undir, og stórskemmdist við það. Hafði skipið í því ástandi, sem það var á Gufunesfjöru, og ásamt áðurnefndu hrájárni, kolum og vistum, verið metið af dómkvöddum mönnum á 2577500.00, en eftir áfallið í Kleppsvíkurfjöru var það hins vegar metið af sömu mönnum á aðeins kr. 115000.00.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt því að hafa veitt samþykki sitt til þessa flutnings eða stuðlað að honum á nokkurn hátt, og er gegn þeim mótmælum ósannað, að svo hafi verið. Ekkert hefur og komið fram í málinu, er bendi til þess, að stýrimaðurinn á Ægi hafi verið á vegum stefnanda um borð í Persier, er flutningurinn fór fram, enda mun skipshöfn Persier hafa haft þær framkvæmdir með höndum, en hafnsögumaður var einnig um borð. Ýmsar yfirlýsingar skipstjórans á Persier í sjóferðaprófunum benda og í þá átt, að hann hafi talið sig forráðamann skipsins að öllu leyti,

þegar eftir að skipinu hafði verið lagt á Gufunesfjöru, og er það sérstaklega því til styrktar, að matsmönnum var meinað af skipverjum að athuga skipið, þar sem það lá í Gufunesfjöru, þar sem þeir hefðu ekki meðferðis skriflegt leyfi skipstjóra til að skoða skipið. Að þessu athuguðu svo og öðrum atvikum málsins, þykir verða að líta svo á, að björgunarstarfi stefnanda hafi verið lokið, er skipið var komið á Gufunesfjöru, sem að allra áliti var öruggur staður, þótt ekki þætti hann sem heppilegastur til viðgerðar á skipinu vegna fjarlægðar frá Reykjavík. Verða björgunarlaunin því miðuð við verðmæti skipsins í því ástandi, sem það var á þessum stað, og þar sem útgerð þess og eigendur verða að teljast hafa tekið við því samkvæmt framansögðu.

Björgunarstarf stefnanda *tókst* eftir öllum atvikum *sæmilega*, þótt skipið hafi að því starfi loknu verið all-mjög laskað og ýmis útbúnaður þess hafi glatazt. Ekki verður annað séð en að björgunin hafi verið framkvæmd af *verklagni* og atorku, þótt allt gengi að vísu ekki eins og bezt verður á kosið. Björgunin tók *langan tíma*, eins og að framan er lýst, og virðist hafa verið *talsvert fyrirhafnarmikil*. E/s Persier og farmur þess var *í mikilli hættu*, en skipshöfn þess ekki. Björgunarmönnum og eign þeirra virðist ekki hafa verið stofnað í neina sérstaka hættu, enda var veður mjög gott allan tímann, meðan björgunin stóð yfir. Tjón á fjármunum bjargenda virðist hafa verið lítið; þó er því ómótmælt haldið fram, að nokkrir vírar svo og akkeri frá Ægi hafi glatazt. Tilkostnaður við björgunina hefur hins vegar verið mjög mikill, þannig að hann nemur skv. framlögðum reikningi, sem ekki hefur verið sérstaklega véfengdur, kr. 253165.38, auk þess sem ógreiddur er fæðisreikningur, að upphæð kr. 4360.00. Þá er því og ómótmælt haldið fram, að verðmæti Ægis ásamt tækjum þeim, er notuð voru við björgunina, nemi nú á þriðju milljón króna. Þess er þó að gæta, að v/s Ægir var ekki notaður við björgunarstarfið nema stuttan tíma, eins og að framan er lýst, en það skip er og á hinn bóginn sérstaklega búið til björgunar og björgunartæki þess (sérstaklega dælur) voru mjög notuð við starfið. — Ýmis tæki frá Persier virðast hafa verið notuð við björgunina, svo sem frekast var fært, og skipverjarnir (þar á meðal skipstjórnarmenn) virðast hafa látið í té verðmæta hjálp, þótt þeim hafi að vísu verið greidd fyrir það venjuleg verkamannalaun.

Um verðmæti hins bjargaða er þetta upplýst: Tveir dómkvaddir menn hafa metið þær 100 bifreiðar, sem björguðust, miðað við ástand þeirra, er þær voru komnar á land á strandstaðnum, á kr. 1298010.00. Með því að bifreiðar þessar voru ætlaðar til sérstakra nota, töldu matsmennirnir hæfilegt að áætla nokkra lækkun á þessu matsverði, ef bifreiðarnar yrðu seldar á innlendum markaði. Skv. þeim upplýsingum, er fyrir liggja, hafa þó aðeins 10

bifreiðanna verið seldar hérlendum mönnum, og mun söluverð þeirra hafa numið alls kr. 120000.00. Mati hinna dómkvöddu manna á skipinu, sem er 5382 brúttó smálestir, ásamt járni og vistum, eins og það var á Gufunesfjöru, hefur ekki verið hnekkt, og þykir því verða að leggja það til grundvallar.

Að öllu framantöldu athuguðu, þykja björgunarlaunin til stefnanda hæfilega ákveðin kr. 1000000.00, sem stefndum verður gert að greiða ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Einnig greiði stefndur kr. 20000.00 í málskostnað.

Dráttur sá, sem orðið hefur á því, að málið yrði munnlega flutt, eftir að gagnasöfnun var talið lokið, stafar af því, að Carl Finsen framkvæmdarstjóri hefur verið veikur að undanförnu og málflutningsmaður hans hefur eigi talið sér fært að flytja málið, meðan svo stóð.

Réttinn skipuðu: hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Geir Sigurðsson skipstjóri og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Carl Finsen f. h. Trolle & Rothe h/f vegna eigenda og vátryggjenda e/s Persier, skips og farms, greiði stefnandanum, Pálma Loftssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins, kr. 1000000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 26. júní 1941 til greiðsludags og kr. 20000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. marz 1943.

Nr. 8/1943. **Réttvísin og valdstjórnin**
(cand. jur. Gunnar J. Möller)
gegn
Ingólfi Siggeir Andréssyni Nielsen
(Magnús Thorlacius).

Manndráp af gáleysi. Brot gegn bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Við rannsókn, sem fram hefur farið eftir uppkvaðningu héraðsdóms, kom það upp, að bifreið sú, sem ók næst á eftir bifreið ákærða, var R. 347. Bifreiðarstjóri þeirrar bifreiðar og þrír af farþegum hennar kveða K. 31 hafa ekið

fram úr R. 347, rétt áður en slysið varð, og telja farþegarnir, að hraði K. 31 hafi þá ekki verið undir 50 km, miðað við klukkustund. Þá segja bifreiðarstjórinn á R. 347 og tveir af farþegum hennar, að þeir hafi séð hermanninn vera að ganga suður yfir þjóðveginn, er ákærði ók á hann, og kemur það heim við framburði hinna erlendu bifreiðarstjóra, er í héraðsdómi greinir.

Ósamræmi í skýrslu ákærða og skýrslum vitna, frásögn ákærða um akstur hans, er slysið varð, spölur sá, er bifreið ákærða rann, eftir að hann ók á hermanninn, og þunginn í árekstrinum við brezku herbifreiðina sýna það, að athygli ákærða hefur ekki verið nægilega vakandi og hann ekið of hratt, eins og á stóð.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að einnig ber að heimfæra brot ákærða undir 27. gr. bifreiðalaganna.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ingólfur Siggeir Andrésson Nielsen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, cand. jur. Gunnars Möllers og hæstaréttarlögmanns Magnúsar Thorlacius, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 18. nóv. 1942.

Ár 1942, miðvikudaginn 18. nóvember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2205/1942: Réttvísin og valdstjórnin gegn Ingólfi Siggeir Andréssyni Nielsen, sem tekið var til dóms 7. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ingólfi Siggeir Andréssyni Nielsen bifreiðarstjóra, til heimilis

á Leiðarhöfn á Sauðárkróki, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðarlögum nr. 23 16. júni 1941 og áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. apríl 1912, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum.

Í Reykjavík:

1929 $^{8}/_{11}$ Dómur hæstaréttar: 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot á 6. gr. laga nr. 51/1928.

1930 $^{5}/_{4}$ Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.

1931 $^{19}/_{1}$ Sátt: 75 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.

1932 $^{13}/_{5}$ Kærður fyrir árás og ölvun. Afturkallað.

1932 $^{23}/_{11}$ Sátt: 10 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt.

1933 $^{17}/_{1}$ Sátt: 200 kr. sekt fyrir vindrykkju í veitingahúsi.

1933 $^{23}/_{3}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot á reglugerð nr. 25/1932.

1933 $^{17}/_{10}$ Dómur aukaréttar: 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.

1934 $^{11}/_{9}$ Sátt: 15 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.

1934 $^{15}/_{12}$ Kærður fyrir óheimila meðferð á fundnu fé. Látið eftir atvikum falla niður.

1935 $^{18}/_{6}$ Aðvörun fyrir brot á umferðarreglum.

Í Skagafjarðarsýslu:

1939 $^{17}/_{10}$ Dómur: 300 kr. sekt og svipting ökuskírteinis í 6 mánuði fyrir brot gegn 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaganna nr. 33/1935 og 5. gr. 3. og 4. mgr. sbr. 14. gr. laga nr. 70 1931.

1940 $^{13}/_{2}$ Dómur: 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 231. gr. 4. lið sbr. 55. gr. hegningarlaganna og 6. sbr. 7. og 8. gr. laga nr. 51/ 1928, 17. sbr. 37. gr. laga nr. 33 1935 og 63. gr. hegningarlaganna.

1940 $^{21}/_{5}$ Sátt: 10 kr. sekt fyrir brot á umferðarbanni bifreiða.

1941 $^{13}/_{9}$ Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Síðustu daga síðastliðins ágústmánaðar var ákærður staddur hér í bænum með bifreiðina K. 31, sem var 7 manna fólksflutningabifreið, eign Kaupfélags Austur-Skagfirðinga á Hofsós. Er eigi annað upplýst um ástand bifreiðarinnar en að hún hafi verið í góðu lagi, nema að hraðamælir hennar var í ólagi. Hefur ákærður skýrt svo frá, að hemlar hennar hafi verið ágætir vökvahemlar og að stýrisbúnaður hafi verið í góðu lagi. Að kvöldi 29. ágúst dvaldi ákærður á heimili kunningja síns Jóns Þorsteinssonar, Nýbýlavegi 26; og drukku þeir saman um kvöldið fulla þriggja pela flösku af brennivíni. Um miðnætti fór ákærður að sofa, og um nóttina og daginn eftir, þar til hann fór í ökuferð þá, sem brátt verður að vikið, neytti hann einskis áfengis. Síðari hluta næsta dags, 30. ágúst,

voru ákærði og nefndur Jón Þorsteinsson lengi saman í K. 31, sem þá stóð við Lækjartorg. Um kl. 19,30 að sögn ákærðs komu að bifreiðinni fjórir menn, þeir Jón Elías Jónsson vélstjóri, Ránargötu 1, Viggó Eggertsson matsveinn, Grettisgötu 46, Jón Baldvin Guðmundsson þjónn, Bergþórugötu 10, og ameríkur hermaður. Jón Baldvin var ölvaður og Jón Elías og Viggó eitthvað rykaðir. Menn þessir báðu ákærðan að aka með sig. Hann neitaði því fyrst, en lét þó til leiðast. Ók hann síðan með þessa fjóra menn austur Hverfisgötu. Á veitingastofu á Hverfisgötu 69 keypti ákærður þrjár flöskur af sítrón fyrir þá. Síðan var haldið áfram. Sat Viggó í framsætinu við hlið ákærðs, en Jón Elías á stól aftur í. Nokkru eftir að sítrónið var keypt, rétti Jón Elías ákærðum sítrónflösku og spurði um leið, hvort hann vildi ekki sítrón. Ákærður vildi það, tók við flöskunni og ætlaði að drekka allt úr henni, af því að hann hélt, að í henni væri sítrón. Hann setti nú flöskuna á munn sér og drakk í einu vetfangi þrjá sopa úr henni án þess að taka flöskuna frá vörunum. Um leið og hann kingdi þessum sopum, fann hann, að áfengi mundi vera í sítróninu, rétti þeim, sem aftur í sátu, flöskuna og sagðist ekki vilja áfengi. Ákærður ók hægt, meðan hann saup á flöskunni. Þessi frásögn um áfengisneyzluna er samkvæmt framburði ákærðs, en eftir honum ber að fara, þar sem öðrum gögnum er eigi til að dreifa um þetta atriði. Viggó Eggertsson minnist þess ekki, að ákærður bragðaði á sítróni eða áfengi á leiðinni, en hann man, að lítið eitt af „gin" var með í förinni. Jón Baldvin Guðmundsson man alls ekkert eftir ferðinni héðan úr bænum að Baldurshaga, en þangað var ekið. Þar var numið staðar nokkra stund, og drukku þeir, sem í bifreiðinni voru, sína pilsnerflöskuna hver þar inni í veitingastofunni. Síðan var haldið af stað áleiðis til Reykjavíkur. Jón Baldvin og ameríski hermaðurinn urðu eftir á Baldurshaga, en í bifreiðina kom Karl Daníel Pétursson járnsmiður, Laugavegi 24 B. Ákærður ók, og sat Viggó í framsætinu vinstra megin, því að stýrið var hægra megin í bifreiðinni. Jón Elías sat vinstra megin í aftursætinu, en Karl Daníel hægra megin. Ákærður ók nú sem leið liggur, þar til komið var að mótum Suðurlandsbrautar og Vatnsveituvegar, að slys það varð, er nú verður lýst. Skulu nú raktir framburðir þeirra, er um slys þetta hafa getað borið.

Ákærður skýrir svo frá, að hann hafi ekið með 30—35 km hraða, miðað við klukkustund, þegar hann nálgaðist mót Suðurlandsbrautar og Vatnsveituvegar og þegar slysið gerðist, og fullyrðir í tilefni af framburði vitna um þetta atriði, að ökuhraðinn hafi ekki verið yfir 40 km, miðað við klukkustund. Alllöngu áður en ákærður kom á sjálfan slysstaðinn, sá hann ameríska hermann standa á vinstri vegkanti rétt vestan við vegamótin, þ. e. a. s. á suðurbrún Suðurlandsbrautar, og gerði hann ráð fyrir, að hermaður þessi væri að bíða eftir bifreið til Reykjavíkur. Ákærður sá einnig, að brezk

herbifreið nálgaðist vestan veginn, en gerir sér enga grein fyrir ökuhraða hennar. Eins rámar ákærðan í, að vörubifreið frá hernum væri á norðurhelmingi vegarins nokkru austan við slysstaðinn, en honum er ekki ljóst, hvort sú bifreið var á ferð eða stóð kyrr, eða hvert hún sneri. Datt honum ekki í hug, að bifreið þessi stæði í neinu sambandi við hermanninn, sem stóð á suðurbrún Suðurlandsbrautar. Ákærður ók nú áfram og datt ekki annað í hug en að hermaðurinn mundi standa kyrr, meðan ákærður æki fram hjá, en þegar bifreið ákærðs átti ófarna 3—4 metra að hermanninum, hljóp hann skyndilega og hratt þvert inn á veginn. Ákærður greip nú til þess ráðs, er honum þótti vænlegast til að forða slysi, en það var að beygja til hægri alveg út á norðurbrún vegarins. Um leið og hann beygði, hemlaði hann, en þó ekki til fulls, en um leið og hann hafði beygt, hemlaði hann til fulls. Ætlaði hann sér á þann hátt að komast fram fyrir hermanninn, og hann hélt, að hermaðurinn mundi nema staðar. Eins gerði hann sér vonir um, ef illa færi, að maðurinn lenti einungis utan í bifreiðinni. Hins vegar leizt ákærðum þannig á, að hermaðurinn yrði fyrir bifreiðinni, ef henni yrði ekið á vinstri kanti. Þetta ráð ákærðs brást þó. Vinstra frambretti bifreiðarinnar rakst á hermanninn, og hann kastaðist á veginn. Í sama vetfangi og þetta gerðist, varð árekstur milli bifreiðar ákærðs og brezkrar herbifreiðar, M. 3918354, sem var fólksflutningsbifreið með timburyfirbyggingu, að því er virðist, sem kom vestan veginn. Við árekstur inn kastaðist ákærður til og lenti með ennið á framrúðu bifreiðarinnar. Við þetta svimaði hann, þó ekki meir en það, að hann komst strax út úr bifreiðinni, gekk aftur fyrir hana og að vinstri hlið hennar. Þá lá Jón Elías meðvitundarlaus við vinstri hlið bifreiðarinnar, Viggó sat meðvitundarlaus í framsætinu, en komst fljótt til meðvitundar, en Karl Daníel fór strax út úr bifreiðinni og virtist vera ómeiddur. Ameríski hermaðurinn, sem orðið hafði fyrir K. 31, lá rétt fyrir aftan K. 31 og hafði kastazt nærri út á nyrðri vegarbrún. Bæði K. 31 og brezka bifreiðin stórskemmdust við árekstur inn, og slys varð á mönnum í brezku bifreiðinni. Ákærður beið þarna á staðnum, þar til lögreglan kom. Hinir slösuðu voru fluttir burtu í bifreiðum, sem þarna komu að.

Vitnið Karl Daníel Pétursson man ekkert eftir slysinu eða aðdraganda þess sökum þess, hve ölvaður hann var.

Í minni vitnisins Viggós Eggertssonar er árekstur inn og aðdragandi hans mjög í þoku. Hann veitti því ekki athygli, að ökuhraði ákærðs væri frábrugðinn því, sem vant er að vera. Hann sá allt í einu mann á veginum, varð var við, að ákærður beygði, bifreiðin rakst á manninn og alveg um leið á bifreið, sem á móti kom. Frá þeirri stundu og þar til á Landsspítalanum man hann ekkert eftir sér, nema að hann hafi verið borinn inn í hermannaskála. Hann gerir sér enga grein fyrir, á hvaða leið maður sá var, er varð

fyrir bifreiðinni, hvernig bifreiðin beygði, né fyrir akstri bifreiðarinnar, er á móti kom og í árekstrinum lenti, og hann man ekki eftir neinni þriðju bifreið þarna á staðnum. Hann segir ákærðan hafa verið algáðan, hann hafi ekki verið reykjandi, þegar slysið varð, og að honum hafi ekki fipazt í akstrinum. Farþegana segir hann eigi hafa haft truflandi áhrif á ákærðan. Þeir hafi setið rólegir.

Vitnið Sidney William John Flanders, sá, er ók brezku herbifreiðinni, sem í árekstrinum lenti, skýrir svo frá, að hann hafi verið á leið frá Laugarnesi að Geithálsi. Í bifreiðinni var auk hans einungis amerísk hjúkrunarkona, Mary de la Mesa Allen, og sat hún í framsæti við hlið Flanders. Þegar vitnið nálgaðist mót Suðurlandsbrautar og Vatnsveituvegar, sá það brezka vöruflutningabifreið standa á norðurbrún Suðurlandsbrautar gegnt Vatnsveituvegi, þ. e. a. s. á vegamótunum, og vegna þessarar bifreiðar hægði það ökuhraðann í um 15 mílur, miðað við klukkustund. Hann sá ameríska hermann koma út um vinstri framdyr vörubifreiðarinnar, ganga aftur fyrir bifreiðina, beygja þar og ganga síðan, ekki hratt, aftan við bifreiðina þvert inn á veginn án þess að líta til hliðanna. Vegna hinnar brezku vörubifreiðar sá vitnið ekki til ferða K 31 fyrr en hún átti um 10 metra ófarna að ameríska hermanninum, og gerir vitnið sér ekki grein fyrir ökuhraða K. 31. Um leið og vitnað sá K. 31, þeytti það horn sinnar bifreiðar til að vara hermanninn við, og virtist hermaðurinn taka eftir hljóðmerkinu og reyna að forða sér, en það var um seinan, því að í því rakst K. 31 á hann. Vitnið gerir sér ekki ljósa grein fyrir, hvar á K. 31 maðurinn lenti, en telur það þó hafa verið á vinstra framhornið. Áður en K. 31 rakst á hermanninn, hafði hún beygt til norðurs, eins og í þeim tilgangi að komast fram hjá hermanninum. Vitnið hyggur, að K. 31 hafi verið hemluð, en hafi skrikað á blautum malbikuðum veginum, og þannig hafi hún rekizt með framendann á framenda bifreiðar þeirrar, er vitnið ók. Bifreið vitnisins var þá á um 15 mílna hraða og ók á miðjum vinstri vegarhelmingnum, 4—5 fet frá sjálfri brún vegarinns, en um 2 fet frá malbiksbrúninni. Vitnið var að öllu leyti vel fyrir kallað, þegar þetta gerðist. Þegar hermaðurinn var kominn út úr vöruflutningabifreiðinni, ók hún áfram og var komin um 50 metra til austurs frá slysstaðnum, þegar slysið gerðist. Vitnið telur hermanninn hafa verið kominn um það bil út á miðjan veginn, þegar hann varð fyrir K. 31, og hann telur, að frá því hann fyrst sá K. 31 og þar til bifreiðarnar höfðu rekizt á, hafi liðið um 5 sekúndur.

Vitnið Mary de la Mesa Allen man, að bifreið, sem hún hefur óljósa hugmynd um, að hafi verið erlend vöruflutningabifreið, var ekið á undan bifreiðinni, er hún var í. Hún telur, að ökuhraði bifreiðarinnar, er hún sat í, hafi, þegar slysið gerðist, verið um 10 mílur, miðað við klukkustund, en að henni hafi áður verið ekið með um 25 mílna hraða, en hafi hægt á sér vegna bifreiðarinnar, sem á

undan ók. Vitnið tók ekki eftir neinu óvenjulegu, fyrr en það sá allt í einu hermann allan á lofti framan við og til hægri við bifreið vitnisins. Um leið sá hún svarta bifreið, K. 31, koma á móti, og virtist hermaðurinn hafa orðið fyrir henni. Henni virtist bifreiðarstjórinn á K. 31, ákærður, vera hikandi, hvað gera skyldi, og frá því augnabliki man hún ekki, fyrr en hún rankaði við sér í sjúkrahúsi. Telur hún þessa atburði hafa gerzt á broti úr sekúndu. Hún gerir sér enga grein fyrir ökuhraða K. 31 og hún hafði ekki séð hermanninn, sem varð fyrir K. 31, fyrr en hann var kominn á loft.

Vitnið James Patrick Stevens ók brezku vöruflutningabifreiðinni, er hermaðurinn var í, sem varð fyrir K. 31. Vitnið ók frá Reykjavík austur Suðurlandsbraut. Við Elliðaárbrúna stóð hinn ameríski hermaður, sem var ódrukkinn og að öllu leyti í eðlilegu ástandi, stöðvaði bifreiðina og fékk að sitja í henni austur veginn. Hermaðurinn óskaði að fara úr bifreiðinni við Baldurhagaherbúðirnar, og á vegamótum Suðurlandsbrautar og Vatnsveituvegar, úti við norðurbrún Suðurlandsbrautar, stöðvaði vitnið bifreiðina. Hermaðurinn fór út um vinstri framdyr bifreiðarinnar, sem vissi út á vegbrúnina, skellti hurðinni aftur og kvaddi. Vitnið vissi nú ekki, hvað hermanni þessum leið eða hvað hann aðhafðist, eftir að hann fór út úr bifreiðinni, heldur ók áleiðis austur Suðurlandsbraut. Hann ók nú áfram á annari gangskiptingu og gizkar á, að hann hafi verið kominn um 100 metra frá gatnamótunum, þegar hann leit við. Hann leit við vegna þess, að íslenzk fólksflutningsbifreið, K. 31, hafði rétt í því ekið fram hjá honum með hraða, sem vitnið gizkar á, að hafi verið 45—50 mílur á klukkustund. Vitninu datt í hug, hvort hermaðurinn slyppi við bifreið þessa, og leit því út um afturrúðu bifreiðar sinnar. Vitnið sá því, að bifreiðin rakst á hermanninn, og virtist vinstra framhorn bifreiðarinnar rekast á manninn. Maðurinn kastaðist upp í loftið, og alveg um leið rakst K. 31 á hina bifreiðina. Ekki gerir vitnið sér grein fyrir, hvort K. 31 ók beint áfram eða var að beygja, þegar þetta gerðist. Vitnið sá, að alvarlegt slys mundi vera að gerast, og ók því í skyndi til herbúðanna við Rauðavatn og skýrði liðsforingjum þar frá atburðinum.

Vitnið Oddur Guðsteinn Sigurgeirsson sat á palli vörubifreiðar, sem var á leið vestur Suðurlandsbraut og kom á slysstaðinn, rétt eftir að slysið gerðist. Skammt vestan við Rauðavatn ók K. 31 fram úr vörubifreiðinni, sem ók greitt. Vitnið er ekki bifreiðarstjóri og treystir sér ekki til að gizka á ökuhraða K. 31, en hefur þó nefnt í þessu sambandi 60 km hraða á klukkustund. Vitnið sá nú á eftir K. 31 vestur veginn. Hann sá brezka fólksflutningabifreið við vegamót Suðurlandsbrautar og Vatnsveituvegar, en gerir sér ekki grein fyrir annari bifreið þar. Hann sá hermann ganga frá norðurbrún Suðurlandsbrautar áleiðis þvert yfir veginn, annaðhvort frá herbifreiðinni eða í grennd við hana, og þegar hann var kominn vel

út á miðjan veginn, rakst K. 31 á hann. K. 31 hafði þá beygt til hægri til þess að dómi vitnisins að komast fram hjá hermanninum, en það tókst ekki, og lenti hermaðurinn framan á K. 31, sennilega við vinstra ljóskerið. Við árekstrinn kastaðist hermaðurinn upp í loftið og út á syðri vegbrúnina, en í sama vetfangi rakst K. 31 á hina bifreiðina. Vörubifreiðin, sem vitnið var í, nam staðar við slysstaðinn, og fóru allir þar úr henni og buðu aðstoð sína. Þá lá hermaðurinn um 10 metrum austar en bifreiðarnar stóðu. Hann lá endilangur og vissi höfuðið til austurs.

Í þann mund, er slysið gerðist, var Guðjón Sigurðsson múrari, Barónsstíg 63, staddur ásamt þremur ungum börnum úti fyrir húsinu Árbæjarbletti 74, sem er um 80 metra frá mótum Suðurlandsbrautar og Vatnsveituvegar. Hann var að láta mold í blómsturpott, og þykir honum sennilegt, án þess að geta fullyrt um það, að hávaðinn af árekstrinum hafi fyrst beint athygli sinni að því, sem þarna var að gerast. Vitnið sá ekki hermanninn, og vitnið virðist ekki hafa séð atburðinn fyrr en bifreiðarnar voru að skella saman. Hann skynjaði, að K. 31 var beygt til hægri, og hann telur, að báðum bifreiðunum hafi verið ekið nokkuð hratt, einkum K. 31. Mjög lítið virðist þó upp úr áliti vitnisins um ökuhraðann leggjandi sökum þess, hve seint hann skynjaði atburðinn. Vitnið fór strax á vettvang og sá þá, að hermaðurinn lá langs eftir veginum úti á syðri vegbrún, og snéri höfuðið til austurs.

Nú hafa verið raktir þeir framburðir, er máli skipta um, hvernig slys þetta og árekstur gerðist. Það gerðist um kl. 20,30, þó sennilega heldur fyrr. Vegurinn var malbikaður og blautur, dagsbirta var, en veður móðukennt.

Þegar eftir slysið var farið með hinn ameríska hermann, ameríska hjúkrunarkonuna og Jón Elías Jónsson í sjúkrahús hersins í Laugarnesi, en Viggó Eggertsson var fluttur í Landsspítalann.

Hinn ameríski hermaður, sem var óbreyttur liðsmaður, Lawrence J. Stevenson að nafni, var andaður, er komið var með hann í sjúkrahúsið. Við rannsókn fannst ekkert áfengi í blóði hans.

Jón Elías Jónsson andaðist kl. 20,45, eða mjög skömmu eftir að hann var færður í sjúkrahúsið. Gerð var rannsókn á blóði hans, og reyndist vera í því tvö milligrömm af áfengi per centum. Daginn eftir var lík hans krufið á Rannsóknarstofu Háskólans, og er ályktun rannsóknarstofunnar um krufninguna þessi: „Við líkskoðun hefur komið í ljós mikill áverki á höfði þannig, að hauskúpan hefur brotnað á mörgum stöðum, bæði hvelfing og botn, blætt hefur inn á heilann og heilavefurinn skaddazt. Blæðingar þessar og skemmdir á heilanum hafa orðið manninum að bana. Eftir áverkanum að dæma, hefur maðurinn fengið gríðarmikið högg ofan á höfuðið framanvert."

Í vottorði hersjúkrahússins slysdaginn segir, að hjúkrunarkonan,

Mary de la Mesa Allen, hafi ekki meiðzt alvarlega, en þegar hjúkrunarkonan mætti sem vitni í málinu 8. október s. l., skýrði hún frá því, að hún hefði legið rúmföst vegna slyssins til 6. sama mánaðar. Þá skýrði hún svo frá meiðslum sínum, að framtennur í efri góm hefðu losnað, en væru nú fastar orðnar, en þyldu ekkert kalt, aflsin framan á hægra hné hefði skorizt og vinstri ökli skaddazt, og væri hvorugt þeirra meiðsla gróið. Skýrði hún svo frá, að vegna þessara meiðsla ætti að senda sig í sjúrahús í Ameríku, og taldi hún viðbúið, að hún yrði ekki albata fyrr en að nokkrum mánuðum liðnum.

Viggó Eggertsson hlaut við slys þetta allverulegan heilahristing, hægri fótleggur brotnaði rétt ofan við öklann, efst á nef hlaut hann 2 cm langt flipað sár, töluverða blæðingu undir húð á vinstri vanga og stóran skurð á hægri hönd. Fótbrotið var lagt í gipsumbúðir. Hinn 30. september var heilahristingurinn að fullu batnaður, og fótbrotið hafðist vel við, en enn var fóturinn í gipsumbúðum.

Áðurnefndur Sidney William John Flanders meiddist á enni og við auga og marðist á hægri handlegg, en ekki þurfti hann að liggja vegna meiðsla þessara.

Lögreglan færði ákærðan á Landsspítalann, og var þar gert að sárum hans. Hafði hann fengið nokkrar smárispur á andlit og um 4 cm langt óreglulegt, nokkuð djúpt sár neðan við vinstra hné. Segir í vottorði spítalans um ákærðan, að framkoma hans hafi verið eðlileg og róleg og að ekki hafi verið sjáanlegt, að hann væri undir áhrifum áfengis, og að engin vínlykt hafi verið finnanleg af honum. Tekið var úr honum blóðsýnishorn, er við efnarannsókn sýndi „reduktion", er svarar til áfengismagns 0,96‰. Magnús Eggertsson lögregluþjónn, er fór á slysstaðinn og færði ákærðan á spítalann, sá ekki áfengisáhrif á ákærðum, en fann greinilega áfengislykt af honum.

Daginn eftir slysið rannsakaði bifreiðaeftirlitið K. 31, og segir í vottorðinu um skoðunina, að framhluti bifreiðarinnar sé alveg eyðilagður. Vegna ástands bifreiðarinnar eftir árekstur inn var ókleift að segja um, hvort hemlar hennar hefðu unnið rétt, áður en árekstur inn varð. Flanders bifreiðarstjóri í brezku bifreiðinni, er í árekstrinum lenti, telur þá bifreið hafa eyðilagzt við árekstur inn.

Sannað má teljast, að ákærður hafi ekki verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar, og þar sem hann saup á sítrónflöskunni með áfengisblöndunni í óvitandi, að áfengi var í henni, þykir honum eigi verða sök á því gefin. Ber því að sýkna hann af kærunni um brot gegn áfengislögunum.

Þegar athugað er, hvers sök árekstur inn og hinar miklu afleiðingar hans eru, verður það fyrst fyrir, að hinn látni her-

maður hefur sýnt mikla ógætni í því að ganga út á veginn, eins og á stóð. Á hann því verulega sök ekki einungis á sínum eigin dauða, heldur einnig á árekstri bifreiðanna og því, sem af honum hlauzt. En framferði ákærðs virðist einnig hafa verið nokkuð ábóta vant. Hann tók ekki nægilega eftir brezku vörubifreiðinni, sem hermaðurinn kom í á vegamótin, og þar sem sannað má teljast, að hermaðurinn hafi gengið suður yfir veginn, hefur ákærður misskynjað hreyfingar hans, þar sem honum virtist hann ganga norður yfir veginn. Þá eru nokkrar líkur til, að ákærður hafi ekið nokkru hraðar en hann hefur skýrt frá. En jafnvel þó að hann hefði ekið með 35—40 km hraða á klukkustund án þess að hægja á sér, þar sem vegamótin voru fram undan, brezka vörubifreiðin á gatnamótunum eða rétt við þau, brezka fólksflutningabifreiðin í nánd og hinn fótgangandi hermaður á gatnamótunum, sjáanlegur ákærðum að eigin sögn ákærðs nokkru fyrir slysið, þykir verða að telja það ógætilegan akstur. Ákærðum hefði borið að fara hægar og gætilegar, eins og á stóð. Þá verður að telja, að aðstæður allar hafi verið þannig, að ákærðum hafi borið skylda til að gefa hljóðmerki, þegar hann nálgaðist vegamótin, en það gerði hann ekki.

Ógætni ákærðs verður því að telja meðorsök í dauða hermannsins og þá einnig í árekstrinum við brezku bifreiðina og dauða Jóns Eliasar Jónssonar og öðrum meiðslum, er af árekstrinum hlutust. Hefur ákærði því brotið 215. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrar 1940 og 26. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Með því að aka bifreiðinni án nothæfs hraðamælis og með því að gefa ekki hljóðmerki hefur ákærður brotið 9. og 28. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna.

Þykir refsing ákærðs eftir atvikum hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi.

Vegna brots þess, er hér liggur fyrir, og fyrri brota ákærðs ber samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna og 68. gr. hegningarlaganna að svipta hann ævilangt rétti til að aka bifreið. Hinn 2. september s. l. var ákærður sviptur ökuskírteini sínu til bráðabirgða, unz dómur gengi í málinu. Ber því að ákveða réttindasviptinguna frá 2. september að telja.

Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Magnúsar Thorlacius, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Ingólfur Siggeir Andrésson Nielsen, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærður er sviptur rétti til að stýra bifreið ævilangt frá 2. september 1942 að telja.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Magnúsar Thorlacius, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. marz 1943.

Nr. 109/1942. **Einar Einarsson og Jón Einarsson**
(Egill Sigurgeirsson)
gegn
Skilanefnd Bifreiðaeinkasölu ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Gunnar J. Möller).

Ráðherra varð ekki með þingsályktun sviptur valdi, er honum var fengið í lögum.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. nóv. 1942 og krafizt þess, að þeim verði viðurkenndur réttur til vörubifreiðar úr hendi stefndu. Svo krefjast þeir og málskostnaðar af stefndu fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms, en til vara sýknu að svo stöddu. Þeir krefjast og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Ráðherra varð ekki, svo bindandi sé að stjórnskipunarrétti, sviptur með þingsályktun, er einungis lýsir vilja Alþingis, valdi því, sem honum er fengið í lögum nr. 30/1935 til yfirráða bifreiðasölu. Geta áfrýjendur því ekki reist rétt á ákvörðun nefndar þeirrar, sem kosin var samkvæmt þingsályktun 1. sept. 1942. Ber þess vegna að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera órasakaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. okt. 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. þ. m., af Einari Einarssyni og Jóni Einarssyni, Húsatóttum í Grindavík, gegn skilanefnd Bifreiðaeinkasölu ríkisins, þeim Birni E. Árnasyni endurskoðenda og Jóhanni Ólafssyni stórkaupmanni, svo og Jakob Möller fjármálaráðherra persónulega og fyrir hönd ríkissjóðs. Eru stefnukröfurnar á þá lund, aðallega að viðurkenndur verði réttur stefnenda og stefndu dæmdir til þess að afhenda þeim eina vörubifreið í samræmi við ákvörðun úthlutunarnefndar bifreiða, er kosin var á síðasta Alþingi. Til vara, að stefndur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmdur til að greiða stefnendum skaðabætur, að upphæð kr. 30000.00, fyrir vinnutap og hagnaðar eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins. Einnig krefjast stefnendur þess, að stefndu verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Eftir ósk aðilja og með samþykki dómarans hefur málflutningurinn nú snúizt aðeins um aðalkröfu stefnenda og málið tekið til dóms, að því er hana snertir (sbr. 71. gr. einkamálalaganna).

Stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnenda, en til vara sýknu að svo stöddu. Einnig krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Tildrög málsins eru þessi:

Með lögum nr. 30 1935, sem meðundirrituð voru af fjármálaráðherra, var ríkisstjórninni veitt heimild til að taka einkasölu á eftirtöldum vöruflokkum: Bifreiðum alls konar og bifhjólum, bifreiða- og bifhjólahlutum, rafvélum og áhöldum svo og raflagningarefni. Allt nánara skipulag einkasölunnar skyldi ríkisstjórnin annars ákveða með reglugerð. Með reglugerð nr. 40 frá 26. apríl 1935, útg. af fjármálaráðuneytinu, setti ríkisstjórnin síðan á stofn bifreiðaeinkasölu, sem skyldi frá 1. maí s. á. ein flytja inn bifreiðar og bifreiðavélar, dráttarvagna og bifhjól, og frá 15. júní s. á. hjólbarða, gúmmíslöngur og bifreiðarafgeyma. Í 4. gr. reglugerðarinnar segir, að framkvæmdastjóri einkasölunnar ákveði í samráði við fjármálaráðuneytið, hvaða tegundir af áðurgreindum vörum skuli hafðar á boðstólum, svo og verðlag þeirra og greiðsluskilmála, en skv. 7. gr. reglugerðarinnar var Viðtækjaverzlun ríkisins falinn rekstur bifreiðaeinkasölunnar, og skyldi fjármálaráðherra veita forstjóra þeirrar verzlunar prókúruumboð fyrir bif-

reiðaeinkasöluna. — Með reglugerð nr. 21 frá 13. marz 1935, einnig útg. af fjármálaráðuneytinu, setti ríkisstjórnin og á stofn raftækjaeinkasölu frá 1. júní s. á. að telja.

Einkasölur þessar voru síðan báðar starfræktar, þar til fjármálaráðuneytið lagði raftækjaeinkasöluna niður frá ársbyrjun 1940 skv. auglýsingu, dags. 9. okt. 1939, en bifreiðaeinkasalan hélt hins vegar áfram störfum.

Nú á síðustu árum hefur eftirspurnin eftir bifreiðum verið mun meiri en unnt var að fullnægja. Til þess að ákveða, hverjir umsækjenda skyldu fá keyptar vörubifreiðar þær, er einkasalan flutti inn, skipaði ríkisstjórnin nefnd manna til að gera tillögur um úthlutunina haustið 1941, og mun þeim tillögum að mestu leyti hafa verið fylgt í framkvæmd. Er von var á nýrri sendingu vörubíla í byrjun þessa árs, gerðu sömu menn og tillögur um, hverjir skyldu hljóta bifreiðarnar. Er til kom, vildi núverandi fjármálaráðherra, Jakob Möller, ekki hlíta þessum tillögum að ýmsu leyti og tók sjálfur ákvörðun um ráðstöfun bifreiðanna. Virðist þessi tilhögun hafa valdið nokkurri óánægju manna á meðal, og í því tilefni var á síðasta Alþingi flutt í sameinuðu þingi tillaga til þingsályktunar um úthlutun bifreiða. Hinn 1. sept. s. l. var síðan samþykkt með 28 atkvæðum gegn 7 svo hljóðandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að kjósa þrjá menn í nefnd, til tveggja ára, og þrjá til vara, er hafi með höndum úthlutun bifreiða þeirra, sem inn eru fluttar af Bifreiðaeinkasölu ríkisins, enda sé einkasölunni óheimilt að láta af hendi bifreiðar, nema eftir ákvörðun nefndarinnar, en leita skal nefndin tillagna forstjóra einkasölunnar um úthlutunina.

„Nefndin ákveður og, hverjir öðlast leyfi til innflutnings bifreiða, ef þær eru ekki fluttar inn af bifreiðaeinkasölunni.

„Ákvæði þessi ná til allra bifreiða, sem keyptar eru og fluttar verða inn hér eftir, svo og þeirra bifreiða, er einkasalan hefur þegar keypt og eru í eign hennar hér eða erlendis. Skal nefndin haga úthlutun bifreiðanna með hliðsjón af þörf almennings og atvinnuveganna, og er henni skylt að gefa Alþingi skýrslu um störf sín. Nefndin skal fylgja þeirri reglu við úthlutun fólksflutningsbifreiða, að allt að tveir þriðju þeirra bifreiða, sem inn eru fluttar árlega, fari til atvinnubifreiðarstjóra og bifreiðastöðva.

„Nefndinni er heimilt að ákveða, að þeir, sem bifreiðar fá til endurnýjunar, skuli afhenda bifreiðaeinkasölunni eldri bifreiðar sínar fyrir verð, sem ákveðið sé af tveimur dómkvöddum mönnum. Enn fremur getur nefndin ákveðið, að Bifreiðaeinkasala ríkisins hafi forkaupsrétt að þeim bifreiðum, er hún selur, fyrir kostnaðarverð, að frádreginni fyrningu eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af Bifreiðaeinkasölu ríkisins."

Hinn 8. sept. s. l. kaus Alþingi síðan þrjá aðalmenn og þrjá varamenn í úthlutunarnefnd þessa. Tók nefndin til starfa um miðjan septembermánuð s. l. og fór þegar að úthluta bifreiðum þann 17. s. m. Ágreiningur reis strax milli fjármálaráðherra og meiri hluta nefndarinnar m. a. um formannskjör í nefndinni og gildi loforða þeirra, er fjármálaráðherra taldi sig þegar vera búinn að gefa um afhending bifreiða í eign einkasölunnar.

Hinn 25. sept. s. l. gaf fjármálaráðuneytið síðan út reglugerð, þar sem fyrrgreind reglugerð nr. 40 frá 26. april 1935 var numin úr gildi frá og með 26. sept. þ. á. og Bifreiðaeinkasala ríkisins lögð niður frá sama tíma. Jafnframt skipaði fjármálaráðherra tveggja manna skilanefnd til að sjá um sölu á eignum bús Bifreiðaeinkasölunnar, innheimtu útistandandi skulda, greiðslu skulda einkasölunnar og að lokum skil í ríkissjóð.

Eftir umsókn stefnenda þessa máls tilkynnti hin þingkjörna úthlutunarnefnd bifreiða þeim hinn 29. sept. s. l., að nefndin hefði úthlutað þeim einni vörubifreið af þeim bifreiðum, er verið hafi í eigu Bifreiðaeinkasölu ríkisins, þegar reglugerðin um starfsemi hennar var felld úr gildi.

Þegar stefnendur fóru þess á leit við hina stefndu skilanefnd, að hún afhenti þeim bifreið í samræmi við úthlutun þessa, neitaði hún að verða við þeim tilmælum, og þar sem stefnendur hafa ekki viljað una þeim málalokum, hafa þeir höfðað mál þetta og gert í því framangreindar dómkröfur.

Eftir því sem ráða mátti af hinum munnlega málflutningi, — en þar kom fyrst fram greinargerð stefnenda fyrir dómkröfunum, — byggja þeir kröfur sínar á því, að ekki séu til skýlaus ákvæði laga eða reglugerða um, að fjármálaráðuneytið hafi haft æðsta vald í málefnum varðandi bifreiðaeinkasöluna, og því sé vafi um gildi þeirra ráðstafana, er ráðuneytið hafi gert í því efni; að þótt svo yrði talið, að ráðuneytið hefði haft þetta vald, þá hafi það í afskiptum sínum af úthlutun bifreiða farið út fyrir það svið, sem því sé markað um framkvæmdavaldsathafnir í skilningi stjórnskipunarlaga, enda hafi og Alþingi, svo gilt sé, fengið hinni fyrrgreindu úthlutunarnefnd í hendur óskorað vald um úthlutun bifreiða og jafnframt tekið þau mál úr höndum ráðherrans.

Kröfu sína um algerða sýknu af kröfum stefnenda byggja stefndu hins vegar á því, að fjármálaráðuneytið hafi tvímælalaust átt æðsta vald í þessum málum og ákvarðanir þess í þessum efnum í smáu sem stóru hafi haft fullt gildi, en oft hafi borið nauðsyn til, að ráðuneytið skipti sér frekar af málefnum einkasölu þessarar en annars séu títt um slík fyrirtæki. Vald ráðuneytisins í þessum efnum, sem byggzt hafi á fyrrnefndum lögum nr. 30 1935

og þar að lútandi reglugerð, hafi eigi verið unnt að taka af því með einfaldri þingsályktun, og hafi fyrrgreind þingsályktun frá 1. sept. s. l. því enga þýðingu í þessu sambandi. — Varakröfu sína um sýknu að svo stöddu byggja stefndu hins vegar á því, að engin vörubifreið sé til í vörzlum skilanefndarinnar, sem ekki sé þegar ráðstafað, svo bindandi sé, enda hafi öllum bifreiðunum verið ráðstafað, þegar fyrrgreind þingsályktun hlaut samþykki.

Það er tekið fram í áðurnefndum lögum nr. 30 1935, að allur verzlunarhagnaður af einkasölu skv. lögunum skuli renna í ríkissjóð. Samkvæmt auglýsingu um skipun og skipting starfa ráðherra nr. 64 1924 hefur fjármálaráðuneytið með höndum mál sem þessi, er snerta tekjur ríkissjóðs, og hefur ekki verið gerð breyting í því efni með síðari auglýsingum um skipting starfa milli ráðuneyta. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með hliðsjón af heimildarlögunum sjálfum og þar að lútandi reglugerð verður að telja, að meðferð þessara mála hafi borið undir fjármálaráðuneytið, og jafnframt, að ráðuneytið hafi lögum samkvæmt átt æðsta vald í málefnum einkasölunnar í öllum atriðum, og þar á meðal vald til að setja umrædda einkasölu á stofn og leggja hana aftur niður upp á sitt eindæmi. Ekki verður séð, að framantalin þingsályktun, sem lýsir vilja Alþingis um það, með hvaða hætti úthlutun bifreiða skyldi fara fram, eins og málum var þá skipað að lögum, feli annað og meira í sér en þetta, enda verður og ekki talið, að með þingsályktun einni hefði verið unnt að gera breyting á gildandi lögum og reglugerð um þetta efni. Úthlutun hinnar þingkjörnu nefndar, sem kosin var án lagaheimildar, á vörubifreið til stefnenda, og það eftir að einkasalan hafði verið lögð niður skv. fullri lagaheimild, getur því ekki talizt veita þeim lögvarinn rétt til bifreiðarinnar, og þykir því verða að sýkna stefndu af framangreindri kröfu þeirra. Eftir atvikum þykir þó rétt að láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Björn E. Árnason og Jóhann Ólafsson sem skilanefndarmenn Bifreiðaeinkasölu ríkisins og Jakob Möller fjármálaráðherra persónulega og fyrir hönd ríkissjóðs, skulu vera sýknaðir af framangreindri kröfu stefnenda, Einars Einarssonar og Jóns Einarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 12. marz 1943.

Nr. 56/1942. **Þórarinn Snorrason** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Guðmundi Jónssyni (Lárus Jóhannesson).

Skilyrði samkvæmt 30. gr. laga nr. 112/1935 til endurupptöku máls ekki fyrir hendi og málinu því vísað frá hæstarétti.

Dómur hæstaréttar.

Með stefnu 29. maí f. á. hefur Þórarinn Snorrason bóndi, Bjarnastöðum í Selvogi, krafizt þess, að tekið verði til meðferðar af nýju í hæstarétti samkvæmt 30. gr. laga nr. 112/1935 málið nr. 141/1937: Guðmundur Jónsson gegn Þórarni Snorrasyni, sem dæmt var í hæstarétti 8. febrúar 1939, og málið nr. 93/1939: Þórarinn Snorrason gegn Guðmundi Jónssyni og gagnsök, sem dæmt var í hæstarétti 6. nóv. 1940. Stefndi, Guðmundur Jónsson, hefur krafizt þess, að nefndri dómkröfu Þórarins Snorrasonar verði vísað frá hæstarétti og að Þórarni verði dæmt að greiða honum málskostnað. Af hendi Þórarins hefur frávísunarkröfunni verið mótmælt, og hafa aðiljar lagt frávísunaratriðið undir dóm eða úrskurð hæstaréttar sérstaklega.

Með bréfi 16. apríl 1941 sótti Guðmundur Í. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður um leyfi dómsmálaráðherra til þess, að ofangreint mál yrði tekið til meðferðar af nýju í hæstarétti samkvæmt 30. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935. Beiðni sína studdi hann við skýrslu Jóhönnu Þorsteinsdóttur, er hún hafði gefið utan dóms eftir uppkvaðningu hæstaréttardómanna, en kona þessi seldi Þórarni Bjarnastaði 1908. Samkvæmt nefndri lagagrein getur dómsmálaráðherra að fengnum tillögum hæstaréttar leyft, að mál, sem þar hefur verið dæmt, verði af nýju tekið til meðferðar, ef það hefur sannazt eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan mundi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi sjálfum sér eigi um kenna. Sendi nú dómsmálaráðherra hæstarétti beiðnina til álita. Með bréfi 23.

júní 1941 til dómsmálaráðherra lýsti hæstiréttur yfir því, að skilyrði 30. gr. hæstaréttarlaga til nýrrar meðferðar málsins í hæstarétti væri ekki fyrir hendi, þar sem Þórarni Snorrasyni hefði verið í lófa lagið að afla skýrslna Jóhönnu um málið, meðan það var rekið fyrir dómstólum, og mætti hann því sjálfum sér um það kenna, að hin nýju gögn, er hann nú vildi flytja fram, komu ekki til álita, er málið var dæmt. Synjaði dómsmálaráðherra síðan hinn 7. ágúst 1941 endurupptöku málsins.

Með bréfi 7. febrúar 1942 fór Guðmundur Í. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður þess enn á leit við dómsmálaráðherra, að hann tæki synjun sína til nýrrar athugunar og veitti leyfi til nýrrar meðferðar málsins í hæstarétti, ef þess þætti kostur. Skýrsla nafngreinds lögfræðings um málið mun hafa fylgt umsókn þessari. Veitti dómsmálaráðherra síðan leyfi til endurupptöku málsins 15. maí 1942, en þar sem hann leitaði ekki áður tillagna hæstaréttar samkvæmt 30. gr. hæstaréttarlaga um þau gögn, er hann reisti hina breyttu ákvörðun sína á, þá er leyfið þegar af þeirri ástæðu ekki lögmætur grundvöllur undir nýja meðferð málsins fyrir hæstarétti, og ber því að vísa því ex officio frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 15. marz 1943.

Nr. 115/1942. **Andrés Blomsterberg og Bjarni Blomsterberg** (Theódór B. Lindal)
gegn
Jóni Markússyni og gagnsök
(Egill Sigurgeirsson).

Skaðabótamál. Um ábyrgð vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. des. 1942. Krefjast þeir aðallega algerrar sýknu, en til vara, að fjárhæð sú, sem þeim er dæmt í héraði að greiða, verði lækkuð eftir mati hæstaréttar. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 10. des. 1942. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum in solidum kr. 21572.85 með 5% ársvöxtum frá 8. apríl 1942 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjendur létu Gunnlaug Ólafsson stunda akstur á bifreið sinni R 1762 frá Bifreiðastöð Íslands. Gunnlaugur þessi lánaði bifreiðina Friðþjófi Björnssyni til aksturs upp að Lækjarbotnum, og varð slysið í þeirri för. Aðaláfrýjendur neita því, að Gunnlaugur hafi haft heimild þeirra til að lána bifreiðina, og hefur Gunnlaugur viðurkennt heimildarskort sinn fyrir dómi. Gegn þessu er heimild Gunnlaugs til að lána bifreiðina ekki sönnuð eða líkleg gerð. Bera aðaláfrýjendur því ekki skaðabótaábyrgð á slysinu, sbr. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 23/1941, og verður að sýkna þá af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, Andrés Blomsterberg og Bjarni Blomsterberg, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Jóns Markússonar, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. sept. 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 8. apríl 1942, af Jóni Markússyni verkamanni, Bergþórugötu 18 hér í bæ, gegn bræðrunum Andrési og Bjarna Blomsterberg, Hringbraut 63 hér í bænum, til greiðslu skaðabóta út af síðargreindu bifreiðarslysi. Krefst stefnandi þess aðallega, að stefndir verði óskipt dæmdir til greiðslu kr. 21572.85 með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Til vara krefst stefnandi annarrar lægri fjárhæðar eftir mati réttarins.

Stefndir krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu sem vátryggjanda neðangreindrar bifreiðar, en engar kröfur eru gerðar á hendur því, né heldur hefur það gert neinar sjálfstæðar kröfur.

Málsatvik eru þau, að kl. 22.30 að kvöldi þess 7. október 1941 kom stefnandi máls þessa ásamt tveim norskum sjómönnum, Johansen og Larsen, í ameríska herbifreið frá Lækjarbotnum í Mosfellssveit. Fóru þeir úr bifreiðinni, er komið var niður undir Elliðaár, og gengu þaðan í áttina til Reykjavíkur. Voru þeir allir ölvaðir, en ekki er ljóst af gögnum málsins, hversu mikil ölvun þeirra var. Munu þeir í fyrstu hafa gengið á vinstri vegbrún, en flutt sig síðan yfir á hægri. Gengu þeir saman stefnandi og Larsen, en Johansen gekk nokkurn spöl á eftir þeim. Bar nú þarna að fólksbifreiðina R 1762, eign stefndra, á leið til Reykjavíkur. Stýrði henni í þetta skipti Friðþjófur Björnsson, Njálsgötu 56, en með honum var 16 ára stúlka, Ingibjörg Marelsdóttir, Klapparstíg 42, ein farþega. Vildi nú það slys til, að bifreið þessari var ekið á stefnanda, og slasaðist hann mjög alvarlega.

Réttarpróf virðast engin hafa farið fram út af slysi þessu, nema yfir bifreiðarstjóranum um heimild hans að bifreiðinni, en „löggæzlumaður" nokkur og lögregluþjónn sýnast hafa tekið skýrslu af stefnanda og þeim öðrum, er við slysið voru staddir. Eru þær allar óstaðfestar, en þó þau einu gögn, sem fram eru lögð um slysið.

Er það úr skýrslunum, sem máli skiptir á þessa leið:

Stefnandi: Ég veit ekki með vissu, hve langt ég var frá hægri vegbrún, en veit þó, að ég var nær henni en miðju vegarins. Bifreiðinni var ekið mjög hratt, og ók hún á mig um leið og ég leit við til að líta á hana.

Larsen: Ég held, að ég hafi verið um einn metra frá hægri vegbrún, og var Jón við vinstri hlið mér, þ. e. innar á veginum. Jón ætlaði að stöðva bifreiðina, og ég held, að hann hafi gengið dálítið inn á veginn til þess. Bifreiðinni var ekið hratt, líklega 70—80 km á klst. Jón varð fyrir framenda bifreiðarinnar hægra megin. Hún stöðvaðist 10—15 m frá Jóni liggjandi á veginum.

Johansen: Geri ráð fyrir, að bifreiðinni hafi verið ekið með 70—80 km hraða á klst. fram hjá mér. Sá ekki slysið ske. Bifreiðinni var ekki ekið eftir miðjum veginum, heldur nær hægri vegbrún. Bifreiðin stöðvaðist nokkra metra frá Jóni liggjandi á veginum.

Bifreiðarstjórinn: Ég var á leið til Reykjavíkur. Þegar ég kom yfir brýrnar á Elliðaánum, sá ég þrjá menn koma á móti bifreiðinni á sinni vinstri vegbrún, þar sem nýi og gamli vegurinn mætast. Hraði bifreiðarinnar var 25—30 km á klst., en ég hægði á henni, þegar ég nálgaðist mennina. Gengu nú tveir þeirra þvert yfir veginn, og hægði ég þá enn meira á bifreiðinni. Fóru þeir yfir á sína hægri vegbrún, og ætlaði ég framhjá þeim, en þá fór annar þeirra út á veginn aftur í veg fyrir bifreiðina. Var hún þá á 15—20 km hraða á klst. Hemlaði ég nú og vék til hægri, en gat ekki afstýrt slysi. Rakst vinstra framhorn bifreiðarinnar í manninn, er féll við. Þegar bifreiðin stöðvaðist, var hún utarlega á sinni hægri vegbrún með framhlutann, en stóð dálítið á ská eftir götunni. Maðurinn lá þá fyrir aftan bifreiðina vinstra megin við afturenda hennar, hér um bil á miðri götu.

Ingibjörg Marelsdóttir: Bifreiðinni var ekið hægt. Þrír menn gengu á vinstri vegbrún á undan bifreiðinni í sömu átt. Þegar bifreiðin átti eftir nokkurn spöl að þeim, gengu tveir þeirra yfir á hægri vegbrún. Þegar bifreiðin var rétt komin að þeim, gekk annar þeirra aftur inn á veginn til vinstri og varð þá fyrir bifreiðinni. Bifreiðarstjórinn hemlaði, og þegar bifreiðin var stöðvuð, lá maðurinn rétt fyrir aftan hana.

Svo sem ljóst er af skýrslum þessum, er ekki fullt samræmi í þeim. En það þykir þó mega ráða af skýrslum allra nema bifreiðarstjórans, og verður því á því byggt, að stefnandi og annar norski pilturinn hafi verið á hægri helmingi vegarins fyrir slysið og, er það varð. Hinn norski pilturinn virðist hafa verið einhvers staðar þar á veginum, að staður hans geti ekki skipt máli um sök bifreiðarstjórans á slysinu. Verður þá að ætla, að bifreiðarstjórinn hafi haft til umráða allan sinn vinstri helming vegarins, lík-

lega a. m. k. 4 metra breiðan. Verður ekki annað séð en að slysi hefði orðið afstýrt, ef bifreiðinni hefði verið ekið eftir vinstri vegarhelmingi, og er ekki næg skýring gefin á því, hvers vegna bifreiðarstjórinn gerði það ekki i stað þess að aka a. m. k. að einhverju leyti úti á hægra vegarhelmingi, eins og hann gerði. Ber því að telja bifreiðarstjórann eiga meginhluta sakarinnar á slysi þessu. Hins vegar verður og að ætla af skýrslunum, að stefnandi hafi sýnt þá óvarkárni að fara i veg fyrir bifreiðina i því skyni að stöðva hana, enda verður að ætla, að stefnandi hafi farið óvarlegar en ella, þar eð hann var ölvaður. Ber því og að telja hann eiga sjálfan allmikla sök á slysinu. — Virðist sök slyssins, að öllu athuguðu, hæfilega skipt þannig, að tveir þriðju hennar verði lagðir á bifreiðarstjórann, en einn þriðji á stefnanda sjálfan.

Í vottorði Ólafs Jóhannssonar læknis, dagsettu 14. janúar s. l., er meiðslum stefnanda lýst á þessa leið: Í hnakkanum vinstra megin var sár, grunnt en þrútið. Mar á nefi, blæðing úr báðum nösum. Vinstri framtönn i efra góm brotin upp i kjálka, en sú hægri klofin að endilöngu. Mar á vinstra fótlegg. Vinstra hné bólgið og með vökvaaukningu. Röntgenmynd 9. október 1941 sýndi brot inni i vinstra hnélið. Rúmfastur lá stefnandi til 28. nóvember 1941, en fór þá að staulast eitthvað litillega. Þann 14. janúar 1942 var stefnandi orðinn fær ferða sinna og að mestu óhaltur.

Í febrúar 1942 skoðaði Jóhann Sæmundsson tryggingalæknir stefnanda og mat örorku hans. Segir i vottorði hans, dagsettu 9. marz 1942, að brotnað hafi beinhnjótur á sköflungnum inni i vinstri hnélið. Brotið hafi ekki færzt úr stað, en á röntgenmynd, tekinni 27. janúar 1942, sjáist enn votta fyrir sprungu eða ójöfnu. Ekki séu líkur til, að brotið færist úr skorðum hér eftir, en gera verði ráð fyrir þeim möguleika, að gigt setjist að hnénu síðar. Sú hætta, sem á því sé, verði að metast sem varanleg örorka. Örorkuna metur tryggingalæknirinn þannig:

Fyrstu þrjá mánuðina eftir slysið	100%
næstu þrjá mánuðina	75—
næstu 2—3 mánuðina	40—50—
og síðan varanleg örorka	15—

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Læknishjálp	kr.	272.85
2. Vinnutjón i 9 mánuði kr. 700.00 á mánuði	—	6300.00
3. Bætur fyrir þjáningar, óþægindi og heilsutjón, miðað við 15% varanlega örorku	—	15000.00
	Kr.	21572.85

Um 1. Liður þessi er viðurkenndur.

Um 2. Fjárhæð þessa liðs ber að reikna i réttu hlutfalli við ofangreinda örorku stefnanda fyrstu 8—9 mánuðina eftir slysið og

þykir hæfilegt að miða við 700.00 króna mánaðartekjur, eins og stefnandi gerir. Verður tjón stefnanda undir þessum lið í samræmi við þetta því talið kr. 4500.00.

Um 3. Þegar athugað eru meiðsli stefnanda, varanleiki þeirra, 8—9 mánuðir, aldur stefnanda, en hann er fæddur 4. marz 1917, og loks það, sem tryggingalæknirinn segir um varanlega örorku hans, þá þykja bæturnar undir þessum lið hæfilega metnar kr. 6000.00.

Samtals telst því tjón stefnanda af umræddu slysi kr. 272.85 + kr. 4500.00 + kr. 6000.00, eða kr. 10772.85. Af þeirri fjárhæð ber samkvæmt framansögðu að dæma stefndu óskipt til að greiða tvo þriðju, eða kr. 7181.90, enda hefur sú varnarástæða þeirra, að Friðþjófur hafi í umrætt skipti notað bifreiðina í heimildarleysi, ekki við rök að styðjast, þar eð sannað er, að hann hafði hana að láni frá bifreiðarstjóra þeim, er ók henni að jafnaði fyrir stefndu. Vexti verða stefndir dæmdir til að greiða eftir kröfu stefnanda svo og málskostnað, en fjárhæð hans þykir hæfilega ákveðin kr. 800.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Andrés og Bjarni Blomsterberg, greiði óskipt stefnandanum, Jóni Markússyni, kr. 7181.90 með 5% ársvöxtum frá 8. apríl 1942 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. marz 1943.

Nr. 92/1941. **Jóhannes J. Reykdal** (Theódór B. Lindal)
gegn
Mjólkurbúi Hafnarfjarðar og gagnsök
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Ómerking og vísun máls heim í hérað.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta var þingfest 5. marz 1940. Komu þá ekki fram neinar greinargerðir af hálfu aðilja, sbr. 105. gr. og 106. gr. laga nr. 85/1936. Dómari kvað ekki á um, hvort málið skyldi munnlega eða skriflega flutt á því stigi málsins, sem boðið er í 109. gr. sömu laga, né veitti þá aðiljum sameiginlegan frest til öflunar sakargagna. Í stað þessa fá

umboðsmenn aðilja fresti á víxl og skiptast á alls 7 skriflegum sóknum og vörnum auk langrar skriflegrar skýrslu frá stefnanda sjálfum. Loks er í réttarhaldi 21. jan. 1941 ákveðinn skriflegur málflutningur, og eftir það skilar stefndi einu varnarskjali.

Í máli þessu hafa verið lagðir fram mjög óglöggir reikningar stefnanda, sem ekki eru í fullu samræmi sín á milli. Var því dómara full nauðsyn að kalla aðiljana fyrir sig og krefja þá skýrslna um einstaka reikningsliði samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936. Mótmæli og málsástæður umboðsmanns stefnda í héraði, sem var ólöglærður, voru óljós. Átti dómari því að leiðbeina honum samkvæmt nefndri lagagrein einkum um upphafstíma fyrningar og mótmæli gegn einstökum reikningsliðum.

Vegna framangreindra galla þykir verða að ómerkja meðferð málsins í héraði frá þingfestingu þess 5. marz 1940 og héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Málið var dómtekið í héraði 4. febrúar 1941, en dómur ekki kveðinn upp í því fyrr en 13. ágúst s. á. Verður að víta drátt þenna, sem ekki er nægilega réttlættur, svo og aðra áðurgreinda galla á meðferð málsins.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð máls þessa í héraði frá þinghaldi 5. marz 1940 og héraðsdómur skulu vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 13. ágúst 1941.

Ár 1941, miðvikudaginn 13. ágúst, var í bæjarþingi Hafnarfjarðarkaupstaðar, sem haldið var á skrifstofu embættisins af Bergi Jónssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var hinn 4. febr. 1941.

Mál þetta er, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun,

höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. febrúar 1940, af Jóhannesi J. Reykdal, til heimilis að Þórsbergi í Garðahreppi, gegn stjórn Mjólkurbús Hafnarfjarðar, þeim Gunnlaugi Kristmundssyni sandgræðslustjóra, Brekkugötu 12, Ólafi Runólfssyni kaupmanni, Strandgötu 17, og Ólafi H. Jónssyni kaupmanni, Austurgötu 2, til greiðslu á skuld, kr. 3462.82, ásamt 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1937 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir taxta Málflutningsmannafélags Íslands.

Stefndur krafðist þess, að málinu yrði vísað frá réttinum vegna aðildarskorts stefnanda, en undir rekstri málsins hefur hann fallið frá þeirri kröfu.

Þá hefur hann aðallega krafizt þess að verða algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, þar sem umstefnd skuld sé fyrnd.

Til vara hefur stefndur krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfu stefnanda um greiðslu kostnaðar við för stefnanda til Danmerkur og aðeins dæmdur til að greiða kr. 1600.00, sem samþykkt var að greiða stefnanda á félagsfundi sem fullnaðargreiðslu á vinnu hans og ferðakostnaði.

Loks hefur hann mótmælt því, að hann verði skyldaður til að greiða vexti.

Hann hefur einnig gert kröfu til þess, að stefnandi yrði dæmdur til að greiða kostnað málsins.

Málavextir eru þessir:

Árið 1935 tók stefnandi að sér umsjón með byggingu á mjólkurstöð fyrir stefndan og að kynna sér mjólkurvinnsluvélar til stöðvarinnar. Sigldi hann til Danmerkur 1. marz þ. á., og taldi hann stefndum skylt að greiða sér allan kostnað við þá för. Þegar byggingu stöðvarinnar var lokið, reis ágreiningur milli aðilja um uppgerð viðskipta þeirra. Taldi stefnandi sig eiga umstefnda upphæð hjá stefndum, að undanskildum tveimur upphæðum, samtals kr. 225.00, sem hann síðar skuldaði stefndan fyrir, en stefndur vildi ekki greiða stefnanda nema kr. 1600.00 sem fullnaðargreiðslu.

Um áramótin 1937 gerði stefnandi gjafabréf til handa fátækum börnum í Hafnarfirði, sem hljóðaði um megnið af umstefndri skuld. Reikning á stefndan fyrir þeirri upphæð afhenti stefnandi bæjarstjóranum í Hafnarfirði, og lá reikningurinn hjá honum í rúmlega tvö ár, án þess að upphæðin innheimtist. Síðan afhenti stefnandi reikninginn til kvenfélagsins Hringsins, og þar lá hann til áramóta 1939—1940, án þess að hafizt væri handa.

Stefnandi hefur haldið því fram, að viðurkenndar væru af stefndum kr. 2137.82 af umstefndri upphæð og einnig kr. 75.00 fyrir vatnskassa og kr. 150.00 fyrir sandtöku, sem stefnandi kveðst hafa gleymt að færa á sinum tíma, en upphæðir þessar hafi stjórn mjólkurbúsins viðurkennt á sáttafundinum. Í málinu sé því raunverulega aðeins deilt um kr. 1100.00, ferðakostnað sinn til Dan-

merkur. Þessu hefur stefndur algerlega mótmælt og vísað til útdráttar úr fundarbók félagsins frá fundi 20. maí 1936, þar sem samþykkt er tillaga á þá leið, að stefnanda yrði greiddar kr. 1600.00 fyrir alla umsjón með byggingu mjólkurstöðvarinnar í stað 500—600 króna, sem hann bauðst til að gera þessi verk fyrir, en kostnaður við siglingu hans til Danmerkur félli niður. Samþykkt þessi var ítrekuð á fundi 31. desember 1936.

Stefnandi hefur haldið því fram, að á fundinum 20. maí 1936 hafi reikningur hans verið samþykktur með öllum atkvæðum gegn einu, en við athugun á útdráttunum úr fundargerðabókinni sést, að hér er um að ræða samþykkt á stofnkostnaðarreikningi stöðvarinnar, en hann hafði verið lagður fram á fundi í apríl og nam þá kr. 90448.94.

Stefnandi hefur haldið því fram, að stefndur hafi falið honum að fara til Danmerkur til þess að festa kaup á vélum til mjólkurstöðvarinnar, og hefur hann vitnað í fundabók stefnda. Í fundargerð 27. febrúar 1935 er bókað á þessa leið: „Rætt var um, að Reykdal kynnti sér vélar til búsins erlendis, þar sem hann hafði ákveðið að sigla til Danmerkur 1. marz n. k.“ Hefur stefnandi haldið því fram, að hann hafi eingöngu farið förina í þarfir búsins, en hefur þó viðurkennt, að ekki hafi beint verið rætt um kostnaðarhlið við utanför sína í marz 1935. Ofangreind bókun ber það með sér, að stjórn búsins hefur gengið út frá því, að stefnandi ætlaði í eigin erindum erlendis, sbr. orðin: „þar sem hann hafði ákveðið að sigla o. s. frv.“, og verður engan veginn lagður sá skilningur í ofangreinda bókun, að stefndur hafi fengið stefnanda til þess að festa kaup á vélum til stöðvarinnar, heldur er þar aðeins um að ræða umtal um, að stefnandi kynnti sér vélar og legði þá að sjálfsögðu þær upplýsingar fyrir félagsstjórnina. Fyrir þetta átti hann að sjálfsögðu einhverja þóknun, en ekki verður séð, að nein sanngirni mæli með því, að stefndur greiði nema lítinn hluta ferðakostnaðar stefnanda, og hefur félagsfundur talið það ómak fullborgað innifalið í þeim 1600 krónum, sem stefndi bauðst til að greiða stefnanda fyrir umsjón alla, ferðakostnað o. fl., og fellst rétturinn á, að svo sé.

Stefndur hefur aðallega krafizt sýknu sökum þess, að krafa stefnanda sé fyrnd, þó að því undanskildu, að hann viðurkennir kr. 1600.00 af hinni umstefndu upphæð. Það skal fram tekið, að ekki verður séð af skjölum málsins, hvenær umstefnd skuld byrjaði að fyrnast, og virðist krafa stefnds um sýknu af þessari ástæðu ekki vera á rökum byggð.

Stefndur hefur mótmælt stefnukröfunum á þeim grundvelli enn fremur, að frumgögn hafi ekki verið lögð fram. Í málinu hafa verið lögð fram tvö reikningsyfirlit stefnanda, rskj. nr. 3 og 14, um greiðslur til ýmissa manna vegna stefnds og kostnað stefn-

anda. Hefur stefndur haldið því fram, að sumar upphæðirnar séu tvífærðar sér til skuldar á reikningsyfirlitinu, og hefur hann vitnað til rskj. 14, liðanna 3, 13 og 22, og haldið því fram, að sömu upphæðir væru síðan aftur skuldaðar undir 21. lið. Virðist stefndur, eftir því sem fyrir liggur, hafa rétt fyrir sér, að því er þetta snertir. Stefndur hefur bent á, að mikið af upphæðum þeim, sem færðar eru á yfirlit stefnanda, séu sagðar greiðslur til þriðja manns, án þess að rök séu færð fyrir því. Hefur stefndur mótmælt rskj. nr. 3 sem markleysu án nokkurra sönnunargagna eða frumheimilda. Þrátt fyrir þessi mótmæli stefnds hefur stefnandi ekki lagt fram kvittanir eða önnur sönnunargögn fyrir því, að greiðslurnar hafi átt sér stað. Rskj. nr. 3 hefst t. d. á eftirfarandi færslu: „Pr. Útborganir úr sjóði umfram innborganir kr. 1704.53, og verður ekki séð, hvers konar greiðslur hér er um að ræða, og er þessi upphæð ekki færð á rskj. nr. 14. Sá reikningur stefnanda er þó dags. 31. marz 1936, þar sem hins vegar rskj. nr. 3 er ekki dagsett fyrr en 28. des. 1939. Á þessu misræmi hefur ekki verið gefin nein skýring.

Að öllu athuguðu verður rétturinn að líta svo á, að stefnandi hafi ekki gegn mótmælum stefnds gert fullnægjandi grein fyrir kröfum sínum.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefndan til að greiða stefnanda kr. 1600.00.

Með því að fallast verður á þær röksemdir, sem stefndur hefur fært fram fyrir því, að honum beri ekki að greiða vexti, verður vaxtakrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, er orðið hefur á dómsuppsögu í máli þessu, stafar af veikindum dómarans, þingsetu um margra mánaða skeið og síðan önnum vegna undirbúnings að manntalsþingum og manntalsþingahaldi.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, stjórn Mjólkurbús Hafnarfjarðar, greiði stefnanda, Jóhannesi J. Reykdal, kr. 1600.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 29. marz 1943.

Nr. 69/1942. **Stephan Stephensen** (Eggert Claessen)
gegn
Dánarbúi Eggerts Briems frá Viðey
(Lárus Fjeldsted).

Um víðtæki kaupsamnings og afsals fasteignar. Aðild. Aðgerðaleysisverkanir.

Dómur hæstaréttar.

Björn Þórðarson lögmaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða skiptaréttarúrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. júní 1942 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og allar kröfur hans í héraði teknar til greina. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Máli þessu er ekki beint gegn þeim, sem fara með eignarráð erfðaleigulands þess, er í málinu greinir, og verður því ekki hér dæmt um eignarrétt að landinu. Hins vegar þykir mega dæma um það, hvort áfrýjandi eigi á hendur stefnda tilkall til uppreistar vegna meðferðar Eggerts Briems á greindu landi.

Í kauptilboði Engilberts Hafbergs frá 18. nóv. 1936 var undanskilinn erfðaleiguréttur Gyðu Eggertsdóttur. Hins vegar er orðalag afsalsins frá 1. des. 1936 um eignarrétt að sjálfu erfðaleigulandinu óglöggt. Vegna þess að Hafberg taldi vafasamt, hvernig skilja mætti orðalag afsalsins um þetta atriði, lét hann semja yfirlýsingu þess efnis, að Eggert Briem viðurkenndi, að eignarréttur að landi þessu hefði fylgt með í kaupunum og að afgjald af erfðaleigulandinu ætti að falla til Hafbergs. Ólafur Sveinbjörnsson lögfræðingur sýndi Eggert Briem skjal þetta til undirskriftar snemma árs 1937. Hefur Ólafur það eftir Eggert, að hann hefði ekkert við yfirlýsinguna að athuga, og skildist Ólafi,

að Eggert ætlaði að undirrita hana síðar, en af því varð þó aldrei. En næst gerist það í málinu, að þann 28. júní 1937 gerir Hafberg samning við þau Eggert Briem og Gyðu Eggertsdóttur, þar sem hann með vissum skilyrðum skuldbindur sig til þess að kaupa af þeim erfðaleiguréttindi og erfðaleiguland það, er í málinu greinir. Samningur þessi var þó ekki framkvæmdur, en með afsali 9. okt. 1937, innrituðu til þinglýsingar 31. des. s. á., seldi Eggert Briem Gyðu dóttur sinni erfðaleigulandið til eignar. Gerðist nú ekkert varðandi mál þetta fyrr en Hafberg með afsali, dags. 24. apríl 1939, selur áfrýjanda máls þessa Viðey og undanskilur þá í kaupunum nefnt erfðaleiguland, sem í afsalinu er talið eign Gyðu Eggertsdóttur. Með framhaldsyfirlýsingu, dags. 18. maí 1939, framselur Hafberg síðan áfrýjanda allan þann rétt, sem hann kunni að eiga til erfðaleigulandsins á hendur Eggert Briem og Gyðu dóttur hans.

Ákvæði afsalsins frá 1. des. 1936 um erfðaleigulandið var tvírætt, svo sem áður segir. Var Hafberg því brýn nauðsyn að hvika ekki frá túlkun sinni á nefndu ákvæði, ef hann ætlaði að reisa rétt á því. Samningsgerð hans við Eggert Briem og Gyðu Eggertsdóttur frá 28. júní 1937 svo og síðari framkoma hans hefur því skotið loku fyrir það, að hann og þeir, sem rekja heimildir sínar til hans, geti nú krafizt eignarréttar á erfðaleigulandinu samkvæmt nefndu ákvæði. Verður þess vegna að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 12. maí 1942.

Með erfðafestubréfi, dags. 6. janúar 1936, seldi Eggert sálugi Briem frá Viðey, þáverandi eigandi Viðeyjar, dóttur sinni Gyðu á erfðafestu landspildu á norðvesturhluta Viðeyjar, að stærð 11,22 ha, gegn 500 króna árlegu afgjaldi. Erfðafestuland þetta veðsetti frú Gyða fyrst nafngreindum manni með fyrsta veðrétti til tryggingar 7000 króna skuld, og síðan veðsetti hún það verzlunarfélagi einu hér í bænum með öðrum veðrétti og uppfærslurétti með tryggingarbréfi, dagsettu 16. júní 1936, til tryggingar víxilskuld. Þann 18. nóvember 1936 gerði Engilbert Hafberg kaupmaður hér í bænum Eggert sáluga skriflegt kauptilboð í Viðey, að fjárhæð 140000 krónur. Segir svo í kauptilboðinu, að Hafberg bjóðist til að kaupa „... eyjuna Viðey með öllum tilheyrandi húsum og mannvirkjum, er á henni eru, að engu undanskildu; þó er mér (þ. e. Hafberg) kunnugt um erfðafestusamning frú Gyðu Eggertsdóttur ...“. Þann 1. desember 1936 gaf Eggert sálugi Briem út afsal til handa Hafberg fyrir Viðey „... með tilheyrandi húsum í því ástandi, sem þau nú eru, með öllu múr- og naglföstu og öðrum mannvirkjum á jörðinni, sem eru mín eign, og öllu, er jörðinni fylgir og fylgja ber, að undanskildu erfðafestulandi Gyðu Eggertsdóttur á norðvesturenda Viðeyjar, um 11,22 hektarar að stærð, með þeim umferðarréttindum, er því fylgja, eignarlóð Seltjarnarneshrepps undir barnaskólahúsi hans á Austureyju, og austurenda eyjarinnar, með fjöru- og sjávarréttindum, sem er eignarland Útvegsbanka Íslands h/f., tilheyrandi Viðeyjarstöð ...“

Sé borið saman orðalag kauptilboðsins og afsalsins, sést, að ekki er fullt samræmi þar á milli. Er fleira undanskilið í kaupunum í afsalinu, heldur en í kauptilboðinu. Hafberg mun þó engum athugasemdum hafa hreyft gegn afsalinu, heldur hafa skrifað á það skilorðslaust samþykki sitt, enda kvaðst hann hafa skilið ákvæði þess um erfðafestuland Gyðu Eggertsdóttur á þann veg, að hann yrði sá raunverulegi eigandi landsins, en hún héldi aðeins erfðafesturéttindum sínum yfir því gegn árlegu gjaldi til hans. Kveður Hafberg seljanda og hafa fullvissað hann um, að afsalið væri rétt skilið á þann veg.

Nokkru eftir að afsalið var gefið út, mun hafa vaknað grunur um það hjá Hafberg, að samkvæmt orðalagi afsalsins væri eignarréttur hans að erfðafestulandinu e. t. v. ekki skýlaus. Kveðst Hafberg þá hafa snúið sér til seljanda út af þessu, er hafi lofað að gefa honum sérstaka yfirlýsingu um, að hann væri eigandi erfðafestulandsins, en þó dregið málið á langinn. Sneri Hafberg sér þá til lögfræðings, er skrifaði fyrir hann yfirlýsingu á þá leið, að hann hefði keypt erfðafestulandið með Viðeyjareigninni, en yrði aðeins að hlíta erfðafesturéttindum Gyðu Eggertsdóttur sam-

kvæmt samningi hennar og seljanda. Var til þess ætlazt, að seljandi ritaði nafn sitt undir yfirlýsingu þessa. Eru allmiklar líkur að því leiddar, að hann muni a. m. k. um hríð hafa ætlað að gera það, en ekki þykir það þó sannað, sérstaklega þegar litið er til þess, er síðar gerðist í málinu. Og sá varð endirinn, að seljandi undirritaði ekki yfirlýsinguna.

Ýmis samtöl og samningaumleitanir munu nú um alllangan tíma hafa farið fram milli aðilja kaupsins, en ekki er full ljóst, á hvern hátt þeim hefur verið farið. Það skal þó tekið fram í tilefni af flutningi máls þessa hér í skiptaréttinum, að ekki er sannað, að sala Mjóstrætis 6 hér í bænum skipti neinu um úrlausn þess atriðis, er hér ræðir um, og er því ekki tilefni til að ræða hana hér.

Þann 28. júní 1937 var svo komið, að Hafberg gerði þann dag samning við þau Eggert sáluga og Gyðu um að kaupa af þeim erfðafestulandið og innleysa erfðafesturéttindin fyrir samtals kr. 15000.00. Samningur þessi var þó því skilyrði bundinn af hálfu Hafbergs, að sala húseignarinnar nr. 6 við Mjóstræti tækist fyrir 1. janúar 1938.

Þann 19. október 1937 seldi Eggert sálugi Gyðu dóttur sinni umrætt erfðafestuland „til fullrar eignar og umráða" fyrir 5000 krónur, þó þannig, að kaupréttur Hafbergs samkvæmt samningnum frá 28. júní 1937 hélzt, en hans var þó aldrei neytt.

Með afsali, dagsettu 24. apríl 1937, seldi Hafberg síðan Stephani Stephensen Viðey, að undanteknum nokkrum tilteknum eignum á henni, þ. á. m. erfðafestulandi því, er um ræðir í máli þessu, og er þess getið í afsalinu, að það hafi þá verið selt Gyðu Eggertsdóttur „til eignar" með nýgreindu afsali 19. október 1937.

Virðist svo sem Hafberg hafi um þessar mundir verið búinn að sætta sig við, að frú Gyða væri eigandi umræddrar landsspildu, en með yfirlýsingu, dagsettri 18. maí 1939, framselur hann Stephani Stephensen, þó án sérstaks endurgjalds, allan rétt sinn eftir afsalinu fyrir Viðey til hans 1. desember 1936, og enn fremur öll réttindi sín eftir fyrrnefndum samningi hans við þau Eggert sál. og frú Gyðu 28. júní 1937.

Í samræmi við þessa yfirlýsingu hefur Stephan Stephensen gert þær kröfur til skiptaréttarins í dánarbú Eggerts sál. Briems frá Viðey:

1. að dánarbúið viðurkenni, að hann sé eigandi landsspildu þeirrar, er látni seldi dóttur sinni, Gyðu, á erfðafestu 6. janúar 1936.
2. að dánarbúið endurgreiði honum erfðafestugjöld fyrir erfðafestulandið árin 1937, 1938 og 1939, samtals 1500 krónur,
3. að dánarbúið nemi úr gildi á sinn kostnað fyrrgreint eignarafsal Eggerts sáluga til frú Gyðu og sjái um aflýsingu þess og
4. að dánarbúið annist aflýsingu þeirra veðbanda og eignar-

kvaða, er frú Gyða kynni að hafa lagt á umrædda landsspildu fram yfir veðsetningar þær, sem hvíla á erfðafesturéttindum hennar yfir landsspildunni með heimild í erfðafestubréfinu.

Af hálfu ekkju látna er öllum framangreindum kröfuliðum mótmælt. Var ágreiningurinn síðan lagður undir úrskurð skiptaréttarins. Hefur málið verið skriflega flutt og var tekið til úrskurðar 29. f. m.

Byggir Stephan kröfur sínar á því, að samkvæmt afsali látna til Hafbergs 1. desember 1936 hafi Hafberg orðið raunverulegur eigandi erfðafestulands frú Gyðu og öðlazt rétt til afgjalds eftir það, en aðeins orðið að hlíta ákvæðum erfðafestubréfsins frá 6. janúar 1936 og þeim ráðstöfunum, er gerðar hefðu verið í samræmi við það.

Ekkjan byggir mótmæli sín hins vegar á því, að erfðafestuland frú Gyðu hafi algerlega verið undanskilið sölunni til Hafbergs.

Eins og ljóst er af framanskráðri málavaxtalýsingu, er ósannað gegn skýlausu orðalagi afsalsins frá 1. desember 1936, að erfðafestuland frú Gyðu hafi fylgt með í sölunni til Hafbergs. Og með því að samningur Hafbergs frá 28. júní 1937, sá er fyrr greinir, við þau Eggert sáluga og frú Gyðu og enn fremur athafnaleysi hans, eftir að látni seldi frú Gyðu landið 19. október 1937, þykja ekki samrýmast því, að hann hafi þá talið sig eiganda landsins, þykir ekki unnt að sinna framangreindum kröfum Stephans í dánarbú Eggerts Briems frá Viðey, og ber því að sýkna búið af þeim.

Því úrskurðast:

Dánarbú Eggerts Briems frá Viðey á að vera sýknt af framangreindum kröfum Stephans Stephensens.

Miðvikudaginn 31. marz 1943.

Nr. 75/1942. **Steindór Einarsson** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Júlíusi Guðmundssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Ómerking og vísun máls frá dómstól, sem ekki átti dóm þess.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður. Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með

stefnu 3. júlí 1942. Krefst hann þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, hvor krafan sem til greina yrði tekin.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og í héraðsdómi greinir, reisti áfrýjandi á sínum tíma steingarð þann, er í málinu getur, að nokkru leyti á lóðinni nr. 29 við Framnesveg, sem er eign stefnda, og skyldi stefndi hafa not af garðinum án endurgjalds. Áfrýjandi hefur haft í hyggju að hækka garð þenna og sett í því skyni steypumót ofan á hann. Stefndi telur fyrirhugaða hækkun garðsins brjóta í bága við rétt sinn, með því að hún mundi spilla afnotum hans af nefndri fasteign, Framnesvegi 29, og er krafa hans um brotttöku steypumótanna á því reist. Úrlausn þessa ágreinings á undir lóðamerkjadóm Reykjavíkur, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1923 um breyting á lögum nr. 35/1914. Og þar sem málið hefur verið ranglega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. maí 1942.

Með samningi, dagsettum 21. maí 1927, varð sú sætt með þáverandi eigendum Litla-Steinholts og hússins nr. 23 (nú 29) við Framnesveg annars vegar og stefnds í máli þessu, Steindórs Einarssonar bifreiðaeiganda, hins vegar, að stefndur skuldbatt sig til að steypa garð úr suðvesturhorni Framnesvegar 29, sem nú er eign stefnanda, Júlíusar Guðmundssonar kaupmanns, milli lóðanna Skuldar og Litla-Steinholts. Skyldi garðurinn liggja í beina línu í bílskúrsvegg

stefnds þarna í nánd og vera 10 tommum fyrir ofan lóðamörk stefnds sem eiganda Skuldar. Garðurinn átti að vera 10 tomma þykkur og „minnst 2½ alin á hæð". Allur átti hann að standa á lóð stefnanda og Litla-Steinholts. Fullger skyldi hann vera um áramótin 1927 og 1928. „Not af garði þessum án endurgjalds" skyldu stefnandi og eigandi Litla-Steinholts hafa, „enda kemur notaréttur hans í staðinn fyrir lóðarræmu þá, er margnefnd Sigríður Erlendsdóttir (þáverandi eigandi Litla-Steinholts) á undir norðausturhorni á bílskúr mínum (stefnds) í Ráðagerði, en sem nú með sætt þessari er eign mín."

Umræddur garður virðist síðan hafa verið fullger á tilskildum tíma og allt hafa verið með felldu um langa hríð. En sumarið 1940 lét stefndur setja allhá steypumót ofan á garð þenna. Gerði hann síðan tvær atrennur til þess að steypa í þau og hækka garðinn, en í bæði skiptin varnaði stefnandi honum þess með aðstoð byggingarfulltrúa bæjarins. Stefndur hefur þó ekki fengizt til að taka mótin niður, og standa þau þar enn, og má telja upplýst í málinu m. a. með myndum, er sýndar voru í réttinum, að þau séu stefnanda til baga, þar eð þau skyggja á sól í garði hans og gluggum á kjallaraíbúð.

Af þessum ástæðum hefur stefnandi höfðað mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., og gert í því þær kröfur, að stefndur verði, að viðlögðum 200.00 króna dagsektum, dæmdur til þess að taka umrædd steypumót niður svo og til greiðslu kostnaðar af máli þessu.

Stefndur krefst aðallega frávísunar, en til vara sýknu. Enn fremur krefst stefndur málskostnaðar, hver sem málalok verða.

Frávísunarkröfuna byggir stefndur á því, að umrædd réttindi yfir garðinum séu sameiginleg stefnanda og eiganda Holtsgötu 25 (það hús er byggt á lóð úr Litla-Steinholti) og verði þeir því báðir að sækja mál út af þeirri kröfu, er hér ræðir um. Á þetta fellst rétturinn þó ekki og sinnir því ekki frávísunarkröfunni.

Sýknukröfuna reisir stefndur á því, að mótin séu stefnanda bagalaus, en á það verður samkvæmt framansögðu ekki fallizt. — Enn fremur telur stefndur sér heimilt að hafa mótin þarna, þar eð sér sé samkvæmt sættinni frá 21. maí 1927 heimilt að hafa garðinn eins háan og hann óski, þar eð einungis sé tekið fram, að hann skuli vera minnst 2½ alin. Í þessu orðalagi samningsins telur rétturinn þó, að ekki felist heimild til handa stefndum til að hækka garðinn til óþæginda fyrir stefnanda, en þar eð það er gert með umræddum mótum, þykir verða að taka réttarkröfur stefnanda til greina og skylda stefndan, að viðlögðum 50 króna dagsektum til stefnds, til að taka framangreind steypumót niður svo og til að greiða stefndum kr. 150.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Steindór Einarsson, skal, að viðlögðum 50.00 króna dagsektum til stefnanda, Júliusar Guðmundssonar, skyldur til að taka burt framangreind steypumót.

Í málskostnað greiði stefndur stefnanda kr. 150.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. marz 1943.

Nr. 10/1943. **Ólafur Gränz**
gegn
Sigurði Ó. Ólafssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Gränz, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 31. marz 1943.

Nr. 11/1943. **Kristín Guðmundsdóttir og Sólveig Sandholt**
gegn
Jónínu Eggertsdóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Kristín Guðmundsdóttir og Sólveig Sandholt, er eigi mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þær vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 31. marz 1943.

Nr. 18/1943. **Konráð Gíslason**
gegn
Stefáni Péturssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Konráð Gíslason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 5. apríl 1943.

Nr. 40/1942. **Guðmundur Þ. Gíslason** (sjálfur)
gegn
Stefáni Jónssyni og Benjamín Ólafssyni
(Gunnar J. Möller).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Um stærð og mörk landspildu.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, ásamt samdómsmönnum Sverri Gíslasyni og Guðmundi Jónssyni.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1942, krefst ómerkingar á hinum áfrýjaða dómi og heimvísunar málsins til dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með dómi hæstaréttar 20. jan. 1939 í málinu nr. 80/1938 var Gunnlaugur Einarsson, sem aðili var þess máls, talinn

eigandi tveggja landspildna á Gufufit við Borgarfjörð, svonefndra Brennistaðaleigna og Einarsnesleigna. Með afsalsbréfi 13. febr. 1939 seldi Gunnlaugur stefndu í máli þessu nefndar landspildur, en án tilgreiningar á merkjum þeirra. Í áðurgreindu máli nr. 80/1938 hafði stefndi Stefán það hins vegar eftir Gunnlaugi, að spildur þessar séu „á bakka Hvítár næst neðan við Amtmannsleigur, og sé 40 faðmar hvor leiga". Hafa stefndu nú krafizt að fá úr því skorið í máli þessu, hver séu merki téðra landspildna gagnvart Bóndhólslandi.

Gufufit er engjasvæði, sem liggur fram með ofanverðum Borgarfirði að norðan. Virðist hún hafa náð frá Gufuárósum niður á Kóngshól, sbr. jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Hefur fitin áður verið miklum mun stærri en nú er hún, því að svo mjög hefur sjór af henni brotið, að nú virðast aðeins litlar leifar eftir. Frá fornu fari hefur Gufufit ekki talizt til aðliggjandi jarða, heldur hefur hún eða landspildur á henni gengið kaupum og sölum sem fullkomin eignarlönd. Sést þetta af ýmsum kunnum heimildum og opinberum gögnum. Samkvæmt 12. kap. Fóstbræðrasögu hefur Gufufit verið í eign ábúanda Hvítsstaða og síðar orðið eign Borgarbónda. Þann 14. maí 1512 fær ábúandi Borgar Borgarkirkju til fullrar eignar 10 hndr. í Gufufit (Ísl. fornbréfasafn VIII, bls. 378). Hélzt sá hluti eftir það í eign Borgarkirkju, sbr. jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og umsögn í Lovsaml. f. Isl. XIV, bls. 272 um kon.úrsk. frá 16. maí 1849. Önnur 10 hndr. í Gufufit eru komin í konungseign árið 1590, sbr. Alþingisb. Ísl. II, bls. 204. Hluta þenna, sem nefndur er átta partar í Gufufit, fékk konungur Henrik Bjelke til fullrar eignar með afsalsskjali 30. apríl 1675 (Forordn. og aabne Breve, útg. Magnús Ketilsson, III, bls. 182). Samkvæmt jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns keypti ábúandi Einarsness þenna hluta að Bjelke látnum og er þá talinn eiga $^{8}/_{14}$ hluta Gufufitjar. Í sömu jarðabók er þess getið, að auk ábúanda Einarsness og Borgarkirkju eigi Brennistaðir „engjatak á Gufufit". Síðar munu og ýmsir hlutar Gufufitjar hafa gengið kaupum og sölum, enda eru spildur á henni, svonefndar „leigur", kenndar við

ýmsar jarðir í Borgarhreppi. Verður ekki séð, að lendur á Gufufit hafi verið lagðar til ákveðinna jarða.

Í dómi hæstaréttar í málinu nr. 80/1938 eru landspildur Gunnlaugs taldar liggja vestan við lenduna Amtmannsleigur. Í því máli voru lendur þær á Gufufit, sem Lækjarkotsbónda heyra til og í þessu máli eru nefndar Amtmannsleigur að ofan og Lækjarkotsleiga að neðan, nefndar einu nafni Amtmannsleigur bæði í kröfugerð og málflutningi fyrir báðum dómum svo og í héraðsdómi og á uppdrætti af þrætustaðnum. Þó að í þessu máli hafi komið upp, að einungis efri hluti lendu þessarar heiti að réttu lagi Amtmannsleigur, en að neðri hlutinn heiti Lækjarkotsleiga, þá breytir þetta að sjálfsögðu engu um það, að landspildur þær, sem deilt er um í máli þessu, liggja næst neðan þessara lendna Lækjarkotsbónda. Þar sem ágrip dómsgerða málsins nr. 80/1938 var lagt fram í héraði í máli þessu, átti landamerkjadómurinn og að geta séð, af hverjum sökum heitið Amtmannsleigur var notað í hinni víðtækari merkingu í héraðsdómi og hæstaréttardómi í fyrra málinu, einkum með því að dómstjóri í héraði hefur verið hinn sami í báðum málunum.

Um merki Gufufitjar að norðanverðu (landmegin) er þetta fram komið. Séra Einar Friðgeirsson hefur ritað á landamerkjabréf Borgar, að leigur Borgar á Gufufit hafi verið 120 faðma langar að sjó fram, en á því verður nú ekkert byggt, þar sem svo mjög hefur brotið af fitjunum, eins og einnig er tekið fram í nefndri áritun. Vitnið Eiríkur Guðmundsson, bóndi í Knarrarnesi, sem var eigandi og ábúandi Bóndhóls frá því um aldamót til 1914, kveður Þorkel Þorkelsson, er bóndi var í Lækjarkoti, hafa nokkrum árum fyrir aldamót stungið skurð á merkjum norðan við Amtmannsleigur og Lækjarkotsleigu. Er það skurður sá, sem við er miðað í niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og þar er sagður ráða merkjum milli Lækjarkotsleigna og Einarsnesengjastykkis. Kveðst Eiríkur ekki hafa talið sér heimilan slátt nær firðinum næst vestan Lækjarkotsleigna en niður á móts við skurð þenna. Vitnið Ólafur Guðmundsson í Borgarnesi kveðst hafa átt heima í Lækjarkoti, þegar

umgetinn skurður var stunginn, og hafi hann verið viðstaddur, er að því verki var unnið. Hafi þar við verið Þorkell bóndi í Lækjarkoti, Bjarni bóndi í Bóndhól og fleiri nágrannar þeirra. Kveðst vitnið muna, að skurður þessi hafi verið „miðaður út sem stefna, sem ráða skyldi merkjum áfram", eftir að Lækjarkotsleigum sleppti. Þorsteinn Ólafsson í Borgarnesi, sem er tengdasonur Gunnlaugs Einarssonar og því ekki fullgilt vitni í máli þessu, hefur borið það fyrir dómi, að hann hafi stundum heyjað samkvæmt leyfi Gunnlaugs á spildum þeim, sem um er deilt, og hafi sér verið tjáð, að þær næðu jafnlangt upp á bakkann og Amtmannsleigur. Vitnið Þórður Jónsson, bóndi á Hvítsstöðum, er heima átti í Bóndhól um sjö ára tíma eftir 1919, kveður „svonefndar leigur niður bakkana frá Lækjarkotsleigum afmarkast með þúfnarönd frá vesturhorni á Lækjarkotsleigum að kelduskorningi ... nokkuð fyrir innan Kóngshól". Segir hann merki hafa verið mjög ógreinileg fyrir því, hve langt Bóndhólsmaður sló niður á bakkann, en stefna í framhaldi skurðarins norðan Amtmannsleigna muni vera nálægt réttu. Þegar litið er annars vegar til gagna þeirra, sem nú hafa verið rakin, og hins vegar til þess, að skurðurinn norðan Amtmannsleigna og Lækjarkotsleigu er óvefengt merki fyrir þeim leigum, þá þykja norðurmerki landspildna stefndu réttilega ákveðin af landamerkadóminum.

Um lengd landspildna stefndu meðfram firðinum er þetta fram komið: Stefndi Benjamín hafði það eftir Gunnlaugi, svo sem fyrr segir, að hvor leiga sé 40 faðmar. Vitnin Sigurjón Kristjánsson, bóndi í Krumshólum, Albert Jónsson, bóndi á Ölvaldsstöðum, Ólafur Guðmundsson og Þorsteinn Ólafsson kveðast allir hafa heyrt, að hver leiga ætti að vera 40 faðmar. Þess má og geta, að séra Einar Friðgeirsson lætur þess getið í fyrrnefndri áritun á landamerkjabréf Borgar, að leigur Borgar hafi verið fjórar og hver 40 faðmar. Landamerkjadómurinn mældi og Lækjarkotsleiguna milli Amtmannsleigna og spildna stefndu, og mældist hún um 40 faðmar meðfram sjó. Að þessu athuguðu þykir lengd spildna stefndu vestur bakkana vera

rétt ákveðin af landamerkjadóminum. Og með því að einnig má fallast á ákvörðun hans um vesturtakmörk spildnanna og framlengingu þeirrar markalínu út á fjörðinn, þá ber að staðfesta í heild ákvörðun hins áfrýjaða dóms um landamerkin.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu kostnaðar af málinu í héraði þykir mega staðfesta. Eftir atvikum telst rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Landamerkjadómurinn skal vera órasakaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 30. jan. 1942.

Mál þetta er höfðað samkv. beiðni stefnanda í bréfi, dags. 4. marz 1941, þingfest 1. apríl s. á., áreið gerð 10. des. s. á. og tekið til dóms í dag.

Stefnendur hafa lýst kröfum sínum þannig: Merki milli Brennistaða- og Einarsnessleigna á Hvítárbökkum verði ákveðin þannig: Að norðan: Lína, sem dregin sé sem bein framlenging af skurði þeim, sem merkjum ræður á milli Lækjarkotsleigna og Einarsnessengjastykkis, 80 faðma niður eftir bakkanum. Að vestan: Lína, er hugsuð sé úr endapunkti fyrrgreindrar línu og hornrétt við hana niður á bakkann, og síðan ráði framlenging þeirrar línu merkjum út í ána.

Stefndur lýsir kröfum sínum þannig:

1. Aðalkrafa: Að því verði slegið föstu með dómnum, að engjastykkin Einarsness- og Brennistaðaleigur finnist ekki innan landamerkja Bóndhóls, eins og þau eru samkv. landamerkjalýsingu frá 23. maí 1884 og að veiðiréttur fyrir löndum þessum verði því ekki staðsettur.

2. Varakrafa: Að því verði slegið föstu með dómnum, að Einarsnessleiga finnist ekki á þessu svæði og veiðiréttur fyrir henni verði því ekki staðsettur.

3. Þrautavarakrafa: Að merkjalína milli umræddra engjastykkja að vestanverðu og Bóndhólslands og einnig milli veiðirétta, er þessum löndum fylgir, verði ákveðin jafnhliða merkjum Bóndhóls og Lækjarkotsleigna, eins og þau voru ákveðin með dómi landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, gengnum 20. júní 1935.

Báðir málsaðiljar krefjast málskostnaðar sér að skaðlausu.

Til rökstuðnings kröfum sínum leggja stefnendur fram dóm hæstaréttar í málinu nr. 80 frá 1938: Gunnlaugur Einarsson, Stefán

Jónsson, Benjamín Ólafsson og Ólafur Ólafsson gegn Guðmundi D. Gíslasyni og gagnsök. Telja þeir, að með þeim dómi hafi Gunnlaugi Einarssyni verið tildæmdur eignarréttur að tveim landspildum á Hvítárbökkum næst fyrir neðan Amtmannsleigur, og séu þær nefndar Brennistaða og Einarsnessleigur. Landspildur þessar kveðast þeir hafa keypt af Gunnlaugi.

Þá telja þeir, að undir rekstri fyrrgreinds máls og þessa máls hafi komið fram sannanir fyrir því, að hver hinna umræddu leigna sé 40 faðmar á breidd, eða þær 80 faðmar samtals, og að merki þeirra að norðan gagnvart Bóndhólslandi sé lína dregin í framhaldi af skurði þeim, er ákveður merki Lækjarkotsleigna að norðan.

Stefndur rökstyður aðalkröfu sína með því, að enda þótt hæstiréttur hafi tildæmt Gunnlaugi Einarssyni eignarrétt á tveim landspildum, svonefndum Einarsness- og Brennistaðaleigum, er liggi á Hvítárbökkum næst neðan Amtmannsleigna, þá sé eigi hægt að staðsetja landspildur þessar eða ákveða ummerki þeirra, því upplýsingar þær um afnot þeirra, er hæstiréttur hefur talið nægja til þess, að Gunnlaugur hafi unnið hefð á þeim, séu svo óljósar, að af þeim sé ekki hægt að ráða, hve breitt eða langt landssvæði þetta er.

Varakröfu sína rökstyður hann mjög á sama hátt og bendir á, að mjög sé erfitt að fá fullkomnar upplýsingar um röð þeirra landspildna, er munnmæli herma, að liggi á Hvítárbökkum neðan Amtmannsleigna og tilheyrt hafi ýmsum nálægum jörðum. Vefengir hann sérstaklega, að nokkur Einarsnesleiga hafi verið þarna til.

Í því sambandi bendir hann á og færir til þess full rök, að landspildur þær, sem nefndar eru ýmist Amtmannsleigur og Lækjarkotsleigur, séu eigi eitt og hið sama. Séu Lækjarkotsleigur Amtmannsleigur að viðbættri 40 faðma breiðri spildu vestan þeirra.

Þrautavarakröfu sína rökstyður hann með því, að eins og merki Bóndhóls séu skáhöll eftir garðlagi ofan mýrina fyrir ofan leigurnar, hljóti merki leignanna sín á milli að vera á sama hátt skáhöll, og eigi sú stefna að ráða merkjum veiðiréttindanna út í firðinum. Loks kastar hann fram í því sambandi þeirri tilgátu, að leigurnar séu allar eða næstum allar brotnar af vegna árlegs landbrots af völdum Hvítár.

Landamerkjadómurinn getur að vísu fallizt á röksemdafærslu stefnds um, að hin óverulega og lítt stað- og tímabundnu slægjunot, er átt hafa sér stað í skjóli Gunnlaugs Einarssonar á leigum þeim, er liggja á Hvítárbökkum neðan Amtmannsleigna, sé veikur grundvöllur undir því, að hann hafi eignazt landspildur þarna fyrir hefð, en verður hins vegar að telja, að þar sem hæstiréttur hefur viðurkennt eignarrétt hans að landi þarna, verði landamerkjadómurinn að ákveða takmörk landsvæðis þessa eftir þeim ófullkomnu upplýsingum, er fyrir liggja.

Samkæmt þeim upplýsingum, sem fram hafa komið í réttinum,

verður að telja, að takmörk á milli slægjulands Bóndhóls og landspildna þeirra, sem á bakkanum eru, sé lína dregin í beinu framhaldi af skurði þeim, er skilur á milli Amtmannsleigna og Einarsnessengjastykkis.

Þá hafa allar þær upplýsingar, er fram hafa komið, bent til, að leigur þær, er legið hafa á Hvítárbökkum neðan Amtmannsleigna, hafi verið taldar 40 faðmar hver á breidd, og verður rétturinn því að telja rétt að leggja þá landsstærð til grundvallar, er hann ákveður landamerki oftnefndra leigna, er taldar eru eign stefnanda.

Þá verður rétturinn að láta þess getið, að þar sem í dómi hæstaréttar í málinu nr. 80 frá 1938 er svo að orði komizt, að leigur þær, er Gunnlaugur Einarsson á, séu næst fyrir neðan Amtmannsleigur, hlýtur að vera um að ræða misskilning, er stafar af ókunnugleika, því það er óvéfengjanlegt, að næst neðan Amtmannsleigna kemur 40 faðma breið spilda, sem er eign jarðarinnar Lækjarkots, og eru í daglegu tali nú Amtmannsleigur og leiga þessi nefndar einu nafni Lækjarkotsleigur. Hefur því aldrei verið hreyft, að Gunnlaugur Einarsson hafi nytjað þá leigu, því slægjuafnot hans á bökkunum þarna hafa verið neðan Lækjarkotsleigna, að því er talið er.

Verður því rétturinn að líta svo á, að hæstiréttur hafi talið, að Einarsness- og Brennistaðaleigur séu næst fyrir neðan Lækjarkotsleigur.

Samkvæmt framansögðu verður rétturinn að taka til greina dómkröfur stefnenda og ákveða merki milli Bóndhóls og Brennistaða- og Einarsnessleigna á Hvítárbökkum neðan Lækjarkotsleigna þannig:

Að norðan: Lína, sem dregin er sem bein framlenging af skurði þeim, sem merkjum ræður á milli Lækjarkotsleigna og Einarnessengjastykkis, 80 faðma niður eftir bakkanum. Að vestan: Lína úr endapunkti fyrrgreindrar línu og hornrétt við hana niður á árbakkann, og síðan ráði framlenging þeirrar línu merkjum út í ána.

Kostnaður við landamerkjadóminn ákveðst þannig:

1.	Bifreiðarkostnaður	kr. 50.00
2.	Dagkaup meðdómenda í 3 daga og ferðakostnaður ..	— 200.00
		Kr. 250.00

og virðist eftir atvikum rétt, með tilliti til þeirrar óvissu, er ríkt hefur um það, hver væru takmörk hins umþrætta landsvæðis, að dæma málsaðilja til að greiða þann kostnað að hálfu hvorn. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Landamerki milli jarðarinnar Bóndhóls, eignar Guðm. Þ. Gíslasonar, og Brennistaða- og Einarsnessleigna á Hvítárbökkum neðan Lækjarkotsleigna, eignar þeirra Stefáns Jónssonar og Benjamíns Ólafssonar, skulu vera sem hér segir: Að norðan

ræður merkjum lína, sem er bein framlenging af skurði þeim, sem merkjum ræður á milli Lækjarkotsleigna og Einarnessengjastykkis, 80 faðma niður eftir bakkanum. Að vestan ræður merkjum lína úr endapunkti fyrrgreindrar línu og hornrétt við hana niður á árbakkann og síðan framlenging þeirrar línu út í ána.

Stefnendur, Stefán Jónsson, Brennistöðum, og Benjamín Ólafsson, Holti, og stefndur, Guðm. Þ.Gíslason, Bóndhól, greiði að hálfu hvor kostnað við merkjadóminn, að upphæð samtals 250 — tvö hundruð og fimmtíu — krónur. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans.

Mánudaginn 5. apríl 1943.

Kærumálið nr. 1/1934. **Aðils Kemp**
gegn
Garðari Jóhannessyni.

Meðferð kærumáls frestað vegna áfrýjunar aðalmáls.

Úrskurður hæstaréttar.

Með kæru, dags. 24. febr. þ. á., er hingað barzt 22. marz s. á., kærir sóknaraðili málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Akureyrar, er upp var kveðinn 18. febr. þ. á. í máli hans gegn varnaraðilja.

Varnaraðili hefur skotið framangreindu máli til hæstaréttar með stefnu 29. marz s. l. til þingfestingar í maímánuði næstk. Þykir því rétt samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta kærumálinu ex officio, unz séð er, hvort áðurnefnt áfrýjunarmál verður lagt í dóm.

Því úrskurðast:

Máli þessu er frestað ex officio samkvæmt framanskráðu.

Mánudaginn 5. apríl 1943.

Nr. 21/1943. **Valdstjórnin** (cand. jur. Ragnar Ólafsson)
gegn
Jóni Ívarssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Ómerking dóms og heimvísun málsins.

Dómur hæstaréttar.

Í auglýsingu ríkisstjóra nr. 100/1942 er samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1942 lagt bann við því, að nokkur vara sé seld hærra verði en lægst var á henni á hverjum stað 18. des. 1942. Þá segir og í lögunum: „Ef ágreiningur eða vafi verður um það, við hvaða verðlag skuli miða, sker dómnefnd úr", en samkvæmt 2. mgr. sömu greinar hefur hún eftirlit með öllu verðlagi og vald og skyldu til að taka ákvarðanir varðandi verðlag. Á fundi dómnefndar 23. des. 1942 var bókað það, er nú verður greint: „Formaður skýrði frá því, að hann hefði átt tal við ríkisstjórnina um mismunandi verð á vörum, og væri ríkisstjórnin einhuga um, að þegar um mismunandi verð væri að ræða, væri ekki unnt að banna að selja vöruna á því verði, sem dómnefndin hefði ákveðið sem hámarksverð. Hins vegar óskaði ríkisstjórnin, að nefndin gæti nú þegar birt lista um þær vörur, sem hámarksverð hefði verið sett á." Sama dag samdi dómnefndin lista um smásöluverð þeirra vara, sem hún hafði hámarksverð á, og lét birta hann almenningi í blöðum og útvarpi. Hinn 31. des. s. á. skýrði Samband íslenzkra samvinnufélaga kærða í símskeyti frá hámarksverði nokkurra vörutegunda, og í bréfi 2. jan. þ. á. tjáir Sambandið kærða, að ríkisstjórnin hafi samþykkt verðlagsákvæði þau, er greindi í símskeytinu, „til þess að fyrirbyggja stórfellt tap verzlunarfyrirtækja á vörubirgðum þeim, sem nú er til í landinu."

Eftir að kærði fékk í hendur nefnt símskeyti og bréf svo og auglýsingu dómnefndar, setti hann verðlag það á matvöru, sem hann m. a. er saksóttur fyrir í máli þessu. Kveður

kærði sig hafa skilið auglýsingu dómnefndar þannig, að hún leyfði hækkun allt að nefndu hámarksverði.

Forstjóri Sambandsins hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi, áður hann sendi kærða fyrrgreint bréf og símskeyti, spurzt fyrir um það á skrifstofu dómnefndar í verðlagsmálum, hvort ekki mætti selja vörur á hinu nýauglýsta hámarksverði, þótt ódýrara hefði verið selt 18. desember, ef ekki væri meiri álagning en leyfilegt væri. Segir forstjórinn, að starfsmaður á skrifstofu dómefndar hafi tjáð þetta réttan skilning á auglýsingu um hámarksverð og verðlagning með þessum hætti leyfilega. En ekki hefur dómnefnd né starfsmenn hennar verið krafðir sagna um þetta í rannsókn málsins. Þá hefur ekki verið fengin skýring dómnefndarmanna og ríkisstjórnar á því áliti ríkisstjórnarinnar, sem formaður dómnefndar skýrði dómnefndarmönnum frá og áður er greint. Einkum var þörf á því að fá skýring nefndra aðilja á því, hvert hafi verið skilorð þess, að hækka mætti vöru til hámarksverðs, eins og gert er ráð fyrir í nefndri bókun. Loks hefði átt að afla skýrslu dómnefndar á framkvæmd verðlagsmála á þeim tíma, er hér skiptir máli.

Með því að rannsókn málsins er áfátt um ofangreind mikilsverð atriði og þar sem telja verður samkvæmt lögum nr. 99/1942 að leggja skuli mál slikt sem þetta fyrir dómnefnd í verðlagsmálum, áður það er dæmt í héraði, og fá rökstutt álit hennar um, hvort og að hverju leyti brotin séu verðlagsákvæði, þá þykir ekki verða hjá því komizt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað.

Eftir þessum málalokum verður að leggja á ríkissjóð allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 550 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim í hérað.

Greiða skal úr ríkissjóði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs

sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, cand. jur. Ragnars Ólafssonar og hæstaréttarlögmanns Sveinbjarnar Jónssonar, kr. 550.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 22. febrúar 1943.

Ár 1943, mánudaginn 22. febrúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af Valdimar Stefánssyni, dómara samkvæmt sérstakri umboðsskrá, upp kveðinn dómur í málinu: Valdstjórnin gegn Jóni Ívarssyni, sem tekið var til dóms hinn 20. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Ívarssyni kaupfélagsstjóra, til heimilis í Höfn í Hornafirði, fyrir brot gegn lögum nr. 99 19. desember 1942 um breytingu á lögum nr. 79 1. september 1942 um dómnefnd í verðlagsmálum og ríkisstjóraauglýsingu nr. 100 19. des. 1942 um bann gegn verðhækkun.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Hinn 16. f. m. ritaði verklýðsfélagið Jökull í Höfn í Hornafirði Alþýðusambandi Íslands bréf, þar sem frá því var skýrt, að orðið hefði verðhækkun hjá Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga í Höfn í Hornafirði á kolum og nokkrum matvörutegundum um síðustu áramót, og óskað var athugunar á þessu sem fyrst. Hinn 20. sama mánaðar sendi Alþýðusamband Íslands dómsmálaráðuneytinu þetta erindi verklýðsfélagsins og kærði kaupfélagið til refsingar, ef það með verðhækkunum þessum hefði brotið verðlagslöggjöfina.

Hinn 22. f. m. skipaði dómsmálaráðuneytið rannsókn í málinu, og hófst hún 1. þ. m. Skulu nú raktir málavextir og efnið vegna nokkuð mismunandi málsatvika greint í þessi atriði: Kol, kornvöru og sykur og loks kaffi og kaffibæti.

Kol.

Samkvæmt skýrslu kærða, sem kemur heim við annað, sem fram er komið í málinu, voru málavextir um kolin þeir, er nú skulu greindir:

Um s. l. áramót var mjög tekið að ganga á kolabirgðir kaupfélagsins og var fyrirsjáanlegt, að félagið yrði kolalaust um miðjan janúar, ef köld yrði veðrátta, eins og var um áramótin. Hinn 6. janúar tók kærði að kynna sér, hvort kol væru fáanleg frá Austfjörðum eða annars staðar frá. Ógerlegt reyndist að fá kol í tæka tíð frá útlöndum, en kol voru fáanleg í verzlun Sigfúsar Sveinssonar í Neskaupstað, er kostuðu kr. 160.00 smálestin í húsi þar. Sökum þess, hvernig ástatt var með kol í Hornafirði, ákvað kærði, að félagið keypti af kolum þessum einn farm m/s „Stellu“ frá Neskaupstað. M/s „Stella“ kom síðan 10. f. m. með 62 smálestir kola til Horna-

fjarðar. Uppskipun fór fram 11. og 12. f. m., og voru kolin öll flutt í birgðageymslu kaupfélagsins.

Verð kola þessara, kominna í hús í Hornafirði, var þetta:

Verð í húsi í Neskaupstað, 62 smálestir á kr. 160.00	kr.	9920.00
Útskipun	—	768.00
Vörugjald í Neskaupstað	—	186.00
Flutningskostnaður með m/s „Stellu“	—	2000.00
Uppskipun	—	2069.35
Hafnargjald í Höfn í Hornafirði	—	93.00
Alls	kr.	15036.35

Kostnaðarverð hverrar smálestar kolanna, kominna í hús í Höfn, var því kr. 242.52.

Þegar kol þessi komu til kaupfélagsins, átti það tæpar 30 smálestir (29840 kg) kola fyrir á staðnum. Höfðu kolabirgðir þær, sem þessi kol voru af, verið þá undanfarið, þar á meðal 18. desember 1942, seldar fyrir kr. 175.00 smálestin.

Þegar kærði var að leita fyrir sér með kolakaupin, var honum ljóst, að ókleift yrði að selja hin nýkeyptu kol sama verði og eldri birgðirnar, nema kaupfélaginu til tjóns. Hinn 6. janúar talaði hann í síma við skrifstofustjóra dómnefndar í verðlagsmálum, skýrði honum frá, hver nauðsyn væri á að fá kolin til Hornafjarðar, hvert kaupverð þeirra væri og hvaða kostnaðarliðir yrðu við flutning þeirra frá Neskaupstað til Hornafjarðar, og spurði, hvort ekki væri leyfilegt að selja kolin kostnaðarverði eða hvernig skyldi fara með verðlagningu þeirra. Í samtalinu virtist kærða skrifstofustjórinn telja óhjákvæmilegt og eðlilegt, að kaupfélagið seldi kolin kostnaðarverði. Kvaðst skrifstofustjórinn mundu leggja málefni þetta fyrir dómnefndina. Sólarhring síðar skýrði skrifstofustjórinn kærðum frá því í síma, að hann hefði þann dag, 7. f. m., leitað álits dómnefndarinnar, en hún hefði ekki talið sig hafa heimild til að samþykkja verð það, sem kaupfélagið hafði talið sig þurfa að selja kolin fyrir, til að sleppa skaðlaust eða nokkurn veginn skaðlaust. Skýrði skrifstofustjórinn kærða frá, að dómnefndin teldi, að um mál þetta yrði að leita til ríkisstjórnarinnar.

Að morgni 8. f. m. talaði kærði í síma við fulltrúa í viðskiptamálaráðuneytinu og skýrði honum frá málinu á sömu lund og hann hafði skýrt skrifstofustjóra dómnefndarinnar frá því og óskaði heimildar til þess að mega selja kolin óhjákvæmilegu kostnaðarverði. Fulltrúinn kvaðst ekki sjálfur bær til ákvarðana um mál þetta. Þá óskaði kærði, að málið yrði borið undir viðskiptamálaráðherra og hans úrskurðar leitað. Fulltrúinn hét að gera það við fyrsta tækifæri og að láta kærða vita um svör ráðherrans.

Dagana 11. og 12. f. m. var kolunum skipað upp á Hornafirði, og var þá orðið mjög áríðandi að fá úr málum þessum skorið, en

til þess tíma hafði kærða ekkert svar borizt frá ráðuneytinu. Báða þessa daga talaði kærði við fulltrúann í síma, án þess að fá nokkurn endanlegan úrskurð ráðuneytisins. Í samtölum þessum, öðru hvoru eða báðum, gat kærði þeirra leiða, er honum höfðu hugkvæmzt um lausn málsins. Önnur var sú, að nýju kolin yrðu seld fyrir kr. 175.00 smálestin og ríkissjóður greiddi kaupfélaginu mismun þess verðs og kostnaðarverðs nýju kolanna. Hin var sú, að verðjafna nýju kolin og hin gömlu, og taldi kærði, að þá yrði útsöluverð allra kolanna kr. 220.00 smálestin, en í því verði væri þó ekki gert ráð fyrir rýrnun kolanna eða afhendingarkostnaði né neinni álagningu.

Hinn 13. f. m. lét kærði hefja sölu kolanna og ákvað söluverð allra kolanna, bæði hinna gömlu og nýju, kr. 220.00 smálestina í húsi kaupfélagsins. Þessa ákvörðun um verðið tók kærði í því trausti, að ríkisstjórnin veitti samþykki sitt til, að selja mætti kolin þessu verði. Kolin voru nú seld þessu verði til 20. f. m., og voru því nær eingöngu seld hin nýju kol. Ein smálest eldri kolanna var þó seld samkvæmt sérstakri beiðni kaupandans. Á þessu tímabili voru seld 9425 kg kolanna 39 kaupendum.

Þegar kominn var 20. f. m., án þess að kærða bærist svar ráðuneytisins, talaði hann enn í síma við fulltrúann í viðskiptamálaráðuneytinu og spurði hann, hvernig málinu væri komið. Kvað fulltrúinn enga breytingu hafa á orðið frá 12. f. m., hann hefði talað við ráðherrann, sem engin svör hefði gefið, eftir því sem kærða skildist. Þar sem kærði þannig fékk engan úrskurð ráðuneytisins um málið, ákvað hann þegar að þessu samtali loknu að breyta söluverði kolanna úr kr. 220.00 í kr. 175.00 smálestina, eins og verið hafði 18. desember s. l., og endurgreiða þeim, sem kol hefðu keypt fyrir kr. 220.00 smálestina, mismuninn á nýja verðinu og hinu gamla. Lét hann samdægurs festa upp í sölubúð kaupfélagsins auglýsingu um þetta efni og rita í frumbók, hverjir hefðu keypt kol háa verðinu, hversu mikið þeir hefðu keypt og hvað hver skyldi fá endurgreitt. Dómari skoðaði frumbók þessa 2. þ. m., og höfðu þá 19 kaupendanna kvittað fyrir endurgreiðslunni. Kærði kveður kaupendum muni verða endurgreiddur mismunurinn, þegar til þeirra næst. Meðan kolin voru seld fyrir kr. 220.00 smálestin, var kaupendum þeirra engin vitneskja veitt um, að vænta mætti breytinga kolaverðsins eða að þeir kynnu að fá endurgreiðslu.

Þegar kærði ákvað verðbreytinguna 20. f. m., hafði hann engar fregnir haft af kæru Alþýðusambands Íslands eða verklýðsfélagsins Jökuls. Skömmu eftir að kolaverðið hækkaði, talaði formaður verklýðsfélagsins við kærða um verðhækkunina, og tjáði kærði honum þá, að hann (kærði) væri að vinna að því, að ríkissjóður greiddi verðmismuninn.

Kornvara og sykur.

Sölubúð kaupfélags Austur-Skaftfellinga var lokuð vegna vörutalningar frá jólum til 12. f. m. að morgni. Þegar lokað var um jólin, hafði verð matvöru í kaupfélaginu haldizt óbreytt frá því löngu fyrir 18. desember s. l. Þegar búðin var opnuð 12. f. m., var verð margra matvörutegunda óbreytt frá því, sem var fyrir jólin, en nokkrar vörur höfðu hækkað í verði og hafa verið seldar á því nýja verði síðan. Voru það þessar vörutegundir:

Hveiti:			
Verð 18. des.	kr.	0.84	pr. kg
— 12. jan. og síðan	—	0.96	— —
— 18. des.	—	41.50	— 50 kg sekk
— 12. jan. og síðan	—	47.50	— 50 — —
Hafragrjón:			
Verð 18. des.	—	1.10	— kg
— 12. jan. og síðan	—	1.37	— —
— 18. des.	—	54.00	— 50 kg sekk
— 12. jan. og síðan	—	68.00	— 50 — —
Hrísgrjón:			
Verð 18. des.	—	1.90	— kg
— 12. jan. og síðan	—	2.00	— —
Molasykur:			
Verð 18. des.	—	1.70	— kg
— 12. jan. og síðan	—	1.94	— —
— 18. des.	—	38.25	— kassa (22.68 kg)
— 12. jan. og síðan	—	42.50	— — — —
Strásykur:			
Verð 18. des.	—	1.50	— kg
— 12. jan. og síðan	—	1.70	— —
— 18. des.	—	67.00	— sk. (45.36 kg)
— 12. jan. og síðan	—	76.50	— — — —

Ekkert hefur fram komið, er hnekki skýrslu kærða um ástæðuna til verðhækkana þessara, og skal nú skýrsla hans um þetta atriði rakin:

Í nóvember s. l. fékk kaupfélagið aðallega frá Sambandi ísl. samvinnufélaga nokkrar birgðir af nefndum vörutegundum. Af þessum birgðum var ekkert selt fyrr en eftir opnum sölubúðarinnar 12. f. m. Frá því vörur þessar komu og þar til lokað var um jólin, voru einungis seldar hinar eldri og ódýrari vörur. Við árslok 1942 voru þessar birgðir til af eldri vörunum: 200 sekkir hveiti, 14 sekkir hafragrjón, 76 sekkir hrísgrjón, 365 sekkir strásykur og 413 kassar molasykur. Nýju vörurnar voru verðlagðar, skömmu eftir að þær komu, og var verð þeirra ákveðið svo sem það varð 12. f. m. og áður er rakið. Frá 12. f. m. hafa einungis

verið seldar hinar nýju vörur. Dómnefnd í verðlagsmálum hefur athugað álagningu kaupfélagsins á vörutegundir þessar og komizt að þeirri niðurstöðu, að álagningin fari hvergi fram yfir 30%, þar sem kaupfélaginu hafi, eins og á stóð, verið leyfilegt að telja til kostnaðarverðs varanna kr. 37.00 pr. smálest fyrir uppskipunarkostnaði. Kærði ákvað að selja allar hinar nýju og dýrari vörur, áður en hann hæfi aftur sölu eldri, ódýrari varanna, en þær ætlaði hann að selja sama verði og á þeim var 18. des. s. l. Ætlunin var þó ekki að geyma sjálfar eldri vörurnar, heldur sama vörumagn og til var á áramótum af eldri vörunum. Átti því að selja á háa verðinu bæði eldri og yngri birgðirnar, eftir því sem verkast vildi, þar til lokið væri magni hinna nýju birgða.

Um ástæðuna fyrir því, að kærði taldi fært að selja vörurnar hærra verði en verið hafði 18. desember s. l., hefur hann vitnað í símskeyti, er Samband ísl. samvinnufélaga sendi kaupfélaginu 31. des. s. l., og bréf sama aðilja til kaupfélagsins, dags. 2. f. m. Símskeytið hljóðar svo:

„Hámarksverð er meðal annars auglýst á eftirgreindum vörum: rúgmjöl 0.86, hveiti 0.96, hrísgrjón 2.28, haframjöl 1.37, molasykur 1.95, strausykur 1.70, álagning má þó ekki vera hærri en áður."

Bréfið hljóðar svo:

„Til skýringar á símskeyti voru, dags. 31. des. s. l., um hámarksverð á nokkrum vörutegundum, viljum vér taka þetta fram:

Nefnt hámarksverð gildir, þar til annað hámarksverð verður auglýst, en er þó háð því skilyrði, að álagning fari ekki fram yfir það, sem áður hefur verið heimilt.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt þessi verðlagsákvæði til þess að fyrirbyggja stórfellt tap verzlunarfyrirtækja á vörubirgðum þeim, sem nú eru til í landinu, þrátt fyrir það þó þessi ákvæði brjóti í bág við nýútgefin lög um það, að ekki megi selja vörur hærra verði en lægst var á hverjum stað hinn 18. des. s. l."

Vegna þess samþykkis ríkisstjórnarinnar, sem frá er skýrt í bréfinu, taldi kærði kaupfélaginu heimila verðhækkun nefndra matvara og taldi, að þetta samþykki ríkisstjórnarinnar gæti einnig náð til þeirra, sem ættu eldri, verðlægri vörubirgðir.

Í sambandi við þetta atriði hefur verið lögð fram í málinu greinargerð viðskiptamálaráðuneytisins, sem ráðuneytið sendi blöðunum til birtingar 28. f. m. Er greinargerðin svo hljóðandi:

„Vegna þess að nokkrar umræður hafa orðið í blöðum um, hvaða verð eigi að vera gildandi á kornvöru og sykri, hinum svonefndu skömmtunarvörum, vill ráðuneytið gefa eftirfarandi upplýsingar:

Síðan tekið var upp eftirlit með verðlagi nefndra skömmtunarvara og hámarksálagning ákveðin, hefur jafnan öðru hverju verið tvenns konar verð, og hvorttveggja löglegt, á þessum vörum, vegna þess að eldri birgðir má ekki hækka í verði, þótt nýjar birgðir

komi, sem eru í hærra verði. Slíkt hefur aldrei verið leyft. Verzlanir eru skyldar að halda hinu lægra verði, meðan þær birgðir endast, sem verðið er miðað við.

Síðasta verðbreyting á skömmtunarvörum var gerð 2. *desember* s. l. og þá auglýst af dómnefnd í verðlagsmálum. Varð þá nokkur verðhækkun á sykri, haframéljöli, hveiti og rúgmjöli. Eins og jafnan hefur verið áður í sambandi við slíkar verðbreytingar, hefur misjafnt staðið á um það, hversu verzlunum hafa enzt hinar eldri birgðir bæði í Reykjavík og út um land.

Þegar lögin um verðfestinguna frá 19. des. komu til framkvæmdar, munu eldri birgðirnar yfirleitt hafa verið að mestu seldar, en á því hafa þó verið undantekningar, þó sérstaklega út um land.

Þegar breytingin var gerð á lögum nr. 79 1942 og í þau sett bann gegn verðhækkun til 28. febrúar, var ríkisstjórninni ljóst, hvernig á stóð um skömmtunarvörurnar, og því var sett í lögin í 1. gr. 1. málsgr.: „Ef ágreiningur eða vafi verður um það, við hvaða verðlag skuli miða, sker dómnefnd úr."

Hámarksverð það, sem auglýst hefur verið af dómnefnd í verðlagsmálum varðandi umræddar vörur, telur ráðuneytið vera það verð, sem heimilt er að setja á þessar vörur, enda sé þá jafnframt fylgt ákvæðum um hámarksálagningu."

Kaffi og kaffibætir.

Hinn 18. des. s. l. seldi Kaupfélag Austur-Skaftfellinga óbrennt kaffi á kr. 4.25 pr. kg og kaffibæti á kr. 6.60 pr. kg. Frá 12. f. m. hefur það selt óbrennt kaffi á kr. 4.40 pr. kg og kaffibæti á kr. 6.80 pr. kg.

Um óbrennda kaffið skýrir kærði svo frá, að síðustu birgðir þess hafi komið til kaupfélagsins í s. l. septembermánuði. Var verð þess í útsölu til áramóta kr. 4.25 kg. Þegar kaupfélagið fékk kaffið, voru verðlagsákvæðin um það þannig, að álagning mátti vera 25%, en verðið þó aldrei fara fram úr kr. 4.22 pr. kg, að viðbættum kr. 25.00 pr. smálest úti um land vegna flutningskostnaðar. Flutningskostnaðaruppbót þessi var því kr. 0.025 pr. kg, en vegna þess að raunverulegur kostnaður var mun meiri, þegar varan kom til félagsins, vegna mjög hækkaðs kaupgjalds, ákvað kærði, án þess að hafa um það samráð við dómnefndina, að reikna flutningskostnaðaruppbótina kr. 0.05 pr. kg. Þegar kaffið var komið til félagsins, var fallinn á það svo mikill kostnaður, að hefði átt að nota 25% álagningarheimildina til fulls, hefði útsöluverðið að áliti kærða þurft að vera kr. 4.35 pr. kg að meðtöldum flutningskostnaðaraurunum. Hinn 12. nóvember s. l. hækkaði dómnefndin hámarksverð óbrennds kaffis í kr. 5.70 pr. kg. Þegar svo var komið, taldi kærði sér um áramótin heimilt að nota til fulls 25% álagninguna, sem heimil var í september, en þá varð ekki notuð,

sökum þess að hámarksverð pr. kg var kr. 4.22. Með því að nota hana til fulls, var verðið kr. 4.35 pr. kg, en kærði ákvað útsöluverðið kr. 4.40 pr. kg með það fyrir augum, að talan yrði þægilegri í reikningi, þar sem vara þessi sé keypt í mjög smáum og ólíkum skömmtum.

Um kaffibætinn skýrir kærði svo frá, að hámarksverð hans hafi 23. des. s. l. og nokkuð lengi þar áður verið kr. 6.50 pr. kg. Auk þess hafði dómnefndin 19. júní s. l. auglýst, að bæta mætti við verðið kr. 0.20 pr. kg á þeim verzlunarstöðum, sem varan væri flutt til með strandferðaskipum, en í Hornafirði hagar þannig til. Samkvæmt þessu átti hið leyfilega hámarksverð að vera kr. 6.70 pr. kg., og telur kærði kaffibætinn því í desember s. l. hafa verið 10 aurum ódýrari pr. kg en leyfilegt hafi verið. Um áramótin taldi kærði sig vita með vissu, að dómnefndin hefði ákveðið að heimila 50 aura álagningu á kg fyrir umbúða- og flutningskostnaði á þeim stöðum, sem varan væri flutt til með strandferðaskipum, auk hinnar venjulegu álagningar, í stað 20 aura áður. Var sú hækkun auglýst af dómnefndinni 13. október s. l. Samkvæmt þessu ákvað kærði útsöluverð kaffibætisins eftir áramótin kr. 6.80.

Auglýsing ríkisstjóra Íslands nr. 100 19. desember 1942 um bann gegn verðhækkun bannar að selja í heildsölu eða smásölu á landi hér nokkra vöru, innlenda eða erlenda, við hærra verði en lægst var á henni á hverjum stað 18. desember s. l. Í Hornafirði er engin önnur verzlun en Kaupfélag Austur-Skaftfellinga, og er því eigi í þessu máli við annað verð að miða en útsöluverð kaupfélagsins.

Með hækkun kolaverðsins hefur kærði að áliti réttarins brotið gegn ríkisstjóraauglýsingunni, og fær hvorki hið háa kostnaðarverð kolanna né greinargerð ríkisstjórnarinnar um verðlagningu skömmtunarvaranna réttlætt verðhækkunina.

Við verðlagningu kornvaranna og sykursins hélt kærði sér innan takmarka hinnar auglýstu hámarksálagningar. Þar sem kærða hinn 12. f. m. var kunnugt, að viðskiptamálaráðuneytið taldi, að hámarksverð það, sem dómnefndin hafði auglýst á skömmtunarvörum, væri það verð, sem heimilt væri að selja þessar vörur fyrir, enda væri þá jafnframt fylgt ákvæðum um hámarksálagningu, og þar sem ráðuneytið hefur opinberlega lýst yfir þessu áliti sínu, þykir kærði eigi verða sakfelldur fyrir sjálfa verðlagningu nefndra vara. Kemur þá hitt til álita, hvort kærða hafi verið leyfilegt að stöðva sölu eldri, ódýrari birgðanna og geyma þær þar til síðar. Með því að halda áfram sölu eldri birgðanna, meðan þær entust, þurfti kærði ekki fyrst um sinn að hvika frá ríkisstjóraauglýsingunni, hvað þessar vörur snerti. Lá þetta beint við og var í fyllstu samræmi við ríkisstjóraauglýsinguna. Í greinargerð viðskiptamálaráðuneytisins hér að framan er og tekið fram, að verzlanir séu skyldar að halda hinu lægra verði, meðan þær birgðir endast, sem verðið er

miðað við. Verður að líta svo á, að þó að sala nýju birgðanna fyrir hið nýja og hærra verð væri kærða vítalaus, að eldri birgðunum seldum, hafi hann með sölu nýju birgðanna, meðan eldri birgðirnar voru til, gerzt brotlegur við ríkisstjóraauglýsinguna.

Með verðhækkuninni á óbrenndu kaffi og kaffibæti hefur kærði brotið gegn ríkisstjóraauglýsunni, og með því að reikna flutningskostnaðaruppbótina á kaffikílóið 5 aura í stað $2\frac{1}{2}$ eyris, án leyfis dómnefndar, hefur hann brotið reglur dómnefndar um hámarksverð á kaffi o. fl., útgefnar 19. júní s. l.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 99 19. desember 1942 þykir refsing kærða eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hin ólöglega verðhækkun kolanna hefur ýmist verið endurgreidd kaupendunum eða tryggt má teljast, að hún verði endurgreidd þeim. Ólöglegur ágóði virðist enginn hafa verið af sölu kornvaranna og sykursins. Um upptöku ólöglegs ágóða af sölu kaffis og kaffibætis verður eigi dæmt í þessu máli, þar sem hann rann til kaupfélagsins, en kærði hefur nú sagt af sér framkvæmdarstjórastöðunni við félagið og telst því eigi lengur réttur forsvarsmaður þess.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls málskostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Sveinbjarnar Jónssonar hrl., kr. 200.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Jón Ívarsson, greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, Sveinbjarnar Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. apríl 1943.

Nr. 43/1942. **Bolli Eggertsson, Kritján Albertsson og Árni Friðriksson** (Theódór B. Lindal)
gegn
Antoni Ólafssyni Weyvadt
(Einar B. Guðmundsson).

Ómerking máls og vísun þess heim í hérað.

Dómur hæstaréttar.

Dómi hafa stýrt í máli þessu í héraði Sigurður Eggerz bæjarfógeti, unz hann vék sæti í réttarhaldi 28. apríl 1941, og frá þeim tíma Stefán lögfræðingur Stefánsson, sem kveðið hefur upp héraðsdóminn.

Er mál þetta var þingfest 10. marz 1941, var lögð fram greinargerð af hálfu sækjanda, og 31. marz s. á. kom greinargerð fram af hálfu stefnda. Átti héraðsdómari þá samkvæmt 109. gr. laga nr. 85/1936 að kveða á um munnlegan málflutning eða skriflegan og veita aðiljum sameiginlegan frest til öflunar sakargagna. Í stað þess fá umboðsmenn aðilja, lögfræðingarnir Ármann Jakobsson og Friðrik Magnússon, fresti á víxl og skiptast á alls 11 skriflegum sóknum og vörnum auk einnar bókunar af hendi hvors, unz munnlegur flutningur málsins var ákveðinn í réttarhaldi 17. jan. 1942 eftir skriflegar sóknir og varnir allan þenna tíma. Auk þessara dómglapa eru þeir gallar á, að dómur er ekki kveðinn upp fyrr en 17. marz 1942, enda þótt munnlegur málflutningur og dómtaka færi fram 5. febrúar s. á. Virðist munnlegur málflutningur ekki geta haft tilætlaða þýðingu, er svo langur tími líður milli hans og dómsuppsögu, enda er slík meðferð verulegt brot á fyrirmælum 1. málsgreinar 191. gr. laga nr. 85/1936.

Af framantöldum ástæðum þykir verða að ómerkja meðferð máls þessa í héraði frá framlagningu dómsskjala í þinghaldi 31. marz 1941 svo og héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð máls þessa í héraði frá framlagningu dómsskjala í þinghaldi 31. marz 1941 og héraðsdómur skulu vera ómerk og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 17. marz 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. febr. s. l. og dæmt er af setudómara Stefáni Stefánssyni, var eftir árangurslausa sáttatilraun höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, útgefinni 7. marz 1941, af Anton Ólafssyni Weyvadt verkamanni, Hjalteyrargötu 1, Akureyri, gegn eigendum bifreiðarinnar A. 61, þeim Bolla Eggertssyni verzlunarmanni, Strandgötu 21, Kristjáni Albertssyni verkstjóra, Eyrarlandsveg 3, og Árna Friðrikssyni verkamanni, Oddeyrargötu 6, öllum á Akureyri, til að fá þá dæmda alla fyrir einn og einn fyrir alla til greiðslu á kr. 15591.10 auk 5% ársvaxta frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnaðar.

Var í stefnu krafizt málskostnaðar að skaðlausu eftir reikningi eða mati réttarins, en við hinn munnlega málflutning var málskostnaðarkrafa stefnanda ósundurliðuð kr. 1000.00.

Stefndir krefjast aðallega algerrar sýknu, en til vara, að krafan verði stórlega lækkuð frá því, sem krafizt er í stefnu málsins. Þá krefjast stefndir í fyrstu greinargerð sinni málskostnaðar samkvæmt taxta M. F. Í. kr. 950.00 eða eftir mati dómarans, en við hinn munnlega flutning málsins var málskostnaðarkrafa stefndu kr. 1044.95.

Í máli þessu hefur Guðmundi Péturssyni útgerðarmanni, Brekkugötu 27 á Akureyri, umboðsmanni Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f á Akureyri, verið stefnt fyrir félagsins hönd til að gæta hagsmuna þess, en hjá því félagi var bifreiðin A. 61 vátryggð.

Milli kl. 23 og 24 hinn 30. nóv. 1940 ók stefndur Bolli Eggertsson vöruflutningabifreiðinni A. 61, sem þá var félagseign hinna stefndu, suður Hafnarstræti á Akureyri, og voru ekki aðrir í bifreiðinni en hann og stúlkan Ingibjörg Björnsdóttir, þá 16 ára að aldri. Í þann mund, er hann kom að trjáviðarhúsi Kaupfélags Eyfirðinga, gengu 4 menn þar norður götuna, þrír saman, en einn örstutt á eftir, og var það Konráð Antonsson, sonur stefnanda, tvítugur að aldri.

Allir gengu menn þessir á eystri vegarhelmingi, þ. e. a. s. hægri. Rétt eftir að bifreiðin hafði ekið framhjá þeim þremur, sem á undan voru, heyrðu þeir smell og líta við. Ók þá bifreiðin áfram suður götuna, en Konráð lá meðvitundarlaus á götunni, og vissi höfuð hans til austurs, eftir því sem næst verður komizt. Lögregluþjónn var strax kallaður til, og fór hann þegar á slysstaðinn.

Var Konráð þegar fluttur á sjúkrahús, og hafði hann fengið hroðalegan áverka á höfuðið, og segir í vottorði sjúkrahússlæknisins, að áverkinn hafi verið því líkastur, að höfuðið hefði slegizt með miklu afli á einhvern tiltölulega sléttan flöt, t. d. malbikaða götu. Gert var að sárum Konráðs eftir föngum, og lifði hann meðvitundarlaus í rúma 2 sólarhringa eftir slysið, en þá andaðist hann hinn 3. desember 1940 af völdum slyssins.

Enginn hinna þriggja manna, er gengu á undan Konráði, sáu, þegar slysið gerðist, og geta því ekki um það borið, hvernig það vildi til. Þeir urðu bifreiðarinnar varir, er hún ók fram hjá, og virtist einum þeirra hún aka fremur hart, en annað getur hann ekki um hraðann borið. Öðrum virtist hún aka greitt, en ekki hart, og hinn þriðji getur ekki um það borið, hvort hún ók hægt eða hratt, en hann veitti því eigi eftirtekt, að nokkuð óvenjulegt væri við akstur bifreiðarinnar.

Þegar bifreiðin ók fram hjá þeim, var fjarlægðin milli þeirra og hennar sú, að þeir óttuðust ekki, að þeim stafaði nokkur hætta af henni, en þeir tóku ekki eftir, að bifreiðin sveigði inn á götuna frá þeim.

Bragi Guðjónsson, Hafnarstræti 77, sá út um glugga á heimili sínu, þegar slysið varð. Sá hann, er bifreiðin rakst á Konráð, og virtist honum hún aka með meðalhraða og Konráð vera eins og til hliðar við hana, en þetta segir hann þó hafa verið ónákvæmt, því myrkur hafi verið. Þá virtist honum Konráð ganga vestast af þeim fjórum, er þarna voru á gangi norður götuna. Hér skal þess getið, að slysstaðurinn er alllangt frá götuljóskerum, og hefur því verið þarna um litla birtu að ræða, og ber Bolli, að þarna hafi engin birta verið nema sú, er kom frá bifreiðarljósunum.

Í bifreiðinni er stýrið vinstra megin, og sat því unglingsstúlkan Ingibjörg Björnsdóttir hægra megin við Bolla.

Þau voru á leið að Þverá í Öngulsstaðahreppi á dansleik, er þar var, og hefur Ingibjörg borið, að Bolli hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Verður nánar vikið að því atriði síðar.

Hún sá þrjá eða fjóra menn koma sunnan götuna, og voru þeir allir á hægra götukanti, og telur hún einn þeirra hafa gengið eitthvað á eftir hinum. Ekki getur hún um það borið, hvort Bolli vék frá mönnum þessum, þegar hann mætti þeim, en hún ber, að mennirnir hafi ekki verið mjög nærri bifreiðinni, þegar hún ók

fram hjá þeim, og heldur ekki mjög langt frá henni nema sá, er fyrir slysinu varð.

Við lögregluyfirheyrslu daginn eftir slysið ber hún, að sér hafi fundizt bifreiðin koma við einn mannanna og að Bolli hafi sagt við sig litið eitt innar á veginum, hvort það gæti verið, að hann hefði stimað á mann. Hafi hún þá sagt, að hún væri hrædd um það, en ekki væri að vita, að maðurinn hefði meiðzt. Um þetta hafi ekki verið meira talað, og Bolli hafi ekið gætilega það, sem eftir var leiðarinnar að Þverá.

Ökuhraðann telur hún hafa verið venjulegan. Í lögregluréttinum 2. desember bar hún, að hún hafi séð, að framskermurinn vinstra megin kom við hlið eða læri eins mannsins, en ekki hafði hún séð hann detta. Kveðst hún hafa sagt Bolla, að maður mundi hafa rekizt á bifreiðina. Heldur hún þá, að Bolli hafi ekki tekið eftir þessu. Þá segir hún, að Bolli hafi ekki ekið mjög hratt. Í lögregluréttinum 28. des. ber Ingibjörg, að sér hafi virzt eins og sá mannanna, er síðast gekk, „eins og slangra til að bílnum", og kveðst hún þá ekki geta fullyrt, hvort bifreiðin hafi komið við hann. Hafi hún aldrei séð þenna mann eða hina út um hliðarrúðuna. Hún bar, að hana minni fastlega að hafa sagt við Bolla, að maður mundi hafa rekizt á bifreiðina, en telur líklegt, að hann hafi ekki tekið eftir því. Þó minnir hana, að Bolli hafi sagt við sig eitthvað á þá leið, hvort það gæti verið, að hann hefði rekizt á mann.

Er framburður þessa vitnis nokkuð á reiki.

Önnur vitni en nú hafa verið talin koma ekki til greina um sjálft slysið.

Eftir er þá að rekja frásögn bifreiðarstjórans Bolla um slysið.

Í lögregluprófi daginn eftir slysið bar hann, að hann hefði ekið umræddri bifreið um götuna á nefndum tíma. Hann varð var við mannaferð á götunni, þar sem slysið varð, en þar sem hann taldi sig aka nægilega innarlega á götunni, gaf hann mönnunum eigi mikinn gaum og man alls ekki að hafa látið í ljós, að hann væri hræddur um að hafa ekið á mann, og kveðst mundu hafa stöðvað bifreiðina strax, ef hann hefði haft grun um slíkt. Hann tekur þá fram, að bifreiðin hafi verið tóm (óhlaðin) og hafi því kastazt til á götunni við allar ójöfnur. Einnig hafi látið fremur hátt í vélinni, og hafi þetta hvorttveggja getað valdið því, að hann varð þess ekki var, að bifreiðin snerti manninn.

Við þessa yfirheyrslu neitar Bolli ekki að vera valdur að slysinu, en harðneitar að hafa haft grun um, að slys hefði hlotizt af akstrinum. Kveðst hann vera fremur óvanur að aka bifreið og þessa nótt hafi verið dimmt. Hafi hann því reynt að fara gætilega og haldið sig vel úti á vinstri vegarbrún. Hann minnist þess ekki, að Ingibjörg segði við sig, að maður mundi hafa orðið fyrir bifreiðinni, og segir, að ef hún hefði látið falla einhver orð um slíkt,

hljóti þau að hafa verið á þá leið, að þau hafi ekki vakið hjá sér grun um slys.

Í lögregluréttinum 2. desember og undir allri rannsókn málsins heldur Bolli því fram, að hann hafi ekki orðið þess var, að bifreiðin rækist á nokkurn mann, né heldur að hafa orðið þess var, að Ingibjörg segði, að bifreiðin hefði rekizt á mann. 2. desember ber hann, að hann hafi séð 3 eða 4 menn á austurkanti vegarins, að hann hafi þótzt beygja nægilega mikið frá mönnunum til að forðast árekstur og að ökuhraðinn hafi verið 20 km, miðað við klukkustund. Í sama rétti 28. desember neitar hann að hafa séð þarna nema þrjá menn. Kveðst aldrei hafa séð fjórða manninn. Þá fullyrðir hann að hafa beygt inn á götuna, þegar hann sá mennina. Ekki kveðst hann hafa orðið var við nokkra óeðlilega hreyfingu á bifreiðinni.

Það er upplýst, að Bolli hafði neytt áfengis þetta kvöld með hinum stefndu: Kristjáni og Árna og fjórða manni, Stefáni að nafni. Höfðu þeir um kl. 9 um kvöldið setzt að drykkju, en annað áfengi höfðu þeir ekki en um hálfa flösku af „Gin". Úr henni luku þeir, og er óvíst, hve mikið hver þeirra drakk, en sennilegast, að það hafi verið ámóta mikið.

Eftir þessa drykkju tók Bolli að aka bifreiðinni um götur bæjarins og síðan áleiðis að Þverá, eins og áður greinir, eftir að hafa tekið benzín á bifreiðina. Neitar hann að hafa fundið á sér áfengisáhrif, og eins kveðast þeir, sem með honum drukku áfengið, ekki hafa séð á honum áfengisáhrif.

Hins vegar bera þau Ingibjörg Björnsdóttir, Alda Björnsdóttir, sem ók spölkorn í bifreiðinni með Bolla og Ingibjörgu, rétt áður en hann tók benzínið, og Svavar Jóhannsson bifreiðarstjóri, sem afhenti honum benzínið, að þeim hafi virzt hann vera undir áhrifum áfengis. Þegar lögreglan skömmu eftir slysið náði í Bolla á dansleiknum á Þverá, var hann að hennar dómi undir áhrifum víns, en upplýst er, að hann hafi þá sopið tvisvar eða þrisvar á brennivínsfleyg hjá manni, sem hann hitti þar. Þetta bar Bolli strax í fyrsta réttarhaldi í lögregluréttinum, en Snæbjörn Þorleifsson bifreiðaeftirlitsmaður á Akureyri, sem fór með lögregluþjóninum að Þverá, hefur borið, að Bolli hafi þar sagt sér, að hann hefði ekki bragðað vín þenna dag fyrr en á Þverá, en þar hefði hann bragðað „Gin" hjá umgetnum manni.

Bifreiðaeftirlitsmaðurinn hefur borið og unnið eið að framburði sínum, að Bolli hafi verið mikið drukkinn, þegar þeir hittu hann á Þverá, og að hans áliti, að hann hafi verið dálítið drukkinn, áður en hann drakk brennivinssopana á Þverá. Telur hann, að um stundarfjórðungur hafi liðið frá því Bolli kom að Þverá og þar til hann var handtekinn.

Blóðsýnishorn var tekið úr Bolla, eftir að lögreglan hafði flutt

hann til Akureyrar, en það varð aldrei rannsakað og verður því eigi til upplýsingar í málinu.

Af hálfu stefndra er því haldið fram sem sýknunarástæðu, að Konráð heitinn hafi með stórkostlegri óvarkárni orðið slyssins valdandi. Hann hafi gengið hægra megin á veginum, þar sem dimmast var og engin gangstétt, en hinum megin hafi verið gangstétt vel upplýst. Það er óvéfengt, að hinum megin var gangstétt, en litlu betri lýsing mun þar hafa verið.

Hann hafi ekki vikið út að vegarbrúninni eða út af henni, þó auðvelt væri, þegar hann mætti bifreiðinni, en bifreiðin hafi ekið á löglegum hraða með logandi framljósum. Hann hafi ekki vikið nóg til hliðar. Þá er því haldið fram af stefndra hálfu, að Konráð heitinn hafi verið mjög sjóndapur, og kunni það að hafa orðið meðorsök slyssins. Eru lögð fram vottorð lækna, er sanna allmikla sjóndepru Konráðs heitins.

Á því er enginn vafi, að Konráð heitinn beið bana af árekstri við nefnda bifreið. Hitt, verður rétturinn að telja í nokkrum vafa, hvernig slysið vildi til.

Sú ógætni er að vísu sönnuð á Konráð heitinn, að hann gekk á hægri vegarhelmingi, en í málinu er komið fram, að það sé alltítt, að þarna sé gengið, sérstaklega ef samkomur eru í húsum nokkru innan við þenna stað. Önnur óvarkárni er ekki sönnuð um hann.

Hins vegar hafði Bolli neytt áfengis og var að dómi þriggja vitna undir áhrifum þess, eins og áður segir. Bolli varð var við mannaferð á þessum stað og var ljóst, að „koldimmt" var þarna, eins og hann sjálfur orðar það, fyrir utan þá birtu, sem kom af bifreiðarljóskerunum.

Átti þetta tvennt, mannaferðin og myrkrið, að verða til þess, að hann sýndi sérstaka varkárni.

Þó að Bolla væri í lögreglurétti Akureyrar í refsimálinu út af atburði þessum ekki gefin að sök áverkinn, er leiddi Konráð heitinn til bana, getur það eigi ráðið úrslitum í máli því, er hér liggur fyrir. Af þeim málavöxtum, sem lýst hefur verið, er ljóst, að mjög miklar líkur eru til þess, að slysið hafi orðið vegna óvarkárni Bolla við aksturinn. En jafnvel þó þetta væri röng ályktun, er eigi fram komin nokkur sönnun fyrir því, að Konráð heitinn hafi orðið valdur að slysinu með óvarkárni sinni né að slysið hefði hlotið að vilja til, þó einkis hefði verið á vant um aðgæzlu og varúð af hálfu Bolla.

Samkvæmt þessu ber samkvæmt 15. gr., 2. mgr. og 16. gr. þágildandi bifreiðalaga nr. 70 8. september 1931 að dæma hina stefndu eigendur bifreiðarinnar til bótagreiðslu.

Af hálfu stefndra er því haldið fram sem varasýknuástæðu, að Konráð heitinn hafi verið svo miður sín vegna ólæknandi sjón-

depru, að hann hefði í framtíðinni eigi getað aflað meiri tekna en nægðu til eigin framfærslu hans og óvíst, að þær mundu nægja til þess. Ef hann hefði stofnað heimili, hefði framfærslugeta hans öll orðið bundin við það. Hefði því stefnandi aldrei fengið framfærslu frá honum, þó að hann hefði orðið hennar þurfi. Jafnframt er á það bent af sömu hálfu, að stefnandi eigi nokkrar eignir og hafi undanfarið haft allt eins miklar atvinnutekjur og Konráð heitinn.

Það er sannað, að stefnandi átti nokkrar eignir á þessum tíma (skuldlaus eign í árslok 1940 kr. 5965.00) og hafði nokkrar atvinnutekjur, en jafnframt er sannað með vottorðum lækna, að hann, sem á þessum tíma var 56 ára gamall, var heilsubilaður og með mjög skert vinnuþrek. Tvö síðustu árin fyrir slysið var hann alltaf öðru hverju undir læknishendi, og kveður hann Konráð heitinn hafa að miklu leyti orðið að sjá fyrir heimilinu, sérstaklega árið 1940.

Þó Konráð heitinn, sem var lærður vélstjóri, væri all sjóndapur, er ekki upplýst, að sjóndepran hlyti að hafa aukizt, og upplýst er, að hann vann ýmis verk, þar á meðal vélstjórn á síldveiðiskipi, og verður því að telja, þar sem ekki er upplýst, að heilsu hans hafi verið áfátt að nokkru öðru leyti, að hann mundi í framtíðinni hafa getað unnið þau störf, er ekki þurfti nákvæma sjón til.

Meðal nettótekjur Konráðs heitins voru árin 1938—1940 kr. 1057.67. Var atvinna þá fremur rýr, enda hann þá unglingur. Tekjur hans á síldveiðiskipi árið 1940 námu brúttó kr. 3343.86 auk annarra tekna.

Verður að ætla, að hefði Konráð heitinn lifað, þá hefðu tekjur hans farið vaxandi vegna stóraukinna atvinnumöguleika.

Gera verður ráð fyrir, að stefnandi, maður hátt á sextugs aldri, heilsuveill og mjög farinn að vinnuþreki, geti þá og þegar misst vinnufærni sína svo, að hann verði ófær til að afla tekna, svo nokkru nemi, og yrði hann þá að grípa til eigna sinna, sem ekki mundu endast lengi honum til framfæris, en að þeim eyddum, hlaut framfærsla hans að hvíla á skyldaframfæranda hans, Konráði heitnum.

Getur réttúrinn því ekki fallizt á, að þessi sýknuástæða stefndra nái fram að ganga.

Þá er því haldið fram af stefndra hálfu, að stefnandi eigi son á lífi þ. e. a. s. skyldaframfæranda. Af stefnanda hálfu var því við hinn munnlega flutning málsins haldið fram, að þessi sonur stefnanda væri fjölskyldumaður og eigi aflögufær, og var því eigi mótmælt. Verður réttúrinn að telja, að þessi sonur stefnanda hefði eigi orðið fær til framfærslu á honum, og mundi hún því hafa hvílt á Konráði heitnum, þegar stefnandi yrði hennar þurfi.

Skaðabótakröfuna sundurliðar stefnandi þannig:

Kostnaður vegna fráfalls og jarðarfarar	kr.	591.10
Dánarbætur	—	15000.00
Alls	kr.	15591.10

Um fyrri liðinn er það að segja, að fram er lagður í málinu sundurliðaður reikningur yfir kostnað við fráfall og jarðarför Konráðs heitins, er sýnir heildarupphæðina kr. 591.10, og er þeim reikningi ekki út af fyrir sig mótmælt. Verður upphæð þessa kröfuliðs því tekin til greina.

Hinum kröfuliðnum er af stefndra hálfu mótmælt sem of háum sökum óvarkárni Konráðs heitins, er slysið varð, og framfærslusambands hans við stefnanda. En eins og málum er háttað og ekki þykir ástæða til að fara nánar út í en gert hefur verið og með tilliti til núverandi verðgildis peninga, þykir dánarbótakrafan eftir atvikum ekki of há, og þar sem ekki þykja standa efni til að skipta ábyrgðinni, þá verða kröfuliðir stefnanda báðir teknir að fullu til greina. Þá verða stefndir einnig in solidum dæmdir til greiðslu þeirra vaxta, sem krafizt hefur verið.

Í þinghaldi í málinu 4. október s. l. lagði stefnandi fram gjafsóknareyfi í málinu sér til handa, útgefið 6. júní s. l. Stefnandi hefur þó aldrei á gjafsókn minnzt í greinargerðum sínum eða hinum munnlega málflutningi, og þar sem hann hefur greitt öll réttargjöld, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, verður málskostnaður tildæmdur, eins og ekkert gjafsóknarleyfi lægi fyrir.

Eftir atvikum þykir rétt að taka málskostnaðarkröfu stefnanda kr. 1000.00 til greina og dæma stefndu in solidum til greiðslu hennar.

Setudómarinn lætur þess getið, að hann með bréfi dómsmálaráðuneytisins frá 8. júlí 1941 hafi verið skipaður til að fara með málið, og hafi þá staðið yfir réttarfrí.

Enn fremur að hann hafi setið á Alþingi frá 13. október til 21. nóvember s. l. Loks að dómsuppsögn hafi dregizt nokkuð vegna setu á yfirstandandi Alþingi.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Bolli Eggertsson, Kristján Albertsson og Árni Friðriksson, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnanda, Anton Ólafssyni Weyvadt, kr. 15591.10 með 5% ársvöxtum frá 4. marz 1941 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað, allt innan 15. sólarhringa frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. apríl 1943.

Nr. 44/1942. **Pétur Bóasson f. h. eigenda jarðarinnar Hafnar** (Kristján Guðlaugsson)

gegn

Jóni Jóhannessyni (Garðar Þorsteinsson).

Maður ekki talinn hafa fyrirgert leiguréttindum sínum í lóð.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Hannes Guðmundsson, fulltrúi bæjarfógeta á Siglufirði.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 2. maí 1942 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. s. m. Krefst hann þess, að viðurkennt verði með dómi, að honum sé heimil rifting á leigusamningi stefnda, er í málinu getur, svo og að stefnda verði dæmt að greiða honum 2000 krónur. Loks krefst áfrýjandi málskostaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að ekki verður talið, að stefndi hafi fyrirgert leigurétti sínum með því að leyfa byggingu skúrs þess, er í málinu getur, á lóðinni, og þar sem að öðru leyti má fallast á rök héraðsdómara, þá þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum málsúrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostað fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 600 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Pétur Bóasson f. h. eigenda jarðarinnar Hafnar, greiði stefnda, Jóni Jóhannessyni, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 24. nóv. 1941.

Með stefnu, dags. 24. júní s. l., krefst stefnandinn, Pétur Bóasson, Siglufirði, f. h. eigenda jarðarinnar Hafnar, Siglufirði, að stefndur, Jón Jóhannesson málflm., Siglufirði, verði dæmdur til þess að að skila í hendur eigendum jarðarinnar Hafnar, Siglufirði, leigurétti þeim, er hann samkv. samningi, dags. 7. febr. 1921, hefur á svonefndum Skriðustigsbletti á Hafnarbökkum og til að endurgreiða jarðareigendum þá peninga, er hann hefur fengið fyrir lóðarpartana, sem stefndur seldi Baldvini Kristinssyni og leyfði bænum undir götu, 2000 kr. Þá krefst stefnandi, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða málskostnað að skaðlausu, en í málflutningnum er málskostnaðar krafizt með kr. 385.60 samkv. sundurliðuðum reikningi.

Stefndur krefst sýknu og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða í málskostnað 300 kr. eða eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Með lóðarsamningi, dags. 7. febr. 1921, leigja eigendur jarðarinnar Hafnar Pétri Jóhannessyni „grunn undir íbúðarhús og til ræktunar á Hafnarbökkum", 810 ferfaðma að stærð, „og hefur leigutaki rétt til að selja lóðarréttindin, en ekki má hann leyfa öðrum að byggja á lóðinni, nema með samþykki jarðareigenda". Á uppboði í dánarbúi leigutaka verður stefndur svo hæstbjóðandi að lóðinni 23. maí 1935. 30. sept. 1939 afsalar stefndur Baldvini Kristinssyni 369 fermetra af lóð þessari fyrir 1000 kr., en í því afsali er tekið fram, að kaupanda „ber að semja við eigendur Hafnarlands um leyfi til að byggja á lóðinni og um lóðarleigugjald, sem greiðist þeim". 23. nóv. 1939 gefa eigendur Hafnar svo út lóðarleigusamning til Baldvins Kristinssonar fyrir þessum sömu 369 fermetrum, sem stefndur hafi áður afsalað, sem fyrr segir, en samkv. ómótmæltum fullyrðingum stefnds var afsal stefnds til Baldvins ekki afhent Baldvini, fyrr en Baldvin hafði fengið lóðarsamninginn hjá eigendum Hafnar, þótt dagsett væri fyrr, svo sem áður segir. Samkv. vottorði formanns veganefndar tók bærinn af hinu leigða landi undir götu, og varð síðar (1936) að samkomulagi, að bærinn greiddi stefndum fyrir kr. 1385.75, en ekki 1000 kr., eins og stefnandi virðist ganga út frá í stefnunni.

Stefnandi heldur nú fram:

Stefndur hafi samkv. samningnum eigi rétt til þess að selja hluta af lóðarréttindum sínum og þiggja fé fyrir, nema með samþykki landsdrottins, en það samþykki hafi hann ekki fengið. Stefndur hafi selt Baldvini Kristinssyni 369 fermetra undir hús að landeiganda fornspurðum og hefði Baldvin þegar byggt hús á þeim lóðarhluta 23. nóv. 1939, er Baldvin fékk lóðarsamning um lóðarhlutann. Þótt stefndur hafi, eins og vottorð Baldvins Kristins-

sonar tekur fram, tekið það fram við Baldvin, að hann yrði að fá samþykki landeigenda fyrir kaupunum og leyfi þeirra til þess að byggja á lóðinni, þá hafi stefndur með því að byggja á lóðinni, áður en lóðarsamningurinn 23. nóv. 1939 til Baldvins var gefinn út, raunverulega leyft Baldvin að byggja á lóðinni án samþykkis landeigenda og þannig brotið ákvæði leigusamningsins frá 1921.

Lóðarsamningur sá, er Baldvin fær 23. nóv. 1939, losi stefndan alls ekki frá þessu broti hans og sá leigusamningur sé ekki samþykki landeigenda á afsali stefnds til Baldvins. Sama sé að segja um afhending stefnds á lóðarhluta undir götu. Formlegt eignarnám hafi eigi farið fram, heldur hafi stefndur samþykkt lóðartöku bæjarins undir götu og kaupverðið fyrir þann hluta.

Þá telur stefnandi, að forsenda fyrir leigingu lóðarinnar 1921 sé, að lóðin verði ræktuð, en ennþá sé aðeins 15 fermetrar ræktaðir af lóðinni.

Auk þess hafi stefndur og leyft Helga Danielssyni að byggja gripahús á lóðinni og fengið leyfi fyrir.

Sé öll þessi sala, leiga og lóðarafhending og móttaka greiðslu fyrir gróft brot af stefnds hálfu á lóðarleigusamningnum 1921, er heimili stefnanda að krefjast, að hið leigða land sé sér afhent og þær greiðslur, er stefndur hafi fengið fyrir þær ráðstafanir á hluta af landi því, er honum var leigt 1921.

Stefndur heldur hins vegar fram:

Hann hafi selt Baldvin aðeins *sín* réttindi til landsins, hinna leigðu 369 fermetra, og gegn því skilyrði, að leyfi landeigenda fengist til þess að byggja á lóðinni, og það samþykki hafi fengizt með lóðarleigusamningi þeirra við Baldvin frá 23. nóv. 1939.

Auk þess hafi Baldvin, er stóð til, að stefndur gæfi honum afsal fyrir sínum réttindum að 369 fermetra lóðinni, hringt til eins, sem hann taldi forráðamann jarðarinnar um leiguna, og fengið það svar, að ársleiga jarðareigenda fyrir þessari lóð til Baldvins yrði 25 kr„ sem og varð leiga fyrir lóðina, enda hafi það þá verið venjuleg lóðarleiga fyrir álíka lóð í Hafnarlandi, og kveðst stefndur því hafa verið í góðri trú, er hann undirritaði afsalið fyrir sínum lóðarréttindum til Baldvins, að eigendur jarðarinnar samþykktu, að Baldvin fengi að byggja á lóðinni. Hann hafi heldur ekki gengið frá afsalinu að öllu leyti og ekki tekið við kaupverðinu né afhent afsalið frá sér fyrir lóðarhlutanum, fyrr en 18. nóv., að hann vissi, að leigusamningurinn frá 23. nóv. 1939 yrði útgefinn af eigendum jarðarinnar. Lóðin undir Skriðustíginn hafi verið tekin án síns samþykkis. Hafi að vísu verið talað við sig um lóðina undir stíginn, áður en stígurinn var lagður, en ekki gengið saman, og hafi svo staðið í því stappi milli sín og bæjarins, þangað til árið eftir, að bærinn greiddi sér kr. 1385.75 fyrir sín réttindi yfir lóðarspildunni undir stíginn.

Hvort jarðareigandi hafi átt að fá eitthvað þar fyrir utan eða fengið, viti hann ekki og skipti engu.

Þessa upphæð hafi stefndur fengið fyrir að falla frá allri kröfu á *sínum* réttindum til lóðarspildunnar undir stiginn. Stefndur neitar því, að tilgangur með leigingu lóðarinnar af hálfu eigenda jarðarinnar hafi verið sá, að hún yrði ræktuð. Engin skylda hafi hvílt á leigutaka að rækta lóðina, enda hefði þá verið einhver ákvæði um ræktun fyrir ákveðinn tíma, en svo sé eigi. Auk þess sé þegar nokkuð af lóðinni ræktað, þakslétta 50 fermetrar, uppgræðsla með áburði 240 fermetrar, matjurtagarður 115 fermetrar, girðingar um 90 metrar og vegarspotti um 27 fermetrar.

Hitt sé rétt, að hann munnlega hafi leyft Helga Daníelssyni fyrir 3—4 árum að byggja gripahús á lóðinni, og geti hann krafið skúrinn burtu, hvenær sem sé, og hafi hann fengið einar 10 kr. fyrir. Hafi hann gert þetta til bráðabirgða til þess að fá lóðina eða eitthvað af henni ræktað, en nú hafi hann eignazt skúrinn sjálfur.

Telja verður, að stefndur hafi ekki með framangreindu athæfi sínu brotið svo gegn ákvæðum leigusamningsins frá 1921, að honum sé skylt að afhenda stefnanda leiguréttindin yfir landi sínu. Að hann selji af lóðarréttindum sínum gegn áskildu samþykki landeigenda, verður eigi talið brot, að samþykkja ekki slíka sölu og gera hana ógilda, a. m. k. gagnvart sér (svo). Að stefndur hafi sjálfur leyft Baldvini Kristinssyni að byggja á lóðinni, nema fyrir sitt leyti, er ósannað mál, en það var innan handar fyrir landeigendur að banna þá byggingu, en ekkert virðist benda til, að þeir hafi þá talið sér hag í því að banna bygginguna, því að 23. nóv. 1939 leigja þeir Baldvini Kristinssyni þessa 369 fermetra, sem stefndur hafði áður selt Baldvini Kristinssyni sín lóðarréttindi yfir. Verður eigi hægt að skoða þenna leigusamning landeigenda til Baldvins öðruvísi en samþykki landeigenda á réttindaafsali stefnds til Baldvins á þeim 369 fermetrum, og þar sem hús Baldvins þá að nokkru leyti er komið upp á þessari lóð sem samþykki landeigenda á húsbyggingum, enda heimilar lóðarsamningur landeigenda við Baldvin að sjálfsögðu honum að byggja á lóðinni. Að stefndur eftir á tekur við gjaldi af bænum fyrir lóð undir götu, sem bærinn hafði áður lagt yfir land stefnds án hans samþykkis, verður eigi heldur talið nokkurt brot á leigusamningnum, þar sem stefndur hefur tekið við því fé sem andvirði fyrir að falla frá kröfu um réttindi *sín* yfir þeirri lóðarspildu, er fór undir götuna. Hins vegar verður að telja það brot á leigusamningnum frá 1921, að stefndur hefur leyft byggingu gripahúss á lóðinni, þótt rétt sé, að það auðveldi ræktun lóðarinnar, en þar sem stefndur leyfði byggingu gripahússins aðeins þannig, að skúrinn skyldi fara, hvenær sem vera skyldi, og gat því látið hann fara af lóðinni, strax og landeigendur t. d. kröfðust þess, og nú hefur verið ómótmælt af

mótp. eignazt skúrinn sjálfur, verður að telja, að brot þetta sé svo lítilvægt, að það heimili eigi stefnanda að krefjast lóðarréttinda stefnds afhent landeigendum.

Heldur ekki verður talið rétt, að stefndum sé skylt að afhenda landeigendum 1000 kr. þær, er hann fékk hjá Baldvini Kristinssyni fyrir að selja honum leigutakarétt sinn til 369 fermetra af lóðarréttindum sínum, né þær kr. 1385.75, sem bærinn borgaði stefndum fyrir leigutakarétt hans til lóðarspildunnar undir götu, því að stefndur hefur ómótmæt haldið fram, að hann hafi selt aðeins rétt sinn til þessara lóðarspildna sem leigutaki, sbr. líka afsal hans til Baldvins Kristinssonar.

Hins vegar hefur stefndur fengið 10 kr. fyrir leyfi sitt til Helga Danielssonar til þess að byggja gripahús á lóð stefnds. Þar sem slíkt leyfi fer í bág við leigusamning stefnds við landeigendur, var leyfið réttarbrot gegn landeigendum, og fé það, er stefndur fékk fyrir slíkt, honum óheimilt, en þar sem stefnandi aðeins hefur gert endurkröfu á hendur stefndum til 2000 kr. vegna 2 fyrrgreindra lóðarspildna, en ekki til þessa fjár, verður dómur eigi lagður í þessu máli á endurgreiðslu umræddra 10 kr. til landeigenda. Eigi verður heldur talið, að stefndur hafi fyrirgert leigutakarétti sínum til lóðarréttindanna, vegna þess að hann hafi ekki ræktað lóðina að fullu. Lóðin er að vísu leigð „undir íbúðarhús og til ræktunar". En þar með verður að telja, að aðeins sé tilgreint eðlilegt og venjulegt takmark leigutaka með lóðina. Er bæði, að engin viðurlög eru, ef eigi er byggt á lóðinni eða lóðin eigi ræktuð, og að málflutningur aðilja gefur ekkert í skyn, að leigusali hafi gengið eftir því, að byggt væri á lóðinni eða hún ræktuð. En nú liggur fyrir í málinu, að byggt hefur verið á nokkrum hluta hinnar upprunalegu lóðar, sem sé á þeim lóðarhluta, er Baldvin Kristinsson síðar fékk, og að nokkur hluti lóðarinnar er þegar ræktaður, en í leigusamningnum frá 1921 eru engin ákvæði heldur um, hve mikið af lóðinni eigi að rækta (eða byggja á).

Verður því eigi talið, að stefndur hafi fyrirgert rétti sínum til lóðarinnar vegna þess, er skort hafi á fulla ræktun lóðarinnar. Það verður því að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefndum málskostnað með 150 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Jón Jóhannesson málflm., Siglufirði, sé sýkn af kröfu stefnanda í máli þessu.

Stefnandi, Pétur Bóasson, Siglufirði, f. h. eigenda jarðarinnar Hafnar, greiði stefndum kr. 150.00 í málskostnað. Hið

ídæmda ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. apríl 1943.

Kærumálið nr. 2/1943. **Jón Gíslason og Eric Christiansen**
gegn
Magnúsi Andréssyni.

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Um veitingu frests.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði úrskurður er kveðinn upp af Kristjáni Kristjánssyni, settum lögmanni.

Í kærumáli þessu, sem hæstarétti hefur verið sent með bréfi lögmannsins í Reykjavík 27. f. m. og hingað komnu 31. f. m., hafa sóknaraðiljar kært úrskurð, kveðinn upp í bæjarþingi Reykjavíkur 10. marz þ. á., um frest til handa varnaraðilja, og krefjast þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir dómarann að kveða upp efnisdóm í málinu. Umboðsmaður varnaraðilja, sem sent hefur einnig hæstarétti greinargerð um málið, krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðiljum gert að greiða varnaraðilja málskostnað.

Mál þetta er höfðað til greiðslu leigjugjalds, að fjárhæð kr. 150750.00 fyrir skipið „Hák", er samkvæmt samningi við varnaraðilja hafði verið fengið til að starfa að bjargtilraunum við togara, sem strandað hafði í Ólafsfirði. Var málið þingfest 10. desember f. á. Fékk umboðsmaður sóknaraðilja þá frest til 17. desember, en þann dag lagði hann fram greinargerð af sinni hálfu. Umboðsmaður varnaraðilja, hæstaréttarlögmaður Guðmundur Í. Guðmundsson, fékk þá frest í málinu til 21. janúar þ. á., og síðan fékk hann fresti til 11. febrúar, en þá synjaði umboðsmaður sóknaraðilja honum samþykkis til frekari frests, en tók sjálfur

vikufrest til að bóka kröfur í málinu, þar sem skjölin voru í vörzlum umboðsmanns varnaraðilja. Þegar málið var tekið til meðferðar í dómi 18. febrúar, lagði umboðsmaður varnaraðilja loks fram stutta greinargerð af sinni hálfu ásamt rækilegri skýrslu frá Einar M. Einarssyni fyrrverandi skipherra, er hlut átti að bjargtilraunum þeim, er í málinu getur. En hvorki var áður né þá ákveðið, hvort málið skyldi flutt munnlega eða skriflega, né aðiljum veittur sameiginlegur frestur til gagnasöfnunar, sbr. 109., 110. og 111. gr. laga nr. 85/1936. Í greindu dómþingi bað umboðsmaður varnaraðilja enn um 14 daga frest til að leiða vitni, en umboðsmaður sóknaraðilja andmælti honum, og tók dómari ágreining þenna til úrskurðar, er hann kvað upp 25. febrúar. Veitti hann frest til 4. marz þ. á., og skyldi vitnaleiðsla þá fara fram. En 4. marz tilkynnti Guðmundur Í. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður dómaranum, að sér væri ekki unnt að koma á dómþing þann dag, þar sem hann væri bundinn við umræður á Alþingi um frumvarp til laga um húsaleigu, en hann var framsögumaður í efri deild í því máli. Bað hann samkvæmt þessu um frest til vitnaleiðslunnar. Umboðsmaður sóknaraðilja andmælti frestbeiðninni, og tók dómari málið til úrskurðar, er hann kvað upp 10. marz, og veitti þá frest til 11. marz s. l. til vitnaleiðslunnar.

Umboðsmaður varnaraðilja virðist hafa notað lítið áður fengna fresti, en dómari veitti honum þó, svo sem áður segir, frest til 4. marz til vitnaleiðslu með úrskurði, sem ekki hefur verið kærður til hæstaréttar. Þá þykir ekki verða véfengd, eins og á stendur, sú skýrsla greinds málflutningsmanns, að hann hafi verið viðbundinn á Alþingi 4. marz á þeim tíma, er vitnaleiðslan skyldi fara fram. Loks var frestur sá, sem dómari veitti með úrskurði 10. marz, einungis einn sólarhringur og gat því ekki valdið mikilli aukinni töf. Samkvæmt ástæðum þeim, sem nú var lýst, þykir mega staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 10. marz 1943.

Með úrskurði bæjarþings, uppkveðnum 25. f. m., var stefndum veittur frestur í máli þessu til 4. þ. m., en er málið skyldi þá koma fyrir rétt og vitnaleiðsla fara fram í því, var þess farið á leit af hálfu umboðsmanns stefnds, að því yrði enn frestað, þar eð hann væri bundinn við störf sín sem alþingismaður. Þrátt fyrir mótmæli gagnaðilja verður að telja þessi forföll lögleg og með tilliti til þess, að eigi er vitað, nema umrædd vitnaleiðsla kunni að geta haft áhrif á úrslit málsins, þykir rétt að veita stefndum frest til 11. þ. m., kl. 2 e. h.

Því úrskurðast:

Stefndum í máli þessu skal veittur frestur til 11. marz 1943, kl. 2 e. h.

Miðvikudaginn 14. apríl 1943.

Nr. 78/1941. **Þorsteinn Þorsteinsson** (Eggert Claessen)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Gunnar J. Möller).

Skattamál.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. sept. 1941, krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og að hann verði aðeins dæmdur til að greiða tekjuskatt, eignarskatt og lífeyrissjóðsgjald árin 1937 og 1938, samtals kr. 1282.26. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir undirrétti og hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áður en áfrýjandi keypti húseign þá, er í málinu getur, hafði hún að mestu leyti verið notuð til rafmagnsiðju, járniðju og vörugeymslu og var niðurnídd. Áfrýjandi lét, þegar eftir að hann keypti eignina, framkvæma breytingar og viðgerðir á henni í því skyni að taka hana alla til íbúðar. Varði hann til þess fjárhæðum þeim, sem hann telur til viðhaldskostnaðar og vill fá dregnar frá tekjum þeim, er skattlagðar voru árin 1937 og 1938. Áfrýjandi varði ekki fjárhæðum þessum til þess að bæta úr rýrnun, er orðið hafði á húseigninni í eigu hans, heldur til þess að auka verðmæti eignarinnar frá því, sem verið hafði, er hann keypti hana. Var áfrýjanda því ekki heimilt að draga nefndar fjárhæðir frá tekjum sínum til skatts.

Framtal áfrýjanda árið 1938 var athugavert að ýmsu leyti. Því hefur verið ómótmælt haldið fram af hálfu stefnda, að skattstjóri hafi krafið áfrýjanda um nánari skýringar á nokkrum liðum framtalsins, en svör þau, sem áfrýjandi gaf við athugasemdum þessum, voru ófullnægjandi. Kom meðal annars upp, að áfrýjandi taldi til frádráttar tekjum sínum ógreidd opinber gjöld svo og kostnað til endurbóta á áðurgreindri húseign, er hann reiknaði sem viðhaldskostnað á henni. Eru því ekki ástæður fyrir hendi til þess að fella úr gildi áætlun skattstjóra um tekjur áfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu og þar sem tölulegur útreikningur skattstofunnar hefur ekki verið véfengdur, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 500 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorsteinn Þorsteinsson, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júní 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 6. maí 1940, af fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Þorsteini Þorsteinssyni kaupmanni, Laugaveg 52 hér í bænum, til greiðslu á vangoldnum tekju- og eignarskatti frá árunum 1937 og 1938, að fjárhæð kr. 3346.53 fyrra árið og kr. 619.56 síðara árið, svo og lífeyrissjóðsgjaldi frá sömu árum, kr. 188.50 og kr. 103.50, með vöxtum svo sem hér segir: af tekju- og eignarskattsupphæðunum ½% á mánuði (dráttarvextir) frá 1. júlí gjaldárs hvorrar upphæðar fyrir sig, en af lífeyrissjóðsgjaldinu 6% ársvexti frá sömu tímamörkum, allt til greiðsludags. Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu gegn því að greiða kr. 593.30 í tekju- og eignarskatt og kr. 83.00 í lífeyrissjóðsgjald fyrir árið 1936 og kr. 2,81 í tekju- og eignarskatt og kr. 14.00 í lífeyrissjóðsgjald fyrir árið 1937, allt án vaxta og kostnaðar.

Á árinu 1936 keypti stefndur fasteignina Óðinsgötu 25 og Baldursgötu 13 af þeim Eiríki og Jóni Ormssonum fyrir kr. 35650.00. Á framtali sínu til skatts árið 1937 fyrir árið 1936 taldi stefndur sér til gjalda „viðhaldskostnað" af fasteign þessari, samtals kr. 9926.05. Skattstjóri leit svo á, að þessi frádráttur væri óheimill, og hækkaði því skattskyldar tekjur stefnds um þessa upphæð, auk þess sem hann hækkaði eigin húsaleigu hans um kr. 800.00. Hækkuðu þá skattskyldar tekjur stefnds um kr. 10726.05, og var þá tekjuskattur hans kr. 3563.00. Eignarskattur stefnds nam eftir útreikningi skattstjóra kr. 113.40. Þessa skattaálagningu kærði stefndur til skattstjóra, er þá lækkaði eignarskatt hans í kr. 72.30, en lét tekjuskattinn standa í stað með tilvísun til 16. gr. B. 4. töluliðs í reglugerð um tekju- og eignarskatt frá 28. desember 1936. Nam þá tekju- og eignarskattur stefnds samtals kr. 3635.30.

Þessar ákvarðanir kærði stefndur til yfirskattanefndar, er lét þær standa óbreyttar.

Skaut stefndur nú máli sínu til ríkisskattanefndar, er úrskurðaði, að kostnaðurinn vegna fasteignarinnar kr. 9926.05 væri ekki frádráttarhæfur, en felldi úr gildi hækkun skattstjóra á leigu af eigin húsaleigu stefnds. Í samræmi við þetta varð tekjuskattur stefnds þetta ár kr. 3267.00 og eignarskattur óbreyttur kr. 72.30, eða skattarnir samtals kr. 3339.30 og ásamt kr. 7.23 eignarskattsauka, alls kr. 3346.53. Í samræmi við þetta varð lífeyrissjóðsgjald stefnds kr. 188.50.

Á framtali sínu 1938 fyrir árið 1937 taldi stefndur fram til gjalda kr. 4216.80 sem viðhaldskostnað fyrrnefndrar fasteignar. Skattstjóri neitaði að taka til greina sem frádráttarhæft meira en kr. 1716.80 af þessari upphæð og hækkaði því skattskyldar tekjur stefnds vegna þessa um kr. 2500.00. Enn fremur hækkaði hann þær um kr. 4647.00, er voru vangreitt skattar og útsvar frá fyrra ári, en stefndur hafði talið til frádráttar hjá sér. Auk þessa taldi skattstjóri framtal stefnds rangt og óábyggilegt að öðru leyti og áætlaði honum því nokkra tekjuhækkun. Samkvæmt þessu urðu skattur og lífeyrissjóðsgjald stefnds svo sem greinir í kröfum stefnanda hér að framan á árinu 1938.

Þessar ákvarðanir skattstjóra kærði stefndur fyrst til skattstjóra sjálfs, síðan til yfirskattanefndar og loks til ríkisskattanefndar, en fékk þeim í engu breytt.

Það var samhljóða álit allra stiga skattayfirvaldanna, að framtal stefnds árið 1938 hafi reynzt óábyggilegt, og verður því ekki dregin í efa heimild þeirra til að áætla tekjur hans, svo sem gert var, enda virðist áætlun þeirra hófleg. Og með því að ekki er um það deilt, að bæði skattur og lífeyrissjóðsgjald stefnds séu rétt reiknuð bæði árin, eftir því sem tekjur stefnds voru taldar nema, er ágreiningur aðilja ekki um annað en það, hvort kostnaður stefnds vegna fyrrgreindrar fasteignar, árið 1936 kr. 9926.05 og árið 1937 kr. 4647.00, skuli teljast frádráttarhæfur til skatts umrædd ár eða ekki.

Umrædd fasteign hafði um allmörg ár og alveg þangað til stefndur keypti hana verið notuð til rafmagns- og járniðju. Neðsta hæð var efnis- og vörugeymsla með hillum og skápum, sem fest voru í múrinn með járnboltum, er stórskemmdu hann. Önnur hæð var notuð fyrir vinnustofur. Voru þar ýmsar vélar stórar og smáar, er festar voru í gólf, veggi og loft með sverum járnnöglum. Var múrinn þarna því stórskemmdur og gólf mjög slitið. Aukadyr höfðu verið gerðar á útvegg fyrir þung stykki og innréttingu mjög breytt frá því, að húsið hafði verið notað til íbúðar. Alls konar eldhúsútbúnaður hafði verið tekinn burt. Þriðja hæð var notuð fyrir skrifstofur, og var hún einnig að ýmsu leyti breytt og skemmd sem íbúðarhæð. Auk þessara skemmda allra hafði húsinu verið mjög illa viðhaldið undanfarið, og var það að öllu leyti vanhirt og niðurnítt.

Stefndur keypti eignina í því skyni að breyta henni í íbúðarhús, og var kaupverð hennar, svo sem fyrr er sagt, kr. 35650.00. Fasteignamat var kr. 31900.00 og brunabótavirðing kr. 46556.00. Virðist því kaupverðið hafa verið lágt, miðað við venjulegt verð fasteigna hér í bænum í kaupum og sölum, enda var eignin keypt að undangenginni skoðun og í því skyni að breyta henni í íbúðarhús, og var auðsætt samkvæmt lýsingu á ástandi hússins hér að

framan, sem tekin er eftir bréfi stefnds til skattstofunnar, að húsið þurfti mjög mikilla og dýrra endurbóta, áður en það yrði íbúðarhæft. Verður því ekki annað ætlað samkvæmt framansögðu en að hið lága verð hússins, er að framan getur, hafi stafað af því, hve mikið þurfti að endurbæta það, og að stefndur hafi því fengið uppbót á hinu slæma ástandi þess í lækkuðu kaupverði. Er því ekki unnt að telja kostnað hans vegna hússins árið 1936 annað en aukna eign í því, og ber því að fallast á það með skattayfirvöldunum, að umræddur kostnaður sé ekki frádráttarhæfur til skatts.

Reikningar þeir, er stefndur hefur lagt fram um kostnað sinn af eigninni 1937, bera það með sér, að hann er að töluverðu leyti frá árinu 1936, og virðist að mestu vera beint framhald endurbótakostnaðarins það ár. Er því að mestu leyti það sama um hann að segja og kostnaðinn 1936. Þetta ár taldi stefndur kostnaðinn nema kr. 4216.80, en skattayfirvöldin tóku til greina sem frádráttarhæft kr. 1716.80 af þeirri fúlgu, svo sem áður er sagt. — Af því, sem nú var sagt, og eftir gögnum þeim, sem liggja fyrir, og flutningi málsins hér fyrir réttinum þykja ekki fram komin næg rök til að hnekkja ákvörðun skattayfirvaldanna um skatt stefnds árið 1938.

Samkvæmt framansögðu verða því lok máls þessa þau, að allar kröfur stefnanda verða teknar til greina, og ákveðst málskostnaður honum til handa kr. 400.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Þorsteinn Þorsteinsson, greiði stefnandanum, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, tekju- og eignarskatt árið 1937, kr. 3346.53 og árið 1938, kr. 619.56 með ½% vöxtum á mánuði frá 1. júlí gjaldárs hvorrar upphæðar til greiðsludags svo og lífeyrissjóðsgjald 1937 kr. 188.50 og 1938 kr. 103.00 með 6% ársvöxtum frá sömu tímamörkum til greiðsludags og loks kr. 400.00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. apríl 1943.

Nr. 59/1942. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs** (Gunnar J. Möller)
gegn
Ósvaldi Knudsen (Einar B. Guðmundsson).

Áunnin hlunnindi samkvæmt lögum nr. 57/1935 féllu ekki niður við afnám laga þessara.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Bjarni Pálsson, fulltrúi lögmanns.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. maí 1942, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtakið. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Telja verður, að ekki hafi verið unnt með afnámi laga nr. 57/1935 að svipta skattfrelsi og útsvars um 3 ár þau fyrirtæki, sem þessi hlunnindi höfðu áður verið veitt samkvæmt heimild í greindum lögum, sbr. 62. gr. stjórnarskrárinnar nr. 9/1920. Þykir því bera að staðfesta úrskurð fógeta.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst 800 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Ósvaldi Knudsen, kr. 800.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 22. apríl 1942.

Samkvæmt skattreikningi nr. 11216/1941 bar gerðarþola, Ósvaldi Knudsen málara, Hellusundi 6 hér í bænum, að greiða á manntalsþingi 15. ágúst 1941 samtals kr. 4705,87 til tollstjórans í Reykjavík sem innheimtumanns þar greindra opinberra gjalda. Hinn 30. desember 1941 greiðir gerðarþoli kr. 1361.34 inn á reikning þenna og tilkynnir jafnframt tollstjóranum, að hann muni ekki greiða eftirstöðvarnar, kr. 3344.53, án sérstaks úrskurðar dómstólanna. Tollstjórinn hefur því krafizt lögtaks hjá gerðarþola fyrir áðurnefndum eftirstöðvum, og hefur málið verið sótt og varið af umboðsmönnum beggja aðilja og var tekið til úrskurðar 17. þ. m.

Aðiljar hafa gert eftirtaldar kröfur fyrir réttinum:

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krefst þess, að hið umbeðna lögtak nái fram að ganga og að gerðarþoli verði úrskurðaður til að greiða umbj. hans málskostnað að skaðlausu. Umboðsmaður gerðarþola gerir þær réttarkröfur, að synjað verði um framgang lögtaksins og að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða umbj. hans málskostnað eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Þeir Ósvaldur Knudsen og Daniel Þorkelsson málaram. stofnuðu í sameiningu á árinu 1938 emailleringsbrennslu hér í bænum. Var hér um nýtt iðnfyrirtæki að ræða, og sneru þeir félagar sér því til atvinnumálaráðuneytisins með beiðni um, að fyrirtækið yrði aðnjótandi þeirra hlunninda, er lög nr. 57 28. jan. 1935 heimiluðu slíkum nýjum iðn- og iðjufyrirtækjum. Svaraði atvinnumálaráðuneytið þessari umleitun þeirra með bréfi, dags. 24. febr. 1939, og er emailleringsbrennslan með bréfi þessu undanþegin tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs í næstu 3 ár frá byrjun októbermánaðar 1938 að telja. Með 5. gr. laga nr. 9 5. maí 1941 eru fyrrnefnd lög nr. 57/1935 numin úr gildi, og lagði skattstjórinn þá á árinu 1941 tekju- og eignarskatt á gerðarþola vegna brennslunnar að hans hluta, en þessu vill gerðarþoli ekki hlíta. Telur hann sig hafa greitt það af skattreikningi sínum fyrir árið 1941, sem honum bar að réttu að greiða af tekjum sínum og eignum, ef frá séu taldar tekjur og eignir brennslunnar.

Enginn ágreiningur er um upphæð eftirstöðvanna.

Eins og áður er nefnt, voru lög nr. 57/1935 numin úr gildi með 5. gr. laga nr. 9/1941. Það orkar því ekki tvímælis, að undanþágur skv. lögum nr. 57/1935 verða ekki veittar eftir gildistöku laga nr. 9/1941. Hitt gæti verið spursmál, hvort síðarnefnd lög snerta að nokkru þær undanþágur, sem áður höfðu verið veittar og enn voru ekki fallnar úr gildi, þegar lög nr. 9/1941 komu til framkvæmdar. En með því að þessa er að engu getið í lögum nr. 9/1941, verður að álíta, að löggjafinn hafi ætlazt til þess, að slíkar undanþágur

skyldu falla niður, að því leyti sem undanþágu tímabilið var þá ekki útrunnið. Kemur þá til álita, hvort löggjafarvaldinu hafi verið heimilt að fella þannig niður undanþáguna, án þess að veita þá jafnframt undanþáguhafa rétt til skaðabóta vegna missis hennar.

Það virðist augljóst, að tilgangurinn með setningu laga nr. 57/1941 hafi verið sá, að hvetja menn til þess að stofnsetja ný iðn- og iðjufyrirtæki í þeim greinum, sem ekki höfðu verið starfræktar hér á landi áður, og styðja þannig að því að gera iðnaðinn í landinu fjölbreyttari. Var fyrsta fyrirtækinu í hverri slíkri grein heitið skattfrelsi í 3 ár frá stofnun þess, ef það uppfyllti að öðru leyti skilyrði laganna. Undanþágan var því langt frá því að vera almenn. Hún gilti meira að segja aðeins fyrir fyrsta fyrirtækið í hverri grein. Meðan undanþágan gilti, skyldi arður fyrirtækisins lagður óskiptur í varasjóð þess, að frádregnum í mesta lagi 4% af stofnfé, og var enginn greinarmunur gerður á því, hvort arðurinn yrði mikill eða lítill. Ákvæði þessi miða annars vegar að því að hjálpa félaginu yfir byrjunarörðugleikana og hins vegar að því að byggja upp fyrirtækið fyrir framtíðina. Má ætla, að rétturinn til þeirra hlunninda, sem lög nr. 57/1935 veittu, hafi oft ráðið miklu um það, að menn réðust í stofnun slíkra fyrirtækja. Undanþágan var veitt með sérstöku bréfi atvinnumálaráðuneytisins, og var því skylt að veita hana, ef fyrirtækið fullnægði settum skilyrðum. Hún gilti, eins og áður er nefnt, í 3 ár frá stofnun fyrirtækisins, en hvorki lengur né skemur.

Þegar litið er á það, í hvaða tilgangi lög 57/1935 voru sett og með hvaða skilyrðum undanþágan var veitt og þó einkum það, að undanþágutímabilið er einskorðað við 3 ár, verður að álíta, að gerðarþoli verði ekki sviptur hlunnindum sínum bótalaust, nema hann hafi sjálfur fyrirgert rétti sínum til undanþágunnar eða að verulegar forsendur fyrir veitingu hennar séu nú brostnar. Því hefur ekki verið hreyft hér fyrir réttinum, að gerðarþoli hafi ekki fyllilega haldið skilyrði laga nr. 57/1935, og af þeim gögnum, sem fyrir liggja í réttinum, verður ekki séð, að neinar verulegar forsendur fyrir veitingu hlunnindanna séu nú brostnar.

Samkvæmt þessu verður niðurstaðan hér í réttinum sú, að hið umbeðna lögtak skal ekki ná fram að ganga.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ekki ná fram að ganga. Málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 17. apríl 1943.

Nr. 127/1942. **Eigandi l/v Reykjaness G. K. 94**
(Theódór B. Líndal)
gegn
Eigendum v/s Báru G. K. 270 og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Árekstur skipa. Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. des. 1942 og krafizt algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjenda í málinu og málskostnaðar úr hendi þeirra fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjendur hafa af sinni hálfu áfrýjað málinu með stefnu 14. janúar þ. á. Krefjast þeir þess, að öll ábyrgð á tjóni vegna árekstrar l/v Reykjaness á v/s Báru verði dæmd á hendur aðaláfrýjanda. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

V/s Bára hafði legið áður dag þann, er áreksturinn varð, við ytri hlið v/s Minnie austan megin við vestri verbúðabryggjuna, en um kvöldið bilaði landfesti hennar, og var hún þá flutt um tíma að eystri verbúðabryggjunni í krókinn innan við l/v Reykjanes. En með því að stjórnendur hennar töldu of þröngt um hana þar, þá fluttu þeir hana aftur á sinn fyrra stað. Ekki verður séð, að stjórnendur v/s Báru hafi haft nokkra ástæðu til að óttast um, að festing Reykjaness og Andholmens væri ekki nægilega trygg, né að það verði talið þeim til ógætni, þó að þeir legðu bát sínum á nefndan stað, sem ætlaður er bátum af þeirri stærð. Þykja því gagnáfrýjendur ekki eiga að bera hluta af tjóninu. Að þessu athuguðu og með því að fallast má á það álit sjódómsins, að stjórnendur l/v Reykjaness hafi ekki gætt nægilegrar varkárni, þá ber að taka til greina kröfur gagnáfrýjenda í málinu á hendur aðaláfrýjanda, en ekki verður í þessu máli um það dæmt, hvort eða að hverju leyti

aðaláfrýjandi á endurgjaldskröfu á hendur eiganda Andholmens.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað fyrir báðum dómum, samtals kr. 800.00.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, eigandi l/v Reykjaness G. K. 94, beri gagnvart gagnáfrýjendum, eigendum v/s Báru G. K. 270, ábyrgð á tjóni því, er varð af árekstri þeim, er í máli þessu greinir.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum kr. 800.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 15. des. 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 26. marz þ. á., af eigendum v/b Báru G. K. 270 gegn Pétri Ó. Johnson, eiganda l/v Reykjaness G. K. 94, til greiðslu skaðabóta vegna árekstrar, að upphæð kr. 43828.59, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati réttarins. Einnig hafa stefnendur krafizt sjóveðréttar í l/v Reykjanesi.

Með samkomulagi aðilja og samþykki réttarins hefur málflutningurinn snúizt um það eitt, hver verði talinn eiga sök á umræddum árekstri, og hefur stefnandi því gert þær dómkröfur í þessum hluta málsins, að viðurkennt verði með dómi, að stjórnendur l/v Reykjaness eigi sök á árekstrinum og stefndum beri því að bæta það tjón, er af því hlauzt, svo og að honum verði gert að greiða málskostnað fyrir þenna hluta málsins.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar sér til handa.

Tildrög málsins eru þau, að hinn 13. nóv. f. á. lagðist l/v Reykjanes, sem var 103 smálestir að stærð, með leyfi hafnaryfirvalda að eystri verbúðabryggjunni hér í bæ og lá þar síðan næstu daga. Þann 25. nóv., síðari hluta dags, tók að hvessa af austri, og var vindur orðinn 6 stig kl. 9 um kvöldið. Um tíu-leytið kom skipstjórinn um borð, en þar var þá aðeins einn varðmaður. Sagði skipstjórinn honum að skipa norsku skipi, Andholmen (um 80—90 smálestir), er lá utan á Reykjanesinu, að fara frá, ef meira hvessti,

og kvaðst skipstjórinn mundu koma aftur um miðnættið. Vindur fór æ vaxandi og mun hafa náð 10 vindstigum um og eftir flóð, sem var um 11-leytið um kvöldið. Klukkan að ganga tólf slitnaði kaðall, sem festur var úr skipinu í hring á bryggjunni, og var tvöfaldur 2¾" vír einnig bundinn í þann hring. Háseti á skipinu, sem þá var kominn á vettvang, tók að reyna að auka festar skipsins, en varðmaðurinn skipaði Norðmönnunum að fara frá með skip sitt. Þeir skeyttu því þó engu, heldur bundu skipið enn betur við Reykjanesið, og var það eina festingin, sem það hafði. Skömmu síðar bilaði hringurinn í bryggjunni, sem Reykjanesið hafði fest sig í, og rak skipið þá frá bryggjunni undan veðrinu með Andholmen utan á sér. Skömmu áður en þetta varð, lá vélbátur stefnanda, Bára (38 smálestir að stærð), ofar við sömu bryggju og Reykjanes, og utan á honum minni bátur, Ísfell (8 smálestir að stærð). Er veðrið fór síversnandi, töldu bátverjar á þessum skipum, að athugavert væri að vera þarna kyrrir, og fluttu bátarnir sig því að vestri verbúðabryggjunni, gegnt hinni bryggjunni, og lögðust þeir þar utan á annan vélbát, Minnie S. U. 576. Mun þetta hafa verið um hálftíma áður en Reykjanesið og Andholmen tók að reka, en, að því er virðist, rákust þau síðan á Báruna og Ísfellið, sökktu Ísfellinu og ollu miklum skemmdum á Bárunni.

Telja stefnendur, að stjórnendur l/v Reykjaness eigi alla sök á umræddum árekstri og beri stefndum því að bæta allt tjón, er þeir hafi af þessu hlotið. Það sé sérstaklega ámælisvert, að skipstjórinn á Reykjanesinu, sem kom á vettvang um tíu-leytið og hafi hlotið að sjá, að veður fór mjög versnandi, skyldi ekki þá þegar gera ráðstafanir til öryggis skipinu. Engir siglingafróðir menn hafi verið hafðir um borð og alveg sérstaklega hafi vantað, að vélstjórinn væri þar til taks, en mjög sennilegt sé, að umræddum árekstri hefði að verulegu leyti orðið afstýrt, ef vél skipsins hefði verið í gangi, þar sem það tókst að koma skipinu að annarri bryggju með vélaraflí einu, eftir að árekturinn var orðinn. Skipstjóranum hafi og borið skylda til að gera ráðstafanir til, að hið norska skip flytti sig strax í burtu, enda hafi hann vitað, að bryggja sú, er hann lá við, er ekki ætluð fyrir svo stór skip sem Reykjanesið og Andholmen, heldur fyrir miklu minni báta.

Það þykir verða að fallast á það með stefnendum, að skipstjórinn á Reykjanesinu hafi ekki gætt tilhlýðilegrar varúðar að þessu leyti, þegar hann kom þarna á staðinn um kvöldið. Verður því að telja, að stjórnendur Reyjaness eigi sök á umræddum árekstri, og getur sýknukrafa stefnds því ekki orðið tekin til greina, enda skiptir það ekki máli hér, þótt stjórnendur Andholmens verði einnig taldir eiga sök á þessu með atferli sínu, þar sem stefnendur geta að íslenzkum lögum sótt hvorn eigenda skipanna, er þeir kjósa, um greiðslu bóta, er svo stendur á.

Því hefur verið hreyft af hálfu stefnds, að stjórnendur Báru hafi ekki farið gætilega að með því að flytja bátinn að vestri verbúðabryggjunni, áveðurs, rétt áður en áreksturinn varð.

Skipstjórinn á Báru hefur borið það hér fyrir rétti, að þegar skipið var fært, hafi hún getað lagzt svo að segja hvar sem var á höfninni, en hins vegar hafi það verið talið bezt og öruggast að leggjast utan á Minnie, eins og gert var. — Í sjótjónsskýrslu sinni segja skipverjar á Báru, að skipið hafi ekki áður verið statt í neinni hættu, nema af árekstri skipa, og verður rétturinn því að telja, að stjórnendur Báru hafi eigi farið gætilega að, ef þeir vildu firra skipið þessari hættu, með því að kjósa sér legustað beint undan veðrinu gegnt skipum þeim, sem helzt var hætta á, að ræki. Þykja því stjórnendur Báru einnig eiga nokkra sök á árekstri þessum, en eftir því, hvernig atvikum var háttað, telst vera rétt, að stefnendur beri ¼ hluta tjóns þess, er af hlauzt, og stefndur ¾ hluta þess. — Einnig þykir rétt, að stefndur greiði stefnandanum 200 kr. í málskostnað fyrir þenna hluta málsins.

Réttinn skipuðu: hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Jón Axel Pétursson hafnsögumaður og Þorgrímur Sigurðsson skipstjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stjórnendur l/v. Reykjaness G. K. 94 teljast eiga meginsök á árekstri þeim, er að framan greinir, og ber stefndum, Pétri Ó. Johnson, eiganda l/v. Reykjaness, að bæta stefnendum, eigendum v/b Báru G. K. 270, tjón það, er af hlauzt, að ¾ hlutum, en stefnendur beri sjálfir tjón sitt að ¼ hluta.

Stefndur greiði stefnendum kr. 200.00 í málskostnað fyrir þenna hluta málsins innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 17. apríl 1943.

Kærumálið nr. 3/1943. **Sigurjón Jónsson**
gegn
Garðari Þorsteinssyni.

Frestbeiðni synjað.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Kristján Kristjánsson, settur lögmaður.

Í kærumáli þessu, sem hæstarétti hefur verið sent með bréfi lögmannsins í Reykjavík 16. þ. m. og hingað komnu sama dag, hefur sóknaraðili kært úrskurð, kveðinn upp í uppboðsþingi Reykjavíkur 12. þ. m., þar sem honum er synjað frests. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og frestur sá veittur, sem um er beðið. Varnaraðili, sem sent hefur hæstarétti greinargerð um málið, krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Eftir gögnum þeim, sem fyrir hendi eru, hefur varnaraðili í bréfi, dags. 5. febr. s. l., til uppboðshaldara Reykjavíkur beðið um nauðungaruppboð á húseigninni nr. 7 við Þverholt hér í bænum samkvæmt heimild í veðskuldabréfi, útgefnu 21. júlí 1942, af Guðmundi H. Þórðarsyni til handhafa, að fjárhæð kr. 80000.00. Hús þetta var síðan auglýst til uppboðs, en er uppboð skyldi fara fram 12. þ. m., var frests krafizt af hálfu sóknaraðilja, sem telur Guðmund H. Þórðarson hafa afsalað sér húsinu 25. ágúst 1942, en hvorki hafa eignarheimildir Guðmundar H. Þórðarsonar né sóknaraðilja verið lagðar fram í uppboðsréttinum, og ekki hafa þær verið þinglesnar.

Með skírskotun til raka þeirra, er greinir í hinum kærða úrskurði, þykir mega staðfesta hann. Rétt þykir, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum kærða úrskurði skal óraskað.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur 12. apríl 1943.

Hdm. Guttormur Erlendsson hefur í uppboðsrétti í dag krafizt þess f. h. Sigurjóns Jónssonar sem eiganda hússins nr. 7 við Þverholt, að nauðungaruppboði á eign þessari verði frestað til næstkomandi fimmtudags, til þess að hann geti látið fram fara aðiljayfirheyrslu og vitnaleiðslu í því skyni að rökstyðja þá aðalkröfu sína, að uppboðið fari ekki fram. Er sú krafa byggð á því í fyrsta lagi, að tryggingarbréfið á rskj. nr. 5 sé gefið út af Guðmundi H. Þórðarsyni, sem ekki hafi verið formlegur eigandi húseignarinnar, eins og áritun á bréfið beri og með sér, og geti uppboðs-

beiðandi því ekki hafa verið í góðri trú. Í öðru lagi hafi Sigurjón Jónsson keypt húsið þann 25. ágúst s. l., en þá hafi ekki verið búið að afhenda rskj. nr. 5 til þinglestrar og standi réttur uppboðsbeiðanda því að baki rétti Sigurjóns, og í þriðja lagi sé umrætt bréf til tryggingar 40 þús. kr. láni uppboðsbeiðanda til útgefanda bréfsins, en ekki 80 þús. kr.

Uppboðsbeiðandi hefur mótmælt þessari frestbeiðni, og hafa aðiljar lagt ágreininginn undir úrskurð réttarins.

Nauðungaruppboð á húseign þessari var auglýst í Lögbirtingablaðinu 26. febr., 5. og 12. marz þ. á., og virðist frestbeiðandi því hafa haft nægan tíma til öflunar gagna til stuðnings aðalkröfu sinni, en engin slík gögn liggja nú fyrir. Með tilliti til þessa svo og þess, að ekki þykja nægar líkur að því leiddar, að framangreindar málsástæður geti haft áhrif á framgang uppboðsins, og framlögð skjöl eru í samræmi við kröfu uppboðsbeiðanda, þá þykir ekki, eins og á stendur, unnt að taka framangreinda frestbeiðni til greina.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Föstudaginn 30. apríl 1943.

Nr. 131/1942. **Réttvísin** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Þóroddi Guðmundssyni (Theódór B. Lindal).

Brot gegn 108. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Jón Sigurðsson cand. jur., setudómari samkvæmt umboðsskrá.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, gerði í nóvember 1935 fyrir hönd bæjarstjórnar Siglufjarðar sérleyfissamning um framleiðslu og sölu rafmagns á Siglufirði við I. C. Möller f. h. fjögra félaga í Kaupmannahöfn, en h/f Skeiðfoss gekk síðar inn í samning þenna. Einu til tveimur árum síðar keypti Guðmundur Hannesson rafeldavél af I. C. Möller fyrir 550—570 krónur, og um sama leyti gaf I. C. Möller honum rafofn, sem talinn er 30—35 króna virði.

Þann 8. janúar 1942 ber ákærður fram í blaði sínu fyrirspurn þá, sem hann er saksóttur fyrir. Með því að fyrirspurn þessi er til þess löguð að gera starf bæjarfógetans tortryggilegt í augum almennings, en hefur ekki við rök að styðjast, að því er aðalverðmætið varðar, þá hefur kærður gerzt brotlegur við 108. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsingin hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.

Þar sem hvorki hefur verið stefnt til ómerkingar né greiðslu sakarkostnaðar, þá verða ummælin ekki ómerkt, og verður að leggja sakarkostnað allan á ríkissjóð, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 200.00 til hvors.

Rannsókn máls þessa er ónákvæm að ýmsu leyti. Sérstaklega er það aðfinnsluvert, að ekki hefur verið lagt fram eintak af blaði því, er hin átöldu ummæli birtust í. Þá er það og mjög vítavert, að ákærða hefur ekki verið stefnt til greiðslu málskostnaðar né ómerkingar ummæla. Loks er atvikalýsingu í héraðsdómi áfátt, og ekki er þess getið í niðurstöðu hans, hver bera eigi sakarkostnað.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Þóroddur Guðmundsson, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Theódórs B. Líndals, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 15. okt. 1942.

Mál þetta, sem var dómtekið þann 31. júlí s. l., er höfðað samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins og með stefnu, útgefinni þann 29. júlí s. l., gegn ákærðum, Þóroddi Guðmundssyni, ábyrgðar-

manni vikublaðsins „Mjölnis“, Siglufirði, til refsingar eftir XII. og XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

Málsatvik eru þessi: Í vikublaðinu „Mjölni“ 1. tbl. 5. árgangs, sem út kom á Siglufirði þann 8. jan. 1942, birtist smágrein undir fyrirsögninni: „Hvernig gat hann setið á sér?“ Síðast í grein þessari stendur: „Ég (sic) hvernig var það, er það satt, að I. C. Möller hafi gefið þér rafofn og rafeldavél?“

Með bréfi, dags. 16. jan. 1942, til dómsmálaráðuneytisins hefur Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti í Siglufirði, krafizt þess, að opinber rannsókn yrði hafin gegn ábyrgðarmanni blaðsins, ákærða í máli þessu, og krafizt þess, að hann yrði dæmdur til refsingar fyrir ummæli þessi eftir XXV. kafla alm. hegningarlaga og 108. gr. sömu laga. Að undangenginni þessari rannsókn ákvað svo dómsmálaráðuneytið með bréfi, dags. 17. júlí s. l., að höfða skyldi mál þetta gegn ákærðum, eins og áður getur.

Við rannsókn málsins hefur Guðmundur Hannesson haldið því fram, að tilfærð setning úr nefndri blaðagrein hafi komið þeim orðrómi af stað í bænum, þ. e. Siglufjarðarkaupstað, að hann hafi þegið í mútur af I. C. Möller eða H/F. Skeiðfoss rafofn og rafeldavél. Guðmundur Hannesson hefur þó eigi getað fært rök fyrir þessari staðhæfingu sinni og eigi heldur getað tilgreint neina, er hafi sagt honum, að þessi orðrómur gengi um bæinn, en heldur því þó fram, að margir hafi sagt sér þetta.

Ákærður hefur haldið því fram, að hann hafi heyrt orðróm í bænum um það, að I. C. Möller eða H/F Skeiðfoss hafi gefið Guðmundi Hannessyni rafofn og rafeldavél, en að þessi orðrómur sé eldri en blaðagreinin, og séu hin tilfærðu orð greindrar blaðagreinar sett fram aðeins til þess að fá svar Guðmundar Hannessonar við því, hvort þessi orðrómur sé réttur eða ekki. Hins vegar getur ákærður eigi tilgreint neina ákveðna menn, er hafi sagt sér frá þessum orðróm, en heldur þó fast við það, að hann hafi oft heyrt þetta sagt. Ákærður kveðst hafa skrifað umrædda blaðagrein, en síðar kveður hann sig ekki hafa skrifað hana, en hefur þó eigi getað nafngreint neinn annan, er hafi skrifað hana. Verður því að telja, að hann beri ábyrgð á greininni.

Enda þótt það þyki eigi sannað, að tilgreind orð nefndrar blaðagreinar hafi komið af stað orðrómi um það, að Guðmundur Hannesson hafi fengið rafofninn og rafeldavélina að gjöf, þá þykir þó upplýst af rannsókn málsins, að orðrómur hafi gengið í bænum um þetta. Ákærður hefur sagt við rannsókn málsins, „að ef það sé rétt, að Guðmundur Hannesson hafi fengið þessa gripi (þ. e. rafofninn og rafeldavélina) að gjöf, þá sé það sennilegasta skýringin á því, að það hafi verið mútur.“

Af framansögðu þykir því ljóst, að tilgreind setning: „Ég (sic) hvernig var það, er það satt, að I. C. Möller hafi gefið þér rafofn

og rafeldavél?", sé sett fram í þeim tilgangi og á refsiverðan hátt að viðhalda og útbreiða þenna orðróm. Af þeim ástæðum hefur ákærður orðið sekur um lagabrot, og verður því eigi sýknukrafa hans né heldur málskostnaðarkrafa til greina tekin.

Brot ákærða, Þórodds Guðmundssonar, Siglufirði, þykir réttilega heimfært undir 235. gr. alm. hegn.laga nr. 19 12. febr. 1940 og refsing hans hæfilega ákveðin með tilliti til efnahags ákærða 200 króna sekt í ríkissjóð, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sé sýkn af frekari ákæru réttvísinnar í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að kostnaður þessa máls greiðist úr ríkissjóði. Ákærður, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, hefur áður sætt eftirfarandi dómum og ákærum:

Samkvæmt dómi Hæstaréttar 22. febr. 1935: 3ja mánaða einfalt fangelsi fyrir brot gegn 83. gr. 4. mgr. sbr. 48. gr. hegn. laganna.

Samkvæmt dómi Hæstaréttar 24. nóv. 1937: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 99. gr. 1. mgr. hegn.laganna og lögreglusamþykkt Siglufjarðarkaupstaðar.

Samkvæmt dómi Hæstaréttar 20. des. 1940. Sýknað fyrir meint brot gegn 102. gr. hegn.laganna.

Verulegur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa, en hann þykir réttlættur með því, að dómarinn, sem búsettur er í Reykjavík, hefur vegna anna eigi komið því við fyrr en nú að gera sér ferð til Siglufjarðar, en rétt þótti að kveða dóminn upp þar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Þóroddur Guðmundsson, Siglufirði, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð fyrir brot gegn 235. gr. l. nr. 19 12. febr. 1940, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sé sýkn af frekari ákæru réttvísinnar í máli þessu. Dómnum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 30. apríl 1943.

Nr. 121/1942. **Jónas Jónsson**
gegn
Sigurgeiri Sigurjónssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jónas Jónsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. apríl 1943.

Nr. 4/1943. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Bjarna J. Jóhannessyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. apríl 1943.

Nr. 5/1943. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Jóni Ketilssyni og Guðmundi Ingimundarsyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. apríl 1943.

Nr. 6/1943. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Sigurjóni Jónssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. apríl 1943.

Nr. 12/1943. **Stefán Pétursson**
gegn
Konráði Gíslasyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Stefán Pétursson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. maí 1943.

Nr. 52/1942. **Réttvísin** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Aðalsteini Ingimundarsyni
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Brot gegn 199. gr. hegingarlaga nr. 19/1940.

Dómur hæstaréttar.

Ekki þykir fullyrðandi gegn staðhæfingu ákærða, að hann hafi gert sér grein fyrir því, að stúlkan hafi verið

sofandi, er hann hóf samfarir við hana, og verður ákærði því ekki sakfelldur eftir 195. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar hlaut ákærða samkvæmt þeim aðstæðum, sem í héraðsdómi greinir, að vera það ljóst, að stúlkan áleit sig hafa samfarir við mann þann, sem hún gekk til sængur með. Er því brot ákærða réttilega heimfært undir 199. gr. almennra hegningarlaga, og ber að staðfesta héraðsdóminn með ofangreindri athugasemd, þó þannig, að refsing ákærða verði 5 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að refsing ákærða, Aðalsteins Ingimundarsonar, verði 5 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 16. apríl 1942.

Ár 1942, fimmtudaginn 16. apríl, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 376/1942: Réttvísin gegn Aðalsteini Ingimundarsyni, sem tekið var til dóms hinn 3. fyrra mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Aðalsteini Ingimundarsyni verkstjóra, til heimilis á Njálsgötu 33 B hér í bæ, fyrir brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febr. 1940. Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. september 1907, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:
1934 $^{1}/_{12}$ Sátt: 5 kr. sekt fyrir brot á 43. gr. lögr.samþ. Rvíkur.
1934 $^{1}/_{12}$ Sátt: 20 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
1938 $^{2}/_{6}$ Sátt: 30 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.

1938 $^{30}/_{5}$ Sátt: 10 kr. sekt fyrir of hraðan bifreiðarakstur.
1939 $^{17}/_{1}$ Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1939 $^{7}/_{3}$ Sátt: 40 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Ákærður hefur herbergi á leigu í húsinu nr. 33 B við Njálsgötu. Tvo síðustu mánuði fyrra árs leifði hann kunningja sínum, Ólafi Stefánssyni bifreiðarstjóra, að sofa í herberginu, og þegar þeir voru báðir heima, sváfu þeir saman í rúmi ákærðs, en rúmið er að innanmáli 190 × 85 cm og stendur upp við vegg. Á þessum tíma var ákærður við vinnu austur í Kaldaðarnesi og var því lítið heima, og svaf þá Ólafur einn í rúminu. Auk þeirra bjó í herberginu Jón Metúsalemsson verkamaður og svaf á legubekk.

Ólafur Stefánsson bifreiðarstjóri skildi að samvistum við eiginkonu sína um mánaðamót október og nóvember síðastliðinn, án þess þó að skilnaður væri fenginn. Síðastliðin 2—3 ár hefur hann þekkt Vilhelmínu Lovísu Davíðsdóttur verksmiðjustúlku, Vatnsstíg 9 hér í bænum, og tóku þau að hafa holdlegar samfarir saman nokkrum mánuðum fyrir síðastliðin áramót. Á þeim tíma, er hér skiptir máli, voru þau heitbundin hvort öðru, en þó ekki opinberlega. Stundum, þegar ákærður var ekki heima, sváfu þau saman í rúmi hans á Njálsgötu 33 B.

Ákærður vissi ekki, að þau Ólafur og Vilhelmína væru trúlofuð, en vissi, að þau voru mikið saman og að þau höfðu oft verið saman heima hjá honum, þegar hann var ekki heima. Man ákærður, að hann hefur í ca. tvö skipti komið í herbergið síðla kvölds, og hafa þau þá bæði verið í rúminu, en í bæði skiptin klæddi stúlkan sig og fór burtu. Þessi not þeirra af rúminu hefur ákærður látið afskiptalaus og hvorki leyft þau né bannað. Þau ákærður og Vilhelmína þekktust ekki fyrr en ákærður og Ólafur tóku að búa saman. Eftir það sáust þau oft, og kom ákærður jafnan fram af góðvild og kurteisi við Vilhelmínu. Vissi ákærður ekkert lauslæti um hana eða, að hún hefði samband við aðra karlmenn en Ólaf.

Hinn 30. desember s. l. kom ákærður hingað til bæjarins og ætlaði að verða hér fram yfir nýjárið. Á gamlárskvöld var hann framan af kvöldinu með enskum hermönnum, kunningjum sínum, en fór síðan á dansleik. Ekki minntist hann á við Ólaf, hvenær hann mundi koma heim af dansleiknum, enda var Ólafur ekki heima, þegar ákærður afréð að fara þangað. Hermennirnir gáfu ákærðum vín, svo að hann komst nokkuð undir áhrif þess, og á dansleiknum drakk hann öl, svo að áhrifin héldust.

Ólafur vissi, að ákærður fór á dansleikinn, og taldi, að hann mundi ekki koma heim um nóttina, og heldur hann því fram, að ákærður hafi oft ekki komið heim fyrr en daginn eftir, þegar hann fór á dansskemmtanir. Ákváðu Ólafur og Vilhelmína því að sofa í rúmi ákærðs þessa nótt. Þau komu í herbergið um kl. 2 um nóttina. Þar

var þá fyrir enskur maður, sem ákærður og Ólafur þekktu báðir, að bíða eftir ákærðum. Maður þessi var með áfengi, og drakk Ólafur litilsháttar af því með honum, og Vilhelmína bragðaði aðeins á því, en hvorugt þeirra kveðst hafa fundið á sér áhrif af því. Um kl. 3 um nóttina fór hinn enski maður, og háttuðu þau þá í rúmið. Ólafur lá frammi við stokkinn, en Vilhelmína fyrir ofan hann, og var hún klædd skyrtubol og undirkjól, en buxnalaus. Þau sofnuðu brátt, en höfðu áður dregið fyrir herbergisgluggann, og var því algert myrkur í herberginu.

Sennilega klukkan að ganga 5 um nóttina kom ákærður af dansleiknum heim í herbergið, eitthvað undir áhrifum áfengis. Hann kveikti ljós í herberginu, þegar hann kom inn, og sá þá, að Ólafur og Vilhelmína lágu bæði sofandi í rúminu. Vilhelmína lá á bakið, en Ólafur á hliðinni og sneri að henni og hafði lagt annan handlegginn yfir hana. Ákærður reyndi að vekja Ólaf og hristi hann til, en hann vaknaði ekki. Vilhelmínu reyndi ákærður ekki að vekja. Ákærður ákvað nú að hátta í rúmið, en það kveðst hann aldrei mundu hafa gert, ef hann hefði ekki verið undir áhrifum áfengis. Hann afklæddi sig, svo að hann var einungis í ermalausum nærskyrtubol og stuttum nærbuxum, slökkti ljósið og smeygði sér upp í rúmið fyrir ofan stúlkuna. Þar gat hann vegna þrengslanna ekki legið nema á hliðinni og lá nánast á rúmbrikinni, og sneri hann sér að stúlkunni. Ofan á Ólafi og Vilhelmínu var yfirsæng og teppi þar ofan á. Ákærður hafði teppið ofan á sér og reyndi að komast undir yfirsængina, en hann minnir, að það hafi ekki tekizt.

Klukkan langt gengin 5 um nóttina, eða skömmu eftir að ákærður kom heim, kom Jón Metúsalemsson af dansleik heim í herbergið. Hann kveikti ljós í herberginu og sá þau þrjú, er í rúminu voru. Ólafur lá fremst og sneri fram í rúminu. Vilhelmína í miðið og lá á bakið, og sváfu þau bæði, en ákærður efst á hliðinni, sneri sér að stúlkunni og var vakandi. Jón sá ekki vín á ákærðum og minnir, að ákærður talaði ekkert við sig annað en að hann bað Jón um að slökkva ljósið. Það gerði Jón um leið og hann háttaði. Hann sá, að teppið náði yfir ákærðan, en tók ekki eftir, hvort sængin gerði það. Meðan hann sá til, lét ákærði stúlkuna afskiptalausa, og eftir að Jón slökkti ljósið og lagðist út af, varð hann ekki var við, að ákærður hefðist neitt að gagnvart stúlkunni. Jón sofnaði brátt, eftir að hann lagðist fyrir.

Þegar Jón var sofnaður, var ástandið þannig í herberginu, að hann, Ólafur og Vilhelmína sváfu öll, en ákærður vakti, og í herberginu var almyrkt. Óvíst er, hvað klukkan var um nóttina, en það hefur sennilega verið skömmu eftir að Jón sofnaði, þegar atburður sá, sem nú verður lýst, gerðist. Hefur hver þeirra, er í herberginu voru, sína sögu að segja um atburðinn, og skulu þær frásagnir nú raktar.

Vilhelmína Lovísa skýrir svo frá, að hún hafi losað svefninn við það, að hún fann, að maður var kominn ofan á hana og farinn að hafa samfarir við hana. Hún taldi fyrst, að þetta væri Ólafur, og kveðst fúslega mundu hafa leyft honum samfarir við sig. Hún fálmaði nú um höfuð mannsins og fann, að hann var sköllóttur, og um leið fann hún til Ólafs í rúminu við hliðina á sér. Varð henni þá ljóst, að það var ekki Ólafur, sem farinn var að hafa samfarir við hana, og varð hún strax viss um, að það væri ákærður. Hún kveður það hafa gerzt í einni svipan, að hún varð mannsins vör ofan á sér og hún fékk vitneskju um, að það var ekki Ólafur. Um leið og hún fékk þessa vitneskju, varð hún ofsalega hrædd, hljóðaði upp yfir sig og brauzt undan ákærðum, sem hélt um báðir axlir hennar, án þess þó að beita afli. Hún stökk fram á gólfið og kveðst þá hafa verið viti sínu fjær af hræðslu. Ólafur vaknaði einnig og fór fram á gólf og kveikti ljós. Henni tókst brátt að gera honum skiljanlegt, hvað gerzt hafði. Hún sá nú, að ákærður lá efst í rúminu og sneri til veggjar, og segir hún hann hafa látizt sofa. Nokkru síðar fór hún burt úr herberginu í fylgd með Ólafi, en þá var hún að þeirra beggja sögn svo taugaóstyrk, að hún gat ekki gengið heim, og urðu þau þess vegna að aka í bifreið. Hún kveðst hafa verið svo tryllt af geðshræringu, meðan hún var í herberginu, eftir að hún fór úr rúminu, að hún muni ekki, hvað hún þá sagði. Hins vegar kveðst hún muna, að Ólafur vakti ákærðan óþyrmilega, en ákærður þóttist ekkert um atburðinn vita. Síðan sagði hann við Vilhelmínu, að ef hann hefði gert henni eitthvað, bæði hann hana fyrirgefningar, en hún sagðist ekki fyrirgefa honum.

Þegar Vilhelmína vaknaði til fulls, var henni ljóst, að getnaðarlimur ákærðs var inni í getnaðarfærum hennar, en ekki getur hún um það sagt, hvort honum varð sáðfall. Frekar telur hún, að svo hafi ekki verið. Ekki varð stúlkan fyrir neinum meiðslum við atburð þenna, en hún kveðst hafa orðið fyrir taugaáfalli, og verður nánar að því atriði vikið síðar. Sannað er, að hún varð ekki þunguð við samfarir þessar.

Ákærður skýrir svo frá:

Þegar hann slökkti ljósið, vissi hann ekki annað en að stúlkan svæfi. Hann lagðist á hliðina og sneri að henni. Þá sneri hún, sem hafði legið á bakinu, sér að honum og lagði annan handlegginn yfir hann. Hann klemmdi sig þá upp að henni, og setti hún, sem var ber upp fyrir mitti, þá vinstra lærið yfir hann, og datt honum í þessum svifum í hug að hafa samfarir við hana. Hann bar nú getnaðarlim sinn að kynfærum hennar og tókst strax að koma honum inn í þau. Honum þótti þetta óþægilegar stellingar og ýtti litið eitt við henni, og lagðist hún þá sjálfkrafa á bakið. Fór hann þá þegar ofan á hana og tók að hafa við hana samfarir. Þær stóðu lengi yfir, og lyfti stúlkan sér upp gegn ákærðum með eðlilegum hætti. Meðan

á samförunum stóð, kyssti ákærður hana laust á munninn. Ekki getur hann gert sér grein fyrir, hvort hún kyssti á móti, en heldur frekar, að hún hafi ekki gert það. Honum varð ekki sáðfall, og eftir að hann hafði lengi framið samræðishreyfingar á stúlkunni, varð hann þreyttur. Hann spurði hana þá, „hvort hún væri búin", en því svaraði hún engu. Eftir það hélt hann eitthvað áfram samræðishreyfingum og sofnaði síðan, en honum er óljóst, hvort hann sofnaði ofan á henni eða við hlið hennar. Hann vaknaði svo við, að hann fékk bylmingshögg í höfuðið, og telur hann Ólaf hafa greitt sér það. Voru þá bæði Vilhelmína og Ólafur komin fram úr rúminu, og var Ólafur mjög æstur og sagði, að ákærður hefði nauðgað stúlkunni, en því bar ákærður á móti. Meðan ákærður átti mökin við stúlkuna, sagði hún ekkert og framkvæmdi engar hreyfingar aðrar en þær, er tilheyrðu samförunum, en einungis af þeim hreyfingum ályktaði ákærður, að hún væri vakandi, en það áleit hann hana vera allan þann tíma, er mök þeirra stóðu yfir. Þá neitar ákærður að hafa orðið var við, að stúlkan brytist undan sér. Hann minnist þess ekki, að stúlkan fálmaði um hann, né heldur man hann, hvernig hún hafði handleggina, meðan samfarirnar fóru fram. Ákærða minnir, að hann segði við stúlkuna í herberginu, eftir að hann vaknaði, að ef hann hefði gert henni eitthvað, þá bæði hann hana fyrirgefningar á því. Ekki kveðst ákærður hafa orðið var við, að Ólafur reyndi að vekja sig fyrr en hann fékk höfuðhöggið.

Frá þessum framburðum hafa ákærður og stúlkan ekki hvikað, og skal þess sérstaklega getið, að stúlkan fullyrðir, að hafa ekki orðið vör við, að ákærður væri farinn að hafa mök við sig fyrr en rétt í því, að hún þaut fram úr rúminu, og segir hún frásögn ákærðs um tilburði hennar gagnvart honum í rúminu vera ósanna með öllu. Neitar hún eindregið að hafa með sínum vilja eða vitund haft nokkur holdleg mök við ákærðan.

Ólafur skýrir svo frá, að hann hafi vaknað við, að stúlkan þreif í hann, háhljóðaði og hentist um leið hágrátandi fram úr rúminu. Hann áttaði sig ekki strax á, hvað hefði gerzt, en stúlkan sagði honum, að hún hefði vaknað við, að ákærður var kominn ofan á hana og farinn að hafa samfarir við hana. Ólafur kveikti strax ljós og sá, að ákærður lá efst í rúminu og sneri sér til veggjar. Hann talaði nú tvisvar eða þrisvar til ákærðs til að vekja hann, en árangurslaust. Síðan sló hann ákærðan tvisvar eða þrisvar í búkinn, en hann bærði ekki á sér. Þóttist Ólafur þess þá fullviss, að ákærður væri vakandi, en þættist sofa, og sló hann því hnefahögg í andlitið. Ákærður velti sér þá á hina hliðina og spurði, hvað gengi á, og spurði Ólafur hann þá, hvort hann væri sá „djöfuls óþverri" að ætla að nauðga stúlkunni. Þá spurði ákærður, hvað gengi á, og sagðist nú fara að verða vondur og spurði síðan, hvað hann hefði gert. Sagði þá stúlkan, sem sat í sófa í herberginu grátandi, að hún vildi ekki tala

við hann og fyrirliti hann. Svaraði ákærður því svo, að ef hann hefði gert henni eitthvað, bæði hann hana fyrirgefningar. Sagði þá stúlkan hágrátandi: „Ef þú hefur gert eitthvað", og sagði aftur, að hún fyrirliti hann og vildi ekki tala við hann. Eftir þetta fór fram eitthvert samtal milli ákærðs og Ólafs, en ekki kannaðist ákærður við að hafa gert stúlkunni neitt og var gramur yfir þessu uppþoti. Ólafur ætlaði að fylgja stúlkunni gangandi heim, en það var ekki unnt vegna vanmáttar hennar. Simaði Ólafur þá eftir lögreglubifreið, sem kom á staðinn og ók stúlkunni heim.

Um atburð þenna hefur Jón Metúsalemsson borið þetta:

Hann vaknaði við, að þau Ólafur og Vilhelmína hlupu fram úr rúminu, en ekki tók hann eftir, hvort þeirra var á undan. Stúlkan var grátandi með þungum ekka. Þau fóru bæði í sófa, sem var í herberginu, og reyndi Ólafur þar að hugga stúlkuna og róa. Jón vissi ekki, hvað komið hafði fyrir, og heyrði ekki annað en að stúlkan sagðist hata ákærðan og að hún hefði ekki trúað því, að hann væri svo svinslegur. Ólafur vildi láta hana segja sér nánar um það, sem hafði komið fyrir, en fékk ekkert upp úr henni lengi vel, og var líkast því, að hún væri tryllt. Sagðist Ólafur þá verða að kalla á lögregluna, en það vildi hún ekki. Hún klæddi sig síðan, og fóru þau Ólafur út, en komu fljótlega inn aftur, og treysti Ólafur sér ekki til að fara með hana heim, því að hún gat ekki gengið sökum geðshræringar. Áður en Ólafur fór út úr herberginu með stúlkunni, vakti hann ákærðan, sem svaf eða þóttist sofa. Sagði Ólafur eitthvað á þá leið við ákærðan, að hann hefði ætlað að nauðga stúlkunni. Ákærður bar það af sér, og varð úr þessu orðasenna milli þeirra.

Í lögregluréttinum 12. janúar s. l. báru bæði Ólafur og Vilhelmína, að hún hefði legið fyrir daginn eftir atburð þenna, og er það óvéfengt. Einnig báru þau, að hún hefði ekki náð sér eftir atburðinn, og væru eftirköstin hjartsláttur og titringur, sem hún hefði ekki orðið vör við fyrir atburðinn.

Hinn 17. janúar rannsakaði Jóhann Sæmundsson læknir stúlkuna, og hefur hann sama dag gefið um hana svofellt vottorð:

„Ég hef í dag rannsakað Vilhelmínu L. Davíðsdóttur, Vatnsstig 9.

Hún kvartar um, að hún fái oft sting í hjartastað, sé hrædd og titrandi, eigi bágt með svefn, kveðst hrökkva upp með hræðslu á kvöldin. Hún kveðst ekki hafa orðið vör neinna slíkra einkenna fyrr en um áramót, að hún varð fyrir andlegum áverka. Hefur þó ekki leitað læknis.

Skoðun: Hún er eðlileg í tali. Ekki æst. Svarar greiðlega því, sem um er spurt. Engin stækkun á skjaldkirtli eða einkenni frá augum, er bent gætu á Basedowssjúkdóm. Hjarta: Tónar hreinir, en tíðir, 112 slög á mínútu, en alveg regluleg. Finn titringur í fingrum. Blóðþrýstingur 130/85 (eðlilegur).

Ályktun: Það, sem finnst athugavert, er nervös einkenni, og tíðkast slík einkenni eftir andlega áverka eða geðshræringar. Batahorfur mega teljast mjög góðar."

Hinn 12. febrúar rannsakaði sami læknir stúlkuna að tilhlutun rannsóknardómarans og gaf samdægurs um hana svofellt vottorð: „Samkvæmt beiðni yðar hef ég í dag rannsakað að nýju frk. Vilhelmínu L. Davíðsdóttur, Vatnsstíg 9.

Kvartanir hennar nú eru þessar: Óeðlileg viðbrigði, þ. e. hrekkur við og titrar af smámunum, fær óþægindi fyrir hjarta, aðallega hjartslátt og stingverk. Hrökk áður upp með andfælum um nætur, en á því ber eigi lengur, og svefn er nú góður. Hún stundar vinnu sína. Melting er í lagi og tíðir reglulegar. Síðast voru þær ca. 14.—15. janúar. Hún kveðst áður hafa verið meyrlynd, en ekki taugaveikluð.

Skoðun: Aukin viðbrigði í taugakerfi, en engin einkenni um bilanir. Hún hefur fremur hraðan púls, um 100 slög á mínútu. Hjartastarfsemin er að öðru leyti alveg regluleg. Blóðþrýstingur er nú 135/90 (eðlilegur). Hún kemst í geðshræringu, þegar minnzt er á atvik það, er gefur tilefni til skoðunarinnar.

Ályktun: Konan hefur einkenni um aukið tauganæmi, er lýsir sér í einkennum frá hjarta og blóðrás, án þess þó, að nokkrar bilanir séu finnanlegar. Eigi verður talið líklegt, að þessi einkenni verði langæ, en vísasti vegurinn til þess, að þau batni, er að binda sem skjótastan enda á mál það, er hún mun eiga í, því að upprifjanir á málsatvikum vekja hjá henni geðshræringar, er örva taugakerfið yfirleitt og valda henni ofangreindum sjúkdómseinkennum.

P.S. Ekkert bendir til, að konan sé ófrísk, og telja má útilokað, að hún hafi orðið það um áramót."

Þegar ákærður lagðist við hlið stúlkunnar í rúminu, var honum ljóst, að hún svaf og að elskhugi hennar svaf við hlið hennar. Ekkert hefur komið fram um, að hún hafi áður gefið ákærðum ástæðu til að ætla, að hún væri viljug til ástaratlota við hann. Sannað telst, að stúlkan hafi þotið úr rúminu í mjög mikilli geðshræringu, og styrkir það svo mjög frásögn hennar um, að hún hafi verið sofandi, þar til rétt í þann mund, er henni varð ljóst, að annar en elskhugi hennar væri að hafa samfarir við hana, að telja verður frásögnina sanna. Af þessu leiðir, að bæði er útilokað, að ákærður hafi ekki orðið þess var, er stúlkan þaut frá honum úr rúminu, og að hann hafi verið sofandi, þegar Ólafur reyndi að vekja hann. Stúlkan neitar réttmæti þess framburðar ákærðs, að hún hafi lagt handlegg og læri yfir ákærðan, en þá tilburði hennar segir hann hafa æst sig mjög til samfaranna og gefið sér ásamt öðrum hreyfingum stúlkunnar í atlotum þeirra ástæðu til að ætla, að hún væri vakandi. Þar á móti kemur að vísu, að hún sagði ekkert og svaraði ekki spurningu, og að hún, eftir því sem ákærður man bezt, kyssti ákærðan ekki á móti, þegar hann kyssti hana á munninn. En þar sem stúlkan

hafði eigi vökuvitund og hugsanlegt er, að hún hafi hreyft sig eitthvað, án þess hún vissi af eða muni eftirá, og samkvæmt reglunni in dubio pro reo þykir eigi fært að slá því föstu gegn staðhæfingu ákærðs, sem var vakandi, að neitun stúlkunnar um atlotin sé objectivt rétt. Þykir bera að leggja frásögn ákærðs um þessi atriði til grundvallar. En hvort sem ákærður hefur talið stúlkuna framkvæma þessar hreyfingar í vöku eða svefnmóki, en hið síðarnefnda hafði eftir öllum atvikum málsins legið næst fyrir hann að álita, hlaut honum að vera ljóst, að hún var í villu um, hver það væri, sem hún sýndi atlotin. Hlaut honum að vera ljóst, að hún hálfsofandi í svartamyrkri og vitandi af elskhuga sínum við hlið sér ætlaði elskhuganum atlot sín, en ekki ákærðum. Með því að færa sér þessa villu í nyt og taka að hafa samfarir við stúlkuna telur rétturinn, að ákærður hafi brotið 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Þá þykir samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna bera að svipta ákærðan kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annnarra almennra kosninga. Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 150.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Aðalsteinn Ingimundarson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærður er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 150.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. maí 1943.

Kærumálið nr. 4/1943. **Einar Ragnar Jónsson**

gegn

h/f Muninn.

Fulltrúi dómara ekki bær til úrskurðar um, hvort dómari ætti að víkja sæti.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi lögmannsins í Reykjavík.

Kærumál þetta hefur hæstarétti verið sent með bréfi lögmannsins í Reykjavík 17. apríl þ. á. og hingað komnu 19. s. m. Kærir sóknaraðili úrskurð, kveðinn upp í fógetarétti Reykjavíkur 10. apríl þ. á., þar sem synjað er kröfu hans um það, að lögmaðurinn í Reykjavík víki sæti. Kröfur eða greinargerð af hálfu sóknaraðilja fylgdu ekki málinu, en ætla verður eftir skjölum málsins, að hann kæri úrskurðinn í því skyni, að hann verði með öllu felldur úr gildi.

Sóknaraðili krafðist þess í héraði, að lögmaðurinn í Reykjavík víki sæti, vegna þess að fulltrúi hans Bjarni Bjarnason væri persónulega við málið riðinn. Fulltrúi lögmanns, er með málið fór í fógetaréttinum, kvað þá upp úrskurð þann, sem nú hefur verið kærður. Með því að sýnt þykir af ákvæðum 2. sbr. 4. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936, að dómari skuli persónulega úrskurða um það, hvort hann víki sæti í máli, þá var ekki rétt af fulltrúa hans að leggja úrskurð á slíka kröfu, enda þótt hann færi með málið að öðru leyti. Þykir því verða að ómerkja ex officio úrskurð þann, sem kærður er, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar af nýju.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafizt, og fellur hann niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði úrskurður skal vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 10. apríl 1943.

Í máli þessu hefur gerðarþoli krafizt þess, að lögmaðurinn í Reykjavík víki sæti vegna þess, að fulltrúi hans væri í stjórn hlutafélags þess, er um gerðina biður. Gerðarbeiðandi hefur hins vegar mótmælt því, að ástæða væri fyrir lögmann að víkja sæti, og var því atriðið tekið til úrskurðar í dag. Af hinum framlögðu skjölum verður séð, að Bjarni Bjarnason, fulltrúi lögmanns, er hluthafi í h/f Muninn og í stjórn þess. Hins vegar verður ekki séð, að hann hafi þeirra hagsmuna að gæta í sambandi við félag þetta, að það samræmist gildandi lögum, að lögmaðurinn í Reykjavík, sem hann er fulltrúi hjá, víki sæti af þeim sökum.

Því úrskurðast:

Lögmaðurinn í Reykjavík víkur ekki sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 5. maí 1943.

Nr. 59/1941. **Björn Gottskálksson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Kristjáni Kjartanssyni
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Mótmæli gegn kröfu of seint fram borin.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði.

Áfrýjandi, sem skotið hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. júlí 1941, máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. s. m., krefst þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 73.55 vaxtalaust, að málskostnaður í héraði falli niður og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti.

Mál þetta var þingfest í héraði 10. október 1940. Lagði stefndi þá fram sáttakæru, stefnu, reikninga, vottorð og greinargerð. Áfrýjandi kom sjálfur fyrir dóm ásamt Jóni Sigurðssyni lögfræðingi, og fengu þeir frest til 17. s. m. Er

málið kom aftur fyrir dóm, sótti Jón Sigurðsson þing af hendi áfrýjanda og fékk nú frest eftir frest allt til 27. febrúar 1941, án þess að hann legði fram allan þenna tíma greinargerð eða hreyfði nokkrum andmælum. Hinn 27. febrúar var ekki sótt dómþing af hendi áfrýjanda, enda var Jón Sigurðsson, er hann hafði falið meðferð málsins, ekki staddur á Siglufirði. Tók héraðsdómari þá málið til dóms eftir kröfu stefnda og kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi lagt fram ýmis gögn, þ. á. m. aðiljaskýrslu stefnda, vitnaskýrslu og vottorð. Krefst hann þess með skírskotun til novaleyfis 5. febrúar 1943, að málið verði dæmt í hæstarétti samkvæmt nefndum gögnum. Stefndi mótmælir því hins vegar, að önnur gögn en þau, er lágu fyrir héraðsdómara, verði hér fyrir dómi til greina tekin. Samkvæmt 110. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 111. gr. sömu laga, skulu staðhæfingar um málsatvik og mótmæli jafnan koma fram, jafnskjótt og tilefni verður, og má annars kostar ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina, nema gagnaðili samþykki. Málsástæður þær og gögn, er áfrýjandi flytur fram í hæstarétti, var honum, að því er sýnt þykir, í lófa lagið að bera fyrir sig í héraði, og verða þau því ekki til greina tekin gegn andmælum stefnda. Samkvæmt þessu og þar sem héraðsdómurinn er í samræmi við gögn þau, sem fyrir lágu í héraði, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Það athugast, að aðgerðarleysi það og dráttur, sem varð á máli þessu í höndum Jóns Sigurðssonar lögfræðings, er ámælis verður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Björn Gottskálksson, greiði stefnda, Kristjáni Kjartanssyni, kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 6. marz 1941.

Með stefnu, dags. 30. september 1940, að undan genginni árangurslaustri sáttatilraun samkv. sáttakæru, dags. 4. s. m. og birtri 11. s. m., krefst stefnandinn, Kristján Kjartansson, Siglufirði, að stefndur, Björn Gottskálksson útgerðarmaður, þá til heimilis í Hafnargötu 3, Siglufirði, verði dæmdur til þess að greiða sér kr. 6338.09 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, en til vara kr. 1309.09 með 5% vöxtum og til þrautavara, að stefndur verði dæmdur til þess að skila sér 7720 kílóum af fínu salti og greiða kr. 338.09 með 5% vöxtum gegn því, að stefnandi greiði stefndum kr. 579.00.

Tildrög málsins telur stefnandi þau, að stefndur hafi f. h. stefnanda tekið á móti 7720 kílóum af fínu salti 28. ág. 1939 frá Síldarútvegsnefnd og kvittað fyrir. Hafi stefndur um þetta leyti annazt síldarsöltun fyrir stefnanda og hafi þetta salt verið flutt á síldarstöð, sem stefndur hafði á leigu. Í byrjun september, þegar stefnandi hafi sjálfur þurft að nota saltið, hafi stefndur neitað að afhenda saltið. Kveðst stefnandi hafa sjálfur ætlað að nota þetta salt til matjessíldarsöltunar, en fínt salt, sem nauðsynlegt sé til matjessíldarsöltunar, hafi ekki fengizt í bænum.

Telur stefnandi, að tjón það, er hann hafi beðið af þessu, að útilokast frá síldarsöltuninni, sé a. m. k. 6000 kr. Auk þess hafi stefndur 1939 fengið hjá stefnanda haustið 1939 2 tn. af hausskorinni saltsíld, og reiknar stefnandi þær á kr. 98.09.

Þá krefst stefnandi til vara, að stefndum beri að greiða fyrir saltið það verð, er slíkt fínt salt kosti nú, og sé það a. m. k. 200 kr. smálestin. Þessi 7720 kíló eigi því að greiðast með kr. 1544.00, en upp í það hafi stefndur greitt kr. 579.00 inn á reikning stefndanda við Síldarútvegsnefnd, og sé því kr. 965.00 varakrafa sín fyrir saltið.

Þá kveður stefnandi stefndan skulda sér 120 kíló af lárviðarlaufum, eða kr. 240.00. Þá kveður stefnandi stefndan skulda sér andvirði 2ja tunna af hausskorinni síld, eins og fyrr segir, eða kr. 98.09. Verður þá varakrafan alls kr. 1303.09.

Til þrautavara krefst stefnandi, að stefndur skili sér 7720 kílóum af fínsalti, greiði sér kr. 240.00 fyrir lárviðarlaufin og kr. 98.09 fyrir 2 tn. hausskorna síld haustið 1939, gegn því, að hann (stefnandi) endurgreiði stefndum þær kr. 579.00, sem stefndur hafi greitt inn á reikning stefnanda við Síldarútvegsnefnd.

Auk þess krefst stefnandi í aðalkröfu, varakröfu og þrautavarakröfu málskostnaðar samkv. reikningi, en í málflutningnum er hans krafizt með kr. 303.85 samkv. sundurliðuðum reikningi.

Stefndur mætti fyrsta fyrirtektardag málsins, en eftir það löglærður umboðsmaður hans eða lét mæta. Stefndur og umboðsmaður hans hafa alls fengið 19 vikna frest í málinu, en í síðasta réttarhaldi málsins 27. f. m. mætir enginn af hendi stefnds, og leggur þá stefnandi málið í dóm.

Af hendi stefnds hefur engum andmælum verið hreyft.

Verður því að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum af hendi stefnanda.

Að því er aðalkröfu stefnanda snertir, þá hefur stefnandi þrátt fyrir áskorun og bendingu dómarans eigi viljað eða getað frekar rökstutt 6000 kr. skaða þann, er hann telur sig hafa beðið við að fá ekki saltið og þannig orðið af söltun matjessíldar.

Verður því eigi hægt að taka aðalkröfu stefnanda til greina, vegna þess að hún er eigi nógu skilgreind.

Hins vegar verður, eins og málið liggur fyrir, að taka til greina varakröfu stefnanda kr. 1303.09, svo sem hún er sundurliðuð og rökstudd, eins og fyrr segir, ómótmælt af stefndum eða umboðsmanni hans og vöxtu 5% frá 11. sept. 1940.

Málskostnað þykir hæfilegt að stefndur greiði stefnanda með kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, útgerðarmaður Björn Gottskálksson, áður Hafnargötu 3, Siglufirði, greiði stefnandanum, Kristjáni Kjartanssyni, Siglufirði, kr. 1303.09 með 5% ársvöxtum frá 11. sept. 1940 og 200 kr. í málskostnað, en sé stefndur sýkn af frekari kröfu stefnandans.

Hið áfrýjaða ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. maí 1943.

Nr. 66/1942: **Einar Ágúst Einarsson**
gegn
Skarphéðni Jónssyni og dánarbúi Jóns Jónssonar.

Setudómari hrl. Theódór B. Líndal í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Sáttatilraun ekki lögskipuð í málum, sem ber undir merkjadóm Reykjavíkur. Öflun framhaldsskýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. júní 1942, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Hefur

hann krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað af nýju sökum þess, að sátta hafi ekki verið leitað með aðiljum. Stefndu hafa mótmælt ómerkingarkröfunni, og hafa aðiljar lagt þetta atriði sérstaklega undir dóm eða úrskurð.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 35 frá 1914 þarf eigi að leggja til sátta mál þau, sem lögð eru til merkjadóms Reykjavíkur. Í 12. tölulið 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85 frá 1936 segir að vísu, að héraðsdómur leiti sátta í landamerkja- og fasteignamálum. En í greinargerð fyrir frumvarpi að lögum þessum segir, að 12. tölulíður hafi að geyma reglur gildandi laga, og vísar um það einungis til 8. gr. laga nr. 41. frá 1919. Er því sýnt, að ekki hefur verið tilætlun löggjafans að hreyfa við fyrrgreindu sérákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 35 frá 1914, enda er það ákvæði ekki talið meðal þeirra laga fyrirmæla, sem berum orðum eru felld úr gildi með 224. gr. laga nr. 85 frá 1936. Hafa og haldizt óbreyttar ástæður þær, er lágu til grundvallar sérstöðu merkjadóms Reykjavíkur að þessu leyti. Heldur því nefnt sérákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 35 frá 1914 enn gildi sínu. Samkvæmt þessu verður ómerkingarkrafan ekki til greina tekin.

Áður en mál þetta verður dæmt í hæstarétti, þykir nauðsynlegt, að skýrslna sé aflað um, hvers konar umferð hafi verið tíðkuð af hálfu stefndu um stíg þann á landi áfrýjanda, er í málinu greinir, einkum hvort bifreiðar hafi farið þar um, og ef svo er, hversu mikið hafi að því kveðið og um hve langan tíma. Svo þykir og rétt, að aflað sé vitneskju um breidd sundsins milli húsa þeirra, sem merkt eru bókstöfunum A og B á héraðsréttarskjali nr. 3.

Því úrskurðast:

Framangreind ómerkingarkrafa verður ekki tekin til greina.

Afla skal skýrslna þeirra, er að framan getur.

Mánudaginn 10. maí 1943.

Nr. 58/1941: **Björn Gottskálksson**
gegn
Kristjáni Kjartanssyni.

Dómur hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir dóm í dag, var þess óskað af hálfu áfrýjanda, að málið væri hafið. Af hálfu stefnda var krafizt ómaksbóta, og það fært til, að eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefðu farið fram vitnaleiðslur í héraði og að 8 sinnum hefði verið mætt af hálfu stefnda í hæstarétti. Telur stefndi kostnað sinn vegna þess hafa numið kr. 354.95. Af hálfu áfrýjanda hefur ómaksbótakröfunni verið mótmælt, en þar sem hún þykir sanngjörn, ber að taka hana til greina.

Því dæmist rétt vera:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Björn Gottskálksson, greiði stefnda, Kristjáni Kjartanssyni, kr. 354.95 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. maí 1943.

Nr. 117/1942: **Ebenhard Jónsson** (Eggert Claessen)
gegn
Bæjarfógetanum á Akureyri f. h. ríkissjóðs (Sigurður Ólason).

Skoðunarmaður bifreiða heimtir kaupeftirstöðvar.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið skipaður setudómari Stefán Stefánsson lögfræðingur.

Áfrýjandi, sem skotið hefur málinu til hæstaréttar með stefnu 8. des. 1942, hefur krafizt þess, að stefndi verði

dæmdur til að greiða honum kr. 886.20 með 5% ársvöxtum frá gagnstefnudegi 12. okt. 1940 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að áfrýjanda verði aðeins dæmdar kr. 66.20. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hér fyrir dómi hefur stefndi viðurkennt, að honum beri að greiða þær kr. 120.00, er um getur í 2. kröfulið áfrýjanda í héraðsdómi, svo og kr. 10.00 af fjárhæð þeirri, er greinir í 1. kröfulið. Hins vegar mótmælir hann, að áfrýjandi eigi rétt til frekari launa fyrir síðari hluta ársins 1936.

Áfrýjandi var skipaður prófdómari við próf bifreiðarstjóra á Akureyri 13. sept. 1927. Hann kveðst frá þeim tíma hafa skoðað bifreiðar í umdæmi Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu samkvæmt munnlegri beiðni lögreglustjóra eða fulltrúa hans, þar til ráðherra skipaði hann skoðunarmann bifreiða 12. apríl 1929. Aðalskoðun í júlí 1928 hafi þó verið framkvæmd af skoðunarmanni frá Reykjavík. Er þessi frásögn, sem ekki var nægilega mótmælt í héraði, studd af vottorði Jóns sýslumanns Steingrímssonar, er á þeim tíma var fulltrúi lögreglustjóra á Akureyri. Áfrýjandi kveðst hafa fengið greidd skoðunargjöld fyrir þær bifreiðar, er ekki komu til aðalskoðunarinnar 1928, en aðrar greiðslur fyrir skoðun og eftirlit bifreiða það ár hafi hann ekki hlotið fyrr en hann fékk greidd skoðunargjöld sumarið 1929, og hefur þessari staðhæfingu hans ekki verið hnekkt. Samkvæmt þessu verður að leggja það til grundvallar, að skoðunargjöld þau, er áfrýjandi fékk greidd fyrirvaralaust sumarið 1929, hafi verið laun fyrir þegar unnin störf. Fékk áfrýjandi síðan laun sín greidd eftir á í júlí ár hvert, í síðasta sinn í júlí 1936, en af skoðunarmannsstarfinu lét hann í árslok s. á. Eru áfrýjanda því ógreidd hálfs árs laun. Og þar sem fyrri liður kröfu áfrýjanda í héraði er við það miðaður og fjárhæð hans hefur ekki verið mótmælt, ber einnig að taka þann kröfulið til greina.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum, og þykir hann hæfilega ákveðinn 1000 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, bæjarfógetinn á Akureyri f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Ebenhard Jónssyni, kr. 886.20 með 5% ársvöxtum frá 12. okt. 1940 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 26. sept. 1942.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttatilraun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 21. sept. 1940, af bæjarfógetanum á Akureyri f. h. ríkissjóðs gegn Ebenharð Jónssyni fyrrverandi bifreiðaeftirlitsmanni, Laxagötu 3 á Akureyri, til innheimtu ógreiddra manntalsþinggjalda frá árinu 1936, samtals kr. 63.80, auk málskostnaðar samkvæmt reikningi eða mati réttarins.

Aðalstefndur Ebenharð Jónsson hefur uppi þá gagnkröfu, að bæjarfógeti f. h. ríkissjóðs verði dæmdur til að greiða sér kr. 950.00 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1937. Krefst hann skuldajafnaðar á kr. 63.80 við kröfu aðalstefnanda og sjálfstæðs dóms fyrir kr. 886.20 og málskostnaðar að skaðlausu. Þessum kröfum aðalstefnds mótmælir aðalstefnandi og krefst sýknu af þeim, en til vara krefst hann lækkunar gagnkröfunnar niður í kr. 415.00.

Málsatvik eru þessi:

Samkvæmt framlögðum reikningi voru manntalsþinggjöld aðalstefnds árið 1936 þessi:

Fasteignaskattur	kr.	31.80
Tekju- og eignarskattur	—	9.00
Lífeyrissjóðsgjald	—	23.00
Samtals	kr.	63.80

Kröfuupphæð þessari er ekki mótmælt af aðalstefndum né því haldið fram, að gjald þetta hafi verið greitt. Er því réttmæti kröfu þessarar út af fyrir sig óumdeilt, og verður hún tekin til greina.

Með bréfi Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dagsettu 13. september 1927, var aðalstefndur skipaður prófdómari við próf fyrir bifreiðarstjóra á Akureyri samkv. reglugerð um próf fyrir bifreiðarstjóra nr. 144 9. febrúar 1920, og með bréfi sama ráðuneytis, dagsettu 12. apríl 1929, var hann skipaður samkvæmt lögum nr. 23 31. maí 1927 um breytingu á lögum nr. 56 15. 1926 um notkun bifreiða og samkvæmt reglugjörð um skoðun bifreiða nr. 4 1. febrúar 1928 til þess, þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið, að hafa á hendi skoðun bifreiða í Eyjafjarðarumdæmi.

Hinn 29. júní 1936 var aðalstefndum sagt upp bifreiðaeftirlitsmannsstarfinu frá 31. desember sama ár að telja. Gegndi hann því starfinu eigi lengur en til þess tíma.

Á þessu starfi sínu reisir aðalstefndur gagnkröfu sína, sem hann sundurliðar þannig:

1.	Eftirstöðvar af launum sem bifreiðaeftirlitsmaður í Eyjafjarðarumdæmi, þ. e. fyrir síðasta hálfa árið, sem hann gegndi því starfi, tímann 1. júlí til 31. desember 1936	kr. 830.00
2.	Vangreitt kaup frá árunum 1934 kr. 40.00, 1935 kr. 20.00 og 1936 kr. 60.00	— 120.00
	Samtals	kr. 950.00

Í 9. gr. erindisbréfs bifreiðaskoðunarmanna nr. 5 1. febrúar 1928 er talið, hvaða tekjur fylgi starfi þeirra, og er aðal-tekjuliðurinn 10 króna árlegt gjald af hverri bifreið og bifhjóli, sem skrásett er í umdæmi þeirra. Í niðurlagi þessarar greinar er ákveðið, að sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu greiði bifreiðaskoðunarmanninum þar kaup hans mánaðarlega á sama hátt og ríkisféhirðir greiðir öðrum skoðunarmönnum bifreiða þeirra kaup. Í 7. gr. reglugerðar nr. 4 1. febrúar 1928 um skoðun bifreiða er hverjum eiganda bifreiðar og bifhjóls skylt að greiða árlega kr. 10.00 í skoðunargjald til lögreglustjóra þar, sem bifreiðin eða bifhjólið er skrásett, og greiðist gjald þetta í sama gjalddaga og miðast við sama gjaldár og bifreiðaskatturinn. Samkvæmt 4. gr. bifreiðaskattslaganna frá 1921 og 1932 er gjalddagi skattsins 1. júlí ár hvert og gjaldárið því frá 1. júlí til 30. júní árið eftir. Þrátt fyrir ákvæði erindisbréfsins um mánaðarlega kaupgreiðslu til aðalstefnds var það þó regla á starfstíma hans að greiða honum um leið og skoðunargjöldin innheimtust. Síðasta greiðsla til hans var í júlí 1936, og telur hann það hafa verið kaup sitt fyrir tímabilið 1. júlí 1935 til 30. júní 1936. Hann telur sig því eiga ógreitt kaup fyrir tímabilið frá 1. júlí 1936 til 31. desember sama ár, eða hálfs árs kaup. Í árslok 1936 eru skrásettar í umdæminu 167 bifreiðar og bifhjól, og telur aðalstefndur sig eiga rétt á að fá hálft árgjald, kr. 5.00, fyrir hvert ökutæki fyrir störf sín síðari helming ársins 1936, eða samtals kr. 830.00, þar sem hann þó telur sér ekki nema kr. 2.50 af tveimur farartækjum. Er þetta fyrri liður gagnkröfunnar.

Því er ekki mótmælt af hálfu gagnstefnanda, að upphæðin kr. 830.00 sé út af fyrir sig rétt reiknuð, ef gagnstefnandi ætti þann rétt, er hann heldur fram, að hann eigi í þessu tilliti. Hins vegar mótmælir gagnstefndur því, að gagnstefnandi eigi nokkurt vangoldið kaup inni fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 1936. Hann bendir á, að gagnstefnandi hafi gegnt bifreiðaskoðunarmannsstarfinu frá skipunardegi, 12. apríl 1929, til ársloka 1936 og hafi fengið greidd

þau skoðunargjöld, er falla í gjalddaga á þessu tímabili, þ. e. a. s. 1. júlí ár hvert í 8 ár, en hafi ekki gegnt starfinu nema í 7 ár og tæplega 9 mánuði. Telur hann gagnstefnanda því hafa fengið fullt kaup fyrir þann tíma, er hann starfaði og meira en það. Bendir hann á, að gagnstefnandi hafi hinn 1. júlí 1929 fengið skoðunargjöld, þá gjaldfallin eftir á, fyrir gjaldárið 1. júlí 1928 til jafnlengdar 1929, þó hann væri ekki skipaður í starfið fyrr en 12. apríl 1929, og er þessu ómótmælt af hálfu gagnstefnanda.

Gagnstefnandi bendir á, að það hafi verið óverðskuldaður gróði eftirmanns síns í starfinu á kostnað sinn, að hann hafi fengið fullt skoðunargjald fyrir gjaldárið 1. júlí 1936 til 30. júní 1937, þar sem hann tók eigi við starfinu fyrr en á áramótum. Gagnstefndur bendir þar á móti á, að samskonar tilhögun hafi komið gagnstefnanda til hags 1929, eins og áður er vikið að. Fyrir varakröfu sinni um lækkun þessa gagnkröfuliðs niður í kr. 415.00 gerir gagnstefnandi þá grein, að ef svo virðist, að gagnstefnanda beri einhver þóknun fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 1936, sem hann þó mótmælir, skuli hún eigi ákveðin hærri en sem svari gjaldi fyrir eina ársfjórðungsaukaskoðun, eða helming af kröfuupphæðinni, kr. 830.00. Gagnstefndur gerir ráð fyrir, að gagnstefnandi hafi átt að framkvæma eina aukaskoðun á tímabilinu samkvæmt 2. gr. reglugerðar um skoðun bifreiða nr. 4 1. febrúar 1928, þ. e. a. s. 1. október. Annars heldur hann því fram, að slík aukaskoðun hafi aldrei farið fram, og er því að vísu ekki mótmælt, en gagnstefnandi bendir á, að starf sitt hafi ekki einungis verið fólgið í hinum venjulegu skoðunum, heldur einnig í stöðugu eftirliti með bifreiðum umdæmisins, og er það út af fyrir sig rétt.

Það, sem ráða verður úrslitum um þenna lið gagnkröfunnar, er sú staðreynd, að gagnstefnandi hefur fengið öll gjaldfallin skoðunargjöld átta ára (sbr. þó annan lið gagnkröfunnar), en hefur eigi starfað sem bifreiðaskoðunarmaður nema tæp átta ár, verður að líta svo á, að kaup hans miðist við þau gjöld, er falla í gjalddaga á starfstímanum, þar sem starfstíminn fer ekki fram úr gjaldárafjöldanum, er gagnstefnandi fékk tilfallandi gjöld á.

Verður því niðurstaðan sú, að gagnstefndur verður sýknaður af þessum lið gagnkröfunnar.

Fyrir hinum lið gagnkröfunnar gerir gagnstefnandi þá grein, að hann hafi árið 1934 eigi fengið greidd skoðunargjöld af fjórum bifreiðum og bifhjólum, alls kr. 40.00, árið 1935 af tveim bifreiðum, alls kr. 20.00, og árið 1936 af sex, alls kr. 60.00, eða samtals öll árin kr. 120.00. Hefur hann greint skrásetningarnúmer ökutækja þessara, og er ómótmælt, að hann hafi ekki fengið þessi skoðunargjöld greidd. Hins vegar er því haldið fram, að hann hafi ekki rétt á að fá þau greidd sökum þess, að ökutækin hafi ekki verið í umferð, þegar hin árlega skoðun fór fram. Sum hafi verið rifin eða seld burtu úr um-

dæminu og strikuð út af bifreiðaskránni, önnur hafi ekki verið í notkun og skrásetningarmerki þeirra geymd hjá lögreglustjóra. Hafi ökutæki þessi því hvorki verið skattskyld né skoðunarskyld.

Lausn deilunnar um þenna lið gagnkröfunnar ákvarðast af 7. gr. skoðunarreglugerðarinnar frá 1. febrúar 1928. Þannig að hafi bifreiðin verið á skrá allt árið, reiknast fullt ársgjald, en annars kr. 2.50 fyrir ársfjórðung eða hluta úr ársfjórðungi. Ber eigendum ökutækja að greiða gjald þetta, hvort sem skrásetningarmerki ökutækjanna eru lengur eða skemur geymd hjá lögreglustjóra og ökutækið því ekki í notkun og eins hvort sem bifreiðin raunverulega kemur til skoðunar eða ekki. Innheimta gjalda þessara hvílir á lögreglustjóra, en eigi á skoðunarmanni, og verður að telja, að skoðunarmaður eigi ekki að bíða halla af því, að gjöld þessi séu ekki innheimt, meðan ekki er sannað getuleysi eiganda ökutækisins til greiðslu gjaldsins, en slíkri sönnun er ekki til að dreifa í tilfelli því, sem hér liggur fyrir.

Við athugun þeirra gagna, er fyrir liggja um þenna lið gagnkröfunnar og ekki þykir ástæða til að rekja í einstökum atriðum, er ljóst, að gagnstefnandi á skv. 7. gr. skoðunarreglugerðarinnar réttmæta kröfu til kr. 92.50.

Nú ber að skuldajafna hinum réttmætu kröfum aðilja hvors á hendur öðrum, og verður því niðurstaðan sú að dæma gagnstefndan til að greiða gagnstefnanda kr. 92.50 ÷ 63.80 = 28.70 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1937 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarfógetinn á Akureyri f. h. ríkissjóðs greiði Ebenharð Jónssyni kr. 28.70 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1937 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 sólarhringa frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. maí 1943.

Nr. 14/1943. **Vélbátatrygging Eyjafjarðar og eigendur v/s Narfa E. A. 671** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
eigendum v/s Magnúsar N. K. 84
(Einar B. Guðmundsson).

Næg ástæða var ekki fyrir hendi til þess að ónýta úrskurð gerðardóms um bjarglaun.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Þorsteinn Símonarson lögreglustjóri, setudómari í málinu.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. febrúar þ. á. og krafizt sýknu af kröfum stefnda í málinu og ómerkingar gerðardómsins svo og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hér fyrir dómi er lýst yfir því af hendi aðilja, að ekki verði uppi hafðar mótbárur þær, er fram komu í héraði varðandi bjarglaun af farmi.

Í 23. gr. laga nr. 27 frá 1938 er svo að orði kveðið, að þóknun fyrir björgun skuli ávallt miða við það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti. Ekki verður ætlað, að löggjafinn hafi hér nefnt öll þau atriði, sem til greina geti komið við ákvörðun bjarglauna, þar sem m. a. er ekki tekið tillit til háska þess, sem bjargskip og áhöfn þess kunna að vera lögð í. Var gerðardóminum því heimilt að hafa við ákvörðun bjarglauna hliðsjón af fleiri atriðum en þeim, er í nefndri 23. gr. laga nr. 27 frá 1938 greinir. Að vísu munu gerðardómendur aðallega hafa stutt úrskurð sinn við ákvæði siglingalaganna um björgun, en þar sem þeim m. a. var heimilt að hafa hliðsjón af þeim ákvæðum samkvæmt framansögðu, þá er ekki næg ástæða til þess að ómerkja gerðardóminn af þessum sök-

um. Og þó að bjarglaun þau, sem gerðardómurinn ákvað, séu há, eftir því sem skiptum aðilja er háttað, þá þykir ekki fullyrðandi, að ólögleg sjónarmið liggi til grundvallar þeim.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur, Vélbátatrygging Eyjafjarðar og eigendur v/s Narfa E. A. 671, greiði stefndu, eigendum v/s Magnúsar N. K. 84, kr. 35000.00 með 5% ársvöxtum frá 7. janúar 1942 til greiðsludags.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 22. jan. 1943.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, útgefinni 10. des. 1942, af Jóni Sveinssyni hdm., Akureyri, f. h. eigenda m/s Magnúsar N. K. 84, Ölves Guðmundssonar, Jóhanns Magnússonar, Reynis Zoëga og Jónasar Thoroddsen, gegn Vélbátatryggingu Eyjafjarðar, Akureyri, og eigendum m/s Narfa E. A. 671 til greiðslu in solidum á björgunarlaunum samkvæmt úrskurði gerðardóms, uppkveðnum 6. nóvember 1942, að upphæð kr. 35000.00, með 5% ársvöxtum frá 7. jan. 1942 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir reikningi eða mati réttarins. Hefur stefnandi undir rekstri málsins lagt fram málskostnaðarreikning, að upphæð kr. 2401.20.

Stefndir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara og sérstaklega hefur verið mótmælt kr. 229.00 af málskostnaðarreikningi. Enn fremur krefst stefndur málskostnaðar, miðað við málflutningslaun stefnanda, eftir mati dómarans. Loks hefur umboðsmaður stefndu með stefnu, útgefinni 5. jan. 1943, gagnstefnt umboðsmanni aðalstefnanda f. h. eigenda m/s Magnúsar og gert þær réttarkröfur 1) að umræddur gerðardómsúrskurður frá 6. nóvember 1942 verði með öllu felldur úr gildi og 2) að gagnstefndir verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar í gagnsökinni samkvæmt mati dómarans.

Aðalstefnandi hefur mótmælt öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök, og hefur hann við munnlegan málflutning hér fyrir réttinum krafizt málskostnaðar í gagnsök eftir mati dómarans.

Dómarinn hefur leitað sátta með aðiljum í aðalsök og gagnsök, en árangurslaust.

Samkvæmt skjölum málsins eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Þann 27. sept. 1941 hringdi Eiríkur Bjarnason á Eskifirði til framkvæmdastjóra m/s Magnúsar N. K. 84 og bað hann, að m/s Magnús yrði sendur til hjálpar m/s Narfa E. A. 671, sem staddur væri í neyð, stjórnlaus og á reki ca. 45 sjómílur út af Hornafirði. Var eindregið óskað eftir aðstoð m/s Magnúsar, og var þessi beiðni ítrekuð af vátryggjanda m/s Narfa, Vélbátatryggingu Eyjafjarðar, með símskeyti sama dag. M/s Magnús var þá staddur í Neskaupstað og var byrjaður að veita fiski móttöku, en hann flutti um þessar mundir ísvarinn fisk til Bretlands.

Kl. 4,30 síðd. lagði m/s Magnús af stað frá Neskaupstað til hjálpar m/s Narfa. Fann m/s Magnús m/s Narfa og tók hann til dráttar. Var sigling til lands með m/s Narfa hafin kl. 4,30 aðfaranótt 28. september og komið með Narfa til Seyðisfjarðar kl. 2 aðfaranótt 29. september, og hafði björgunarstarfið þá staðið í 33½ klst. Kl 9,20 að morgni þess 29. sept. fór m/s Magnús frá Seyðisfirði áleiðis til Norðfjarðar.

Ástandi m/s Narfa, þegar m/s Magnús tók hann til dráttar, er lýst þannig, að Narfi hafi verið með brotna skrúfu og biladan stýrisútbúnað, leki hafi verið kominn að skipinu, segl rifin og talstöð skipsins biluð. Telja skipverjar m/s Magnúsar, að m/s Narfi hafi þá verið staddur skammt fyrir sunnan aðaltundurduflabeltið fyrir Austurlandi.

Eigendur m/s Magnúsar töldu, að hér væri um algera björgun á m/s Narfa að ræða, og með bréfi, dags. 8. nóv. 1941, kröfðu þeir Vélbátatryggingu Eyjafjarðar um 70 þús. króna björgunarlaun, en til vara kröfðust þeir, að björgunarlaun yrðu greidd eftir sundurliðuðum reikningi, er fylgdi bréfinu, að upphæð kr. 40214.00. Bréfi þessu svarar Vélbátatrygging Eyjafjarðar með símskeyti 24. nóv. 1941, þar sem tilkynnt er, að stjórn félagsins geti ekki gengið inn á reikning eigenda m/s Magnúsar „fyrir drátt m/s Narfa". Vilji stjórn vátryggingarfélagsins leggja þetta í gerðardóm og biður eigendur m/s Magnúsar að útnefna mann af sinni hálfu í gerðardóminn.

Með símskeyti 29. nóv. 1941 útnefndu eigendur m/s Magnúsar Guðmund Eggerz bæjarfógetafulltrúa á Akureyri til þess að taka sæti í gerðardóminum af sinni hálfu, og með símskeyti 3. febr. 1942 skipaði atvinnumálaráðuneytið Stefán Stefánsson lögfræðing í Fagraskógi oddamann gerðardómsins. Vélbátatrygging Eyjafjarðar útnefndi í gerðardóminn Friðrik Magnússon lögfræðing á Akureyri, og var gerðardómurinn þá fullskipaður.

Við meðferð málsins fyrir gerðardóminum óskuðu eigendur m/s Magnúsar eftir, að gerðardómurinn úrskurðaði einnig þeim til handa björgunarlaun fyrir kolafarm, sem var í m/s Narfa, þegar honum

var bjargað. „Farmeigandi, útgerðarfélagið Narfi, og Vélbátatrygging Eyjafjarðar voru þessu samþykkir, og tók gerðardómurinn þetta að sér" segir í forsendum gerðardómsins.

Um verðmæti m/s Magnúsar er þetta upplýst:

Eigendur skipsins telja það hafi kostað þá 360 þús. krónur.

Sjóvátryggingarupphæð skipsins var 264 þús. kr.

Stríðsvátryggingarupphæð skipsins var £16000—0—0.

Þegar m/s Magnús bjargaði m/s Narfa, er talið, að í m/s Magnúsi hafði verið ísvarinn fiskur, að verðmæti 15—19 þús. krónur.

Verðmæti þess, sem bjargað var, var:

M/s Narfi (vátryggingarverð)	kr.	198279.00
Kolafarmur (söluverð)	—	6600.00
Samtals	kr.	204879.00

Kolin voru vátryggð hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h. f., Reykjavík.

Þegar málið var sótt og varið fyrir gerðardóminum, var aðallega deilt um, hvort ákveða ætti björgunarlaun eða hjálpina vegna m/s Narfa eftir hinum venjulegu björgunarreglum siglingalaganna eða samkvæmt 23. gr. laga um vátryggingarfélög fyrir vélbáta nr. 27 13. jan. 1938.

Gerðardómsmenn voru sammála um, að m/s Narfa hefði verið bjargað úr neyð, en greindi á, eftir hvaða reglum björgunarlaunin skyldu ákveðin. Meiri hluti gerðardómsins (Stefán Stefánsson og Guðm. Eggerz) töldu, að bótareglur 23. gr. laga nr. 27/1938 yrði að skýra mjög þröngt, þannig að þær komi ekki til notkunar nema öruggt sé, að löggjafinn hafi ætlazt til þess, að þeim yrði fylgt en ekki bótareglum siglingalaganna. Taldi meiri hlutinn því með tilliti til allra málavaxta, að björgunarlaun í máli þessu skyldu ákveðin eftir bótareglum siglingalaganna í einu lagi fyrir m/s Narfa og kolafarm skipsins.

Niðurstaða úrskurðar meiri hluta gerðardómsins, dags. 6. nóv. 1942, er svo hljóðandi:

„Því úrskurðast:

Varnaraðiljar, Vélbátatrygging Eyjafjarðar og farmeigandi, greiði in solidum sóknaraðiljum, Ölve Guðmundssyni, Jóhanni Magnússyni, Reyni Zoëga og Jónasi Thoroddsen, sem eigendum m/s Magnúsar N. K. 84 kr. 35000.00 með 5% ársvöxtum frá 7. janúar 1942, fyrirtekt málsins fyrir gerðardómi, til greiðsludags.

Aðiljar greiði in solidum kr. 3000.00, að hálfu hver, þóknun til gerðardómsmanna, kr. 1000.00 hverjum, að öðru leyti fellur málskostnaður niður."

Einn gerðardómsmannanna, Friðrik Magnússon, gerði sératkvæði. Reiknaði björgunarlaun skipsins samkv. 2. málsgr. 23. gr. laga nr.

27/1938 kr. 23376.55 og björgunarlaun farms samkv. almennum reglum siglingalaganna kr. 1100.00.

Þegar Vélbátatrygging Eyjafjarðar var krafin um björgunarlaunin, fékkst hún ekki til þess að inna greiðsluna af hendi, og höfðuðu eigendur m/s Magnúsar þá mál þetta til þess að fá aðfararhæfan dóm á hendur þeim, sem björgunarlaun eiga að greiða, og hafa gert þær kröfur, er að framan greinir.

M/s Magnús var vátryggður í Bátaábyrgðarfélagi Norðfjarðar, en m/s Narfi í Vélbátatryggingu Eyjafjarðar. Bæði þessi vátryggingarfélög starfa samkvæmt lögum nr. 27 13. jan. 1938 um vátryggingarfélög fyrir vélbáta. Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. nefndra laga bar því að útnefna gerðardóm samkvæmt 33. gr. sömu laga, sbr. 9. gr. laga nr. 38/1941, til þess að úrskurða laun fyrir björgun m/s Narfa, og aðiljar samþykktu síðar, að sá gerðardómur skyldi einnig ákveða laun fyrir björgun kolafarms m/s Narfa. Þessi réttur er því ekki bær um að dæma um upphæð björgunarlauna þessara, og verður því að leggja þá upphæð, sem gerðardómurinn hefur ákveðið, til grundvallar og dæma stefndu til þess að greiða stefnendum björgunarlaunaupphæð þá, sem krafið er um, nema einhverjir þeir gallar séu á skipun gerðardómsins eða starfsemi, er geri úrskurð gerðardómsins ógildan. Úrslit málsins í aðalsök velta því á því, hvort úrskurður gerðardómsins er gildur eða ógildur, en á sama atriði velta einnig úrslit í gagnsök, þannig, að ef kröfur aðalstefnenda verða teknar til greina í aðalsök, verður að sýkna þá af kröfum aðalstefndu í gagnsök, en ef kröfur aðalstefndu í gagnsök verða teknar til greina, ber að vísa málinu frá þessum rétti.

Umboðsmaður aðalstefndu hefur krafizt þess, að úrskurður gerðardómsins verði dæmdur ógildur, og byggt það á eftirtöldum ástæðum:

1. Að gerðardómsmenn hafi við úrskurð málsins ekki haldið sér innan þeirra takmarka, sem þeim voru sett í 23. gr. laga nr. 27/1938, heldur hafi þeir samkvæmt eigin yfirlýsingu farið eftir reglum 10. kap. siglingalaganna, og megi því ætla, að hin úrskurðaða upphæð hafi orðið mun hærri en vera ætti af þeim sökum.

2. Að gerðardómsmenn tóku til úrskurðar bjarglaun eða aðstoðarlaun af farmi m/s Narfa, án þess fyrir lægi yfirlýsing farmeigenda og vátryggjanda farmsins um, að þetta málefni, sem heyrir undir almenna dómstóla, skyldi dregið undir meðferð gerðardómsins.

3. Að Vélbátatryggingu Eyjafjarðar og farmeiganda sé í úrskurði gerðardómsins gert að greiða umrædd dráttarlaun, vexti og kostnað in solidum, án þess tiltekin sé hlutdeild skips annars vegar og farms hins vegar í greiðslum þessum. Vátryggjanda farmsins, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h. f., hafi heldur ekki verið gert aðvart um meðferð málsins hvorki fyrir gerðardóminum né bæjarþinginu.

Ad. 1. Hlutverk gerðardóms þessa var samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 27/1938 að ákveða greiðslu fyrir að bjarga m/s Narfa úr

háska. Segir í hinni tilvitnuðu lagagrein, að greiðslu fyrir slíka hjálp verði ekki krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skuli ávallt miða þóknunina við það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hafi bakað þeim, er hana veitti, og aldrei geti hún orðið hærri en vátryggingarfjárhæð skips þess, sem hjálpina þáði, nemur.

Gerðardómsmenn hafa í forsendum fyrir úrskurði sínum gert grein fyrir, hvern skilning þeir leggi í þessa lagagrein, samanborið við hina almennu bótareglu siglingalaganna. Þessi réttur telur sig ekki bæran að meta þær ástæður, er lágu til grundvallar því, eftir hvaða sjónarmiðum gerðardómsmenn ákváðu björgunarlaunin, og geti það því ekki varðað ógildingu úrskurðarins, þótt fyrir liggi, að hann sé ekki byggður á margnefndri 23. gr. laga nr. 27/1938.

Ad. 2. Eins og að framan greinir, votta gerðardómsmenn í forsendum fyrir úrskurði sínum, að farmeigandi, útgerðarfélagið Narfi og Vélbátatrygging Eyjafjarðar hafi verið því samþykk, að gerðardómsmenn úrskurðuðu einnig um björgunarlaun til eigenda m/s Magnúsar vegna kolafarmsins í Narfa. Réttarskjal gerðardómsins nr. 21 ber það einnig með sér, að eigandi kolafarmsins er útgerðarfélagið Narfi í Hrísey, og er Páli Einarssyni, Akureyri, þar veitt fullt umboð til að annast fyrir hönd félagsins alla málsvörn í sambandi við kolafarminn úr m/s Narfa 29. sept. 1941, sem var að verðmæti kr. 6600.00. Verður rétturinn að telja, að í því felist fullt umboð til þess að leggja mál þetta undir úrskurð gerðardóms, enda liggur ekkert fyrir, er bendi til þess, að vottorðsgjafi hafi búizt við öðrum málarekstri.

Ad. 3. Samkvæmt réttarskjali gerðardómsins nr. 18 gerðu eigendur m/s Magnúsar þá kröfu um björgunarlaun vegna kolafarms m/s Narfa, að þau yrðu ákveðin ⅓ af verðmæti farmsins, ef farmurinn hefði verið ósjóvátryggður, en annars ⅓ af vátryggingarverði. Ekki er vitað um vátryggingarverð farmsins, en söluverð hans er talið 6600 krónur.

Rétturinn verður að telja það gildandi réttarreglu, að enginn málsaðili fái dóm fyrir meiru en hann hefur gert kröfu til á hendur hverjum gagnaðila og í samræmi við það geti gerðardómur heldur ekki úrskurðað málsaðilja meiri réttindi en hann hefur gert kröfu til. Samkvæmt úrskurði gerðardómsins geta eigendur m/s Magnúsar krafið farmeigendur Narfa um björgunarlaun fyrir skip og farm, kr. 35000.00 plus vexti, eða Vélbátatryggingu Eyjafjarðar, ef þeir kjósa heldur. Rétturinn telur, að í þessu efni hafi gerðardómsmenn farið út fyrir verksvið sitt, því rétturinn verður að álíta, að samþykki farmeigenda og Vélbátatryggingar Eyjafjarðar til þess, að laun fyrir björgun farmsins yrðu einnig ákveðin af gerðardóminum, væri bundið því skilyrði, að þessir aðiljar taki ekki á sig neinar auknar skyldur frá því er væri, ef björgunarlaun fyrir skip og farm væru ákveðin sitt í hvoru lagi. Rétturinn verður því að álíta,

að fella beri úr gildi það ákvæði úrskurðar gerðardómsins, að Vélbátatrygging Eyjafjarðar og farmeigandi skuli greiða björgunarlaunin „in solidum". Kemur þá til álita, hvort ógilda skuli úrskurð gerðardómsins fyrir þær sakir.

Heildarupphæð björgunarlauna fyrir skip og farm verður sú sama, hvort sem varnaraðiljar ábyrgjast greiðslu þeirra in solidum eða ekki. Nú virðist það vera dómvenja að ákveða björgunarlaun fyrir skip og farm í einu lagi, og má þá svo eins vera hér, enda segja forsendur úrskurðar gerðardómsins, að björgunarlaun fyrir skip og farm skuli ákveðin eftir bótareglum siglingalaganna. Rétturinn verður því að álíta, að þessi breyting haggi ekki gildi úrskurðar gerðardómsins að öðru leyti. Það skiptir heldur ekki máli, þótt vátryggjanda farmsins, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h. f., væri ekki gert aðvart um málatilbúnað þenna, þar sem engar kröfur eru gerðar á sjóvátryggingarfélagið í þessu máli.

Niðurstaða réttarins verður því sú, að margnefndur gerðardómsúrskurður sé að undanteknu áðurnefndu atriði um solidariska ábyrgð varnaraðilja í fullu gildi og beri því að dæma aðalstefndu, Vélbátatryggingu Eyjafjarðar og eigendur m/s Narfa E. A. 671, til þess að greiða aðalstefnendum, eigendum m/s Magnúsar N. K. 84, kr. 35000.00 með 5% ársvöxtum frá 7. janúar 1942 til greiðsludags. Samkvæmt áðursögðu skulu gagnstefndir, eigendur m/s Magnúsar, því vera sýknir af kröfum gagnstefnenda í máli þessu.

Það athugast, að í máli þessu er stefnt eigendum m/s Narfa E. A. 671, en úrskurður gerðardómsins hljóðar á farmeiganda, en þar sem hér virðist vera um sömu aðilja að ræða, þykir ekki ástæða til að gera frekari athugasemdir við það, enda hefur aðalstefndur ekki mótmælt dómkröfunni á þeim grundvelli.

Báðir málsaðiljar hafa gert kröfu um greiðslu málskostnaðar frá gagnaðilja bæði í aðalsök og gagnsök. Er málskostnaðarreikningur stefnanda í aðalsök kr. 2401.20. Aðalstefndir hafa mótmælt þessari málskostnaðarkröfu og þó sérstaklega kr. 229.00, 2 reikningum frá Páli Einarssyni, útlagðan símakostnað út af innheimtu hjá Vélbátatryggingu Eyjafjarðar, kr. 79.00, og ómakslaun vegna margítrekaðra tilrauna til þess að fá björgunarlaunin greidd kr. 150.00.

Úrskurður gerðardómsins var kveðinn upp 6. nóvember 1942, og samkvæmt rskj. nr. 5 tilkynnti Vélbátatrygging Eyjafjarðar Páli Einarssyni þann 12. nóv. s. l., að hún óskaði að bera málið undir Samábyrgð Íslands, sem væri endurtryggjandi vélbátatryggingarinnar, og samábyrgðin myndi ákveða, hvort frekari lagaaðgerðum yrði beitt í málinu og greiðslunni yrði frestað, meðan skjöl málsins væru rannsökuð, þar sem forstjóri samábyrgðarinnar bæri brigður á, að dómurinn, sem fyrir liggur, væri að lögum.

Rétturinn verður að telja, að Vélbátatrygging Eyjafjarðar hafi þannig gert fulla grein fyrir því, hvernig stóð á drætti þeim, sem

varð á greiðslu frá hennar hendi, og að margítrekaðra innheimtutilrauna hafi því ekki verið þörf, þar sem ljóst virðist hafa verið, að líklegt var, að málið yrði dómstólamál, svo sem orðið er. Þykir því rétt að lækka þenna reikning um kr. 150.00, og verður dæmdur málskostnaður í aðalsök því kr. 2401.20 — 150.00 = kr. 2251.20.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Mál þetta var þingfest 19. des. 1942, og tók setudómarinn þá við málinu. Það var dómtekið að afloknum munnlegum málflutningi þann 16. þ. m.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndir, Vélbátatrygging Eyjafjarðar og eigendur m/s Narfa E. A. 671, greiði aðalstefnendum, eigendum m/s Magnúsar N. K. 84, kr. 35000.00 með 5% ársvöxtum frá 7. jan. 1942 til greiðsludags og kr. 2251.20 í málskostnað.

Gagnstefndir skulu vera sýknir af kröfum gagnstefnenda í gagnsök og falli málskostnaður í henni niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. maí 1943.

Nr. 3/1943. **Óskar Gíslason** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs (Gunnar J. Möller).

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Friðþjófur G. Jóhnsen, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. janúar 1943, krefst þess, að hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um framkvæmd lögtaksins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það er upp komið í máli þessu, að áfrýjandi fluttist til Reykjavíkur ásamt konu og barni haustið 1940. Stundaði hann nám við Stýrimannaskólann næsta vetur og lauk prófi í þeim skóla vorið 1941. Voru þau hjón og barn þeirra skráð á manntal í Reykjavík haustið 1940, þar taldi áfrýjandi tekjur sínar og eignir fram til skatts, og var þar skattur og útsvar á hann lagt vorið 1941. Sumarið 1941 stundaði hann síldveiðar á skipi sínu frá Siglufirði, en kona hans og barn eru talin hafa dvalizt þá um sumarið áfram í Reykjavík. En haustið 1941 fluttist hann aftur ásamt fjölskyldu til Vestmannaeyja. Samkvæmt því, sem nú var rakið, var hann heimilisfastur í Reykjavík, þegar niðurjöfnun útsvara fór fram 1941, og var því réttilega lagt á hann útsvar þar, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 106/1936. Vélbátur hans, Garðar V. E. 320, var skrásettur í Vestmannaeyjum á þeim tíma, er áfrýjandi dvaldist í Reykjavík, og virðist bátur þessi hafa gengið til fiskjar frá Vestmannaeyjum á vetrarvertíð og vorvertíð 1941. En ekki er því haldið fram, að áfrýjandi hafi þá haft fyrirtæki í landi hvorki vegna útgerðar bátsins né í öðru skyni. Útgerð þessi verður ekki talin heimilisföst atvinnustofnun í Vestmannaeyjum samkvæmt 8. gr. a-lið laga nr. 106/1936, sbr. 9. gr. b- og c-lið sömu laga. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd lögtaks.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Óskari Gíslasyni, kr. 800.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Vestmannaeyja 25. nóv. 1942.

Bæjarsjóður Vestmannaeyja hefur krafizt þess, að undangengnum lögtaksúrskurði, að tekið verði lögtaki útsvar það, kr. 5600.00, auk

dráttarvaxta og kostnaðar, er gerðarþola, Óskari Gíslasyni, var gert að greiða til bæjarsjóðs Vestmannaeyja fyrir árið 1941, en gerðarþoli hefur neitað að greiða útsvarið.

Var málið tekið fyrir í fógetaréttinum þann 6. maí s.l., og mótmælti gerðarþoli framgangi gerðarinnar. Málið var síðan sótt og varið og síðast þann 18. þ. m. tekið fyrir samkvæmt samkomulagi aðilja og tekið til úrskurðar sama dag. Báðir aðiljar hafa krafizt málskostnaðar.

Þrátt fyrir drátt þann, sem orðið hefur á málinu, verður að líta svo á, að lögtaksrétturinn vegna útsvarskröfunnar sé enn í gildi og að ekki sé ástæða til að synja um framgang gerðarinnar af þeirri ástæðu, enda hefur gerðarþoli engin mótmæli sett fram, sem byggð séu á þessu.

Málavextir eru þessir:

Haustið 1940 fluttist gerðarþoli, Óskar Gíslason, til Reykjavíkur og dvaldi þar við nám í Stýrimannaskólanum, þar til fram á árið 1941. Greiddi hann útsvar í Reykjavík árið 1941, kr. 400.00, en jafnframt var honum við niðurjöfnun útsvara í Vestmannaeyjum 1941 gert að greiða kr. 5600.00 í útsvar til bæjarsjóðs Vestmannaeyja, svo sem áður segir.

Gerðarþoli er eigandi og reiðari v. b. Garðars V. E. 320, en sá bátur er yfir 30 smálestir að stærð, en er og hefur verið skrásettur í Vestmannaeyjum. Hefur báturinn stundað héðan fiskveiðar á vetrarvertíðum að minnsta kosti og síldveiðar fyrir Norðurlandi á sumrum, eins og margir aðrir Eyjabátar. Var gerðarþoli skipstjóri á bátnum á vetrarvertíð hér 1940 og á síldveiðum um sumarið sama ár. Annan atvinnurekstur en útgerð v. b. Garðars hefur gerðarþoli eigi.

Gerðarbeiðandi hefur haldið því fram, að vélbátur gerðarþola, Garðar V. E. 320, sem sé yfir 30 smálestir að stærð hafi fyrr og síðar verið skrásettur hér í Vestmannaeyjum og haft hér bækistöð sína og festi á bátalegunni. Gerðarþoli reki eigi annað atvinnufyrirtæki en útgerð þessa og eigi því að greiða af henni útsvar í heimasveit hennar, þ. e. hér í bænum, því hér sé um sjálfstæðan atvinnurekstur að ræða, er enginn efist um, að eigi hér heimilisfang. Hins vegar sé eigi lagt hér útsvar á aðkomubáta. Þótt gerðarþoli hafi greitt útsvar í Reykjavík 1941 með kr. 400.00, geti það hér engu um breytt.

Gerðarþoli eigi því að greiða útsvar hér í bænum árið 1941 skv. 8. gr. útsvarslaganna nr. 106/1936. Enn fremur segir gerðarbeiðandi, að gerðarþoli hafi gert v. b. Garðar út héðan árið 1940 á sama hátt og áður, og einnig á sama hátt og önnur skip hér af svipaðri stærð og Garðar voru gerð út þá, þ. e. aflinn seldur í fisktökuskip, meðan vetrarvertíð stóð yfir, þar sem það hafi þótt arðvænlegastur verzlunarmáti þá.

Skipverjar á Garðari hafa átt hér heimili og fast aðsetur í landi. Enn fremur heldur gerðarbeiðandi því fram, að Garðar hafi fiskað vel hér árið 1940 og sömuleiðis á síldveiðum sama ár, og hafi útgerðarkostnaður verið lítill, sérstaklega á síldveiðunum. Ekki hafi verið gert mikið við bátinn þetta ár, en tveimur til þremur árum áður hafi farið fram á honum mikil viðgerð. Á síldveiðum um sumarið hafi báturinn verið gerður út á sama hátt og aðrir Eyjabátar. Loks bendir gerðarbeiðandi á, að útsvar það, kr. 400.00, er gerðarþoli telur sig hafa greitt í Reykjavík 1941, sé undarlega lítið, þar sem báturinn hafi aflað ágætlega 1940, eins og áður segir, en gerðarþoli var þá skipstjóri með bátinn, og geti útsvar þetta því aðeins verið lagt á atvinnutekjur, en ekki á tekjur vegna útgerðarinnar. Telur gerðarbeiðandi það engu geta breytt um útsvarsskyldu gerðarþola hér þetta ár, þótt hann dveldi í skóla í Reykjavík um 3 mánuði af árinu 1940, enda hafi hann fyrr og síðar borið hér útsvar án þess að mótmæla útsvarsskyldunni.

Gerðarþoli hefur hins vegar haldið því fram, að hann hafi flutt búferlum til Reykjavíkur haustið 1940 ásamt fjölskyldu sinni og haft þar íbúð á leigu og átt þar lögheimili og verið um veturinn í Stýrimannaskólanum. Hafi hann skilað framtali sínu til tekju- og eignarskatts til skattstofunnar í Reykjavík og greitt þar skatta og útsvar. Hafi hann greitt gjöld þessi í Reykjavík af öllum tekjum sínum og rekstri árið 1940 og ekki átt hér á þessu tímabili nokkrar þær eignir né haft hér slíkan atvinnurekstur, er heimilt væri að leggja á útsvar við niðurjöfnun 1941 skv. 8. gr. útsvarslaganna. Útsvar sitt í Reykjavík 1941, kr. 400.00, hafi verið svona lágt vegna þess, að sér hafi verið leyft að draga frá á framtali sínu kostnaðarliði af viðgerð v. b. Garðars þetta ár (1940). Þá heldur gerðarþoli því fram, að v. b. Garðar hafi árið 1940 verið gerður út í Vestmannaeyjum sem hver annar aðkomubátur, þótt hann hafi verið hér skrásettur, en þar sem báturinn sé yfir 30 smálestir, megi skrásetja hann þar í lögsagnarumdæmi, sem eigandi vill. Ekki hafi verið lagður hér upp neinn afli úr v. b. Garðari á vetrarvertíð 1940 og enga bækistöð hafi báturinn haft í landi, og geti það engu máli skipt, þótt bátverjar hafi átt hér heimili og báturinn haft festi á bátalegunni. Útgerð Garðars héðan árið 1940 telur hann hafa verið með sama hætti og á síldveiðum frá Siglufirði s. ár, en þó hafi ekki verið lagt á hann útsvar þar. Telur gerðarþoli, að Vestmannaeyjabær ætti að gera kröfu um útsvarshluta til Reykjavíkur, eins og hann kveður Siglufjörð hafa gert, í stað þess að leggja hér á sig útsvar, er hafi verið óheimilt.

Það er upplýst í máli þessu, að gerðarþoli, Óskar Gíslason, fór haustið 1940 til Reykjavíkur og dvaldi þar ásamt fjölskyldu sinni nokkra mánuði, eða meðan hann var á Stýrimannaskólanum. Enn fremur hefur því verið haldið fram af gerðarþola, að hann hafi

verið skráður á manntal í Reykjavík 1940 og að hann hafi skilað til skattstofunnar þar tekju- og eignarskattsframtali sínu fyrir árið 1940 og greitt þar skatta. Útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir árið 1941 hefur gerðarþoli greitt með kr. 400.00, en þrátt fyrir þetta sést eigi, að hann hafi kært útsvarsálagninguna hér í bænum. Það er upplýst í málinu, að vélbátur gerðarþola, Garðar V. E. 320, sem er yfir 30 smálestir að stærð, er og hefur verið skrásettur hér í Vestmannaeyjum og gerður héðan út á vetrarvertíðum, þ. á. m. 1940. Á sumrin var báturinn gerður út á síldveiðar fyrir Norðurlandi. Gerðarbeiðandi hefur bent á það, að Garðar hafi stundað hér veiðar á vetrarvertíð 1940 á sama hátt og áður — enda haft hér áfram bækistöð — og þessa vertíð á sama hátt og aðrir Eyjabátar af svipaðri stærð gerðu þá, og að bátar almennt hafi þá selt afla sinn í fisktökuskip, því að sá verzlunarháttur hafi verið arðvænlegastur. Enn fremur er það upplýst, að gerðarþoli hefur greitt hér útsvar vegna útgerðar v. b. Garðars (en annan atvinnurekstur hefur hann eigi) bæði fyrir og eftir 1941, án þess að mótmæla útsvarsskyldunni.

Það er ekki upplýst, að gerðarþoli hafi tilkynnt, að hann flytti búferlum til Reykjavíkur 1940, og þótt hann kunni að hafa verið skráður þar á manntal það ár, meðan hann dvaldist þar við nám, gefur litla bendingu um, að heimilisfesti hans í Vestmannaeyjum hafi jafnframt rofnað, þar sem allir þeir, sem staddir voru í Reykjavík við þetta manntal, voru skráðir á það. Hins vegar er það eigi sannað, að gerðarþoli hafi verið skráður hér á manntal 1940, en þrátt fyrir það verður eigi séð, að dvöl hans við nám í Reykjavík seinni hluta árs 1940 og fram á árið 1941 hafi verið með þeim hætti, að tilefni hafi verið til þess fyrir niðurjöfnunarnefndina hér að ætla, að hann hafi ætlað sér að dvelja áfram í Reykjavík og flytja héðan, þannig að hann losnaði við að greiða hér opinber gjöld.

Enn fremur þykir rétt að hafa það í huga, að útgerð v. b. Garðars hefur ætíð verið talin heimilisföst atvinnustofnun hér í Eyjum, en á því, sem fyrir liggur í málinu, verður eigi séð, að útgerðarfyrirkomulaginu á v. b. Garðari V. E. 320 hafi á nokkurn hátt verið breytt árið 1940 frá því, sem áður var, þótt gerðarþoli væri þá um tíma í skóla í Reykjavík, fram yfir það, sem almennt stafaði af breyttum verzlunarháttum, þ. e. bátar hér seldu þá almennt afla sinn í fisktökuskip í stað þess að leggja hann hér á land til verkunar. Hins vegar lögðu bátar hér upp lifur og tóku ís. Gerðarþoli hefur bæði fyrir og eftir 1941 greitt hér útsvar vegna útgerðar v. b. Garðars, án þess að mótmæla útsvarsskyldunni, og ekki sést, að hann hafi kært útsvarsálagninguna hér 1941, þótt hann hafi greitt útsvar í Reykjavík sama ár.

Samkvæmt ofanrituðu verður því að líta svo á, að samkvæmt 8. gr. útsvarslaganna nr. 106 frá 1936 sé útsvar það, er hér um ræðir, kr. 5600.00, réttilega lagt á gerðarþola, Óskar Gíslason, og ber því

að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðna lögtaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 19. maí 1943.

Nr. 98/1942. **Eigendur v/b. Ársæls V. E. 8**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Eigendum v/b. Kára V. E. 27
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Ómerking málsmeðferðar og dóms og vísun máls heim í hérað.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Sigfús M. Jóhnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, ásamt sjódómsmönnunum Páli Þorbjarnarsyni og Lúðvík N. Lúðvíkssyni.

Mál þetta var þingfest í héraði 4. okt. 1941, og á dómþingi 31. s. m. lagði stefndi fram greinargerð og mótmælti kröfum sækjanda. Átti héraðsdómur þá samkvæmt 109. gr. laga nr. 85 frá 1936 að kveða á um munnlegan málflutning eða skriflegan og veita aðiljum sameiginlegan frest til öflunar sakargagna. Í stað þess fá umboðsmenn aðilja fresti á víxl og skiptast á alls 6 skriflegum greinargerðum til 4. júní 1942. Var málið þá tekið til dóms og dæmt, án þess að munnlegur málflutningur færi fram og án þess að héraðsdómur hefði tekið afstöðu til þess samkvæmt 109. gr. laga nr. 85 frá 1936, hvort skilyrði til skriflegs málflutnings væru fyrir hendi. Með því að málsmeðferðin brýtur svo í bága við nefnda 109. gr., þykir ekki verða hjá því komizt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði frá þinghaldi 31. okt. 1941 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar málsmeðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð máls þessa í héraði frá 31. okt. 1941 og héraðsdómur skulu vera ómerk og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 29. júní 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 4. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Guðmundi Einarssyni útgerðarmanni, Viðey hér, fyrir hönd eigenda v/b. Ársæls V. E. 8 með stefnu, útgefinni 24. september 1941, birtri 25. s. m., á hendur eigendum v/b. Kára V. E. 27, þeim Þórdísi Guðjónsdóttur, Svanhóli, Jóhanni Sigfússyni útgerðarmanni, Skólaveg 23, Óskari Jónssyni útgerðarmanni, Vestmannabraut 15, og Þórarni Guðjónssyni útgerðarmanni, Svanhóli, öllum hér í Vestmannaeyjum, til greiðslu in solidum á skaðabótum vegna árekstrar, að upphæð kr. 37787.50, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi, 24. september 1941, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkv. reikningi, sem lagður hefur verið fram í málinu og nemur að upphæð kr. 1807.80.

Hinir stefndu hafa látið mæta í málinu og gert þær réttarkröfur, aðallega að þeir verði algerlega sýknaðir, en til vara, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða hlutfallslega upphæð af raunverulegum viðgerðarkostnaði v/b. Ársæls, ef dómurinn kæmist að þeirri niðurstöðu, að v/b. Kára yrði gefin sök á árekstrinum að einhverju leyti. Einnig krefjast þeir málskostnaðar eftir mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 17. apríl 1941, kl. um 5,45 e. h., varð árekstur milli v/b. Ársæls og v/b. Kára rétt hjá Klettsnefinu í Vestmannaeyjum. V/b. Ársæll var að koma heim úr róðri og sigldi suður með Ysta-kletti (Klettinum), en v/b. Kári var á leið í róður og sigldi út Víkina fyrir austan höfnina í Vestmannaeyjum. Logn var og sólskin og sléttur sjór. Er bátarnir voru í ca. 200 metra fjarlægð hvor frá öðrum, urðu þeir varir hvor við annan. Eftir því sem fyrir liggur, virðast þeir báðir hafa siglt með venjulegum hraða, en ganghraði v/b. Ársæls er 6 sjómílur á klukkustund, en ganghraði v/b. Kára 8 sjómílur á klukkustund. Rétt austan við Klettsnefnið, í flánni, þar sem klettsnefið skagar lengst til suðurs, varð árekstur inn, og rakst stefnið á v/b. Kára á stefni v/b. Ársæls bakbordsmegin, og skall v/b. Ársæll um leið utan í bergið. V/b. Kári skemmdist ekki við árekstur inn, en hins vegar varð v/b. Ársæll fyrir allmiklum skemmdum og aðallega stjórnborðsmegin eða þeim megin, sem að berginu sneri. Meðal annars klofnaði stefni bátsins, og rann

sjór inn í lúkar. Samt sem áður gat v/b. Ársæll haldið áfram ferð sinni og komst hjálparlaust inn á höfn í Vestmannaeyjum. Telur stefnandi, að v/b. Kári eigi alla sök á árekstrinum, og beri því hinum stefndu að greiða bætur fyrir allt það tjón, sem eigendur v/b. Ársæls biðu við áreksturinn. Telur hann, að tjónið nemi hinni umstefndu upphæð, og er þar í innifalið kostnaður við viðgerð á skemmdum á v/b. Ársæli samkv. yfirmatsgerð, kr. 12828.90, og enn fremur aflatjón skipsins, aflahlutur skipshafnar, kostnaður við matsgerðir, sjópróf o. fl. Hinir stefndu hins vegar telja, að v/b. Ársæll eigi alla sök á árekstrinum, og krefjast sýknu af þeim sökum. Eins gera þeir margar athugasemdir við kröfu stefnanda, sem þeir telja allt of háa. Um nánari atvik að árekstrinum hefur þetta komið fram í málinu:

Formaðurinn á v/b. Ársæli, Karl Guðmundsson, skýrði svo frá í sjóprófunum, sem fram fóru rétt á eftir, að áreksturinn varð, að er hann beygði inn á Víkina fyrir Klettsnefið, hafi hann séð v/b. Kára koma austur Víkina og hafa stefnu austur og var um 2 strik til bakborða við v/b. Ársæl. Kveðst formaðurinn hafa verið kominn það sunnarlega, er hann sá v/b. Kára fyrst, að hann hafi séð báða hafnargarðana og verið búinn að beygja eins mikið og hann þurfti til þess að taka stefnu beint inn á höfnina. Hafi v/b. Kári þá verið í ca. 200 m fjarlægð. Formaðurinn kveðst sjálfur hafa verið uppi ásamt vélstjóranum, Sigurði A. G. Pálssyni, og Júlíusi Guðjónssyni háseta. Hafi vélstjórinn verið á þilfari, en formaðurinn og hásetinn í stýrishúsinu. Hann kveðst hafa séð, að v/b Kári vék aðeins til bakborða, og hafi hann þá vikið til stjórnborða og eins nærri Klettinum og hann þorði, en er komið var austur með klettsnefinu, hafi v/b. Kári siglt á stefni v/b Ársæls bakborðsmegin með þeim afleiðingum, sem áður er lýst. Er árekstur var fyrirsjáanlegur, kveðst hann hafa hægt á ferð skipsins. Í sömu átt gengur framburður hásetans Júlíusar Guðjónssonar og vélstjórans Sigurðar Pálssonar. Júlíus Guðjónsson kveðst fyrst hafa séð möstrin á v/b Kára koma undan Klettsnefinu, en báðir telja þeir, að v/b. Kári hafi verið til bakborða við v/b. Ársæl, er þeir sáu hann fyrst, en raunar „aðeins" til „bakborða", eftir því sem vélstjórinn segir. Báðir segja þeir, að þegar v/b. Kári nálgaðist, hafi v/b. Ársæll beygt til stjórnborða, og tók Sigurður Pálsson það sérstaklega fram, að aðeins hafi verið beygt lítilsháttar, því ekki hafi verið hægt að beygja meira vegna þess, hve báturinn var nærri Klettinum. Báðir segja þeir, að hægt hafi verið á ferð v/b. Ársæls, er áreksturinn var fyrirsjáanlegur, og virðist mega ráða af framburði þeirra og formannsins, að ekki hafi verið bakkað fyrr en eftir áreksturinn. Af framburðum þeirra virðist einnig auðsætt, að v/b. Ársæll hafi siglt mjög nærri Klettinum, og er það einnig stutt með umsögnum vitna, sem sáu til ferða v/b. Ársæls rétt fyrir áreksturinn. Bæði formaðurinn og Júlíus Guðjónsson fullyrða, að v/b. Ársæll hafi ekki beygt til bakborða, eftir að

sást til v/b. Kára. Tíminn, sem leið, frá því þeir sáu til v/b. Kára og þangað til árekstur inn varð, virðist hafa verið örstuttur, og áætlar vélstjórinn á v/b. Ársæl, að ekki hafi verið um lengri tíma að ræða en um eina mínútu.

Formaðurinn á v/b. Kára, Sigurður Bjarnason, skýrir svo frá, að hann hafi lagt af stað í róður kl. 5,30 e. h. umræddan dag, og þegar komið var út fyrir hafnargarðana, hafi stefna verið sett laust fyrir Klettsnefið. Sjálfur kveðst hann hafa verið við stýrið, auk þess hafi 3 skipverjar verið uppi, vélstjórinn Kristján Sigurður Sigurjónsson, stýrimaðurinn Jóhann Sigfússon og Edvin Jóelsson háseti. Er v/b. Kári var ca. 80—100 metra vestur af Klettsnefinu, kveðst formaðurinn hafa séð stefni v/b. Ársæls koma fram undan Klettinum, og hafi þá fjarlægðin milli bátanna verið um 200—250 metrar. Vegna þess að stefna v/b. Kára hafi legið nærri Klettsnefinu, kveðst formaðurinn hafa vikið á stjórnborða til þess að gefa v/b Ársæl nægilegt rúm við Klettsnefið, en í sömu svifum hafi v/b. Ársæll beygt til bakborða, og beygði hann þá sjálfur einnig til bakborða, en um leið beygði v/b Ársæll til stjórnborða, eða upp að Klettinum og í veg fyrir v/b. Kára. Kveðst formaðurinn þá hafa bakkað fullt aftur á, en allt að einu varð árekstur inn. Segir formaðurinn, að vél v/b. Kára hafi haft svo vel aftur á, að v/b Kári fjarlægðist v/b Ársæl þegar í stað eftir árekstur inn, og hjuggust þeir ekki saman aftur. Stýrimaðurinn á v/b. Kára, Jóhann Sigfússon, kveðst hafa verið að stanga kaðla fyrir aftan stýrishúsið, áður en árekstur inn varð, og ekkert séð framundan sér. Hann kveðst hafa orðið þess var allt í einu, að vélinni var skipt aftur á, og rétt á eftir fann mættur höggið, er orsakaðist af árekstri bátanna. Kveðst hann hafa þotið upp til þess að sjá, hvað um væri að vera, og hafi þá v/b. Kári verið að fjarlægjast v/b. Ársæl, sem honum virtist liggja upp við bergið. Vélstjórinn á v/b. Kára, Kristján Sigurður Sigurjónsson, kveðst hafa tekið eftir v/b. Ársæl, er hann kom undan Klettsnefinu, og hafi hann séð á stjórnborðsbóg v/b. Ársæls og tekið eftir númerinu. Hann kveðst ekki hafa veitt v/b. Ársæl frekari gaum í bili, en hins vegar kveðst hann hafa veitt því athygli, að formaðurinn á v/b. Kára beygði fyrst til stjórnborða og þverlagði síðan til bakborða. Þá kveðst hann einnig hafa veitt því athygli, að v/b. Ársæll beygði til stjórnborða upp að Klettinum. Einnig veitti hann því athygli, að v/b. Kári bakkaði eða tók afturá, og virtist honum það hafa gerzt í sömu svipan og v/b. Kári var að snúast til bakborða. Hann segir einnig, að þegar árekstur inn varð, hafi verið dregið úr hraða v/b. Kára, og hafi v/b. Kári losnað við v/b. Ársæl beint út frá bátnum. Edvin Jóelsson, háseti á v/b. Kára, kveðst hafa tekið eftir v/b. Ársæl, er v/b. Kári var nærri kominn að Klettsnefinu, og beygði v/b. Kári þá til stjórnborða, en v/b. Ársæll til bakborða. Skipti þar engum togum, að v/b. Kári beygði til bakborða, en v/b. Ársæll til stjórnborða. Hafi v/b. Kári þá bakkað með fullri ferð aftur á, og

virtist hásetanum, að ferðin væri af v/b. Kára, er bátarnir rákust á. Bæði formaðurinn, vélstjórinn og hásetinn telja, að árekstur hefði orðið allt að einu, þótt v/b. Kári hefði ekki beygt til bakborða, heldur haldið áfram að beygja til stjórnborða, en v/b. Ársæll myndi þá hafa rekizt á v/b. Kára bakborðsmegin aftan til við miðju. Af framburði þeirra virðist mega ráða, að v/b. Kári hafi siglt nærri Klettsnefinu, en formaðurinn heldur því fram, að hann hafi siglt venjulega leið og þar af leiðandi ekki grynnra en venjulegt sé á útsiglingu. Samkv. framburði formannsins, sem sér á stefni v/b. Ársæls, og framburði vélstjórans, sem sér á stjórnborðsbóg hans, hefur v/b. Kári verið til stjórnborða við v/b. Ársæl, er þeir fyrst urðu v/b. Ársæls varir.

Eins og ofanritað ber með sér, gætir allmikils ósamræmis í framburði skipshafnarinnar á v/b. Kára og skipshafnarinnar á v/b. Ársæli. Ársælsmenn halda því fram, að v/b. Kári hafi verið til bakborða við þá, er þeir sáu hann fyrst, og hafi honum því borið að víkja. Káramenn aftur á móti halda því gagnstæða fram. Enn fremur halda Káramenn því fram, að v/b. Ársæll hafi í fyrstunni beygt til bakborða, en því er algerlega neitað af skipshöfn v/b. Ársæls.

Til þess að glöggva sig á öllum aðstæðum var farið á m/b. Kára út að Klettsnefi hinn 10. maí 1941. Voru þar með formaður dómsins og meðdómendurnir, enn fremur umboðsmenn v/b. Kára og Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja svo og formenn beggja bátanna. Voru báðir formennirnir látnir sýna þá leið, er þeir fóru, þegar árekstur-inn varð. Sigurður Bjarnason var látinn sigla leiðina tvisvar, og virtist ekkert koma fram, sem veikti framburð hans eða hans manna. Karl Guðmundsson var látinn gera þrjár tilraunir til þess að sýna leið þá, sem v/b. Ársæll hafi farið í umrætt skipti. Af tilraunum hans varð það bert, að framburður hans og manna hans um það, að þeir hafi haft v/b. Kára á bakborða, er þeir sáu hann fyrst, fær alls ekki staðizt. Liggur þetta einnig í augum uppi, þegar komið er á staðinn, og það haft í huga — sem telja má upplýst —, að báðir bátarnir hafi siglt allnærri Klettinum. Framburður hásetans á v/b. Ársæli Júlíusar Guðjónssonar um, að hann hafi fyrst séð möstur v/b. Kára koma fram undan Klettinum, getur heldur ekki samrýmzt því, að v/b. Kári hafi verið til bakborða við v/b. Ársæl. Að þessu athuguðu verður að ganga út frá — þrátt fyrir gagnstæðar fullyrðingar þeirra á v/b. Ársæli —, að v/b. Kári hafi verið til stjórnborða við þá, er þeir sáu hann fyrst, og bar þeim því að víkja. Þótt v/b. Kári rekist síðan á bakborðskinnung v/b. Ársæls, hnekkir þessu ekki, því þá er v/b. Ársæll búinn að snúa upp að Klettinum og í veg fyrir v/b. Kára. Með tilliti til þess, að framburður Ársælsmanna er bersýnilega rangur um jafn veigamikið atriði, þykir einnig varhugavert að taka tillit til neitunar þeirra um að hafa beygt til bakborða. Með hliðsjón af því, er nú hefur verið greint, fær rétturinn ekki séð,

að v/b. Kára verði gefin sök á árekstrinum. Sigling v/b. Kára og stjórntök formannsins virðast að öllu leyti réttlætanleg, og þegar árekstur er fyrirsjáanlegur, er það gert, sem hægt er, til að draga úr tjóninu með því að bakka fullt með vélinni, það sem Ársælsmenn létu hins vegar hjá líða. Samkvæmt þessu þykir verða að sýkna hina stefndu af kröfum stefnanda að öllu leyti, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Fyrir annir dómsformanns vegna alþingiskosninga hefur nokkur dráttur orðið á uppkvaðningu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, eigendur v/b. Kára, Þórdís Guðjónsdóttir, Jóhann Sigfússon, Óskar Jónsson og Þórarinn Guðjónsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnandans, Guðmundar Einarssonar f. h. eigenda v/b. Ársæls, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 21. maí 1943.

Nr. 90/1942: **Stefán Stefánsson** (Kristján Guðlaugsson)
gegn
Fanneyju Benónýs (Einar B. Guðmundsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Útburðarmál.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Kristján Kristjánsson, nú settur lögmaður í Reykjavík.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. ágúst 1942 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og framkvæmd útburðar leyfð. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefnda hefur krafizt staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefnda hefur á leigu allt húsið við Baldursgötu 12, sem er 2 herbergi, eldhús og geymslur. Bjó hún þar ásamt börnum sínum tveimur í nóvember 1941, er danskur maður, Jens Marius Jensen, fluttist inn á heimilið. Hefur hann dvalizt þar síðan í íbúð stefndu og kveðst sjá fyrir heimilinu

eftir þörfum. Er ekki sannað, að dvöl hans á heimilinu fari í bága við ákvæði húsaleigusamningsins um bann við framleigu né hagsmuni leigusala að öðru leyti.

Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 8. júní 1942.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 28. f. m., hefur gerðarbeiðandi, Stefán Stefánsson, Ingólfsstræti 21 B hér í bænum, krafizt þess, að Fanney Benónýs, sem býr í húsinu nr. 12 við Baldursgötu hér í bænum, verði borin þaðan út vegna vanskila og vegna þess, að hún hafi rofið húsaleigusamning. Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar, og lögðu aðiljar því atriðið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Gerðarbeiðandi skýrir svo frá málavöxtum, að með samningi, dags. 9. sept. 1940, hafi gerðarþoli fengið leigð 2 herbergi og eldhús í húsinu nr. 12 við Baldursgötu. Hafi leigutíminn verið óákveðinn, en uppsagnarfrestur hafi verið tilskilinn 3 mánuðir af beggja hálfu. Leigusalinn hafi verið þáverandi eigandi eignarinnar frú Margrét Wilson, Baldursgötu 39 hér í bænum. Í leigusamningnum kveður hann, að fram hafi verið tekið, að leigutaka væri óheimilt að leigja öðrum hið leigða húsnæði, jafnt einstök herbergi þess sem húsnæðið allt, nema til kæmi sérstakt samþykki leigusala.

Síðastliðið sumar kveður gerðarbeiðandi, að gerðarþoli hafi neitað að greiða þáverandi húseiganda, frú Wilson, vísitöluhækkun á húsaleiguna, og hafi sú krafa numið kr. 26.33 og við þetta hafi svo bætzt, að leigusalinn hafi rétt fyrir 10. febr. þ. á. komizt að raun um, að gerðarþoli hafi tekið inn í íbúðina danskan mann, sem þá hafi verið búinn að búa alllengi hjá henni. Hafi þáverandi leigusali talið, að fyrir þessar aðgerðir gerðarþola hafi hún fyrirgert leigurétti sínum að húsnæðinu, og þess vegna hafi hún sagt gerðarþola upp húsnæðinu, miðað við 14. maí s.l. Þann 28. febr. s.l. kveðst gerðarbeiðandi hafa keypt húseign þessa með þeirri forsendu, að hann fengi til afnota íbúð þá, er gerðarþoli hefði, enda hafi hann 30. marz s.l. tilkynnt gerðarþola eigandaskiptin og tjáð henni með tilvísun til uppsagnarbréfs fyrrverandi eiganda húseignarinnar, að

hún yrði að hafa rýmt húsnæðið fyrir 14. maí s.l., en þar sem hún hafi látið farast fyrir að rýma húsnæðið, þá hafi hann orðið að leita aðstoðar fógetaréttarins, enda telur hann, að gerðarþola beri tvímælalaust að rýma húsnæðið.

Gerðarþoli heldur því fram, að sér hafi aldrei borizt nein krafa um greiðslu á vísitöluhækkun á húsaleigu frá síðastliðnu sumri fyrr en í útburðarbeiðninni. Þvert á móti hafi fyrrverandi leigusali tekið það fram berum orðum síðastliðið sumar, að ekki yrði gerðar kröfur til þessarar hækkunar, enda ekki hreyft fyrir húsaleigunefnd. Auk þess sé krafa þessi eign fyrrv. leigusala, en ekki gerðarbeiðanda, og geti þessi útburðarástæða því ekki haft við rök að styðjast. Gerðarþoli hefur viðurkennt, að hún hafi leyft dönskum manni afnot af herbergi í íbúð þeirri, er hún hefur á leigu, en hún telur, að ekki geti verið um að ræða brot á leigusàmningi þegar af þeirri ástæðu, að fyrrverandi leigusala hafi verið kunugt um þetta og engar athugasemdir gert, og hefur hún þessu til stuðnings vitnað í úrskurð húsaleigunefndar.

Húsaleigusamningur sá, sem um getur í útburðarbeiðninni, hefur ekki verið lagður fram í máli þessu, og verður því ekki séð, hvert efni hans hefur verið. Hins vegar hefur verið lagður fram í málinu ódagsettur húsaleigusamningur milli fyrrverandi eiganda húseignarinnar frú Margrétar Wilson og gerðarþola, en sá samningur gildir fyrst samkv. efni sínu frá 1. október síðastliðnum. Það verður því ekki séð, hvort löglegur grundvöllur fyrir innheimtu vísitölu húsaleigu frá síðastliðnu sumri hefur verið fyrir hendi, þar sem eigi er vitað, hvort sá samningur hefur verið staðfestur af húsaleigunefnd, en þótt svo væri, verður að telja þessa kröfu eign fyrrv. leigusala, en ekki gerðarbeiðanda, þar sem eigi er vitað, að hún hafi verið fram seld með eignarafsali fyrir húseigninni, enda greidd hér í réttinum fyrrverandi eiganda hússins, en ekki gerðarbeiðanda. Verður því útburður af þessari ástæðu ekki leyfður.

Það er sannað í máli þessu, að gerðarþoli hefur tekið danskan mann inn í íbúð sína í nóvembermánuði síðastliðnum. Hins vegar er óupplýst með öllu, hversu veru hans er þar háttað eða hvort hann hefur nokkurn sérstakan leigurétt að ákveðnum hluta íbúðarinnar. Verður því þegar af þessari ástæðu ekki talið sannað, að gerðarþoli hafi með þessu rofið húsaleigusamning sinn við fyrrverandi leigusala, og getur því gerðarbeiðandi heldur ekki notað þetta sem útburðarástæðu.

Samkv. þessu ber að neita um framgang hinnar umbeðnu gerðar. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fara fram.
Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 21. maí 1943.

Nr. 28/1943. **Ólafur Þórarinsson**
gegn
Mogens L. Andersen.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Þórarinsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 24. maí 1943.

Nr. 85/1942: **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Ásgeiri Magnúsi Ásgeirssyni
(Guðmundur Í Guðmundsson).

Ólögleg notkun talstöðvar skips.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa þeir Friðrik Ólafsson, forstöðumaður Stýrimannaskólans, og M. E. Jessen, forstöðumaður Vélstjóraskólans, verið dómkvaddir til þess að láta í ljós álit sitt á því, hvort sú hætta hafi vofað yfir skipi kærða, að honum hafi verið rétt að rjúfa innsigli talstöðvar þess. Er það skoðun þeirra, að skipið hafi þá ekki verið statt í neyð né yfirvofandi háska. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málsúrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 300 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Ásgeir Magnús Ásgeirsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Guðmundar Í. Guðmundssonar, 300 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 4. apríl 1942.

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Ásgeiri Magnúsi Ásgeirssyni, Fífilgötu 5 hér, fyrir brot gegn reglugerð nr. 200 frá 1040, sbr. reglugerð nr. 36 1941 og sérreglur nr. 37 1941, sbr. lög nr. 30 1941.

Málavextir eru þessir samkvæmt eigin játningu kærða og því, sem upplýst er í málinu.

Um miðjan marzmánuð síðastliðinn var kærði í máli þessu, Ásgeir Magnús Ásgeirsson skipstjóri, á heimleið frá Englandi á skipi sínu, v/s Helgi VE. 333. Hafði skipið lagt af stað frá Englandi 16. marz s.l.

Vél skipsins var í góðu lagi, þar til 19. f. m. kl. 15, að 1. vélstjóri tilkynnir skipstjóra, að þrýstilegan gangi mjög heit, og mikið urg heyrist í henni. Taldi fyrsti vélstjóri, að þrýstilegan væri biluð. Hitinn og urgið í þrýstilegunni ágerðist svo, að kl. 16 er legan orðin svo heit, eftir því sem vélstjóri tjáði skipstjóra, að búast mætti við, að vélin stöðvaðist á hverri stundu vegna bilunarinnar í legunni.

Kl. 16.40 rauf skipstjóri innsigli talstöðvar skipsins og sendi Helga Benediktssyni kaupmanni ,eiganda v/s Helga, svohljóðandi skeyti: „Helgi Benediktsson, Vestmannaeyjum, útvegaðu með ferðinni í kvöld þrýstilegu með öllu tilheyrandi nr. 6499 (stop), Ef ekki fáanleg, þá nr. 5501 Ásgeir Ásgeirsson."

Kærði heyrði ekki í Vestmannaeyjum, en náði sambandi við Sæbjörgu í Garðsjó, og tilkynnti hún kærða, að Vestmannaeyjastöðin hefði heyrt skeytið.

Kvöldið áður hafði kærði heyrt í íslenzka útvarpinu, að ferð yrði frá Reykjavík til Vestmannaeyja fimmtudagskvöldið næstk. og hafi hann talið sér bráðnauðsynlegt að nota þessa ferð til þess að fá sér varastykki frá Reykjavík, svo unnt væri að gera við leguna.

Eftir þetta var ferðinni haldið áfram, ágerðist hiti legunnar ekki

meira, og var komið til Vestmannaeyja kl. 10 föstudaginn 20. þ. m. Áður en vart varð við umræddan hita í legunni, var hraði skipsins 8½—8¾ sjóm. á klst., en eftir að hitunin átti sér stað, var ferðin 7½—8 sjóm. á klst.

Leiðarbók skipsins og véladagbók hafa báðar reynzt vel og skipulegar færðar. Er í leiðarbókinni getið um ástæðurnar fyrir því, að kærði rauf innsigli talstöðvarinnar.

Vitnin Helgi Ó. Þorsteinsson og Ágúst Ó. Ólafsson, er leidd hafa verið í máli þessu, hafa borið, að kærði hafi rofið innsigli talstöðvarinnar í umrætt skipti og notað hana eins og að framan segir.

Með eigin játningu kærða og samhljóða framburði 2ja ofangreindra vitna er það sannað, að kærði hefur rofið innsigli talstöðvar v/s Helga VE. 333 þ. 19. f. m. og sent skeyti gegnum stöðina. Veður var gott, er þetta var gert, og skipið átti eigi langt ófarið í höfn, og virðist allt hafa verið í góðu lagi að öðru leyti um borð í skipinu, annað en ummrædd lega. Hraði skipsins hafði aðeins minnkað lítið eitt við umrædda bilun á þrýstilegunni, enda komst skipið klakklaust og án aðstoðar til Vestmannaeyja morguninn eftir, að hitinn tók að ágerast í þrýstilegunni og innsigli talstöðvarinnar var rofið.

Rétturinn verður samkvæmt ofansögðu að líta svo á, að ekki hafi verið fyrir hendi, það neyðarástand, er heimilaði kærða að rjúfa innsigli talstöðvarinnar og senda gegnum hana umrætt skeyti.

Kærði hefur árið 1940 undirgengizt að greiða 150 kr. sekt fyrir brot gegn tolllögunum.

Með framangreindum verknaði hefur kærði að réttarins áliti gerzt brotlegur gegn 1. gr. 1. mgr. reglugerðar nr. 200 frá 1940, sbr. rgl. nr. 36 frá 1941, sérreglum nr. 37 frá 1941, en refsinguna ber að ákveða samkv. 4. gr. reglugerðar nr. 200 frá 1940, sbr. lög nr. 30 frá 1941, 10. og 27. gr. 8. l., og þykir hún hæfilega ákveðin 500 kr. sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 15 daga varðhaldi, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá greiði kærði af málinu allan löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ásgeir Magnús Ásgeirsson, greiði 500 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. mai 1943.

Nr. 103/1942: **Réttvísin og valdstjórnin** (Sigurður Ólason)
gegn
Jósep M. Thorlacius (Garðar Þorsteinsson).

Gjaldþrot. Refsiverð ívilnun lánardrottins. Brot á lögum um bókhald.

Dómur hæstaréttar.

J. E. Thomsen var sjálfur staddur á Siglufirði þann 29. ágúst 1939, er hann lét framkvæma kyrrsetningu hjá ákærða. Hafði ákærði þá eytt af andvirði aflahluta Thomsens, sem hann hafði skuldbundið sig til að leggja inn á bankareikning firmans J. E. Thomsens Efterfölgere. Ákærði, sem vanrækt hafði að halda bækur um reksturinn, lagði þá fram reikning yfir viðskipti aðilja, eins og hann taldi þeim þá háttað. Thomsen athugaði reikning þenna og lagði síðan 30. ágúst fram nýjan reikning af sinni hálfu, er sýndi hærri skuld ákærða. Játaði ákærði þessum nýja reikning og greiddi nokkuð af honum með ávísunum, en samþykkti víxil fyrir eftirstöðvunum, kr. 2379.90. Lýsti Thomsen þá yfir því, að hann sætti sig við skil ákærða á viðskiptum þeirra til þess dags. Verður að fallast á, að Thomsen hafi með yfirlýsingu þessari fallið frá refsikröfu vegna viðskiptanna, enda er ekki sannað, að ákærði hafi vísvitandi sagt honum rangt til um einstök atriði viðskipta þeirra.

Daginn áður en fyrrgreind kyrrsetningargerð hófst, hafði ákærði greitt Jóni Björnssyni frá Hól 1800 krónur til lúkningar gamallar skuldar. Eins og fjárhag ákærða var þá komið, varðar þessi greiðsla við 250. gr. 4. tölulið laga nr. 19/1940, sbr. 263. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869. Þykir refsing ákærða fyrir brot þetta svo og bókhaldsbrot það, er í héraðsdómi greinir, hæfilega ákveðin fangelsi tvo mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta, svo ber ákærða og að greiða allan áfrýj-

unarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 600 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jósep M. Thorlacius, sæti fangelsi tvo mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurðar Ólasonar og Garðars Þorsteinssonar, 600 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 24. ágúst 1942.

Ár 1942, mánudaginn 24. ágúst, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1981/1942: Réttvísin og valdstjórnin gegn Jósep Magnússyni Thorlacius.

Málið var höfðað gegn ákærðum fyrir brot gegn 26. og 27. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940, sbr. almenn hegningarlög frá 25. júní 1869, og lögum nr. 62 1938 um bókhald.

Ákærður er Jósep Magnússon Thorlacius verzlunarmaður til heimilis Frakkastíg 22 hér í bæ. Hann er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 24. maí 1900 að Steintúni í Skeggjastaðahreppi. Hann hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum hér í lögsagnarumdæminu:

1937 ⅙ Áminning fyrir ölvun.
1939 Kærður fyrir svik. Kæran afgreidd til lögreglunnar í Kaupmannahöfn, þar sem ákærður þá var búsettur.
1941 2⅙ Réttarsætt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Öðrum kærum eða refsingum hefur ákærður ekki sætt.

Sumarið 1939 kom ákærður hingað til lands frá Kaupmannahöfn, þar sem hann undanfarið hafði dvalið, og tók að stunda útgerð á síldveiðar frá Siglufirði. Leigði hann til útgerðarinnar 2 skip frá Færeyjum. Á síldveiðunum varð tap, og endaði þessi rekstur hans með því, að eigandi annars hinna leigðu skipa lét framkvæma hjá honum kyrrsetningu hinn 29. og 31. ágúst um sumarið og krafðist síðan gjaldþrotaskipta hinn 7. nóv. Var ákærður síðan úrskurðaður gjaldþrota hinn 5. júlí 1940. Engar eignir komu fram í búinu og var innköllun til skuldheimtumanna því ekki gefin út.

Bókhald hélt ákærður ekki um rekstur sinn. Hann afhenti réttinum möppur með skjölum og reikningum, er hann hafði haldið saman og reksturinn varða, og fékk rétturinn endurskoðendur til að fara yfir það. Við þá athugun reyndist ekki unnt að gera heildaryfirlit um rekstur útgerðar ákærðs né finna, hve miklar tekjur hann hafði haft eða hvernig þeim var ráðstafað, nema að litlu leyti.

Eigandi annars þeirra skipa, er ákærður hafði á leigu, Henry Freemann, var firmað J. E. Thomsens Efterfölgere, Færeyjum. Að gefnu tilefni frá firmanu beindist rannsóknin að viðskiptum ákærðs við það.

Leigusamningurinn um skipið var dagsettur hinn 22. maí 1939. Samkvæmt honum bar eiganda „58½% af brutto Fangsten" fyrir það, er hann lagði til. Var nánar tekið fram, hvernig útgerðarkostnaður skiptist milli eiganda og leigjanda, en sumt átti að takast af óskiptum afla. Því næst kom svolátandi ákvæði í samningnum:

„Salget af Silden skal fortages paa den Maade, at hver Tur skal göres op for sig og skal Ejerens og Besætningens Andel af Fangsten betales ind paa Ejerens Konto i Útvegsbanki Íslands."

Síðar í samningnum er svolátandi ákvæði:

„Endeligt Opgör og Betaling af Fangsten, samt endelig Overförelse af Ejerens og Besætningens Andel skal finde Sted inden 30. September 1939, dog skal saa meget som muligt overföres i Juli og August Maaneder."

Viðskiptum þeirra J. E. Thomsens Efterf. og ákærðs kom svo, að hinn 29. ágúst 1939 bað firmað um kyrrsetningu hjá ákærðum, eins og áður segir, og nam þá skuld hans samkvæmt yfirlitsreikningi þess kr. 6822.40, en samkvæmt yfirliti ákærðs kr. 5358.13. Taldi firmað aflahluta sinn ekki nema að litlu leyti hafa verið gerðan upp jafnóðum og greiddan. Við kyrrsetninguna greiddi ákærður firmanu ávísanir, samtals að upphæð kr. 4442.50.

Samdægurs og kyrrsetningunni lauk samþykkti ákærður víxil fyrir eftirstöðvunum samkvæmt yfirliti J. E. Thomsens Efterf. kr. 2379.90 til greiðslu 30. sept. Jafnframt gaf J. E. Thomsen út svolátandi yfirlýsingu:

„Ovenstaaende Saldo paa kr. 2379.90 er i Dag betalt með Vexel pr. 3% 1939, sikret med Fangstandel i framtidig Fangst ifölge Anvisning af i Dag, og jeg erklærer herved, at Mellemværendet med Hr. Thorlacius er opgjort indtil i Dag."

Víxill þessi var ekki greiddur.

Um útgerð skipsins Henry Freeman og greiðslur ákærðs á aflahlut skipseiganda eftir þenna tíma eru fullnægjandi upplýsingar ekki fyrir hendi.

Rétturinn lítur svo á, að með yfirlýsingu sinni hinn 31. ágúst hafi J. E. Thomsen fallið frá refsikröfu út úr misferli því, er ákærður þá kann að hafa verið orðinn sekur um gagnvart honum,

sbr. 256. gr. almennra hegningarlaga 1869. Um eftirfarandi viðskipti þeirra vegna útgerðarinnar liggja hins vegar ekki fyrir upplýsingar, eins og nú var sagt.

Við áðurgreinda kyrrsetningargerð kom fram, að ákærður hafði átt inneign hjá Steindóri Hjaltalín útgerðarmanni, er annaðist greiðslur fyrir ákærðan og tók sumpart á móti andvirði veiðinnar. En daginn áður hafði hann ávísað Jóni Björnssyni frá Hól kr. 1800.00 af þeirri upphæð. Við kyrrsetninguna gaf Jón eftir kr. 1000.00 af ávísun sinni, og runnu þær til J. E. Thomsens Efterf.

Það er upplýst af frásögn þeirra Jóns og ákærðs, að ákærður skuldaði Jóni áðurgreinda upphæð. Hafði ákærður fengið peningalán hjá Jóni, er hann var að koma af stað útgerð sinni, og lofaði að endurgreiða það af tekjum útgerðarinnar. Verður ekki talið sannað, að ákærður hafi með útgáfu ávísunarinnar til Jóns, eins og á stóð, gerzt sekur um sviksamlegt athæfi.

Eins og áður er sagt, hélt ákærður ekki bókhald um rekstur sinn. Hefur það valdið því, að ekki hefur reynzt unnt að fá yfirlit um viðskipti hans né heldur gera sér fullnægjandi grein fyrir einstökum atriðum þeirra, er ástæða hefði verið til að taka til rannsóknar. Varðar það brot hans við 1. gr. sbr. 2. gr. og 20. gr. laga nr. 62 1938 um bókhald og 262. gr. almennra hegningarlaga 1940, sbr. 264. gr. 2. mgr. almennra hegningarlaga 1869. Með tilliti til þess, hversu stórfelld vanræksla hans er og afdrifarík fyrir möguleika þess að gera sér grein fyrir rekstri hans og viðskiptum, þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Þá ber og að dæma ákærðan til að greiða allan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, hrm. Garðars Þorsteinssonar, er ákveðast kr. 400.00.

Rannsókn mál þessa hófst fyrir lögreglurétti hinn 16. okt. 1940. Málið var dómtekið hinn 16. febrúar s.l., og lagði verjandi þá fram vörn sína. Í tilefni af vörninni lét rétturinn framkvæma á ný bókhaldslega athugun um nokkur atriði í rekstri ákærðs, og hefur dómsuppsögn dregizt af þeim orsökum. Rannsókn málsins varð langdregin m .a. af því, að vitni í málinu er búsett á Siglufirði, og þangað varð að leita reikningslegra upplýsinga. Þess ber og að geta, að eigendur skipa þeirra, er ákærður gerði út, og mundu hafa orðið höfuðvitni í málinu, eru erlendir menn, sem ekki hafa orðið kvaddir til að gefa upplýsingar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Jósep Magnússon Thorlacius, sæti varðhaldi í 60 daga.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Garðars Þorsteinssonar hrm., kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 28. maí 1943.

Nr. 45/1943. **Réttvísin og valdstjórnin** (Magnús Thorlacius)
gegn
Jóhanni Gottfred Thorarensen
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Þjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm í máli þessu hefur upp kveðið Hjálmar Vilhjálmsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 200.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jóhann Gottfred Thorarensen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Seyðisfjarðar 13. marz 1943.

Mál þetta er höfðað gegn Jóhanni Gottfreð Thorarensen, til heimilis Túngötu 26, Siglufirði, af réttvísinnar hálfu fyrir ætlað brot á 26. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 og af valdstjórnarinnar hálfu fyrir ætlað brot á lögum nr. 13 frá 5. maí 1941 svo og til greiðslu alls málskostnaðar.

Ákærður, Jóhann Gottfreð Thorarensen, hefur náð lögaldri sakamanna, er fæddur 10. desember 1912 á Akureyri. Hann hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum refsingum: 1937 24. okt. Sætt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. 1941 7. júlí. Sætt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. 1942 2. okt. Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 60 daga fangelsi skilorðsbundið og 300 króna sekt fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga, 15. sbr. 33. gr. áfengislaga og 1. gr. laga nr. 13 frá 1941.

Málavextir skulu nú raktir samkvæmt eigin játningu ákærðs og öðrum þeim gögnum, er fram hafa komið í málinu.

Aðfaranótt fimmtudags 11. marz s. l., milli kl. 11 og 12, braut ákærður upp hurð á brauðgerðarstofu verzlunar E. J. Waage, en hurð þessari var þannig læst, að hún var negld aftur að innanverðu. Húsaskipun er sú, sjá afstöðuuppdrátt, rskj. nr. 4, að í norðurhlið verzlunarhússins er brauðgerðarstofa og geymslurúm, en í suðurhliðinni er verzlunin og skrifstofa. Á milli búðarinnar og geymslurúmsins eru dyr og er hurðinni læst með krók búðarmegin. Tvennar dyr eru á skrifstofunni, aðrar fram í búðina, en hinar vita að austurenda hússins, og er engin hurð á þeim dyrum, hins vegar stendur skápur fyrir þeim. Eins og fyrr segir, sprengdi ákærður upp dyrnar að brauðgerðarstofunni, fór þar inn og eins og leið liggur í austurenda hússins, þokaði skápnum frá dyrum skrifstofunnar, fór síðan inn í skrifstofuna, færði skápinn aftur í samt lag. Fór því næst inn í búðina og lét greipar sópa. Muni þá, er hann tók úr búðinni, fór hann með yfir í brauðgerðarhúsið um dyrnar, sem eru milli búðarinnar og geymlurúmsins, og kom þeim þar fyrir, sumum í trékassa þar á gólfinu og breiddi yfir poka og fatadruslur, sumt var í vösum rykfrakka honum tilheyrandi hangandi í brauðgerðarstofunni, og nokkuð var geymt í efstu hillu á veggskáp. Þegar ákærður hafði falið munina, eins og að ofan segir, fór hann út um glugga á austurenda hússins. Til þess að geta lagfært neglinguna á hurðinni, sem hann kom inn um, svo ekki bæri á innbrotinu, fór hann út úr húsinu um gluggann.

Ákærður framvísaði mótþróalaust hinum stolnu munum, sem var ýmisskonar búðarvarningur, svo sem 3 pör skinnhanzkar, spilasett, 1 gross rakvélarblöð, 6 pör silkisokkar, vindlakassi, silkiskyrtur, 4 pör undirföt kvenna, milliskyrta, 2 pör ullarpeysur o. fl. Útsöluverð muna þessarra nemur samtals kr. 601.15.

Á miðvikudagsmorgun 10. marz s. l. tók kærður úr brauðgerðarstofunni eggjaduft, matarlit, molasykur og þurrger og kom þessum munum fyrir sumpart í ferðatösku sinni, er var í brauðgerðarstofunni, sumpart í rúmfatapoka honum tilheyrandi, er var í bakdyragangi íbúðarhúss verzlunareiganda, en hjá honum hafði ákærður verið til húsa nokkra síðustu daga. Ákærður heldur því fram, að hann hafi verið töluvert undir áhrifum víns, er hann framdi athæfi það, er lýst er hér að framan.

Í áður nefndri ferðatösku var og sykur, alls ca. 30 lbs., sem ákærður kveðst hafa fengið að gjöf frá amerískum setuliðsmanni.

Ákærður hefur játað það, að hann hafi ætlað að vinna úr því, er hann tók úr brauðgerðarstofunni, vindlana hafi hann ætlað að reykja, en munina úr búðinni kveðst hann ekki hafa verið búinn að ákveða neitt um, þegar upp um hann komst.

Þjófnaður sá, er nú hefur verið lýst, varðar að dómi réttarins við

244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1940, og með því að veita móttöku gjöfum frá erlendum hermanni hefur ákærður og gerzt sekur um brot á 1. gr. laga nr. 13 frá 5. maí 1941.

Refsing sú, sem ákærður hefur til unnið samkvæmt framanrituðu, þykir með hliðsjón af 77. grein almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði. Þá ber og skv. 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna að svipta ákærðan kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærðan til þess að greiða allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Jóhann Gottfreð Thorarensen, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Hann skal og sviptur kostningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærður greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 31. maí 1943.

Nr. 70/1942. **Eggert Jónsson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Trolle & Rothe h/f og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari Jónatan Hallvarðsson sakadómari í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Um hæð vátryggingariðgjalds.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar 23. júní f. á., krefst þess, að honum verði einungis dæmt að greiða £246—5—0 vaxtalaust. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 4. sept. f. á. og fengið hefur uppreisnarleyfi, krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum £461—5—0 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi og framkvæmdarstjóri gagnáfrýjanda Carl Finsen hafa eftir uppkvaðningu héraðsdóms komið fyrir dóm til að gefa aðiljaskýrslur. Aðaláfrýjandi kveðst hafa tjáð Carl Finsen, að hann óskaði frekar, að skipið Thurid og farmur þess yrði vátryggt ótímabundið á ferð þess til Englands og hingað til lands aftur, ef trygging fengist með sömu kjörum og trygging um eins mánaðar skeið. Carl Finsen segist hins vegar hafa bent aðaláfrýjanda á, að stríðstryggingargjöldin væru breytileg, og gæti hann ekki tilgreint þau fyrir aðaláfrýjanda fyrr en fengið væri skeyti um þau frá London og mundi það taka líklega 2—3 daga að afla slíks skeytis. Hafi aðaláfrýjandi þá tekið sér umhugsunarfrest og tilkynnt síðar sama dag, að tryggingar skyldi aflað ótímabundið fyrir eina ferð nefnds skips til Englands. Í samræmi við þessa ákvörðun aðaláfrýjanda kveðst Carl Finsen hafa falið miðlara Trolle & Rothe í Englandi með símskeyti 17. maí 1941 að taka ótímabundna tryggingu á skipinu Thurid og farmi þess á ferð til Englands og þaðan aftur til Íslands. Sama dag fól aðaláfrýjandi umboðsmanni sínum í Englandi að greiða vátryggingargjaldið, en sú greiðsla var þó aldrei af hendi innt.

Skipið Thurid lét úr höfn í Reykjavík hinn 18. maí 1941. Í bréfi til aðaláfrýjanda 20. maí 1941 tilkynnti gagnáfrýjandi, að hann hefði samkvæmt fyrirmælum aðaláfrýjanda sjó og stríðsvátryggt greint skip og farm ótímabundið eina ferð til Englands og þaðan aftur til Íslands, en þetta bréf segist aðaláfrýjandi ekki hafa fengið fyrr en í ágúst s. á., og er þeirri skýrslu hans ekki hnekkt.

Með skýrslum máls þessa þykir ekki fullsannað, að aðaláfrýjandi hafi tekið skilyrðislausa ákvörðun um að vátryggja skip og farm ótímabundið til einnar ferðar til Englands, en hins vegar þykja framangreind gögn, málsatvik og háttsemi aðilja styðja svo staðhæfingar gagnáfrýjanda,

að rétt þykir að láta málalok velta á eiði aðaláfrýjanda þannig, að hann greiði einungis £246—5—0 vaxtalaust, ef hann synjar þess með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á lögmæltu varnarþingi innan 14 daga frá birtingu dóms þessa, að hann hafi tilkynnt gagnáfrýjanda skilyrðislausa ákvörðun sína um það, að greind trygging skyldi vera ótímabundin. Ef aðaláfrýjanda hins vegar verður eiðfall, skal hann greiða gagnáfrýjanda £461—5—0 með 5% ársvöxtum frá 16. des. 1941 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Eggert Jónsson, greiði gagnáfrýjanda, Trolle & Rothe h/f, einungis £246—5—0 án vaxta, ef hann synjar þess með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á lögmæltu varnarþingi innan 14 daga frá birtingu dóms þessa, að hann hafi tilkynnt gagnáfrýjanda skilyrðislausa ákvörðun sína um að vátryggja skipið Thurid og farm þess ótímabundið til ferðar þeirrar til Englands, er hófst 18. maí 1941, og þaðan aftur til Íslands.

En ef aðaláfrýjanda verður eiðfall, skal hann greiða gagnáfrýjanda £461—5—0 með 5% ársvöxtum frá 16. des. 1941 til greiðsludags.

Málskostnaður bæði fyrir héraðsdómi og hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. maí 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 16. des. f. á., af h/f Trolle & Rothe hér í bæ gegn Eggert Jónssyni útgerðarmanni, Vesturgötu 23 hér í bænum, til greiðslu vangoldinna vátryggingariðgjalda, að upphæð £461—5—0, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar skv. framlögðum reikningi.

Stefndur krefst sýknu af kröfum stefnanda gegn greiðslu á £246—5—0 vaxtalaust, enda verði stefnanda og gert að greiða málskostnað eftir mati réttarins.

Eftir því sem stefnandi skýrir frá, eru málavextir þeir, að hinn 17. maí f. á. kom stefndur að máli við forstjóra stefnanda og beiddist þess, að vátryggingarfélagið tryggði m/s Thurid fyrir £3000—0—0 og fiskfarm í sama skipi fyrir £7000—0—0, en skipið átti að flytja fiskinn til Englands. Af hálfu stefnanda er skýrt svo frá, að stefndur hafi þá verið spurður að því, hvort vátryggingin ætti að vera tímabundin eða aðeins gilda fyrir umrædda ferð, hversu langan eða stuttan tíma, sem hún tæki. Hafi stefndur sagt, að hann vildi fá tryggingu fyrir ferðina, ótímabundið, og samkvæmt því hafi verið sent skeyti til miðlara firmans A. W. Bain & Sons, Ltd., í London, þar sem beðið hafi verið um slíka tryggingu. Við hinn munnlega flutning málsins var sýnt skeyti það, er stefnandi sendi firmanu, og var þar farið fram á slíka vátryggingu á skipi og farmi, sem stefnandi hefur lýst. Með bréfum, dags. 19. maí f. á., staðfesti nefnt firma, að útveguð hafi verið vátrygging þessi, og nam iðgjaldið samtals £461—5—0, eða hinni umstefndu upphæð. Það er viðurkennt af hálfu stefnanda, að eigi hafi verið tiltekið ákveðið iðgjald, er stefndur pantaði vátrygginguna, heldur hafi honum verið tjáð, að hann fengi tilkynningu um það síðar, eftir að aflað hefði verið upplýsinga um þetta efni utanlands frá. Með bréfum, dags. 20. maí f. á., hafi stefndum síðan verið tilkynnt, að umrædd vátrygging væri komin í gildi og hvaða skilmálar giltu um hana. En þar sem stefndur hafi látið hjá líða að efna það loforð að greiða hin kröfðu iðgjöld til miðlarafirma þess í Englandi, er áður getur, og síðan einnig færzt undan að greiða það til sín, kveðst stefnandi hafa orðið að höfða mál þetta til greiðslu iðgjaldanna.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann hafi lagt á það áherzlu í samtali sínu við forstjóra stefnanda, að hann fengi hina algengu og ódýrustu tryggingu á skipi og farmi, og ekki hafi hann farið fram á að fá ótímabundna tryggingu. Honum hafi verið kunnugt um, að stefnandi hafi tryggt skip og farm í samskonar ferð og Thurid og að þar hafi verið um tímabundna (1 mánaðar) tryggingu að ræða og iðgjöldin miklu lægri en stefnandi krefur í þessu máli, eða samsvarandi og hann sjálfur býður fram (£246—5—0). Forstjóri stefnanda hafi að vísu ekki tiltekið iðgjöldin, er vátryggingin var pöntuð, en hins vegar tekið skýrt fram, að stefndur myndi fá þau kjör, sem aðrir byðu bezt. Stefndur kveðst ekki hafa móttekið bréf þau, er að framan greinir og dagsett voru 20. maí f. á., fyrr en síðara hluta sumars 1941 og hafi hann þá neitað að greiða umkrafin iðgjöld, þar sem þau væru allt of há, en hins vegar hafi hann boðizt til að greiða iðgjöld í samræmi við venjuleg kjör um tímabundna tryggingu. Hefur stefndur lagt fram vottorð frá Sjóvátryggingar-

félagi Íslands h/f og Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga um, að þau félög hafi á þessu tímabili aðeins tryggt skip og farm, sem hér um ræðir, tímabundinni tryggingu.

Gegn áðurnefndum mótmælum stefnds hafa ekki verið færðar á það sönnur, að honum hafi borizt umrædd bréf frá stefnanda (dags. 20. maí f. á.) fyrr en hann hefur viðurkennt, og geta dómkröfur stefnanda því ekki orðið byggðar á því, að stefndur hafi með athugasemdalausri móttöku bréfanna firrt sig rétti til að bera fyrir sig þær málsástæður, sem áður greinir. Eins og sést af framanskráðu, greinir aðilja á um, hvað þeim hafi farið á milli, er farið var fram á vátryggingu á nefndu skipi og farmi þess, og vitna er vant um þetta atriði. Áðurnefnt símskeyti stefnanda til miðlarafirmans í Englandi þykir þó sýna, að stefnandi hefur þegar talið, að hin umbeðna trygging væri sú, er hann staðhæfir, og að beiðnin um vátrygginguna hefur ekki brenglazt í meðförum milli þeirra aðilja. Með tilliti til þessa svo og þess, að ekki þykir fullyrðandi, að um neina almenna venju hafi verið að ræða um slíkar vátryggingar á nefndu tímabili, þar sem fiskflutningar sem þessir voru þá mjög sjaldgæfir, þykja þær líkur færðar fyrir málsskýringu stefnanda, að rétt þykir að láta úrslit málsins velta á eiði stefnda, þannig, að synji hann fyrir það á varnarþingi sínu, löglega undirbúinn og innan aðfararfrests í máli þessu, að hafa beðið um annað en tímabundna tryggingu á umræddu skipi og farmi hjá stefnanda á þeim tíma, sem að framan greinir, þá skal hann vera sýkn af kröfum stefnanda gegn greiðslu á £246—5—0, enda hefur engum andmælum verið hreyft gegn útreikningi stefnds í því sambandi. Því hefur og ekki verið mótmælt, að stefndur hafi á áðurgreindum tíma boðið fram greiðslu þessa, og verður vaxtakrafa stefnanda því ekki tekin til greina, ef stefndur vinnur eiðinn, enda greiði þá og stefnandi honum kr. 250.00 upp í málskostnað.

Verði stefndum hins vegar eiðfall, greiði hann stefnanda hina umstefndu upphæð með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og kr. 700.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefndur, Eggert Jónsson, synjar fyrir það með eiði á varnarþingi sínu, löglega undirbúinn og innan aðfararfrests í í málinu, að hafa beðið um annað en tímabundna vátryggingu á umræddu skipi og farmi hjá stefnanda á þeim tíma, sem að framan greinir, þá skal hann vera sýkn af dómkröfum stefnanda, Trolle & Rothe, gegn greiðslu á £246—5—0 vaxtalaust, og greiði stefnandi honum kr. 250.00 upp í málskostnað.

Verði stefndum hins vegar eiðfall, greiði hann stefnandanum £461—5—0 með 5% ársvöxtum frá 16. des. 1941 til greiðsludags og kr. 700.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja frá lögbirtingu hans (svo) að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. maí 1943.

Nr. 128/1942. **Eigandi l/v Reykjaness G. K. 94**
gegn
Eig. m/b Ísfell S. H. 203.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Eigandi l/v Reykjaness G. K. 94, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 31. maí 1943.

Nr. 24/1943. **Ragnar V. Jónsson**
gegn
Pétri Hjaltested.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ragnar V. Jónsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 31. maí 1943.

Nr. 29/1943. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Skiptaráðandanum í Reykjavík.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, sem hefur látið mæta í málinu og krafizt ómaksbóta, 50 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. maí 1943.

Nr. 30/1943. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Skiptaráðandanum í Reykjavík.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, sem hefur látið mæta í málinu og krafizt ómaksbóta, 50 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. maí 1943.

Nr. 31/1943. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Skiptaráðandanum í Reykjavík.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, sem hefur látið mæta í málinu og krafizt ómaksbóta, 50 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. maí 1943.

Nr. 32/1943. **Hansína Eiríksdóttir**
gegn
Jónínu Þorvaldsdóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hansína Eiríksdóttir, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 4. júní 1943.

Nr. 22/1943. **Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna**
(Lárus Fjeldsted)
gegn
Guðrúnu Nikulásdóttur
(Guðmundur Í. Guðmundsson)
og
h/f Sviða og gagnsök (Jón Ásbjörnsson).

Heimt er styrjaldartrygging sjómanns og bætur til lífeyriskaupa handa ekkju hans.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 3. marz þ. á., hefur krafizt þess, aðallega að hann verði algerlega sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að dánarbæturnar verði lækkaðar og bætur til kaupa á lífeyri verði felldar niður. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, Guðrún Nikulásdóttir, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 12. marz þ. á., krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst gagn-

áfrýjandi þess, að h/f Sviða verði dæmt að greiða fjárhæðir þær, sem ekki yrðu dæmdar á hendur aðaláfrýjanda, og verði þá hæfilegur málskostnaður dæmdur úr hendi h/f Sviða fyrir hæstarétti.

Stefndi, h/f Sviði, hefur krafizt staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 1941, sbr. 5. gr. laga nr., 37 frá 1940, tryggði aðaláfrýjandi skipshöfn b/v Sviða styrjaldartryggingu gegn dauða og örorku. Þá verður og að telja, að aðaláfrýjandi hafi tryggt bætur til lífeyriskaupa samkvæmt 3. gr. laga nr. 76 frá 1941, sbr. 5. gr. laga nr. 37 frá 1940, enda virðist aðaláfrýjandi, þegar er lög nr. 76 frá 1941 tóku gildi, hafa viðurkennt skyldu sína til þess að tryggja í millilandasiglingum bætur samkvæmt 3. grein þeirra, en eftir ákvæðum hennar voru skipshafnir skipa, er til útlanda sigldu, einnig tryggðar, er skipin voru að veiðum eða í förum með ströndum fram.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir rétt að taka kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda til greina, og er þá grundvöllur kröfu gagnáfrýjanda á hendur h/f Sviða niður fallinn.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 4000.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Málskostnaður fyrir hæstarétti, að því er h/f Sviða varðar, falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna greiði gagnáfrýjanda, Guðrúnu Nikulásdóttur, kr. 21000.00 í dánarbætur með 5% ársvöxtum frá 3. júní 1942 til greiðsludags svo og kr. 21000.00 til kaupa á lífeyri samkvæmt 3. gr. laga nr. 76 frá 1941.

Þá greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda kr. 4000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Stefndi, h/f Sviði, skal vera sýkn af kröfum gagn-

áfrýjanda, og falli málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti niður, að því er hann varðar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 24. febrúar 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 3. júní f. á., af Þorsteini Árnasyni vélstjóra hér í bæ f. h. Guðrúnar Nikulásdóttur, ekkju Lýðs Magnússonar vélstjóra, er fórst með b/v Sviða þann 2. des. 1941, gegn stjórn Striðstryggingafélags íslenzkra skipshafna f. h. félagsins og Garðari Þorsteinssyni hrm. f. h. h/f Sviða í Hafnarfirði til greiðslu dánarbóta og lífeyris vegna Lýðs Magnússonar. Gerir stefnandi þær dómkröfur aðallega, að stjórn striðstryggingafélagsins verði f. h. félagsins dæmd til að greiða kr. 21000.00 í dánarbætur ásamt 5% ársvöxtum frá 2. des. 1941 til greiðsludags og jafnháa upphæð (kr. 21000.00) í árlegan lífeyri samkvæmt þeim reglum, sem Striðstryggingafélag íslenzkra skipshafna greiðir slíkan lífeyri. *Til vara* krefst stefnandi þess, að h/f. Sviði verði dæmt til að greiða fjárhæðir þær, sem fram eru settar í aðalkröfunni, að svo miklu leyti sem striðstryggingafélagið verður ekki dæmt til að greiða þessar fjárhæðir. Hvernig sem málið fer, krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu eftir mati dómsins.

Af hálfu striðstryggingafélagsins er *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu; *til vara*, að félagið verði aðeins dæmt til að greiða hluta hinna umkröfðu bóta samkvæmt mati dómsins, þó ekki yfir 21 þúsund krónur, og falli málskostnaður þá niður.

Af hálfu h/f. Sviða er krafizt sýknu og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að hinn 1. des. 1941 var b/v Sviði, sem var eign hins stefnda hlutafélags með sama nafni, á veiðum út af Vestfjörðum. Þenna dag, kl. 12.56, sendi skipstjórinn skeyti til framkvæmdarstjóra skipsins hér í bæ og kvað skipið vera væntanlegt til Hafnarfjarðar næsta dag. Kl. 19.38 sama dag kom aftur skeyti frá skipinu, og var þá gert ráð fyrir því, að skipið kæmi til Hafnarfjarðar að kvöldi þess 2. des. Eftir þetta komu ekki fleiri skeyti frá skipinu til lands, og tilraunir loftskeytastöðvarinanr í Reykjavík til að ná sambandi við skipið, er hófust kl. 14.12 þann 2. des., báru engan árangur. — Skipstjórinn á b/v Venus frá Hafnarfirði hefur skýrt svo frá, að skip hans hafi ásamt fleiri togurum, þar á meðal b/v Sviða, verið á veiðum þann 1. des. 1941 á svonefndum „Kanti" út af Vestfjörðum. Kl. 18—19 þenna dag lagði Venus af stað til Hafnarfjarðar, og var veður þá dágott. Um kl. 21 sama dag kveðst

skipstjórinn hafa átt talsamband við skipstjórann á Sviða, sem þá hafi skýrt svo frá, að hann hefði lagt af stað af sömu stöðvum og Venus kl. 16 sama dag og væri hann á leið til Hafnarfjarðar. Hafi talazt svo til með þeim, að skipin yrðu samferða til Englands, og skyldi Sviði bíða eftir Venusi, ef hann yrði fyrr tilbúinn. — Um kl. 4 þann 2. des. var b/v Venus staddur þvert af Látrabjargi, og var þá kominn strekkingur af suð-austri, en skipið fór þó með fullri ferð þar til kl. 7 sama dag, er það var farið að taka töluvert á sig. Var vindur þá genginn til suðurs, á að gizka 8 stig; mikill sjór og óreglulegur, en þó ekki brot. Kl. 7.30 þenna dag var sambandstími skipanna, og voru þá flestir togararnir hættir veiðum. Um þetta leyti kom svo hljóðandi skeyti frá Sviða: „Erum komnir suður undir Kolluál." „Förum með hægri ferð. Erum að laga til," og var það hið síðasta, sem heyrðist frá skipinu. Skömmu eftir að þetta skeyti barst, kveðst skipstjórinn á Venusi hafa séð skipsljós á bakborða 2 strik fyrir framan þvert, nokkuð fjarri. Hafi þau sézt fram í birtingu og virzt breytast lítið í afstöðu. — Frekar hefur ekki spurzt til skipsins, enda bar leit sú, sem gerð var að því, engan árangur, og má því telja víst, að skipið hafi farizt með allri áhöfn á þeim slóðum, er síðast fréttist til þess, og þá sennilega þann 2. des. 1941.

Hinn 3. des. 1941 var gengið á reka á Barðaströnd, en þann dag fannst ekkert, er talizt gæti vera frá skipinu. Næsta dag fundust hins vegar á Rauðasandi ýmsir munir, sem teljast vera frá skipinu, svo sem 5 heilir skilrúmsplankar, 59 heil lestarborð, 4 heilar árar, bátmastur með segli í umbúðum, kassi með flugeldum, óátekinn, óbrotin hurð með karmi, klinkuð og krókuð, dregin af nöglum, hálft flatningsborð, þverbrotið, hálf útihurð frá brú o. fl. o. fl. Þann 5. des. fundust reknir á Lambavatni og á Stökkum 2 bjarghringir, merktir Sviða, og innst á Sjöundárlandi skipsbátur með ýmsum útbúnaði. Var báturinn brotinn, en báðir kengirnir, sem bátnum var lyft á, voru heilir. Þann 6. des. rak lík eins kyndarans á Sviða á Sjöundárlandi, um 600 metra frá þeim stað, sem bátinn rak, og næsta dag rak lýsistunnur og körfur á svipuðum slóðum. Annað hefur ekki fundizt frá skipinu, nema hvað Súðin sá talsvert af fiskstíu-plönkum á reki út frá Rauðasandi þann 4. des.

Meðal skipverja á Sviða, er hann fórst, var Lýður Magnússon, sem var 2. vélstjóri á skipinu. Lét hann eftir sig ekkju, Guðrúnu Nikulásdóttur, og er mál þetta höfðað fyrir hönd hennar, eins og áður segir. Byggir stefnandi kröfur sínar á því, að samkvæmt samningi milli Vélstjórafélags Íslands og Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda (dags. 4. maí 1940) hafi útgerðarfélagi b/v Sviða borið að vátryggja á sinn kostnað hvern vélstjóra fyrir kr. 21000.00 fyrir dauða af völdum ófriðar eða af ósönnuðum orsökum, og skyldi fjárhæð þessi greiðast aðstandendum hvers vélstjóra. Samkvæmt samn-

ingi botnvörpuskipaeigenda og sjómannafélaganna (dags. 16. júlí 1941) hafi útgerðarfélagi b/v Sviða og borið að vátryggja vélstjórana á sama hátt 21 þús. kr. viðbótartryggingu, er skyldi greiðast aðstandendum þeirra sem árlegur lífeyrir. Telur stefnandi, að samkvæmt gildandi lögum um stríðsslysatryggingu sjómanna og Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna beri hinu stefnda stríðstryggingafélagi fyrst og fremst að greiða bætur þessar, enda komi lækkun vegna ákvæða 1. gr. laga nr. 95 9. júlí 1941 ekki til greina hér. Hefur stefnandi því beint kröfum sínum *aðallega* gegn stríðstryggingafélaginu, en *til vara* gegn eigendum b/v Sviða, ef talið yrði, að stríðstryggingafélagið ætti ekki að greiða bæturnar að einhverju leyti eða neinu, en hins vegar sé tvímælalaust, að eigendur skipsins hafi með beinum samningum skuldbundið sig til að greiða framangreindar bætur, að fullu.

Aðal-kröfu sína um sýknu byggir hið stefnda stríðstryggingafélag í fyrsta lagi á því, að lagaskylda hafi engin verið til viðbótartryggingar þeirrar, er greinir í 3. gr. samningsins frá 16. júlí 1941, og beri félaginu því ekki að greiða þá fjárhæð, enda hafi og ekki verið beðið um þessa tryggingu, og hér að lútandi samningur hafi ekki einu sinni verið tilkynntur stríðstryggingafélaginu. Í öðru lagi sé niður fallin skylda félagsins til að greiða hinar almennu dánarbætur (21 þús. kr.), þar sem líkurnar séu svo miklar fyrir því, að b/v Sviði hafi farizt af öðrum orsökum en styrjaldaraðgerðum (sbr. 1. gr. laga nr. 95 1941). — *Vara*-kröfu sína byggir félagið hins vegar á því, að samkvæmt sömu lagaheimild eigi hinar síðasttöldu bætur tvímælalaust að lækka, en aðrar og meiri bætur komi hér ekki til greina, eins og áður er rakið.

H/f Sviði byggir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt hér að lútandi samningum og lögum beri stríðstryggingafélaginu að greiða stefnanda að fullu hinar umstefndu bætur, enda hafi h/f Sviði haft fyllstu ástæðu til að treysta því, að tryggingin væri fullnægjandi samkvæmt gerðum samningum við sjómenn. Stefnandi eigi því enga kröfu í þessu sambandi á hendur h/f Sviða, enda hafi því ekki verið mótmælt, að greiðsluskyldan hvíli beint á stríðstryggingafélaginu, ef það beri ábyrgð á annað borð.

Áður en þessar kröfur og málsástæður aðilja verða teknar til athugunar, þykir rétt að rekja nokkuð aðdraganda lagasetningar um þessi efni, svo og ákvæði laganna sjálfra, en að framan hefur verið drepið á samninga þá, er hér skipta máli.

Þegar eftir að núverandi styrjöld hófst, þótti nauðsyn til bera að tryggja sjómenn á íslenzkum skipum gegn dauða og örorku af völdum ófriðarins. Fyrstu samningar milli stéttarfélaga um þessi efni munu hafa verið gerðir 7. okt. 1939, og þann 27. s. m. voru gefin út bráðabirgðalög um Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna. Segir þar í 1. gr., að stofna skuli vátryggingafélag, sem heiti „Stríðstrygg-

ingafélag íslenzkra skipshafna" og hlutverk þess sé að tryggja gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa skipshafnir á þeim íslenzkum skipum, er slíka tryggingu þurfi að kaupa. Með stríðsslysum sé átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum sé beitt. Trygging samkvæmt lögunum nái einnig til þess, er skipshöfn farist með skipi, sem týnist, án þess að til spyrjist, hversu týnzt hafi. — Í 5. gr. laganna segir m. a., að útgerðarmenn allra íslenzkra skipa, sem samkvæmt samningum séu skyldir til að tryggja skipshafnir sínar gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa, skuli tryggja þessa áhættu sína hjá félaginu, að svo miklu leyti sem það geti tekið hana að sér. Láti tryggingarskyldur útgerðarmaður farast fyrir að tryggja skipshöfn sína, skal hún eigi að síður talin tryggð, og á stríðstryggingafélagið sömu kröfu á iðgjaldi og trygging hefði farið fram samkvæmt lögunum, en vanræksla útgerðarmanns á því að tryggja skipshöfn sína varðar allt að 100 þús. kr. sektum. — Bráðabirgðalögin voru síðan lögð fyrir Alþingi, er staðfesti þau með litlum breytingum og engum, að því er snertir hinar tilvitnuðu greinar hér að framan, nema hvað 5. gr. tiltók, að þeir útgerðarmenn, sem samkvæmt lögunum eða samningum væru tryggingarskyldir, skyldu tryggja áhættuna hjá stríðstryggingafélaginu, eins og fyrr segir. Eru þessi lög nr. 37 12. febrúar 1940. — Fyrir sama Alþingi var og lagt frumvarp til laga um stríðsslysatryggingu sjómanna, en frumvarpið fékk eigi afgreiðslu á því þingi. — Með lögum nr. 66 7. maí 1940 um stríðsslysatryggingu sjómanna voru síðan sett ákvæði um þessi efni, þar sem m. a. voru tilteknar dánarbætur eftir því, hverjir vandamenn lifðu hinn látna (3. gr., c-liður). Lögum þessum var síðan breytt með lögum nr. 76 27. júní 1941, þar sem m. a. segir í 3. gr., að aftan við 3. gr. laganna nr. 66 1940 skuli bæta eftirfarandi ákvæðum: „Auk þeirra trygginga, sem um ræðir í b- og c-lið 3. gr. laganna, er útgerðarmönnum farskipa skylt að tryggja alla skipverja fyrir jafnháum upphæðum og í téðri lagagrein segir, og skal þeim varið til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingafélögum til tryggða sjálfs eða þeirra aðstandenda hans, sem bæturnar eiga að hljóta. Þessi lífeyrir skal ekki skerða önnur eftirlaun, er hlutaðeigandi kann að eiga rétt á. — Sama skylda hvílir og á útgerðarmönnum annarra skipa en farskipa, ef þau sigla til útlanda, enda fer um trygginguna að öðru leyti á sama hátt sem um farskip væri að ræða." — Með lögum nr. 95 9. júlí 1941 var lögum nr. 37 1940 (1. gr.) síðan breytt að nokkru. Fyrst var tekið fram eins og áður, að með stríðsslysum væri átt við öll slys, sem yrðu beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum sé beitt. Síðan segir: Ef styrjaldaraðgerðir eru **aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta eða fella þær alveg niður eftir því, hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu (2. mgr.). — Trygging sam-**

kvæmt lögunum skal þó einnig ná til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist, án þess að til spyrjist, hversu týnzt hefur. Þó má lækka skaðabætur eða fella þær niður með öllu á sama hátt og fyrr greinir eftir því, hve miklar líkur eru fyrir því, að skipið hafi farizt af öðrum orsökum en styrjaldaraðgerðum, nema sérstaklega hafi verið um samið milli útgerðarmanna eða skipverja og stríðstryggingafélagsins, að félagið taki fulla ábætlu gegn ákveðnu viðbótariðgjaldi (3. mgr.). — Takmörkun þessi tekur ekki til skipshafna skipa, sem eru í millilandasiglingum.

Það atriði, sem fyrst kemur til álita í máli þessu, er það, hvort stefnandi geti krafið hið stefnda stríðstryggingafélag um lífeyri þann (21 þús. kr.), sem ákveðinn var í 3. gr. fyrrnefnds samnings frá 16. júlí 1941.

Í frumvarpinu að lögunum nr. 76 1941 um breytingu á fyrri lögum um stríðsslysatryggingu sjómanna var í upphafi gert ráð fyrir, að þar um rædd viðbótartrygging næði aðeins til farskipa (1. málsgr. 3. gr.), enda höfðu þá skipverjar á þeim skipum og eigendur þeirra gert með sér samning, sem fór í þessa átt. 2. málsgr. 3. gr. var hins vegar sett inn í frumvarpið við meðferð þess á Alþingi, og kemur það beint fram í umræðum þar, að ákvæði þetta skyldi miða að því, að samskonar trygging kæmi til greina um „alla menn, sem sigla á fiskiskipum", eins og það var orðað, enda var þess og getið, að af umræðum þeim, sem þá höfðu farið fram milli fulltrúa togaraeigenda og sjómanna, væri það ljóst, að þar kæmi til greina trygging, sem væri samhljóða þeirri, sem þá hafði verið samið um, að því er snertir farskip. Með tilliti til þessa svo og orðalagsins á 2. málsgr. 3. gr. laga nr. 76 1941 (sbr. hins vegar orðalagið á 2. gr. sömu laga: „Fiskiskip, sem eingöngu stunda fiskveiðar við strendur landsins og sigla ekki milli landa") þykir eðlilegast að skýra nefnt ákvæði þannig, að það gildi um tilvik það, er hér um ræðir, og lagaskylda hafi því verið fyrir hendi, að því er viðbótartryggingu þessa snerti. — Hér við bætist, að heildarsamningurinn milli stéttarfélaganna frá 16. júlí 1941, sem gerir ráð fyrir viðbótartryggingu þessari, verður, eins og á stóð og að nokkru leyti hefur verið lýst hér að framan, að teljast hafa verið svo kunnur, að stríðstryggingafélagið geti ekki með skírskotun til þess, að félaginu hafi eigi verið tilkynnt um samning þenna, losnað við skyldu sína til greiðslu lífeyrisins. Orðalag kvittana þeirra, er stríðstryggingafélagið gaf h/f Sviða, var og þannig, að það veitti félaginu fyllstu ástæðu til að ætla, að þessi trygging samkvæmt samningnum væri í gildi (sbr. orðin: „Tryggingarupphæð hvers einstaks miðast við lög og reglugerð um Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna og *gildandi samninga á hverjum tíma*"). — Framangreint samningsákvæði verður því að teljast falla undir 1. málsgr. 5. gr. laga nr. 37 1940, og stefnandi á þannig rétt á hendur stríðstryggingafélaginu samkvæmt 2. málsgr.

5. gr. sömu laga, enda verður ekki fallizt á, að þessi skilningur á ákvæðunum leiði til þess, að grundvellinum undir tryggingafélaginu sem slíku sé raskað (sbr. 2. málsgr. 5. gr. laga nr. 37 1940 og 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 76 1941).

Sýknukröfu sína hefur stríðstryggingafélagið að öðru leyti byggt á því, að svo miklar líkur séu fyrir því, að b/v Sviði hafi farizt af öðrum orsökum en styrjaldaraðgerðum, að fella beri *allar* bæturnar til stefnanda niður samkv. heimild 3. málsgr. 1. gr. laga nr. 95 1941. — Dómurinn er hins vegar þeirrar skoðunar, eins og nánar verður rakið hér á eftir í sambandi við varakröfuna um lækkun bótanna, að ekki séu fyrir hendi þau gögn, er réttlæti niðurfellingu bótanna af þessum sökum.

Aðal-krafa stríðstryggingafélagsins um sýknu verður því ekki tekin til greina.

Kemur þá *vara*-krafa stríðstryggingafélagsins næst til athugunar.

Gögn þau, er fyrir liggja í máli þessu, geta ekki að áliti dómsins talizt fela í sér óyggjandi sönnur fyrir því, að styrjaldaraðgerðir hafi verið valdar að skiptapa þeim, er hér um ræðir. 2. málsgr. 1. gr. laga nr. 95 1941 á því ekki við um þetta tilvik, en hins vegar hefur b/v Sviði farizt með þeim hætti, að ekki hefur til spurzt, hversu týnzt hefur, og gildir því upphafsákvæði 3. málsgr. 1. gr. laga nr. 95 1941 að þessu leyti, þannig að bætur samkvæmt stríðsslysatryggingalögum eiga að koma hér til greina. Því er áður lýst, að þetta upphafsákvæði 3. málsgr. var áður í lögum nr. 37 1940, en síðari hluta málsgreinarinnar um lækkunarheimildina var bætt við með lögum nr. 95 1941. Af umræðum á Alþingi um þetta ákvæði þykir þó ljóst, að ætlunin hefur verið sú að hafa þessa heimild til lækkunar, ef nægar líkur þættu fyrir því, að *aðrar* orsakir en styrjaldaraðgerðir væru valdar að slysinu, sbr. m. a. ummælin, að þetta „undantekningarákvæði" komi til greina, „ef sannast, að slys hefur orsakazt ekki einungis af stríðsástæðum." Sjálft orðalag greinarinnar bendir og í sömu átt, og lítur dómurinn því þannig á, að lækkun komi hér því aðeins til greina, að rök hnigi að því, að um sjóslys í venjulegri merkingu hafi verið að ræða. — Lokaákvæði 3. málsgr. 1. gr. laga nr. 95 1941 kemur ekki til greina, með því að þar um ræddir samningar hafa ekki verið gerðir.

Lækkunarkröfu sinni til stuðnings hefur hið stefnda stríðstryggingafélag tekið fram, að ekkert það, er rekið hafi úr b/v Sviða, hafi borið nein merki skothríðar eða sprengingar, en félagið telur hins vegar, að veðrið hafi verið aftaka vont, sjór mikill og óreglulegur og skipið mjög hlaðið.

Því er ómótmælt haldið fram í málinu, að b/v Sviði hafi verið gott sjóskip, traust og vel við haldið. Hafi skipið allt verið athugað sérstaklega, rétt áður en það fór í þessa síðustu för sína. Er það óvéfengt og haft eftir skoðunarmanni skipsins, að vél og annað

hafi þá verið í sérstaklega góðu lagi. Því er einnig ómótmælt, að skipstjórinn hafi verið gætinn og reyndur stjórnandi, sem um fjölda mörg ár hafði verið skipstjóri á þessu skipi, og þekkti hann það því mjög vel. Þær slóðir, er telja verður, að skipið hafi verið á, þegar það fórst, eru ekki hættulegar vegna grynninga eða skerja. Lýsing sú á vindi og sjó, sem skipstjórinn á Venusi hefur gefið, er sú bezta, sem byggt verður á að þessu leyti. Samkvæmt henni var vindur um 8 stig af suðri um þær mundir, er skipstjórinn hafði síðast samband við Sviða, og sjór mikill og óreglulegur, en ekki brot. Vindur hafði þá farið vaxandi úr suðaustri, og samkvæmt veðurskýrslum virðist hann hafa aukizt enn nokkuð, er leið á daginn. Þess ber þó að gæta, að vindur af þessum áttum og með þessum styrkleika getur ekki talizt sérlega hættulegur á þessum slóðum. Sérstaklega má og benda á, að skipstjórinn á Venusi tekur það fram, að engir brotsjóir hafi verið þarna. Það er kunnugt um þrjá íslenzka togara, sem talið er, að hafi farizt úti á rúmsjó eingöngu af völdum veðurs. Í þau skipti er talið, að um mestu aftaka veður hafi verið að ræða, bæði hvað snerti vind og sjólag, en um aftaka veður getur vart verið að ræða með minni veðurhæð en ca. 10—11 vindstigum og tilsvarandi sjó. Það væri því eins dæmi, ef vindur og sjór, eins og að framan er lýst, hefði orðið togara að grandi, enda er það alkunnugt, að togarar hafa farið og fara ferða sinna í slíku veðri. Þá er þess og að geta, að ekkert það hefur komið fram, er bendi til þess, að b/v Sviði hafi verið sérstaklega illa eða ofhlaðinn í umrætt skipti.

Að öllu þessu athuguðu lítur dómurinn því svo á, að í máli þessu sé ekki heimild til lækkunar bóta skv. 3. málsgr. 1. gr. laga nr. 95 1941, og verður *vara*-krafa stríðstryggingafélagsins því heldur ekki tekin til greina.

Upphæð hinna umstefndu bóta hefur ekki sætt andmælum að öðru leyti en því, sem að framan greinir, og verða úrslit málsins því þau, að hið stefnda stríðstryggingafélag, sem ekki hefur mótmælt beinni greiðsluskyldu út af fyrir sig, verður dæmt til að greiða stefnanda kr. 21000.00 í dánarbætur ásamt 5% ársvöxtum frá 3. júní 1942 til greiðsludags svo og kr. 21000.00 í árlegan lífeyri, eins og fyrr segir. Eftir þessum málalokum þykir og rétt, að stríðstryggingafélagið greiði stefnanda kr. 2000.00 í málskostnað.

Af framangreindum málsúrslitum leiðir, að h/f Sviði verður sýknað af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum verður málskostnaður látinn falla niður gagnvart því.

Í máli þessu skipuðu sjó- og verzlunardóminn þeir Árni Tryggvason, fulltrúi lögmanns, formaður og meðdómendurnir Pétur Sigurðsson sjóliðsforingi og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, stjórn Stríðstryggingafélags íslenzkra skipshafna f. h. félagsins, greiði stefnandanum, Þorsteini Árnasyni f. h. Guðrúnar Nikulásdóttur, kr. 21000.00 í dánarbætur ásamt 5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 3. júní 1942 til greiðsludags svo og kr. 21000.00 í árlegan lífeyri samkvæmt þeim reglum, er stríðstryggingafélagið greiðir slíkan lífeyri. Einnig greiði stríðstryggingafélagið stefnandanum kr. 2000.00 í málskostnað.

Stefndur Garðar Þorsteinsson hrm. f. h. h/f Sviða skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður falli niður gagnvart því félagi.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. júní 1943.

Nr. 113/1942. **Stjórn ríkisspítalanna** (Sigurður Ólason)
gegn
Sjúkrasamlagi Reykjavíkur
(cand. jur. Gunnar E. Benediktsson).

Setudómari hrl. Jón Ásbjörnsson í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Sjúkrasamlag dæmt til að greiða kostnað af sjúkrahúsvist manna, er haldnir voru kynsjúkdómi.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm í máli þessu hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 29. okt. 1942 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. nóv. s. á. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 6299.00 ásamt 5% ársvöxtum af kr. 1026.00 frá 1. jan. 1938, af kr. 2658.00 frá 1. jan. 1939, af kr. 1768.00 frá 1. jan. 1940 og af kr. 847.00 frá 1. jan. 1941 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 1. gr. laga um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla nr. 78/1936 taka ákvæði þeirra til sjúklinga, sem haldnir eru kynsjúkdómum. Í 2. mgr. 2. gr. sömu laga segir, að samkvæmt lögunum verði styrkur ekki veittur til greiðslu kostnaðar, sem hlutaðeigandi á rétt á að fá greiddan samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, en lög um þær nr. 26/1936 höfðu komið til framkvæmda fyrr á árinu 1936. Verður samkvæmt þessu að telja, sbr. 30. gr. laga nr. 26/1936, að sjúklingar haldnir kynsjúkdómum hafi verið tryggðir af stefnda. Ekki verður talið, að niðurlag 30. gr. laga um alþýðutryggingar nr. 74/1937 hafi breytt þessu. Ágreiningslaust er í málinu, að sjúklingar þeir, er mál þetta varðar, hafi verið til lækninga á Landsspítalanum eftir ákvörðun Hannesar Guðmundssonar, sérfræðings í kynsjúkdómum og trúnaðarmanns ríkisins í þeim málum, og voru sjúklingarnir stundaðir af honum. Þar sem þannig stóð á, getur það ekki firrt áfrýjanda rétti til greiðslu, þó að ekki sé vitað, hvort ráð tryggingarlæknis samkvæmt 3. tölulið sbr. 1. tölulið 30. gr. laga nr. 74/1937 hafi til komið hverju sinni, né að fylgt hafi verið reglum sjúkrasamlagsins um tilkynningar, enda ber að gæta sérstakrar leyndar um þessa sjúklinga.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfur áfrýjanda til greina, enda hefur upphafstíma vaxta ekki verið mótmælt sérstaklega.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 1000.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sjúkrasamlag Reykjavíkur, greiði áfrýjanda, Stjórn ríkisspítalanna, kr. 6299.00 ásamt 5% ársvöxtum af kr. 1026.00 frá 1. jan. 1938, af kr. 2658.00 frá 1. jan. 1939 og kr. 1768.00 frá 1. jan. 1940 og af kr. 847.00

frá 1. jan. 1941 til greiðsludags og samtals kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júní 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 28. maí f. á., af skrifstofu ríkisspítalanna hér í bæ gegn Sjúkrasamlagi Reykjavíkur til greiðslu sjúkrahússkostnaðar tiltekinna sjúklinga, að upphæð kr. 6299.00, ásamt 5% ársvöxtum af kr. 1026.00, frá 1. jan. 1938, af kr. 2658.00 frá 1. jan. 1939, af kr. 1768.00 frá 1. jan. 1940 og af kr. 847.00 frá 1. jan. 1941, allt til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu eða skv. mati réttarins.

Stefnda krefst sýknu og málskostnaðar sér til handa.

Málavextir eru þeir, að á árunum 1937, 1938, 1939 og 1940 hafa nokkrir ónafngreindir sjúklingar með kynsjúkdóma notið sjúkrahúsvistar á VI. deild Landsspítalans (kynsjúkdómadeild). Er það nú óvéfengt, að sjúklingar þessir hafi á umræddu tímabili verið fullgildir félagar í Sjúkrasamlagi Reykjavíkur og notið réttinda þar svo og, að sjúkrahússkostnaður þeirra á Landsspítalanum nemi alls hinni umstefndu upphæð. Stefnandi þessa máls, skrifstofa ríkisspítalanna, hefur krafið stefnda um greiðslu þessa kostnaðar og byggir þá kröfu sína á því, að samkvæmt lögum um alþýðutryggingar frá 1. febr. 1936, sbr. lög nr. 74 1937, og skv. lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla nr. 78 1936 beri stefnda skylda til að greiða kostnað þenna. Stefnda hefur neitað að verða við þessari kröfu, og er því mál þetta höfðað og í því gerðar framangreindar dómkröfur.

Stefnda byggir sýknukröfu sína á því, að það hafi hvorki með samningi né á annan hátt skuldbundið sig gagnvart stefnanda til að greiða sjúkrakostnað umræddra sjúklinga, og eigi stefnandi því ekki aðild þessa máls. Auk þess telur stefnda, að skv. 30. gr. i. f. laga nr. 74 1937, sbr. lög nr. 91 1932, beri ríkissjóði, en ekki sjúkrasamlögum, að greiða kostnað við dvöl nefndra sjúklinga í sjúkrahúsi, og hafi lög um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla ekki gert neina breytingu í því efni. En jafnvel þótt talið yrði, að almennt bæri sjúkrasamlögum að greiða slíkan sjúkrakostnað, sem hér um ræðir, þá gæti slíkt ekki komið til greina hér, þar sem ekki hafi verið gætt lögskipaðra fyrirmæla um, að tryggingarlæknir hafi ráðlagt vistina á sjúkrahúsinu eða að samið hafi verið við sjúkrahúsið um dvöl slíkra sjúklinga þar.

Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að vegna þeirra leyndar, sem skylt sé að hafa um sjúklinga þessa (sbr. 15. gr. laga nr. 91 1932), hafi ekki verið unnt að fylgja venjulegum reglum í þessum tilfellum, en allir sjúklingarnir hafi verið lagðir inn í sjúkrahúsið að ráði hins opinbera trúnaðarlæknis (sérfræðings í kynsjúkdómum).

Því er ómótmælt haldið fram, að stefnda hafi aldrei borizt nein beiðni um sjúkrahúsvist til handa sjúklingum með kynsjúkdóma, en annars er það venjan, að læknir samlagsmanns, er þarfnast sjúkrahússvistar, sendi samlaginu beiðni um það ásamt ýmsum tilteknum upplýsingum. Samlagið athugar síðan, hvort sjúklingur eigi rétt til sjúkrahússvistar á kostnað þess, og reynist það svo, er beiðnin lögð fyrir trúnaðarlækni samlagsins, er úrskurðar, hvort sjúkrahússvistin skuli veitt eða ekki (sbr. 3. tölulið 1. mgr. 30. gr. alþýðutryggingalaganna). Trúnaðarlæknir stefnanda, Jóhann Sæmundsson, hefur vottað það, að honum hafi aldrei borizt nein beiðni um sjúkrahúsvist til handa sjúklingum, sem haldnir hafa verið kynsjúkdómum.

Skv. lögum um varnir gegn kynsjúkdómum nr. 91 1932 er að vísu gert ráð fyrir leynd um nöfn sjúklinga, er sýkjast af „syfilis". Jafnframt eru í lögunum gefnar reglur um, hvernig einkenna megi umrædda sjúklinga, og verður ekki annað séð, en að slíkum reglum mætti og koma við í sambandi við beiðni um sjúkrahússvist handa sjúklingunum. Þetta atriði þykir því ekki geta réttlætt það að bregða frá lögskipuðum fyrirmælum um þessi efni, og með tilliti til þessa svo og þess, að ekki verður talið, að umræddur sérfræðingur í kynsjúkdómum geti í þessu tilfelli komið í stað trúnaðarlæknis stefnda, verður að fallast á það með samlaginu, að þegar af þessari ástæðu og hvernig sem litið yrði á aðrar varnarástæður þess, geti stefnandi ekki sótt umræddar kröfur á hendur því. Þykir því verða að sýkna stefnda af öllum framangreindum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Sjúkrasamlag Reykjavíkur, á að vera sýknt af kröfum stefnanda, Skrifstofu ríkisspítalanna, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 9. júní 1943.

Nr. 118/1942. **Valdstjórnin** (Eggert Claessen)
gegn
Einari Ragnari Jónssyni, Stefáni Ögmundssyni og Halldóri Kiljan Laxness
(Einar B. Guðmundsson).

Sýknað af kæru fyrir brot á lögum nr. 127/1941. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar.

Bókin Hrafnkatla, sem mál þetta er af risið, er endurprentun Hrafnkels sögu Freysgoða, aðallega útgáfu Konráðs Gíslasonar frá 1847, en fylgt er málmyndum íslenzkrar tungu, eins og hún nú er rituð, og stafsetningarreglum þeim, sem boðnar eru í auglýsingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 25. febr. 1929. Enginn hinna kærðu ber höfundarábyrgð á bókinni, að því undan skildu, að Halldór Kiljan Laxness hefur samið formála hennar, en ekki hefur verið kært út af honum í máli þessu. Halldór Kiljan Laxness hefur á titilblaði bókarinnar lýst sig útgefanda hennar, en kostnaðarmenn eru þeir Einar Ragnar Jónsson og Stefán Ögmundsson. Samkvæmt 3. gr. tilskipunar um prentfrelsi frá 9. maí 1855 ber útgefandinn Halldór Kiljan Laxness einn refsiábyrgð, ef til refsingar væri unnið samkvæmt 1. gr. laga nr. 127/1941, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna kærðu Einar Ragnar og Stefán af kæru valdstjórnarinnar, að því er þá grein varðar. Hins vegar tekur 3. gr. nefndrar tilskipunar ekki til brots þess, er 2. gr. laga nr. 127/1941 fjallar um og varðar einkarétt til útgáfu ritaðs máls. Er því heimilt að sækja hina kærðu sameiginlega til ábyrgðar fyrir brot á ákvæðum þeirrar greinar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur verið fengin umsögn kennara heimspekideildar Háskóla Íslands um meðferð efnis og máls í útgáfu þeirri, sem kært er út af. Segja þeir, að í útgáfunni sé aðeins á örfáum stöðum vikið frá orðalagi handrita og í smávægilegum atriðum, en reyndar að þarflausu. Einn smákafli sé fluttur til, en engum kafla

sleppt. Sagan sé að efni allsendis óbreytt í útgáfunni og ekki breytt að meðferð né málblæ, svo að neinu skipti, nema að því er til áðurnefndra orðabreytinga, málmynda og stafsetningar kemur.

Í 1. gr. laga nr. 127/1941 segir, að þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða rithöfundar, megi ekki birta rit hans breytt að efni, meðferð né málblæ, ef breytingunum er svo háttað, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón af. Eigi megi heldur sleppa kafla úr riti, nema þess sé greinilega getið í útgáfunni. Þar sem útgáfa bókarinnar Hrafnkötlu með þeim hætti, er áður greinir, þykir ekki brjóta í bág við ákvæði greinar þessarar, þá ber einnig að sýkna kærða Halldór Kiljan Laxness af kæru valdstjórnarinnar, að því er til þeirrar greinar tekur.

Í 2. gr. laga nr. 127/1941 er íslenzka ríkinu áskilinn einkaréttur til þess að gefa út íslenzk rit, sem samin eru fyrir 1400. Þó getur ráðuneyti það, sem fer með kennslumál, veitt öðrum leyfi til slíkrar útgáfu, og má binda leyfið því skilyrði, að fylgt sé samræmdri stafsetningu fornri. Svo skal og nafngreindu félagi vera heimil útgáfa fornrita án leyfis stjórnvalda. Að sögn kennara heimspekideildar Háskóla Íslands er það einróma álit fræðimanna, að sagan af Hrafnkeli Freysgoða sé samin fyrir 1300. Urðu hinir kærðu því að leggja til grundvallar, er bókin var út gefin, að ákvæði 2. gr. laga nr. 127/1941 tækju til hennar.

Samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar skal vera prentfrelsi hér á landi, en þó svo, að menn verða að bera ábyrgð á prentuðu máli fyrir dómstólum. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða. Ákvæði greinarinnar takmarkast að vísu af því, að áskilja má mönnum höfundarrétt að ritum og meina öðrum útgáfu ritanna, meðan sá réttur helzt. En rök þau, sem að því hníga og byggjast á nánum, persónulegum hagsmunum höfundar, liggja ekki til grundvallar fyrirmælum 2. gr. laga nr. 127/1941. Þau fyrirmæli eru sett til þess fyrir fram að girða fyrir það, að rit, sem greinin tekur til, verði birt breytt að efni eða orðfæri, eftir því sem nánar getur í lögunum. Með því að áskilja ríkinu einkarétt til birtingar rita þessara og banna á

þann hátt öðrum birtingu þeirra, nema að fengnu leyfi stjórnvalda, hefur verið lögð fyrirfarandi tálmun á útgáfu ritanna, sem óheimil verður að teljast samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar. Verður refsing því ekki dæmd fyrir brot á ákvæðum 2. gr. laga nr. 127/1941.

Samkvæmt framansögðu eiga hinir kærðu að vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu. Allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns kærðu í héraði, kr. 300.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærðu, Einar Ragnar Jónsson, Stefán Ögmundsson og Halldór Kiljan Laxness, skulu vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda kærðu í héraði, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Eggerts Claessens og Einars B. Guðmundssonar, kr. 500.00 til hvors.

Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Í lögum nr. 13/1905 um rithöfundarrétt og prentrétt eru sett ákvæði um eignarrétt og útgáfurétt að rituðu máli. Með þenna rétt fer höfundur rits, svo sem eðlilegt er, svo og framsalshafar hans og að honum látnum erfingjar hans með nokkrum takmörkunum. Getur einkaréttur framsalshafa og erfingja haldist allt að 50 ár eftir dauða höfundar. Í 1. gr. laga nr. 127/1941 um viðauka við lög nr. 13/1905 er lagt bann við því að birta, þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða höfundar, rit hans breytt að efni, meðferð eða málblæ, ef breytingunni er svo háttað, að mennig eða tunga

þjóðarinnar bíði tjón af. Ekki má heldur sleppa kafla úr riti, nema þess sé greinilega getið í útgáfunni. Ákvæði 1. gr. tekur einnig til fornrita, en auk þess er svo kveðið á í 2. gr. laganna, að hið íslenzka ríki hafi einkarétt til að gefa út íslenzk rit, sem samin eru fyrir 1400. Þó getur ráðuneyti það, sem fer með kennslumál, veitt öðrum leyfi til slíkrar útgáfu, og má binda leyfið því skilyrði, að fylgt sé samræmdri stafsetningu fornri. Hið íslenzka fornritafélag hefur hins vegar heimild til útgáfu fornrita án þess að sækja um leyfi, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna.

Er auðsær sá tilgangur laga nr. 127/1941 að vernda þjóðleg verðmæti, þ. e. fornritin, og stuðla að því, að þau komist í hendur almenningi svo lítið breytt sem kostur er, og er handhöfum ríkisvalds ætlað að vera á verði gegn spjöllum á þeim.

Því hefur verið haldið fram, að ákvæði laga nr. 127/1941 séu ósamþýðanleg 67. gr. stjórnarskrárinnar. Grein þessi tryggir mönnum, sem íslenzkt ríkisvald tekur yfir, rétt til að láta í ljós hugsanir sínar á prenti, þ. e. að birta ritað mál, sem þeir hafa samið eða þýtt úr erlendu máli. Stjórnarskrárákvæði þetta girðir því ekki fyrir það, að framsalshafar manns og erfingjar hans að honum látnum fari með eignarrétt og útgáfurétt að rifum hans, enda er sú meðferð helguð í lögum nr. 13/1905. Nefnt stjórnarskrárákvæði raskar því ekki heldur reglu 1. gr. laga nr. 127/1941 um bann gegn brenglun á ritum látinna manna, og ekki er ákvæðið því til fyrirstöðu, að viðurlögum sæti þeir aðiljar, sem birta og gefa út fornrit án heimildar, sbr. 2. gr. laga nr. 127/1941.

Svo sem áður segir, eru lög nr. 127/1941 á því sjónarmiði reist, að almenningur skuli fá fornritin í hendur til lestrar í góðum útgáfum og svo lítið breytt sem unnt er. Ákvörðun handhafa ríkisvalds um það, hverjum auk Hins íslenzka fornritafélags skuli falið að gefa þau út, verður þess vegna alls ekki jafnað til ritskoðunar og áþekkra tálmana, sem framkvæmdar eru, áður rit eru prentuð, og miða að því, að fyrir sjónir almennings komizt ekki ákveðnar skoðanir, sem valdhafar telja sér skaðsamlegar, en slíkar athafnir bannar 67. gr. stjórnarskrárinnar. Rit það, sem í

máli þessu greinir, var og prentað og birt, án þess nokkur tilraun væri gerð af hendi ríkisvaldsins til að ritskoða það. Lög nr. 127/1941 fyrirskipa alls ekki ritskoðun, heldur kveða þau einungis á um viðurlög, sem beita skal, eftir að brot gegn þeim hefur verið framið, og er lögum þessum að því leyti eins háttað og mörgum öðrum lögum, er leggja viðurlög við ólögmætri birtingu rita, t. d. birtingu rita án leyfis þeirra, sem útgáfuréttinn eiga, sbr. lög nr. 13/1905, birtingu meiðyrðarita, sbr. ákvæði laga nr. 19/1940, o. s. frv. Eru slík ákvæði í lögum í samræmi við 67. gr. stjórnarskrárinnar, sem lætur svo mælt, að menn verði að ábyrgjast fyrir dómi efni rita sinna, er birt hafa verið, og þá því frekar ólögmæta birtingu á ritum annarra manna, og felur nefnd grein stjórnarskrárinnar með þessum hætti almenna löggjafanum að setja lög um ábyrgð á prentuðu máli.

Samkvæmt því, sem rakið er að framan, finnst engin heimild í 67. gr. stjórnarskrárinnar handa dómstólum til að fella úr gildi lög nr. 127/1941, en dómstólar geta ekki virt að vettugi lög, sem almenni löggjafinn hefur sett, nema stjórnarskráin sjálf veiti ótvíræða heimild til þess.

Loks verður ekki séð, að nokkur sérstakur aðili hafi öðlazt slíkan rétt til fornritanna, að þau verði talin hans eign, sem ekki verði af honum tekin, nema gegn endurgjaldi, sbr. 62. gr. stjórnarskrárinnar.

Í álitsgerð íslenzkufræðinga við Háskóla Íslands, sem lögð hefur verið fram í máli þessu, er frá því skýrt, að rit það, sem í málinu greinir, sé af öllum fræðimönnum talið samið fyrir árið 1300. Verður að leggja það álit til grundvallar máli þessu.

Um útgáfu þá, er í máli þessu greinir, segir að öðru leyti í nefndri álitsgerð.

„Í útgáfunni er aðeins á örfáum stöðum vikið frá orðalagi handrita og í smávægilegum atriðum, en reyndar að þarflausu. Einn smákafli er fluttur til. Sagan er að efni allsendis óbreytt í útgáfunni og ekki breytt að meðferð né málblæ, svo að neinu skipti, nema að því er til áðurnefndra orðabreytinga, málmynda og stafsetningar kemur. Engum kafla er sleppt."

Samkvæmt þessu verður ekki séð, að slík brenglun hafi orðið á útgáfu þessari, að það varði við 1. gr. laga nr. 127/1941.

Hins vegar hafa hinir kærðu ekki aflað sér leyfis til að standa fyrir útgáfu nefnds rits, og verður þess vegna ekki komizt hjá því að láta þá sæta ábyrgð samkvæmt 2. gr. nefndra laga. Þykir sekt á hendur hverjum þeirra hæfilega ákveðin samkvæmt 3. gr. laganna kr. 400.00 í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektar hvers þeirra, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað. Svo verður og að dæma hina kærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinir kærðu, Einar Ragnar Jónsson, Stefán Ögmundsson og Halldór Kiljan Laxness, greiði hver 400 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 15 daga í stað sektar hvers þeirra, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Kærðu greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Eggerts Claessens og Einars B. Guðmundssonar, 500.00 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 17. nóv. 1942.

Árið 1942, þriðjudaginn 17. nóvember, var í lögregluréttí Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni, fulltrúa sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2405—2407/1942: Valdstjórnin gegn Einari Ragnari Jónssyni, Stefáni

Ögmundssyni og Halldóri Kiljan Laxness, sem tekið var til dóms 9. fyrra mánaðar.

Mál þetta er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Einari Ragnari Jónssyni forstjóra, Bergstaðastræti 48, Stefáni Ögmundssyni prentara, Óðinsgötu 13, og Halldóri Kiljan Laxness rithöfundi, Vesturgötu 28, fyrir brot gegn lögum nr. 127 9. desember 1941 um viðauka við lög nr. 13 20. október 1905 um rithöfundarétt og prentrétt.

Kærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna. Kærðu Stefán Ögmundsson og Halldór Kiljan Laxness hafa ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu. Kærði Einar Ragnar Jónsson hefur sætt þessum refsingum:

1. 1935 ¼ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 100 króna sekt fyrir brot á ákvæðum laga nr. 32/1933 um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.
2. 1939 ⅝ Sátt í Reykjavík: 10 kr. sekt fyrir brot á umferðarreglum.

Að öðru leyti hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Með bréfi, dagsettu 12. september s. l., sendi dómsmálaráðuneytið sakadómara eitt eintak bókarinnar „Hrafnkatla“, sem þá hafði nýlega verið gefin út hér í Reykjavík, og lagði svo fyrir, að hefja skyldi réttarrannsókn um útgáfu bókar þessarar og höfða síðan mál gegn hinum kærðu fyrir brot gegn áðurnefndum lögum nr. 127 9. desember 1941.

Bók þessi, Hrafnkatla, kom út hinn 1. september s. l. og er Hrafnkelssaga Freysgoða færð til nútíma stafsetningar og með formála eftir kærða Halldór Kiljan Laxness. Segir í formálanum, að sagan sé með örfáum undantekningum prentuð samkvæmt útgáfu Konráðs Gíslasonar, Kaupmannahöfn 1847.

Kærðu Einar Ragnar og Stefán kostuðu útgáfuna, sáu um hina fjárhagslegu hlið útgáfunnar og sölu bókarinnar. Kærði Halldór Kiljan Laxness bjó bókina undir prentun. Hann færði söguna til nútíma stafsetningar og samdi formála bókarinnar. Kveður hann engar breytingar hafa verið gerðar á bókinni við útgáfu þessa, nema á stafsetningunni og nafni sögunnar. Ef einhver ágóði yrði af útgáfu þessari, skyldi hann renna í sjóð til verndar andlegu frelsi íslenzkra rithöfunda. Kærði Halldór Kiljan Laxness hefur enga þóknun fengið fyrir störf sín við útgáfuna, og er það talið óumsamið, hvort hann fái nokkra þóknun, en hann hefir skýrt svo frá, að ef hann fái einhverja þóknun, skuli hún renna í nefndan sjóð.

Um aldur Hrafnkels sögu Freysgoða er álit fræðimanna, sem kunnugt er, að rannsakað hafi það atriði, á þá lund, að leggja þykir mega það til grundvallar í máli þessu, að hún sé samin fyrir 1400.

Kennslumálaráðuneytið veitti eigi leyfi til útgáfu þessarar, enda var eigi um það sótt.

Hinir kærðu hafa því með útgáfu bókarinnar brotið gegn ákvæðum 2. gr. laga nr. 127/1941.

Eigi verður hins vegar talið, að á ritinu hafi í útgáfu þessari verið gerðar neinar þær breytingar, er varði við 1. gr. nefndra laga.

Af hálfu hinna kærðu er því haldið fram, að lög nr. 127 1941 brjóti í bág við ákvæði stjórnarskrárinnar um prentfrelsi og séu brot gegn lögunum því refsilaus. Á þetta verður ekki fallizt. Réttur manna samkvæmt stjórnarskránni til birtingar á prenti er takmarkaður á ýmsa lund, m. a. af þeim reglum, sem á hverjum tíma gilda um eignarrétt á ritverkum og um útgáfurétt, en slíkar reglur er almenna löggjafanum ætlað að setja. Sé brotið gegn gildandi réttarreglum á þessu sviði, verður hlutaðeigandi samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar að sæta ábyrgð fyrir dómi. Með setningu umræddra laga hefur löggjafinn sett reglur um útgáfurétt tiltekinna rita, og verður ekki séð, að með því sé farið inn á það svið, sem ákvæði stjórnarskrárinnar um prentfrelsi vernda. Og með því að eigi verður heldur talið, að lögin fari í bág við ákvæði stjórnarskrárinnar um verndun eignarréttar og atvinnufrelsis, verður niðurstaðan sú, svo sem áður greinir, að lögin hafi fullt gildi.

Það ber því að dæma hina kærðu til greiðslu sekta samkvæmt 3. gr. laganna. Þykir sekt hvers þeirra um sig hæfilega ákveðin 1000 krónur til ríkissjóðs, og komi varðhald í 45 daga í stað hverrar sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um upptöku bókarinnar verður eigi dæmt í þessu máli, þar eð málshöfðunin tekur að fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins eigi til þess atriðis.

Kærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar in solidum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Einars B. Guðmundssonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærðu, Einar Ragnar Jónsson, Stefán Ögmundsson og Halldór Kiljan Laxness, greiði hver 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 45 daga í stað hverrar sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Einars B. Guðmundssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. júní 1943.

Nr. 23/1943. **Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna** (Lárus Fjeldsted)
gegn
Sigurjóni Á. Ólafssyni f. h. Þórdísar Helgadóttur, Auðar Gíslasdóttur og Sigurðar Gíslasonar (Guðmundur Í. Guðmundsson)
og
h/f Sviða og gagnsök (Jón Ásbjörnsson)

Heimt er styrjaldartrygging sjómanns svo og bætur til lífeyriskaupa handa skylduliði hans.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 3. marz þ. á., hefur krafizt þess aðallega, að fellt verði úr gildi það ákvæði héraðsdóms, að honum verði gert að greiða gagnáfrýjanda kr. 21000.00 í árlegan lífeyri. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að tryggingarfjárhæðirnar verði færðar niður. Þá krefst hann og, að málskostnaður í héraði verði lækkaður, en málskostnaður í hæstarétti fari eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi Sigurjón Á. Ólafsson f. h. Þórdísar Helgadóttur, Auðar Gísladóttur og Sigurðar Gíslasonar, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 12. marz þ. á., krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins. Þá hefur gagnáfrýjandi og stefnt h/f Sviða, en fyrir hæstarétti hefur hann engar kröfur gert á hendur því félagi.

Stefndi h/f Sviði hefur krafizt staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 1941, sbr. 5. gr. laga nr. 37 frá 1940, tryggði aðaláfrýjandi skipshöfn b/v Sviða styrjaldartryggingu gegn dauða og örorku. Þá verður og að telja, að aðaláfrýjandi hafi tryggt bætur til lífeyriskaupa samkvæmt 3. gr. laga nr. 76 frá 1941, sbr. 5. gr. laga nr. 37

frá 1940, enda virðist aðaláfrýjandi, þegar lög nr. 76 frá 1941 tóku gildi, hafa viðurkennt skyldu sína til þess að tryggja í millilandasiglingum bætur samkvæmt 3. gr. þeirra, en eftir ákvæðum hennar voru skipshafnir skipa, er til útlanda sigldu, einnig tryggðar, er skipin voru að veiðum eða í förum með ströndum fram.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir rétt að taka kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 3000.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Málskostnaður fyrir hæstarétti, að því h/f Sviða varðar, falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, greiði gagnáfrýjanda, Sigurjóni Á. Ólafssyni f. h. Þórdísar Helgadóttur, Auðar Gísladóttur og Sigurðar Gíslasonar, kr. 21000.00 í dánarbætur með 5% ársvöxtum frá 3. júní 1942 til greiðsludags svo og kr. 21000.00 til kaupa á lífeyri samkvæmt 3. gr. laga nr. 76 frá 1941.

Þá greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda kr. 3000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Málskostnaður fyrir hæstarétti, að því er h/f Sviða varðar, fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 24. febr. 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 3. júní f. á., af Sigurjóni Á. Ólafssyni hér í bæ f. h. Þórdísar Helgadóttur, ekkju Gísla Sigurðssonar, háseta á b/v Sviða, barns þeirra Auðar og föður Gísla, Sigurðar Gíslasonar, gegn stjórn Stríðstryggingafélags íslenzkra skipshafna f. h. félagsins og Garðari Þorsteinssyni hrm. f. h. h/f

Sviða í Hafnarfirði til greiðslu dánarbóta og lífeyris vegna Gísla Sigurðssonar. Gerir stefnandi þær dómkröfur, *aðallega* að stjórn stríðstryggingafélagsins verði f. h. félagsins dæmd til að greiða kr. 21000.00 í dánarbætur ásamt 5% ársvöxtum frá 2. des. 1941 til greiðsludags og jafnháa upphæð (kr. 21000.00) í árlegan lífeyri samkvæmt þeim reglum, sem Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna greiðir slíkan lífeyri. *Til vara* krefst stefnandi þess, að h/f Sviði verði dæmt til að greiða fjárhæðir þær, sem fram eru settar í aðalkröfunni, að svo miklu leyti sem stríðstryggingafélagið verður ekki dæmt til að greiða þessar fjárhæðir. Hvernig sem málið fer, krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu eftir mati dómsins.

Af hálfu stríðstryggingafélagsins er *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu; *til vara* að félagið verði aðeins dæmt til að greiða hluta hinna umkröfðu bóta samkvæmt mati dómsins, þó ekki yfir 21 þúsund krónur, og falli málskostnaður þá niður.

Af hálfu h/f Sviða er krafizt sýknu og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að hinn 1. des. 1941 var b/v Sviði, sem var eign hins stefnda hlutafélags með sama nafni, á veiðum út af Vestfjörðum. Þenna dag, kl. 12.56, sendi skipstjórinn skeyti til framkvæmdarstjóra skipsins hér í bæ og kvað skipið vera væntanlegt til Hafnarfjarðar næsta dag. Kl. 19.38 sama dag kom aftur skeyti frá skipinu, og var þá gert ráð fyrir því, að skipið kæmi til Hafnarfjarðar að kvöldi þess 2. des. Eftir þetta komu ekki fleiri skeyti frá skipinu til lands, en tilraunir loftskeytastöðvarinnar í Reykjavík til að ná sambandi við skipið, er hófust kl. 14.12 þann 2. des., báru engan árangur. — Skipstjórinn á b/v Venus frá Hafnarfirði hefur skýrt svo frá, að skip hans hafi ásamt fleiri togurum, þar á meðal b/v Sviða, verið á veiðum þann 1. des. 1941 á svonefndum „Kanti" út af Vestfjörðum. Kl. 18—19 þenna dag lagði Venus af stað til Hafnarfjarðar, og var veður þá dágott. Um kl. 21 sama dag kveðst skipstjórinn hafa átt talsamband við skipstjórann á Sviða, sem þá hafi skýrt svo frá, að hann hefði lagt af stað af sömu stöðvum og Venus kl. 16 sama dag og væri hann á leið til Hafnarfjarðar. Hafi talazt svo til með þeim, að skipin yrðu samferða til Englands, og skyldi Sviði bíða eftir Venusi, ef hann yrði fyrr tilbúinn. — Um kl. 4 þann 2. des. var b/v Venus staddur þvert af Látrabjargi, og var þá kominn strekkingur af suð-austri, en skipið fór þó með fullri ferð, þar til kl. 7 sama dag, er það var farið að taka töluvert á sig. Var vindur þá genginn til suðurs, á að gizka 8 stig; mikill sjór og óreglulegur, en þó ekki brot. Kl. 7.30 þenna dag var sambandstími skipanna, og voru þá flestir togararnir hættir veiðum. Um þetta leyti kom svohljóðandi skeyti frá Sviða:

„Erum komnir suður undir Kolluál." „Förum með hægri ferð. Erum að laga til", og var það hið síðasta, sem heyrðist frá skipinu. Skömmu eftir að þetta skeyti barst, kveðst skipstjórinn á Venusi hafa séð skipsljós á bakborða 2 strik fyrir framan þvert nokkuð fjarri. Hafi þau sézt fram í birtingu og virzt breytast lítið í afstöðu. — Frekar hefur ekki spurzt til skipsins, enda bar leit sú, sem gerð var að því, engan árangur, og má því telja víst, að skipið hafi farizt með allri áhöfn á þeim slóðum, er síðast fréttist til þess, og þá sennilega þann 2. des. 1941.

Hinn 3. des. 1941 var gengið á reka á Barðaströnd, en þann dag fannst ekkert, er talizt gæti vera frá skipinu. Næsta dag fundust hins vegar á Rauðasandi ýmsir munir, sem teljast vera frá skipinu, svo sem 5 heilir skilrúmsplankar, 59 heil lestarborð, 4 heilar árar, bátmastur með segli í umbúðum, kassi með flugeldum óátekinn, óbrotin hurð með karmi, klinkuð og krókuð, dregin af nöglum, hálft flatningsborð, þverbrotið, hálf útihurð frá brú o. fl. o. fl. Þann 5. des. fundust reknir á Lambavatni og á Stökkum 2 bjarghringir, merktir Sviða, og innst í Sjöundárlandi skipsbátur með ýmsum útbúnaði. Var báturinn brotinn, en báðir kengirnir, sem bátnum var lyft á, voru heilir. Þann 6. des. rak lík eins kyndarans á Sviða á Sjöundárlandi, um 600 metra frá þeim stað, sem bátinn rak, og næsta dag rak lýsistunnur og körfur á svipuðum slóðum. Annað hefur ekki fundizt frá skipinu, nema hvað Súðin sá talsvert af fiskstíuplönkum á reki út frá Rauðasandi þann 4. des.

Meðal skipverja á Sviða, er hann fórst, var Gísli Sigurðsson, sem var háseti á skipinu. Lét hann eftir sig ekkju, Þórdísi Helgadóttur, a. m. k. eitt barn, Auði, og föður, Sigurð Gíslason. Er málið höfðað fyrir hönd þessara aðilja, og byggir stefnandi dómkröfur sínar á því, að samkvæmt 2. og 3. gr. samnings botnvörpuskipaeigenda og stéttarfélaga sjómanna (dags. 16. júlí 1941) hafi útgerðarmanni Sviða borið að vátryggja skipverja með þeim hætti, sem dómkröfurnar hljóða um. Telur stefnandi, að samkvæmt gildandi lögum um stríðsslysatryggingu sjómanna og Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna beri hinu stefnda stríðstryggingafélagi fyrst og fremst að greiða bætur þessar, enda komi lækkun vegna ákvæða 1. gr. laga nr. 95 9. júlí 1941 ekki til greina hér. Hefur stefnandi því beint kröfum sínum *aðallega* gegn stríðstryggingafélaginu, en til vara gegn eigendum b/v. Sviða, ef talið yrði, að stríðstryggingafélagið ætti ekki að greiða bæturnar að einhverju leyti eða neinu, en hins vegar sé tvímælalaust, að eigendur skipsins hafi með beinum samningum skuldbundið sig til að greiða framangreindar bætur að fullu.

Aðal-kröfu sína um sýknu byggir hið stefnda stríðstryggingafélag í fyrsta lagi á því, að lagaskylda hafi engin verið til viðbótartryggingar þeirrar, er greinir í 3. grein samningsins frá 16. júlí 1941, og beri félaginu ekki að greiða þá fjárhæð, enda hafi og ekki verið

beðið um þessa tryggingu, og hér að lútandi samningur hafi ekki einu sinni verið tilkynntur stríðstryggingafélaginu. Í öðru lagi sé niður fallin skylda félagsins til að greiða hinar almennu dánarbætur ((21 þús. kr.), þar sem líkurnar séu svo miklar fyrir því, að b/v. Sviði hafi farizt af öðrum orsökum en styrjaldaraðgerðum (sbr. 1. gr. laga nr. 95 1941). — *Vara*-kröfu sína byggir félagið hins vegar á því, að samkvæmt sömu lagaheimild eigi hinar síðasttöldu bætur tvímælalaust að lækka, en aðrar og meiri bætur komi hér ekki til greina, eins og áður er rakið.

H/f. Sviði byggir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt hér að lútandi samningum og lögum beri stríðstryggingafélaginu að greiða stefnanda að fullu hinar umstefndu bætur, enda hafi h/f. Sviði haft fyllstu ástæðu til að treysta því, að tryggingin væri fullnægjandi samkvæmt gerðum samningum við sjómenn. Stefnandi eigi því enga kröfu í þessu sambandi á hendur h/f. Sviða, enda hafi því ekki verið mótmælt, að greiðsluskyldan hvíli beint á stríðstryggingafélaginu, ef það beri ábyrgð á annað borð.

Áður en þessar kröfur og málsástæður aðilja verða teknar til athugunar, þykir rétt að rekja nokkuð aðdraganda lagasetningar um þessi efni, svo og ákvæði laganna sjálfra, en að framan hefur verið drepið á samninga þá, er hér skipta máli.

Þegar eftir að núverandi styrjöld hófst, þótti nauðsyn til bera að tryggja sjómenn á íslenzkum skipum gegn dauða og örorku af völdum ófriðarins. Fyrstu samningar milli stéttarfélaga um þessi efni munu hafa verið gerðir 7. okt. 1939, og þann 27. s. m. voru gefin út bráðabirgðalög um Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna. Segir þar í 1. gr., að stofna skuli vátryggingarfélag, sem heiti: „Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna", og hlutverk þess sé að tryggja gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa skipshafnir á þeim íslenzkum skipum, er slíka tryggingu þurfi að kaupa. Með stríðsslysum sé átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum sé beitt. Trygging samkvæmt lögunum nái einnig til þess, er skipshöfn farist með skipi, sem týnist, án þess að til spyrjist, hversu týnzt hafi. — Í 5. gr. laganna segir m. a., að útgerðarmenn allra íslenzkra skipa, sem samkvæmt samningum séu skyldir til að tryggja skipshafnir sínar gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa, skuli tryggja þessa áhættu sína hjá félaginu, að svo miklu leyti sem það geti tekið hana að sér. Láti tryggingarskyldur útgerðarmaður farast fyrir að tryggja skipshöfn sína, skal hún eigi að síður talin tryggð, og á stríðstryggingafélagið sömu kröfu á iðgjaldi og trygging hefði farið fram samkvæmt lögunum, en vanræksla útgerðarmanns á því að tryggja skipshöfn sína varðar allt að 100 þús. kr. sektum. — Bráðabirgðalögin voru síðan lögð fyrir Alþingi, er staðfesti þau með litlum breytingum og engum, að því er snertir hinar tilvitnuðu greinar hér að framan, nema hvað

5. gr. tiltók, að þeir útgerðarmenn, sem samkvæmt lögunum eða samningum væru tryggingarskyldir, skyldu tryggja áhættuna hjá stríðstryggingafélaginu, eins og fyrr segir. Eru þessi lög nr. 37 12. febrúar 1940. — Fyrir sama Alþingi var og lagt frumvarp til laga um stríðsslysatryggingu sjómanna, en frumvarpið fékk eigi afgreiðslu á því þingi. — Með lögum nr. 66 7. maí 1940 um stríðsslysatryggingu sjómanna voru síðan sett ákvæði um þessi efni, þar sem m. a. voru tilteknar dánarbætur eftir því, hverjir vandamanna lifðu hinn látna (3. gr., c-liður). Lögum þessum var síðan breytt með lögum nr. 76 27. júní 1941, þar sem m. a. segir í 3. gr., að aftan við 3. gr. laganna nr. 66 1940 skuli bæta eftirfarandi ákvæðum: „Auk þeirra trygginga, sem um ræðir í b- og c-lið 3. gr. laganna, er útgerðarmönnum farskipa skylt að tryggja alla skipverja fyrir jafnháum upphæðum og í téðri lagagrein segir, og skal þeim varið til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingarfélögum til tryggða sjálfs eða þeirra aðstandenda hans, sem bæturnar eiga að hljóta. Þessi lífeyrir skal ekki skerða önnur eftirlaun, er hlutaðeigandi kann að eiga rétt á. — Sama skylda hvílir og á útgerðarmönnum annarra skipa en farskipa, ef þau sigla til útlanda, enda fer um trygginguna að öðru leyti á sama hátt sem um farskip væri að ræða". — Með lögum nr. 95 9. júlí 1941 var lögum nr. 37 1940 (1. gr.) síðan breytt að nokkru. Fyrst var tekið fram eins og áður, að með stríðsslysum væri átt við öll slys, sem yrðu beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum sé beitt. Síðan segir: Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta eða fella þær alveg niður eftir því, hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu (2. mgr.). — Trygging samkvæmt lögunum skal þó einnig ná til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist, án þess að til spyrjist, hversu týnzt hefur. Þó má lækka skaðabætur eða fella þær niður með öllu á sama hátt og fyrr greinir eftir því, hve miklar líkur eru fyrir því, að skipið hafi farizt af öðrum orsökum en styrjaldaraðgerðum, nema sérstaklega hafi verið um samið milli útgerðarmanna eða skipverja og stríðstryggingafélagsins, að félagið taki fulla áhættu gegn ákveðnu viðbótariðgjaldi (3. mgr.). — Takmörkun þessi tekur ekki til skipshafna skipa, sem eru í millilandasiglingum.

Það atriði, sem fyrst kemur til álita í máli þessu, er það, hvort stefnandi geti krafið hið stefnda stríðstryggingafélag um lífeyri þann (21 þús. kr.), sem ákveðinn var í 3. gr. fyrrnefnds samnings frá 16. júlí 1941.

Í frumvarpinu að lögunum nr. 76 1941 um breytingu á fyrri lögum um stríðsslysatryggingu sjómanna var í upphafi gert ráð fyrir, að þar um rædd viðbótartrygging næði aðeins til farskipa (1. málsgr. 3. gr.), enda höfðu þá skipverjar á þeim skipum og eigendur þeirra gert með sér samning, sem fór í þessa átt. 2. málsgr. 3. gr. var hins

vegar sett inn í frumvarpið við meðferð þess á Alþingi, og kemur það beint fram í umræðum þar, að ákvæði þetta skyldi miða að því, að sams konar trygging kæmi til greina um „alla menn, sem sigla á fiskiskipum", eins og það var orðað, enda var þess og getið, að af umræðum þeim, sem þá höfðu farið fram milli fulltrúa togaraeigenda og sjómanna væri það ljóst, að þar kæmi til greina trygging, sem væri samhljóða þeirri, sem þá hafði verið samið um, að því er snertir farskip. Með tilliti til þessa svo og orðalagsins á 2. málsgr. 3. gr. laga nr. 76 1941 (sbr. hins vegar orðalagið á 2. gr. sömu laga: „Fiskiskip, sem eingöngu stunda fiskveiðar við strendur landsins og sigla ekki milli landa"), þykir eðlilegast að skýra nefnt ákvæði þannig, að það gildi um tilvik það, er hér um ræðir, og lagaskylda hafi því verið fyrir hendi, að því er viðbótartryggingu þessa snerti. — Hér við bætist, að heildarsamningurinn milli stéttarfélaganna frá 16. júlí 1941, sem gerir ráð fyrir viðbótartryggingu þessari, verður, eins og á stóð og að nokkru leyti hefur verið lýst hér að framan, að teljast hafa verið svo kunnur, að stríðstryggingafélagið geti ekki með skírskotun til þess, að félaginu hafi eigi verið tilkynnt um samning þenna, losnað við skyldu sína til greiðslu lífeyrisins. Orðalag kvittana þeirra, er stríðstryggingafélagið gaf h/f. Sviða, var og þannig, að það veitti félaginu fyllstu ástæðu til að ætla, að þessi trygging samkvæmt samningnum væri í gildi (sbr. orðin: „Tryggingarupphæð hvers einstaks miðast við lög og reglugerð um Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna og *gildandi samninga á hverjum tíma*"). — Framangreint samningsákvæði verður því að teljast falla undir 1. málsgr. 5. gr. laga nr. 37 1940, og stefnandi á þannig rétt á hendur stríðstryggingafélaginu samkvæmt 2. málsgr. 5. gr. sömu laga, enda verður ekki fallizt á, að þessi skilningur á ákvæðunum leiði til þess, að grundvellinum undir tryggingarfélaginu sem slíku sé raskað (sbr. 2. málsgr. 5. gr. laga nr. 37 1940 og 2. málsgrein 2. gr. laga nr. 76 1941).

Sýknukröfu sína hefur stríðstryggingafélagið að öðru leyti byggt á því, að svo miklar líkur séu fyrir því, að b/v. Sviði hafi farizt af öðrum orsökum en styrjaldaraðgerðum, að fella beri *allar* bæturnar til stefnanda niður samkv. heimild 3. málsgr. 1. gr. laga nr. 95 1941. — Dómurinn er hins vegar þeirrar skoðunar, eins og nánar verður rakið hér á eftir í sambandi við varakröfuna um lækkun bótanna, að ekki séu fyrir hendi þau gögn, er réttlæti niðurfellingu bótanna af þessum sökum.

*Aðal*krafa stríðstryggingafélagsins um sýknu verður því ekki tekin til greina.

Kemur þá *vara*krafa stríðstryggingafélagsins næst til athugunar. Gögn þau, er fyrir liggja í máli þessu, geta ekki að áliti dómsins talizt fela í sér óyggjandi sönnur fyrir því, að styrjaldaraðgerðir hafi verið valdar að skiptapa þeim, er hér um ræðir. 2. málsgr. 1.

gr. laga nr. 95 1941 á því ekki við um þetta tilvik, en hins vegar hefur b/v. Sviði farizt með þeim hætti, að ekki hefur til spurzt, hversu týnzt hefur, og gildir því upphafsákvæði 3. málsgr. 1. gr. laga nr. 95 1941 að þessu leyti, þannig að bætur samkvæmt stríðsslysatryggingalögum eiga að koma hér til greina. Því er áður lýst, að þetta upphafsákvæði 3. málsgr. var áður í lögum nr. 37 1940, en síðari hluta málsgreinarinnar um lækkunarheimildina var bætt við með lögum nr. 95 1941. Af umræðum á Alþingi um þetta ákvæði þykir þó ljóst, að ætlunin hefur verið sú að hafa þessa heimild til lækkunar, ef nægar líkur þættu fyrir því, að *aðrar* orsakir en styrjaldaraðgerðir væru valdar að slysinu, sbr. m. a. ummælin, að þetta „undantekningarákvæði" komi til greina, „ef sannast, að slys hefur orsakazt ekki einungis af stríðsástæðum". Sjálft orðalag greinarinnar bendir og í sömu átt, og lítur dómurinn því þannig á, að lækkun komi hér því aðeins til greina, að rök hnigi að því, að um sjóslys í venjulegri merkingu hafi verið að ræða. — Lokaákvæði 3. málsgr. 1. gr. laga nr. 95 1941 kemur ekki til greina, með því að þar um ræddir samningar hafa ekki verið gerðir. —

Lækkunarkröfu sinni til stuðnings hefur hið stefnda stríðstryggingafélag tekið fram, að ekkert það, er rekið hafi úr b/v. Sviða, hafi borið nein merki skothríðar eða sprengingar, en félagið telur hins vegar, að veðrið hafi verið aftaka vont, sjór mikill og óreglulegur og skipið mjög hlaðið.

Því er ómótmælt haldið fram í málinu, að b/v. Sviði hafi verið gott sjóskip, traust og vel við haldið. Hafi skipið allt verið athugað sérstaklega, rétt áður en það fór í þessa síðustu för sína. Er það óvéfengt og haft eftir skoðunarmanni skipsins, að vél og annað hafi þá verið í sérstaklega góðu lagi. Því er einnig ómótmælt, að skipstjórinn hafi verið gætinn og reyndur stjórnandi, sem um fjölda mörg ár hafði verið skipstjóri á þessu skipi, og þekkti hann það því mjög vel. Þær slóðir, er telja verður, að skipið hafi verið á, þegar það fórst, eru ekki hættulegar vegna grynninga eða skerja. Lýsing sú á vindi og sjó, sem skipstjórinn á Venusi hefur gefið, er sú bezta, sem byggt verður á að þessu leyti. Samkvæmt henni var vindur um 8 stig af suðri um þær mundir, er skipstjórinn hafði síðast samband við Sviða, og sjór mikill og óreglulegur, en ekki brot. Vindur hafði þá farið vaxandi úr suðaustri, og samkvæmt veðurskýrslum virðist hann hafa aukizt enn nokkuð, er leið á daginn. Þess ber þó að gæta, að vindur af þessum áttum og með þessum styrkleika getur ekki talizt sérlega hættulegur á þessum slóðum. Sérstaklega má og benda á, að skipstjórinn á Venusi tekur það fram, að engir brotsjóir hafi verið þarna. Það er kunnugt um þrjá íslenzka togara, sem talið er, að hafi farizt úti á rúmsjó eingöngu af völdum veðurs. Í þau skipti var talið, að um mestu aftaka veður hefði verið að ræða, bæði hvað snerti vind og sjólag, en um aftaka veður getur vart verið að ræða

með minni veðurhæð en ca. 10—11 vindstigum og tilsvarandi sjó. Það væri því eins dæmi, ef vindur og sjór, eins og að framan er lýst, hefði orðið togara að grandi, enda er það alkunnugt, að togarar hafa farið og fara ferða sinna í slíku veðri. Þá er þess og að geta, að ekkert það hefur komið fram, er bendi til þess, að b/v. Sviði hafi verið sérstaklega illa eða ofhlaðinn í umrætt skipti.

Að öllu þessu athuguðu lítur dómurinn því svo á, að í máli þessu sé ekki heimild til lækkunar bóta skv. 3. málsgr. 1. gr. laga nr. 95 1941, og verður *vara*krafa stríðstryggingafélagsins því heldur ekki tekin til greina.

Upphæð hinna umstefndu bóta hefur ekki sætt andmælum að öðru leyti en því, sem að framan greinir, og verða úrslit málsins því þau, að hið stefnda stríðstryggingafélag, sem ekki hefur mótmælt beinni greiðsluskyldu út af fyrir sig, verður dæmt til að greiða stefnanda kr. 21000.00 í dánarbætur ásamt 5% ársvöxtum frá 3. júní 1942 til greiðsludags svo og kr. 21000.00 í árlegan lífeyri, eins og fyrr segir. Eftir þessum málalokum þykir og rétt, að stríðstryggingafélagið greiði stefnanda kr. 2000.00 í málskostnað.

Af framangreindum málsúrslitum leiðir, að h/f. Sviði verður sýknað af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum verður málskostnaður látinn falla niður gagnvart því.

Í máli þessu skipuðu sjó- og verzlunardóminn þeir Árni Tryggvason, fulltrúi lögmanns, formaður og meðdómendurnir Pétur Sigurðsson sjóliðsforingi og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, stjórn Stríðstryggingafélags íslenzkra skipshafna f. h. félagsins, greiði stefnandanum, Sigurjóni Á. Ólafssyni f. h. Þórdísar Helgadóttur, Auðar Gísladóttur og Sigurðar Gíslasonar, kr. 21000.00 í dánarbætur ásamt 5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 3. júní 1942 til greiðsludags svo og kr. 21000.00 í árlegan lífeyri samkvæmt þeim reglum, er stríðstryggingafélagið greiðir slíkan lífeyri. Einnig greiði stríðstryggingafélagið stefnandanum kr. 2000.00 í málskostnað.

Stefndur, Garðar Þorsteinsson hrm. f. h. h/f. Sviða, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður falli niður gagnvart því félagi.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. júní 1943.

Kærumálið nr. 5/1943. **Dóra Johnsen**
gegn
Þórði Eiríkssyni.

Málskostnaðarákvæði kært.

Dómur hæstaréttar.

Fógetaúrskurðinn hefur upp kveðið Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi lögmannsins í Reykjavík.

Með kæru, dags. 20. maí þ. á., kominni til hæstaréttar 29. s. m., hefur kærandi skotið til hæstaréttar ákvæði um málskostnað í úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur frá 18. maí þ. á. og krafizt hærri málskostnaðar fyrir fógetarétti. Svo krefst kærandi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Varnaraðili hefur ekki sent hæstarétti greinargerð um málið.

Með því að fallast má á málskostnaðarákvæði fógetaúrskurðarins, ber að staðfesta það. Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Málskostnaðarákvæði framangreinds fógetaúrskurðar á að vera óraskað.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 18. maí 1943.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 6. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Þórður Eiríksson, krafizt þess, að Dóra Johnsen verði borin út úr húsnæði því, er hún býr í í húsinu nr. 3 við Vesturvallagötu hér í bæ, vegna vanskila.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar atriðið undir úrskurð fógetaréttarins.

Hvor aðilja um sig hefur krafizt málskostnaðar.

Eftir því sem fram hefur komið í málinu, hefur gerðarþoli frá því á árinu 1931 haft íbúð á leigu í húsinu nr. 3 við Vesturvallagötu. Skriflegur leigusamningur virðist ekki vera um húsnæðið. Gerðarþoli

innti húsaleigugreiðslur ekki sjálf af hendi, heldur greiddi bróðir hennar leiguna eftir samkomulagi við gerðarbeiðanda. Leigugreiðslur fóru óreglulega fram, og sótti gerðarbeiðandi leiguna allt fram á árið 1941. Seint á árinu 1941 ritaði gerðarbeiðandi bréf manni þeim, er húsaleiguna hafði greitt, og tjáði honum, að framvegis skyldi leigan greiðast mánaðarlega og sendast til sín. Húsaleigunni hefur verið komið til gerðarbeiðanda síðan, en ekki mánaðarlega, en þó kvittað fyrir leigugreiðslum án fyrirvara.

Kröfu sína um útburð byggir gerðarbeiðandi á því, að gerðarþoli sé í verulegum vanskilum með greiðslu húsaleigunnar. Hinn 2. apríl s. l., en þann dag er beiðni um útburð dagsett, skuldaði gerðarþoli leigu fyrir mánuðina janúar, febrúar og marz.

Gerðarþoli hefur haldið því fram, að svo hafi upphaflega verið um samið, að leigan skyldi greiðast fyrir lengri tímabil í einu en einn mánuð og gerðarbeiðandi skyldi sækja hana, og þannig hafi gengið um tíu ára skeið, án þess að til nokkurra athugasemda kæmi af gerðarbeiðanda hálfu. Þessu atriði hafi því gerðarbeiðandi ekki getað breytt einhliða með bréfi sínu, er hann hafi sent á árinu 1941, enda hafi ekki eftir því verið farið síðan. — Þá hefur gerðarþoli haldið því fram, að gerðarbeiðandi hafi tekið athugasemdalaust við leigugreiðslum hinn 30. apríl s. l. og þar með fallið frá öllum kröfum sínum í sambandi við vanskilin.

Gerðarbeiðandi hefur algerlega mótmælt því, að svo hafi í upphafi verið um samið, að leigan yrði sótt til greiðanda og hún mætti greiðast fyrir lengri tímabil eftir á. Þá hefur hann mótmælt því að hafa fallið frá útburðarrétti sínum með því að gefa fyrirvaralausa kvittun fyrir greiðslu húsaleigunnar, eftir að mál þetta var höfðað.

Lagðar hafa verið fram í réttinum húsaleigukvittanir frá gerðarbeiðanda frá því í október 1941 til áramóta 1942 til 1943. Samkvæmt kvittunum þessum hefur húsaleigan á þessu tímabili verið greidd fyrir tvo til þrjá mánuði í einu eftir á og er kvittað án fyrirvara. Gerðarþoli greiddi hér í réttinum, þegar mál þetta kom fyrst fyrir, húsaleiguna fyrir mánuðina janúar, febrúar og marz.

Rétturinn verður að líta svo á með tilliti til þessa, að sá siður hafi verið í skiptum aðilja, að leigan greiddist nokkru eftir á. Verður gerðarþola því ekki gefið að sök, þó hann drægi leigugreiðslur fyrir fyrstu mánuði ársins, svo sem varð, og getur þetta atriði því ekki valdið útburði, enda verður ekki séð, að gerðarbeiðandi hafi gert kröfu um greiðslu fyrr en með útburðarbeiðni þessari.

Samkvæmt þessu verður að neita um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 50.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fara fram.

Gerðarbeiðandi, Þórður Eiríksson, greiði gerðarþola, Dóru Johnsen, kr. 50.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. júní 1943.

Nr. 87/1942. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
og
Borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs
(cand. jur. Guttormur Erlendsson)
gegn
Lárusi Jóhannessyni og gagnsök (sjálfur).

Um fébótaábyrgð ríkis og sveitarfélags.

Dómur hæstaréttar.

Björn Þórðarson lögmaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. ágúst f. á., gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara er þess krafizt, að borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs verði sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda, en að fjárhæð sú, sem dæmd er í héraði á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, verði niður færð og málskostnaður látinn falla niður fyrir báðum dómum, að því er ríkissjóð varðar. Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 8. sept. f. á. og gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjendur, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, verði dæmdir til að greiða honum kr. 50873.05 in solidum eða til vara í því hlutfalli, er dómurinn ákveður, ásamt 6% vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Svo

krefst hann og málskostnaðar úr hendi hinna stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Lögreglumenn þeir, sem í máli þessu greinir, voru að rækja störf sín í lögreglu Reykjavíkur, þegar gagnáfrýjandi hlaut lemstur sitt. Yfirstjórn lögreglu Reykjavíkur og ákvarðanir um framkvæmd hennar eru falin handhöfum ríkisvalds. Athafnir lögreglu þessarar eru því þáttur í beitingu ríkisvalds, enda eru lögreglumennirnir um meðferð starfa síns ekki háðir stjórnvöldum Reykjavíkur. Eru þess vegna ekki efni til þess að greiða gagnáfrýjanda bætur úr bæjarsjóði Reykjavíkur, og breytir það ekki þessari niðurstöðu, þótt annar lögreglumannanna tæki laun sín úr nefndum bæjarsjóði og bæjarstjórn hafi haft hönd í bagga með skipun hans. Ber því að sýkna borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, en málskostnaður gagnvart honum þykir eiga að falla niður.

Kemur þá til álita krafa gagnáfrýjanda á hendur ríkissjóði. Það verður ekki talið lögreglumönnunum til áfellis, þótt þeir skærust í leikinn, er gagnáfrýjandi ör af víni var að skipta sér af ölvuðum erlendum sjóliða, sem herlögreglumaður var að taka fastan. Hins vegar þykir það sýnt, að lögreglumennirnir hafa tekið gagnáfrýjanda of hörðum tökum, og það jafnvel þótt óhrakin sé sú staðhæfing þeirra, að hann hafi reynt að gera tilraunir til mótspyrnu.

Réttlátt þykir og eðlilegt, að þjóðfélagið beri ábyrgð á mistökum sem þessum að því leyti sem þau teljast opinberum starfsmönnum til ógætni, en verða ekki rakin til háttsemi þess aðilja, sem tjónið bíður. Virðist sú meðferð máls og leiða til aukins öryggis þjóðfélagsþegnum og miða til varnaðar.

Samkvæmt atriðum þeim öllum, sem nú var lýst, þykir rétt að dæma fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til að greiða gagnáfrýjanda bætur, er þykja hæfilega ákveðnar kr. 17000.00.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 3000.00.

Gagnáfrýjandi hefur viðhaft meinyrði um lögreglustjóra Reykjavíkur í málflutningi sínum í máli þessu. Verður að víta gagnáfrýjanda fyrir það.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs á að vera sýkn af kröfu gagnáfrýjanda, Lárusar Jóhannessonar, í máli þessu, og fellur málskostnaður niður þeirra á milli.

Aðaláfrýjandi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði gagnáfrýjanda kr. 17000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. maí 1942 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júní 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. f. m., af Lárusi Jóhannessyni hæstaréttarmálflutningsmanni hér í bæ gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs til greiðslu in solidum á skaðabótum, að upphæð kr. 50873.05 eða annarri upphæð samkvæmt mati réttarins, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Til vara krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmdir til greiðslu skaðabóta í því hlutfalli, sem rétturinn kann að ákveða.

Stefndu krefjast *aðallega* sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati réttarins. *Til vara* mótmæla þeir kröfunum sem allt of háum.

Tildrög málsins eru þau, að um klukkan 11 að kveldi þess 20. jan. s. l., er stefnandi var að koma út úr gisti- og veitingahúsinu Hótel Heklu hér í bæ, var hann handtekinn af lögregluþjóninum Ólafi Guðmundssyni, en hann taldi stefnanda vera „mjög áberandi drukkinn“ og vera heimildarlaust að skipta sér af athöfnum amerísks lögreglumanns, sem var þarna að fást við ölvaðan sjóliða. Skeðu þessir atburðir að vestanverðu við tröppur veitingahússins gegnt Lækjartorgi. Ólafur og lögregluþjónninn Þorkell Guðbjartsson fóru síðan með stefnanda norður svonefnt Thomsenssund og út í Hafnarstræti áleiðis til lögregluvarðstofunnar í Pósthússtræti.

Héldu þeir sinn hvorri hendi hans fyrir aftan bak og leiddu hann þannig á undan sér. Segja þeir, að á móts við Kolasund hafi stefnandi staðnæmzt alveg og virzt ætla að leggjast í götuna. Þá og þar kippti Ólafur með nýju átaki vinstri hendi stefnanda upp á bakið í þeim tilgangi, að því er hann segir, að fá stefnanda til að rísa upp og halda áfram, en Þorkell hélt jafnframt hægri hendi stefnanda uppi á bakinu. Við þetta átak Ólafs brotnaði vinstri handleggur stefnanda rétt fyrir ofan olnboga, og var stefnandi síðan fluttur í sjúkrahús, þar sem gert var að meiðslunum til bráðabirgða. Brotið reyndist mjög erfitt viðfangs, og varð stefnandi af þessum völdum að liggja í sjúkrahúsi frá 21. jan. til 10. marz þ. á.

Stefnandi heldur því fyrst og fremst fram, að umrædd handtaka hafi verið gersamlega ólögmæt, eins og síðar verður vikið að. Meðferðin eftir handtökuna á leiðinni til lögregluvarðstofunnar hafi og verið svo hrottaleg, að það hljóti að varða við lög, og hafi lögregluþjónarnir Ólafur og Þorkell því tvímælalaust unnið skaðabótaskylt verk með þessu atferli sínu. Þar sem Ólafur sé fastur starfsmaður í lögregluliði Reykjavíkur, en Þorkell taki laun úr ríkissjóði fyrir lögregluþjónsstörf sín, hljóti að vera heimilt að ganga að hinum stefndu aðiljum, bæjarsjóði Reykjavíkur og ríkissjóði, til greiðslu skaðabótanna, en lögregluþjónarnir hafi talið sig vera að vinna að skyldustörfum sínum, er atburðir þessir gerðust. Og með því að stefnandi telur, að hér hafi verið um sameiginlegt verk lögregluþjónanna að ræða, krefst hann þess aðallega, að stefndu verði dæmdir til greiðslu bótanna in solidum.

Stefndu hafa ekki viljað greiða stefnanda skaðabætur af þessum sökum án undangengins dóms, og hefur stefnandi því höfðað mál þetta og gert í því framangreindar dómkröfur.

Aðalkröfu sína um sýknu byggja stefndu á eftirtöldum atriðum:

I. Þeir telja, að tjón það, sem stefnandi kunni að hafa orðið fyrir vegna handleggsbrotsins, skapi honum ekki rétt til skaðabóta, þar sem umræddir lögregluþjónar hafi þarna verið að skyldustörfum sínum og framkvæmt þau þannig, að ekki sé ámælisvert. Stefnandi verði því sjálfur að bera þetta tjón sitt, enda eigi hann sjálfur sök á því með framferði sínu.

II. Enda þótt talið yrði, að lögregluþjónarnir hefðu hér unnið skaðabótaskyldan verknað, telja stefndu sig ekki bera ábyrgð á honum.

III. Stefndu halda því fram, að jafnvel þótt þeir verði taldir bera slíka ábyrgð, þá sé hér aðeins um vara-ábyrgð að ræða, þannig að stefnandi geti ekki krafizt sjálfstæðs dóms á hendur þeim fyrr en að undangenginni árangurslausri málssókn á hendur lögregluþjónunum.

Verða nú varnarástæður þessar teknar til athugunar.

Um I. Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi umrætt kvöld verið staddur á Hótel Heklu og verið að bíða þar eftir manni, sem hann þurfti að hitta út af viðskiptamálefnum. Frá kl. 2½ til 6 e. h. um daginn kveðst hann hafa drukkið á að gizka 1 pela af brennivíni. Milli 6—7½ um kvöldið hafi hann drukkið um ½ lítra af útlendu öli og síðan nokkra vænjulega íslenzka bjóra inni á gistihúsinu, meðan hann var að bíða. Klukkan rúmlega 11 hafi maðurinn ekki verið kominn, og kveðst stefnandi þá hafa ætlað að fara heim til sín. Hafi hann fundið lítils háttar á sér af áfengi — verið örari —, en alls ekki svo, að hann væri ekki ferðafær og hefði ekki fulla skynsemi. Ókunnugir mundu ekki hafa séð á sér vín, a. m. k. svo, að nokkru næmi, og ekki hafi hann reikað í spori eða önnur ytri áfengisáhrif verið sýnileg. — Þegar stefnandi kom fram á ganginn á Hótel Heklu, var þar fyrir ölvaður ameríkskur sjóliði, sem ekki er upplýst, að stefnandi hafi þekkt neitt, og var hann að gefa viðstöddum dollaraseðla. Vildi nú stefnandi, að hermaðurinn kæmi heim með sér og fengi þar kaffi. Hélt sjóliðinn út úr húsinu og stefnandi á eftir, en á tröppunum hrasaði sjóliðinn. Má telja upplýst, að stefnandi reisti hann við og kom honum á fætur, en í þessum svifum kom ameríkskur lögregluþjónn þarna að og tók í sjóliðann. Kveðst stefnandi hafa sagt við lögreglumanninn, að þetta væri vinur sinn og hvort hann mætti ekki fara með sér. Lögreglumaðurinn anzaði þessu engu, bandaði hendi við stefnanda og fór burt með sjóliðann, en um leið komu hinir tveir íslenzku lögregluþjónar á vettvang, eins og áður greinir.

Því til frekari stuðnings, að hann hafi ekki verið svo ölvaður, að handtaka sín hafi af þeim sökum verið heimil, bendir stefnandi á, að vitnin Einar Waage og Hjörleifur Jónsson, sem voru þarna nærstödd, hafa borið það, að þau hafi ekki séð nein áfengisáhrif á stefnanda og að hann hafi að öllu leyti verið stilltur og rólegur; *að* lögregluþjónarnir Hermundur Tómasson og Torfi Jónsson, sem gengu þarna fram hjá, hafi ekki veitt ölvun hans athygli; *að* læknir Landsspítalans Friðrik Kristófersson, sem skv. því er fyrir liggur, tók á móti stefnanda 8 mínútum eftir handtökuna, hefur borið það, að hann hafi að vísu séð, að stefnandi var undir áhrifum áfengis, en framkoma hans hafi á engan hátt verið hneykslanleg, svo og *að* rannsókn á áfengismagni í blóði stefnanda umrætt kvöld (en blóðið var tekið eftir beiðni hans) sýni aðeins 2,03‰ áfengismagn, en síðar framkvæmdar rannsóknir læknanna Jóhanns Sæmundssonar og Valtýs Albertssonar veiti líkur fyrir því, að slíkt magn geti ekki hafa valdið hneykslanlegri ölvun hjá honum.

Fyrrgreindir lögregluþjónar halda því hins vegar ákveðið fram, að stefnandi hafi verið áberandi ölvaður, og sama bera ýmsir aðrir lögregluþjónar, er sáu stefnanda á lögreglustöðinni, eftir að hann hafði hlotið meiðslin, en þá var hann orðinn þjakaður, reiður og

á annan hátt illa farinn, og geta vitnisburðir þessir því ekki talizt veita örugga sönnun í þessu efni.

Af þeim gögnum, er fyrir liggja um þetta atriði, verður það helzt ráðið, að stefnandi hafi ekki verið hneykslanlega ölvaður, er umrædd handtaka fór fram, þótt framkoma hans kunni hins vegar að hafa verið slík, að lögregluþjónunum Ólafi og Þorkeli hafi mátt vera það ljóst, að stefnandi var undir áhrifum áfengis. Og þegar tekið er tillit til þess, að því er ómótmælt haldið fram, að lögreglunni hér í bæ hafi verið gefnar fyrirskipanir um að hafa sérstaka gát á því, að árekstrar verði ekki milli Íslendinga og erlendra hermanna, eins og nú standa sakir, og alveg sérstaklega að koma í veg fyrir slíkt, þegar um ölvaða menn er að ræða, þá þykir það út af fyrir sig ekki hafa verið ámælisvert af nefndum lögregluþjónum að skipta sér af stefnanda, eins og á stóð, og fjarlægja hann, þar sem þeir sáu, að hann átti í einhverjum skiptum við hinn ameríska lögreglumann og það í sambandi við hinn ölvaða sjóliða.

Kemur þá næst til álita, hvort meðferð lögregluþjónanna á stefnanda eftir handtökuna geti talizt forsvaranleg, eins og stefndu halda fram, enda telja þeir, að handleggsbrotið hafi aðeins orðið vegna óhappstilviljunar.

Lögregluþjónarnir Ólafur og Þorkell halda því fram, að Ólafur hafi í fyrstu leitt stefnanda einn, en er kom vestur í Thomsenssund, hafi hann reynt að losa sig, og þá hafi þeir báðir tekið hendur hans laust aftur á bak honum og aðeins hert tökin, þegar hann hafi ætlað að sýna mótþróa.

Stefnandi heldur því hins vegar ákveðið fram, að Ólafur hafi þegar tekið vinstri höndina aftur á bak og ýtt sér áfram. Kveðst stefnandi þá hafa ætlað að kippa til sín hendinni, en hætt því eftir einn rykk vegna sársauka, enda hafi Þorkell þá komið til og brugðið hægri hendinni aftur á bakið og þannig hafi þeir báðir leitt hann undan sér. Stefnandi kveður það vera með öllu rangt, að hann hafi sýnt nokkurn mótþróa, en hins vegar hafi hann staðnæmzt snöggvast í Thomsenssundi og sagt við lögregluþjónana: „Er ykkur ljóst, að þið eruð að fremja lagabrot. Munið þið eftir dóminum í máli Karls Jónssonar læknis?“ Þessu hafi þeir ekki svarað öðru en að herða tökin enn meir. Kveðst stefnandi þá hafa reynt að lina þau með því að beygja sig áfram, og er þeir hafi verið komnir á móts við Kolasund, hafi hann verið orðinn hálf-boginn við hin síharðnandi tök lögregluþjónanna. Hafi hann þá spurt: „Er það meiningin að handleggsbrjóta mig-“, og varla hafi hann verið búinn að sleppa orðinu, er hann hafi fundið, að vinstri upphandleggur brotnaði.

Vitnið Hjörleifur Jónsson hefur borið það, að Ólafur hafi í fyrstu tekið í öxl stefnanda og leitt hann þannig 2—4 skref, en þá hafi Þorkell og hann tekið sitt hvora hönd stefnanda aftur á bak og leitt hann þannig áfram. Fannst vitninu aðfarir þessar svo

hrottalegar, að það vék sér að lögregluþjónunum og bað þá um að fara vel með stefnanda, en þeir önzuðu því engu og bönduðu vitninu burt. Vitnið kveðst síðan hafa séð, að stefnandi staðnæmdist í norðanverðu Thomsenssundi, eins og hann vildi tala við lögregluþjónana, en þeir hafi ýtt honum áfram á sama hátt og áður. Á móts við Kolasund hafi þeir síðan tekið stefnanda upp og borið hann í áttina til lögregluvarðstofunnar. — Framburður vitnisins Einars Waage, sem einnig var áhorfandi að þessu, fer í sömu átt, og hdm. Gunnar Möller, sem átt hefur tal við hinn ameríska lögreglumann, hefur það eftir honum og hefur borið það fyrir rétti, að hann hafi séð, að lögregluþjónarnir færðu hendur stefnanda á bak aftur og leiddu hann þannig burt.

Af vitnisburðum þessum þykir sýnt, að umrædd frásögn stefnanda hafi að verulegu leyti við rök að styðjast. Verður að telja, að þessi meðferð lögregluþjónanna á stefnanda hafi, eins og á stóð, verið harðneskjuleg úr hófi fram. Og þrátt fyrir það, að stefnandi kvartaði við þá yfir meðferðinni og aðvaraði þá, svo og vitnið Hjörleifur Jónsson, fóru þeir í engu vægilegar að, heldur jafnvel hertu á tökunum. Í staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á einni svonefndri „dagskipun" lögreglustjóra til lögregluþjónanna er það og brýnt fyrir lögreglunni að fara varlega í þessu efni, en gera verður ráð fyrir, að lögregluþjónunum hafi verið kunn þessi fyrirmæli ráðuneytisins. Þar við bætist, að því er ómótmælt haldið fram, að læknir sá, Valtýr Albertsson, er m. a. kennir lögreguþjónunum ýmis handtök í starfinu, brýni það fyrir þeim að nota ekki baktök, eins og þau er hér um ræðir, nema í ýtrustu nauðsyn og í neyðarvörn, en skv. því, sem fram hefur komið í málinu, er ekki um slíkt tilvik að ræða hér. — Með þessu atferli sínu verða báðir lögregluþjónarnir að teljast hafa gerzt svo brotlegir í starfi sínu, að það varði þá ábyrgð, enda verður að fallast á það með stefnanda, að hér hafi verið um sameiginlegan verknað að ræða.

Þessi varnarástæða stefndu verður því ekki tekin til greina.

Um II. Af hálfu stefndu er því haldið fram, að þar sem engin örugg lagaheimild sé til að láta þá bera ábyrgð á verkum starfsmanna eins og hér um ræðir, geti dómstólarnir ekki tekið kröfur sem þessar til greina.

Það er að vísu svo, að engin almenn lagaákvæði eru til um skaðabótaábyrgð ríkis og bæjar í opinberri sýslan, er veiti beina úrlausn þessa atriðis. Þrátt fyrir það verður þó að telja, að dómstólarnir geti hér samkvæmt eðli málsins dæmt ábyrgð á hendur þessum aðiljum, ef efnisrök þykja hníga að því, enda eru ýmsar af reglum bótaréttarins myndaðar af dómstólunum án lagasetningar.

Um rökstuðning með og móti þessari ábyrgð hafa aðiljar aðallega vitnað til álits fræðimanna um þessi efni, og sérstaklega hefur

því verið haldið fram af hálfu stefndu, að það mundi skerða uppeldisgildi bótareglunnar, ef ábyrgð sem þessi yrði viðurkennd.

Það mun að vísu mega fallast á, að varnarviðleitni almennu skaðabótareglunnar vegi nokkru minna hér en í borgaralegri sýslan, en þó verður að telja, að ábyrgð sem þessi geti haft all-víðtæk og holl áhrif í þessu efni, og með tilliti til þessa, hagsmuna þess, er fyrir tjóni verður á þann hátt, er hér um ræðir, og af öðrum ástæðum þykja meginrök hniga að því, að játa ábyrgð á hendur aðiljum eins og stefndu í máli þessu, þegar atvikum er háttað eins og að framan er lýst.

Þessi varnarástæða verður því heldur ekki tekin til greina.

Um III. Þessu til stuðnings benda stefndu sérstaklega á, að áðurnefnt uppeldisgildi skaðabótareglunnar skerðist mjög verulega, ef viðurkennd verði bein ábyrgð á hendur þeim. Eigi því aðeins varaábyrgð að koma hér til greina.

Þegar þess er gætt, að starfsmennirnir mega eiga von á endurgreiðslukröfum af hálfu hins opinbera, þegar svo stendur á sem hér, þykir nefnd varnarviðleitni ekki þurfa að bíða verulegan hnekki, þótt ábyrgðin á hendur hinu opinbera verði talin bein, sem réttur-inn telur eðlilegast, eins og á stendur, og þá sérstaklega með tilliti til hagsmuna þess, er fyrir tjóni verður.

Samkvæmt framanskráðu getur sýknukrafa stefndu því ekki orðið tekin til greina, en þeir verða hins vegar dæmdir til að greiða stefnanda in solidum bætur með þeirri upphæð, sem síðar greinir.

Stefnandi sundurliðar skaðabótakröfu sína þannig:

Læknishjálp og hjúkrunarkostnaður	kr.	1424.30
Bætur fyrir atvinnutjón frá 21. jan. til 1. apríl þ. á.	—	34448.75
Bætur fyrir þjáningar, smán og traustspjöll	—	15000.00
	Alls kr.	50873.05

Fyrsti kröfuliður er viðurkenndur, en hinum er mótmælt sem allt of háum.

Kröfu sínu um bætur fyrir atvinnutjón byggir stefnandi á því, að hann hafi af völdum slyssins verið umrætt tímabil frá vinnu á málflutnings- og fasteignasöluskrifstofu sinni, en skv. vottorði fulltrúa hans og löggilts endurskoðanda hafi bókfærðar tekjur af verkum, sem stefnandi hafði sjálfur unnið fyrir á tímabilinu frá 21. jan. til 1. apríl f. á., numið kr. 19685.00. Við þessa upphæð bætir stefnandi 75% sumpart vegna hækkunar á verðlagi og sumpart vegna þess, að hann telur, að atvinnurekstur sinn veiti hærri tekjur í ár en í fyrra.

Til viðbótar því, sem þegar er sagt um meiðsli stefnanda og

veru hans í sjúkrahúsi, er þess að geta, að læknar þeir, sem stunduðu hann í veikindunum, telja, að umrætt handleggsbrot hafi orðið á versta stað. Gekk mjög illa að koma brotinu í viðunandi stellingar, og varð að gera margar tilraunir til þess. Var það þrisvar sinnum gert með staðdeyfingu, en annars ódeyft, og varð ekki hjá því komizt að valda sjúklingnum miklum sársauka við allar þessar aðgerðir. Varð 30 sinnum að taka röntgenmyndir af brotinu, og settar voru um það gipsumbúðir. Eftir að stefnandi fór úr sjúkrahúsinu þann 10. marz s. l., lá hann rúmfastur heima með umbúðirnar, þar til um mánaðamótin marz—apríl, er þær voru teknar. Síðar varð einnig að beita nuddaðgerðum við stefnanda. — Hann er ekki enn orðinn jafngóður, en skv. áliti læknanna mun hann að öllum líkindum ná fullum bata, en á all-löngum tíma.

Með tilliti til þessa alls, annarra atriða, er fyrir liggja í málinu, svo og þess, um hverskonar ábyrgð er hér að ræða, þykja bæturnar til stefnanda skv. 1., 2. og 3. lið í einu lagi hæfilega ákveðnar kr. 20000.00. Verður stefndu gert að greiða upphæð þessa in solidum ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags svo og málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 1600.00.

Af hálfu stefndu hefur verið krafizt ómerkingar á ýmsum ummælum stefnanda um lögreglustjórann í Reykjavík og lögregluþjóna. Eftir atvikum þykir þó ekki ástæða til að taka kröfu þessa til greina.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði in solidum stefnandanum, hrm. Lárusi Jóhannessyni, kr. 20000.00 með 5% ársvöxtum frá 27. maí 1942 til greiðsludags og kr. 1600.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. júní 1943.

Nr. 66/1942: **Einar Ágúst Einarsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Skarphéðni Jónssyni og dánarbúi Jóns Jónssonar (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari Einar Arnórsson dr. jur. í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Umferðarréttur um lóð og viðtæki hans.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hafa upp kveðið dómendur merkjadóms Reykjavíkur, þeir Lárus Fjeldsted hæstaréttarlögmaður, formaður dómsins, Ólafur Lárusson prófessor og Sigurður Thoroddsen fyrrum yfirkennari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. júní 1942, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hann aðallega algerrar sýknu af kröfum stefndu í málinu, en til vara, að stefndu verði aðeins heimilaður gangréttur yfir lóð hans og að hann verði sýknaður af kröfu stefndu um brotttöku girðingar þeirrar, er hann hefur sett yfir Lágholtsstíginn. Til þrautavara krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði auk gangréttar aðeins heimiluð umferð handvagna og hestvagna, en ekki bifreiða eða annarra jafnstórra ökutækja um fyrrgreindan stíg og að hann verði sýknaður af kröfu stefndu um brotttöku girðingarinnar gegn því, að hann setji á hana hæfilegt hlið til umferðar fyrir handvagna og hestvagna. Loks krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða honum in solidum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, ef annað hvort aðalkrafa hans eða varakrafa yrðu teknar til greina, en að málskostnaður verði látinn falla niður fyrir báðum dómum, ef dæmt yrði eftir þrautavarakröfu hans.

Af ástæðum þeim, sem í hinum áfrýjaða dómi greinir, verður að telja stefndu hafa fengið umferðarrétt um svonefndan Lágholtsstíg allt að norðvestur mörkum Lágholtslóðar. Ætla má, að umferðarréttur þessi taki til gangandi

fólks og manna með handvagna og hestvagna, eins og tíðkaðist rétt eftir aldamótin 1900, á þeim tima, er Lágholtsvegur var lagður, og verður stefndu því dæmdur slíkur umferðarréttur, en ekki víðtækari. Samkvæmt þessu ber eftir þrautavarakröfu áfrýjanda að skylda hann til þess að setja á girðingu þá, er áður getur, hæfilegt hlið fyrir framangreinda umferð.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Fasteignunum Setbergi og Sjávarborg fylgir gangréttur og réttur til umferðar með handvagna og hestvagna um svonefndan Lágholtsstig að lóðarmörkum Lágholts til norðvesturs, og er áfrýjanda, Einari Ágústi Einarssyni, skylt að setja hæfilegt hlið á girðingu þá, er í málinu getur, fyrir slíka umferð.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur merkjadóms Reykjavíkur 7. apríl 1942.

Mál þetta er höfðað með stefnu réttaríns, dags. 16. júlí, s. l. og var það þingfest 21. sama mánaðar.

Málavextir eru þessir:

Fasteignirnar Lágholt, Setberg og Sjávarborg eru nágrannaeignir á Bráðræðisholti hér í bænum. Liggur Sjávarborg neðst og næst sjónum, þá Setberg þar næst fyrir ofan og Lágholt efst. Vegur, sem í skjölum málsins ýmist er nefndur Lágholtsvegur eða Lágholtsstigur, liggur frá Framnesvegi vestur holtið vestur að Lágholti. Í framhaldi af vegi þessum liggur stígur yfir Lágholtslóðina fram hjá íbúðarhúsinu í Lágholti og áfram milli fjóss og hlöðu, er standa vestast á lóðinni, vestur að lóðamörkum. Er stígur þessi merktur með rauðum lit á afstöðuuppdrættinum á réttarskjali nr. 3.

Sumarið 1940 lokaði eigandi Lágholts stíg þessum með vagni og heygrind, og síðar hefur hann sett fasta girðingu yfir stiginn þveran. Eigendur Setbergs og Sjávarborgar telja sig eiga rétt til umferðar um stiginn og að þessar ráðstafanir eiganda Lágholts tálmi

því, að þeir fái notið þess réttar. Hafa þeir gert þær réttarkröfur í málinu, *að* þeim verði tildæmdur óskoraður umferðarréttur um Lágholtsstíg og ganginn í gegnum Lágholtslóðina, sem merktur er með rauðu á réttarskjali nr. 3, *að* eigandi Lágholts verði dæmdur til þess að viðlögðum hæfilegum dagsektum að mati dómsins að taka burtu þær girðingar, sem nú hindra gangréttinn um veginn, og *að* eigandi Lágholts verði dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati dómsins. Eigandi Lágholts hefur krafizt þess *að* verða algerlega sýknaður af kröfum gagnaðilja og *að* þeir verði dæmdir til að greiða sér hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins.

Þess skal getið, að eigandi Setbergs, Jón Jónsson, andaðist, meðan á rekstri málsins stóð, og hefur dánarbú hans komið í hans stað í málinu.

Af skjölum málsins sést, að Lágholt er elzt af fasteignum þessum, og að það hefur verið orðin sérstök eign árið 1858. Sjávarborgarlóðin var fyrst mæld út árið 1890, og var byggður bær á henni skömmu síðar. Lóð Setbergs var útmæld nokkru síðar, árið 1894, og var búið að byggja á henni seint á árinu 1895.

Lágholtsvegurinn var lagður árið 1902 eða 1903. Engar upplýsingar eru komnar fram um það, hvar farið hefur verið að eða frá eignum þessum, fram til þess að Lágholtsvegurinn var lagður. En með framburði vitnanna Jónasar Helgasonar og Sigurðar Einarssonar, sbr. og vitnisburð Jóns Helgasonar, er það sannað, að síðan Lágholtsvegurinn var lagður, hefur verið farið yfir Lágholtslóðina að og frá Setbergi og Sjávarborg, þar sem stígurinn er nú. Eigandi Lágholts, Einar Ágúst Einarsson, sem átt hefur eignina hálfa síðan árið 1901 og alla síðan árið 1923, telur hins vegar, að umferðin um stíginn að Setbergi og Sjávarborg hafi ekki byrjað fyrr en 1912—1913. Hann kveðst jafnan hafa mótmælt henni, og haustið 1916 kveðst hann hafa látið setja upp porthurð í sundið milli fjóss og hlöðu til þess að taka fyrir umferðina, en að hurð þessi hafi brotnað síðari hluta sumarsins 1917 og ekki verið sett upp að nýju. Hafi þá umferðin um sundið hafizt á ný og staðið þar til sumarið 1940, er hann lokaði sundinu, svo sem áður var sagt.

Með framburði vitna, sem leidd hafa verið í málinu, er það sannað, að porthurð var í sundinu a. m. k. á annað ár nálægt árinu 1916, og að svo var frá þessari hurð gengið, að hún varð eigi opnuð nema ofanfrá, þ. e. Lágholtsmegin. En að öðru leyti er óupplýst, hvort og að hve miklu leyti hún hefur tálmað umferð um sundið að Setbergi og Sjávarborg og frá.

Samkv. 7. og 8. gr. laga nr. 46 10. nóv. 1905 um hefð er hefðartími mismunandi á sýnilegum og ósýnilegum ítökum. Stígur sá, sem hér um ræðir, er einnig í þarfir Lágholtseignarinnar, og umferð um hann verður því ekki talin sýnileg ítaksnotkun á Lágholtslóðinni

frá Setbergi og Sjávarborg, eftir því sem sýnileg ítök venjulega eru skilgreind. Umferð sú, sem átt hefur sér stað og lýst hefur verið hér að framan, hefur því eigi, svo upplýst sé, átt sér stað í fullan hefðartíma ósýnilegra ítaka, sem er 40 ár. Umferðarréttur um stiginn til handa Setbergi og Sjávarborg verður því ekki byggður á því einu, að hann hafi unnizt fyrir hefð.

Á hinn bóginn benda ýmsar líkur til þess, að umferðarréttur þessi fylgi Setbergi og Sjávarborg og hafi lengi fylgt þeim eignum, þótt eigi verði nú sagt, hversu hann hafi til orðið í fyrstu.

Hinn 30. okt. 1901 rituðu nokkrir fasteignaeigendur á Bráðræðisholti bæjarstjórn Reykjavíkur bréf og fóru þess á leit, að vegur yrði lagður frá Framnesvegi meðfram húsum þeirra vestur að Lágholti, og buðust þeir til að leggja til frá sjálfum sér 16—18 dagsverk ókeypis til vegagerðarinnar. Samkvæmt þessari beiðni virðist svo Lágholtsvegurinn hafa verið lagður. Undir bréf þetta rituðu þáverandi eigendur Setbergs og Sjávarborgar, Þórður Bjarnason og Guðmundur Þorsteinsson. Menn þessir gátu enga hagsmuni haft af lagningu vegar vestur að Lágholti, nema því aðeins að þeir hefðu aðgang að eignum sínum af vegi þessum, og sá aðgangur gat aðeins verið yfir Lágholtslóðina. Að öðrum kosti var þeim hinn nýi vegur einskis virði, og gat þá engin ástæða verið fyrir þá til að lofa ókeypis vinnu við lagningu vegarins. Þátttaka þeirra í þessum samtökum og loforð þeirra um vinnu virðist því hljóta að hafa verið byggð á því, að þeir hafi talið sig eiga rétt til umferðar um Lágholtslóðina að og frá hinum væntanlega vegi, og þetta má eigendum Lágholts, Einari Ágúst Einarssyni og Bjarna Jónssyni, sem báðir voru með í þessum samtökum og báðir undirrituðu bréfið, hafa verið ljóst, en það sést ekki, að þeir hafi gert neinn fyrirvara í gagnstæða átt. Bendir þetta atriði eindregið til þess, að eigendur hér um ræddra eigna hafi litið svo á, er Lágholtsvegurinn var lagður, að umferðarréttur um Lágholtslóð fylgdi Setbergi og Sjávarborg.

Hinn 15. febr. 1919 sótti eigandi Lágholts til byggingarnefndar um leyfi til að byggja bráðabirgðaíbúðarhús við austurenda gamla íbúðarhússins í Lágholti. Leyfi þetta veitti byggingarnefndin 21. febrúar s. á. með nokkrum skilyrðum, þ. a. m. „að byggingin hindri ekki aðgang að Setbergi og Sjávarborg yfir lóðina í Lágholti". Með bréfi 15. jan. 1920 tilkynnti eigandi Lágholts byggingafulltrúa, að hann myndi eigi nota þetta leyfi „sökum óaðgengilegra skilmála". Sýnir þetta, að árið 1919 hafa byggingayfirvöld bæjarins talið, að umferðarréttur yfir Lágholtslóð fylgdi Setbergi og Sjávarborg.

Enn fremur má benda á það, að leið sú, sem hér ræðir um, hefur verið skemmsta og greiðfærasta leiðin að og frá Setbergi og Sjávarborg, sem völ hefur verið á. Að öðrum kosti hefði orðið að fara annaðhvort vegleysu yfir girtar lóðir annarra manna eða meðfram sjónum út af Grandavegi og síðan upp hann á Framnesveg. Með-

fram sjónum mun á þessu svæði lengst af hafa verið vegleysa á þessu tímabili, og þessi leið er auk þess mjög úrleiðis. Eftir því sem staðhættir nú eru, er það því mjög ólíklegt, að ætlast hafi verið til þess frá upphafi, að umferð að eignum þessum gengi þessa leið.

Þessar líkur ásamt því, að eigendur Lágholts hafa um svo langan tíma liðið umferð þessa, án þess að gera neinar alvarlegar ráðstafanir til að hindra hana, virðist nægja til þess, að rétt sé að viðurkenna, að eignunum Setbergi og Sjávarborg fylgi umferðarréttur yfir Lágholtslóð um hinn umgetna stíg. Verður þá og að skylda eiganda Lágholts til þess að viðlögðum 10 kr. dagsektum að láta innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa taka burtu girðingu þá, er nú tálmar umferð um stíginn. Svo ber og að dæma hann til að greiða eigendum Setbergs og Sjávarborgar 300 kr. í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Fasteignunum Setbergi og Sjávarborg fylgir réttur til umferðar um lóð Lágholts eftir stíg þeim, sem markaður er með rauðum lit á réttarskjali nr. 3. Eiganda Lágholts, Einari Ágúst Einarssyni, skal skylt að viðlögðum 10 kr. dagsektum að láta innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa taka burtu girðingu þá, er nú tálmar umferð um nefndan stíg. Svo greiði hann og eiganda Setbergs, dánarbúi Jóns Jónssonar, og eiganda Sjávarborgar, Skarphéðni Jónssyni, 300 kr. í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. júní 1943.

Nr. 53/1942. **Vélbátaábyrgð Keflavíkur** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Steindóri Péturssyni (Guðm. Í. Guðmundsson).

Hernaður ekki talinn meginorsök skiptapa og vátryggingarfélag því skylt að bæta hann.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. maí f. á., krefst algerrar sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Ljósleysi tundurspillisins má að vísu rekja til hernaðarástæðna, en meginorsök slyssins verður eftir gögnum þeim, sem fyrir hendi eru, að telja þá, að ekki hafi verið gætt nægilegrar varúðar af hálfu tundurspillisins. Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 24. apríl 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., er með samkomulagi aðilja höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 19. f. m., af Steindóri Péturssyni útgerðarmanni, Keflavík, gegn Snorra Þorsteinssyni f. h. Vélbátaábyrgðarfélags Keflavíkur til greiðslu vátryggingarfjárhæðar m/b Græðis G. K. 310, að upphæð kr. 90000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 13. febr. s. l. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt 13. febrúar s. l. kl. 0,15 lagði m/b Græðir, sem var eign stefnanda, af stað héðan úr innri höfninni áleiðis til Keflavíkur, þar sem báturinn ætlaði að stunda veiðar á vertíðinni. Skipverjar voru sjö talsins. Austan andvari var, næturmyrkur, en gott skyggni. — Sigldi báturinn út úr innri höfninni út „í Vatnsgeymisvita hvítan", eins og kallað er; síðan eftir þeim vita hvítum, þar til komið var í hvíta ljósgeira Engeyjarvitans, eftir honum hvítum í hvíta ljósgeira Gróttuvitans, og síðan var tekin stefna eftir áttavitanum V til N. Skipstjórinn var sjálfur við stýrið allan tímann. Er báturinn hafði siglt þannig í á að gizka 10 mínútur, sáu skipverjar, að skyndilega var brugðið upp tveim ljósum, öðru hvítu, en hinu rauðu, en þau síðan slökkt samstundis. Ljós þessi birtust í stefnu framundan Græði, aðeins til stjórnborða. Þóttist skipstjóri sjá, að þarna væri skip á ferð og að yfirvofandi hætta væri á árekstri. Dró hann þá úr olíugjöf til vélarinnar til þess að reyna að skipta aftur á bak úr fullri ferð, en samstundis kveðst hann hafa séð, að slíkt mundi ekki geta afstýrt árekstri, og greip hann þá til þess úrræðis að snúa stýrinu hart til bakborða. Lét skip-

ið að stjórn, en allt að einu rakst ljóslausa skipið, sem reyndist vera ameríkskur tundurspillir, á Græði stjórnborðsmegin aftan til, og sökk báturinn svo að segja strax. Sex skipverjar af Græði björguðust, en einn þeirra drukknaði.

M/b Græðir, sem var 30 smálestir að stærð, var vátryggður hjá hinu stefnda félagi fyrir kr. 90000.00 skv. vátryggingarskírteini, dags. 25. nóv. f. á., en skipið var virt á kr. 100000.00. Samkv. skírteininu var skipið ætlað til siglinga og fiskveiða við strendur Íslands, og þar tekið fram, að lög nr. 27. 1938 um vátryggingarfélög fyrir vélbáta gildi um trygginguna. Einnig, að skírteinið tryggði „eigi gegn hernaðartjóni né afleiðingum þess", enda segir og í 6. tölulið 23. gr. félagslaga stefnda, að tjón, „sem orsakast af hernaði, borgarastyrjöld eða þess háttar", verði ekki bætt sem sjótjón.

Stefnda hefur neitað að greiða stefnanda framangreinda vátryggingarfjárhæð, og hefur hann því höfðað mál þetta og gert í því áðurnefndar dómkröfur. Stefnandi hefur haft uppi skaðabótakröfur á hendur aðilja þeim, sem á umræddan tundurspilli, en ekki er vitað um úrslit þess máls, enda telur stefnandi sér ekki skylt að bíða þeirra, þar sem það sé beint tekið fram í 2. málsgr. 15. gr. félagslaga stefnda, að það hafi „engin áhrif á skaðabótaskyldu félagsins, þótt svo kunni að standa á, að tjónsbóta verði krafizt af þriðja aðilja".

Sýknukröfu sína byggir stefnda á því einu, að umrætt tjón stafi af hernaði, en skv. áður tilvitnuðum ákvæðum hafi félagið eigi tekið að sér tryggingu gegn slíku tjóni. Tundurspillirinn hafi verið ljóslaus vegna hernaðarástandsins, en ljósleysið hafi verið hin beina orsök slyssins.

Í málinu liggur ekki fyrir nein skýrsla um málsatvik af hálfu skipverja á hinum ameríska tundurspilli. Málflutningsmaður stefnda hefur skýrt svo frá, að útilokað sé með öllu, að slík skýrsla fáist nokkurn tíma til afnota í máli fyrir hérlendum dómstólum, og þykir því verða að leggja dóm á málið eftir framlögðum gögnum, en sjóferðaskýrsla var tekin af þeim skipverjum Græðis, er af komust.

Af gögnum þessum verður ekki annað ráðið en að stjórnendur Græðis hafi farið eftir gildandi reglum um siglingu skipsins, frá því að það lét úr höfn, og þar til þeir urðu tundurspillisins varir. Skipverjar á Græði bera það einróma, að öll siglingarljós hafi logað á þessum tíma og þau verið í góðu lagi, og hefur ekkert komið fram, er hnekki þessari staðhæfingu þeirra. Einnig er það staðhæft, að ekki hafi liðið meira en mínúta frá því, að skipverjar urðu varir við ljós frá tundurspillinum, og þar til árekturinn varð. Virðist því hafa verið mjög lítið ráðrúm til að gera ráðstafanir í því skyni að forða frá árekstrinum eða draga úr afleiðingum hans, og ekki þykir fullyrðandi, að skipstjórinn hafi farið rangt að, eins og á

stóð. — Eins og þegar er getið, var skyggni gott á umræddum tíma, og hafa stjórnendur tundurspillisins því átt að geta séð til ferða Græðis með nægum fyrirvara, jafnframt því sem þeim var eða átti að vera kunnugt um ljósleysi tundurspillisins. Ekkert hefur komið fram í málinu, er bendi til þess, að stjórnendur tundurspillisins hafi af hernaðar-nauðsyn eða vegna hernaðaraðgerða orðið að víkja frá almennum, alþjóðlegum reglum um siglingar, og þar sem megin-orsakir slyssins virðast vera þær, að þessara reglna var ekki gætt, getur rétturinn, eins og á stendur, ekki talið, að árekstur þessi hafi orðið með þeim hætti, er stefnda heldur fram og byggir sýknukröfur sínar á. Þykir því bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda nefnda vátryggingarfjárhæð ásamt vöxtum, sem gegn mótmælum stefnda verða ekki reiknaðir hærri en 5%p. a. og teljast frá stefnudegi. Eftir málavöxtum þykir rétt, að stefnda greiði stefnanda kr. 1500.00 í málskostnað.

Réttinn skipuðu: hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Geir Sigurðsson skipstjóri og Jón Axel Pétursson hafnsögumaður.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Vélbátaábyrgðarfélag Keflavíkur, greiði stefnandanum, Steindóri Péturssyni, kr. 90000.00 með 5% ársvöxtum frá 19. marz 1942 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. júní 1943.

Nr. 13/1943. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og skilanefnd Síldareinkasölu Íslands.**
(Lárus Fjeldsted)
gegn
Landsbanka Íslands og gagnsök
(Einar B. Guðmundsson).

Um forgengi krafna á hendur fjárþrota aðilja.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa málinu til hæstaréttar með stefnu 5. febrúar þ. á., krefjast þess, að hinn áfrýjaði

dómur verði úr gildi felldur og þeir sýknaðir af kröfum gagnáfrýjanda í málinu. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 22. febr. þ. á., krefst þess aðallega, að skiptagerð skilanefndar Síldareinkasölu Íslands frá 17. febrúar 1940 verði breytt á þá leið, að krafa hans, kr. 391658.00, gangi á undan öllum kröfum ríkissjóðs á hendur einkasölunni. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að aðeins skiptagjald í ríkissjóð gangi fyrir kröfu hans, og loks til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir orðalagi sínu tekur hvorki 84. gr. né 89. gr. skiptalaganna nr. 3/1878 yfir veð það, sem getur í 5. gr. laga nr. 61 frá 1929, en veði þessu þykir verða að jafna til veðs þess í öllu lausafé bús, sem 84. gr. skiptalaganna tekur til, þar sem það er mjög skylt því í eðli sínu. Verður veðið því að víkja fyrir forgangskröfum samkvæmt 83. gr. sömu laga. Samkvæmt þessu og þar sem fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að ríkissjóður beri ekki almenna ábyrgð á skuldbindingum Síldareinkasölu Íslands, ber að taka sýknukröfu aðaláfrýjanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og skilanefnd Síldareinkasölu Íslands, skulu vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Landsbanka Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. nóv. 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. maí 1940, af Landsbanka Íslands gegn skilanefnd Síldareinkasölu Íslands, þeim Lárusi Fjeldsted hrm. og Svavari Guðmundssyni útbússtjóra, f. h. búsins og fjármálaráðherra Jakob Möller f. h. ríkissjóðs. Gerir stefnandi þær dómkröfur *aðallega*, að síðargreind krafa bankans á hendur Síldareinkasölu ríkisins gangi á undan kröfum þeim, er ríkissjóður telur sig eiga á hendur sömu stofnun, og að hin stefnda skilanefnd verði skylduð til að breyta úthlutunargerð sinni í samræmi við það. *Til vara* krefst stefnandi þess, að skiptagjald í ríkissjóð, kr. 25475.95, verði eitt látið ganga á undan kröfu bankans, og skilanefndin breyti úthlutunargerðinni í samræmi við það. Stefnandi krefst og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda, að umrædd úthlutunargerð verði staðfest og þeim dæmdur málskostnaður samkvæmt mati réttarins.

Tildrög málsins eru þessi:

Samkvæmt lögum nr. 61 14. júní 1929 var starfrækt Síldareinkasala Íslands, er skyldi hafa einkasölu á allri síld, sem verkuð var til útflutnings hér á landi, svo og á allri síld, sem veidd var til útflutnings af íslenzkum skipum hér við land. Í lok ársins 1931 var talið, að hagur einkasölunnar stæði þannig, að eigi væri annað sjáanlegt en að bú hennar yrði bráðlega tekið til gjaldþrotaskipta, ef eigi yrði önnur skipan á gerð. Hinn 9. des. 1931 voru því sett bráðabirgðalög, þar sem ákveðið var, að bú Síldareinkasölu Íslands skyldi tekið til skiptameðferðar, og skyldu skiptin framkvæmd af tveggja manna skilanefnd, skipaðri af atvinnu- og samgöngumálaráðherra. Við skiptin skyldi farið eftir gildandi reglum við gjaldþrotaskipti um skuldajöfnuð, ógildingu gerninga, fjárnám eða löggeymslu og um skuldaröð. Skilanefndin skyldi koma í stað stjórnar einkasölunnar og hafa samskonar vald og skyldur, eftir því sem við átti. — Í skilanefndina voru skipaðir þeir Lárus Fjeldsted hæstaréttarmálflutningsmaður og Svavar Guðmundsson, nú útbússtjóri Útvegsbankans á Akureyri, og tóku þeir þegar í sínar hendur allar fjárreiður einkasölunnar, sáu um sölu á eignum hennar og innheimtu skulda. Af ýmsum ástæðum drógust búskiptin all-lengi og varð þeim eigi lokið fyrr en þann 17. febrúar 1940. Við endanlegt uppgjör á hag fyrirtækisins reyndust eignir þess nema kr. 318032.17, forgangskröfur námu um kr. 650000.00 og almennar kröfur rúmlega 1 millj. króna, þannig að eignirnar hrukku ekki fyrir meira en nokkrum hluta forgangskrafnanna.

Meðal skuldheimtumanna einkasölunnar var útbú Landsbanka Íslands á Akureyri. Hafði útbúið upphaflega veitt Síldareinkasöl-

unni lán með reikningslánssamningi, dags. 15. ágúst 1929, og var sá samningur síðan framlengdur þann 11. nóv. 1930 og 21. júlí 1931. Samkvæmt 5. gr. laganna nr. 61 1929 var einkasölunni sem sé heimilt að taka fé að láni til þess að kaupa tunnur, salt og annað efni til síldarverkunar svo og til að greiða framleiðendum upp í síld þá, er þeir höfðu afhent einkasölunni, en lánsstofnanir, er veittu þessi lán, skyldu hafa sameiginlegt lögveð í allri síld, sem einkasalan hafði til sölumeðferðar á hverjum tíma, svo og í birgðum hennar af tunnum, salti og öðru efni. — Með stefnu, útgefinni 7. febrúar 1933, höfðaði útbúið síðan mál gegn skilanefndinni fyrir gestarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar til greiðslu á reikningsláninu, þá að upphæð kr. 391658.99, og gerði það einnig þá kröfu, að viðurkennt yrði með dómi réttarins, að bankinn ætti lögveð í eignum einkasölunnar fyrir kröfu sinni skv. 5. gr. laga nr. 61 1929. Lauk málinu með dómi réttarins, upp kveðnum 19. febrúar 1934, þar sem kröfur stefnanda voru teknar til greina og tekið fram, að stefnandi hefði sem lögveðhafi forgangsrétt að andvirði þeirrar síldar, er Síldareinkasala Íslands hafði í sínum vörzlum til sölumeðferðar, er bú hennar var tekið til skipta í desember 1931, svo og í andvirði birgða hennar þá af tunnum, salti og öðru efni. — Þessum dómi hefur eigi verið áfrýjað.

Einkasalan skuldaði og ríkissjóði kr. 260504.50 fyrir útflutningsgjöld árin 1930 og 1931, kr. 2711.92 fyrir fiskiveiðasjóðsgjöld árið 1931, kr. 14027.00 fyrir vörutoll árið 1931 og kr. 94.00 í lögtakskostnað. Hafði kröfum þessum verið lýst í bú einkasölunnar.

Í úthlutunargerð sinni við lokaskipti á búinu ákvað skilanefndin, að fyrst skyldu greiðast af eignum búsins ýmsar forgangskröfur, að upphæð kr. 18283.74. Eftir voru þá eignir, að upphæð kr. 299748.43, sem nefndin ákvað, að öll skyldi renna til ríkissjóðs, kr. 25475.95 sem skiptagjald og afgangurinn, kr. 274272.48 sem greiðsla upp í fyrrnefndar kröfur ríkissjóðs (útflutningsgjöld o. s. frv.), og kæmi þá ekkert upp í kröfu Landsbankans út af reikningsláninu, þá að upphæð kr. 354139.70.

Stefnandi hefur eigi viljað una þessum úrslitum og hefur því höfðað mál þetta og gert í því framangreindar dómkröfur. Kröfur sínar byggir stefnandi *í fyrsta lagi* á því, að ríkissjóður beri fjárhagslega ábyrgð á öllum skuldum og skuldbindingum síldareinkasölunnar. Einkasalan hafi verið stofnuð af ríkisvaldinu, starfrækt undir stjórn, sem að meiri hluta hafi verið skipuð af því, ríkisstjórnin hafi skipað endurskoðendur hennar, sett reglugerð um meðferð sjóða hennar og búi hennar hafi loks verið ráðstafað af stjórnskipaðri skilanefnd, án þess að skuldheimtumönnum gæfist nokkur kostur á að hafa afskipti af búskiptunum. Telur stefnandi því, að fjárkröfur ríkissjóðs komi fyrst til greina, þegar allir aðrir skuldheimtumenn hafi fengið kröfur sínar að fullu greiddar. Hefur

stefnandi jafnframt áskilið sér óskertan rétt til að krefja ríkissjóð um fulla greiðslu á allri skuld einkasölunnar með vöxtum og kostnaði.

Af hálfu ríkissjóðs er því eindregið mótmælt, að hann beri almenna fjárhagslega ábyrgð á fjárreiðum einkasölunnar. Hún hafi alls ekki verið ríkisfyrirtæki, þótt nauðsyn hafi þótt til bera, að ríkisvaldið hefði að nokkru hönd í bagga um starfrækslu þessa, og stofnað hafi verið til hennar með lögum, eftir að síldarútvegsmenn höfðu sjálfir gert árangurslausar tilraunir til að koma sliku skipulagi á þenna atvinnuveg.

Í 3. mgr. 5. gr. laganna nr. 61 1929 segir, að ríkissjóði sé heimilt að ábyrgjast lán til einkasölunnar, og tókst ríkissjóður sérstaklega á hendur ábyrgð á einu sliku láni einkasölunnar, en það lán var tekið erlendis. Þrátt fyrir það, að ríkisvaldið hafi haft frekari afskipti af málefnum einkasölunnar en annars er títt um einkafyrirtæki, þykir þó mega ráða af þessu ákvæði laganna nr. 61 1929, að ríkissjóður hafi ekki tekizt á hendur almenna ábyrgð á öllum skuldbindingum einkasölunnar, enda verða afskipti ríkisins af málum þessum að teljast hafa stafað að verulegu leyti af því, að tilraunir útvegsmanna til samstarfs höfðu farið út um þúfur, svo og því, að hér var um einn þýðingarmesta atvinnuveg þjóðarinnar að ræða.

Kröfur stefnanda þykja því ekki verða byggðar á þessari málsástæðu.

Í öðru lagi byggir stefnandi dómkröfur sínar á því, að umrædd reikningslánskrafa hans standi að lögum framar kröfum ríkissjóðs á hendur einkasölunni. Hann véfengi ekki, að forgangskröfurnar, að upphæð kr. 18283.74, skuli greiddar fyrst, en telur *aðallega*, að allar aðrar kröfur á hendur búinu, og þá einnig krafan fyrir skiptalaun í ríkissjóð, eigi að þoka fyrir kröfu bankans.

Af hálfu stefndu er haldið fast við, að úthlutunargerðin sé rétt að þessu leyti.

Með skírskotun til c-liðs 82. gr. skiptalaganna nr. 3 1878, sbr. 88. gr. laganna, verður og að telja, að skiptalaunin í ríkissjóð eigi að ganga fyrir kröfum bankans, og ber því að staðfesta úthlutunargerðina að þessu leyti. *Aðal*-krafa stefnanda í málinu verður því ekki tekin til greina.

Vara-kröfuna byggir stefnandi á því, að lögveðrétturinn fyrir umræddum kröfum ríkissjóðs hafi verið fallinn niður, þegar skiptameðferð einkasölunnar hófst, en hins vegar liggi fyrir óhnekktur dómur um gildi lögveðréttarins fyrir kröfu bankans. Þótt talið verði, að fyrrgreind gjöld í ríkissjóð (útflutningsgjald o. s. frv.) séu forgangskröfur skv. b-lið 3 í 83. gr. skiptalaganna, þá leiði það af gagnályktun frá 89. gr. skiptalaganna, að forgangskröfur þessar eigi að þoka fyrir kröfu bankans, sem tryggð sé með lögveði.

Stefndu telja hins vegar, að kröfum þessum sé réttilega raðað

í úthlutunargerðinni. Skv. 84. gr. skiptalaganna gangi skattar og gjöld í ríkissjóð fyrir öðrum kröfum, sem tryggðar séu með veðrétti í öllu lausafé búsins, og það hvort sem veðrétturinn sé lögákveðinn eða byggður á samningi.

Útflutningsgjöld þau og fiskiveiðasjóðsgjald, sem greiða skal af íslenzkum fiskafurðum, er flytja skal til útlanda (sbr. lög nr. 60 og 70 1921 og lög nr. 47 1930), falla í gjalddaga um leið og skipið, sem flytur vöruna út, er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðzt. Skipið, sem flytur vöruna, og farmurinn er að veði fyrir gjöldunum. — Ekki verður annað séð en að verðmæti þessi, skip og farmur, hafi verið komin úr löglegum umráðum veðþola (einkasölunnar), þegar skiptameðferðin á búi einkasölunnar hófst og ríkissjóður vildi neyta lögveðréttarins. Eftir því sem ráða má af framangreindum lögveðheimildum, þykir því verða að líta svo á, að ríkissjóður sé þar með búinn að missa lögveðréttar síns fyrir gjöldum þessum, þótt þau njóti hins vegar forgangsréttar skv. b-lið 3 í 83. gr. skiptalaganna. Fyrrnefndur lögtakskostnaður (kr. 94.00) virðist standa í sambandi við hérumrædd gjöld (útflutningsgjald og fiskveiðasjóðsgjald), og þykir þá sama eiga að gilda um hann.

Lögveðréttur stefnanda fyrir fyrrnefndu reikningsláni, sem viðurkenndur hefur verið með dómi, þykir, eftir því sem ráða má af málinu, vera þess eðlis, að ákvæði 89. gr. skiptalaganna komi þar til greina (með gagnályktun), þannig að fyrrgreindar kröfur ríkissjóðs eigi að þoka fyrir þessari kröfu bankans.

Um *vörutollinn* giltu hins vegar þau ákvæði (sbr. lög nr. 54 1926), að veðrétturinn í hinum aðfluttu, gjaldskyldu vörum hélt gildi, þótt vörurnar hefðu verið afhentar viðtakanda, eins og hér mun hafa átt sér stað. Þessi lögveðréttur verður því að teljast í fullu gildi og af orðalagi lögveðheimildarinnar þykir mega ráða, að veðréttur þessi standi framar rétti stefnanda, þannig að krafa ríkissjóðs fyrir vangoldinn vörutoll (kr. 14027.00) eigi að ganga á undan kröfu stefnanda.

Úrslit málsins verða því þau, að viðurkennt verður, að fyrrnefnd krafa stefnanda (að upphæð kr. 354139.70) gangi í skuldaröð í búi Síldareinkasölu Íslands á undan fyrrgreindum kröfum ríkissjóðs (kr. 260504.50 fyrir útflutningsgjald, kr. 2711.92 fyrir fiskiveiðasjóðsgjöld og kr. 94.00 í lögtakskostnað), en að baki forgangskröfum, að upphæð kr. 18283.74, skiptagjaldi í ríkissjóð kr. 25475.95 og kröfu ríkissjóðs fyrir vangoldinn vörutoll, að upphæð kr. 14027.00. Ber hinni stefndu skilanefnd að taka upp skiptin á búi Síldareinkasölu Íslands og breyta úthlutunargerð sinni í samræmi við framanritað.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

All-mikill dráttur hefur orðið á meðferð máls þessa fyrir rétt-

inum bæði áður en gagnasöfnun var lokið og eftir það. Hefur málinu verið frestað eftir ósk málsaðilja, sem gert hafa itrekaðar samkomulagstilraunir í málinu, en án árangurs.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind krafa stefnanda, Landsbanka Íslands, (að upphæð kr. 354139.70) gangi í skuldaröð í búi Síldareinkasölu Íslands á undan tilteknum kröfum ríkissjóðs (kr. 260504.50 fyrir útflutningsgjöld, kr. 2711.92 fyrir fiskiveiðasjóðsgjöld og kr. 94.00 í lögtakskostnað), en standi að baki áðurnefndum forgangskröfum, að upphæð kr. 18283.74, skiptagjaldi í ríkissjóð, kr. 25475.95 og kröfu ríkissjóðs fyrir vangreiddan vörutoll, að upphæð kr. 14027.00. Ber þeim Lárusi Fjeldsted hrm. og Svavari Guðmundssyni útbússtjóra, skilanefndarmönnum í búi Síldareinkasölu Íslands, að taka búskiptin upp aftur og breyta úthlutunargerð sinni í samræmi við framanritað.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. júní 1943.

N. 42/1943. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs** (Kristján Guðlaugsson)

gegn

Gunnari Guðjónssyni (Einar B. Guðmundsson).

Skattamál.

Dómur hæstaréttar.

Bjarni Pálsson, lögmannsfulltrúi í Reykjavík, hefur kveðið upp fógetaúrskurðinn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. apríl þ. á. Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði felldur úr gildi og framkvæmd lögtaks heimiluð fyrir eftirstöðvum skattreiknings stefnda 1942, kr. 274429.00, auk dráttarvaxta. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi seldi fyrir hönd allra hluthafa í Eimskipafélaginu Ísafold h/f í októbermánuði 1941 öll hlutabréf þess félags Eimskipafélagi Íslands h/f. Runnu þannig allar eigur Eimskipafélagsins Ísafoldar h/f til Eimskipafélags Íslands h/f. Með greindri ráðstöfun slitu hluthafar Eimskipafélagsins Ísafoldar h/f félaginu á þann hátt, er segir í 42. gr. laga nr. 77 frá 1921. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 20 frá 1942, sbr. d-lið 7. gr. laga nr. 6 frá 1935, telst til skattskylds arðs af hlutabréfum m. a. „úthlutanir við félagsslit umfram upphaflegt hlutafjárframlag, þ. e. nafnverð hlutabréfanna, og skiptir ekki máli í því sambandi, fyrir hvaða verð þau hafa verið seld eða keypt". Eftir þessu ótvíræða og undantekningarlausa ákvæði verður að telja stefnda til skattskyldra tekna fé það, sem hann fékk af félagseigninni við slit félagsins umfram nafnverð hlutabréfa sinna. Ber því að taka til greina kröfu áfrýjanda, enda er upphæð lögtakskröfunnar ágreiningslaus.

Eftir þessum málsúrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, er þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 1200.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Stefndi, Gunnar Guðjónsson, greiði áfrýjanda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, samtals kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 3. marz 1943.

Við álagningu tekju- og eignarskatts og stríðsgróðaskatts árið 1942 lagði skattstjórinn í Reykjavík á gerðarþola, Gunnar Guðjónsson skipamiðlara, Smáragötu 7 hér í bæ, kr. 87072.40 í tekjuskatt, kr. 2432.00 í eignarskatt, kr. 186052.00 í stríðsgróðaskatt og kr. 4165.00 í lífeyrissjóðsgjald, eða samtals í þessi gjöld kr. 279721.40. Inn á skatta þessa greiðir gerðarþoli hinn 27. nóv. 1942 kr. 5652.40,

og hafði hann áður tilkynnt tollstjóranum í Reykjavík, að eftirstöðvarnar, kr. 274069.00, mundi hann ekki greiða án úrskurðar dómstólanna. Hinn 16. nóv. 1942 hafði tollstjórinn f. h. ríkissjóðs krafizt lögtaks hjá gerðarþola fyrir eftirstöðvum þessum og auk þess fyrir námsbókagjaldi, kirkjugjaldi og kirkjugarðsgjaldi, en um þessi síðarnefnd gjöld er enginn ágreiningur, og var málið tekið fyrir í fyrsta sinn hinn 3. febrúar þ. á. og síðan sótt og varið hér fyrir réttinum og tekið til úrskurðar 25. sama mánaðar.

Umboðsm. gerðarbeiðanda gerir þær kröfur fyrir réttinum, að hið umbeðna lögtak nái fram að ganga fyrir allri kröfunni og að umbj. hans verði úrskurðaður hæfilegur málskostnaður og málssóknarlaun skv. reikningi eða mati réttarins. Umboðsm. gerðarþola gerir þær réttarkröfur, að synjað verði um framgang lögtaksins og að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða umbj. hans málskostnað eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Gerðarþoli var einn af stofnendum Eimskipafélagsins Ísafoldar h/f., og voru hlutabréf hans að nafnverði kr. 16000.00. Í októbermánuði árið 1941 selur gerðarþoli bréf þessi Eimskipafélagi Íslands h/f fyrir kr. 400000.00. Jafnframt seldu og aðrir hluthafar Eimskipafél. Ísafoldar h/f. sama aðilja bréf sín. Hinn 7. nóv. 1941 tilkynnir svo Eimskipafélag Íslands h/f. með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, að þar eð það hafi keypt öll hlutabréf í Eimskipafélaginu Ísafold h/f., hafi það verið ákveðið, að síðarnefnt félag hætti störfum 15. okt. s. á., og óskist það því afmáð úr hlutafélagaskránni. Skattstjórinn í Reykjavík taldi gerðarþola til tekna á árinu 1941 mismuninn á söluverði og nafnverði bréfanna og lagði á hann tekju- og eignarskatt og stríðsgróðaskatt samkv. því. Þessu vill gerðarþoli ekki hlíta og hefur því lagt málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Ákvæðin um hlutabréf, sölu þeirra, arð o. fl. er að finna í 7. gr., d-lið, tekju- og eignarskattslaganna nr. 6 9. jan. 1935, sbr. l. 20/1942, 2. gr. Samkv. því skal telja til arðs af hlutabréfum:

1. Venjulega arðsúthlutun.
2. Úthlutun fríhlutabréfa.
3. Úthlutun til hluthafa við félagsslit umfram upphaflegt fjárframlag (nafnverð, l. 20/1942, 2. gr.).
4. Sérhverja aðra afhendingu verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra.

Töluliðirnir 1 og 2 koma bersýnilega ekki hér til álita og ekki heldur 4, þar eð hér er um sölu hlutabréfa að ræða, en ekki afhendingu frá félaginu sjálfu. Spursmál er þá aðeins um tölulið 3, hvort hann tekur til þess tilviks, er hér um ræðir.

Tekju- og eignarskattslögin gefa enga skýrgreiningu á því, hvað telja beri félagsslit í merkingu þeirra laga, og verður því að álíta,

að átt sé við skýrgreiningu félagaréttarins á hugtakinu. Ákvæðin um félagsslit hlutafélaga eru í VII. kafla hlutafélagslaganna nr. 77 27. júní 1921. Í 38. gr. þeirra laga segir, að slíta skuli hlutafélagi, ef hluthafar verði færri en 5, en þó eigi þetta ekki við, „ef annað félag ...., sem lög þessi taka til, verður eigandi að öllum hlutabréfum félagsins.“ Í tilfelli því, sem hér um ræðir, hefði hinn nýi kaupandi því getað haldið áfram rekstri Eimskipafélagsins Ísafoldar h/f. sjálfstæðum, án þess að um félagsslit hefði verið að ræða, og enda þótt félagið hafi ekki horfið að því ráði, var skýlaus heimild til þess fyrir hendi, og getur það engu skipt seljendur hlutabréfanna, hvor kosturinn tekinn var. Að vísu hefur því verið haldið fram, að þar sem hluthafar Eimskipafélagsins Ísafoldar h/f. hafi ekki aðeins selt þau hlutabréf, er þeir áttu persónulega, heldur einnig þau bréf, er félagið átti sjálft, horfi málið öðruvísi við en ella, og gefi það atriði ótvírætt í skyn, að um eiginleg félagsslit hafi verið að ræða. Á þetta verður þó ekki fallizt. Hlutafélagalögin gera að sjálfsögðu greinarmun á hlutabréfaeign og eignum félagsins sjálfs, eins og sést á samanburði á 38. gr. og 42. gr. hlutafélagalaganna. Hér var ekki um að ræða sölu eigna félagsins, heldur aðeins um sölu hlutabréfanna til aðilja, sem fullnægði skilyrðum 3. mgr. 38. gr. nefndra laga.

Þá hefur því verið haldið fram, að seljendur hlutabréfanna hafi verið „mala fide“ við kaupsamningsgerðina, þar eð þeir hafi hlotið að sjá, að kaupandi mundi vegna sérstöðu sinnar um skattgreiðslur undir engum kringumstæðum halda rekstri Eimskipafélagsins Ísafoldar h/f. sérstæðum, og kaupin hafi því verið gerð með þeim hætti, sem áður var lýst, til þess að komast hjá skattgreiðslum, sem af venjulegum félagsslitum mundi leiða. Þessu atriði hefur verið mótmælt sérstaklega, og þar eð ekkert hefur komið fram í málinu, sem styður þessa staðhæfingu, og kaupandi hlutabréfanna hafði samkv. framanrituðu rétt til þess að halda rekstri Eimskipafélagsins Ísafoldar h/f. áfram sérstæðum, verður það atriði ekki tekið til greina.

Niðurstaðan hér í réttinum verður þá sú, að hið umbeðna lögtak skal ekki ná fram að ganga. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ekki ná fram að ganga. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 23. júní 1943.

Nr. 116/1942. **Ragnheiður Magnúsdóttir** (Lárus Fjeldsted)
gegn
Kjartani Gíslasyni og Gísla Gíslasyni
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Um eignarrétt að fasteign.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. des. 1942. Krefst hún þess, að félagsbúi hennar og stefnda Kjartans Gíslasonar verði viðurkenndur eignarréttur að allri eigninni Reykjalundi í Grímsnesi. Svo krefst hún og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum eftir mati hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt forsendum hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 15. sept. 1942.

Félagsbú þeirra hjónanna Kjartans J. Gíslasonar og Ragnheiðar Magnúsdóttur var tekið til opinberrar skiptameðferðar í tilefni af nýafstöðnum skilnaði þeirra, enda gátu þau ekki komið sér saman um skipti þess sjálf.

Meðal eigna búsins er nýbýlið Reykjalundur í Grímsnesi ásamt íbúðarhúsi, gripa- og gróðurhúsum. Ágreiningur sá, sem skiptarétturinn verður að úrskurða um nú, er hvort nýbýli þetta sé allt eign félagsbúsins eða aðeins að hálfu, og hvort manninum skuli heimilt að taka býlið eða hluta búsins í því í sinn hlut við skiptin. Heldur

maðurinn því fram, að búið eigi Reykjalund aðeins að hálfu á móti Gísla Gíslasyni skrifstofumanni hér í bænum, bróður mannsins, og að sér sé heimilt að fá eignarhluta búsins við skiptin, þar eð hann hafi fært eign þessa í félagsbúið. Konan heldur því hins vegar fram, að búið eigi Reykjalund allan, og maðurinn eigi ekki rétt að fá hann í sinn hlut við skipti félagsbúsins.

Það er upphaf Reykjalundar, að 4. janúar 1939 seldi eigandi jarðarinnar Reykjaness í Grímsnesi Kjartani J. Gíslasyni á erfðafestu þrjár landspildur úr nefndri jörð sinni, samtals að flatarmáli 15 ha. Skömmu síðar var hafizt handa um húsbyggingar á landi þessu, er nefnt var Reykjalundur. Þykir ljóst af gögnum máls þessa, að þeir bræður Kjartan og Gísli hafi báðir á ýmsan hátt unnið að framkvæmdum þessum og báðir lagt fé til þeirra, enda virðast þeir og hafa ráðið þeim sameiginlega. Hafa verið leidd mörg vitni í máli þessu af hálfu mannsins, og hefur framburður þeirra allra hnigið í þá átt, að þau hafa talið þá bræður sameigendur að Reykjalundi og jafn réttháa. Eru vitni þessi flest menn, er unnið hafa ýmist við byggingar í Reykjalundi eða að bústörfum þar. Byggja vitnin skoðun sína aðallega á því, að Gísli hafi jafnan komið fram sem meðeigandi Kjartans að býlinu, að hann hafi ráðið þar til jafns við Kjartan o. s. frv. Meðal vitna þessara er sonur Ragnheiðar Magnúsdóttur af fyrra hjónabandi.

Milli bræðranna var ekkert skriflegt um sameign þeirra að býlinu, en þann 26. ágúst 1939 undirritaði Kjartan yfirlýsingu þess efnis, að Gísli væri sameigandi hans að því og öllum mannvirkjum þar og að sér væri því óheimilt að selja það eða veðsetja nema með samþykki Gísla. Kveða þeir bræður, cand. theol. Pétur Magnússon, bróður Ragnheiðar, hafa samið yfirlýsingu þessa fyrir þá og hafi hún verið undirrituð af því, að þeim hafi þótt óvarlegt, að Gísli hefði ekki neitt í höndum til að sanna eignarrétt sinn, ef á þyrfti að halda. Bendir ekkert, er fyrir liggur í málinu, til annars en að yfirlýsing þessi sé tilkomin á þann hátt, er bræðurnir skýra frá.

Þann 26. marz 1941 gera bræðurnir með sér félagssamning um Reykjalund, þar sem fram er tekið, að þeir eigi og starfræki Reykjalund í sameiningu að hálfu hvor.

Þegar hjónin Kjartan og Ragnheiður komu fyrst fyrir yfirvald út af skilnaði sínum 4. júlí 1941, taldi maðurinn eða hjónin bæði fram eignir búsins, þ. á. m. hálfan Reykjalund. Virðist svo af bókum yfirvaldsins, að hjónin hafi bæði talið fram eigurnar, en hafi maðurinn gert það einn, en því heldur umboðsmaður konunnar fram, er þó ljóst, að konan og hæstaréttarmálflutningsmaður sá, er með henni mætti, hreyfði engum andmælum út af því, að einungis helmingur Reykjalundar var talinn eign félagsbúsins.

Til stuðnings þeirri staðhæfingu sinni, að Reykjalundur sé allur eign félagsbúsins, hefur konan bent á þau atriði, er nú greinir:

Kjartan hefur ætið verið skráður eigandi býlisins einn í veðmálabókum og annarsstaðar. Hann hefur einn veðsett eignina fyrir lánum o. s. frv. Þann 15. október 1940 ritaði Kjartan nýbýlasjóðnum bréf og fór þess á leit að mega „selja Gísla bróður mínum hálft nýbýli mitt, Reykjalundur í Grímsnesi", og gat hann þess þá jafnframt, að Gísli hefði í byrjun lánað sér fé til fyrirtækisins, en væri nú fús að ganga inn í það sem meðeigandi að hálfu. Þau atriði, er hér voru greind, skýrir Kjartan nú svo, að hann hafi ætíð verið talinn formlegur eigandi Reykjalundar einn, sökum þess að þeir bræður hafi talið hagkvæmara, að býlið væri skráð á nafn annars þeirra einungis, m. a. vegna þess að þeir töldu það skilyrði fyrir lánveitingu úr nýbýlasjóði, að býlið væri á eins manns nafni. Bréfið til nýbýlastjórnar hafi verið í því skyni ritað að fá samþykki hennar til að gera Gísla að formlegum eiganda í samræmi við hans efnislega eignarrétt í býlinu,

Bréfið til nýbýlastjórnar er undirritað af Kjartani einum, og getur ekki í því falizt nein viðurkenning af Gísla hálfu í þá átt, að hann sé ekki efnislega eigandi Reykjalundar móti Kjartani. Bréf þetta skiptir því ekki máli um eignarrétt Gísla að hálfu býlinu. Og með því að það skiptir heldur engu máli gegn framangreindum atriðum, er öll hniga í þá átt, að bræðurnir eigi býlið saman, þótt Kjartan væri einn skráður eigandi þess, þá telur rétturinn nægilega sannað, að búið eigi aðeins hálfan Reykjalund móti Gísla Gíslasyni, enda má að síðustu geta þess, að greiðslur frá Gísla til fyrirtækisins, sem voru margar, voru jafnan færðar sem framlag frá honum í bókhaldi þess, er virðist vel trúverðugt.

Aftur á móti verður að fallast á það með konunni, að Reykjalundur hálfur sé á þann hátt orðinn eign félagsbús þeirra hjóna, að maðurinn eigi ekki forgangsrétt til innlausnar hans eftir 64. gr. skiptalaganna, eins og hann heldur fram.

Í málflutningnum um framangreind atriði hefur þess verið krafizt af hálfu konunnar, að allar eignir félagsbúsins yrðu seldar hæstbjóðanda eins fljótt og unnt væri. Til þessa þykir skiptaráðanda þó ekki ástæða til að taka afstöðu í úrskurði þessum, heldur mun það verða rætt á skiptafundi í búinu og ákveðið þar. — Þá þykir heldur ekki ástæða til að sinna þeim tilmælum umboðsmanns konunnar, að svipta manninn umráðarétti yfir eignum og rekstri Reykjalundar, enda ósannað, að þess sé nein þörf með tilliti til hagsmuna félagsbúsins. Enn fremur þykir ástæðulaust, að skiptarétturinn skipi konunni umboðsmann til ihlutunar og umsjónar með rekstri Reykjalundar — en fram á það hefur umboðsmaður konunnar farið. Konan á að sjálfsögðu rétt á að fylgjast með rekstrinum þar eða láta einhvern gera það sín vegna. Krafa umboðsmanns mannsins um uppskrift á eignum félagsbúsins í Reykjalundi er réttmæt og svo sjálfsögð, að ekki er þörf að úrskurða sérstaklega um hana, heldur

mun skiptaráðandinn í Árnessýslu verða beðinn að framkvæma uppskriftina svo fljótt sem verða má.

Því úrskurðast:

Félagsbú Kjartans J. Gíslasonar og Ragnheiðar Magnúsdóttur skal teljast eigandi að hálfu nýbýlinu Reykjalundi ásamt öllum mannvirkjum í óskiptri sameign móti Gísla Gíslasyni skrifstofumanni í Reykjavík. Kjartan J. Gíslason telst ekki eiga rétt á að leysa til sín gegn andmælum Ragnheiðar Magnúsdóttur hluta félagsbúsins í Reykjalundi skv. ákvæðum 64. gr. skiptalaganna.

Miðvikudaginn 23. júní 1943.

Nr. 41/1943. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs** (Kristján Guðlaugsson)
gegn
Guðmundi Jónssyni (Einar B. Guðmundsson).

Skattamál.

Dómur hæstaréttar.

Bjarni Pálsson, fulltrúi lögmanns í Reykjavík, hefur kveðið upp fógetaúrskurðinn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. apríl þ. á. Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði felldur úr gildi og framkvæmd lögtaks heimiluð fyrir eftirstöðvum skattreiknings stefnda, kr. 2860.80, auk dráttarvaxta. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum réttum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í 12. gr. reglugerðar nr. 133/1936 segir: „Ef félag endurkaupir hlutabréf af hluthöfum sínum hærra verði en nafnverð þeirra hljóðar, telst mismunurinn arður til hluthafa.“ Ákvæði þetta hefur stoð í d-lið 7. gr. laga nr. 6 frá 1935 og nú í 2. gr. laga nr. 20 frá 1942, enda greiða hluthafar félags við slit þess ekki skatt af þeirri fjárhæð, er félagið galt hluthafa umfram nafnverð bréfanna.

Verður því að taka til greina kröfu áfrýjanda, en fjárhæð lögtakskröfunnar er ágreiningslaus.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Stefndi, Guðmundur Jónsson, greiði áfrýjanda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, samtals kr. 500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 18. febr. 1943.

Við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1942 lagði skattstjórinn í Reykjavík á gerðarþola, Guðmund Jónsson stýrim., Karlagötu 17 hér í bæ, kr. 3368.20 í tekju- og eignarskatt. Inn á skatta þessa greiðir gerðarþoli hinn 30. nóv. 1942 kr. 507.40 og tilkynnir jafnframt, að eftirstöðvarnar, kr. 2860.80, muni hann ekki greiða án úrskurðar dómstólanna. Hinn 16. nóv. 1942 hafði tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs krafizt lögtaks hjá gerðarþola, og var málið tekið fyrir í fyrsta sinn 3. þ. m. og síðan sótt og varið hér fyrir réttinum og tekið til úrskurðar 15. þ. m.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda gerir þær kröfur fyrir réttinum, að hið umbeðna lögtak nái fram að ganga fyrir allri kröfunni og að umbj. hans verði úrskurðaður hæfilegur málskostnaður og málssóknarlaun samkv. reikningi eða mati réttarins. Umboðsmaður gerðarþola gerir þær réttarkröfur, að synjað verði um framgang lögtaksins og gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða umbj. hans málskostnað eftir mati réttarins.

Málavextir voru þessir:

Gerðarþoli var einn af stofnendum Eimskipafélagsins Ísafoldar h/f., er stofnað var á árinu 1933, og voru hlutabréf hans að upphæð kr. 4500.00. Hinn 30. maí 1941 selur hann félaginu sjálfu hlutabréf þessi 19 þúsund krónum yfir nafnverði. Þessar kr. 19000.00 hefur skattstjórinn í Reykjavík reiknað gerðarþola til tekna á árinu 1941 og lagt á hann tekju- og eignarskatt samkv. því. Þessu vill gerðarþoli ekki hlíta og hefur því lagt málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Ákvæðin um hlutabréf, sölu þeirra, arð o. fl. er að finna í 7. gr., d-lið tekju- og eignarskattslaganna nr. 6 9. jan. 1935, sbr. l. 20/1942, 2. gr. Samkv. þeim skal telja til arðs af hlutabréfum:

1. Venjulega arðsúthlutun.
2. Úthlutun fríhlutabréfa.
3. Úthlutun til hluthafa við félagsslit umfram upphaflegt fjárframlag, (nafnverð, l. 20/1942, 2. gr.).
4. Sérhverja aðra afhendingu verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra.

Töluliðirnir 1 og 2 koma hér ekki til álita og ekki heldur tölulið 3, þar eð gerðarþoli seldi félaginu sjálfu bréf sín, en félagslit fóru ekki fram fyrr en 5 mánuðum síðar. Spursmál er þá aðeins um 4. tölulið, til hvaða tilfella hann tekur. Er þá fyrst að geta, að í 12. gr., næstsíðustu mgr. reglugerðar um tekju- og eignarskatt nr. 133 28. desbr. 1936 er beinum orðum sagt, að ef hlutafélag kaupir hlutabréf af hluthöfum sínum hærra verði en nafnverð þeirra hljóðar, skuli mismunurinn teljast arður til hluthafa. Kemur þá til álita, hvort ákvæði þetta er í samræmi við sjálf tekju- og eignarskattslögin, og er þá ekki um annað ákvæði að ræða en það, sem talið er í 4. tölulið hér að framan um „aðra afhendingu". Ákvæðið virðist vera almenns eðlis og taka til hluthafa yfirleitt bæði við félagsslit og án þeirra, er þeir sem hluthafar fá afhent einhver verðmæti frá félaginu sjálfu. Það verður því ekki álitið taka til þess, er einn félagsmanna selur hlutafélaginu sjálfu hlutabréf sín, enda getur slík sala ekki kallast afhending til hluthafa eftir íslenzkri málvenju. Þessa niðurstöðu styður og ákvæði i. f. í næstsíðustu mgr. 12. gr. áðurnefndrar regugerðar um tekju- og eignarskatt, en þar segir, að enda þótt hluthafi selji einhverjum öðrum (þ. e. öðrum en hlutafélaginu sjálfu) bréf sín með hagnaði, teljist það ekki til tekna, nema það heyri undir sölugróða, en ákvæðin um hann koma hér ekki til greina. Þess má og geta hér, að hlutafélagalögin setja skorður við hlutafjáreign félagsins sjálfs, og að það er mjög algengt ákvæði í stofnsamningi og samþykktum hlutafélaga, að félagið sjálft eigi forkaupsrétt að hlutabréfum félagsmanna. Færi það þá eftir því, hvort félagið mætti og vildi kaupa, hvort hluthafi ætti að greiða tekjuskatt af hagnaði við sölu bréfa sinna yfir nafnverði.

Samkvæmt þessu telur rétturinn, að ákvæðið í næstsíðustu mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 133/1936 um greiðslu tekjuskatts af sölu hlutabréfa til hlutafélagsins sjálfs, ef þau eru seld yfir nafnverði, sé ekki í samræmi við ákvæði tekju- og eignarskattslaganna sjálfra, enda færi eftir handahófi einu, í hvaða tilfelli greiða ætti tekjuskatt af sölu hlutabréfa með hagnaði, og fái það því ekki staðizt.

Niðurstaðan hér í réttinum verður þá sú, að hið umbeðna lögtak skal ekki ná fram að ganga. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ekki ná fram að ganga. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 23. júní 1943.

Nr. 34/1943. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Skiptaráðandanum í Reykjavík.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, er hefur látið mæta í málinu og krafizt ómaksbóta, 50 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. júní 1943.

Nr. 35/1943. **H/f Hótel Hekla**
gegn
Bæjargjaldkera Reykjavíkur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, H/f Hótel Hekla, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 23. júní 1943.

Nr. 36/1943. **H/f Hótel Hekla**
gegn
Ólafi Þorgrímssyni og Margréti Árnadóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, H/f Hótel Hekla, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu, er hafa látið mæta í málinu, og krafizt ómaksbóta, 50 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. júní 1943.

Nr. 37/1943. **H/f Hótel Hekla**
gegn
Margréti Árnadóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, H/f Hótel Hekla, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu, er hefur látið mæta í málinu og krafizt ómakslauna, 50 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. júní 1943.

Nr. 49/1943. **Holger Clausen** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Lúðvík Guðmundssyni og Ásmundi Guðmundssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Útburðarmál.

Dómur hæstaréttar.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi lögmannsins í Reykjavík, hefur kveðið upp fógetaúrskurðinn.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. apríl þ. á., hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um framgang hinnar umbeðnu útburðargerðar. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndur krefst staðfestingar á fógetaúrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Greiðsludráttur áfrýjanda þykir bera vott um slíkt hirðuleysi, að ekki verði hjá því komizt að taka kröfu stefndu til greina. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir hæstarétti, og ákveðst hann kr. 400.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Holgeir Clausen, greiði stefndu, Lúðvík Guðmundssyni og Ásmundi Guðmundssyni, kr. 400.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 21. apríl 1943.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 12. þ. m., hafa gerðarbeiðendur, Lúðvík og Ásmundur Guðmundssynir, krafizt þess, að Holger Clausen verði borinn út úr húsnæði því, er hann hefur á leigu í húsinu nr. 46 við Laugaveg hér í bæ vegna vanskila.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar atriðið undir úrskurð fógetaréttarins.

Hvor aðilja um sig hefur krafizt málskostnaðar.

Eftir því sem fram hefur komið í málinu, eru málavextir þessir: Með húsaleigusamningi, dags. 1. marz 1941, tók gerðarþoli á leigu sölubúð og tvö bakherbergi í austurenda hússins nr. 46 við Laugaveg af þáverandi eiganda þess húss, Hjálmari Guðmundssyni. Leigutíminn er ákveðinn frá 1. marz 1941 til 1. október 1944. Að leigutímanum liðnum hefur leigutaki rétt til að fá samninginn framlengdan til tveggja ára, en eigi til skemmri tíma. Leigan var í samningnum ákveðin kr. 250.00 á mánuði og skyldi greiðast 1.—5. hvers mánaðar fyrir fram.

Lára Siggeirs ritar á samning þenna sem sjálfskuldarábyrgðarmaður leigutaka. Með ákvörðun, ritaðri á samninginn, dags. 19. apríl 1941, mat húsaleigunefnd leigu fyrir húsnæðið kr. 220.00. — Samningur þessi virðist hafa verið þinglesinn sem kvöð á húsið.

Í febrúarmánuði 1942 keypti gerðarbeiðandi hús þetta. Leigan virðist hafa verið yfirleitt greidd á réttum gjalddögum til síðastl. áramóta.

Útburðarkröfu sína byggja gerðarbeiðendur á því, að veruleg vanskil hafi orðið á greiðslu húsaleigunnar frá s. l. áramótum.

Skýra þeir svo frá, að leigan fyrir mánuðina janúar og febrúar s. l. hafi ekki verið boðin fram fyrr en 18. febrúar, en þá neituðu þeir að veita henni móttöku, en móttóku síðar leiguna fyrir mánuðina janúar, febrúar og marz með ábyrgðarbréfi, dags. 23. febrúar s. l., en áskildu sér þegar fullan rétt til útburðar vegna vanskilanna. Gerðarbeiðendur segjast hafa ritað gerðarþola kröfubréf hinn 13. febr. s. l.

Gerðarþoli skýrir hins vegar svo frá, að fyrstu dagana í janúarmánuði s. l. hafi hann boðið Lúðvík Guðmundssyni, en hann var fyrirsvarsmaður þeirra eigendanna í öllu, er snerti leiguna, greiðslu, en Lúðvík hafi eytt því og sagt, að ekki lægi á með greiðslu. Þá kveðst gerðarþoli hafa fengið kr. 200.00 peningalán hjá Lúðvík hinn 4. janúar s. l. Gerðarþoli kveðst síðan hafa farið úr bænum um 20. janúar s. l. og falið stúlku þeirri, er veitti verzluninni forstöðu, að sjá um greiðslu húsaleigunnar. Gerðarþoli kveðst síðan hafa komið aftur til bæjarins 11. febrúar s. l. og hafi hann þá brátt frétt um, að leigan var enn ógreidd. Hafi hann þó eigi talað við Lúðvík fyrr en 22. eða 23. febrúar s. l., en hann hafi þá neitað að taka við greiðslu og kvaðst mundu krefjast útburðar. Hafi hann því tekið það ráð að senda honum greiðslu í ábyrgðarbréfi. Að því er snertir nefnt kröfubréf frá 13. febr. s. l., kveðst gerðarþoli ekki hafa fengið það. Þá hefur gerðarþoli haldið því fram, að undanfarna mánuði hafi oft gengið erfiðlega að fá gerðarbeiðendur til að taka við greiðslu. Þá segir hann, að leigan fyrir mánuðina nóvember, desember s. l. hafi

verið greidd í einu lagi 5. des. s. l. án athugasemda. Þá hefur gerðarþoli haldið því fram, að hann hafi verið látinn greiða of háa húsaleigu frá 1. okt. 1942, því mánuðina október, nóvember hafi hann greitt kr. 282.60 á mánuði í stað kr. 275, er sér hafi borið að greiða, en fyrir desembermánuð hafi hann greitt kr. 311.00 í stað kr. 275.00, en er sú greiðsla hafði farið fram, hafi gerðarbeiðandi, er tók við greiðslu, sagzt hækka leiguna upp í þá upphæð. Þá upphæð, kr. 311.00 á mánuði, kveðst gerðarþoli hafa sent gerðarbeiðanda með bréfinu frá 23. febr. s. l. og hafi gerðarbeiðandi engum athugasemdum við því hreyft í svarbréfi og kvittun sinni frá 1. marz s. l. Loks hefur gerðarþoli bent á, að gerðarbeiðendur hafi ekki snúið sér til sjálfskuldarábyrgðarmanns þess, er ábyrgzt hafi leigugreiðslu af sinni hálfu, og geti þeir því ekki borið fyrir sig vanskil fyrr en það hafi verið gert og reynzt árangurslaust.

Vitnið Gerður Gunnarsdóttir, en hún vinnur í verzlun gerðarþola, hefur borið það, að gerðarþoli hafi, er hann fór úr bænum í janúarmánuði s. l., sagt sér, að húsaleigan væri ógreidd og beðið sig að sjá um greiðslu. Úr því hafi þó ekki orðið fyrr en fyrstu dagana í febrúar, þó hafi Lúðvík Guðmundsson komið inn í búðina til sín og hafi hún þá boðið fram greiðslu húsaleigunnar fyrir janúar og febrúar og hafi Lúðvík þá sagt, að það væri allt í lagi og hann mundi koma síðar með kvittanirnar og taka við peningunum, en hann hafi ekki komið. Nokkru síðar kveðst vitnið hafa hitt Lúðvík í hans hans eigin verzlun og þá boðið fram greiðslu, en hann ekki viljað taka við henni. Þá kveður vitnið, að oft hafi gengið illa að fá Lúðvík til að taka við greiðslu.

Gerðarbeiðandinn Lúðvík Guðmundsson, en hann hefur einn haft með leiguna að gera, hefur mótmælt því, að gerðarþoli hafi nokkru sinni boðið fram greiðslu húsaleigunnar. Í byrjun janúarmánaðar, áður en hann fór úr bænum, hafi hann hitt sig og meðal annars fengið að láni hjá sér kr. 200.00 hinn 4. janúar, er hann hafi ekki greitt fyrr en að fengnum úrskurði sáttanefndar. Þá hefur gerðarbeiðandi neitað því, að Gerður Gunnarsdóttir hafi boðið sér fram húsaleiguna fyrr en hinn 18. febr. s. l. og hefur sérstaklega mótmælt framburði hennar sem vilhöllum, þar sem þau, hún og gerðarþoli, séu systkinabörn og hún starfsstúlka hans. Að því er snertir að húsaleigan hafi verið of há, þá komi það aðeins af reikningskekkju, enda hafi hann aldrei óskað þess af gerðarþola, að húsaleigan hækkaði. Þá hefur hann borið, að húsaleigan fyrir mánuðina nóvember og desember s. l. hafi verið greidd á réttum gjalddögum mánaðarlega, en ekki í einu, sem gerðarþoli heldur fram.

Gegn eindregnum mótmælum gerðarbeiðandans Lúðvíks Guðmundssonar er ósannað, að gerðarþoli hafi boðið honum greiðslu húsaleigunnar fyrir janúarmánuð, áður en hann fór úr bænum hinn 20. janúar s. l.

Þá verður það einnig að teljast ósannað, að Gerður Gunnarsdóttir hafi boðið fram greiðslu leigunnar fyrir mánuðina janúar og febrúar fyrr en 18. febrúar s. l.

Með tilliti til alls þessa og þar sem gerðarþoli bauð ekki fram greiðslu leigunnar þegar í stað, er hann kom í bæinn og fékk að vita, að leigan var ógreidd, þá verður að telja, að um veruleg vanskil hafi verið að ræða, og þar sem upphæð sú, er gerðarþoli hafði ofgreitt sem leigu, er aðeins kr. 51.60, leysir það hann ekki hér undan.

Sömuleiðis verður rétturinn að líta svo á, að gerðarbeiðanda hafi engin skylda borið til að greina sjálfskuldarábyrgðarmanni gerðarþola frá vanskilum, og getur aðgerðarleysi hans í þessu sambandi ekki skipt máli.

Samkvæmt framangreindu verður að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðenda.

Þá þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðendum kr. 100.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðenda. — Gerðarþoli Holger Clausen greiði gerðarbeiðendum, Lúðvík og Ásmundi Guðmundssonum, kr. 100.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. júní 1943.

Nr. 126/1939. **Pétur Magnússon, Einar B. Guðmundsson** og **Guðlaugur Þorláksson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Jóni Dúasyni f. h. Strandvold & Dúason og gagnsök. (Sjálfur).

Setudómari Einar Arnórsson dr. jur. í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Málflytjendum dæmt að bæta skuldareiganda fétjón, er hann hlaut vegna mistaka við heimtu skuldar.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Fyrir hæstarétti hefur mál þetta verið flutt skriflega samkvæmt 2. tölul. 38. gr. laga nr. 112/1935.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 1. des. 1939 og hafa krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. júní 1940, skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 10. s. m. og gert þær kröfur *aðallega*, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum in solidum d. kr. 28784.58 með 5% ársvöxtum frá 21. okt. 1937 til greiðsludags, en *til vara*, að aðaláfrýjandi Pétur Magnússon verði dæmdur til að greiða honum téða fjárhæð með vöxtum sem sagt var, en til *þrautavara*, að héraðsdómurinn verði staðfestur eða að Pétri Magnússyni verði einum dæmt að greiða þá fjárhæð með vöxtum samkvæmt héraðsdómi, sem þar greinir. Svo krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Svo sem í héraðsdómi segir, fór aðaláfrýjandi Pétur Magnússon eða skrifstofa hans ekki eftir eindregnum fyrirmælum gagnáfrýjanda um málshöfðun á hendur þeim feðgum Leifi Þorleifssyni og Eiríki, syni hans. Eigi virðist gagnáfrýjandi heldur hafa fengið nægilegar skýrslur eða nægilega tímanlegar um þetta atriði. Loks verður að telja innheimtutilraunir aðaláfrýjanda Péturs Magnússonar eða skrifstofu hans ekki hafa verið framkvæmdar með þeim hraða og krafti, sem unnt hefði verið, enda gagnáfrýjanda ekki veittur nægilegur kostur á að fylgjast með þeim. Með þeirri háttsemi, sem í héraðsdómi greinir og nú var rakin, hefur aðaláfrýjandi fellt sér á hendur sönnunarbyrði um það, að ekki hafi verið unnt að heimta meira af kröfu þeirri, er gagnáfrýjandi fól honum til innheimtu, en raun varð á. Hins vegar má á það líta, að höfðun þessa máls hefur dregizt óþarflega lengi og hefur aðaláfrýjendum þar með að líkindum verið gerð öflun gagna sér til varnar torveldari en ella hefði þurft að vera. Nokkur hluti kröfunnar, d. kr. 11686.30, voru víxilkröfur, en

nokkur hlutinn, d. kr. 8138.71, var að einhverju leyti véfengdur, og fyrirmæli gagnáfrýjanda um skjóta málshöfðun á hendur Leifsfeðgum svonefndum voru að öðrum þræði einmitt í því skyni gefin, að dómsúrlausn fengist um réttmæti þess hluta kröfunnar. Samkvæmt því, er fyrr segir, verður nákvæm rannsókn á því, hversu mikill hluti þessarar véfengdu skuldar hefði verið réttmætur, ekki hér gerð, en áætla verður eftir líkum, hversu mikinn hluta allrar kröfunnar hefði verið unnt að heimta inn með þeim hætti, sem gagnáfrýjandi ætlaðist til, og að öðru leyti með hæfilega hraðri og skynsamlegri meðferð. Og þegar litið er á þau atriði bæði um eignir Leifsfeðga og skuldagreiðslur þeirra til annarra á því tímabili, sem hér skiptir máli, þá þykir mega áætla, að ná hefði mátt um 14000.00 d. kr. af heildarkröfunni. Bætur þær, er dæma ber gagnáfrýjanda, þykja því hæfilega ákveðnar ísl. kr. 12000.00 með vöxtum, svo sem krafizt hefur verið.

Eftir þessum málalokum þykir verða að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda upp í málskostnað fyrir báðum dómum samtals kr. 2000.00.

Sektarákvæðum héraðsdómsins hefur ekki verið áfrýjað, og ber þegar af þessari ástæðu að staðfesta þau.

Um meðferð máls þessa í héraði er það athugavert, er nú skal greina: Ekki sést, að ákvörðun hafi verið tekin um skriflegan eða munnlegan málflutning samkvæmt 109. gr. laga nr. 85/1936, en málið þó skriflega flutt eftir beiðni gagnáfrýjanda. Frestir voru veittir aðiljum á víxl, eins og eftir hinum eldra hætti á flutningi einkamála í héraði, í stað þess að veita skal nú sameiginlegan frest til gagnasöfnunar. Hefur því hinum mikla skjalafjölda verið raðað eftir því, sem þau voru fyrir hendi, er þing voru haldin í málinu, og hefur þetta mjög torveldað verk dómara málsins. Málsútlistun af hálfu gagnáfrýjanda, sem var sækjandi málsins í héraði, hefur verið mjög ábóta vant einkum sakir óþarfra málalenginga og óheppilegrar efnisskipunar, auk þess sem orðbragð gagnáfrýjanda hefur í héraðsflutningi málsins verið mjög ósæmilegt. Þrátt fyrir

þessa galla á meðferð málsins af hálfu héraðsdómara og gagnáfrýjanda þykir ekki alveg næg ástæða til að ómerkja málsmeðferð í héraði og dóm.

Því dæmist rétt vera:

Sektarákvæði héraðsdóms eiga að vera óröskuð.

Aðaláfrýjendur, Pétur Magnússon, Einar B. Guðmundsson og Guðlaugur Þorlákssson, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Dúasyni f. h. Strandvold & Dúason, in solidum ísl. kr. 12000.00 með 5% ársvöxtum frá 21. okt. 1937 til greiðsludags og samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. sept. 1939.

Mál þetta, sem flutt hefur verið skriflega og dómtekið var 22. júní s. l., er, eftir árangurslausa sáttaumleitun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 30. nóv. 1937, af dr. jur. Jóni Dúasyni f. h. firmans Strandvold & Dúason, Kaupmannahöfn, gegn hrm. Pétri Magnússyni hér í bæ til greiðslu skaðabóta, að upphæð danskar kr. 28784.54, ásamt 6% ársvöxtum frá 21. okt. 1937 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt reikningi eða mati réttarins. Í rekstri málsins hefur stefnandi síðan krafizt þess, að hrm. Einar B. Guðmundsson og Guðlaugur Þorlákssson, meðeigendur í málflutningsskrifstofu þeirra Péturs Magnússonar, verði ásamt honum dæmdir samábyrgir eða „subsidiært" ábyrgir til að greiða hina umstefnu kröfu.

Af hálfu stefnds er þess krafizt, *aðallega* að mál þetta verði hafið og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar. Þessa kröfu sína byggir stefndur á því, að orðbragð stefnanda í sóknarskjölum hans og framkoma öll hafi verið með þeim hætti, að fyrir löngu væri búið að vísa honum út úr réttarsal, ef málið hefði verið munnlega flutt, eins og gert hafi verið ráð fyrir í upphafi, en stefndur telur, að sömu reglum eigi að fylgja, þótt skriflegur málflutningur sé viðhafður.

Auk þess að mótmæla þessari kröfu stefnds sem rangri og tilefnislausri, hefur stefnandi og mótmælt henni sem of seint fram kominni, en hún kemur fyrst fram í síðustu vörn stefnds (rjsk. nr. 245). Ekki þykir þó þessari kröfu stefnds verða hrundið á þeim

grundvelli, þar sem segja má, að hið ósæmilega orðbragð stefnanda hafi jafnvel færzt í aukana, er á málflutninginn hefur liðið, og tilefnið til slíkrar kröfugerðar því ekki verið fyrr fyrir hendi. Á hinn bóginn þykir þessi krafa ekki hafa við rök að styðjast, þar sem stefnanda hefur ekki verið vísað út úr réttarsal vegna ósæmilegs orðbragðs, eins og einkamálalögin setja að skilyrði fyrir hafningu máls af þessum sökum, en mál þetta hefur verið svo umfangsmikið á allan hátt, að dómarinn hefur ekki haft nokkur tök á að fylgjast jafnóðum með hverju því, er fram hefur komið í skjölum málsins, og gera ráðstafanir vegna þeirra ummæla, sem þar hafa verið viðhöfð.

Tildrög málsins eru þau, að frá því á árinu 1924 átti firma stefnanda í Kaupmannahöfn viðskipti við þá feðga Leif Þorleifsson og Eirík Leifsson, er þá ráku verzlanir hér í Reykjavík og á Akureyri (Verzl. Brattahlíð). Viðskipti þessi voru aðallega í því fólgin, að firma stefnanda útvegaði verzlun þeirra feðga ýmis konar vörur gegn gjaldfresti, og urðu viðskipti þessi ærið umsvifamikil næstu árin, enda varð firma stefnanda þá eins konar umboðsmaður þeirra feðga í Danmörku og m. a. greiddi fyrir þá ýmsar vöruskuldir til annarra þar ytra. Um áramótin 1926—27 var skuld þeirra feðga við firma stefnanda, að sögn hans, orðin d. kr. 21956.00 (rjskj. nr. 165), og þar sem nokkur greiðsludráttur hafði orðið af þeirra hendi, sendi stefnandi þann 31. jan. 1927 stefndum í máli þessu bréf, þar sem hann beiddist þess, að stefndur tæki hjá Leifi Þorleifssyni „bankahæfa tryggingu" fyrir skuldinni ásamt kostnaði og léti síðan þinglýsa væntanlegu veðbréfi. Jafnframt sendi stefnandi stefndum bréf Leifs, dags. 17. jan. s. á., þar sem Leifur tjáði sig fúsan til að veita firma stefnanda veð fyrir því, sem það ætti hjá þeim feðgum. Reyndi stefndur síðan árangurslaust að fá veð fyrir skuldinni hjá Leifi, og tilkynnti hann stefnanda þau málalok í skeyti, dags. 15. febr. s. á., og bréfi, dags. 23. s. m. (rjskj. nr. 47), þar sem hann í lok bréfsins segir, að stefnandi verði nú að taka sínar ákvarðanir í málinu, en hann (stefndur) muni aðstoða hann, ef hægt sé. — Leið svo og beið fram í okt. 1927, en þá sendi Privatbankinn í Kaupmannahöfn fyrir milligöngu Íslandsbanka stefnda til innheimtu víxil, að upphæð d. kr. 2628.30, pr. 3/1 1927, samþykktan af Leifi Þorleifssyni, og gerði jafnframt ráð fyrir því að senda síðar annan víxil, að upphæð d. kr. 9000.00, pr. 1/10 1927 á þá Leifsfeðga og Verzlunina Brattahlíð. Segir svo í bréfinu (rjskj. nr. 36), að frá útgefanda víxlanna, stefnanda þessa máls, muni stefndur fá fyrirskipanir um innheimtuna gagnvart nefndum víxilskuldurum. Stefnandi kveðst um þetta leyti eða nokkru fyrr hafa sent stefndum einkabréf, þar sem hann hafi beðið hann um að annast innheimtu þessa sjálfur sem sérstakt trúnaðarmál, og hefur þeirri frásögn stefnanda ekki verið mótmælt. Með bréfi, dags. 28. okt. 1927, sendi firma stefnanda síðan

stefnda til innheimtu hlaupareikning (pr. 11. okt. s. á.) á þá Leifsfeðga og Verzl. Brattahlíð, og var reikningurinn að upphæð d. kr. 19825.01; þar af þeir afsögðu víxlar, er áður getur, þá að upphæð d. kr. 11628.30, en hitt voru vextir og kostnaður af framlengingum víxla, samþykktum af Leifsfeðgum. Orsökina til þess, að innheimtan var send stefndum, kveður stefnandi hafa verið þá, að þeir feðgar hafi ekki sett þá tryggingu fyrir skuldinni, sem lofað hafi verið, og er það sama tekið fram í bréfi Privatbankans til Íslandsbanka út af nefndum víxlum. Kveður stefnandi því stefndan hafa átt að sjá um það tvennt, að Leifsfeðgar viðurkenndu alla upphæð hlaupareikningsins frá 11. okt. og að trygging fengist fyrir allri skuldinni skv. gefnum loforðum um það. Í bréfinu til stefnds segir stefnandi, að sé Leifur fús til að greiða „saldo" reikningsins, en geti ekki greitt hana alla í einu, sé hann fús til að gera þá sátt við hann, *að* hann setji „bankahæfa („Bankmæssig") tryggingu fyrir allri upphæðinni og greiði síðan af skuldinni (að meðtöldum kostnaði stefnds) eins mikið og unnt sé þriðja hvern mánuð skv. fyrri skilmálum þeirra á milli. Vilji Leifur ekki ganga að þessu, biður stefnandi stefndan, eftir að hann hafi kynnt sér málið, svo og sagt sér, ef eitthvað kynni að vera athugavert við það, að höfða mál gegn þeim feðgum og samtímis eða áður leggja löghald á fasteignir Leifs og önnur verðmæti skuldaranna til tryggingar víxilskuldinni eða allri skuldinni, ef það þyki gerlegt. Brýnir stefnandi það fyrir stefndum að beita tafarlaust hinum hörðustu aðgerðum í málinu og biður hann um að annast málið eingöngu sjálfur. Jafnframt voru stefndum send ýmis skjöl varðandi málið, þ. á m. nefndur hlaupareikningur og bréfaviðskipti aðilja. — Hinn 17. nóv. 1927 fékk stefnandi síðan símskeyti frá stefndum, þar sem segir: „Thorleifsson 3000 danske kontant lover 3000 hver tredje Maaned tilraader bestemt denne Fremgangsmaade da Arrest utvivlsomt tvinger Debitor til konkurs Bankgaranti kan ekki fremskaffes." Þessu kveðst stefnandi hafa svarað með svohljóðandi skeyti: „Trygging húsunum fáanleg samþykkja Leifsfeðgar kontókurantinn 19825 danskar kostnaðinn 7% þriðja hvern mánuð framvegis." Jafnframt ritaði stefnandi stefndum bréf, dags. 20. nóv. s. á., þar sem hann segist ganga út frá því, að hlaupareikningurinn hafi verið viðurkenndur, og biður um símsvar um það, auk þess sem hann ítrekar beiðni sína um hinar hröðustu aðgerðir gagnvart Leifsfeðgum, ef Leifur gefi ekki tafarlaust „acceptabel" tryggingu, eins og það er orðað. Endurtók stefnandi þetta enn í bréfi, dags. 25. nóv. s. á. En sama dag eða næsta á eftir fékk stefnandi svo hljóðandi skeyti frá stefndum: „Kontokurantens Rigtighed bestrides kan derimod faa Panteret Husene for Vexelbelöbene." Þessu svaraði stefnandi svo í símskeyti: „Afbryd Forhandling gör Arrest anlæg Retssager öjeblikkelig." Um svipað leyti var af hálfu málfærslumanns Leifs Þorleifssonar, Magnúsar heit.

Guðmundssonar hrm., og íslenzka sendiherrans í Kaupmannahöfn reynt að fá stefnanda til að taka aftur eða fresta fyrirskipun hans um málshöfðun, en hann þverneitaði. — Þann 3. des. 1927, 1. jan. og 26. marz 1928 ritaði stefnandi síðan enn stefndum og spurðist fyrir um málið, en kveðst engin svör hafa fengið fyrr en þann 28. apríl, að svo hljóðandi skeyti barst: „Thorleifsson hefur greitt 2000 kr. semur nú við lánardrottna eftirfarandi skilmála: Afhendir vörur fyrir ca. 5000 sem eiga seljast og skiptast pro rata. Húseignirnar veðsetjast rekstrarlán allt að 30000 Mark. Skilyrði vörulager aldrei minna en 60% skuldinni. Greiðir mánaðarlega frá 1. júlí 1500 kr. skiptist pro rata milli lánardrottna með ca. 30000 krófur. Hérverandi lánardrottnar samþykkir þar sem gjaldþrot annars óhjákvæmilegt Tilræð þetta samkomulag (Ordning) Status sýnir aktiva ofurlítið yfir passiva." Þessu skeyti svaraði stefnandi þannig: „Hvaða upphæð dæmd okkur", er stefndur svaraði með svohljóðandi skeyti: „Uppgerð yðar í endurskoðun hjá Mancher". Þann 2. maí sendi stefnandi þá þetta skeyti: „Held föstum löghalds-pantinum, hraðið dómum málinu lausu skuldina." Jafnframt ritaði stefnandi stefndum bréf, dags. 8. maí s. á., þar sem hann kveðst fastlega gera ráð fyrir því, að stefndur hafi framkvæmt fyrirskipanir hans um löghald og málssókn, og biður jafnframt um tafarlausa skriflega greinargerð um sóknina gegn Leifsfeðgum. Ekkert svar hafi þó borizt. Í maí s. á. kveðst stefnandi hafa átt tal við Eirík Leifsson í Kaupmannahöfn, og hafi hann sagt sér, að þeir feðgar hefðu ekki enn fengið neinn hlaupareikning frá sér. Kveðst stefnandi því hafa símað stefndum og spurt: „Hafa Leifsfeðgar fengið kontokurant hvenær." Svar hafi loks borizt þann 25. maí, svo hljóðandi: „Thorleifsson nylig faaet Kopi Opgörelsen." Þann 1. júlí s. á. ritaði stefnandi enn stefndum, viðurkenndi móttöku á d. kr. 1449.18 upp í skuld Leifs, en furðaði sig jafnframt á því, hve sú upphæð væri lág, ítrekaði fyrri fyrirskipanir og fyrirspurnir um málið og kvaðst gera stefndan ábyrgan, ef settar fyrirskipanir hefðu verið brotnar. Ekkert svar kveðst stefnandi hafa fengið við þessu bréfi sínu, en þann 28. nóv. s. á. hafi sér borizt frá stefndum d. kr. 1558.00 upp í skuldina. Einnig kveðst stefnandi hafa ritað stefndum bréf þann 18. sept. 1929, 7. febr. 1930, 6. júní 1931 og 26. júní 1932 með fyrirspurnum um málið, en engu þeirra hafi verið svarað. Þann 24. apríl 1930 barst honum þó enn innborgun, að upphæð d. kr. 1000.00. Loks skrifaði stefnandi stefndum þann 14. sept. 1933 og bað um, að sér yrði sent allt málið ásamt loka-greinargerð og fyrirskipuðum tryggingum, og svaraði stefndur því með bréfi, dags. 26. okt. s. á., þar sem hann kveðst hafa sent nefnt innheimtumál til Privatbankans ásamt uppgjöri, er sýni d. kr. 158.33 stefnanda til góða, og telur stefnandi sig hafa fengið þá upphæð nokkurn veginn, eða d. kr. 158.00, þann 1. des. s. á. Þann 17. des. s. á. ritaði stefnandi stefndum enn bréf, þar sem hann mótmælti nefndri

sendingu, þar sem í henni fælist ófullnægjandi greinargerð um starfsemi stefnds í þágu stefnanda og krafðist fullkominnar skilagreinar. Enn fremur krafðist hann þeirra skilríkja, er hann hafði farið fram á, svo sem réttarskjala í fyrirskipuðum málum gegn Leifsfeðgum, tryggingarbréfa o. s. frv. Þessu bréfi kveður stefnandi stefndan og hafa látið ósvarað. Í nóv. 1934 kveðst stefnandi síðan hafa séð í Lögbirtingablaðinu um gjaldþrot Leifs Þorleifssonar og þá hafa lýst kröfu, að upphæð d. kr. 53953.90, í búið og sent kröfulýsinguna ásamt bréfi með endurteknum umkvörtunum til stefnds, er kom kröfulýsingunni á framfæri, en ekkert fékkst greitt af kröfunni frekar en af öðrum almennum kröfum í þrotabúið.

Eftir þetta kveðst stefnandi hafa veikzt og hafa legið veikur í næstu tvö ár. En er hann kom hingað til lands í apríl 1937, ritaði hann stefndum enn bréf, þar sem hann bað um skriflega greinargerð fyrir því, hvað stefndur hefði gert í málinu, og krafðist svars við því, hvers vegna stefndur hefði látið ósvarað hinum mörgu fyrirspurnum sínum um málið og hvers vegna hann hefði ekki sent fullnægjandi skilríki í okt. 1933, jafnframt því sem stefnandi kvaðst telja stefndan ábyrgan fyrir fullri greiðslu á oftnefndri skuld, er stefnandi taldi þá nema d. kr. 91973.71 (pr. 30. apríl 1937). Þessu bréfi kveður stefnandi stefndan heldur ekki hafa svarað. Í júní eða júlí s. á. kveðst stefnandi síðan hafa átt tal við stefndan, og hafi hann þá komizt að raun um, að hann hefði algerlega vanrækt nefnda innheimtu fyrir sig með því að þverbrjóta allar fyrirskipanir sínar, þótt unnt væri að framfylgja þeim til hins ýtrasta, og halda sig þessu leyndan árum saman, þannig að kröfur hans gegn Leifsfeðgum séu nú fyrndar, auk þess sem þeir séu nú orðnir félausir menn. Heldur stefnandi því þess vegna fram, að stefndur beri ábyrgð á því tjóni, er hann telur sig hafa orðið fyrir af þessum sökum, og nemur sú upphæð d. kr. 28784.58, eins og áður greinir.

Stefndur heldur því hins vegar fram og byggir sýknukröfu sína *í fyrsta lagi* á því, að jafnvel þótt talið yrði, að stefnandi kynni að eiga einhverja kröfu á hendur sér vegna innheimtustarfsins, sem hann mótmælir, þá sé sú krafa niður fallin fyrir vangeymslu; krafan hafi verið endursend stefnanda þann 26. okt. 1933, en mál þetta höfðað í nóv. 1937, og með því að láta svo langan tíma líða, án þess að aðhafast nokkuð til þess að leita réttar síns, telur stefndur, að stefnandi hafi firrt sig öllum rétti til bóta.

Auk þess að mótmæla þessari sýknuástæðu stefnds sem rangri, hefur stefnandi mótmælt henni sem oft seint fram kominni, en stefndur hreyfði henni ekki fyrr en í annari vörn sinni (rjskj. nr. 163). Verður að fallast á það með stefnanda, að sýknuástæða þessi sé of seint fram komin, þar sem stefndum var frá upphafi málsins ljóst, hver gangur málsins hafði verið, og hefði því getað hreyft þessari varnarástæðu þegar í fyrstu vörn (greinargerð). Verður sýknu-

krafa stefnda af þessum sökum því ekki tekin til greina, enda virðist hún ekki hafa við rök að styðjast.

Í öðru lagi byggir stefndur sýknukröfu sína á því, að innheimtustarfsemi hans í þágu stefnanda hafi að öllu leyti verið heppilega og forsvaranlega rekin og árangurinn eftir atvikum góður.

Því er ekki mótmælt, að bréfaskipti þau, sem að framan eru rakin, hafi farið fram. Hins vegar staðhæfir stefndur, að fleiri bréf frá hans hendi hafi verið send stefnanda, en gegn eindregnum mótmælum stefnanda eru þó ekki færðar á það sönnur.

Þá heldur stefndur því fram, að þær tvær ásakanir, — *að* ekki hafi verið tekin trygging hjá Leifsfeðgum, þótt unnt væri, og *að* innheimtustarfið hafi verið rekið á vítaverðan hátt, — sem að hans áliti gætu bakað honum skaðabótaskyldu í þessu sambandi, ef sannaðar væru, hafi ekki við nein rök að styðjast. — Um fyrra atriðið sé það að segja, að þegar í okt. 1927 hafi verið lögð á það rík áherzla, að Leifsfeðgar gæfu stefnanda fullgildar tryggingar fyrir kröfum hans. Hafi því verið neitað eindregið í upphafi og því borið við, að krafa stefnanda væri svo fjarri lagi, að ekki kæmi til mála að veita tryggingu fyrir henni, auk þess sem ekki hafi verið grunlaust um, að efnahag þeirra feðga hafi verið svo komið, að þeir hafi ekki þorað að ivilna einum skuldheimtumanni öðrum frekar. En þegar þeim feðgum hafi verið á það bent, að beitt yrði við þá hinum hörðustu aðgerðum, ef þeir hvorki greiddu neitt né settu tryggingu, þá hafi Leifur boðizt til að veita veð í eigninni nr. 25 við Laugaveg, en þó aðeins fyrir víxlunum. Hafi stefnanda þá verið sent skeytið frá 25. nóv. 1927, en svarskeyti hans („Afbryd Forhandling o. s. frv.") hafi ekki orðið skilið á annan hátt en þann, að stefnandi vildi ekki veðið í fasteigninni til tryggingar víxlunum og hafi því að sjálfsögðu ekki komið til mála að ganga frá veðbréfum þar að lútandi. Enn fremur telur stefndur, að hin framboðna trygging hafi ekki verið „bankahæf", eins og stefnandi hafði krafizt, þar sem á eigninni hafi hvílt samtals kr. 42000.00, en fasteignarmat hennar sé kr. 31500.00. Auk þess sé upplýst, að þeir Leifsfeðgar hafi með skuldabréfi, útg. 30. júní 1927, til I. Brynjólfsson & Kvaran vegna firmans Aitken & Wright skuldbundið sig til að veðsetja því firma eignina til tryggingar skuld, að upphæð £ 800. Hefur annar eigandi firmans I. Brynjólfsson & Kvaran Gunnar Kvaran borið það fyrir rétti og staðfest með eiði, að þeir hefðu ekki sætt sig við, að aðrir kröfuhafar fengju veð í eigninni, heldur mundu þeir hafa fengið slíkum veðréttindum riftað. — Um *annað* atriðið heldur stefndur því fram, að þegar þann 13. okt. 1927 hafi þeir Leifsfeðgar verið krafðir um greiðslu og síðan margsinnis, en þeir hafi borið því við, að þeir gætu ekki greitt, auk þess sem viðskiptareikningur stefnanda væri al-rangur, upphæðin allt of há. Hafi þeir fengið Magnús heit. Guðmundsson hrm. sér til aðstoðar, er einnig hafi talið, að

reikninginn væri ekki unnt að leggja til grundvallar kröfum stefnanda. Þeir feðgar hafi þó lofað greiðslum upp í kröfu stefnanda, en er þau loforð hafi brugðizt, kveðst stefndur hinn 2. apríl 1928 hafa snúið sér til bæjarfógetans hér í bæ með beiðni um, að lagt yrði löghald á eignir þeirra feðga til tryggingar framangreindum víxlum. Hins vegar hafi ekki þótt fært að krefjast löghalds til tryggingar hinum hluta kröfunnar, þar sem slíkt hefði ekki fengizt nema með hárri tryggingu, auk þess sem sá hluti kröfunnar hafi að sínu áliti verið fjarri öllu lagi. Löghaldsgerðin hafi síðan hafizt þann 3. apríl, en í fógetaréttinum hafi því verið lýst yfir af hálfu þeirra feðga, að þeir gætu ekki greitt og ef löghaldið yrði framkvæmt, mundu þeir verða að beiðast gjaldþrotaskipta. Hins vegar hafi Eiríkur Leifsson sagzt geta útvegað 2000 kr. gegn því, að ekki yrði gengið að þeim feðgum á næstunni. Jafnframt hafi hann skuldbundið sig til að afhenda vörur frá verzlun þeirra feðga á Akureyri og skyldi andvirði varanna skiptast milli þeirra kröfuhafa, er ríkast gengju eftir greiðslu, þ. á. m. stefnanda þessa máls. — Eftir að hafa rannsakað efnahag þeirra feðga eftir föngum, kveðst stefndur hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að þýðingarlaust mundi vera að halda löghaldinu áfram og eina úrræðið væri að taka við þessum framboðnu 2000 kr. auk vörubirgðanna, en reyna síðan að innheimta frekari fjárhæðir, eftir því sem kostur væri á. Með þessum hætti hafi síðan tekizt að innheimta eftirtaldar upphæðir: á árinu 1928 kr. 4168.91 — árin 1929—30 kr. 1275.00, árið 1931 kr. 667.84, eða alls kr. 6110.85, sem, að frádregnum kostnaði, hafi verið sendar Privatbankanum. Hafi krafan verið í sínum höndum til 26. okt. 1933, er hún ásamt öllum fylgiskjölum hafi verið send til bankans, er hvorki fyrr né síðar hafi kvartað yfir meðferð innheimtunnar, og hafi bankinn þó fylgzt með innheimtustarfinu. Enn fremur telur stefndur, að það að ekkert bréf hafi borizt frá stefnanda þessu máli viðvíkjandi frá 1. júlí 1928 til 18. sept. 1929 hafi gefið sér ástæðu til að ætla, að hann hefði ekkert út á meðferð málsins að setja.

Um efnahag þeirra Leifsfeðga á þeim tíma, er krafa stefnanda var til meðferðar hjá stefndum, heldur hann því fram, að hann hafi verið svo slæmur, að ekkert viðlit hafi verið að ganga að þeim feðgum. Skírskotar hann í því sambandi til bréfaviðskipta þeirra feðga og stefnanda (t. d. bréfs Leifs 6. okt. 1926 (rjskj. nr. 89), 17. nóv. og 27. nóv. 1927 (rjskj. nr. 215), bréfs Leifs til Guðmundar Ólafssonar, dags. 20. júlí 1932 (rjskj. nr. 177 sbr. 178), yfirlýsingar Guðlaugs Þorlákssonar (rjskj. nr. 170) um innheimtu á Leifsfeðga á árunum 1927—28, efnahagsupplýsingar um þá feðga frá skrifstofu stefnds (rjskj. nr. 172—174), útskriftar úr skiptaréttarbók Reykjavíkur (rjskj. nr. 12) um eignir og skuldir Leifs við gjaldþrotið 1934 svo og vitnaframburða þeirra hrm. Lárusar Jóhannessonar, Garð-

ars Þorsteinssonar, Lárusar Fjeldsteds og Theódórs B. Líndals, er stefndur telur sýna, að árangur innheimtunnar hafi eftir atvikum verið góður, svo og að tiltekinn lánardrottinn mundi árið 1930 hafa gengið að Eiriki Leifssyni, ef aðrir hefðu hreyft sig. Enn fremur hefur stefndur í þessu sambandi bent á áðurnefndan vitnaframburð Gunnars Kvarans.

Eins og áður er tekið fram, verður að leggja þau bréfaskipti aðiljanna, sem að framan eru rakin, til grundvallar í málinu. Samkvæmt þeim og þeirri skýrslu um málsatvik, sem stefndur hefur gefið hér að framan, þykir ljóst, að stefndur hefur, — auk þess að svara ekki nema að litlu leyti ítrekuðum fyrirspurnum stefnanda um málið og það þótt sjá mætti af bréfum hans, að hann færi villt um framkvæmdir stefnds, — að verulegu leyti brotið fyrirskipanir þær, er stefnandi gaf honum um rekstur innheimtustarfsins gagnvart þeim Leifsfeðgum. Má í þessu sambandi benda á, að stefnandi biður stefndan þegar í upphafi og áréttar það síðan hvað eftir annað, að hann fari eingöngu sjálfur með málið, og gerir stefndur engan fyrirvara um þá beiðni stefnanda, en samt verður ekki annað séð en að aðrir en stefndur hafi mikið um málið fjallað. Þá er það og beint áskilið af stefnanda, að málinu sé sérstaklega hraðað og verði nefndum kröfum hans á þá Leifsfeðga ekki fullnægt með samkomulagi, sé hörðustu aðgerðum beitt gegn þeim og þá sérstaklega óskað löghalds og málssóknar, þó að því tilskildu, að stefndur finni ekkert sérstakt athugavert við kröfur stefnanda með hliðsjón af meðfylgjandi gögnum, enda biður stefnandi stefndan um að láta sig vita, ef um eitthvað slíkt sé að ræða. Ekki verður séð, að stefndur sjálfur hafi gagnrýnt kröfurnar á Leifsfeðga við stefnanda fyrr en í máli þessu, og þótt stefnandi, eftir að hafa sagt stefndum að hætta samningsumleitunum við Leifsfeðga, með skeyti sínu seinast í nóv. 1927 hafi skipað að framkvæma tafarlaust löghaldsgerð og höfða mál, þá er ekki framkvæmt neitt í þá átt fyrr en þann 3. apríl 1928. Auk þess heldur stefnandi því fram, að innheimtan hafi á annan hátt verið slælega rekin, eins og síðar verður vikið að.

Rétturinn lítur því svo á, að verði talið, að stefnandi hafi beðið tjón vegna þessara aðgerða stefnds, þá beri honum, sbr. N.L. 1—9—13, að bæta stefnanda það. — Kemur þá næst til álita, hvort stefndur hefði með því að fylgja röggsamlega fyrirskipunum stefnanda átt að geta náð inn meiru en raun varð á af kröfunni á þá Leifsfeðga.

Um tilraunir stefnds til að fá tryggingu fyrir kröfu stefnanda með samkomulagi við þá feðga er það að segja, að stefnandi hefur haldið því fram, að skeyti sitt („Afbryd Forhandlinger" o. s. frv.) hafi alls ekki átt að skiljast svo, að hann hafnaði hinum framboðnu greiðslum og veði Leifs fyrir víxlunum, enda beri undangengin bréf

sin til stefnds það með sér, að hann vildi engri tryggingu afsala sér, auk þess sem hann heldur því fram, að stefndum hafi borið að senda sér tafarlaust fyrirspurn um þetta atriði, ef hann hafi lagt þennan skilning í umrætt símskeyti. — Í bréfi sínu til stefnds, dags. 28. okt. 1927, setur stefnandi það skilyrði fyrir samkomulagi við Leif, að hann setji „bankahæfa tryggingu fyrir allri kröfuupphæðinni auk þargreindra afborgana, og í bréfi sínu þann 20. nóv. s. á. talar stefnandi í þessu sambandi um „acceptabel" tryggingu. Þegar stefnandi því í skeyti sínu í nóv. segir: „Afbryd Forhandling" við skeyti stefnds um, að Leifur bjóði veð í fasteign sinni fyrir víxlunum, og hafði ekki gefið til kynna samþykki sitt við tilboðinu í skeytinu frá 17. nóv. s. á., þá verður að telja eðlilegt, að stefndur legði þann skilning í hið eindregna orðalag í nefndu skeyti stefnanda, að hann vildi ekki ganga að þeim samningslegu tilboðum Leifs um afborganir og veð, sem að framan er lýst. Og þar sem stefnandi hafði í áðurgreindum bréfum ekki gert ráð fyrir öðru, að því er samningsleiðina snerti, en að trygging („bankmæssig" eða „acceptabel") væri gefin fyrir allri skuldinni, þá verður ekki talið, að stefndur hafi haft ástæðu til frekari fyrirspurna út af nefndu skeyti stefnanda. Framkoma stefnds að þessu leyti verður því ekki talin honum til áfellis. Er þá næst að athuga, hvort ætla megi, að unnt hafi verið með nokkrum árangri að framkvæma hinar aðrar fyrirskipanir stefnanda gagnvart þeim Leifsfeðgum. — Stefndur hefur haldið því fram í málinu, eins og þegar í skeytinu frá 17. nóv. 1927, að framkvæmd löghaldsgerðar hjá þeim feðgum mundi tvímælalaust hafa leitt til gjaldþrots þeirra, enda hafi þeir hótað því, er löghaldsins var beiðzt í apríl 1928, eins og áður greinir. Stefnandi hefur mótmælt því eindregið, að þeir Leifsfeðgar hafi við þetta tækifæri sagzt mundu beiðast gjaldþrotaskipta. Í uppkasti að yfirlýsingu, er Guðlaugur Þorlákssón hafi gert handa Leifi til að skrifa undir (rjskj. nr. 179) og Guðlaugur segir vera nákvæma lýsingu á samtali, er hann hafi í febrúar 1938 átt við þá feðga, en Leifur síðar vildi ekki skrifa undir, — segir að vísu, að þeir feðgar hafi tekið þetta fram í fógetaréttinum í apríl 1928. Þetta yfirlýsingar-uppkast hefur ekki að þessu leyti verið borið undir Leif fyrir rétti og getur því ekki gegn mótmælum stefnanda talizt styðja nefnda staðhæfingu stefnds. Í nokkrum bréfum þeirra feðga frá þessum tíma eða nokkru fyrr tala þeir reyndar um það, að þeir muni neyðast til að „gefa sig upp", ef stefnandi gangi hart að þeim með kröfu sína, en þau ummæli þeirra verða þó ekki talin hafa neina sérstaka þýðingu í þessu efni, heldur verður að leggjast til grundvallar það, sem upplýst er um efnahag þeirra á þessu tímabili.

Gögn þau, er stefndur hefur skv. framansögðu bent á til styrktar því áliti hans, að efnahagur þeirra feðga hafi um þessar mundir verið mjög bágborinn, virðast ekki vera fullnægjandi að þessu leyti,

Bréf þeirra feðga til stefnanda, þar sem þeir barma sér yfir þröngum fjárhag, geta ekki gegn mótmælum stefnanda talizt sönnun fyrir slíku, enda liggja fyrir bréf þeirra til annarra aðilja um svipað leyti, sem gefa hið gagnstæða í skyn, eins og t. d. bréf Leifs til Landsbankans, dags. 28. jan. 1928 (rjskj. nr. 193). — Sama er að segja um yfirlýsingu Guðlaugs Þorlákssonar, er stefnandi hefir mótmælt sem aðiljaskýrslu, þar sem talið er, að sjö tilgreindar kröfur á þá Leifsfeðga hafi verið afhentar skrifstofu stefnda til innheimtu á árunum 1927—1929. Upphæð þeirra krafna nemur samtals um d. kr. 7270.00, n. kr. 1277.00 og holl. fl. 1647.00, en af þeim eru aðeins tvær afhentar stefndum til innheimtu á undan kröfu stefnanda, eða krafa, að upphæð ca. d. kr. 1550.00, og hollenzka krafan, en hún hefur verið greidd upp skv. framlögðu vottorði frá firmanu. — Efnahagsupplýsingum frá skrifstofu stefnds um þá Leifsfeðga á árunum 1927—28 hefur einnig verið mótmælt sem sjálfgerðum aðiljaskýrslum, og þykja þær því heldur ekki vera fullnægjandi í þessu efni. — Sama er að segja um bréf Leifs Þorleifssonar til Guðmundar Ólafssonar frá 20. júlí 1932, þar sem þá er svo langt um liðið frá því, að krafa stefnanda kom til innheimtu, enda viðurkennt af stefnanda, að þá muni hafa verið farið að þrengjast um efnahag þeirra feðga. — Útskriftin úr skiptaréttarbókinni viðvíkjandi gjaldþrotaskiptum Leifs árið 1934 þykir heldur ekki hafa neina verulega þýðingu um þetta atriði, enda er því ómótmælt haldið fram af stefnanda, að hinar lýstu, almennu kröfur séu frá 1930 eða yngri, að undanskilinni kröfu stefnanda og sex áðurgreindum kröfum, sem voru til innheimtu hjá stefnda. — Framburður Lárusar Jóhannessonar hrm. um innheimtu á Eiríki Leifsson árin 1927—28 gefur síður en svo í skyn miklar vanskilaskuldir eða greiðsluvandræði af hans hendi, og Garðar Þorsteinsson hrm. hefur borið, að hann sjái ekki, að hann hafi haft kröfur til innheimtu á þá feðga á þessu tímabili, og sé sér því ókunnugt um greiðslugetu þeirra þá, en hins vegar kveðst hann eftir 1932 oft hafa haft innheimtur á þá og hafi greiðslugeta þeirra þá virzt vera mjög takmörkuð. — Vitnisburður Lárusar Fjeldsteds hrm. fjallar um innheimtu á Eiríki Leifsson á árinu 1930 og virðist því ekki hafa þýðingu í þessu sambandi. — Theódór B. Líndal hrm. hefur og borið það, að hann hafi haft innheimtu á Leifsfeðga á árunum 1927—30 og hefur verið talið heppilegast að ná kröfunum inn með afborgunum og ekki ganga hart að, því að bæði hafi þeir feðgar lýst hag sínum illa og kunnugt um, að á þeim hvíldu miklar gjaldkræfar skuldir, en eignir aðallega vörur með vafasömu verðmæti. Þessi framburður Theódórs B. Líndals svo og það álit hans og hinna annarra áðurnefndu hæstaréttarmálflutningsmanna, að árangur sá, er stefndur hafi náð í innheimtunni fyrir stefnanda, verði eftir atvikum að teljast góður, virðist ekki hafa neina sjálfstæða þýðingu í þessu máli, þar sem allir þessir

málflutningsmenn hafa borið það, að bæði sé þeim ókunnugt um fyrirskipanir stefnanda til stefnds um innheimtuna svo og þær upplýsingar um hag Leifsfeðga á nefndu tímabili, sem raktar verða hér á eftir.

Stefnandi heldur því hins vegar fram, að Leifur Þorleifsson hafi verið „solvent" a. m. k. fram eftir árinu 1928 og Eiríkur sonur hans að minnsta kosti til ársins 1931.

Um efnahag Leifs er þetta upplýst: Hann gegndi um þetta leyti gjaldkerastöðu hjá Slippfélaginu með 9—10 þús. kr. árslaunum og hafði fyrir fáum að sjá. Fasteign hans á Laugaveg 25 var þá veðsett fyrir 17 þús. kr. láni á 1. veðrétti og hálfu 25000 kr. reikningsláni á öðrum veðrétti. Fasteignamat eignarinnar er að vísu aðeins kr. 31500.00, en Leifur hefur borið það fyrir rétti, að hann mundi ekki hafa viljað selja eignina á árinu 1926 fyrir minna en 85—90 þús. kr., og stefnandi staðhæfir, að sannvirði eignarinnar muni um þetta leyti ekki getað hafa numið minnu en tvöföldu fasteignamatsverði, og virðist það mjög sennilegt eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu. — Stefndur hefur haldið því fram, eins og áður hefur verið minnzt á, að loforð Leifs um veðsetningu til firmans Aitken & Wright hafi staðið í vegi fyrir tryggingu handa stefnanda, og hefur stefndur þá sérstaklega skírskotað til vitnisburðar Gunnars Kvarans um, að Aitken & Wright mundu hafa fengið riftað þeim veðréttindum, er aðrir kynnu þá að hafa fengið í eigninni. Þrátt fyrir þetta loforð um veðsetningu verður þó ekki séð, að nefnt firma hafi neitt skipt sér af því, þótt fasteign þessi væri veðsett í apríl 1928 fyrir 30 þús. marka láni, í nóv. 1930 fyrir 12 þús. kr. skuld og í okt. 1933 fyrir 2800 kr. skuld. Annars höfðu þeir Leifsfeðgar frá 11. júní 1927 til 31. okt. 1929 greitt af nefndri skuld til Aitken & Wright samtals kr. 15310.27, og þar af á tímabilinu frá 11. júní til 25. okt. 1927, eða áður en krafa stefnanda kom til innheimtu hjá stefnda, kr. 7900.00 (rjskj. nr. 40). Það verður því ekki litið svo á, að þessi krafa Aitken & Wright hafi getað orðið nein sérstök hindrun fyrir því, að stefnandi hefði að talsverðu leyti fengið fullnægju í nefndri fasteign Leifs frá því í nóv. 1927 og þar til í apríl 1928, en það er sá tími, sem aðallega virðist koma til greina í þessu sambandi. Þann 23. apríl 1928 veðsetti Leifur húseignina, eins og áður er getið, fyrir 30 þús. marka rekstrarláni handa Eiríki Leifssyni, en það lán virðist þó ekki hafa verið notað nema að litlu leyti. — Þá er því ómótmælt haldið fram af stefnanda, að þann 1. ágúst 1927 hafi í verzluninni Brattahlíð á Akureyri legið um 30 þús. kr. verðmæti og vörur í útbúi þeirrar verzlunar á Siglufirði hafi verið vátryggðar fyrir 15 þús. kr. þá um sumarið. Kom eldur upp í þeirri verzlun um þetta leyti, og fengust greiddar 9 þús. kr. brunabætur. Báðar þessar verzlanir voru lagðar niður um áramótin 1927—28, eftir að mikil sala hafði farið fram á Akureyri, og af-

gangurinn af vörunum fluttur til Reykjavíkur. Var ekkert reynt að ná fullnægju í verðmætum þessara verzlana á nefndu tímabili, og það þótt stefnandi hefði í bréfum sínum til stefnds einmitt sérstaklega bent á verzlanir þessar sem vel til þess fallnar.

Að því er snertir efnahag Eiríks Leifssonar er þetta upplýst: Hann seldi á árinu 1927 matvöruverzlun, sem hann hafði rekið hér í bænum, og benti stefnandi stefndum á það í bréfi sínu frá 28. okt. 1927, að til muni vera fullnægjuhæf verðmæti hjá Eiríki í sambandi við þessa sölu, án þess þó að séð verði, að stefndur hafi aðhafzt nokkuð að því leyti. — Í skóbúð Eiríks var á árinu 1927 mismunur á „kredit"hlið og vöru„konto" og útsölureiknings kr. 11783.25, og í lok ársins greiddi Eiríkur einu einasta erlendu firma kr. 12128.00 og þremur öðrum til samans kr. 15409.62. Í uppgerð sinni frá 13. maí 1928, sem að vísu er véfengd af stefndum, gefur Eiríkur upp vörulager að verðmæti um 30 þús. kr., útistandandi skuldir um 15 þús. kr. og verðbréf kr. 10500.00. Og í lok þess árs gaf Eiríkur upp sem skuldlausa eign til skatts kr. 13200.00 og um 8 þús. kr. „netto"-árstekjur. Ár 1928 var mismunur á „kredit"-hlið vörureiknings og útsölureiknings kr. 23591.99, og um 40 þús. kr. voru greiddar erlendum firmum á því ári. Á árinu 1929 keypti Eiríkur enn skóvörur fyrir rúmlega 200 þús. kr. og á árinu 1930 fyrir um 157 þús. kr., og á árinu 1929 voru erlendum firmum greiddar um 83 þús. kr. Skótau þetta var að verulegu leyti keypt af einu firma. Thos. Rankine & Co. Ltd., og hefur einn af þáverandi eigendum firmans vottað (rjskj. nr. 153), að skótau þetta hafi verið selt Eiríki, en ekki sent í umboðssölu. Þá hafa og fjögur vitni borið það, að um þessar mundir hafi verið til gífurlegar birgðir af skótaui hjá Eiríki Leifssyni, og hefur eitt vitnið, Konráð Árnason, sem var í þjónustu Eiríks árin 1928—1934 og hafði á hendi bókhald verzlunarinnar á árunum 1928—29 og 1931—34, borið það, að Eiríkur hafi auk þess átt miklar birgðir af skótaui annarsstaðar, m. a. í umboðssölu úti á landi. Enn fremur hefur vitni þetta borið, að á árunum 1929—31 hafi þeir feðgar greitt mikið af skuldum sínum frá fyrri árum, en sér hafi fundizt, að stefndur gengi slælega eftir skuld stefnanda í samanburði við ýmsa aðra lögfræðinga.

Skv. framanskráðu virðist því einnig hafa verið um veruleg verðmæti að ræða hjá Eiríki Leifssyni, er unnt hafi verið að leita fullnægju í, a. m. k. á árunum 1928—30.

Stefndur hefur, auk þess sem að framan er getið, fært það fram sér til sýknu, að stefnandi hafi beint krafizt „bankahæfrar" tryggingar fyrir allri skuld sinni, en um slíka tryggingu hafi ekki getað orðið að ræða. — Í bréfi sínu frá 20. nóv. 1927 linaði stefnandi þó á kröfu sinni að þessu leyti, þannig að hann krafðist þá aðeins „acceptabel" tryggingar, og þegar hann í bréfi sínu frá 28. okt.

s. á. talar um, að löghald verði lagt á eignir þeirra feðga, segir hann, að það skuli gert til tryggingar víxilskuldinni „og om görligt ogsaa til Sikring af den övrige Saldo". Þessi sýknuástæða stefnds þykir því ekki hafa við rök að styðjast. — Sama er að segja um þá vörn stefnds, að Privatbankinn hafi ekkert haft við innheimtustarfið að athuga, þar sem það er ekki gegn mótmælum stefnanda sannað, að sá banki hafi neitt fylgzt með starfi stefnda eða skrifazt á við hann um málið umfram það, er segir í bréfi bankans frá 22. sept. 1927, er hann bað stefndan fyrir innheimtuna á víxlunum, svo og í fyrirspurn um málið í bréfi frá 23. ágúst 1932, sem stefnandi hefur ómótmælt haldið fram, að stefndur hafi látið ósvarað. — Ekki verður heldur fallizt á þá staðhæfingu stefnds, að það að stefnandi hafi ekki skrifað sér neitt þessu máli viðkomandi frá 1. júlí 1928 til 18. sept. 1929 hafi gefið honum ástæðu til að ætla, að stefnandi hefði ekki neitt út á meðferð málsins að setja. Því auk þess sem stefnandi hefur haldið því fram, án þess að því hafi sérstaklega verið mótmælt af stefndum, að hann muni á nefndu tímabili einnig hafa sent stefndum nokkur handrituð bréf, er hann hafi ekki nú afrit af, — þá þykja bréf stefnanda frá 1. júlí 1928 og þar á undan og bréf hans frá 18. sept. 1929 og þar á eftir sýna svo ákveðnar fyrirskipanir og umkvartanir af hans hálfu, að engin réttmæt ástæða hafi verið til að ætla, að stefnandi væri ánægður með rekstur innheimtustarfsins.

Sýknukrafa stefnds getur því ekki orðið tekin til greina, heldur verður að telja, með skírskotun til framanritaðs, að unnt hafi verið fyrir stefndan að ná meiru inn af kröfu stefnanda á nefndu tímabili hjá þeim Leifsfeðgum en raun varð á, og það jafnvel þótt aðgerðirnar kynnu að hafa leitt til opinberra skipta á búi þeirra Leifsfeðga. En með tilliti til þess, sem upplýst er um skuldir þeirra feðga á nefndu tímabili, og annars, sem fram hefur komið í málinu, þykir þó ekki fullyrðandi, að unnt hafi verið að ná inn öllu því, er eftir stóð af kröfu stefnanda, er innheimtu stefnds lauk, heldur þykir hæfilegt að telja, að stefndum beri að bæta stefnanda d. kr. 6000.00 af þessum sökum. — Þótt viðskiptareikningur stefnanda frá 11. okt. 1927 sé véfengdur af stefndum, þá er hann þó viðurkenndur að svo miklu leyti, að þessi niðurstaða leiðir til þess, að ekki þarf frekara að athuga réttmæti reikningsins.

Stefnandi hefur í rekstri málsins gert kröfur um það, að stefndum verði gert að greiða sér upphæðir, er hann telur, að stefndur hafi fengið upp í kröfu sína á hendur Leifsfeðgum, en ekki skilað sér. Þessar óákveðnu kröfur stefnanda eru á engan hátt svo rökstuddar, að þær geti orðið teknar til greina gegn mótmælum stefnds.

Eins og áður er tekið fram, hefur stefnandi krafizt þess, að þeir hrm. Einar B. Guðmundsson og Guðlaugur Þorláksson verði dæmdir

samábyrgir stefnda til að greiða hinar umstefndu skaðabætur. Þessari kröfu stefnanda hefur á engan hátt verið mótmælt, enda hefur hrm. Einar B. Guðmundsson haldið uppi vörnum í málinu, að því er virðist, fyrir þá félaga alla saman. — Úrslit málsins verða því þau, að þeir verða dæmdir in solidum til að greiða stefnanda áðurnefndar d. kr. 6000.00 ásamt vöxtum, er gegn mótmælum verða ekki tildæmdir hærri en 5% og teljast frá 21. okt. 1937. Enn fremur verður þeim gert að greiða stefnanda málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Stefnandi hefur viðhaft með afbrigðum ósæmilegt orðbragð í sóknarskjölum sínum. Hefur stefndur krafizt þess, að eftirfarandi ummæli verði dæmd dauð og ómerk og stefnandi sektaður fyrir þau:

Á rjskj. nr. 163 a:

I. 1. „Nokkru eftir .... bakað mér“ ....
2. „Auk þess .... í fjárdráttariðn sinni.“
3. Hann hagar sér .... að launum?“ ....
4. „Ég lít svo á, ... svik við mig:“ ....

II. 1. .... „Þetta þori ég .... sem perfida málfærslu“ ....
2. .... „en andstæðingur minn .... leggja fram.“ ....
3. .... „Allar mínar fyrirskipanir .... í ofanálag.“ ....
4. .... „Þegar hann fær það svar .... baka mér skaða?“
5. .... Það er ekki annað sýnilegra .... ekki greiðast“ ....
6. .... „Hann hefur sjálfur .... ná því marki.“
7. „Sá innheimtumaður .... orði hans.“
8. .... „Hann sveik mig .... leynd við mig.“ ....
9. .... „Tilgangur umboðsmanns .... færi fram“ ....
10. „tilgangurinn var .... leynd við mig“ ....
11. .... „Umboðsmaður minn .... sviksamlegri leynd.“
12. „Þegar fyrir þennan tíma .... er ekki svo? ....
13. .... „Með svikum .... ég fái hana.“ ....
14. .... „Í öllu þessu .... þessu hugarfari.“ ....
15. .... „„Innheimta“ umboðsmanns .... einsdæmi.“ ....
16. .... „Þarna var því upplagt færi .... umkvörtunarlaust.“ ....
17. .... „Hann á fulla sök .... um að kenna“ ....
18. .... „Satt þykist hann segja .... frá upphafi til enda“ ....
19. .... „og leyndi mig því .... leynd“ ....
20. .... „Af því að það var Leifsfeðgum .... leynd við mig“ ....
21. .... „Hefði umboðsmaður minn .... fyrirskipanir mínar“ ....
22. .... „stefnda er nú augljóst .... Isbjörn““ ....
23. .... „Hann sveik mig .... á árinu 1933.
24. .... „Ég spyr, hvað eru svik .... 1933“ ....
25. .... „Hér er svika .... mögulega skýringin.“ ....

26. .... „Til að skýra þetta .... framkomu stefnda.“ ....
27. .... „Það eitt, sem stendur í vegi .... og greiðslu.“
28. .... „Og stefndur .... hjálpa Leifi.“ ....
29. .... „Hann leyndi mig .... fyrirskipunum mínum.“ ....
30. .... „En ég setti þá fram þá spurningu .... af Leifsfeðgum.“ ....

Á rjskj. nr. 246:

III. 1. „Það má eflaust telja .... verjanda í þessu máli.“
2. „Það er hægt að vara sig .... svikin fóru fram.“ ....
3. „Geysileg voru mín vonbrigði .... að afhjúpast.“ ....
4. „.... fullkomnir glæpamenn .... einasta símskeyti. ....“
5. „Svona haga sér .... „mútan er mannsins herra og maðurinn hennar þræll“ .... Hvað fékk stefndur að launum?“
6. „Þetta var „júdasarkoss stefnda til mín“ ....
7. „Vísvitandi .... níðingslega.“ ....
8. ....„Á stefndur .... staðreyndir.“ ....
9. „Menn ættu að geta .... hvað hann hefur gert“ ....
10. „Umboðsmaður, in casu stefndi .... fyrir gerðum sínum“ ....
11. „„svikaranum“ .... „svikaranum var falið að sækja“ ....
12. „Ég hef áður leitt rök að því .... sáttakæran sýnir.“ ....
13. „Ég þekkti málfærslumann .... í umsetningunni?“ ....
14. „Gremja verjanda .... í máli þessu.“ ....
15. „að stefndur .... í sviksamlegum hug.“ ....
16. .... „stefndur hefði farið .... og hann gerði“ ....
17. „og Magnús kunni það ráð .... þessu ráðabruggi þeirra.“ ....
18. .... „Ástæða fyrir því .... til Leifs verið sú“ ....
19. „Það var að vísu fullkomin ósvífni .... leiddur sem vitni“ ....
20. „og hræddi Leif .... ósannsögli í réttinum.“ ....
21. „er vissulega um of .... inn á þessa braut.“
22. „Að Magnús kom því til leiðar .... synjun upplýsinga“ ....
23. „Var stefndur smeikur .... um viðskipti hans við aðra“ ....
24. „Verjandi er svo forsjáll .... undan verjanda.“ ....
25. „stefndur finnur ofur vel til þess .... til að undirrita.“ ....
26. .... „„sem ytra tilefni .... leyna mig svikunum.
27. .... „þegar sérlega vildir menn .... þeirra Leifsfeðga.“ ....
28. „Ég hef staðhæft .... uppgerðarómyndinni 1933 etc.“ ....
29. „Það er nú ofur trúlegt .... sverja rangan eið.“ ....
30. „Annars sýna bréfaskiptin .... rangan eið.“
31. „Að svo mæltu .... öðru eftir því.“
32. „Við þessi orð Leifs .... sagði Leifi ósatt.“
33. „Ég stimpla það sem svik .... fyrir allri skuldinni.“ ....

34. „.... sviksemi hans .... eins og vert er " ....
35. „Þegar maður gerir sig brotlegan .... í skakkri trú" ....
36. „.... eyðileggja þar með verzlun mína og atvinnu" ....
37. „.... En ofan á þetta bætist .... um aldur og ævi."
38. „.... gefa vottorðin gegn betri vitund .... hreinn glæpur."
39. „.... Að því er ég fæ séð .... lítilsvirðing þings og dóms" ....
40. „Nú væri það að vísu ekki nema rétt .... harla vel samræmanlegt."
41. „fýsn sviksamlegs umboðsmanns .... af láninu greitt.."
42. .... „Það er engin nýjung .... góðan málsstað." ....
43. „.... Þetta verðmæti eyðilegði stefndi fyrir mér m. m."
44. „Hefði stefndur ekki eyðilagt verzlun mína", ...
45. „Þess eru dæmi um almenna stigamenn .... hvað hann var að gera." ....
46. „Hann stýrði því beint að því .... og starfsorkumissi" ....
47. „En þeir, sem lenda í höndum stigamanna .... draga fram lífið.
48. .... „Það er ofur meinlegt .... persónulegri eyðileggingu."
49. „svikur umbjóðanda sinni .... refsingu í ofanálag." ....

Verður að fallast á kröfur stefnda, að því er viðvíkur ummælunum undir I. 1. til 4., II. 1.—10, 12.—14., 16.—27., 29.—30. og III. 1.—49. (allt incl.), svo og ummælin „leyndi mig hvorutveggja með sviksamlegri leynd" undir II. 11. og ummælin: „*sviksamlega* og *samvizkulaust* rekin, að slíks munu einsdæmi" undir II 15.). Sama verður talið gilda um eftirtalin ummæli stefnanda í seinustu sókn hans (rjskj. nr. 247): bls. 2 „Er það .... hjálpa Leifi"; bls. 3 „athæfi .... allt á sig"; bls. 6 „stórkostleg svik"; bls. 8 „....maður sem leyfir sér .... sem hann segir"; bls. 10 „En auk þess að vera .... að þær væru"; bls. 12 „gerði það af hlutdrægni .... málfærslumanna"; bls. 16 „á vítaverðan hátt svikið mig" „svik". — Verður stefnandi látinn sæta fyrir þessi ummæli sín þeirri hæstu sekt, er einkamálalögin (188. gr.) heimila, eða 200 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu, 12 daga einfalt fangelsi.

Eftir kröfu stefnanda verða þau ummæli verjanda í einu varnarskjali hans, að helzt sé svo að sjá sem stefnandi sé ekki með réttu ráði, dæmd dauð og ómerk, en eftir atvikum verður ekki sektað fyrir þau.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, hrm. Pétur Magnússon, hrm. Einar B. Guðmundsson og Guðlaugur Þorlákssón, greiði in solidum stefnandanum, dr. jur. Jóni Dúasyni f. h. Strandvold & Dúason, d. kr. 6000.00.

með 5% ársvöxtum frá 21. okt. 1937 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað.

Framangreind ósæmileg ummæli skulu vera dauð og ómerk. Stefnandi greiði 200 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu, 12 daga einfalt fangelsi.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 21. september 1943.

Kærumálið nr. 7/1943. **Sigurður Markan**
gegn
Bifreiðaverkstæði Tryggva Ásgrímssonar.

Krafa um frest ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi lögmanns, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru, dagsettri 28. júní þ. á., er kom til hæstaréttar 9. ágúst þ. á., hefur kærandi skotið til hæstaréttar úrskurði, kveðnum upp í bæjarþingi Reykjavíkur 24. júní þ. á., þar sem honum er synjað frests til vitnaleiðslu. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og frestur veittur til vitnaleiðslu. Svo krefst kærandi og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Varnaraðili hefur hvorki lagt fram kröfur fyrir hæstarétti né sent greinargerð.

Mál þetta hefur varnaraðili höfðað í héraði á hendur kæranda til greiðslu kostnaðar af viðgerð á bíl. Kærandi taldi viðgerðarreikninginn allt of háan og neitaði að greiða nema nokkurn hluta hans. Málsstað sínum til framdráttar lagði hann fram m. a. 20. maí þ. á. vottorð Ágústs nokkurs Benjamínssonar, er kvað sig hafa unnið á verkstæði varnaraðilja að viðgerð bíls þessa. Vottorði þessu mótmælti varnaraðili á dómþingi 27. maí þ. á. Eftir það fékk kærandi fresti samfleitt til 24. júní þ. á., en þá krafðist hann enn frests til 2.

september þ. á., til þess að nefndur Ágúst staðfesti vottorð sitt fyrir dómi, en Ágúst kvað hann ekki áður hafa getað komið fyrir dóm, þar sem hann hefði verið og væri utan bæjar. Með því að kærandi hefur ekki fært að því sönnur, að hann hafi ekki getað notað áður fengna fresti til að leiða greint vitni fyrir dóm, þá þykir vegna mótmæla varnaraðilja verða að synja honum frestsins og staðfesta hinn kærða úrskurð, sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936.

Þar sem varnaraðili hefur ekki komið fyrir hæstarétt, fellur málskostnaður niður.

Það athugast, að lýsingu málsatvika er áfátt í hinum áfrýjaða úrskurði, en ekki þykir nægileg ástæða til að ómerkja hann af þeim sökum.

Því dæmist rétt vera:

Hinum kærða úrskurði skal óraskað.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 24. júní 1943.

Umboðsmaður stefnds hefur í dag farið fram á framhaldsfrest til vitnaleiðslu í því skyni, að staðfest yrði fyrir rétti vottorðið á rskj. nr. 13, en kveður vottorðsgefandann hafa verið og vera enn utan bæjarins. Umboðsmaður stefnanda hefur mótmælt frestbeiðninni. Stefndur hefur í máli þessu, sem er þingfest 18. febr. s. l., haft frest frá 27. f. m. í þessu skyni, og þykir réttinum ekki sýnt fram á þörf á frekari fresti, og ber því að synja stefndum um hinn umbeðna frest.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Þriðjudaginn 21. september 1943.

Kærumálið nr. 6/1943. **Þórhallur Arnórsson**
gegn
Kristjáni Guðmundssyni.

Krafa um frest ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson lögmaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru, dagsettri 21. júní þ. á., er kom til hæstaréttar 9. ágúst þ. á., hefur kærandi skotið til hæstaréttar úrskurði, kveðnum upp í bæjarþingi Reykjavíkur 17. júní þ. á., þar sem honum er synjað frests til vitnaleiðslu. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og frestur veittur til vitnaleiðslu. Svo krefst kærandi og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar af kæranda eftir mati hæstaréttar.

Mál þetta hefur varnaraðili höfðað í héraði á hendur kæranda til endurheimtu hluta af andvirði bifreiðar, er kærandi hafði selt honum, en tekið aftur. Telur varnaðaraðili bifreiðina hafa verið stórgallaða, er kaupin gerðust. Þessu er andmælt af kæranda, og hefur hann sínum málstað til styrktar lagt fram 13. maí þ. á. vottorð frá Vilhjálmi Jónssyni, viðgerðarmanni bifreiða á Akureyri. Vottorði þessu mótmælti varnaraðili á dómþingi 20. maí þ. á. Eftir það fékk kærandi fresti til 10. júní þ. á., en þá krafðist hann enn 2 vikna framhaldsfrests, til þess að nefndur Vilhjálmur staðfesti vottorð sitt fyrir dómi á Akureyri. Með því að kærandi hefur ekki fært að því sönnur, að hann hafi ekki getið notað áður fengna fresti til að leiða greint vitni fyrir dóm, þá þykir vegna mótmæla varnaraðilja verða að synja honum frestsins og staðfesta hinn kærða úrskurð, sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt þessum úrslitum verður að dæma kæranda til

að greiða varnaraðilja málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 125 krónur.

Það athugast, að lýsingu málsatvika er áfátt í hinum áfrýjaða úrskurði, en ekki þykir nægileg ástæða til að ómerkja hann af þeim sökum.

Því dæmist rétt vera:

Hinum kærða úrskurði skal óraskað.

Kærandi, Þórhallur Arnórsson, greiði varnaraðilja, Kristjáni Guðmundssyni, 125 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför 'að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 17. júní 1943.

Í þinghaldi hinn 10. þ. m. fór stefndur fram á 2 vikna framhaldsfrest, til þess að staðfest verði fyrir rétti á Akureyri vottorðið á rskj. nr. 6, þar eð stefnandi hefur neitað að taka það gilt sem staðfest.

Stefnandi hefur mótmælt fresti til þessa og m. a. bent á það, að stefndur hefur, þegar hann lagði fram umrætt vottorð, lýst yfir því, að hann myndi ekki annast staðfestingu þess.

Verður að fallast á það með stefnanda, að stefndur hafi firrt sig rétti til að byggja frestbeiðni sína á mótmælum stefnanda gegn framangreindu vottorði, enda er svo langur tími liðinn, síðan þau mótmæli komu fram, að ekki verður séð, að aukins frests hafi verið þörf vegna þeirra, og er því ekki unnt að veita stefndum hinn umbeðna frest.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Fimmtudaginn 23. september 1943.

Kærumálið nr. 9/1943. **Þorkell Teitsson**
gegn
Stefáni Péturssyni.

Frávísun.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson lögmaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með kæru, dagsettri 12. ágúst þ. á., er kom til hæstaréttar 11. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar ákvæði um málskostnað í dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 3. júlí þ. á., í málinu nr. 148/1943: Þorkell Teitsson gegn Stefáni Péturssyni og krefst þess, að téð ákvæði verði úr gildi fellt og að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði í máli þessu samkvæmt framlögðum reikningi, samtals kr. 345.90. Svo krefst sóknaraðili þess og, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins. Varnaraðili hefur ekki sent hæstarétti greinargerð um málið.

Samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 186. gr. sömu laga, mátti sóknaraðili kæra dómsathöfn þá, er í máli þessu greinir, innan viku frá uppkvaðningu héraðsdóms. Þar sem kæran var ekki borin fram fyrr en eftir lok greinds frests, verður að vísa kærumáli þessu ex officio frá hæstarétti.

Varnaraðili hefur ekki komið fyrir hæstarétt, og fellur málskostnaður því niður.

Því dæmist rétt vera:

Kærumáli þessu vísast frá hæstarétti.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. f. m., hefur Þorkell Teitsson, póstafgreiðslumaður í Borgarnesi, höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttatilraun með stefnu, útgefinni 14. apríl s. l., gegn Stefáni Péturssyni ritstjóra, Hringbraut 218 hér í bænum, út af meiðandi og móðgandi ummælum um póstafgreiðsluna í Borgarnesi og

stefnanda persónulega, sem birzt hafa í Alþýðublaðinu og stefnandi telur stefndan bera ábyrgð á, en hin átöldu ummæli eru þessi:

1. Svo hljóðandi grein, er birtist í Alþýðublaðinu 24. júlí f. á., undirrituð með dulnefninu: „Hannes á horninu".

„Enn um slæmar póstsamgöngur. — Bréf frá verzlunarmanni. — Hvað dvelur póststjórnina?

Ég hef áður gert nokkuð að umtalsefni ástandið í póstmálum okkar, en þar ríkir nú hið mesta sleifarlag. Þetta á fyrst og fremst við ýmsar póstafgreiðslur úti um land, og virðist það harla einkennilegt, að slíkt skuli vera látið viðgangast.

Í gær fékk ég bréf frá verkamanni. Hann segir: „Þú talar stundum um slæmar póstsamgöngur. Ég hef fengið reynslu fyrir því, að þessi skrif þín eru ekki ástæðulaus. Kona mín fór upp í Borgarfjörð í vor, og hún dvelur þar. Fyrir nokkru fór ég að heimsækja hana, og frétti ég þá hjá henni, að hún hefði skrifað mér bréf fyrir þrem vikum og sett það í pósthúsið í Borgarnesi. Þetta bréf hafði ég ekki fengið.

Þegar ég hélt heimleiðis, fór ég í prósthúsið í Borgarnesi, svona að gamni mínu, og hvað heldurðu, að ég hafi fundið þar? Ég fann bréfið frá konunni; þar hafði það þá legið í þrjár vikur og ekki farið enn af stað. Nú spyr ég: Hvað á svona afgreiðsla að þýða? Þetta er hrein svikastarfsemi."

Það er engin furða, þó að bréfritarinn sé reiður. Ég hygg, að þessi póstafgreiðsla í Borgarnesi sé með þeim verstu."

— — —

„Hvers vegna er ekki reynt að koma í lag misfellum, sem eru á póstafgreiðslunni? Ég vildi mjög mælast til þess, að þetta yrði athugað þegar í stað. En á meðan það er ekki gert, væri mér þökk í því, að fólk sendi mér sönn og rétt dæmi um sleifarlag í póstafgreiðslu."

Hannes á horninu."

Er greinin í heild átalin, en sérstaklega þau ummæli í greininni, er hér skal greina: „slæmar póstsamgöngur" .... „hið mesta sleifarlag" .... „þú talar stundum um slæmar póstgöngur. Ég hef fengið reynslu fyrir því, að þessi skrif þín eru ekki ástæðulaus" .... „Þar hafði það þá legið í þrjár vikur og ekki farið enn af stað" .... „Hvað á svona afgreiðsla að þýða?" „Þetta er hrein svikastarfsemi" „engin furða þó bréfritarinn sé reiður" .... „Ég hygg, að þessi póstafgreiðsla í Borgarnesi sé með þeim verstu" .... „koma í lag misfellum" .... „um sleifarlag í póstafgreiðslu".

2. Svo hljóðandi grein, sem birt var í Alþýðublaðinu 5. febrúar þ. á., undirrituð með sama dulnefni og hin greinin:

„Slæm póstafgreiðsla."

„Réttlátur skrifar enn: „Enn þarf ég að kvarta fyrir þér gagnvart þessum sérstaka reglumanni, eða hitt þó heldur. Ég á við þenna háæruverða póstafgreiðslumann í Borgarnesi. Ég sendi

smápakka að Slítandastöðum í Staðarsveit og varð að borga 8 krónur undir hann, svo að ég væri öruggur, að hann kæmist fyrir jól.

Ég fór með hann niður á pósthús um miðjan desember og taldi það öruggt, að hann kæmist til skila í tæka tíð. En svo fékk ég núna bréf, sem er skrifað 27. janúar, og pakkinn kom 24. janúar.

Ég hef áður haft nokkra reynslu af póstafgreiðslu þessari og ritaði þér þá um þetta. Ég fékk enga skýringu á því þá. Ef til vill fæ ég hana nú. Ég veit, að víðar er pottur brotinn í þessu efni. En hart finnst mér það að þurfa að borga 8 krónur undir pakka til svo að segja næstu sveitar, og svo kemst hann ekki á ákvörðunarstaðinn, fyrr en næstum því hálfum öðrum mánuði eftir að hann er sendur." Hannes á horninu."

— — —

Einnig þessi grein er átalin í heild, en sérstaklega þau ummæli hennar, sem hér segir:

„Slæm póstafgreiðsla" ....

„Enn þarf ég að kvarta fyrir þér gagnvart þessum sérstaka reglumanni, eða hitt þó heldur. Ég á við þennan háæruverða póstafgreiðslumann í Borgarnesi" .... „pakkinn kom 24. janúar" .... „Ég hef áður haft nokkra reynslu af póstafgreiðslu þessari" .... „Ég veit, að víðar er pottur brotinn í þessu efni" .... „kemst hann ekki á ákvörðunarstaðinn, fyrr en næstum því hálfum öðrum mánuði eftir að hann er sendur"."

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að framangreindar meiðandi og móðgandi blaðagreinar í heild og sérstaklega ofannefnd einstök ummæli þeirra verði dæmd dauð og ómerk, að stefndur verði dæmdur til hinnar þyngstu refsingar fyrir greinarnar og ummælin, sem lög frekast leyfa, og að stefndur verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málkostnað eftir mati réttarins.

Stefndur hefur látið sækja þing, en ekki haft uppi neinar varnir í málinu, og verða kröfur stefnanda um ómerkingu ummælanna því teknar til greina að fullu. Þá þykir og eiga að refsa stefndum fyrir hin móðgandi ummæli, sem hafa á engan hátt verið réttlætt, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 175 króna sekt í ríkissjóð og komi í stað sektarinnar 12 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu, en í málskostnað þykir hæfilegt, að stefndur greiði stefnanda kr. 125.00.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind meiðandi og móðgandi ummæli skulu vera ómerk. Stefndur, Stefán Pétursson, greiði 175 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 12 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Enn fremur greiði stefndur stefnanda, Þorkatli Teitssyni, kr. 125.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. september 1943.

Kærumálið nr. 8/1943. **Magnús Andrésson**
gegn
Jóni Gíslasyni og Eric Christiansen

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Krafa um frest ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson lögmaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru 23. júní þ. á., sem hingað kom 11. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði, kveðnum upp í bæjarþingi Reykjavíkur 17. júní þ. á., þar sem honum er synjað frekari frests. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og frestur veittur. Varnaraðili hefur hvorki lagt fram kröfur fyrir hæstarétti né sent greinargerð.

Eftir uppkvaðningu dóms hæstaréttar 8. apríl þ. á., fóru fram vitnaleiðslur í málinu. Er málið kom fyrir bæjarþing Reykjavíkur 6. maí þ. á., lagði umboðsmaður varnaraðilja fram tvö skjöl, skýrslu Jóns Gíslasonar til hans og yfirlýsingu skipstjórans og vélstjórans á Hák. Þann 5. júní lagði umboðsmaður varnaraðilja fram dagbók Háks, og fékk umboðsmaður sóknaraðilja þá frest til 10. júní, en umboðsmaður varnaraðilja kvaðst ekki mundu samþykkja frekari frest. Á dómþingi síðastnefndan dag baðst umboðsmaður sóknaraðilja enn 2ja vikna frests, þar sem 3 greind dómskjöl, sem hann hafði mótmælt sem óstaðfestum, veittu efni til aðiljayfirheyrslu og vitnaleiðslu.

Samkvæmt 110. gr. laga nr. 85/1936 ber aðiljum að nota sama frest jöfnum höndum, eftir því sem við verður komið, til öflunar gagna. Umboðsmanni sóknaraðilja veittist þegar

6. maí færi á því að hefjast handa vegna skjala þeirra, er þá voru lögð fram, en þriðja skjalið gat hann athugað frá 5. til 10. júní.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, og þar sem aðiljar höfðu áður haft ítrekaða fresti í málinu, þykir krafa sóknaraðilja ekki verða tekin til greina, og ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til. Þar sem varnaraðili hefur enga kröfu gert fyrir hæstarétti, fellur málskostnaður niður.

Meðferð máls þessa er ábótavant einkum um það, að aðiljar hafa ekki notað fresti málsins jöfnum höndum.

Því dæmist rétt vera:

Hinum kærða úrskurði skal óraskað.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 17. júní 1943.

Í þinghaldi 10. þ. m. krafðist umboðsmaður stefnda 2 vikna frests og rökstuddi með því, að þau þrjú réttarskjöl, er stefnendur hafa síðast látið leggja fram, gæfu ærið tilefni til aðiljayfirheyrslu og vitnaleiðslu, en skjölin hafi hann ekki fengið að sjá fyrr en í þinghaldi 4. þ. m., og hafi frestur sá, er honum var þá veittur, reynzt alls ónógur.

Umboðsmaður stefnenda andmælti frestbeiðninni með þeim rökum, að stefndur hafi þegar haft nægan tíma til öflunar allra þeirra gagna, er til greina gætu komið, og var atriðið því lagt undir úrskurð.

Þykir verða að fallast á það með stefnendum, að stefndur hafi haft svo ríflega fresti í máli þessu, að honum hafi mátt nægja til öflunar gagna af sinni hálfu, og verður því að synja um hinn umbeðna frest.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Miðvikudaginn 29. september 1943.

Nr. 55/1943. **Sigurjón Jónsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Garðari Þorsteinssyni (Sjálfur).

Útburðarmál. Frávísun.

Dómur hæstaréttar.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi lögmanns, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. maí þ. á., krefst þess, að fógetaúrskurðurinn verði felldur úr gildi og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi gerir þær dómkröfur, aðallega að málinu verði vísað frá hæstarétti, en til vara að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur. Svo krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi styður kröfu sína um vísun máls þessa frá hæstarétti við það, að áfrýjandi hafi rýmt íbúð sína í húsinu nr. 7 við Þverholt, án þess að áfrýja áður málinu eða slá við brottför sína varnagla gagnvart stefnda um áfrýjun þess. Kveðst stefndi hafa af þessum sökum talið sig hafa öðlazt fullnaðarúrskurð og sér heimilt að ráðstafa húsinu samkvæmt því. Gegn þessu hefur af hendi áfrýjanda verið lagt fram vottorð fógeta þess efnis, að umboðsmaður áfrýjanda hafi að loknu dómþingi 6. maí lýst yfir því við stefnda, að áfrýjandi myndi skjóta málinu til hæstaréttar. Stefndi kveðst ekki hafa veitt slíkri yfirlýsingu umboðsmannsins athygli, enda treyst því, er áfrýjandi fluttist síðar þegjandi og fyrirvaralaust úr íbúðinni, að til áfrýjunar kæmi ekki. Fallast verður á það, að brottför áfrýjanda úr húsnæðinu með framangreindum hætti verði ekki samþýdd áfrýjun málsins, og verður því að vísa því frá hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Áfrýjandi, Sigurjón Jónsson, greiði stefnda, Garðari Þorsteinssyni, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 4. maí 1943.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 28. f. m., hefur gerðarbeiðandi, Garðar Þorsteinsson hrm., krafizt þess, að Sigurjón Jónsson verði borinn út úr íbúð þeirri, er hann nú býr í í húsinu nr. 7 við Þverholt hér í bæ.

Gerðarþoli hefur aðallega krafizt þess, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar, en til vara að framgangur gerðarinnar verði aðeins leyfður gegn þeirri tryggingu, er rétturinn metur gilda.

Hvor aðilja um sig hefur krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að á nauðungaruppboði, er fram fór hinn 19. f. m., varð gerðarbeiðandi hæstbjóðandi í húseignina nr. 7 við Þverholt hér í bæ, en gerðarþoli var eigandi hennar. Þann 20. f. m. var eignin síðan útlögð gerðarbeiðanda sem ófullnægðum veðhafa.

Kröfu sína um útburð virðist gerðarbeiðandi byggja á því, að þar sem gerðarþoli hafi búið í húsinu sem eigandi þess, þá hafi hann ekki rétt til dvalar þar, eftir að eigendaskipti eru orðin, og að hann sé ekki verndaður af ákvæðum húsaleigulaganna um dvöl sína í húsinu.

Mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar byggir gerðarþoli á því, að réttur sinn til dvalar í húsinu framvegis sé varinn af ákvæðum húsaleigulaganna. Heldur hann því fram, að um leið og eignarréttur að húsinu færðist yfir á gerðarbeiðanda, þá hafi réttaraðstaða hans orðið hin sama og annarra leigutaki í húsinu, og geti gerðarbeiðandi því ekki fengið hann borinn út, nema skilyrðum húsaleigulaganna sé fullnægt. Þá hefur gerðarþoli bent á, að þó húsaleigulögin ræði aðeins um rétt manns til dvalar í íbúð, er hann hafi tekið á leigu, þá stafi það aðeins af því, að réttur þess, er styðji dvalarrétt sinn við leigusamning, hljóti að vera veikari en þess, er styður hann við eignarheimild sína. En tilgangur húsaleigulaganna sé sá að bæta sem unnt er úr húsnæðisvandræðum, með því að gefa mönnum víðtækan rétt til að vera kyrrir í íbúðum sínum.

Húsaleigulögin nr. 39 frá 1936 hafa aðeins ákvæði um það réttarsamband, er stofnast við leigusamninga um húsnæði, og um rétt leigutaka til dvalar í húsnæði, er hann hefur tekið á leigu.

Í máli því, er hér er til úrskurðar, byggðist dvalarréttur gerðarþola á eignarheimild hans að húsinu. Um leið og gerðarbeiðanda

var útlögð húseignin að afstöðnu nauðungaruppboðinu, féll eignarréttur gerðarþola niður, og þar með dvalarrréttur hans í því, enda verður ekki fallizt á þá skoðun, að við yfirfærslu eignarréttarins hafi gerðarþoli fengið rétt sem leigutaki, því að slíkt réttarsamband mundi ekki geta stofnazt án tilverknaðar húseigandans eða með lagaákvæði um slík tilvik, en hvorugu þessu er til að dreifa hér.

Með tilliti til þessa, verður að telja, að gerðarþoli hafi ekki rétt til dvalar í húsinu, og verður því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Ekki verður séð, að nokkur þau sérstöku atvik séu fyrir hendi, er gefi tilefni til að krefjast tryggingar af hálfu gerðarbeiðanda fyrir framgangi gerðarinnar, og verður því ekki unnt að taka varakröfu gerðarþola til greina.

Þá þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 50.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, Sigurjón Jónsson, greiði gerðarbeiðanda, Garðari Þorsteinssyni hrm., kr. 50.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. september 1943.

Nr. 53/1943. **Þórður Bjarnason Austmann**
gegn
Lúðvík Guðmundssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þórður Bjarnason Austmann, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. október 1943.

Nr. 102/1942. **Réttvísin**
gegn
Kristni Guðmundi Guðbjartssyni.

Framhaldsrannsókn fyrirskipuð.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður mál þetta verður dæmt í hæstarétti, þykir rétt að leggja fyrir héraðsdómara að kveðja þau Stefán Guðmund Stefánsson og Magneu Ólafsdóttur fyrir dóm á ný, fara með þeim vandlega yfir framburði þeirra, er þau þegar hafa gefið, spyrja þau frekar, ef efni gefst til, og eiðfesta þau síðan.

Því úrskurðast:

Héraðsdómari skal framkvæma framhaldsrannsókn þá, er að ofan greinir.

Miðvikudaginn 6. október 1943.

Nr. 119/1942. **Gunnar Guðmundsson f. h. Kristins Gunnarssonar** (Theódór B. Líndal)
gegn
Pétri Jónssyni f. h. Elísabetar Pétursdóttur og gagnsök (Einar B. Guðmundsson).

Bætur vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Sigurður Eggerz bæjarfógeti.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. des. f. á., krefst þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, en til vara

að dæmd fjárhæð verði lækkuð verulega og málskostnaður verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. febr. þ. á., áfrýjað málinu með stefnu 11. s. m. og krafizt þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 3974.72 með 6% ársvöxtum frá 14. marz 1942 til greiðsludags. Svo krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Telja verður, að stúlkan Elísabet eigi aðalsök á slysinu. Hins vegar er ekki komin fram full sönnun þess, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, ef bifreiðarstjórinn hefði þegar, er hann varð stúlkunnar var, beygt frekar en hann gerði til vinstri og upp í lóð hússins nr. 35 við Brekkugötu, en ætla verður eftir málflutningnum hér fyrir dómi, að honum hefði verið þess kostur. Samkvæmt 34. gr. laga nr. 23 frá 1941 kemst aðaláfrýjandi því ekki hjá því að greiða gagnáfrýjanda bætur, er þykja alls hæfilega ákveðnar kr. 1000.00 með vöxtum eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 800 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Gunnar Guðmundsson f. h. Kristins Gunnarssonar, greiði gagnáfrýjanda, Pétri Jónssyni f. h. Elísabetar Pétursdóttur, kr. 1000.00 með 6% ársvöxtum frá 14. marz 1942 til greiðsludags og samtals kr. 800.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 5. okt. 1942.

Mál þetta hefur höfðað Pétur Jónsson skósmiður, Brekkugötu 33, Akureyri, fyrir hönd dóttur sinnar, Elísabetar Pétursdóttur, sama staðar, fyrir bæjarþingi Akureyrar gegn Gunnari Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Lækjargötu 16, Akureyri, fyrir hönd ósjálfráðs sonar hans, Kristins Gunnarssonar, sama staðar, eiganda bifreiðar-

innar A 283. Stefnandinn kveðst munu gera þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 4028.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. marz 1942 til greiðsludags svo og málskostnað, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður kr. 581.50. Jafnframt hefur stefnandinn stefnt Guðm. Péturssyni, útgerðarmanni, f. h. Sjóvátryggingarfélags Íslands til að gæta réttar síns í málinu, en hjá því félagi er keypt trygging fyrir bifreiðinni. En kröfur hafa engar verið gerðar af hálfu félagsins.

Stefndur krefst algerðrar sýknu og málskostnaðar, en til vara hefur hann krafizt lækkunar á stefnukröfunni, bæði af þeirri ástæðu, að hún sé of há, og þeirri, að skipta beri sökinni á ofangreindu slysi.

Málsatvik eru þau, að 31. júlí 1941 ók Steingrímur Pétursson bifreiðinni A 283 norður Brekkugötu. Var hann að flytja Ara Kristjánsson út á verkstæðið Mjölni hér í bæ. Þegar hann kom fram hjá Baldurshaga nr. 35, varð árekstur milli bifreiðarinnar og stúlku, sem kom norðan götuna á stighjóli. Lenti framhjól bifreiðarinnar á framhjóli reiðhjólsins, og laskaðist það verulega, en við það hafði stúlkan fallið af baki og meiðzt, sérstaklega á fæti. Lá hún rúmföst við slæma líðan í einn mánuð. Stúlkan vissi ekki fyrr af en bifreiðin rakst á hana, féll hún þá niður meðvitundarlaus og getur því ekki gefið skýrslu um áreksturinn.

Opinbert mál var höfðað gegn bifreiðarstjóra bifreiðarinnar vegna slyssins, og lauk því með dómi undirréttarins 18. marz 1942, réttarskjal 15, en með þeim dómi var stefndur algerlega sýknaður, og var ákveðið, að málskostnaður skyldi greiðast úr opinberum sjóði, en í sambandi við málshöfðun þessa fór fram rannsókn á slysinu.

Í forsendum dómsins segir meðal annars:

„Lögreglan kom á staðinn og skýrði svo frá: Árekstur inn varð fram af syðri tröppum hússins Brekkugötu 35 milli bifreiðarinnar A 283 og stighjóls, er konan Elísabet Pétursdóttir, Brekkugötu 35, kom á norðan Brekkugötuna frá vinnu sinni í verksmiðju S. Í. S. á Gleráreyrum. För bifreiðarinnar sáust greinilega á vesturkanti brautarinnar, og markaði glöggt fyrir, þar sem hún hafði bremsað, því að laus möl var þarna á vegarbrúninni, og hafði bifreiðin snúizt til vesturs við það, að bremsurnar voru settar á. För reiðhjólsins sáust vel yfir veginn. Bremsuförin voru nákvæmlega 3.75 metrar. Vinstra framhjól bifreiðarinnar hafði lent á framhjóli reiðhjólsins og laskað það allverulega, en við það hafði stúlkan fallið af baki og meiðzt, sérstaklega á fæti.

Eigandi bifreiðarinnar A 283 er Kristinn Gunnarsson, Lækjargötu 15. Farþegi í bifreiðinni var Ari Kristjánsson starfsmaður í verzluninni Eyjafjörður. Annars ók bifreiðin A 283 norður Brekkugötu.

Var allmikil umferð á götunni.

Þegar kom norður á móts við húsið Brekkugötu 33, kom ensk flutningabifreið með hárri yfirbyggingu norðan götuna á vinstra kanti brautarinnar. Og segir ákærði, að þar sem gatan sé þarna mjó, en að milli húsanna 33 og 35 stendur staur í vesturkanti götunnar, enska bifreiðin aftur fyrirferðamikil, beygði A 283 aðeins til vesturs, er komið var norður fyrir staurinn, en í sama bili kom stúlkan á reiðhjóli, er fylgt hafði eftir ensku bifreiðinni á austurkanti brautarinnar, svo að segja þvert yfir götuna beint framan við A 283. Var þá eina úrræðið, segir hann, að snarstoppa, eins og ákærði gerði, en bifreiðin dróst lítið eitt eftir veginum og lenti því á reiðhjólinu. Lögreglan bjó til riss yfir staðinn, og hefur ákærði ekkert við það að athuga, og virðist mega leggja riss lögreglunnar til grundvallar.

Framburður stúlkunnar, er varð fyrir slysinu, sýnir, að þegar hún tók beygjuna upp að verzlunarhúsinu Baldurshaga, vissi hún eigi fyrr en bifreiðin rakst á hana.

Stúlkan getur ekkert borið um hraða bifreiðarinnar, enda heldur, að hún hafi strax orðið meðvitundarlaus.

Bifreiðaeftirlitsmaðurinn skoðaði bifreiðina snemma í júlí s. l. Var hún í lagi að öðru leyti en því, að hraðamælirinn var bilaður. En honum var kunnugt um, að efni til að laga þetta vantaði, og lét hann það því átölulaust.

Ákærði gaf ekki hljóðmerki, og virðist honum eigi hafa borið skylda til þess.

Ákærði segist munu hafa ekið með 15 km hraða, 2 vitni segja, að hann hafi ekið fremur hægt, en eitt vitni segir, að hann hafi ekið nokkuð hart.

Ákærði var eigi undir áhrifum víns, enda er reglusamur maður.

Þar sem ákærði gat eigi séð stúlkuna vegna ensku bireiðarinnar, en stöðvaði hins vegar bifreiðina strax og hann sá hana, og þar sem eigi er sannað, að ákærði keyrði of hart, en varla hægt að gefa honum að sök, þó að hraðamælirinn væri eigi í lagi, þar sem efni til aðgerðar á honum vantaði, sbr. athugasemd bifreiðaeftirlitsmannsins, þá þykir, þar sem eigi verður annað séð en ákærði hafi gætt fullrar aðgæzlu, mega sýkna hann af ákæru réttvísinnar og einnig af broti á bifreiða- og umferðarlögunum."

Undir skaðabótamálinu eins og einnig undir hinu opinbera máli hefur af hálfu umboðsmanns stefnanda verið lögð áherzla á að sýna fram á, að teikning lögreglunnar á réttarskjali 28 væri ekki rétt, en hins vegar beri að fara eftir teikningu þeirri, er gerð hefur verið eftir fyrirsögn stefnanda á réttarskjali 6.

Eitt vitni, Hallgrímur Vilhjálmsson, hefur verið færður undir þessu máli.

Segir hann, að uppdráttur á réttarskjali 6 sé réttari en uppdráttur lögreglunnar á réttarskjali 28. Segir hann, að Elísabet, sem fyrir

slysinu varð, hafi legið sem næst í girðingalinunni, og segir, að álit sitt sé, að slysstaðurinn sé ívið of vestarlega á réttarskjali 6, en of austarlega á réttarskjali 28. Hins vegar voru teikningar lögreglunnar gerðar eftir mælingum, sem strax voru gerðar. Og að því leyti sem teikningin á réttarskjali 6 er gerð eftir fyrirsögn stefnanda, þá ber sjálf sáttakæran með sér, að hann hefur eigi fylgzt nægilega vel með því, sem gerðist, þar sem hann virðist halda því fram, að hermannabíllinn hafi ekið á eftir stúlkunni, en hann ók á undan henni, einmitt rétt áður en slysið varð.

Það virðist því eigi heldur undir skaðabótamálinu koma neitt það fram, sem raskið gildi riss þess, sem lögreglan gerði á réttarskjali 28.

Samkvæmt ósk stefnanda hafa verið útnefndir 2 menn til að meta, hve hart bifreiðin A 283 hafi ekið, úr því hún rann 3.75 metra, áður en hún stöðvaðist, og hafa þeir samkvæmt réttarskjali 17 metið, að hraðinn hafi verið h. u. b. 20 km á klukkustund.

Að vísu er þessi hraði nokkuð meiri en ákærði hélt fram undir hinu opinbera máli, en ekkert virðist þó koma fram undir skaðabótamálinu, er raski þeirri niðurstöðu, sem tilvitnaður dómur komst að, um að eigi lægju sannanir fyrir, að bílstjórinn ætti sök á árekstrinum. Hins vegar verður það heldur eigi talið sannað, að slysinu hefði eigi getað orðið afstýrt, ef bifreiðarstjórinn hefði ekið lítið eitt austar á götunni, og má vera, að hann hefði getað það án þess að rekast á ensku bifreiðina. Þá er rétt að taka það fram, að vísu var bifreiðin sjálf í lagi, en hraðamælir bifreiðarinnar var eigi í lagi, og má vera, að ef svo hefði verið, að bílstjórinn hefði þá farið hægara og þannig átt léttara með að stöðva bifreiðina, svo að hægt hefði verið að komast hjá slysinu. Samkvæmt þessu ber að líta svo á, að eigandi bifreiðarinnar, stefndur, sé skaðabótaskyldur, en hins vegar ber og að líta svo á, að stúlkunni, sem ók á eftir ensku bifreiðinni, beri skylda til að íhuga, áður en hún fór yfir götuna, hvort þar gæti verið hætta á ferðum, og jafnvel þótt út frá því væri gengið, sem mótmælt hefur verið, að hún hafi verið komin yfir götuna, er áreksturinn varð, þá er þó á það að líta, að einmitt fyrir þá sök, að bílstjórinn á A 283 sá stúlkuna á götunni fyrir framan sig, þá varð hann að snarstoppa, og einmitt það leiddi til árekstursins.

Samkvæmt þessu ber því að líta svo á, að stúlkan eigi nokkra sök á slysinu.

Stefnandinn sundurliðar stefnukröfuna þannig:

1.	Sjúkrahúskostnaður (Röntgengeislar)	kr.	18.00
2.	Læknis- og lyfjakostnaður	—	29.00
3.	Nuddkostnaður	—	90.00
4.	Hjúkrun í 30 daga, kr. 3.00 á dag	—	90.00

5.	Eyðilagðir silkisokkar	kr.	10.00
6.	Eyðilagt reiðhjól	—	100.00
7.	Bílkostnaður (flutningur á sjúkrahúsið)	—	28.50
8.	Atvinnutjón $^{3}/_{7}$—$^{24}/_{10}$ 1941	—	609.22
9.	Bætur fyrir sársauka og þjáning	—	2000.00
	Samtals	kr.	2974.72

Að því er 1. lið snertir, er reikningur fyrir honum, sem ekkert virðist athugavert við, og ber því að taka hann til greina.

Að því 2. snertir, er reikningur fyrir kr. 20.50, en eftirstöðvarnar kr. 8.75, sem er mótmælt, verða eigi teknar til greina.

3. Er reikningur fyrir honum, sem ekkert virðist athugavert við, og ber að taka hann til greina.

4. Umboðsmaður stefnda hefur mótmælt þessum lið, af því að það sé greiðsla fyrir vist stúlkunnar á heimilinu og eigi því að greiðast af 8. lið, ef hann verði tekinn til greina, en ef henni hafi eigi verið greitt fyrir vist sína á heimilinu, þá sé annar aðili en hún, sem geti gert þess kröfu gildandi. Á þetta verður eigi fallizt, þar sem þessi reikningur virðist vera fyrir sérstaka hjúkrun vegna veikindanna og er sanngjarn, og ber því að taka hann til greina.

Að því er lið 7 snertir, þá eru reikningar fyrir þessum lið, sem ekkert virðist athugavert við, og ber því að taka hann til greina.

Að því er 8. lið snertir, þá er samkvæmt vottorði forstjóra skinnaverksmiðjunnar Iðunnar kaup stúlkunnar fyrir þann tíma, sem hún var forfölluð, kr. 609.22. — Þessu vottorði er að vísu mótmælt, en kaupkrafa þessi virðist svo sanngjörn, að rétt virðist að taka hana til greina, enda eru mótmæli umboðsmanns stefnds gegn kröfunni ekki ákveðin.

Að því er 9. liðinn snertir, þá hefur umboðsmaður stefnds mótmælt honum sem langt of háum, og í munnlegu málfærslunni hefur hann talið, að eigi geti verið að ræða um hærri upphæð en 1000 kr. Samkvæmt vottorði læknisins á réttarskjali 10 brotnaði vinstri fóturinn rétt fyrir ofan ökla, og stúlkan lá heima í gibsumbúðum í 2 mánuði. Enn þá er nokkur bjúgur í henni við stöður.

Þegar á þetta er litið og þegar hins vegar stúlkan samkvæmt vottorði læknis ¾ 1942 er enn eigi orðin frísk samkv. vottorði hans um bjúginn og eigi vissa um það, hvenær hún muni losna við óþægindi af slysinu, þá þykir 2000 kr. krafan ekki of há, og ber því að taka hana til greina.

Samkvæmt þessu verður þá öll krafan kr. 2974.72 minus kr. 8.75, eða kr. 2965.97.

En vegna þess, að stúlkan virðist eiga nokkra sök á slysinu, þó afsakanleg sé, þá ber aðeins að taka kröfuna til greina með kr. 2200,00 ásamt 6% vöxtum frá 12. marz 1942 til greiðsludags.

Í málskostnað greiði stefndur stefnandanum kr. 381.50.

Vegna óvenjumikils annríkis dómarans við sakamálsrannsóknir og sjópróf o. fl. hefur dómur þessi eigi verið kveðinn upp fyrr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Gunnar Guðmundsson bifreiðarstjóri, Lækjargötu 16, Akureyri, f. h. óljálfráðs sonar hans, Kristins Gunnarssonar, greiði stefnandanum, Pétri Jónssyni skósmið f. h. dóttur hans, Elísabetar Pétursdóttur, kr. 2200.00 ásamt 6% vöxtum frá 12. marz 1942 til greiðsludags.

Í málskostnað greiði stefndur stefnandanum kr. 381.50.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. október 1943.

Nr. 57/1943. **Garðar Þorsteinsson** (sjálfur)
gegn
Haldis og Karl Gizke. (Lárus Fjeldsted).

Útburðarmál.

Dómur hæstaréttar.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi lögmanns, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 2. júní þ. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð stefndu. Svo krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Stefndu hafa krafizt staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt húsleigusamningnum átti leigusali að annast hitun hússins, og var endurgjald fyrir það falið í leigunni. Um mánaðamót september og október f. á. varð vanefnd á þessu af hendi þáverandi húseiganda, og urðu leigutakar hússins að annast hitun þess frá þeim tíma. Á sama tíma hófst dráttur á greiðslu húsaleigunnar af hendi stefndu, og hafa þau afsakað dráttinn með því, að þau hafi ekki náð fundi þáverandi húseiganda, enda óvissa um, hver frádráttur

þeim væri heimill vegna vanefnda á hitun. Í janúar þ. á. var bú fyrrverandi húseiganda tekið til gjaldþrotaskipta. Hinn 12. marz var á skiptafundi í búi hans ákveðið að krefja leigutaka í húsum hans um leigu og gefa þeim fyrirvaralausar kvittanir, jafnvel þótt vanskil væru. Hinn 23. marz þ. á. greiddu stefndu til skiptaráðanda upp í leigu kr. 900.00. Var þá ekki enn búið að fastráða, hverja mánaðarleigu þeim bæri að greiða, en þau töldu, að nefnd fjárhæð væri nægileg leiga til 14. maí. Veitti skiptaráðandi fjárhæð þessari viðtöku, án þess að slá varnagla um vanskil leigu.

Áfrýjandi var veðhafi í húsinu, og varð hann hæstbjóðandi að því á nauðungaruppboði 13. apríl þ. á. Uppboðsafsal þess fékk hann 20. s. m. og lét þinglýsa því 20. maí. Áfrýjandi kveðst hafa tilkynnt stefndu 14. apríl, að hann væri eigandi hússins, en þó hafði hann enn ekki fengið eignarráð þess, og verða úrslit þessa máls því ekki reist á þeirri tilkynningu, enda hafa stefndu harðlega mótmælt því, að kvartað hafi verið undan vanskilum þeirra fyrr en beðið var um úrskurð. Þegar litið er til þess, að skiptarétturinn tók fyrirvaralaust við leigu úr hendi stefndu, án þess að vanda um greiðsludrátt við þau, og þess er gætt, að áfrýjandi hefur ekki, svo sannað sé, krafið stefndu um leigu, eftir að hann fékk eignarafsal hússins og áður hann krefðist útburðar, þykir dráttur sá á leigugreiðslu, er orðinn var, þegar útburðar var krafizt, ekki réttlæta útburð stefndu, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 26. maí 1943.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 17. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Garðar Þorsteinsson hrm., krafizt þess, að þau Haldis og Karl Gizke verði borin út úr húsnæði því, er þau hafi á leigu í húsinu nr. 22 við Mánagötu hér í bæ vegna vanskila o. fl.

Gerðarþolar hafa mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar atriðið undir úrskurð fógetaréttarins.

Hvor aðilja um sig hefur krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dags. 30. sept. 1940, tók Karl Gizke á leigu íbúð í húsinu nr. 22 við Mánagötu hér í bæ af þáverandi eiganda þess, Guðmundi H. Þórðarsyni. Leigan var ákveðin kr. 160.00 á mánuði, og skyldi hiti vera þar innifalinn, en tekið er fram í samningnum, að miðað sé við kolaverðið kr. 134.00 pr. smálest, og skuli leigan hækka og lækka í samræmi við kolaverð. Leigan skyldi greiðast fyrirfram til 1. okt. 1941, en síðan misserislega. Með áritun á samninginn, dags. 29. janúar 1942, var samningurinn yfirfærður á frú Haldis Gizke, en þau hjónin virðast búa bæði í íbúðinni.

Gerðarþolar greiddu síðan húsaleiguna til 1. okt. 1942. Síðastliðinn vetur mun húseigandinn ekki hafa séð um kyndingu hússins og ekki lagt fram kol til upphitunar. Snemma á árinu 1943 varð húseigandinn, Guðmundur H. Þórðarson, gjaldþrota. Í byrjun febrúarmánaðar s. l. var gerðarþola Haldis Gizke tilkynnt, að hún mætti ekki framvegis greiða leiguna til Guðmundar H. Þórðarsonar. Hinn 23. marz s. l. greiddu gerðarþolar til skiptaréttarins f. h. þ. b. Guðm. H. Þórðarsonar kr. 900.00 upp í húsaleiguna.

Um miðjan aprílmánuð s. l. keypti gerðarbeiðandi hús þetta. Útburðarkröfu sína byggir gerðarbeiðandi fyrst og fremst á því, að gerðarþolar hafi lent í það verulegum vanskilum, að útburði hljóti að varða. Samkvæmt samningi hafi átt að greiða húsaleiguna fyrir fram fyrir sex mánuði í einu. Þar sem gerðarþolar hafi ekki greitt hina umsömdu leigu þann 1. okt. s. l., eins og þeim hafi borið, hafi þeir þá strax lent í vanskilum, en hann hafi, þá hann eignaðist húsið, gengið inn í allan rétt, sem fyrrverandi eigandi þess hafi haft vegna þessara vanskila. Þá hafi gerðarþolar ekki greitt leigu hinn 1. apríl s. l. fyrir næstu sex mánuði, eins og þeim hafi þó borið. Að því er snertir leiguhæðina, þá telur gerðarbeiðandi, að gerðarþolum hljóti að hafa verið kunnugt um hitakostnað sinn og því vitað, hvað þeim bar að greiða, en gerðarbeiðandi hefur talið, að hitakostnaður gerðarþola muni hafa verið um kr. 28.00 á mánuði, og leigan því átt að lækka um þá upphæð, eða í kr. 132.00 á mánuði.

Þá byggir gerðarbeiðandi útburðarkröfu sína á því, að gerðarþolar sitji í íbúðinni gagnstætt íslenzkum lögum, og virðist þar eiga við, að gerðarþolar hafi ekki rétt til íbúðar hér í bænum samkv. húsaleigulögunum.

Gerðarþolar hafa haldið því fram, að þeir séu ekki í neinum vanskilum. Sá siður hafi verið á í skiptum við fyrrv. eiganda hússins, Guðmund H. Þórðarson, að leigan væri greidd á gjalddögunum 1. október og 14. maí, þrátt fyrir ákvæði húsaleigusamningsins. Ástæð-

an til þess, að leigan hafi ekki verið greidd 1. okt. s. l., eins og til hafi staðið, hafi verið sú, að ókleift hafi verði að ná í húseigandann, Guðmund H. Þórðarson, til þess, að hann tæki við leigunni, en skrifstofufólk hans hafi neitað að taka við henni. Þá hafi það komið til, að þau hafi eigi vitað, hvað þeim bar að greiða, þar sem húseigandinn hafi brugðizt þeirri samningsskyldu sinni að láta þeim í té hita. Þeim hafi síðan í byrjun febrúarmánaðar s. l. verið tilkynnt, að þau mættu ekki greiða húsaleiguna til Guðmundar H. Þórðarsonar. Hinn 23. marz s. l. hafi þau síðan greitt til skiptaréttarins kr. 900.00 upp í húsaleiguna, þar sem ekki hafi verið hægt að gera leiguna nákvæmlega upp sakir hitakostnaðarins, er þau hafi orðið að greiða sjálf, og hafi því átt að dragast frá leiguupphæðinni, en mat húsaleigunefndar á leiguupphæðinni án hita hafi ekki verið fengið þá og sé enn ófengið. Hins vegar séu þau ásátt með að telja hitakostnaðinn kr. 28.00 á mánuði og leiguna því kr. 132.00 á mánuði. Þar sem þau hafi greitt skiptaréttinum kr. 900.00 hinn 23. marz s. l., hafi þau þar með talið sig greiða leiguna í 7½ mánuð, eða til 14. maí s. l., en með þessum útreikningi skuldi þau kr. 90.00 upp í þá leigu. Hafa gerðarþolar boðið fram þá fjárhæð og greiðslu næstu 6 mánuði.

Þá telja gerðarþolar, að þó svo verði litið á, að þau hafi verið komin í vanskil við fyrri eiganda hússins, þá séu þau ekki í vanskilum við núverandi eiganda þess, gerðarbeiðanda, enda hafi hann engan rétt öðlazt vegna fyrri vanskila, þar sem leigan hafi verið greidd, áður en hann eignaðist húsið, enda ekki framseldur sá réttur, ef til hefði verið, með afsalinu.

Þá hafa gerðarþolar haldið því fram, að þau hafi orðið heimilisfastir innanhéraðsmenn árið 1940 og flutt í nefnt hús 1. okt. 1940 og hafi því rétt til að hafa húsnæði hér á leigu, þrátt fyrir ákvæði húsaleigulaganna.

Gerðarbeiðandi hefur mótmælt því, að gerðarþolar hafi ekki getað komið leigunni til fyrrverandi húseiganda, og bent á, að gerðarþolar hafi sjálf ráðið því, að þau greiddu ekki nema kr. 900.00 upp í húsaleiguna til skiptaréttarins, en þeim hafi þó þá hlotið að vera kunnugt um, hvað þeim bar að greiða, þar sem þau hafi hlotið að vita um sinn eigin hitakostnað. Þá hefur gerðarbeiðandi mótmælt því, að sú venja hafi verið á, að leigan skyldi greiðast hinn 1. okt. og 14. maí ár hvert.

Rétturinn verður að líta svo á, að þó að það sé ósannað, að gerðarþolar hafi árangurslaust reynt að koma leigunni til fyrri húseiganda, þegar hún féll í gjalddaga síðastliðið haust, og verið geti, að þau hafi verið í vanskilum við hann, þá skipti það ekki máli hér, þar sem gerðarbeiðandi hefur ekki, gegn mótmælum gerðarþola, fært sönnur á þá staðhæfingu sína, að hann hafi við húsakaupin fengið framseldan allan þann rétt, er fyrri húseigandi kynni að hafa átt.

Auk þess er vitað, að skiptafundur í þrotabúi Guðmundar H. Þórðarsonar, er haldinn var hinn 12. marz s. l., samþykkti að gefa fyrirvaralausar kvittanir fyrir leigugreiðslum frá leigutökum gjaldþrota, þó að þeir væru í vanskilum, og féll þannig frá væntanlegum rétti vegna vanskila. Getur gerðarbeiðandi því ekki byggt á þeim vanskilum, er á urðu, áður en hann eignaðist húsið.

Telja verður, að gegn mótmælum gerðarbeiðanda hafi gerðarþolum ekki tekizt að sanna þá staðhæfingu sína, að gjalddögum á leigugreiðslum hafi verið breytt með síðari venju, og hafi þeim því borið að greiða á sex mánaða fresti. Samkvæmt reikningi aðilja, er samkomulag er um, þá á mánaðarleigan án hita að reiknast kr. 132.00. Nú greiddu gerðarþolar þann 23. marz s. l. til skiptaréttarins kr. 900.00 upp í leiguna, og verður að telja, að kr. 792.00 hafi verið leigugreiðslan fyrir tímabilið frá 1. okt. 1942 til 1. apríl 1943, en þær kr. 108.00, sem af gengu, verða að skoðast sem fyrirframgreiðsla á næsta gjaldtímabil. Undir rekstri málsins hafa gerðarþolar boðið fram það, er á vantar leiguna til 1. okt. n. k.

Með tilliti til þessa og þess, að nokkur óvissa var um leiguhæðina, enda mat húsaleigunefndar um hana ekki fyrir hendi, þykir það, að leigan var ekki boðin fram fyrr en nú, ekki skapa það veruleg vanskil, að útburði geti varðað.

Að því er snertir þá útburðarástæðu, að gerðarþolar hafi ekki haft rétt á að taka húsnæði hér á leigu, þá er ekki sérstaklega mótmælt þeirri staðhæfingu þeirra, að þau hafi orðið hér heimilisfastir innanhéraðsmenn á árinu 1940, og verður því að leggja hana til grundvallar. Var þeim því heimilt að taka húsnæði hér á leigu um haustið 1940. Verður því þegar af þessari ástæðu ekki unnt að taka þessa útburðarástæðu til greina.

Samkvæmt framangreindu verður að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 11. október 1943.

Nr. 122/1942. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Baldvin Kristinssyni (Theódór B. Lindal).

Heimta bóta vegna árekstrar bifreiða.

Dómur hæstaréttar.

Björn Þórðarson lögmaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. des. f. á., krefst þess, að hann verði algerlega sýknaður og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Bifreiðin F 1 var á leið austur Vonarstræti, þegar slys það varð, sem mál þetta er risið af. Fram undan húsinu nr. 8 við Vonarstræti stóðu tvær bifreiðir á götunni við brúnir gangstéttanna, önnur að sunnan en hin að norðan. Myndaðist hlið á milli þeirra á götunni. Þegar F 1 kom í hliðið milli greindra bifreiða, sá bifreiðarstjóri hennar slökkviliðsbifreiðina, sem hann kveður þá rétt komna fram hjá Templarasundi. Beitti hann þá þegar hemlum bifreiðar sinnar, og stöðvaðist hún þegar í stað og var að fullu stöðvuð, er áreksturinn varð. Bifreiðarstjóri F 1, tveir farþegar í bifreið hans og tveir brezkir hermenn í bifreiðinni við syðri vegarbrún synja þess allir, að þeir hafi greint hljóðmerki frá slökkviliðsbifreiðinni. Slökkviliðsbifreiðin kom úr Lækjargötu og ók vestur Vonarstræti með allmiklum hraða. Telja slökkviliðsmennirnir, að bjalla hennar hljóti að hafa hringt, er þeir beygðu inn í Vonarstræti, en eftir það mun bjallan ekki hafa hringt. Maður sá, sem gætti blástursins á slökkviliðsbifreiðinni, kveðst hafa gefið greinilega hljóð-

merki hvað eftir annað í Vonarstræti. Annar slökkviliðsmaður, sem í bifreiðinni var, kveður eitt hljóðmerki hafa verið gefið, eftir að þeir komu í Vonarstræti og áður þeir færu fram hjá Templarasundi, en ekki eftir það. Bifreiðarstjórinn á slökkviliðsbifreiðinni getur ekki um hljóðmerkin borið. Hann kveðst hafa hemlað bifreið sína, þegar hann sá, að F 1 var í þann veginn að aka inn í hliðið milli bifreiðanna. Hemlaför slökkviliðsbifreiðarinnar reyndust vera 11 metrar að árekstrarstaðnum. Var þá enn töluverð ferð á slökkviliðsbifreiðinni, svo sem högg það, sem hún veitti F 1, ber vitni um.

Það verður að metast bifreiðarstjórnaum á F 1 til vangæzlu, að hann ók inn á milli bifreiðanna án þess að ganga úr skugga um, hvernig umferð var háttað austan megin við þær. Hins vegar verður að telja, að slökkviliðsmennirnir hafi ekki gefið nægilega greinileg og tíð hljóðmerki, er þeir ætluðu að aka inn á milli bifreiða á götunni á svo mikilli ferð, sem á slökkviliðsbifreiðinni var. Samkvæmt þessu þykir mega staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 700.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Baldvin Kristinssyni, kr. 700.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. sept. 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. maí s. l., af hrm. Theódór B. Líndal hér í bæ f. h. Baldvins Kristinssonar, Siglufirði, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðaráreksturs, að upphæð kr. 3169.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. maí s. l. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda, til vara, að

tjóninu verði skipt að tiltölu við sök hvors bifreiðarstjóra. Þá krefst stefndur og málskostnaðar eftir mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að um kl. 16 þann 5. apríl s. l. ók fólksflutningabifreiðin F 1 frá Suðurgötu austur Vonarstræti hér í bæ. Virðist hún hafa ekið fremur hægt, eða með 15—20 km hraða á klst. Á móts við húsið nr. 8 við Vonarstræti stóðu tvær bifreiðar, sitt hvoru megin við götuna og nokkurn veginn andspænis hvor annari. Mun bifreiðin F 1 hafa ekið nálægt miðri götu þar til hún nálgaðist bifreiðar þær, er stóðu kyrrar, en þá beygði hún að vinstri vegarbrún. Ekki staðnæmdist hún þó þar, heldur beygði aftur út á götuna milli bifreiðanna, en í sömu svifum kom slökkviliðsbifreið Reykjavíkurbæjar á allmiklum hraða vestur Vonarstræti, og skullu bifreiðarnar saman. Skemmdist bifreiðin F 1 allmjög við árekstur-inn, en slökkviliðsbifreiðina sakaði ekki.

Stefnandi, eigandi bifreiðarinnar F 1, telur sig hafa orðið fyrir þessu tjóni í sambandi við áreksturinn:

1.	Viðgerðarkostnaður	kr. 959.50
2.	Kostnaður við matsgerð	— 50.00
3.	Tjón vegna þess, að bifreiðin hafi verið ónothæf í 27 daga	— 2160.00
		Alls kr. 3169.50

Telur stefnandi, að stefndur beri skv. bifreiðalögunum skaðabótaábyrgð vegna áreksturs þessa, þar sem stjórnandi slökkviliðsbifreiðarinnar eigi einn sök á honum. Slökkviliðsbifreiðin hafi ekið óforsvaranlega hratt, — enda engin heimild til undanþágu að því leyti, þar sem hún hafi verið að koma frá brunastað, — og auk þess hafi hún látið hjá líða að gefa hljóðmerki, þannig að bifreiðarstjórinn á F 1, sem ekki hafi séð til hennar fyrr en á síðustu stundu, hafi ekki varað sig á ferðum hennar.

Af hálfu stefnds er því hins vegar haldið fram og sýknukrafan byggð á því, að bifreiðarstjórinn á F 1 hafi ekið svo ógætilega, að hann eigi einn sök á árekstrinum. Vangæzla hans sé í því fólgin að taka hvorki eftir því, að slökkviliðsbifreiðin kom vestur götuna, né eftir því, að hún hafi gefið hljóðmerki, og svo hafi hann með því að beygja að vinstri vegarbrún, rétt áður en komið var að bifreiðunum, er stóðu kyrrar, gefið bifreiðarstjóranum á slökkviliðsbifreiðinni réttmæta ástæðu til að ætla, að F 1 ætlaði að bíða fyrir aftan þessar bifreiðar.

Samkvæmt vitnaframburðum þeim, er fyrir liggja í málinu, getur það gegn mótmælum stefnanda ekki talizt nægjanlega sannað, að slökkviliðsbifreiðin hafi gefið hljóðmerki á þeim tíma, er skiptir máli, áður en áreksturinn varð. Með því að slökkviliðsbifreiðar eru ekki undanþegnar því boði bifreiðarlaga að gefa hljóðmerki, verð-

ur að telja, að stjórnendur slökkviliðsbifreiðarinnar eigi vegna þessa þá sök á árekstrinum, að sýknukrafa stefnds geti ekki orðið tekin til greina. — Hins vegar getur það ekki talizt bifreiðarstjóra slökkviliðsbifreiðarinnar til áfellis, þótt hann hafi ekið allhratt, því að bifreiðar sem þessi eru undanþegnar ákvæðum bifreiðarlaga um hámarkshraða, og það, hvort sem þær eru á leið til brunastaðar eða frá honum.

Að áliti réttarins verður að telja, að bifreiðarstjórinn á F 1 hafi, eins og á stóð og eins og hann hagaði ferð sinni, átt að sjá til slökkviliðsbifreiðarinnar, þar sem hún kom vestur Vonarstræti, og að hann hafi því sýnt vangæzlu að þessu leyti svo og með því að aka eins og hann gerði, rétt áður en hann kom að hinum stöðvuðu bifreiðum, og gefa þannig bifreiðarstjóranum á slökkviliðsbifreiðinni, sem tók eftir ferðum hans, tilefni til að ætla, að hann hefði í hyggju að bíða þar.

Samkvæmt þessu verður því að telja, að bifreiðarstjórarnir eigi báðir sök á umræddum árekstri, og ber eigendum bifreiðanna þá skv. 4. tölulið 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23/1941 að bæta tjónið að tiltölu við sök hvors um sig, en eins og atvikum að árekstrinum var háttað skv. framansögðu, þykir rétt, að hvor aðili beri tjónið að helmingi. Kemur þá upphæð bótakröfunnar til álita.

Tveir fyrstu kröfuliðirnir eru viðurkenndir sem réttir af stefndum, en hins vegar hefur hann mótmælt þriðja liðnum sem allt of háum.

Það er viðurkennt, að viðgerð skemmda á F 1 hefði átt að taka 60 verkstundir, ef allt hefði verið með felldu, en vegna þess að ýmsa nauðsynlega varahluti vantaði, var bifreiðin ekki fær til aksturs fyrr en eftir 27 daga. Mótmælir stefndur því eindregið, að hann eigi að bera fulla ábyrgð á því tjóni, sem af þessu stafi, en telur hins vegar sanngjarnt að reikna með 9 daga stöðvun í þessu sambandi. Skv. óvéfengdu vottorði námu „brúttó"-tekjur eigenda þeirra bifreiða, er atvinnu höfðu af akstri fólks hér í bæ, 80—100 kr. á dag, á þeim tíma, er hér um ræðir. Bifreiðin F 1 var notuð til slíkra flutninga, og var sérstakur bifreiðarstjóri með hana á vegum stefnanda, og er kaup hans falið í umræddri bótakröfu.

Að þessu athuguðu og þar sem fallast verður á það með stefndum, að honum beri ekki að fullbæta tjón eins og það, sem að framan er lýst (þ. e. vegna þeirrar tafar á viðgerð, er stafar af vöntun varahluta), þykja bæturnar skv. þessum kröfulið hæfilega metnar kr. 1120.00.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda helming af kr. 959.50 + kr. 50.00 + kr. 1120.00, eða kr. 1064.75 ásamt 5% ársvöxtum frá 9. maí þ. á. til greiðsludags svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnandanum, hrm. Theódór B. Lindal f. h. Baldvins Kristinssonar, kr. 1064.75 með 5% ársvöxtum frá 9. maí 1942 til greiðsludags og kr. 250.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. október 1943.

Nr. 43/1943. **Vélsmiðjan Jötunn h/f**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Húsaleigunefnd Reykjavíkur
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómari hrl. Jón Ásbjörnsson í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Kröfu um fjárnám fyrir dagsektum hrundið.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson lögmaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. apríl þ. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að dagsektirnar verði lækkaðar og fjárnámið einungis staðfest að því leyti. Svo krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Umboðsmenn aðilja hafa hér fyrir dómi verið á einu máli um það, að húsnæði því, sem í máli þessu greinir, hafi að fullu verið breytt í einkaíbúð hinn 18. janúar þ. á. Telja verður það meginreglu í íslenzkri löggjöf, að ákvæði dóms eða úrskurðar um dagsektir á hendur aðilja verði ekki fullnægt, hvorki með aðför né afplánum, ef því er að skipta, eftir að hann hefur gegnt þeirri skyldu, sem knýja átti hann

til með dagsektum, sbr. 2. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936 og áður 4. gr. laga nr. 13/1925.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Etir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 20. febr. 1943.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 5. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Sigurgeir Sigurjónsson hrm., krafizt þess í umboði húsaleigunefndar, að fram fari fjárnám hjá h/f Jötni, eiganda hússins Pálshús við Lágholtsveg, til tryggingar dagsektum, sem námu 31. des. s. l. kr. 8100.00, svo og til tryggingar kostnaði öllum við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Gerðarþoli hefur aðallega mótmælt framgangi þessarar gerðar, en til vara krafizt lækkunar á hinum úrskurðuðu dagsektum. Þá hefur hann og krafizt málskostnaðar eftir mati réttarins.

Með úrskurði húsaleigunefndar, uppkveðnum 7. október síðastliðinn, var gerðarþola, að viðlögðum 100 króna dagsektum, gert að breyta neðri hæð hússins Pálshúss við Lágholtsveg úr teiknistofum og skrifstofum í íbúð, og skyldu dagsektir falla á að þrem dögum liðnum frá birtingu úrskurðarins, en úrskurður þessi var birtur í skrifstofu gerðarþola 8. október 1942, og bar því að reikna dagsektir frá og með 12. þ. m., ef húsnæðinu yrði ekki breytt í hið fyrirskipaða horf. Þann dag gerir gerðarþoli leigusamning um húsnæði þetta, þar sem hann leigir tilgreindri persónu alla hæðina, 3 herbergi og eldhús, fyrir tiltekna upphæð. Eftir því sem viðurkennt er í máli þessu, hefur leigutakinn þó ekki fengið afnot allrar hæðarinnar, heldur hefur gerðarþoli sjálfur notað eitt herbergi af íbúðinni fyrir teiknistofu og skrifstofu, án þess að samþykki húsaleigunefndar kæmi til.

Aðalkröfu sína byggir gerðarþoli á því, að hann hafi haft réttmæta ástæðu til þess að vænta þess, að umræddar dagsektir kæmu ekki til framkvæmda, þar eð hann hefði leigt húsnæði þetta til íbúðar þegar 12. október s. l. og sent húsaleigusamninginn húsaleigunefnd til staðfestingar, enda þótt hann með samkomulagi við leigutakann hefði fengið leyfi til þess að nota eitt herbergi af íbúðinni sem skrifstofu og teiknistofu. Kveðst hann oft hafa spurzt fyrir um mál þetta, en ávallt verið tilkynnt hið sama, að húsaleigunefnd væri ekki unnt að taka málið fyrir vegna annríkis.

Í desembermánuði síðastliðnum hefði húsaleigunefnd loks komið til að skoða húsnæðið, en hann hefði þá engin skýr svör fengið um það, hvaða afstöðu hún tæki til málsins, og ekkert síðar um málið heyrt, fyrr en hann fékk í fyrra mánuði tilkynningu um fjárnámskröfu fyrir dagsektum.

Gerðarbeiðandi hefur með öllu mótmælt því, að húsaleigunefndin hafi komið til gerðarþola í sambandi við úrskurðinn um dagsektir, heldur hafi nefndin aðeins komið í þeim tilgangi að meta leigu þess húsnæðis, er gerðarþoli hafði leigt út, en við komu sína þangað hafi húsaleigunefndin komizt að raun um, að gerðarþoli hafi enn haft skrifstofu og teiknistofu í íbúðinni, og átalið það við hann og hvatt hann til að hlýðnast úrskurðinum og kippa þessu í lag.

Samkv. því, sem hér er komið fram, verður ekki talið, að gerðarþoli hafi til fulls hlýðnazt úrskurði húsaleigunefndar á réttarskj. nr. 2, og verður því að telja, að grundvöllur sé fyrir framgangi þessarar gerðar.

Varakröfu gerðarþola verður heldur ekki hægt að taka til greina þegar af þeirri ástæðu, að eigi verður séð, að fógetarétturinn geti ákveðið upphæð þeirra sekta, sem hér um ræðir. Málskostnaðarkrafa gerðarþola verður eftir þessum úrslitum ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessu verður að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Úrskurð þenna hefur ekki verið unnt að kveða upp fyrr vegna anna.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fjárnámsgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Föstudaginn 15. október 1943.

Nr. 79/1942. **Magnús Guðbjartsson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Karel Hjörtþórssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Heimta ábyrgðarskuldar.

Dómur hæstaréttar.

Hérasðdóm hefur Björn lögmaður Þórðarson kveðið upp. Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. ágúst 1942. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1006.84 með 6% ársvöxtum frá

25. júní 1941 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms, en til vara lækkunar á kröfu áfrýjanda. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í húsaleigusamningi áfrýjanda og Ástu Vigfúsdóttur frá 28. sept. 1938 segir, að húsnæðið sé leigt frá 1. okt. 1938 til 1. okt. 1939, en uppsagnarfrestur af beggja hálfu áskilinn 3 mánuðir fyrir 1. október, og skuli leigumála ekki slitið á öðrum tíma árs. Samkvæmt þessu gerðu aðiljar ráð fyrir þegjandi framlengingu samningsins frá ári til árs, og tók ábyrgð stefnda því til slíkrar framlengingar.

Þegar stefndi útvegaði Ástu Vigfúsdóttur íbúð í húsi áfrýjanda og tókst ábyrgðina á hendur, var honum kunnugt um, að hún var eigna- og atvinnulaus, en hafði fyrir þremur börnum að sjá. Hlaut hann því að gera ráð fyrir, að til beggja vona mundi bera um greiðslu húsaleigu af hennar hendi. Það verður að ætla, eins og á stóð, að hann hafi fylgzt með því, hvernig skiptum þessum reiddi af, enda er það upp komið, að hann hafi síðar, að því er virðist í aprílmánuði 1941, aðstoðað Ástu Vigfúsdóttur, er hún reyndi að fá Reykjavíkurbæ til þess að greiða húsaleigu sína. Verður því að telja, að ábyrgðarskuldbinding stefnda hafi tekið til leigu þeirrar, sem í máli þessu er krafizt, og að skyldan hafi ekki verið fallin niður, er mál þetta var höfðað.

Kröfu sína sundurliðar áfrýjandi þannig:

1. Eftirstöðvar húsaleigu frá 1. okt. 1938 til 14. maí 1941	kr.	940.00
2. Kostnaður við árangurslausa löghaldsgerð hjá Ástu Vigfúsdóttur	—	60.35
3. Vextir frá 14. maí til 25. júní 1941	—	6.49
Samtals	kr.	1006.84

Samkvæmt framansögðu ber að dæma áfrýjanda tvo fyrstu kröfuliðina, samtals kr. 1000.35, en að þriðja liðnum hefur áfrýjandi ekki fært rök, og verður hann því ekki

tekinn til greina. Þá ber og að dæma áfrýjanda vexti af dæmdri fjárhæð, 6% frá stefnudegi, 21. janúar 1942, til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals kr. 800.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Karel Hjörtþórsson, greiði áfrýjanda, Magnúsi Guðbjartssyni, kr. 1000.35 með 6% ársvöxtum frá 21. janúar 1942 til greiðsludags og samtals 800 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júní 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 16. janúar 1942, af Magnúsi Guðbjartssyni vélstjóra, nú til heimilis í Vestmannaeyjum, gegn Karel Hjörtþórssyni verkstjóra, Víðimel 35 hér í bænum, til greiðslu ábyrgðarskuldbindingar, að fjárhæð kr. 1006.84 með 6% ársvöxtum frá 25. júní 1941 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Atvik málsins eru þau, að 29. september 1938 leigði stefnandi ekkju nokkurri hér í bænum íbúð, eitt herbergi og eldhús, í kjallara hússins nr. 28 C við Laugaveg. Var leigan kr. 40.00 á mánuði, eða kr. 480.00 um árið. Samningurinn var gerður til ákveðins tíma, eins árs, þ. e. frá 1. október 1938 til 1. október 1939.

Stefndur í máli þessu skrifaði á samninginn sem ábyrgðarmaður leigutaka, og með því að nú eru orðin mjög mikil vanskil af hálfu ekkjunnar, hefur stefnandi í máli þessu krafið stefndan sem ábyrgðarmann um vanskilaskuldina, enda hefur hann látið fara fram árangurslaust löghald hjá ekkjunni til tryggingar skuldinni.

Stefndur neitar greiðsluskyldu sinni af þeim ástæðum: 1) að veruleg forsenda fyrir ábyrgð sinni hafi verið, að íbúðin væri í góðu lagi, en á það hafi verulega skort, og 2) að stefnandi hafi aukið svo mikið áhættu sína með því að láta safnast margra mánaða leigu, að hann (stefndur) sé ekki lengur skuldbundinn eftir ábyrgðarskuldbindingunni.

Það þykja ekki liggja fyrir sannanir um það í máli þessu, að

umrædd íbúð hafi verið óleigufær á tímabilinu frá 1. október 1938 til 1. október 1939, og með því að ábyrgð stefnds er aðeins miðuð við það tímabil og vanskil ekki orðin sérlega stórkostleg, er því lauk, þá þykja þessar varnarástæður stefnds ekki hafa við rök að styðjast. Verður því að telja ábyrgðarskuldbindinguna í gildi fyrir það tímabil, er hún gildir fyrir, eða til 1. október 1939. Til þess tíma nam skuld ekkjunnar kr. 160.00, og verður að dæma stefndan til greiðslu hennar án vaxta, en eftir atvikum þykir þó málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Karel Hjörtþórsson, greiði stefnandanum, Magnúsi Guðbjartssyni, kr. 160.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 20. október 1943.

Nr. 102/1942. **Réttvísin** (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Kristni Guðmundi Guðbjartssyni

(Theódór B. Lindal).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Maður dæmdur til refsingar og bótagreiðslu vegna líkamsáverka.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur farið fram ýtarleg framhaldsrannsókn í máli þessu. Stefán Guðmundur Stefánsson hefur verið kvaddur fyrir dóm af nýju. Fullyrðir hann staðfastlega, að meiðsl þau, er í málinu greinir, hafi hann hlotið af völdum ákærða laugardagskvöldið 20. des. 1941, er ákærði veittist að honum í veitingastofu hans, eins og lýst er í héraðsdóminum. Framburð þenna hefur Stefán staðfest með eiði. Nokkur vitni hafa verið leidd í málinu eftir uppsögu héraðsdóms, þar á meðal nánasta venzla- og samverkafólk Stefáns. Telur fólk þetta sig hafa orðið vart meiðsla hans kvöld eitt nokkru fyrir jól, og hafi hann þá látið þess getið, að meiðslin hafi hann hlotið í

ryskingum í veitingastofunni. Eitt vitnið, Magnea Ólafsdóttir, kveður Stefán þá hafa sagt sér, að meiðslin hafi hann hlotið af völdum ákærða, og hefur hún staðfest þann framburð með eiði. Læknir sá, Ófeigur Ófeigsson, er Stefán leitaði til mánudaginn 22. des. 1941, hefur þá skráð í sjúkraskrá sína eftir Stefáni: „Á laugardagskvöld (20. þ. m.) hrinti maður honum áfram, svo að h. þumall rakst í hlera, sem hann (Stefán) ætlaði að opna.“ Kveðst læknirinn enga ástæðu hafa haft til að rengja frásögn Stefáns um, hve gamalt meiðslið væri. Telur hann lækna vel geta séð, hvort meiðsl sé hálfs annars sólarhrings gamalt eða hvort einhverju verulegu munar til eða frá um aldurinn. Samkvæmt framansögðu telst sannað, að meiðsl Stefáns hafi hlotizt af því, er ákærði í reiði hratt honum á undan sér á afgreiðsluborðið, og að þessar afleiðingar verði að telja ákærða til gáleysis.

Með framangreindum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 500 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Kristinn Guðmundur Guðbjartsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Theódórs B. Líndals, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. júní 1942.

Ár 1942, þriðjudaginn 30. júní var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1355/1942: Réttvísin gegn Kristni Guðmundi Guðbjartssyni, sem tekið var til dóms 15. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Kristni Guðmundi

Guðbjartssyni vélstjóra, til heimilis á Óðinsgötu 25 hér í bæ fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. september 1895, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

1920 $^{28}/_{2}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1927 $^{28}/_{11}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 $^{18}/_{1}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 $^{1}/_{2}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Á Ísafirði:

1921 $^{18}/_{2}$ Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun.
1923 $^{20}/_{7}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot á 8. gr. 2. mgr. lögreglusamþykktar Ísafjarðar.
1923 $^{17}/_{12}$ Dómur: 100 kr. sekt fyrir sams konar brot.

Á Siglufirði:

1932 $^{24}/_{8}$ 30 kr. sekt fyrir mótþróa við lögregluna.

Málavextir eru þessir.

Laugardagskvöldið 20. desember s. l. voru hjónin Guðrún Þorvarðardóttir og Hermann Erlendsson, Kárastíg 8, að ganga niður Skólavörðustíg áleiðis niður í bæ. Þar mættu þau ákærðum, sem þau eru kunnug, og buðu honum heim með sér, og þáði hann það. Þau ákváðu að útvega sér bifreið til að fara í heim til hjónanna, og varð það úr, að Guðrún fór inn í veitingastofu Stefáns Guðmundar Stefánssonar á Skólavörðustíg 3 til að síma eftir bifreið. Þeir Hermann og ákærður urðu eftir úti á götunni, en þegar þá fór að lengja eftir Guðrúnu, gengu þeir inn í veitingastofuna.

Á þessum tíma var allveruleg sundurþykkja með ákærðum og Stefáni veitingamanni. Kvað svo að henni, að Stefán neitaði að selja ákærðum, börnum hans eða sambýliskonu nokkrar veitingar, og gramdist ákærðum þetta mjög, og telur hann þetta óverðskuldaða meinbægni af veitingamannsins hálfu.

Þegar þeir ákærður og Hermann komu inn í veitingastofuna, hafði Guðrún símað í þrjár eða fjórar bifreiðastöðvar, en enga bifreið fengið. Þá var það, að drukkinn maður, Benedikt Sveinsson að nafni, sem þarna var inni, bauðst til að reyna að síma eftir bifreið fyrir þau, og þáðu þau það. Benedikt tók nú að síma, en þá kom Stefán veitingamaður að, sagði, að enga bifreið væri unnt að fá, Benedikt hefði ekki fengið símann léðan, tók af honum heyrnartólið, ýtti honum frá símanum og sagði, að honum væri bezt að hypja sig út, því að hann vildi ekki hafa drukkna menn inni í veitingastofunni.

Veitingamaðurinn ætlaði nú að ganga inn fyrir afgreiðsluborðið, en þá greip ákærður, sem, þegar hér var komið, var orðinn reiður

veitingamanninum, aftan í afgreiðslujakkakraga hans og ýtti eða hrinti honum á undan sér að afgreiðsluborðinu, svo að hann beygðist yfir það, og skammaði ákærður hann um leið. Hermann tók nú í ákærðan og bað hann að hætta þessu. Það gerði ákærður strax og gekk þegar út úr veitingastofunni með hjónunum. Þegar ákærður hratt Stefáni að afgreiðsluborðinu, kveðst Stefán hafa rekið hægri hönd sína í afgreiðsluborðið og meiðzt töluvert í henni. Hinn 22. des. leitaði hann til Ófeigs Ófeigssonar læknis með meiðsl þessi, og hinn 29. desember gefur læknirinn svo hljóðandi vottorð um meiðslin:

„Stefán G. Stefánsson, 53 ára, Skólav.st. 3, kom til mín þ. 22. þ. m. vegna áverka á h. hendi, sem hann varð fyrir þ. 20. þ. m. Ég fann þá við skoðun mikla bólgu í öllum h. þumalfingri, þumalvöðva (thenar) og út á mitt handarbak. Mestallur fingurinn, allur þumalvöðvinn og úlfliður (sic) neðanverður var blásvartur af subcutan hæmatoma. Fingurinn var mjög aumur og grunur um brot. Daginn eftir var hann röntgenmyndaður, og kom þá fram ca. 1 cm langt brot á basalphalanx, og náði það inn í sjálfan liðinn."

Hinn 16. apríl gaf lækrinn svolátandi vottorð um meiðsl þessi: „Athugaði Stefán G Stefánsson, Skól. 3, í dag. Efri liður h. þumalfingurs er talsv. fyrirferðarmeiri en sá vinstri og nokkur hreyfingarhindrun í liðnum, bæði við aktivar og passivar hreyfingar. Sjúkl. segist finna talsvert til, þegar reynt er á fingurinn, og finnst mér það trúlegt."

Af ákærðs hálfu er því haldið fram, að Stefán hafi ekki hlotið meiðsl þessi fyrir tilverknað ákærðs í nefnt skipti, og á það er bent, að Stefán hafi ekki sýnt lækni meiðslin fyrr en 22. desember. Geti hann því hafa meiðzt á tímanum, frá því er nefndur atburður gerðist og þar til leitað var læknis. Það er að vísu rétt, að viðstaddir tóku ekki eftir, að Stefán yrði fyrir meiðslum við hrindingu ákærðs, og ekki mun Stefán hafa lýst neinum meiðslum á hendur ákærðum á vettvangi. Hins vegar eru meiðslin þannig, að ekkert virðist óeðlilegt við það, að Stefán færi ekki með þau til læknis fyrr en raun varð á, þó hann hefði hlotið þau við hrindinguna. Þá er á það að líta, að það er einungis einn dagur (sunnudagur), sem Stefán lætur líða, áður en hann leitar læknis, og einnig, að ekki er óeðlilegt, að menn í tilfelli eins og hrindingu ákærðs reki hendina í. Eftir öllum atvikum þykir frásögn Stefáns hér að lútandi ekki verða véfengd. Hefur ákærði því orðið sekur við 218. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga. En rétt þykir að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta, og að hún skuli falla niður eftir 2 ár frá uppsögn dóms þessa, verði skilyrði VI. kafla hegningarlaganna haldin.

Stefán veitingamaður hefur krafizt, að ákærði verði dæmdur til

að greiða sér í skaðabætur vegna meiðslanna kr. 250.00, sem sé útlagður kostnaður sinn vegna þeirra. Þar eð hann hefur lagt fram skjöl, er sanna kostnað þenna, verður þessi krafa, þrátt fyrir andmæli ákærða, tekin til greina að öllu leyti.

Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hdm. Gunnars E. Benediktssonar, kr. 150.00. Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Kristinn Guðmundur Guðbjartsson, sæti varðhaldi í 20 daga. En fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla eftir 2 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla hegningarlaganna eru haldin.

Ákærður greiði Stefáni Guðmundi Stefánssyni kr. 250.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdm. Gunnars E. Benediktssonar, kr. 150.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. október 1943.

nr. 70/1943. **Gunnar Guðmundsson** (Theódór B. Lindal)
gegn
Tryggva Helgasyni (Einar B. Guðmundsson).

Bætur vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Eggerz, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 3. ágúst þ. á., krefst þess, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði lækkuð eftir mati dómsins, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður og honum dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Það verður ekki talið sannað, að stefndi hafi látið skorta á aðgæzlu, er hann fór yfir götuna. Hins vegar urðu bifreiðarstjóranum mistök í akstrinum. Samkvæmt þessu ber áfrýjanda að greiða stefnda bætur, sem þykja hæfilega ákveðnar alls kr. 4000.00 með vöxtum eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 1500.00.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Gunnar Guðmundsson, greiði stefnda, Tryggva Helgasyni, kr. 4000.00 með 6% ársvöxtum frá 15. okt. 1942 til greiðsludags og samtals kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 7. júní 1943.

Mál þetta hefur höfðað Tryggvi Helgason bæjarfulltrúi, Hafnarstræti 3, Akureyri, fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, dags. 3. desember 1942, gegn eiganda bifreiðarinnar A 101, Gunnari Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Lækjargötu 16, Akureyri, til þess að fá hann dæmdan til að greiða kr. 5473.22 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. október 1942 til greiðsludags, skaðabætur vegna tjóns af völdum bifreiðarslyss 15. júní 1942, er bifreiðin A 101 ók á stefnanda. Enn fremur krefst hann málskostnaðar, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður kr. 670.76. Krefst hann, að málskostnaður verði greiddur hvernig sem málið fer, þar sem stefndi hefur eigi mætt fyrir sáttanefnd.

Stefndi hefur krafizt þess, að hin umstefnda krafa verði stórlega lækkuð samkvæmt mati réttarins, bæði fyrir þá sök, að stefnandinn eigi allverulegan þátt í slysinu vegna vangæzlu sinnar, og svo vegna þess, að hinir umkröfðu bótaliðir séu of háir í sjálfu sér. Enn fremur krefst hann, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Enn fremur hefur umboðsmaður stefnda lýst því yfir, að Sjóvátryggingarfélagið telji sér ekki löglega stefnt og að dómur í málinu sé eigi bindandi fyrir það.

Atvik málsins virðast þessi:

Stefnandinn kom út úr pósthúsinu mánudaginn 15. júní 1942, að því er virðist, rétt eftir kl. 12½ e. h. Sjálfur hefur hann haldið

því fram, að það hafi verið laust fyrir 12, en síðar fallizt á, að það hafi getað verið á þeim tíma, er stefndur segir, en hann segir, að hann hafi komið frá mat rúmlega kl. 12½ e. h. Í fylgd með stefnanda var Árni Árnason, Aðalstræti 12 á Akureyri. Eftir Árna beið bíll, er hann hafði leigt hjá B. S. O., og stóð hann vestanverðu í Hafnarstræti, næstum því á móti Hafnarstræti 86, en þó heldur innar. Sneri bíllinn í norður. Bifreiðarstjóri á bílnum var Þórhallur Guðmundsson. Árni bauð stefnanda að aka heim með sér, og héldu þeir þá yfir götuna. Kom þá bifreiðin A 101 frá bifreiðarstöðinni Hreyfli sunnan götuna, bifreiðarstjóri Ari Steinberg Árnason, og rakst bifreiðin á stefnanda. Bifreiðarstjórinn á A 101 segist hafa komið frá mat sunnan úr bænum rúmlega kl. 12½ e. h. Sá hann bifreið á vesturkanti vegarins, er sneri til norðurs, og var hún á móti Hafnarstræti 86. Hann segist hafa ekið með 15—20 kílómetra hraða. Bifreið, segir hann, að hafi komið á móti sér úr norðurátt. Ók hún fyrir austan hann, en í þeim svifum, er hún ók fram hjá honum, sá hann 2 menn, er voru á gangi yfir götuna. Hann ætlaði þá að bremsa, en fóturinn slapp af bremsunni, svo að hann gat eigi stöðvað bifreiðina, eins fljótt og hann ætlaðist til. Kastaðist stefnandinn við árekstur inn, sem varð, til norðurs, eins og hann hefur sjálfur skýrt frá. Hann segir, að bifreiðin hafi runnið dálítið eftir árekstur inn, en hann segir, að það muni ekki hafa getað verið lengra en 2—3 bíllengdir, og virðist stefnanda og honum bera saman um það. Stefnandinn segir, að bifreiðin hafi komið sunnan götuna, en hann getur ekki sagt, með hvað miklum hraða, og fékk hann við árekstur inn hart högg á fæturna og hrökk 3—4 faðma undan bifreiðinni til norðurs. Ætlaði hann, sem var nokkuð á undan Árna, að forða sér vestur fyrir bifreiðina, en það tókst eigi, eins og þegar hefur verið tekið fram. Samkvæmt kæru Jóns Sveinssonar, dags. 19. jún, sem stefnandinn hefur talið rétta, segir, að stefnandinn hafi litið í kringum sig, áður en hann fór yfir götuna, og sá þá engan bíl koma að sunnan. En er stefnandinn og Árni voru rétt komnir að bílnum, sem beið eftir þeim, kallaði Árni upp og tók viðbragð, en þetta bjargaði ekki frá árekstrinum á stefnanda. Stefnandinn segir, að bifreiðin hafi eigi gefið neitt hljóðmerki, og var þetta viðurkennt undir munnlega málflutningnum. Vitnið Þórhallur Guðmundsson var á gangstéttinni vestan við götuna og gekk norður stéttina og sneri baki til suðurs. Vitnið sá stefnandann og Árna koma skáhallt yfir götuna, en leit svo augnablik af þeim félögum og sá, að stefnandinn var á hlaupum undan bifreiðinni, sem kom sunnan veginn, en Árni hafi stanzað. Hann sá bifreiðina lenda á stefnanda. Vitnið getur eigi sagt um, hvort bifreið hafi komið að norðan og mætt A 101. Vitnið getur ímyndað sér, að A 101 hafi ekið með 20 kílómetra hraða, er árekstur inn varð. Vitnið Randver Klængur Krist-

jánsson heldur, að bifreiðin hafi ekið um 16—20 kílómetra á klst., er áreksturinn varð, en Árni veitti því ekki sérstaklega eftirtekt, hvort bifreiðarstjórinn á A 101 bremsaði.

Vitnið Árni segir, að stefnandinn og hann hafi orðið fyrir framan bifreiðina, sem kom að norðan. En er sú bifreið var komin 2 fet fram hjá þeim, sáu þeir aðra koma að sunnan. Stefnandinn var dálítið á undan honum og vestar á götunni, og virtist honum hann lenda á vinstra skermi bifreiðarinnar. Vitninu virtist bifreiðin ekki aka hart.

Stefndur hefur sagt, að hann hafi eigi tilkynnt lögreglunni slysið, af því að stefnandinn hafi eigi talið, að það væri nauðsynlegt, og hefur stefnandinn játað, að hann hafi sagt, að það væri ef til vill ekki nauðsynlegt eða vonandi ekki nauðsynlegt.

Í prófunum er sagt, að bifreiðarstjórinn hafi sýnt ökuskírteini í réttinum, dags. 19. júní 1942, en áreksturinn varð 15. júní. Sannleikurinn er, að skírteinið, sem sýnt var, var frá 13. apríl 1941, eftir að bílstjórinn hafði tekið hið minna bifreiðarpróf, en á það skírteini var áteiknað eins og venjulega um hið stærra próf. Skírteinið var aftur sýnt undir munnlega málflutningnum. Þar sem stefndi hefur eigi getað sannað, að slysið hefði eigi viljað til, þó hann hefði sýnt fulla varkárni, sbr. og að hann játar, að fóturinn hafi sloppið af bremsunni, enda eigi sannað, með hve miklum hraða hann ók, þá virðist mega líta svo á, að stefndur sé skaðabótaskyldur.

Hins vegar hefur stefndur eigi fært sannanir að því, að stefnandinn hafi sýnt óaðgæzlu, er hann fór yfir götuna, og verður hann því eigi talinn skaðabótaskyldur.

Ber þá að athuga skaðabótakröfuna.

Tvö vottorð liggja fyrir frá lækninum. Annað frá 20. júní 1942, hitt frá 3. ágúst s. á.

Í fyrra vottorðinu segir, að stefnandinn hafi verið skrámaður viðs vegar á höndum og framan á fótlegg og hægra hné. Dýpstu sárin voru framan á v. þumalfingurgóm og rifið upp í hægri þumalfingurnögl. Segir, að hann sé óvinnufær af þessum meiðslum næstu daga, sérstaklega þar sem hann á að vinna við vosbúð og óþrifalegt verk, þ. e. aðgerð á fiski. Í síðara vottorðinu segir meðal annars, að hann muni hafa fengið vægt taugaáfall, er síðar kom í ljós. Þá segir, að hann hafi verið ½ mánuð frá vinnu, en fór þá aftur að vinna, þó engan veginn jafngóður vegna stirðleika og eymsla í III. og IV. fingri vinstri handar — mun hafa fengið distortio á miðhnúalið þessara fingra, en það var lítið áberandi fyrst eftir slysið — og almennur óstyrkleiki og nervösitet.

Segir í vottorðinu, að stefnandinn sé enn eigi jafngóður, þótt hann verði að teljast full vinnufær, en allar líkur bendi til, að slasaði verði þó jafngóður með tímanum.

Skaðabótakrafan sundurliðast þannig:

1. Bætur fyrir sársauka og þjáningar ..... kr. 2000.00
2. Veiðiför 18. júní til 29. júní og söluferð til Englands 29. júní til 9. júlí, er stefnandi var ráðinn til á b/v „Venus“ GK. 519, en komst ekki í vegna meiðslanna ..... — 3373.22
3. Buxur, sem ónýttust við slysið ..... — 50.00
4. Hreinsun á fötum ..... — 25.00
5. Lækniskostnaður ..... — 25.00

Að því er fyrsta liðinn snertir, þá hefur stefndi mótmælt honum mjög ákveðið, talið, að hér hafi aðeins verið um smámeiðsl að ræða og að líðan stefnanda hefði orðið verri, ef hann hefði farið söluferðina með „Venus“ yfir hættusvæðið.

Á þetta verður ekki fallizt.

Læknirinn hefur talið, að stefnandinn hafi fengið taugaáfall, að vísu létt, en þetta verður jafnan að skoða sem mjög alvarlegan hlut, og auk þess er kveðið svo að orði í læknisvottorðinu frá 3. ágúst, að allar líkur bendi til, að slasaði verði jafngóður með tímanum, það er ekki fullyrt, að hann verði jafngóður. Það þykir því mega taka 2000 kr. kröfuna til greina.

Að því er 2 snertir, þá hefur þessum lið verið mótmælt og því haldið fram, að þó stefnandinn kæmist eigi í þenna túr, þá hefði hann getað komizt síðar í annan túr eftir venju, sem ráði um, hvernig sölutúrum sé skipt á meðal háseta.

Kaup það, sem gert er fyrir túrinn á „Venus“, er samkvæmt vottorði skipstjórans á „Venus“ á réttarskj. 7 kr. 3373.22. Samkvæmt vottorði útgerðarmanns „Venus“, réttarskj. 19, fór „Venus“ ekki fleiri túra eftir þann, sem stefnandinn gerði reikning fyrir. Stefndi hefur krafizt þess, að stefnandinn fengi venjuleg verkamannalaun á Akureyri fyrir þann tíma, sem hann var veikur, en þau voru kr. 24.57 á dag, eða kr. 343.98 í ½ mánuð. Lengri tíma geti eigi verið um að ræða, þar sem stefnandinn fór að vinna eftir ½ mánuð. Enn segir stefndur, að ef bæturnar yrðu að einhverju leyti miðaðar við skipsrúm, þá beri að draga frá upphæðinni það, sem stefndur vann sér inn á tímabilinu, sem ekki geti verið minna en verkamannakaup frá 29. júní til 9. júlí, eða kr. 297.00.

Stefnandinn segist aftur hafa unnið sér inn kr. 90.00 fyrsta daginn í júlí 1942, sbr. réttarskjal 15, og vill láta draga það frá, en meira neitar hann að hafa unnið sér inn, og styðst það einnig við réttarskjal 15, en hins vegar hefur stefndur eigi sannað, að hann hafi unnið sér meira inn.

Rétturinn lítur svo á, að ljóst sé, að vegna bifreiðarslyssins hafi stefndur eigi komizt í ferðir þær með „Venus“, sem hann var ráðinn í, og ber því að taka skaðabótakröfuna til greina, enda því eigi mótmælt, að kaupupphæðin hafi verið rétt til greind, en hins vegar

ber að draga frá greindri upphæð kr. 90.00, sem stefnandinn viðurkennir, að hann hafi unnið sér inn, og ber því að taka 2. lið, kr. 3373.22, til greina að frádregnum 90 kr., eða kr. 3283.22.

Liðina 3—4 ber að taka til greina, sbr. vottorð á réttarskjali 16 og 17, eða samtals kr. 75.00 og sömuleiðis 5. lið, lækniskostnað, kr. 25.00, eða samtals kr. 5383.22 með 6% ársvöxtum frá 15. október 1942 til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda í málskostnað, kr. 670.76.

Þar sem Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f var kunnugt um þetta mál, þá virðist reglunni í 37. gr. bifreiðalaganna vera fullnægt um þetta atriði.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, bifreiðarstjóri Gunnar Guðmundsson, greiði stefnandanum, bæjarfulltrúa Tryggva Helgasyni, kr. 5383.22 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. okt. 1942 til greiðsludags.

Í málskostnað greiði stefndur stefnandanum kr. 670.66.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. október 1943.

Nr. 39/1943. **Haraldur Bjarnason** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Ásbirni Ó. Jónssyni og Sófus Jakobsen
(Sigurður Ólason).

Ágreiningur um vinnuafköst.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. apríl þ. á., krefst þess, að honum verði einungis dæmt að greiða kr. 450.13. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu hafa krafizt staðfestingar héraðdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Af mælingargerð fulltrúa Málarameistarafélags Reykjavíkur, er fram fór 13. ágúst f. á., og matsgerð dómkvaddra

manna, dags. 21. nóv. f. á., má ráða, að vinnuafköst stefndu hafi verið mjög rýr, miðað við vinnustundafjölda þann, sem þeir krefjast launa fyrir. Sitja verður þó við greiðslu vinnulauna þeirra, er áfrýjandi hefur þegar goldið stefndu fyrirvaralaust. Stefndu telja sig ennþá eiga kr. 600.00 ógreiddar fyrir vinnu. Rétt þykir að færa þessa kröfu niður í kr. 400.00 með skírskotun til framangreindra gagna um vinnubrögð stefndu. Samkvæmt þessu ber að lækka fjárhæð þá, sem dæmd er í héraði, niður í kr. 1552.72.

Eftir atvikum málsins þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Haraldur Bjarnason, greiði stefndu, Ásbirni Ó. Jónssyni og Sófusi Jakobsen, kr. 1552.72 með 5% ársvöxtum frá 1. ágúst 1942 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. febr. 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. sept. f. á., af málarameisturunum Ásbirni Ó. Jónssyni og Sofus Jacobsen hér í bæ gegn Haraldi Bjarnasyni byggingarmeistara, Barónsstig 59 hér í bænum, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 2213.24, sem stefnendur hafa nú lækkað í kr. 1990.05, ásamt 5% ársvöxtum frá 1. ágúst f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst aðallega sýknu gegn greiðslu á kr. 450.13, en til vara gegn greiðslu á kr. 535.52. Einnig krefst stefndur málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Málavextir eru þeir, að síðastliðinn vetur og vor var stefndur að reisa hús við Samtún 42 hér í bænum. Fékk hann stefnendur til þess að mála húsið, og hófu þeir það starf sitt þann 10. apríl f. á. Unnu þeir síðan við það verk, þar til því var lokið hinn 16. júlí s. l. Það er viðurkennt, að málsaðiljar sömdu svo um í upphafi, að stefnendur ynnu verk þetta í tímavinnu. Einnig skyldu þeir leggja til efni, og svo virðist hafa verið um talað, að þeir mættu leggja 45%

á efnisupphæðina. Af framangreindum kvittunum virðist mega ráða, að stefndur hafi greitt stefnendum svo til vikulega þau vinnulaun, er krafin voru, og gekk svo til 6. júní s. l., en þá mun hafa verið búið að mála húsið, að undanteknum kjallaranum. Annar stefnenda Sofus Jakobsen vann síðan við að mála kjallarann til 16. júlí s. l., eins og fyrr segir. Stefndur hefur eigi fengizt til að greiða vinnulaun fyrir þetta tímabil, (þ. e. frá 6. júní til 16. júlí), en á þeim tíma telja stefnendur á framlögðum reikningi, að unnið hafi verið í 195 klst. Kaup var 5 kr. á klst., og nemur vinnulaunakrafa þeirra fyrir þetta tímabil því kr. 975.00. Vangreitt efni telja stefnendur nema kr. 853.87, að viðbættum fyrrnefndum 45%, eða kr. 384.24.

Dómkröfur sínar byggir stefndur á því, að það hafi komið í ljós, þegar líða tók á framangreint verk stefnenda, að vinnustundafjöldi sá, er þeir gáfu upp, hafi verið fjarri öllu lagi. Endurgjald það, er þeir hafi krafið fyrir verkið, sé þannig ósanngjarnt úr hófi fram, og telur stefndur sig því ekki skyldan til að greiða meira fyrir vinnuna en dómkvaddir matsmenn, er stefndur fékk tilnefnda, hafi metið, en samkvæmt matsgerð þessari, dags. 21. nóv. f. á., var vinnukostnaður allur metinn á kr. 2498.00. Þessa upphæð býðst stefndur til að greiða, svo og andvirði efnisins, kr. 853.87, að viðbættum 35% (kr. 298.85), þar sem ólöglegt sé að miða við hærri álagningu, eða alls kr. 3650.72, en hér frá eigi hins vegar að draga greiddar kr. 2766.59 (kr. 300.00 + kr. 2466.59), svo og kr. 434.00 vegna galla, sem komið hafi fram á verki stefnenda, eða alls kr. 3200.59, þannig að eftir standi kr. 450.13, eða til vara kr. 535.52, ef reiknað er með 45% álagningu á efnið.

Af áðurnefndri matsgerð, sem ekki hefur verið hnekkt, þykir að vísu mega ráða, að vinnukostnaðurinn við framangreint verk í heild sé óeðlilega hár. Hins vegar er þess að gæta, að viðurkennt er, að svo hafi verið umsamið, að stefndur skyldi greiða fyrir verkið eftir vinnustundafjölda, og stefndur, sem virðist hafa fylgzt með byggingunni allri og er þaulkunnugur slíkum málum, greiddi stefnendum síðan athugasemdalaust umkrafin vinnulaun, nokkurn veginn jafnóðum og verkinu miðaði áfram, þar til því var langt komið. Verður því að telja, að stefndur hafi veitt stefnendum réttmæta ástæðu til að ætla, að hann mundi og framvegis greiða vinnulaun eftir tilfærðum vinnustundafjölda, enda virðist ekki hafa verið um neina ólöglega samninga að ræða að þessu leyti. Stefndur þykir því eigi nú geta neitað að greiða vangoldin vinnulaun fyrir tímabilið frá 6. júní til 16. júlí f. á., en samkvæmt framlögðum vinnulista var vinnustundafjöldinn 180 klst. á því tímabili. Óvéfengt er, að kaupið hafi þá verið 5 kr. á klst., og á stefndur því vangreiddar að þessu leyti kr. 900.00. Hér við bætist og andvirði efnis, kr. 853.87, auk 35% álagningar, þar sem hærri álagning var ólögleg, og stefndur verður því ekki dæmdur til að inna slíka greiðslu af höndum. Frá þessum

upphæðum (alls kr. 2052.72) ber hins vegar að draga kr. 300.00, sem stefnendur hafa viðurkennt, að stefndur hafi greitt, en þar sem ósannað er gegn mótmælum stefnenda, að þeir eigi sök á göllum þeim, sem fram hafa komið á málningunni, getur hér að lútandi krafa stefnds ekki orðið tekin til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnendum kr. 2052.72 ÷ kr. 300.00, eða kr. 1752.72 ásamt vöxtum eins og krafizt hefur verið. Með tilliti til málavaxta þykir rétt, að stefndur greiði stefnendum kr. 100.00 upp í málskostnað.

Fulltrúi lögmanns, Árni Tryggvason, hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Haraldur Bjarnason, greiði stefnendum, Ásbirni Ó. Jónssyni og Sofus Jakobsen, kr. 1752.72 með 5% ársvöxtum frá 1. ágúst 1942 til greiðsludags og kr. 100.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. nóvember 1943.

Kærumálið nr. 10/1943. **Stefán Runólfsson**
gegn
Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru, sem hingað barst 20. f. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði, uppkveðnum 14. f. m. í bæjarþingi Reykjavíkur af fulltrúa lögmanns Bjarna Bjarnasyni, um vitnaskyldu Ragnars Bjarkans í málinu: Rafveita Austur-Húnavatnssýslu gegn Stefáni Runólfssyni. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og synjað verði heimildar til að leggja spurningar þær, sem í málinu greinir, fyrir nefnt vitni.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í hinum áfrýjaða úrskurði greinir hvorki aðilja málsins

né málsatvik og kröfum og málsástæðum er þar ekki lýst nema að litlu leyti. Hefur héraðsdómari því ekki gætt fyrirmæla 2. mgr. 190. gr. og 1. og 4. málsgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Þykir vegna þessara megingalla á úrskurðinum verða að ómerkja hann og vísa máli þessu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1943.

Umboðsmaður stefnds hefur mótmælt því, að spurningarnar á rskj. 13 væru lagðar fyrir vitnið, Ragnar Bjarkan, á þeim grundvelli, að þær séu til skýringar dómsskjali annars vegar og hinsvegar séu svör við þeim þýðingarlaus fyrir úrslit málsins. Fyrri mótbáran virðist eingöngu eiga við fyrstu spurninguna, og verður ekki séð, að vitninu sé óheimilt að svara henni af þeim orsökum. Hvað síðari mótbáruna snertir, verður ekki að svo stöddu séð, að svörin séu þýðingarlaus fyrir úrslit málsins, ekki sízt þar sem stefndur virðist hafa með greinargerð sinni á rskj. nr. 5 gefið tilefni til þess, að spurningarnar eru fram komnar.

Því úrskurðast:

Framangreindar spurningar verða lagðar fyrir vitnið.

Mánudaginn 1. nóvember 1943.

Kærumálið nr. 11/1943. **Stefán Runólfsson**
gegn
Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru, sem hingað barst 20. f. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði, uppkveðnum 14. f. m. í bæjarþingi Reykjavíkur af fulltrúa lögmanns Bjarna Bjarnasyni, um vitnaskyldu Eggerts Claessens í málinu: Rafveita Austur-Húnavatnssýslu gegn Stefáni Runólfssyni. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og synjað verði heimildar til að leggja spurningar þær, sem í málinu greinir, fyrir nefnt vitni.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í hinum áfrýjaða úrskurði greinir hvorki aðilja málsins né málsatvik og kröfum og málsástæðum er þar ekki lýst nema að litlu leyti. Hefur héraðsdómari því ekki gætt fyrirmæla 2. mgr. 190 gr. og 1. og 4. málsgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Þykir vegna þessara megingalla á úrskurðinum verða að ómerkja hann og vísa máli þessu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1943.

Vitnið hefur neitað að svara spurningunum á rskj. 13, með því að svör þess við spurningunum mundu gefa upplýsingar um atriði, sem væru trúnaðarmál milli þess og umbjóðanda þess, og hins vegar að svörin séu þýðingarlaus fyrir úrslit þessa máls.

Að svo stöddu verður ekki séð, að svörin myndu reynast þýðingarlaus fyrir mál þetta, einkum með hliðsjón af tilefni því, er rskj. nr. 5 virðist gefa til spurninganna, og heldur ekki verður talið, að vitnið hafi fært sönnur á það, að því sé rétt að skorast undan að svara spurningunum, og þykir því eiga að skylda vitnið til að svara þeim.

Því úrskurðast:

Vitninu Eggert Claessen er skylt að svara spurningum þeim á rskj. nr. 13, sem til vitnisins er beint.

Miðvikudaginn 3. nóvember 1943.

Nr. 38/1943. **Réttvísin og valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Christian Agerskow (Lárus Fjaldsted).

Landhelgisbrot og brot gegn 106. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, eru réttilega heimfærð undir þargreind refsilög. Þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdómsins um varðhaldsvist ákærða, en til frádráttar henni komi fullri dagatölu gæzluvarðhald það, sem hann hefur sætt vegna máls þessa eftir uppsögu héraðsdóms.

Fésekt ákærða ákveðst kr. 30000.00 með hliðsjón af gullgildi íslenzkrar krónu, sem nú er 33.90, en var ranglega talið 23.90 í héraðsdómi, og komi í stað sektarinnar varðhald 7 mánuði, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra, svo og um málskostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Christian Agerskow, sæti varðhaldi 2 mánuði, en til frádráttar því komi fullri dagatölu gæzluvarðhald það, sem hann hefur sætt vegna máls þessa eftir uppsögu héraðsdóms. Hann skal greiða kr. 30000.00 fésekt til Landhelgissjóðs Íslands, er afplánist 7 mánaða varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku eigna og málskostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 1. apríl 1943.

Ár 1943, fimmtudaginn 1. apríl, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í bæjarþingstofunni af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 687/1943: Réttvísin og valdstjórnin gegn Christian Agerskow.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærðum fyrir brot gegn 12. og 24. kafla almennra hegningarlaga og lögum nr. 5 1920 um bann við botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 1924. Það var dómtekið samdægurs.

Ákærður er Christian Agerskow, skipstjóri á togaranum War Grey, H. 14, til heimilis 101 Anlaby Road, Hull. Hann kveðst vera fæddur í Hull, 23. nóvember 1896. Hann hefur hinn 11. nóv. 1925 sætt á Akureyri 12280 króna sekt fyrir brot gegn lögum um bann við botnvörpuveiðum.

Síðastliðinn laugardag 27. marz kl. 12.12 renndi varðbáturinn Sæbjörg upp að togaranum War Grey, þar sem hann var að toga með stjórnborðsvörpu úti, út af Stafnesi. Var bauja látin út í kjölvatn togarans og við hann gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Snafnesviti

> 79° 30′

Þórðarfell

> 58° 40′

Reykjanesviti

Dýpi mælt með handlóði reyndist vera 71.0 m. Gefur þetta stað togarans 1.5 sjómílu innan landhelgislínu.

Staðarákvörðun þessi var gerð af skipstjóra varðbátsins, Hannesi Friðsteinssyni, og 1. stýrimanni varðbátsins, Tryggva Blöndal. Prófuðu þeir mælinguna tvisvar sinnum eftir þetta, og kom hið sama út.

Ákærður hefur talið sig hafa verið utan landhelgislínu. Kveðst hann sjálfur hafa gert staðarákvörðun, er stýrimaður varðbátsins var kominn um borð í togarann, eða kl. um 12.50 (brezkur sumartími). Samkvæmt henni hafi hann verið aðeins utan landhelgislínu.

Um leið og Sæbjörg renndi upp að togaranum, stökk 2. stýrimaður, Guðni Thorlacius, um borð í hann og tilkynnti ákærðum, að hann væri í landhelgi og ætti að stöðva og draga inn vörpuna. Ákærður skeytti því ekki og hélt áfram að toga sem fyrr, eins og ekkert hefði iskorizt, unz hann hafði lokið því togi. Einnig neitaði hann að fara að baujunni og mæla stað hennar. Hann sigldi síðar í áttina til Sæbjargar og bauð stýrimanni að fara yfir í varðbátinn. Skipstjóri varðbátsins gaf þá stýrimanni skipun um að vera kyrr um borð í togaranum, og neitaði stýrimaður þess vegna að yfirgefa togarann við þessi málalok. Áður kveðst stýrimaður hafa, að fyrirlagi skipstjóra varðbátsins, spurt ákærðan að heiti, en hann að engu anzað því.

Ákærður hefur skýrt frá því, að hann hafi í fyrstu ekki tekið eftir, að Sæbjörg væri varðbátur, en þó gert sér það ljóst síðar. Er stýrimaður varðbátsins hafði neitað að fara frá borði, sigldi ákærður á brott með hann innanborðs og hafði að engu fyrirmæli hans, um að halda til Reykjavíkur.

Morguninn eftir var togarinn kominn undir Vestmannaeyjar og hitti þar fiskibát. Bauð ákærður þá stýrimanni að kalla yfir til bátverja, að þeir tækju hann í land. Stýrimaður kveðst í stað þess hafa beðið bátverja að taka sig ekki, heldur koma boðum til varðskipsins Ægis, um að hann væri um borð. Lagði báturinn frá togaranum við svo búið. Skömmu síðar hittu þeir annan bát, og gerði ákærður tilraun til að koma stýrimanni af sér með sama hætti, en stýrimaður sagði bátverjum hið sama og hann hafði sagt hinum. Varð því ekki af, að ákærður kæmi stýrimanni yfir í bátana.

Ákærður sigldi síðan á haf út og heimleiðis með stýrimann innanborðs.

Þessa nótt lá varðskipið Ægir við Vestmannaeyjar. Kl. tæplega 8 um morguninn bárust þangað boð Guðna stýrimanns. Hélt Ægir þegar í eftirför og náði brátt War Grey. Voru ákærðum þá gefin merki um að stöðva, fyrst með merkjaflöggum, síðan með lausum skotum og köllum og ljósmerkjum. Fyrsta aðvörun var gefin frá varðskipinu kl. 8.55. Ákærður hélt áfram ferð sinni þrátt fyrir aðvaranirnar. Hóf þá varðskipið að skjóta á sjálfan togarann, en enda þótt togarinn væri hittur, stöðvaði ákærður samt ekki. Alls var skotið að honum 31 skoti, unz hann stöðvaðist. Hafði þá kúla lent í keisnum og gaus þar upp mikil gufa. Var þá kl. 13.17. Varðskipið flutti togarann síðan til Vestmannaeyja, þar sem gert var við hann til bráðabirgða. Síðan var hann fluttur til Reykjavíkur.

Guðni stýrimaður hefur skýrt frá því, að hann hafi haft sæmilega aðbúð um borð, fengið þar mat og svefnrúm. En meðan á viðureigninni við Ægi stóð, var hann hafður uppi á stjórnpalli, og varðmaður settur yfir hann og honum bannað að gera vart við sig yfir á varðskipið.

Að áliti réttarins verður að leggja staðarákvörðun þá, er gerð var af varðbátnum Sæbjörgu, til grundvallar um stöðu togarans, er að honum var komið, þrátt fyrir neitun ákærðs. Hefur hann því gerzt sekur við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 1920, sbr. lög nr. 4 1924. En gullgengi íslenzkrar krónu er nú 23.90.

Með því að sigla á brottu með stýrimann varðbátsins, er kominn var um borð í togarann að skipun yfirmanns síns, í því skyni að stöðva togarann og færa til hafnar, svo brot ákærðs yrði rannsakað fyrir dómstólum, hefur ákærður, að áliti réttarins, gerzt sekur við 106 gr. 2. mgr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt ofangreindum lagaákvæðum og með tillti til hinnar vítaverðu framkomu ákærða í sambandi við töku togarans, m. a. þess, að hann hélt áfram að toga, eftir að hann hafði fengið skipun um að stöðva og stýrimaður varðbátsins var kominn um borð í skip hans, og að ákærði lagði þá, er um borð í togaranum voru, í mikla hættu, með því að láta koma til framangreindra harðræða af hálfu varðskipsins Ægis, þykir refsing hans, með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin varðhald í 2 mánuði og 40000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, er greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en ella komi í hennar stað varðhald í 8 mánuði.

Þá ber og að gera upptækt til sama sjóðs afla og veiðarfæri, þar með talda dragstrengi togarans War Grey H. 14.

Loks greiði ákærður allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns síns, Lárusar Fjeldsteds hrm., er þykja hæfilega ákveðin kr. 500.00.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Christian Agerskow, sæti varðhaldi í 2 mánuði.

Hann greiði og kr. 40000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella komi í hennar stað varðhald í 8 mánuði.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í togaranum War Grey H. 14, skal upptækt gert til sama sjóðs.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns síns hér fyrir réttinum, Lárusar Fjeldsteds hrm., kr. 500.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 5. nóvember 1943.

Nr. 76B/1943. **Valdstjórnin** (Gústav A. Sveinsson)
gegn
Gunnari Bjarnason (Sigurður Ólason).

Brot gegn lögum nr. 24/1937.

Dómur hæstaréttar.

Kærði hefur prófskírteini, er Vereinigte Technische Lehranstalten des Technikum Mittweida í Þýzkalandi hefur gefið út 10. ágúst 1931, og segir þar, að hann hafi lokið fullnaðarprófi „Maschinen — Ingenieure". Þrátt fyrir þetta verður ekki hjá því komizt að telja, að kærðum hafi verið óheimilt að nefna sig „ingeniör", þar sem hann hafði ekki leyfi ráðherra til þess samkvæmt 1. gr. laga nr. 24 frá 1937, enda hefur stéttarfélag verkfræðinga, eftir því sem fram er komið, ekki viðurkennt skóla þann fullgildan, sem kærði hefur lokið prófi við. Þykir sekt kærða hæfilega ákveðin kr. 100.00, sem afplánist 5 daga varðhaldi, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 200.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Gunnar Bjarnason, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 5 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústavs A. Sveinssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 6. júlí 1943.

Ár 1943, þriðjudaginn 6. júlí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Ragnari Jónssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1639/1943: Valdstjórnin gegn Gunnari Bjarnason.

Mál þetta er höfðað gegn kærðum fyrir brot gegn lögum nr. 24 12. júní 1937 um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara og iðnfræðinga.

Kærði er Gunnar Bjarnason, til heimilis á Víðimel 65 hér í bænum, talinn fæddur 12. febrúar 1901 í Reykjavík.

Hinn 5. febrúar s. l. var hann í lögreglurétti Reykjavíkur sektaður um 100 kr. fyrir brot gegn áðurgreindum lögum.

Hann hefur viðurkennt að hafa látið skrá nafn sitt í Viðskiptaskrána, útgefna 1943, og kallað sig þar Mittweidaingenieur, enda þótt hann hafi ekki fengið leyfi ráðherra til að kalla sig verkfræðing eða ingenieur samkvæmt áðurgreindum lögum. Hins vegar hefur hann lagt fram í réttinum eftirrit af prófskírteini frá Mittweida Tecknicum um, að hann hafi staðizt próf Machinen ingenieure, og kveðst hann samkvæmt þeirri heimild hafa látið skrá sig í Viðskiptaskrána, eins og áður greinir.

Með því að taka upp í titil sinn heitið Ingenieur, án þess að hafa til þess leyfi ráðherra, hefur kærður gerzt sekur við 1. gr. áðurgreindra laga, og þykir refsing hans samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 12. júní 1937 hæfilega ákveðin 150 kr. sekt til ríkissjóðs. Vararefsing sektarinnar sé 10 daga varðhald.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Gunnar Bjarnason, greiði 150 króna sekt til ríkissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins, en afplánist ella í varðhaldi í 10 daga.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. nóvember 1943.

Nr. 85/1943. **Valdstjórnin** (Eggert Claessen)
gegn
Trausta Ólafssyni (Lárus Jóhannesson).

Brot gegn bifreiðalögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Dómur hæstaréttar.

Kærði tók til að aka bifreið í beinu framhaldi af neyzlu áfengis um nokkurn tíma. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdómsins ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málsúrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 150 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Kærði, Trausti Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Eggerts Claessens og Lárusar Jóhannessonar, 150 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 12. ágúst 1943.

Ár 1943, fimmtudaginn 12. ágúst, var í lögregluréttí Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni,

fulltrúa sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1858/1943: Valdstjórnin gegn Trausta Ólafssyni, sem tekið var til dóms 10. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Trausta Ólafssyni efnafræðingi, Eiríksgötu 6 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu:

Málavextir eru þeir, er nú skal greina: Sunnudaginn 18. október síðastliðinn kl. 2.35 voru lögregluþjónarnir Guðbrandur Þorkelsson og Ársæll Kristinn Einarsson á varðgöngu vestast í Hafnarstræti. Þá sáu þeir, að fólksflutningabifreiðinni R. 1776 var ekið ljóslausri austur Vesturgötu. Þeir stöðvuðu bifreiðina, sem kærður stýrði og var einn í, og er þeir voru að áminna kærðan, fundu þeir af honum áfengislykt. Þeir spurðu hann, hvort hann hefði neytt áfengis, og játaði hann því. Þeir fóru því með kærðan á lögreglustöðina. Þar játaði hann fyrir varðstjóranum, að hann hefði neytt áfengis um nóttina, að hann hefði verið í húsi einu við Stýrimannastíg og ekið bifreið sinni þaðan eftir Vesturgötu. Síðan var farið með kærðan á Landsspítalann og var þar tekið úr honum blóðsýnishorn, en að því loknu ók lögreglan með hann heim til hans. Blóðsýnishornið eyðilagðist í vörzlum lögreglunnar, áður en það yrði rannsakað.

Kærður skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi um kl. 20.30 á laugardag 17. október ekið í bifreiðinni heim til Guttorms Andréssonar húsameistara, Stýrimannastíg 3, en kærður og Guttormur eru kunningjar. Á heimili Guttorms dvaldi kærður svo óslitið, þar til hann ók bifreiðinni niður í miðbæinn, og lögreglan handtók hann. Hjá Guttormi drakk kærður tvo veika whiskysjússa á löngum tíma. Þegar síðari sjússinum var lokið 20 mínútum til hálftíma áður en kærður fór af heimilinu, var honum veitt örlítil brennivínslögg í vatnsglasi, blönduð vatni. Þessa brennivínsblöndu drakk kærður, áður en hann fór, og helming hennar drakk hann í því hann var að kveðja og fara. Kærðum gekk illa að koma bifreiðinni í gang, en það telur hann hafa stafað af því, hve köld hún var orðin, og á leiðinni niður Vesturgötuna stöðvaðist vél bifreiðarinnar nokkrum sinnum. Allt þetta telur kærður hafa truflað sig svo, að sér hafi láðst að kveikja ljós bifreiðarinnar. Hann kveikti þó ljósin, í því hann fyrst setti vél bifreiðarinnar í gang, en slökkti þau strax aftur vegna þess, hve illa gekk að setja vélina í gang, og gleymdi síðan að kveikja þau aftur. Kærður neitar að hafa fundið á sér áfengisáhrif við aksturinn.

Vitnið Guðbrandur Þorkelsson lögregluþjónn hefur borið, að áfengislykt hafi verið af kærðum og hann hafi verið eins og tekinn

í andliti og rauðeygður, en hann hafi ekki reikað í spori, svo að sjáanlegt væri, og við mæli hans og það, sem hann sagði, hafi ekkert verið óeðlilegt. Kveðst vitnið af áfengislyktinni og útliti kærðs hafa ályktað, að hann hefði neytt áfengis, en segir kærðan ekki hafa verið áberandi drukkinn, en sér hafi virzt hann daufur og þyngslalegur.

Vitnið Ársæll Kristinn Einarsson lögregluþjónn hefur borið, að sér hafi virzt kærður vera undir áhrifum áfengis, og réð vitnið það af því, að áfengislykt var af kærðum, hvernig hann var til augnanna og að hann ók bifreiðinni ljóslausri. Vitnið varð ekki neins óeðlilegs vart við mæli eða tal kærðs. Það getur ekki borið um, hvort kærður reikaði í spori. Vitnið Ólafur Sigurðsson, kandídat á Landsspítalanum, sem tók blóðsýnishornið úr kærðum, hefur borið, að það hafi ekki orðið vart neinna einkenna um áfengisáhrif hjá kærðum. Kveðst vitnið hvorki hafa séð slík einkenni né heyrt. Vitnið Guttormur Andrésson húsameistari, sem var með kærðum allt kvöldið, hafði neytt áfengis, áður en kærður kom á heimili þess, og var hreyfur af víni allt kvöldið. Vitnið hefur borið, að það hafi ekki tekið eftir því, að kærður kæmist undir áfengisáhrif þetta kvöld. Auk þess sem lögreglan lét taka blóðsýnishorn úr kærðum, lét kærður taka annað blóðsýnishorn úr sér á Landspítalanum ca. 20 mínútum síðar, er við rannsókn reyndist hafa áfengismagn 0.55‰. Ósannað er, að kærður hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar, og ber því að sýkna hann af kærunni um brot gegn áfengislögunum. Með því að aka bifreiðinni rétt eftir að hann hafði neytt áfengis, telst hann hafa neytt áfengis við bifreiðarakstur í skilningi 23. gr. bifreiðalaganna og hefur því brotið þá grein, sbr. 38. gr. sömu laga. Með því að aka bifreiðinni ljóslausri hefur hann brotið 43. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 18 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta kærðan bifreiðarstjóraréttindum í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 200.00.

Verulegur dráttur varð á því, að verjandi kærðs skilaði vörn í máli þessu. Í fyrstu stafaði hann af önnum verjandans í sambandi við setu hans á Alþingi og veikindi á skrifstofu hans. Síðan voru málsskjölin lögð í óskyldan skjalabunka og fundust ekki fyrr en eftir langa leit. Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Trausti Ólafsson, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður er sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. nóvember 1943.

Kærumálið nr. 12/1943. **Sigurður Jónasson**
gegn
Hermanni Jónassyni.

Kröfu um frest hnekkt.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi lögmanns.

Með kæru 6. þ. m., er hingað barst 9. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði, kveðnum upp í fógetarétti Reykjavíkur 6. þ. m., þar sem honum er synjað frekari frests. Virðist sóknaraðili kæra úrskurðinn í því skyni, að hann verði úr gildi felldur og frestur veittur, en greinargerð eða kröfur hafa hæstarétti ekki borizt frá honum.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Forsætisráðherra hefur tilkynnt varnaraðilja í bréfum 7. maí og 13. okt. þ. á., að ríkisstjórnin krefjist þess að fá forsætisráðherrabústaðinn nú þegar til sinna nota. Verður að leggja þessa yfirlýsingu forsætisráðherra til grundvallar, og á sóknaraðili því ekki rétt til frests í því skyni að leita frekari yfirlýsinga ríkisstjórnarinnar um þetta atriði.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skír-

skotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hans.

Samkvæmt þessum málalokum verður sóknaraðili að greiða varnaraðilja málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinum kærða úrskurði skal óraskað.

Sóknaraðili, Sigurður Jónasson, greiði varnaraðilja, Hermanni Jónassyni, kr. 200.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 6. nóvember 1943.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 5. þ. m., hefur gerðarþoli, Sigurður Jónasson forstjóri, krafizt þess, að sér verði veittur frestur til frekari gagnasöfnunar o. fl.

Gerðarbeiðandi, Hermann Jónasson alþingismaður, hefur krafizt þess, að synjað verði um hinn umbeðna frest, og lögðu aðiljar því atriðið undir úrskurð fógetaréttarins.

Málsatvik eru þau, að með beiðni, dags. 2. þ. m., krafðist gerðarbeiðandi útburðar á gerðarþola úr húsnæði því, er hann hefur á leigu í húsinu nr. 42 við Tjarnargötu hér í bæ, með tilvísun til úrskurðar húsaleigunefndar, uppkveðins 21. f. m., þar sem gerðarþola var gert að rýma nefnt húsnæði. Mál þetta var tekið fyrir í réttinum 4. þ. m., og krafðist gerðarþoli þá frests til gagnasöfnunar, og með úrskurði réttarins, uppkveðnum sama dag, var honum veittur frestur þar til 5. þ. m. kl. 17. Er málið kom þá fyrir, krafðist gerðarþoli enn frests.

Frestbeiðni sína byggir gerðarþoli í fyrsta lagi á því, að ekki liggi fyrir í málinu lögmætur úrskurður húsaleigunefndar, þar sem úrskurður sá, er upp hafi verið kveðinn hinn 21. f. m., sé markleysa, þar sem formaður húsaleigunefndar sé „fulltrúi ríkisstjórnarinnar í stjórnarráðinu".

Í öðru lagi krefst gerðarþoli frests til að athuga skjöl þau, er lögð hafi verið fram í húsaleigunefnd í máli þessu, en sér hafi eigi gefizt kostur á að kynnast.

Í þriðja lagi krefst gerðarþoli frests til vitnaleiðslu, þar sem hann telur sér nauðsyn á að leiða forsætisráðherra sem vitni, til

þess að fá úr því skorið, til hvers eigi að nota forsætisráðherrabústaðinn.

Gerðarbeiðandi hefur mótmælt öllum fresti, þar sem hann sé óþarfur og þýðingarlaus.

Um 1. Þar sem fyrir liggur í málinu formlegur úrskurður húsaleigunefndar og eigi verður séð, að formaður hennar sé á neinn hátt í slíku sambandi við málsaðilja, að það haggi gildi úrskurðarins, þá verður ekki séð, að nokkur ástæða sé til að fresta málinu af þeim sökum.

Um 2. Af skjölum málsins verður eigi annað séð en gerðarþoli hafi í húsaleigunefnd átt kost á að kynna sér skjöl málsins, þau er þar voru og máli skiptu, og gera athugasemdir sínar þar við, og þarf hann því ekki frest til þess nú.

Um 3. Þegar af þeirri ástæðu, að fyrir liggur í málinu skuldbindandi loforð gerðarbeiðanda um að rýma forsætisráðherrabústaðinn, þannig að hann er skyldur til að rýma hann þegar skv. því loforði, þá þykir ekki þurfa að afla vitneskju um það í þessu máli, til hvers ríkisstjórnin hyggst að nota þennan bústað, og er því ekki ástæða til að veita frest til vitnaleiðslu af þessum sökum.

Samkvæmt þessu verður að neita um hinn umbeðna frest.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur skal ekki veitlur.

Föstudaginn 19. nóvember 1943.

Nr. 65/1943. **Karl Friðriksson og Jón Kristjánsson** (Sigurgeir Sigurjónsson) gegn **Jóni Gíslasyni og gagnsök** (Gunnar Möller).

Ágreiningur út af söltun síldar.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengu áfrýjunarleyfi 19. júlí þ. á., skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. s. m. Gera þeir þær dómkröfur, að gagnáfrýjandi verði í aðalsök dæmdur til að greiða þeim kr. 6112.65 ásamt 5% ársvöxtum af kr. 4801.45 frá 1. janúar 1939 til greiðsludags og af kr. 1311.20 frá 23. sept. 1941 til greiðsludags. Í gagnsök krefjast aðaláfrýjendur sýknu af kröfum gagnáfrýj-

anda. Loks krefjast þeir málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjanda hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. ágúst þ. á., áfrýjað málinu með stefnu 20. sept. þ. á. Krefst hann þess, að ákvæði héraðsdóms í aðalsök verði staðfest, en aðaláfrýjendur dæmdir í gagnsök til að greiða honum kr. 9920.57 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1939 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að fallast má á forsendur héraðsdómsins, ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda kr. 800.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 5. sept. 1940. Var þá lögð fram af hendi sóknaraðilja stefna og reikningar, en engin greinargerð. Varnaraðili fékk þá 4 vikna frest og síðan frest á frest ofan til 12. des. s. á., en þá lagði hann fram greinargerð ásamt fylgiskjölum. Umboðsmaður sóknaraðilja fékk þá fyrst frest til 16. janúar 1941 og síðan framhaldsfresti hvern af öðrum til 6. marz, og kom þá en fyrr ekki greinargerð af hans hendi. Þá fékk varnaraðili frest á frest ofan til 8. maí, en þá lagði hann fram gagnstefnu í málinu. Fékk nú sóknaraðili fresti til 25. september og lagði þá fram framhaldsstefnu og greinargerð. Því næst voru varnaraðilja veittir frestir til 20. nóvember, er hann lagði fram framhaldsgreinargerð ásamt fylgiskjölum. Þá fékk umboðsmaður sóknaraðilja fresti hvern eftir annan til 30. apríl 1942, en þá lagði hann fram útskriftir af vitnaleiðslum.

Var nú umboðsmanni varnaraðilja veittur frestur til 7. maí s. á., en þá fékk umboðsmaður sóknaraðilja enn frest til 21. maí. Þá töldu umboðsmenn aðilja gagnasöfnun lokið, og er ekki fyrr en þá kveðið á um, að málið skyldi flytja munnlega. Gerðist nú ekkert í málinu fyrr en 19. janúar 1943, er málið var flutt munnlega fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur.

Eins og sjá má, hefur mál þetta sætt meðferð í héraði,

sem mjög er andstæð fyrirmælum laga nr. 85/1936. Greinargerðir af hendi umboðsmanna aðilja eru ekki lagðar fram eins fljótt og tilskilið er í 105. og 106. gr. laganna. Ekki var kveðið á um það á réttum tíma samkvæmt 109. gr. laganna, hvort málið skyldi flytja munnlega eða skriflega. Sameiginlegur frestur aðiljum, sem þeim ber að hagnýta sér í samvinnu eftir ástæðum, var ekki veittur eftir 110. og 111. gr. sömu laga, heldur frestir veittir þeim á víxl hátt á annað ár, og eftir allan þann drátt lá málið hjá dómara um 8 mánuði, áður það væri flutt munnlega. Við meðferð máls þessa hefur verið blandað saman eldri og nýrri meðferð einkamála í héraði og málið auk þess dregið langt úr hófi fram. Er þessi meðferð öll brýnt brot á greindum ákvæðum laga nr. 85/1936, og verður því samkvæmt 3. mgr. 34. gr. sömu laga að dæma héraðsdómarann Björn Þórðarson, er fór með málið í héraði fram til munnlegs flutnings, til 100 króna fésektar. Þá verður og að dæma umboðsmenn aðilja, hæstaréttarlögmennina Sigurgeir Sigurjónsson og Gunnar Möller, til 100 króna fésektar hvorn fyrir hlutdeild í rangri meðferð málsins samkvæmt 3. mgr. 34. gr. nefndra laga, sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940 analogice, og fyrir þarflausan drátt málsins samkvæmt 3. tl. 188. gr. laga nr. 85/1936.

Fésektir þær, er að ofan greinir, skulu renna í ríkissjóð, og skal hver hinna dæmdu afplána sína sekt í 4 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Karl Friðriksson og Jón Kristjánsson, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Gíslasyni, kr. 800.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Héraðsdómarinn Björn Þórðarson og hæstaréttarlögmennirnir Sigurgeir Sigurjónsson og Gunnar Möller greiði hver um sig 100 króna sekt í ríkissjóð, og af-

pláni hver þeirra sekt sína 4 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 23. jan. 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., er upphaflega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 12. ágúst 1940, af Karli Friðrikssyni og Jóni Kristjánssyni, Akureyri, gegn Jóni Gíslasyni útgerðarmanni, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 4801.45 ásamt 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1939 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Með framhaldsstefnu, útgefinni 23. sept. 1941, hafa stefnendur síðan aukið við kröfur sínar og krafizt þess, að stefndur verði einnig dæmdur til að greiða þeim kr. 1311.20 með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi framhaldsstefnu til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndur krafðist upphaflega sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar að skaðlausu, en hefur síðar viðurkennt ýmsar af dómkröfum þeirra, eins og nánar verður rakið hér á eftir. Jafnframt hefur hann með stefnu, útgefinni 8. maí 1941, höfðað gagnsök, þar sem hann krefst þess, að gagnstefndir (aðalstefnendur) verði dæmdir til að greiða skaðabætur, að upphæð kr. 9920.57 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1939 til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu. Við hinn munnlega málflutning gerði gagnstefnandi einnig þá varakröfu í gagnsök, að gagnstefndir verði dæmdir til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 5604.27, auk vexta og málskostnaðar eins og fyr segir.

Gagnstefndir krefjast sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Öflun gagna í máli þessu hefur að mestu leyti farið fram fyrir bæjarþinginu, en eftir ósk aðilja og með samþykki dómarans var málið flutt fyrir sjó- og verzlunardóminum.

Tildrög málsins eru þau, að sumarið 1938 tóku aðalstefnendur að sér söltun á síld fyrir aðalstefndan á Siglufirði, og eru dómkröfur aðilja í aðalsök og gagnsök til orðnar í sambandi við þessi skipti þeirra.

Aðalsök. Eins og þegar er getið, nema kröfur aðalstefnenda á hendur aðalstefndum kr. 4801.45 samkvæmt frumstefnu, og er sú krafa sundurliðuð á framlögðum viðskiptareikningi þeirra.

Aðalstefndur mótmælti í upphafi málssóknarinnar reikningi þessum í þrem atriðum, þ. e. hann taldi, *að* saltnotkun hans væri þar ofreiknuð, *að* skúrleiga væri þar of hátt talin *og* verkunarlaun ofreiknuð. Nú hefur aðalstefndur tekið aftur þessi mótmæli sín að undanteknum andmælunum gegn verkunarlaununum. Held-

ur aðalstefndur því fram, að verkunarlaunin séu ofreiknuð um kr. 1185.95 og byggir það á því, að samkvæmt uppgjöri frá aðalstefndum (dags. 20. sept. 1938) hafi þeir ranglega reiknað honum svonefnd „pækilgjöld" (kr. 865.60 + kr. 79.50), og sé upphæðum þessum bætt við verkunarlaunin á hinum framlagða viðskiptareikningi auk nokkurrar enn frekari hækkunar frá því, sem um samið hafi verið. Kveðst aðalstefndur þegar við móttöku uppgjörsins frá 20. sept. 1938 hafa mótmælt því, að honum bæri að greiða „pækilgjöld" þessi.

Gegn mótmælum aðalstefnenda hefur aðalstefndum eigi tekizt að sanna, að hann hafi haft uppi mótmæli að þessu leyti, og verður því að telja, að þegar af þeirri ástæðu hafi hann fyrirgert rétti til að bera slíkt fyrir sig nú. Að þessu athuguðu og því, að aðalstefnendur munu hafa slegið upp og botnað á ný hinar gölluðu hálftunnur, er síðar verður lýst, svo og því, að verkunarlaunin í heild, eins og þau eru tilfærð á viðskiptareikningnum, verða að teljast óvenjulega lág, þykir bera að taka þessa kröfu aðalstefnenda til greina að öllu leyti.

Kröfur aðalstefnenda samkvæmt framhaldsstefnu sundurliðast þannig, að kr. 441.20 er svonefnt „geymslugjald", er þeir telja sig eiga kröfu til, og kr. 870.00 er andvirði 145 hálftunna, sem sama máli gegnir um. Aðalstefndur hefur nú viðurkennt síðari kröfuliðinn sem réttan, og verður hann því tekinn til greina, en hins vegar neitar hann að greiða nefnt „geymslugjald" til aðalstefnenda.

Eftir því sem fram hefur komið í málinu, mun Síldarútvegsnefnd hafa á þessum tíma greitt eigendum „matjes"-síldar nokkra upphæð til að standast kostnað af geymslu þeirrar síldar, sem ekki var farin um áramótin 1938—1939. Með því að ekki verður annað séð en að aðalstefndur hafi tekið við umráðum síldar þeirrar, er aðalstefnendur höfðu saltað og óflutt var út um þetta leyti, verður að telja, að þegar af þeirri ástæðu eigi aðalstefnendur ekki tilkall til þessarar upphæðar úr hendi aðalstefnds. Þessi krafa aðalstefnenda verður því ekki tekin til greina.

Úrslit aðalsakar verði því þau, að aðalstefndur verður dæmdur til að greiða aðalstefnendum kr. 4801.45 + 870.00, eða kr. 5671.45 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið svo og málskostnað í aðalsök, er telst hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Gagnsök. Gagnstefnandi skýrir svo frá, að gagnstefndir hafi saltað fyrir sig 1620 heiltunnur af venjulegri „matjes"-síld, 261 hálftunnu af sams konar síld (í norskum tunnum) og 627 hálftunnur af „Ameríku-verkaðri" „matjes"-síld (í skozkum tunnum). Í meðförum gagnstefndra hafi skemmzt meira og minna 296 ½ heiltunna og 21 hálftunna af venjulegri „matjes"-síld og 627 hálftunnur af „Ameríku-verkaðri" „matjes"-síld. Telur hann, að gagn-

stefndir eigi sök á skemmdum þessum með hirðuleysi sínu, og beri þeim því að bæta það tjón, er af hafi hlotizt og nema hinni umstefndu upphæð.

Gagnstefndir byggja sýknukröfu sína í gagnsök á því, að skemmdir þær, sem um er að ræða, hafi ekki orðið fyrir tilverknað þeirra, heldur eigi gagnstefnandi sjálfur sök á því, hvernig farið hafi að þessu leyti. Hann hafi verið viðstaddur í hvert skipti, sem saltað hafi verið fyrir hann, og haft nákvæma fyrirsögn á öllu, er varðaði söltun og pæklun og alla meðferð síldar hans. Hann hafi og lagt til tunnur þær, er reyndust svo gallaðar, að þær láku pæklinum, og einnig hafi hann lagt til lélegt salt og fyrirskipað að nota það.

Dómkvaddir skoðunar- og matsmenn athuguðu síld gagnstefnanda á söltunarstað gagnstefndra dagana 13.—15. febrúar 1939. „Matjes"-síldin í heiltunnunum og einni hálftunnu, sem verkuð var venjulegri aðferð, reyndist yfirleitt mikið „súr", sem kallað er. „Matjes"-síldin í hálftunnunum, sem verkuð var fyrir „Ameríku"-markað, reyndist hins vegar þrá. Síldarmatsstjórinn Magnús Vagnsson og síldarmatsmaðurinn Leo Jónsson, sem skoðuðu síldina í október 1938 og janúar 1939, telja og, að hin fyrrtalda síld hafi verið „sæt" og „súr" og hin síðartalda þrá. Hinir dómkvöddu menn telja, að orsakir þess, að síldin hafi verið „súr", muni vera þær, að hún hafi verið söltuð úr slæmu salti, eða of lítill saltskammtur notaður, og einnig kunni það, hversu oft síldin hafi verið hreyfð, hafa getað valdið „súrnum". Magnús Vagnson og Leo Jónsson telja, að „sæta" og „súr" stafi af of litlum saltskammti. — Þeir eru allir sammála um það, að pækilsleysi sé orsök þráans í „Ameríku-verkuðu" síldinni.

Af því, sem fram hefur komið í málinu, þykir sýnt, að tunnur þær, sem Síldarútvegsnefnd lagði til undir síldina fyrir „Ameríku-markaðinn", hafi verið mjög gallaðar, og hafi þær lekið pæklinum. Af gögnum þeim, er fyrir liggja, þykir ekki verða staðhæft, að gagnstefndum verði gefið að sök, að síldin skemmdist í tunnum þessum, sem gagnstefnandi lét þá fá til afnota, og verði þeir því ekki sóttir til greiðslu bóta fyrir tjón það, er af hlauzt. Þykir því bera að sýkna gagnstefndu af hér að lútandi kröfum gagnstefnanda.

Að því er snertir hina síldina, eru í fyrsta lagi ekki færðar á það fullnægjandi sönnur, að lélegt salt hafi verið notað við söltun síldarinnar. Framburðir vitna, sem leidd hafa verið í málinu, svo og skýrsla gagnstefnds Jóns Kristjánssonar um salt það, er notað var, borin saman við önnur gögn um saltsendingar gagnstefnanda, virðast einmitt benda í þá átt, að salt það, sem gallað á að hafa verið, hafi eigi verið notað í síld þessa. Auk þess verður að líta svo á, að gagnstefndir sem vanir síldarsaltendur hefðu átt

að vita það, að úr lélegu salti varð bætt með auknum saltskammti, og þeim hafi borið skylda til að gera slíkar ráðstafanir, ef um slíkt salt var að ræða. Af framburðum vitna þeirra, er leidd hafa verið í málinu, þykir og sýnt, að gagnstefnandi verður ekki talinn hafa fylgzt svo með söltun þessari, að hann af þeim sökum geti talizt eiga að bera ábyrgð á tjóninu, er af hlauzt. Hann virðist einungis hafa tekið ákvörðun um, hvers konar verkun síldin skyldi hljóta hverju sinni, en ósannað er, að hann hafi að öðru leyti sagt fyrir verkum og fylgzt með söltuninni sjálfri.

Samkvæmt gögnum þeim, er fyrir liggja, verður að telja, að megin-orsök skemmdanna á síld þessari stafi af of litlu salti, og verða gagnstefndir að teljast bera ábyrgð á tjóni því, sem gagnstefnandi varð fyrir af þeim sökum. Hreyfing sú á síldinni, sem að framan getur, virðist hafa átt sér stað vegna þeirrar veilu, sem vart varð í síldinni, og getur það atriði því ekki talizt hafa sérstaka þýðingu hér.

Af hálfu gagnstefndra hefur verið tekin gild sú sundurliðun á tjóninu, sem gagnstefnandi hefur komið fram með, og þykir því verða að leggja hana til grundvallar í málinu. Samkvæmt þeirri sundurliðun hefur tjón gagnstefnanda vegna skemmda á hinni „Ameríku-verkuðu" síld numið kr. 5604.27, eins og varakrafa hans hljóðar um, og ber gagnstefndum því að greiða honum þessa fjárhæð í skaðabætur að þessu leyti. Vaxtakrafa gagnstefnanda, sem engum andmælum hefur sætt, verður og tekin til greina, og rétt þykir, að gagnstefndir greiði honum 600 kr. í málskostnað í gagnsök.

Telja verður, að dráttur sá, sem orðið hefur á málarekstri þessum, sé nægjanlega réttlættur. Vitnaleiðslur hafa orðið að fara fram úti á landi, og hafa þær stundum tafizt af ófyrirsjáanlegum ástæðum.

Dómur þessi er kveðinn upp af fulltrúa lögmanns, Árna Tryggvasyni, og meðdómendunum Ingvari Vilhjálmssyni útgerðarmanni og Þorgrími Sigurðssyni skipstjóra.

Því dæmist rétt vera:

Í aðalsök greiði aðalstefndur, Jón Gíslason, aðalstefnendum, Karli Friðrikssyni og Jóni Kristjánssyni, kr. 5671.45 með 5% ársvöxtum af kr. 4801.45 frá 1. jan. 1939 til 23. sept. s. á. og af kr. 5671.45 frá 23. sept. 1941 til greiðsludags svo og kr. 600.00 í málskostnað.

Í gagnsök greiði gagnstefndir gagnstefnanda kr. 5604.27 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1939 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. nóvember 1943.

Nr. 62/1943. **Réttvísin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Sveinbirni Matthíasi Október Sveinbjörnssyni, Kristmundi Jóhannesi Sigurðssyni og Þórarni Hallgrímssyni. (Jón Ásbjörnsson).

Lögreglumenn ekki taldir hafa orðið offarar við löggæzlustörf.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Kristján Kristjánsson, dómari samkvæmt umboðsskrá, útgefinni 6. ágúst f. á.

Atburðir þeir, sem mál þetta er risið af, gerðust á gamlaárskvöld 1941. Voru þá allmiklar mannþyrpingar í miðbæ Reykjavíkur og óvenjulega agasamt. Dreifðu lögreglumenn nokkrum sinnum eftir skipun yfirmanna sinna mannfjölda, er saman hafði þyrpzt á almannafæri. Klukkan eitt eftir miðnætti var lögreglumönnum, þar á meðal ákærðu Kristmundi Sigurðssyni og Þórarni Hallgrímssyni, falið að dreifa mannfjölda á Lækjartorgi og næstu götum. Kærendurnir Skår og Giske voru í mannþyrpingu, er lögreglumenn tóku að dreifa neðarlega í Bankastræti. Ákærðu Kristmundur Sigurðsson og Þórarinn Hallgrímsson svo og lögreglumennirnir Einar Ásgrímsson, Guðni Jónsson og Vernharður Kristjánsson, er vitni hafa borið í málinu, skýra svo frá, að þeir hafi skipað mönnum að dreifast, og hafi allir hlýtt því boði, aðrir en kærendur og menn í fylgd með þeim. Verður að leggja til grundvallar, að skipun þessi hafi verið gefin, þó að kærendur kveði sig ekki hafa veitt henni athygli. Er kærendur fóru ekki að skipuninni, beittu lögreglumennirnir kylfum að einhverju leyti, án þess að vitað sé, að kærendur hafi meiðsl af því hlotið. Varð þetta til þess, að kærandinn Giske vildi bera fram kvörtun á lögreglustöðinni. Gengu nú ákærðu Kristmundur Sigurðsson og Þórarinn Hallgrímsson með honum áleiðis til lögreglustöðvarinnar. Í þeirri för var einnig kærandinn Skår svo og konur kærenda. Á horni

Austurstrætis og Pósthússtrætis kom til ryskinga milli kærenda og nefndra lögreglumanna. Bar þá þar að ákærða Matthías Sveinbjörnsson, er skarst í leikinn til aðstoðar hinum lögreglumönnunum. Beittu lögreglumennirnir þá kylfum, og hlaut Giske þar nokkur meiðsl. Telja hinir ákærðu, að upptök að sviptingum þessum hafi verið þau, að Skår hafi veitzt að ákærða Kristmundi Sigurðssyni og hafi Giske þá einnig ráðizt gegn lögreglumönnunum. Hins vegar telja kærendur og konur þeirra, að ákærðu hafi barið þá að ósekju og þeim að óvörum. Framburðir hlutlausra vitna um það, hvað þarna gerðist, eru óljósir, en benda til þess, að kærendur hafi átt upptökin að ryskingunum. Þegar litið er til skýrslna þessara svo og þess, að ákærðu voru þarna að rækja starf sitt á óróatíma og mannfjöldi hafði að þeim þyrpzt, þykir ekki nægilega sannað, að þeir hafi orðið offarar í aðgerðum sínum gagnvart kærendum.

Eftir greinda viðureign fór ákærði Kristmundur Sigurðsson með Skår inn í anddyri lögreglustöðvarinnar. Á pallskörinni hlaut Skår töluverð meiðsl við harkalegt fall á grúfu á gólfið. Kveðst hann ekki sjálfur hafa gert sér grein fyrir því, hvernig þetta bar við, þar sem hann féll í ómegin, en kveður konu sína hafa sagt sér, að hann hafi verið sleginn með kylfu. En er hann kom til vitundar aftur á gólfinu, kveður hann sér hafa verið þrýst niður. Frú Skår kveður sig hafa ályktað, að fall manns hennar hafi stafað af kylfuhöggi, en ekki hafi hún séð högg greitt. Ákærði Kristmundur Sigurðsson kveður fallið hafa orðið með þeim hætti, að Skår hafi, er þeir voru komnir upp undir pallskörina, spyrnt við fæti og virzt ætla að skella ákærða aftur á bak niður á steingólfið. Kveðst ákærði Kristmundur þá hafa sér til bjargar tekið það til bragðs að kasta sér áfram á Skår, er við það hafi fallið á gólfið og hlotið meiðslin. Er þessi skýrsla ákærða staðfest með eiðfestum framburði Sigurðar Jónssonar fangavarðar, er var sjónarvottur að því, er þarna gerðist. Andmælir vitni þetta því, að nokkuð hafi verið þjarmað að Skår, meðan hann lá á gólfinu. Brestur því sönnun fyrir því, að ákærði Kristmundur hafi unnið þarna refsivert verk.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna hina ákærðu af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakar þessarar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda í héraði, kr. 600.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu, Sveinbjörn Matthías Október Sveinbjörnsson, Kristmundur Jóhannes Sigurðsson og Þórarinn Hallgrímsson, skulu vera sýknir af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda í héraði, hæstaréttarlögmanns Jóns Ásbjörnssonar, kr. 600.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Jóns Ásbjörnssonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 4. maí 1943.

Mál þetta er höfðað af réttvísinar hálfu gegn Sveinbirni Matthíasi Október Sveinbjörnssyni lögregluþjóni, Bergþórugötu 31, Kristmundi Jóhannesi Sigurðssyni lögregluþjóni, Bergþórugötu 57, og Þórarni Hallgrímssyni lögregluþjóni, Skeggjagötu 23, öllum hér í bænum, fyrir meint brot gegn ákvæðum 14. og 23. kapítula hegningarlaganna frá 12. febrúar 1940.

Ákærðir eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærður Sveinbjörn Matthías Október Sveinbjörnsson er fæddur í Reykjavík 16. október 1904, ákærður Kristmundur Jóhannes Sigurðsson er fæddur að Refsteinsstöðum í Þorkelshólshreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, 9. október 1912 og ákærður Þórarinn Hallgrímsson er fæddur að Hringveri í Víðvíkursveit, Skagafjarðarsýslu, 26. september 1909. Eigi er vitað, að nokkur hinna ákærðu hafi nokkru sinni sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt afbrot.

Kærendurnir Knut Skår og Karl Gunnar Giske skýra þannig frá málavöxtum, að þeir ásamt konum sínum og íslenzkri konu hafi hafzt við á heimili sínu, Mánagötu 22 hér í bænum, allt gamlaárskvöld 1941, allt þar til klukkan var rúmlega 12 á miðnætti, að þau gengu öll niður í bæinn í áttina að Hótel Ísland. Þegar þangað var komið, sneru þau við heimleiðis, en á leiðinni hittu þau 2 Norð-

menn af sama skipi og kærendurnir voru á, og talaðist svo til, að þau færu öll heim til kærendanna. Þegar komið var upp að horni Lækjargötu og Bankastrætis, varð samkomulag um það að útvega bifreið, er flytja skyldi fólk þetta heim, og fór íslenzka konan þá niður á Lækjartorg til þess að reyna að útvega bifreiðina, en norska fólkið hélt áfram í hægðum sínum upp Bankastræti á syðri gangstéttinni, og mun það hafa stoppað rétt fyrir neðan náðhús, sem þar er. Sáu kærendur lögregluþjóna koma upp Bankastræti, og hefur Skår borið það, að hann hafi séð þá reka á undan sér nokkuð af unglingsfólki. Hafa kærendurnir haldið því fram, að þeir hafi ekki vitað til fyrr en þeir fengu högg í bakið. Kveður Giske, að lögregluþjónn sá, er barði sig, hafi sagt á eftir: „Farðu bara", og kveðst hann þá hafa sagt lögregluþjóninum: „Við skulum fara, en farið hægt í sakirnar." Kveðst hann þá hafa fengið aftur högg í bakið. Halda kærendurnir því fram, að lögreglan hafi barið þá þarna nokkur högg, og hafi þeir þá tilkynnt lögregluþjónunum það, að þeir myndu fara niður á lögreglustöð og skýra frá þessari árás, og kveðst Giske hafa krafizt þess, að lögregluþjónn sá, er barði, yrði sér samferða. Kveðst hann þá hafa snúið við og gengið niður Bankastræti, og hafi lögregluþjónninn gengið við vinstri hlið hans, en konu sína hafi hann leitt við hægri hlið sér. Er komið var nokkuð niður Bankastræti, kveður hann, að lögregluþjónn þessi hafi horfið, en annar lögregluþjónn komið upp að hlið sér í staðinn. Þegar komið var niður að horninu á Austurstræti og Pósthússtræti, kveðst kærandi að tilefnislausu hafa fengið vænt högg á herðarnar vinstra megin, og hafi um leið verið rekið upp eins konar „hergaul". Kveðst hann þá hafa brugðið upp vinstri hendi til að verja andlit sitt, en þá hafi kylfuhöggin dunið á sér, bæði á brjóst, handleggi og bak. Hann kveður, að ekki hafi verið færri en þrír lögregluþjónar, sem börðu hann, en hann sá ekki, hverjir það voru, en man það síðast til sín, að hann fékk högg ofan í höfuðið vinstra megin og missti þá meðvitund og raknaði ekki við sér aftur fyrr en hann var studdur inn á lögregluvarðstofuna af tveimur lögregluþjónum.

Kærandinn Skår heldur því fram, að eftir viðureignina við lögregluþjónana í Bankastræti hafi hann ásamt konu sinni gengið niður Bankastræti og ætlað niður á lögreglustöð. Hafi hann gengið fram úr Giske við Pósthúshornið, og hafi hann (Giske) þá verið uppistandandi. Virtist honum Giske þá hægja á sér, og hafi kona hans gengið þétt upp að hlið hans, og sá hann allmarga lögregluþjóna í námunda við Pósthúshornið, nokkrum skrefum frá Giske. Eftir að hann hafði farið fyrir Pósthúshornið, kveðst hann hafa orðið fyrir árás lögreglunnar. Hafi hann þá fengið högg í bakið við og við, og hafi hann hlaupið við fót í áttina til lögreglustöðvarinnar, og hafi kona hans verið með honum og sleppt hand-

legg hans, þegar hann gekk upp tröppurnar inn á lögreglustöðina. Hann heldur því fram, að hann hafi gengið einn og óhindraður upp tröppurnar, en þegar hann kom inn í efra anddyri lögreglustöðvarinnar, hafi hann verið felldur í gólfið og misst meðvitund um stund, án þess að hann geti gert sér grein fyrir, á hvern hátt það hafi orsakazt, en þegar hann kom til meðvitundar aftur, þar sem hann lá á gólfinu í anddyrinu, kveðst hann hafa reynt að rétta höfuðið upp frá gólfinu, en sér hafi verið þrýst niður aftur, án þess að hann hefði getað gert sér grein fyrir því, hvort það hefði verið gert með hendi eða kylfu, eða hvar þrýst var á hann. Síðan hafi lögregluþjónar reist hann við og flutt hann inn í lögregluvarðstofuna, og eftir lauslega læknisskoðun hafi hann og Giske verið settir hvor í sinn fangaklefann.

Hinir ákærðu Kristmundur Jóhannes Sigurðsson og Þórarinn Hallgrímsson hafa haldið því fram hér fyrir réttinum, að allmikill mannfjöldi hafi safnazt saman á Lækjartorgi, og hafi lögregluþjónar verið kvaddir á vettvang til þess að ryðja torgið, og hafi þeir verið meðal þeirra lögregluþjóna, er til þess voru kvaddir. Þegar þeir höfðu rutt Lækjartorg, fóru þeir upp í Bankastræti, þar sem talsverður hópur fólks hafði safnazt saman rétt neðan við náðhúsið á syðri gangstéttinni. Hafi lögregluþjónar þeir, er þangað fóru, kvatt fólkið til að víkja burtu, og hafi allir hlýtt þeirri skipun að undanteknum kærendum í máli þessu. Hafi þeir þverskallazt við að hlýða, þótt þeim væri gerð fyrirskipunin skiljanleg á norsku. Hafi þeir þá neyðzt til að ota að þeim kylfunum og dangla í þá, og hafi þá konu kærandans Skår tekizt að fá hann til að láta undan siga, en kærandinn Giske hafi neitað að hlýða, og hafi þeir því neyðzt til að fara með hann á lögreglustöðina. Halda þeir því fram, að Giske hafi gengið á milli þeirra rólegur niður að horni Austurstrætis og Pósthússtrætis, eða rétt að Pósthúshorninu, en þá fullyrðir ákærður Kristmundur, að Skår, sem gekk á eftir þeim, hafi gripið um kylfu sína, er hann hélt í hægri hendi sér, og keyrt hana aftur fyrir bak á sér, og hafi hann þá snúið sér að honum og jafnframt lent í sviptingum með þeim, sem endað hafi á þann hátt, að hann (ákærður) hafi komið Skår fram fyrir sig og ýtt honum þannig inn í anddyri lögreglustöðvarinnar. Kveður ákærður, að hann hafi haldið Skår fyrir framan sig, er þeir fóru upp tröppur þær, er liggja upp í efra anddyri lögreglustöðvarinnar, en þegar komið var upp í efstu tröppuna eða á pallskörina, hafi Skår sparkað í vegginn vinstra megin og gert jafnframt tilraun til að fella sig aftur á bak niður tröppurnar, en af því hefði stafað voði fyrir báða, þar sem hann hafi haldið utan um Skår, og þeir því báðir hlotið að falla niður á steingólfið við tröppurnar. Til þess að forðast þetta hafi hann því tekið þann kostinn að rykkja sér áfram, og hafi Skår við það

fallið út á hlið til hægri, komið niður á grúfu og lent með andlitið á mottu, sem var framan við dyr lögregluvarðstofunnar, og hlotið af því meiðslin. Neitar hann með öllu, að hann eigi nokkra sök á meiðslum þeim, er Skår hlaut. Ákærður Þórarinn hefur haldið því fram, að þegar lenti í stimpingum milli ákærðs Kristmundar og Skår, hafi honum virzt Giske ætla að ráðast að Kristmundi, hafi hann sett sig í stellingar og gert sig líklegan til að slá Kristmund. Kveðst hann þá hafa hlaupið á milli og orðið fyrir höggi frá Giske, gripið því til kylfunnar og slegið hann. Kom þá þar að ákærður Sveinbjörn Matthías Október Sveinbjörnsson, og sló hann Giske með kylfu sinni, svo að hann féll við það í götuna, og hafi hann síðan verið leiddur inn á lögreglustöð.

Hinn 31. desember 1941 birti Morgunblaðið áskorun frá lögreglustjóranum í Reykjavík til almennings um það að safnast ekki saman í hópa á götum bæjarins þetta gamlaárskvöld, eins og oft hafði átt sér stað áður, og jafnframt var brýnt fyrir almenningi að hlýða tafarlaust skipunum lögreglunnar, ef gefnar væru til þess að halda uppi góðri reglu á almannafæri. Var því jafnframt lýst yfir, að lögreglan myndi með harðri hendi dreifa mannfjölda, ef hann safnaðist saman, og þeir, er brotlegir yrðu, látnir sæta sektum. Þá hefur yfirlögregluþjónninn borið það hér fyrir rétti, að þegar hann kom á vakt umrætt kvöld kl. 8 e. h., hafi hann sagt þeim lögregluþjónum, sem staddir voru á lögregluvarðstofunni, að ef til þess kæmi að dreifa þyrfti mannfjölda og mótþróa yrði sýndur, þá skyldu þeir gæta þess, ef til kæmi, að þeir þyrftu að nota kylfurnar, að nota þær með allri varúð, og aðeins dangla með þeim á þá staði, þar sem minnst hætta væri á, að þær meiddu, svo sem á lendar og á útlimi, en nota þær ekki á róttækari hátt, nema eftir skipun yfirmanna eða ef yfirvofandi hætta væri á ferðum, sem þyrfti að afstýra að þeirra áliti.

Eins og útdráttur úr dagbók lögreglunnar frá 31. desember 1941 og 1. janúar 1942, sem lagður hefur verið fram í máli þessu, sýnir, hefur lögreglan haft ýmsu að sinna þetta kvöld, þar á meðal þeim atriðum, sem hér um ræðir, þótt eigi séu mörg orð um það höfð í útdrættinum. Það er komið fram í málinu, að lögreglan hefur verið kvödd út til að ryðja Lækjartorg, en eftir að hún hafði dreift mannfjöldanum þar, er upplýst, að hún hefur haldið áfram upp Bankastræti til þess að dreifa nokkrum mannfjölda, er safnazt hafði saman rétt fyrir neðan náðhúsið á syðri gangstéttinni, en þar voru einmitt kærendurnir Knut Skår og Giske fyrir, ásamt konum þeirra auk tvegga annarra Norðmanna. Hinir ákærðu Kristmundur og Þórarinn halda því fram, sem kemur heim við framburð vitnanna lögregluþjónanna Einars Ásgrímssonar, Vernharðar Kristjánssonar og Guðna Jónssonar, að hinu norska fólki hafi verið gert það skiljanlegt, að það ætti að halda áfram, en eigi standa

kyrrt á gangstéttinni, og hafi þeir þá fyrst beitt kylfum sínum, er þessum fyrirskipunum var eigi hlýtt. Verður eigi talið sannað, þrátt fyrir gagnstæðan framburð hinna norsku hjóna, en annarra vitna heldur en hér hefur verið greint frá hefur ekki náðzt til um þenna atburð, að lögreglan hafi beitt kylfunum, fyrr en eftir að aðvaranir höfðu verið gefnar og eigi heldur framar en áskorun lögreglustjórans í Morgunblaðinu gaf tilefni til, eða á annan hátt en fyrirskipaðir yfirlögregluþjónsins heimiluðu. Verður því eigi séð, að hinir ákærðu Kristmundur og Þórarinn, er þátt tóku í þessari aðför, hafi hér með framferði sínu gerzt brotlegir við hegningarlögin.

Við árekstur þann, er varð í sambandi við það, er hér að ofan segir, á milli Giske og hinna ákærðu, ákváðu þeir að fara með Giske á lögregluvarðstofuna, enda virðist hann eftir eigin sögn hafa viljað fara þangað, að því er segir í skýrslu hans, til þess að skýra frá árás lögreglunnar á sig.

Framburður þeirra vitna, er til hefur náðst í sambandi við viðureign hinna ákærðu og kærendanna, er mjög ósamhljóða og óljós og virðist gefa litlar upplýsingar, sem hægt sé að byggja á, og verður því almennt að leggja til grundvallar dómi í máli þessu framburð hinna ákærðu. Ákærður Kristmundur heldur því fram, að kærandinn Skår hafi ráðizt aftan að sér við hornið á Pósthússtræti og Austurstræti, gripið um kylfu sína og keyrt hana aftur fyrir bak á sér, og hafi hann því snúizt gegn honum, komið honum fram fyrir sig, haldið utan um hann og ýtt honum þannig á undan sér inn í anddyri lögreglustöðvarinnar og upp tröppurnar, þar til komið var upp á pallbrún, en þá hafi kærandinn Skår reynt með því að sparka í vegginn að fella ákærða aftur á bak niður tröppurnar, svo að hann hafi orðið, til þess að slys ekki hlytist af, að rykkja sér áfram, en við það hafi kærandi fallið í gólfið, eins og áður er fram komið, og hlotið meiðslin. Vitnið frú Skår, kona annars kærandans, sem mun hafa verið í fylgd með manni sínum, hefur lýst því yfir hér í rétti, að það hafi verið hrætt, utan við sig og í hugaræsingi, þegar þetta fór fram, og hafi það sljóvgað eftirtekt þess, en það kveðst ekki hafa veitt því eftirtekt, að maður þess spyrnti í vegginn eða gæfi tilefni til fallsins, en áður hafði það skýrt svo frá, að því hefði virzt lögregluþjónninn berja mann þess og að hann hefði fallið við höggið. Aftur á móti hefur vitnið Sigurður Jónsson fangavörður staðfest framburð ákærða í öllum aðalatriðum, og verður því að leggja sögusögn ákærða til grundvallar um þetta atriði, og verður að líta þannig á, að eigi sé sannað gegn mótmælum ákærða, að hann hafi veitt kærandanum Skår högg í anddyri lögreglustöðvarinnar eða á annan hátt orðið þess valdandi af ásettu ráði eða gáleysi, að hann hlaut þau meiðsl, sem síðar kom í ljós, að hann

hafði hlotið; og eigi verður það heldur talið, að hann sem lögregluþjónn geti borið refsiábyrgð á meiðslunum vegna handtökunnar. Þykir því verða að sýkna hann að öllu leyti af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Ákærði Þórarinn heldur því fram, að þegar ákærður Kristmundur hafi verið kominn í stimpingar við Skår, hafi honum virzt Giske ætla að ráðast að Kristmundi, og hafi hann þá hlaupið á milli og orðið fyrir höggi frá Giske; hafi hann þá gripið til kylfunnar og slegið Giske. Ákærður Sveinbjörn Matthías Október Sveinbjörnsson varðstjóri kom þar þá að og viðurkennir að hafa séð viðureignina og slegið Giske með kylfu sinni, en við það féll Giske í götuna og mun þá hafa hlotið meiðslin. Vitnið frú Giske, sem var með manni sínum, kveðst á Pósthúshorninu hafa séð mann sinn lyfta upp höndum sínum, fyrst annari og síðan hinni, fyrir andlit sér, en kveðst ekki hafa tekið eftir því, að maður sinn sneri sér að lögregluþjónunum.

Framburður annarra vitna í sambandi við þenna atburð er, eins og áður er frá skýrt, óljós og gefur enga ábyggilega vissu um það, hvernig viðureign þessi hófst. Verður því að leggja framburð hinna ákærðu til grundvallar, og þar sem þeir hafa haldið því fram, að kærandinn Giske hafi sjálfur hafið árásina, og eigi verður séð með tilliti til allra aðstæðna, sérstaklega þeirrar mannmergðar, sem virðist hafa verið á þessum tíma við lögreglustöðina, svo og þeirra atburða, er áður höfðu gerzt þetta kvöld, að hægt sé að líta þannig á, að hinir ákærðu Matthías og Þórarinn hafi unnið til refsingar vegna þeirra meiðsla, er kærandinn Giske hlaut í þessari viðureign, og verður því einnig að sýkna þá af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun hins skipaða verjanda, Jóns Ásbjörnssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 300.00.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu þessa dóms, stafar af umfangsmiklum störfum í lögmannsembættinu, einkum skiptamálum.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðir, Sveinbjörn Matthías Október Sveinbjörnsson, Kristmundur Jóhannes Sigurðsson og Þórarinn Hallgrímsson, skulu vera sýknir af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun hins skipaða verjanda, Jóns Ásbjörnssonar hrl., kr. 300.00, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 26. nóvember 1943.

Nr. 87/1943. **Valdstjórnin** (Guðmundur Í. Guðmundsson)
gegn
Unni Jónsdóttur (Kristján Guðlaugsson).

Brot gegn lögum um húsaleigu.

Dómur hæstaréttar.

Knud K. Thomsen hefur skýrt frá því fyrir húsaleigunefnd og í lögreglurétti, að kærða hafi, eftir að hún sagði honum upp húsnæðinu á Eiríksgötu 15, margsinnis tjáð honum, að tilvonandi tengdamóðir hennar ásamt tveimur dætrum hennar og sonarsyni ætti að flytjast í íbúð hans, en að sjálf ætlaði kærða að búa á Laufásvegi 55. Karl S. Jónasson læknir, er íbúð hafði á Laufásvegi 55, hefur borið það fyrir dómi, að bæði hafi kærða og móðir hennar tjáð honum, er honum var sagt upp íbúð þessari og eftir það, að kærðu væri ætlað húsnæðið til íbúðar. Í júlímánuði 1942 fluttist móðir þáverandi unnusta kærðu í íbúðina á Eiríksgötu 15 ásamt dætrum sínum og sonarsyni, en er kærða giftist greindum unnusta sínum, settust þau að í íbúð þeirri á Laufásvegi 55, er Karl S. Jónasson læknir hafði áður búið í. Af þessu þykir mega ráða, að kærða hafi ekki haft brýna þörf húsnæðisins á Eiríksgötu 15 sjálfri sér til handa vorið 1942 og því aflað sér úrskurðar húsaleigunefndar með villandi skýrslum. Hefur hún þannig gerzt sek við 1. gr. laga nr. 126/1941, og þykir refsing hennar samkvæmt 11. gr. laga nr. 106/1941 hæfilega ákveðin 600 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar varðhald 15 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málalokum ber kærðu að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda kærðu í héraði, kr. 200.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 300 krónur til hvors.

Héraðsdómarinn, sem að vísu hefur lýst atvikum málsins, hefur ekki rökstutt niðurstöðu sína, og er það aðfinnsluvert.

Því dæmist rétt vera:

Kærða, Unnur Jónsdóttir, greiði 600 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 15 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guðmundur Í. Guðmundssonar og Kristjáns Guðlaugssonar, kr. 300.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 3. marz 1943.

Ár 1943, miðvikudaginn 3. marz, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Þórði Björnssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 493/1943: Valdstjórnin gegn Unni Jónsdóttur.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. f. m., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Unni Jónsdóttur frú, til heimilis á Laufásvegi 55 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum frá 8. september 1941 um húsaleigu, sbr. lög nr. 126 1941 um viðauka við og breytingu á þeim lögum.

Kærða er komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 27. júní 1907, og hefur, svo kunnugt sé, hvorki sætt ákæru né refsingu.

Með samningi, dags. 5. okt. 1937, tók kærandi Knud Kjartan Thomsen á leigu 3 herbergi og eldhús í húsi kærðu nr. 15 við Eiríksgötu. Var leigutími óákveðinn, en 3 mánaða uppsagnarfrestur áskilinn, miðað við 14. maí eða 1. október. Í byrjun síðastliðins árs sagði kærða K. K. Thomsen upp húsnæðinu frá 14. maí sama ár. Byggði hún uppsögnina á því, að hún þyrfti að fá húsnæðið til íbúðar fyrir sjálfa sig, þar eð hún ætlaði að gifta sig. K. K. Thomsen hafði um nokkurt skeið framleigt kæranda Freymóði Jóhannssyni tvö herbergi af húsnæði sínu, og er kærða sagði honum upp húsnæðinu, sagði hann Freymóði upp hans húsnæði frá sama tíma.

K. K. Thomsen og Freymóður Jóhannsson kærðu til húsaleigunefndar uppsagnirnar á íbúðum þeirra og dvöldu í þeim á meðan. Nefndin kvað upp úrskurð sinn 4. júní og taldi uppsagnirnar

gildar. Freymóður fór síðan úr húsnæði sínu um 14. júní. Milli K. K. Thomsen og kærðu varð það samkomulag 15. júní, að hann héldi einu herbergi af húsnæði sínu til 1. október næsta á eftir. Flutti hann úr herbergi þessu um miðjan október s. l.

Unnusti kærðu, Finnbogi Kjartansson, þurfti skyndilega að fara til Englandi 10. júní s. l. vegna ræðismannsstarfa sinna, og voru þau þá ekki búin að gifta sig. Kom hann ekki aftur til landsins fyrr en í seinni hluta september. Kærða flutti ekki í hið auða húsnæði á Eiríksgötu 15, heldur flutti móðir unnusta kærðu, Ingibjörg Jóhannsdóttir, og börn Ingibjargar þangað í júlímánuði og hafa búið þar síðan. Á jóladag giftu kærða og unnusti hennar sig, og hafa þau búið á Laufásvegi 55.

K. K. Thomsen og Freymóður Jóhannesson hafa haldið því fram, að kærða hafi aldrei sjálf ætlað sér að nota húsnæði það, er þeir höfðu á leigu, heldur hafi húsnæðinu verið sagt upp til að koma tengdamóður kærðu í það, því að hún hafi verið í húsnæðishraki. Kærða og maður hennar hafi ætlað að búa á Laufásvegi 55 í húsi móður kærðu í íbúð, er Karl Sig. Jónasson læknir hafði á leigu. Hefur Karl borið það, að honum hafi verið sagt upp húsnæði þessu frá 14. maí síðastliðnum á þeim forsendum, að kærða þyrfti að fá húsnæðið, enda hafi hún nokkru síðar óskað eftir lyklum íbúðarinnar, af því að hún ætlaði að breyta íbúðinni, áður en hún flytti í hana. K. K. Thomsen hefur borið, að kærða hafi hvað eftir annað, eftir uppsögn íbúðar hans, sagt við hann, að tilvonandi tengdamóðir hennar ásamt tveimur dætrum hennar og ef til vill 8 ára sonarsyni hennar ættu að fá íbúðina til afnota, en að hún sjálf og maður hennar ætluðu sér að búa á Laufásvegi 55. Engir vottar hafi þó verið að þessu.

Kærða mótmælir því eindregið, að hún hafi sagt K. K. Thomsen upp húsnæðinu til þess að koma núverandi tengdamóður sinni í það, en að hún hafi sjálf ætlað að búa á Laufásvegi 55. Kærða kveðst ekki hafa fundið ástæðu til að flytja ein í íbúð þá, er Freymóður rýmdi úr, á meðan að unnusti hennar var erlendis, enda hafi hún verið laus við í bænum síðastliðið sumar. Þó kveðst hún hafa flutt dót sitt á Eiríksgötu 15. Móðir unnusta kærðu hafi haft á leigu herbergi á Flókagötu 6, en án eldfæra, og hafi kærða því leyft henni að flytja í hið auða húsnæði á Eiríksgötu 15, þar sem aðgangur var að eldhúsi. Er K. K. Thomsen hafði rýmt húsnæðið að fullu í október, kveðst kærða hafa flutt í það og búið þar þangað til í desember, að hún flutti aftur á Laufásveg 55 vegna veikinda móður hennar, sem býr þar. Á Laufásvegi 55 bjó kærða í einu litlu herbergi ásamt 8 ára gamalli dóttur sinni. Kærða neitar því að hafa nokkurn tíma sagt K. K. Thomsen, að hún ætlaði að búa á Laufásvegi 55 og að tilvonandi tengdamóðir hennar ætti að fá íbúðina á Eiríksgötu 15, en viðurkennir að hafa

gefið honum í skyn, að ef hana vantaði húsnæði, myndi hún taka hana inn á heimili sitt.

Móðir kærðu hefur neitað því að hafa sagt Karli Sig. Jónassyni, að kærða ætti að fá húsnæði það, er hann hafði á leigu á Laufásvegi 55, heldur hafi hún sagt honum, að önnur hvor dóttir hennar, kærða eða Ólafía Guðlaug, sem báðar hefðu í hyggju að gifta sig, ættu að fá húsnæðið. Þegar Ólafía Guðlaug gifti sig, hafi hún fengið íbúð hjá tengdamóður sinni í Miðtúni 7, þar sem losnað höfðu tvö herbergi um þetta leyti, og tengdamóðir hennar var ein í húsinu. Kærða og maður hennar hafi því flutt í íbúðina á Laufásvegi 55, og hefur kærða lýst því yfir, að þau hjónin ætli að búa þar í vetur.

Kærða hefur með atferli því, er að framan greinir, gerzt brotleg gegn 1. gr. laga nr. 126 9. desember 1941, sbr. lög nr. 106 8. september 1941 um húsaleigu. Þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 18 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal kr. 300.00 til skipaðs verjanda síns í málinu, Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærða, Unnur Jónsdóttir, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 18 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hún greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 300.00 kr. til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. desember 1943.

Nr. 94/1943. **Kristín Guðmundsdóttir og Sólveig Sandholt, eigendur hárgreiðslustofunnar Hollywood**
(Einar Ásmundsson)
gegn
Jónínu Eggertsdóttur og gagnsök
(Sigurður Ólason).

Setudómari dr. juris Einar Arnórsson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Bætur vegna meiðsla við hárliðun.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. okt. 1943, skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 3. nóv. s. á., og krafizt sýknu og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Gagnáfrýjandi hefur hins vegar, einnig að fengnu áfrýjunarleyfi 5. nóv. 1943, skotið málinu til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 8. s. m., og hefur hún gert sömu kröfur og í héraði auk kröfu um málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Fyrir hæstarétti hefur því ekki verið andmælt, að gagnáfrýjandi hafi brennzt á höfði við svonefnda „permanent" hárliðun á hárgreiðslustofu aðaláfrýjenda þann 28. marz 1941. Verður að telja óhapp þetta hafa stafað af galla á umbúnaði eða skorti í nægilegri aðgæzlu að öðru leyti af hálfu starfsfólks aðaláfrýjenda. Hins vegar virðist gagnáfrýjandi hvorki hafa kvartað nægilega skýrt um óþægindi sín, meðan hárliðunin stóð yfir, né lagt næga rækt við lækningu brunans, án þess að þessi atriði þyki þó eiga að svipta hana öllum rétti til bóta fyrir sársauka og lýti, er af brunanum hafa hlotizt. Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið sagt, þykir mega ákveða bætur þær, er aðaláfrýjendur, sem virðast vera fullábyrgir eigendur hárgreiðslustofunnar „Hollywoood", eiga að greiða gagnáfrýjanda in solidum, kr. 700.00 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiða gagnáfrýjanda in solidum málskostnað fyrir báðum dómum, sem eftir því, sem áður er tekið fram, þykir hæfilega ákveðinn 700 krónur.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 28. maí 1942. Þá mætti Guttormur Erlendsson héraðsdómslögmaður f. h. Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns fyrir sóknaraðilja í héraði og lagði fram nokkur skjöl, en greinargerð enga frá sjálfum sér. Fyrir varnaraðilja í héraði mætti þá Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður f. h. Eggerts Claessens hæstaréttarlögmanns og fékk 14 daga frest. Hinn 11. júní 1942 fær umboðsmaður varnaraðilja í héraði framhaldsfrest til 25. s. m. Þenna dag leggur umboðsmaður sama varnaraðilja svo fram greinargerð. Þá fær umboðsmaður sóknaraðilja, Gunnar Jónsson cand. jur. f. h. Sigurðar Ólasonar, frest til 3. sept. 1942, og fyrst þann dag leggur umboðsmaður sama sóknaraðilja fram greinargerð. Þá fær Guttormur Erlendsson f. h. Einars Ásmundssonar frest til 17. s. m. og þá 14 daga framhaldsfrest. 1. október s. á. er því næst veittur viku framhaldsfrestur í málinu til vitnaleiðslu. 8. okt. s. á. fara þeir með málið Einar Ásmundsson og Sigurður Ólason hæstarréttarlögmenn sjálfir, og koma þá fram nokkur gögn í því, og þá er framlögð framhaldsgreinargerð af hálfu varnaraðilja. Umboðsmaður sóknaraðilja fékk svo frest til 22. okt., og er þá enn veittur 14 daga framhaldsfrestur. En 5. nóvember s. á. lýsa aðiljar því loks, að gagnasöfnun væri lokið. Því næst var málið flutt munnlega 30. nóv. og var þá tekið til dóms.

Eins og sjá má, hefur mál þetta sætt meðferð í héraði andstæðri fyrirmælum laga nr. 85/1936. Greinargerðir af hendi umboðsmanna aðilja fara ekki að fyrirmælum 105. og 106. gr. laganna. Sameiginlegur frestur aðiljum, sem þeim ber að hagnýta sér í samvinnu eftir ástæðum, er ekki veittur samkvæmt 110. sbr. 111. gr. s. l., heldur frestur á víxl, eins og tíðkaðist eftir eldri reglum. Ekki sést heldur, að ákveðið hafi verið samkvæmt 109. gr. s. l., hvort málið skyldi flytja munnlega eða skriflega. Raunverulega hefur málið verið flutt bæði skriflega og munnlega og að öðru blandað saman

eldri og nýrri meðferð einkamála í héraði, og verður bæði umboðsmönnum aðilja, hæstaréttarlögmönnunum Sigurði Ólasyni og Einari Ásmundssyni, og héraðsdómara um þessa ólöglegu meðferð kennt. Hefur hæstiréttur margsinnis síðan 12. marz 1941 fundið að meðferð einkamála á bæjarþingi Reykjavíkur og bent á, um hvað áfátt væri, en þær aðfinningar og leiðbeiningar virðast lítinn eða engan árangur borið hafa. Verður að víta þessar misfellur alvarlega.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, Kristín Guðmundsdóttir og Sólveig Sandholt, eigendur hárgreiðslustofunnar „Hollywood", greiði gagnáfrýjanda, Jónínu Eggertsdóttur, in solidum kr. 700.00 með 5% ársvöxtum frá 20. maí 1942 til greiðsludags. Svo greiði aðaláfrýjendur gagnáfrýjanda in solidum kr. 700.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. des. 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 20. maí s. l., af Jónínu Eggertsdóttur, Síðumúla í Borgarfirði, gegn eigendum hárgreiðslustofunnar „Hollywood" hér í bæ, þeim Kristínu Guðmundsdóttur og Sólveigu Sandholt, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 1000.00, eða aðra lægri upphæð eftir mati réttarins, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Eftir því sem stefnandi skýrir frá, eru málavextir þeir, að hinn 28. marz f. á. kom hún á hárgreiðslustofuna „Hollywood" hér í bæ og fékk þar svonefnda „permanent"-hárliðun. Þegar hún hafi verið búin að sitja nokkra stund með spólurnar í hárinu, hafi hárgreiðslustúlkan, sem afgreiddi stefnanda, kælt hárið, en síðan vikið sér frá dálitla stund. Hafi hitinn þá orðið svo mikill, að henni hafi legið við yfirliði, og hafi hún kvartað yfir þessu. Hafi þá verið kælt á ný, en er búið hafi verið að losa „spólurnar" úr hárinu, hafi forstöðukonan reynt að hressa hana með kaffi. Tveim dögum síðar kveðst stefnandi hafa komið aftur til að láta laga á sér

hárið, og hafi þá komið í ljós, að hún hafi brennzt töluvert ofan á höfðinu, á að gizka undan einni „spólu". Samkvæmt læknisskoðun þann 2. júní f. á. hafði stefnandi þá um fingurgómsstórt sár í hársverðinum skammt fyrir framan hvirfilinn með mikilli ofhyldgun. Kringum sárið var þá hárlaus blettur á stærð við tveggja krónu pening. Samkvæmt læknisvottorði, dags. 12. okt. f. á., var sárið þá gróið, en hins vegar var þar hárlaus blettur á stærð við krónupening. Hinn 22. sept. þ. á. var hárlausi bletturinn um 1½ × 2 cm að stærð, og tekur læknir sá, sem stundað hefur stefnanda, það fram, að hann telji ekki, að skalli þessi sé því að kenna, að eigi hafi verið leitað læknis fyrr en nokkrum vikum eftir brunann, enda hafi og verið notuð græðandi smyrzl við sárið frá upphafi.

Telur stefnandi, að stefndu sem eigendur hárgreiðslustofunnar „Hollywood" eigi að bera ábyrgð á verki því, sem þar sé unnið, og beri þeim því að bæta sér það tjón, er hún hafi orðið fyrir og að framan er lýst.

Sýknukröfu sína byggja stefndu í fyrsta lagi á því, að ósannað sé, að nefndur áverki á höfði stefnanda stafi af fyrrgreindri hárliðun. Það þykir þó eftir atvikum nægjanlega sannað, að svo hafi verið, enda virðist mega ráða það af vottorði Andrésar Ejólfssonar, að stefndu hafi ekki við hina fyrstu kröfugerð neitað hárgreiðslunni á þeim grundvelli, heldur af því, að þá væri óséð, hver lýti yrðu af áverkanum.

Þá hafa stefndu og talið, að stefnandi hafi fyrirgert hugsanlegum rétti í þessu efni með því að höfða ekki málið fyrr en raun varð á. Ekki þykir þó verða fallizt á þessa varnarástæðu, og verður hún því ekki tekin til greina.

Þá hafa stefndu og byggt sýknukröfu sína á því, að allrar tilhlýðilegrar varúðar hafi verið gætt við nefnda hárliðun, sem framkvæmd hafi verið með hinum fullkomnustu tækjum. Stúlka sú, sem afgreitt hafi stefnanda, hafi eigi brugðið sér frá nema örstutta stund (rúmlega mínútu), og beggja megin við stefnanda hafi verið hárgreiðslustúlkur við störf, en stefnandi hafi getað kvartað við þær á meðan, ef tilefni hefði verið til. Hver sá, sem láti liða hár sitt á þenna hátt, geri það á eigin ábyrgð, að svo miklu leyti sem hætta sé á bruna, enda verði hver og einn að segja til, ef honum finnist hitinn of mikill, en engan annan mælikvarða sé unnt að hafa á því, hvort hætta sé á bruna.

Það þykir verða að líta svo á, að þá sé fyrst forsvaranlega að farið við starf sem þetta, þegar brýnt er fyrir viðskiptamanni að segja strax til og hann finnur til einhverra óþæginda við aðgerðina, og hárgreiðslustúlka sé þá þegar til taks til að gera tilhlýðilegar ráðstafanir til varnar tjóni, enda skýrði umboðsmaður stefnanda og svo frá við hinn munnlega málflutning og hafði það eftir formanni félags hárgreiðslukvenna hér, að slíkur bruni, sem hér

um ræðir, eigi ekki að þurfa að koma fyrir við þessa hárliðun, ef viðskiptavinurinn sé aðvaraður og ávallt fylgzt vel með aðgerðinni. Með því að sönnur brestur á, að svo hafi verið gert hér, þykir verða að telja stefndu bótaskyldar gagnvart stefnanda út af áðurnefndu tjóni hennar, en umræddur hárlaus blettur virðist munu haldast óbreyttur frá því sem nú er.

Stefndu hafa hreyft því, að stefnandi kunni að eiga sök á því, hvernig komið sé, þar sem hún hafi látið langan tíma líða, þar til hún leitaði læknis út af áverkanum. Með tilliti til fyrrnefndrar álitsgerðar Magnúsar Ágústssonar héraðslæknis verður þetta þó ekki talið hafa við nein rök að styðjast, og stefnandi hafi því ekki fyrirgert neinum rétti af þeim sökum.

Stefnandi kveðst hafa greitt um 100 kr. í lækniskostnað vegna áverka þessa. Hún hafi haft sársauka og óþægindi hans vegna við störf sín og greinileg lýti séu að honum. Af framburði Andrésar Eyjólfssonar virðist mega ráða, að bletturinn sjáist ekki, þegar greitt sé yfir hann, en aftur á móti, ef hár stúlkunnar fýkur til. Stefnandi er 25 ára að aldri og ólofuð.

Að framangreindu athuguðu þykja bæturnar til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 450.00, sem stefndu verður gert að greiða með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað. Þess hefur ekki verið krafizt, að stefndu greiddu málskostnað in solidum, og ber því skv. 3. mgr. 181. gr. einkamálalaganna að dæma hvora hinna stefndu til að greiða stefnanda kr. 75.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Kristín Guðmundsdóttir og Sólveig Sandholt, eigendur hárgreiðslustofunnar „Hollywood", greiði stefnanda, Jónínu Eggertsdóttur, kr. 450.00 með 5% ársvöxtum frá 20. maí 1942 til greiðsludags, og greiði hvor þeirra henni kr. 75.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. desember 1943.

Nr. 73/1943. **Réttvísin** (Kristján Guðlaugsson)
gegn
Jóni Sigurðssyni (Gunnar J. Möller).

Fjárdráttur úr sjálfs sín hendi. Hlutdeild í röngum framburði fyrir dómi.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem í héraðsdómi greinir, kveðast þrír amerískir hermenn hafa skotið saman kr. 400.00 til áfengiskaupa, þar sem þeir voru staddir á tilgreindu veitingahúsi. Hafi ákærði verið þar við og boðið þeim að kaupa áfengi handa þeim. Einn hermannanna tók við peningunum og fór út úr veitingahúsinu ásamt ákærða. Segir hermaður þessi, að hann hafi farið með ákærða að húsi Hjálpræðishersins í Reykjavík og afhent ákærða þar peningana, en ákærði síðan farið inn í húsið með þá. Er ákærði kom ekki aftur, fékk hermaðurinn í lið með sér annan hinna hermannanna, er að samskotunum stóðu, og fundu þeir ákærða fyrir utan hús Hjálpræðishersins. Var ákærði tekinn þarna fastur. Hafði hann þá í fórum sínum kr. 64.00. Þar sem hermaður sá, er fór til áfengiskaupanna með ákærða, er einn til frásagnar um það, að hann hafi fengið ákærða greindar 400 krónur, og þar sem fjárhæð þessi hvorki fannst í vörzlum ákærða, er hann var handtekinn, né hefur komið í leitirnar, þykja ekki gegn eindreginni neitun ákærða fram komnar sönnur að því, að hann hafi dregið sér fé þetta.

Ákærði hefur hins vegar játað, að hann hafi í maímánuði s. l. tekið við 180 kr. af öðrum hermanni og hafi hann átt að kaupa áfengi handa hermanninum fyrir fé, en eytt því í eignar þarfir. Þessi játning er studd framburði tveggja hermanna svo og reyndum málsins. Verður því afturköllun játningar ákærða, sem engum rökum er studd, ekki tekin til greina. Loks hefur ákærði orðið frumkvöðull að því, að annar maður gerðist sekur um rangan framburð fyrir dómi.

Atferli ákærða varðar við 247. gr. og 142. gr. 1. mgr.

sbr. 22. gr. 1. mgr. laga nr. 19/1940, og þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði, en vist hans í gæzluvarðhaldi vegna máls þessa komi fullri dagatölu til frádráttar refsivistinni.

Ákvæði héraðsdómsins um sviptingu réttinda og um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Svo greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Lögreglumenn og dómari leiddu í rannsókn málsins ákærða fyrir hermenn til þess að fá skýrslu þeirra um það, hvort hann væri sá maður, er þeir töldu, að hefði vélað þá. Var ákærði þá látinn, að því er séð verður, koma einn fyrir hermennina, en þeir ekki látnir benda á hann í hópi manna. Verður að víta þessa rannsóknaraðferð.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jón Sigurðsson, sæti fengelsi 4 mánuði, en gæzluvarðhald hans vegna máls þessa komi fullri dagatölu til frádráttar refsivistinni.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Gunnars Möllers, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. júní 1943.

Ár 1943, laugardaginn 12. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í bæjarþingstofunni af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1298/1943: Réttvisin gegn Jóni Sigurðssyni.

Málið er höfðað gegn ákærðum fyrir brot gegn 15. og 26. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940. Það var dómtekið 10. þ. m.

Ákærður er Jón Sigurðsson verkamaður, til heimilis á Fjölnisvegi 6 hér í bæ, fæddur 7. janúar 1912 í Stykkishólmi. Hann hefur áður tvívegis verið sektaður fyrir ölvun á almannafæri, en að öðru leyti ekki áður verið refsað.

I.

Um kl. 19,40 þriðjudaginn 6. apríl s. l. kom amerískur herlögreglumaður á lögreglustöðina og beiddist aðstoðar íslenzku lögreglunnar til að handtaka í húsi Hjálpræðishersins íslenzkan mann, sem haft hefði fé af tveim hermönnum. Tveir íslenzkir lögregluþjónar fóru á vettvang, og er þeir komu að húsinu, var þeim vísað inn í herbergi á 3. hæð. Var þar fyrir ákærður og tveir hermenn, og sögðu hermennirnir frá því, að ákærður væri sá, sem hefði haft af þeim peninga. Ákærður var mjög ölvaður. Lögregluþjónarnir tóku ákærðan og fluttu á lögreglustöðina, og var hann þar settur í fangageymslu lögreglustöðvarinnar. Þá hafði hann á sér kr. 64.00 í peningum.

Hermenn þeir, sem voru með ákærða í umrætt skipti, Charles Francis Bilder og Veron Joseph Kellner, hafa skýrt svo frá, að um kl. 18 þenna dag hafi þeir setið inni á Hótel Gullfoss ásamt félaga sínum. Höfðu þeir verið að tala um að ná sér í áfengi og skotið saman 400 krónum til þess. Þá kom ákærður til þeirra og bauðst til að útvega þeim áfengi. Fór Bilder, sem hafði peningana undir höndum, út með ákærðum til að ræða um þetta. Ákærður bað Bilder að koma með sér að húsi Hjálpræðishersins, og varð það úr, að þeir fóru þangað. Þegar þangað kom, bað ákærður Bilder að fá sér peningana og bíða eftir sér, meðan hann næði í vinið, og gerði Bilder það. Beið hann eftir ákærðum í nokkurn tíma, en er ákærður kom ekki, fór Bilder á Hótel Gullfoss og náði í Kellner, og fóru þeir aftur að húsi Hjálpræðishersins og hófu að leita að ákærðum. Hittu þeir hann loks fyrir utan húsið á tali við hermenn og leituðu þá til herlögreglunnar, sem sneri sér aftur til íslenzku lögreglunnar, eins og fyrr segir.

Vitnið Thomas Joseph Mc Elligot, sem var með þeim Bilder og Kellner inni á Hótel Gullfoss í umrætt skipti, hefur skýrt svo frá, að þeir félagar hafi skotið saman 400 krónum til áfengiskaupa. Þá hafi ákærður komið til þeirra og boðið þeim áfengi, og hafi Bilder, sem hafi haft peningana, farið með honum. Hann veit ekki nánar um, hvað gerðist, því að hann yfirgaf Kellner, meðan ákærður og Bilder voru í burtu, og fór á bíó þetta kvöld.

Ákærður hefur neitað að hafa tekið við nokkrum peningum af hermönnum umrætt kvöld. Hann hefur skýrt svo frá, að hann hafi fyrir hádegi þenna dag byrjað að drekka. Síðari hluta dags hafi hann farið inn á Hótel Heklu og setið þar að drykkju, en farið þaðan um kl. 6 og verið þá mjög ölvaður. Eftir það muni hann mjög

lítið eftir sér. Hann man ekki hvar né hvenær hann hitti hermenn þá, er áður greinir, né hve lengi hann var með þeim, og segist ekki kannast við þá nema Bilder. Peninga þá, sem hann hafði á sér, segir hann vera eftirstöðvar af 100 krónum, sem hann fékk lánaðar hjá manni.

Vitnin Bilder, Kellner og Mc Elligot hafa öll unnið eið að framburði sínum.

Enda þótt ákærður hafi eindregið neitað að hafa tekið við peningum af hermönnunum í umrætt skipti, verður með framburðum framangreindra vitna og með tilliti til hinna óljósu skýrslna ákærðs að telja sannað, að hann hafi tekið við peningunum af hermönnunum.

II.

Laugardaginn 22. maí s. l., eftir að rannsókn áðurgreinds máls var lokið, en áður en dómur var kveðinn upp í því, kom hermaðurinn Hendrick Poul Carver til lögreglunnar og kærði yfir því, að ákærður hefði þá fyrir ca. viku síðan haft út úr sér 180 krónur. Hafði hann nú aftur hitt ákærðan af tilviljun á götu.

Fyrir rétti bar hermaðurinn það, að hann hefði hitt ákærðan fyrir utan kaffihús. Ákærður hafði ávarpað hann að fyrra bragði og boðizt til að láta hann hafa áfengi, ef hann léti sig hafa 180 krónur. Hermaðurinn kvaðst þá hafa látið hann hafa 180 krónur og gengið með honum að húsi, er ákærður fór inn í, til þess að sækja áfengið, að því er hann sagði. Þar beið hermaðurinn nokkurn tíma, unz hann taldi sig úrkula vonar um það, að ákærður kæmi aftur með áfengið.

Félagi Carvers, Albert Eugene Walton, hefur borið það, að hann hafi verið með Carver umrætt kvöld. Kveðst hann hafa séð, er þeir tóku tal saman, Carver og ákærður, en heyrði ekki, hvað þeim fór á milli. Hann gekk síðan með þeim að húsi því, er ákærður fór inn í, og sagði Carver honum þá, að ákærður ætlaði að ná í áfengi. Vitnið beið síðan ásamt með Carver, unz þeir voru úrkula vonar um, að ákærður kæmi aftur.

Carver gat ekki skýrt frá því, hvar það var, sem hann hitti ákærðan, né heldur hvaða hús ákærður hafði farið inn í, en taldi sig mundu geta bent á staðina.

Þegar ákærður var leiddur fyrir réttinn og yfirheyrður út af þessu, viðurkenndi hann, að þessi saga Carvers væri rétt.

Hann segist hafa hitt neðarlega á Laugavegi drukkinn hermann, sem hann kannast við að sé Carver, og tekið við af honum 180 krónum til að kaupa áfengi fyrir. Kveðst hann síðan hafa farið með honum og öðrum hermanni að húsi á Laugavegi 19. Þar segist hann hafa ætlað að fá sér lánaðan síma hjá konu, er þar býr, og hringja eftir áfengi. Kona sú, er hann ætlaði að finna, var ekki

heima, svo hann fór út aftur, en fann þar ekki hermennina, sem hann þó hafði sagt að bíða eftir sér. Kveðst hann síðan hafa farið niður í bæ og falað áfengi, en ekki fengið það, farið síðan aftur upp á Laugaveg, en ekki séð hermennina heldur þá. Þess vegna kveðst hann hafa farið til mágs síns, Þorleifs Sivertsen, og beðið hann að geyma 175 krónur.

Þorleifur var nú kvaddur fyrir rétt og skýrði þá frá því, að Jón hefði eitt sinn komið til sín með 175 krónur og beðið sig að geyma og skýrt frá því, að þær stöfuðu af einhverjum viðskiptum. Kvaðst Jón ekki hafa hitt mennina, en vildi ekki hafa peningana á sér og bað því Þorleif að geyma þá, þangað til hann kæmist í samband við hermennina og gæti skilað peningunum.

Staðfesti ákærður, að þessi framburður Þorleifs væri réttur. Voru síðan Carver endurgreiddir peningarnir.

Með því að ástæða þótti til að rengja þenna framburð ákærða, var Þorleifur Sivertsen aftur kvaddur fyrir rétt daginn eftir, og skýrði þá frá því, að ákærður hefði komið til sín morguninn áður, er hann var að fara til réttarhaldsins, skýrt sér frá því, að hann hefði tekið við peningum af tveim útlendingum til að kaupa fyrir þá vín, og ættu þeir peningana. Nú ætti hann að mæta fyrir rétti og byggist við að þurfa að endurgreiða peningana. Bað hann vitnið að hjálpa sér til þess. Var svo um talað á milli þeirra, að vitnið geymdi peningana, en Jón vísaði réttinum á hann, og átti vitnað að segja, að Jón hefði fengið sér peningana í síðastliðinni viku, en nánar var ekki um það rætt. Lagði kona Jóns fram 140 krónur, en vitnið það, sem á vantaði úr eigin vasa, og gerði svo eins og um var talað.

Er þessi framburður Þorleifs var borinn undir ákærðan, viðurkenndi hann hann réttan. Kvaðst hann þá hafa tekið við peningum af Carver og eytt þeim í eigin þarfir, og um morguninn, er hann var kvaddur fyrir réttinn, kvaðst hann hafa farið til Þorleifs og beðið hann að votta þetta með sér fyrir lögreglunni, ef á þyrfti að halda, að hann geymdi fyrir sig peninga, er ákærður hefði áður fengið honum til geymslu, og væri það vegna þess, að ákærður gæti ekki komið þeim til skila til hermanns þess, er ætti þá. Kvaðst ákærður þá hafa gert ráð fyrir, að sent yrði til Þorleifs, og átti Þorleifur þá að afhenda peningana.

Var nú höfðað mál gegn ákærðum, og hann jafnframt settur í gæzluvarðhald hinn 28. maí s. l.

Eftir það beiddist ákærður þess í gegnum talsmann sinn að fá að gefa á ný skýrslu í málinu. Var hún nú á þá lund, að allt, sem hann hefði áður sagt í þessu máli, væri rangt. Kvaðst hann nú ekki hafa séð Carver, fyrr en hann var leiddur fyrir hann á lögreglustöðinni. Kvaðst hann hafa búið til sögu þessa af ótta við það að verða settur í gæzluvarðhald, er hann mætti fyrir réttinum.

Eftir þetta voru þeir Carver og Walton kvaddir til að benda á kaffihús það, er þeir komu út af, er þeir hittu ákærðan, og bentu þeir á Ölduna og hús það, er ákærður fór inn í, og bentu þeir á Laugveg 19, eins og ákærður hafði áður skýrt frá.

Með framburði þeirra Carvers og Waltons svo og framkomu ákærða fyrir réttinum þykir það vera sannað, að ákærður hafi haft fé út úr Carver og eytt því í eigin þágu. Varðar það brot hans svo og brot hans, er lýst var undir I., við 247. gr. almennra hegningarlaga. Með því að fá Þorleif Sívertsen til að bera rangt um málið hefur hann gerzt sekur við 142. gr. 1. mgr., sbr. 22. gr. 1. mgr. sömu laga. Refsingu hans ber að tiltaka með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega áveðin fangelsi í 6 mánuði. En rétt þykir að ákveða, að gæzluvarðhaldsvist ákærða hinn 9.—10. apríl svo og frá 28. maí s. l. skuli koma til frádráttar refsivistinni. Þá ber og samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna að svipta hann kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá uppsögu dóms þessa að telja. Þá ber að dæma ákærðan til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Gunnars Möllers hrl., er ákveðast kr. 400,00.

Málið hefur verið rekið vítalaust

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Jón Sigurðsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Gæzluvarðhald ákærða komi til frádráttar refsivistinni.

Ákærður skal frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hrl. Gunnars Möllers, kr. 400.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. desember 1943.

Nr. 105/1942. **Magnús Andrésson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Andreas Godtfredsen og gagnsök
(Garðar Þorsteinsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Ágreiningur út af umboðslaunum o. fl.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. okt. 1941, krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 3721.26 og £ 12—10—0, hvort tveggja með 6% ársvöxtum frá 1. nóv. 1941 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 27. nóv. f. á., krefst þess, að hann verði sýknaður í aðalsök og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 5992.54 í gagnsök ásamt 6% ársvöxtum frá 2. febrúar 1942 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðalsök.

Um 1. Samkvæmt reikningi, sem aðaláfrýjandi hefur haldið um viðskipti aðilja og lagður hefur verið fram í málinu, nemur skuld gagnáfrýjanda við hann kr. 3721.26. Gagnáfrýjandi hefur ekki véfengt einstaka liði reiknings þessa, og ber því að dæma gagnáfrýjanda í aðalsök hér fyrir dómi til greiðslu skuldar þeirrar, sem reikningurinn greinir.

Um 2. Samkvæmt rökum þeim, sem greinir í héraðsdómi, ber að sýkna gagnáfrýjanda af þessum kröfulið.

Gagnsök.

Um 1. Fjárhæð sú, sem í kröfulið þessum greinir, var skuld aðaláfrýjanda við gagnáfrýjanda 1. jan. 1941. Hún er

talin gagnáfrýjanda til tekna á reikningi aðaláfrýjanda, þeim sem lýst var hér að ofan, þegar rætt var um aðalsök. Verður fjárhæð þessi því ekki dæmd gagnáfrýjanda í gagnsök þessari.

Um 2. Svo sem í héraðsdómi greinir, tók aðaláfrýjandi í febrúar 1940 skipið Jan Mayen á leigu af eiganda þess. Var leigumálinn gerður fyrir atbeina Charles Hvilsoms í Kaupmannahöfn og gagnáfrýjanda. Greiddi aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda 2% af leigufjárhæðinni, meðan leigumálinn við eiganda skipsins hélzt, eða til 8. jan. 1941. Af 2. kröfulið gagnsakar, er hér greinir, hefur aðaláfrýjandi því talið gagnáfrýjanda til tekna í viðskiptareikningi þeim, er í aðalsök hér fyrir dómi greinir, kr. 235.84, þ. e. fyrir tímabilið 1.—8. janúar 1941. Það er upp komið í máli þessu, að The Norwegian Shipping and Trade Mission í London tók í sínar hendur öll umráð e/s Jan Mayen, þegar lokið var greindum leigumála aðaláfrýjanda við eiganda skipsins. Leigutaka aðaláfrýjanda á skipinu eftir þann tíma var reist á samningi, sem hann gerði við greinda stofnun í London fyrir atbeina H. Faabergs skipamiðlara hér í bæ, án þess að gagnáfrýjandi ætti þar nokkurn hlut í. Getur gagnáfrýjandi því ekki krafið aðaláfrýjanda þóknunar vegna samnings þess, er nú var lýst.

Um 3. Samkvæmt því, sem upp hefur komið í málinu, stóðu aðiljar enn í samningum um kaup á salti því, er í kröfulið þessum getur, þegar útflutningsbann var lagt á salt í Færeyjum. Virðist það hafa verið forsenda aðaláfrýjanda fyrir kaupunum, að sterlingspundainnstæðu gagnáfrýjanda í Færeyjum yrði varið til greiðslu saltsins. Þar sem fyrirstaða var á því, að greiðsla saltsins færi fram á þenna hátt, og samningar voru ekki fullgerðir, er útflutningsbannið skall á, verður gagnáfrýjandi ekki talinn eiga tilkall til umboðslauna úr hendi aðaláfrýjanda vegna þessa fjárfars þeirra.

Um 4. Þenna kröfulið reisir gagnáfrýjandi á því, að aðaláfrýjandi hafi fyrir hans milligöngu gert kaup við firmað A. & M. Smith í Aberdeen um kaup á 100 smálestum og 1500—1600 tunnum af salti og að áskilin hafi verið 3% umboðslaun. Af salti þessu fékk aðaláfrýjandi 50 smálestir og

1520 tunnur. Andvirði salts þessa greiddi umboðsmaður aðaláfrýjanda í Aberdeen, firmað P. & J. Johnstone, A. & M. Smith ásamt 3% umboðslaunum. Gagnáfrýjandi hefur andmælt því eindregið, að hin greiddu umboðslaun hafi til sín runnið. Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir í símskeyti hefur A. & M. Smith reynzt ófáanlegur til að skýra frá, hvort hann hafi talið umboðslaun þessi gagnáfrýjanda til tekna, og ber hann fyrir sig, að upplýstrun þessa atriðis fari í bága við samninga hans og gagnáfrýjanda. Gagnáfrýjandi kom til leiðar kaupum þeim, er greinir í þessum kröfulið, og átti tilkall til umboðslauna þeirra vegna. Aðaláfrýjandi hefur ekki leitt sönnur að því, að A. & M. Smith hafi haft heimild til að taka við umboðslaunum gagnáfrýjanda, né að gagnáfrýjandi hafi fengið umboðslaunin frá A. & M. Smith. Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjandi að standa gagnáfrýjanda skil á umboðslaunum vegna þess salts, sem hann raunverulega fékk, þ. e. 50 smálestum og 1520 tunnum. Nema þau kr. 1333.28.

Um 5. Aðaláfrýjandi staðhæfir, að salt þetta hafi verið keypt án sinnar vitundar af A. & M. Smith fyrir atbeina gagnáfrýjanda, greitt af P. & J. Johnstone án sinnar heimildar, en andvirði þess þó verið talið sér til skuldar. Saltið hafi verið sent í skipinu Jan Mayen til Íslands einnig heimildarlaust, skemmzt á leiðinni og verið selt hér upp í kostnað. Kveðst hann nú eiga í málaferlum við P. & J. Johnstone vegna hluttöku hans í þessum ráðstöfunum. Engin skjalleg gögn eru talin vera fyrir hendi um kaupin á salti þessu, og gegn eindregnum andmælum aðaláfrýjanda verður gagnáfrýjandi ekki talinn hafa sannað rétt sinn til umboðslauna þeirra, sem í kröfulið þessum greinir.

Um 6. Fjárhæð sú, sem í kröfulið þessum greinir, var talin gagnáfrýjanda til tekna á reikningi aðaláfrýjanda, þeim er í aðalsök hér fyrir dómi getur. Verður fjárhæðin því ekki dæmd gagnáfrýjanda í gagnsök þessari.

Úrslit málsins verða því þau, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 3721.26 með 6% ársvöxtum frá 1. nóv. 1941 til greiðsludags, og aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 1333.28 með 6% ársvöxtum frá 2. febrúar 1942 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Andreas Godtfredsen, greiði aðaláfrýjanda, Magnúsi Andréssyni, kr. 3721.26 með 6% ársvöxtum frá 1. nóv. 1941 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 1333.28 með 6% ársvöxtum frá 2. febrúar 1942 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 1. okt. 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., er höfðað upprunalega fyrir bæjarþingi Reykjvíkur með stefnu, útg. 17. febr. þ. á., af Andreas Godtfredsen kaupmanni hér í bæ gegn Magnúsi Andréssyni útgerðarmanni hér í bænum. Með samkomulagi aðilja og samþykki dómarans hefur málið síðan verið flutt fyrir sjó- og verzlunardóminn. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér kr. 5992,54 með 6% ársvöxtum frá 2. febrúar 1942 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu af öllum framangreindum kröfum stefnanda og hefur jafnframt með stefnu, útg. 25. febrúar s. l., höfðað gagnsök, og gerir hann þar þær dómkröfur, að gagnstefndur (aðalstefnandi) verði dæmdur til að greiða sér kr. 3721.26 og £ 12—10—0, hvort tveggja með 6% ársvöxtum frá 1. nóv. 1941 til greiðsludags. Enn fremur krefst gagnstefnandi (aðalstefndur) málskostnaðar í aðalsök og gagnsök.

Gagnstefndur krefst sýknu í gagnsök og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Dómkröfur aðilja byggjast á ýmsum viðskiptum þeirra á árunum 1940 og 1941.

Aðalsök.

Aðalstefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Skuld frá fyrra ári ..... kr. 1597.50
1. „Kommission" vegna e/s Jan Mayen frá 1. jan. til 1. nóv. 1941, kr. 445.74 á mán. ..... — 4457.40
3. „Provision" af 350 tonnum af salti frá Varefor-

syningen í Færeyjum á d. kr. 100 pr. tonn, 3% „provision“ ..... kr. 1305.00
4. 3% „provision“ af salti frá A. & M. Smith, Aberdeen, 100 tonn á 70 sh., 1560 tn. á 20 sh. .... — 1502.40
5. 2% „provision“ af salti frá A. & M. Smith, 1286 tunnur á 24 sh. ..... — 809.25
6. Andvirði teppis ..... — 735.80

Þar frá dragast innborgaðar *kr. 4414.81.*

Um 1. Þessi liður er viðurkenndur og verður því tekinn til greina.

Um 2. Í febrúarmánuði 1940 tók aðalstefndur á leigu e/s Jan Mayen frá Aalesund af Charles Hvilsom í Kaupmannahöfn. Telur aðalstefnandi, að samningurinn hafi verið gerður fyrir sína milligöngu og hafi svo verið um samið milli sín og aðalstefnds, að hann skyldi fá greiddar sem þóknun fyrir að útvega skipið 2% af þeirri upphæð, er aðalstefndi greiddi í leigu fyrir skipið, meðan hann hefði það á leigu. Muni aðalstefndur hafa haft skipið á leigu til 1. nóv. 1941, en hins vegar hafi hann eigi greitt „kommission“ nema til 8. jan. s. á., og sé því vangoldin upphæð, eins og að framan greinir.

Aðalstefndur hefur mótmælt því, að hann hafi nokkru sinni samið svo við aðalstefnanda, að hann skyldi fá hina umræddu þóknun fyrir að útvega skipið. Það hafi verið af hreinni greiðasemi og umfram alla skyldu sem hann hafi greitt aðalstefnda 2% af skipsleigunni til 8. jan. 1941, en þann dag hafi umráðin yfir e/s Jan Mayen verið tekin algerlega af eigendum skipsins og fengin í hendur The Norwegian Shipping and Trade Mission í London. Þessi stofnun hafi falið Harald Faaberg skipamiðlara hér í bæ að annast skipið að öllu leyti og ganga frá nauðsynlegum samningum um það. Þótt svo hafi orðið, að aðalstefndur hafi með samningum við Faaberg fengið afnot skipsins áfram um nokkurt skeið, þá hafi það ekki verið fyrir milligöngu eða atbeina aðalstefnanda, og geti hann því ekki átt kröfu á neinni „Kommission“ eftir 8. jan. 1941.

Samkvæmt færslum á viðskiptareikningi aðalstefnds til aðalstefnanda verður að líta svo á, að svo hafi samizt með aðiljum, að aðalstefnandi fengi þóknun fyrir nefnda útvegun skipsins. En þegar tekið er tillit til þess, að þóknun þessi verður eftir atvikum að teljast óvenjuleg og þá ekki síður það, að greiðslur þessar hafi átt að vera ótímabundnar, þá verður að telja, að aðalstefnandi eigi sönnunarbyrði þess, að hann eigi rétt til þessarar þóknunar eftir þann tíma, er aðalstefndur hefur tiltekið, þ. e. þegar eigendur skipsins, sem aðalstefnandi hafði fyrir milligöngu miðlara samið við um útvegun þess, voru búnir að missa öll umráð þess. Og með því að ekki verður talið, að aðalstefnandi

hafi gegn mótmælum aðalstefnds tekizt að sanna kröfu sína að þessu leyti, verður hún ekki tekin til greina.

Um 3. Það er viðurkennt, að aðalstefnandi útvegaði aðalstefndum kaup á nefndu salti svo og að hann hafi átt að fá 3% þóknun fyrir það. Aðalstefndur heldur því hins vegar fram, að það hafi verið skýlaus forsenda fyrir þessum samningum, að innieign aðalstefnanda hjá Vareforsyningen, £ 485, yrði notuð til greiðslu saltsins og yrði aðalstefnanda svo greitt kaupverðið við afhendingu saltsins hér heima. Nú hafi saltið ekki fengizt afhent, og Vareforsyningen hafi neitað að greiða þessa innstæðu fyrr en síðar, og hafi því brostið veruleg forsenda fyrir nefndum samningum, þannig að aðalstefnandi geti ekki krafið um fyrrnefnda þóknun sér til handa.

Af framlögðum gögnum þykir sýnt, að orsök þess, að umrætt salt fékkst ekki afhent, var sú, að nefnd í Færeyjum bannaði allan útflutning á salti eftir 1. maí 1941, og verður því ekki annað séð en að synjunin á greiðslu innistæðunnar hafi staðið í sambandi við það. Hér virðist því vera um atvik að ræða, sem aðalstefnandi getur ekki talizt bera ábyrgð á, og ekki heldur á því, að saltsins var vitjað svo seint af aðalstefndum, enda virðast kaup þessi hafa verið fullgerð í byrjun apríl 1941. Þar sem það er viðurkennt, að aðalstefnandi útvegaði aðalstefndum þessi kaup, og hann skv. framansögðu verður ekki talinn bera ábyrgð á þeim hindrunum, sem fram komu, en hins vegar verður að fallast á, að honum beri þóknun fyrir þessi störf sín í þágu aðalstefnds, og tölulega er kröfuliður þessi ekki vefengdur, þá þykir bera að taka hann til greina að fullu.

Um 4. Það er viðurkennt, að aðalstefnandi hafi útvegað aðalstefndum kaup á saltmagni, eins og að framan greinir, frá A. & M. Smith, en aðalstefndur mótmælir þessari kröfu sumpart á þeim grundvelli, að hann hafi ekki fengið nema 50 tonn af fyrrtalda saltinu, og svo hafi firmað A. & M. Smith veitt viðtöku f. h. aðalstefnanda þeim 3%, sem hann nú krefjist greiðslu á.

Um fyrri varnarástæðuna er það að segja, að þar sem það er viðurkennt, að aðalstefnandi útvegaði aðalstefndum kaup á 100 tonnum af umræddu salti, og ekki er sýnt, að hann eigi neina sök á því, að aðalstefndur fékk ekki nema 50 tonn af því, þá þykir bera að miða þóknunina til aðalstefnanda við kaupverð á 100 tonnum af salti. Af framlögðum gögnum verður séð, að umboðsmaður aðalstefnds í Skotlandi, P. & J. Johnstone, hefur greitt A. & M. Smith 3% í „Kommission". Aðalstefnandi neitar að hafa fengið nefnda þóknun og telur, að firmað A. & M. Smith hafi fengið umrædd 3% í söluþóknun samkvæmt algildri venju í Skotlandi, og sé sú þóknun óviðkomandi þeim 3%, sem hann krefur aðalstefnanda um og þeir höfðu samið um.

Með tilliti til vottorða Guðmundar Kristjánssonar og Ole Solbjörg verður að telja, að algild venja sé, að kaupendur vara greiði firmum í Skotlandi eins og A. & M. Smith sérstaka þóknun eins og þá, er að framan greinir. Þar sem telja verður, að aðalstefndur hafi átt að þekkja þessa venju, verður því að líta svo á, að honum beri auk þessa að greiða aðalstefnanda hina umsömdu þóknun fyrir störf hans við útvegun saltsins, og verður þessi kröfuliður því tekinn til greina að fullu.

Um 5. Aðalstefndur mótmælir þessari kröfu sem alrangri. Hann kveðst aldrei hafa keypt umrætt salt, heldur hafi það verið sent óbeðið, og geti aðalstefnanda því ekki borið nein þóknun í því sambandi.

Samkvæmt gögnum þeim, sem fram hafa komið, og eftir því, sem ráða mátti af hinum munnlega málflutningi, mun áðurnefndur umboðsmaður aðalstefnds, P. & J. Johnstone, hafa greitt firmanu A. & M. Smith andvirði saltsins f. h. aðalstefnanda og síðan sent honum það, en umrædd kaup virðast hafa gerzt fyrir milligöngu aðalstefnanda.

Þótt nefndur umboðsmaður, P. & J. Johnstone, kunni að hafa gert kaup þessi án heimildar frá aðalstefndum, þá verður að líta svo á, að aðalstefnandi hafi vegna fyrri viðskipta haft ástæðu til að ætla, að þessi umboðsmaður hefði fulla heimild að þessu leyti. Fyrir þessi störf í sambandi við útvegun saltsins ber aðalstefnanda þóknun, sem aðalstefndum verður gert að greiða með áðurnefndri upphæð, sem ekki hefur sætt öðrum andmælum.

Um 6. Þessi krafa er viðurkennd og verður því tekin til greina.

Frádráttarliðirnir, samtals kr. 4414.81, virðast vera viðurkenndir, enda hefur aðalstefnandi „deponerað" hjá málflutningsmanni aðalstefnds upphæðum þeim, er greinir í tveim síðustu liðum viðskiptareiknings aðiljanna.

Samkvæmt framansögðu á aðalstefnandi því hjá aðalstefndum kr. 1597.50 plus kr. 1305.00 plus kr. 1502.40 plus kr. 809.25 plus kr. 735.80, eða *alls kr. 5949.95* að frádregnum nefndum *kr. 4414.81.*

Eftir standa þá *kr. 1535.14,* sem aðalstefndum verður gert að greiða aðalstefnanda með vöxtum, eins og krafizt hefur verið. Einnig þykir rétt, að aðalstefndur greiði aðalstefnanda kr. 200.00 upp í málskostnað í aðalsök.

Gagnsök.

Gagnstefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Eftirstöðvar samkv. viðskiptareikningi kr. 3721.26.
2. Mismunur á því verði salts (100 tonn), sem gagnstefndur hafi gert ráð fyrir að kostaði 70 sh. pr. tonn, og því andvirði 50 tonna, sem gagnstefnandi hafi orðið að greiða með 75 sh. pr. tonn — alls £ 12—10—0.

Um 1. Þessi upphæð er tekin til greina í aðalsök, eins og þar er nánar lýst.

Um 2. Gagnstefndur mótmælir þessari kröfu sem rangri.

Eftir því, sem fram hefur komið í málinu, virðist nefndur verðmismunur stafa af því, að saltið var ekki tekið strax við skipshlið, eins og gert hafði verið ráð fyrir. Þar sem ekki verður séð, að gagnstefndur eigi neina sök á, að svo varð, þykir því bera að sýkna hann af héraðlútandi kröfu gagnstefnanda.

Úrslit gagnsakar verða því þau, að gagnstefndur verður sýknaður af kröfum gagnstefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Réttinn skipuðu: Hinn reglulegi formaður dómsins, og sjó- og verzlunardómsmennirnir Erling Ellingsen verkfræðingur og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndur, Magnús Andrésson, greiði aðalstefnanda, Andreas Godtfredsen, kr. 1535.14 með 6% ársvöxtum frá 2. febrúar 1942 til greiðsludags og kr. 200.00 upp í málskostnað í aðalsök.

Í gagnsök á gagnstefndur að vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, en málskostnaður þar falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. desember 1943.

Nr. 77/1943. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Ólafi Óskari Guðmundssyni
(Egill Sigurgeirsson).

Ölvun á almannafæri.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Ólafur Óskar Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Egils Sigurgeirssonar, 150 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 29. maí 1943.

Ár 1943, laugardaginn 29. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í fangahúsinu af fulltrúa sakadómara, Þórði Björnssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1637/1943: Valdstjórnin gegn Ólafi Óskari Guðmundssyni.

Mál þetta, sem tekið er til dóms í dag, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Óskari Guðmundssyni, til heimilis á Laufásvegi 35, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 1935 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 1930.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 6. apríl 1917, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

Í Reykjavík.

1930 1⅘ Kærður fyrir þjófnað.
1931 1⅘ Kærður fyrir þjófnað.
1935 2¼ Sátt: 500 kr. sekt fyrir brot á 11. gr. laga nr. 64 1930.
1935 1⅘ Aðvörun fyrir slagsmál á almannafæri.
1935 ⅘ Dómur hæstaréttar: 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi skilorðsbundið fyrir brot gegn 231. gr. 4. tl. og 239. gr. hegnl., sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 51 1928 og 55 gr. hegnl. með hliðsjón af 63. og 38. gr. sömu laga.
1936 2½ Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun, óspektir og ólöglegt áfengi í vörzlu.
1937 ⅔ Dómur aukaréttar: 14 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 245. gr. sbr. 48. gr. hegningarlaganna.
1937 ⅔ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
1938 1½ Dómur aukaréttar: 10 mánaða betrunarhússvinna fyrir þjófnað.
1939 ⅔ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1939 1/5 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 2/5 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 2/7 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 1/9 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 1/12 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 6/8 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 6/3 Sátt: 40 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 2/3 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 6/5 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 3/7 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 2/11 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 9/12 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 1/1 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 9/1 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 1/1 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og áflog.
1943 7/3 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 2/4 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 2/4 Sátt: Kærður fyrir ölvun í skipi. Fellt niður.
1943 2/5 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 1/8 Sátt á Siglufirði: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Með framburðum tveggja lögreglumanna og kærða sjálfs er sannað, að hann var hneykslanlega ölvaður í Hafnarstræti í gærkvöldi. Þetta atferli kærðs varðar við 18. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930. Þykir refsing hans, með tilliti til þess að hér er um margítrekað brot að ræða, hæfilega ákveðin 500 króna sekt til ríkissjóðs (sic), og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ólafur Óskar Guðmundsson, greiði 500 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 40 daga varðhald í sektarinnar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. desember 1943.

Nr. 78/1943. **Réttvísin og valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Magnúsi Magnússyni
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Guðmundur Hannesson bæjarfógeti, Siglufirði.

Í rannsókn málsins skortir skýrslu og upplýsingar um þau atriði, er nú verða nefnd:

Jón Guðmundsson bifreiðarstjóri, sem fékk ákærða stjórn bifreiðarinnar og sat við hlið hans í bifreiðinni, er slysið varð, hefur ekki verið yfirheyrður. Nauðsyn var þó að leita hann uppi, ef þess var nokkur kostur, og krefja hann sagna um aðdraganda slyssins. Þá þurfti að spyrja hann um það, hvort hurð bifreiðarinnar var kviklæst, og ef svo var, hvort hann hafi skýrt ákærða frá því. Svo hefði og átt að inna hann eftir því, hversu nærri vegbrún ekið var, hvort ákærði beitti hemlum, hvort ákærði teygði sig út úr bifreiðinni til þess að losa bílhurðina úr girðingunni og hvernig stjórntökum ákærða á bifreiðinni hafi þá verið háttað. Loks hefði verið rétt að spyrja Jón Guðmundsson að því, hvað hann hafi aðhafzt, er hann sá, að hætta var á ferðum.

Leiða þurfti í ljós, hversu sterk girðingin var, hversu mikla æfingu ákærði hafði í meðferð bifreiða, hvort hliðarhalli var á veginum út að vegbrún, þar sem slysið varð, og hvort sleipt hafi verið á palli bifreiðarinnar.

Spyrja átti ákærða um það, hvort hann hafi beitt hemlum og hvaða stjórntök hann hafði á bifreiðinni, er hurðin festist í vírnetinu.

Með því að rannsókn málsins er, svo sem nú var lýst, áfátt í mikilvægum efnum, þykir verða að ómerkja héraðsdóminn og leggja fyrir héraðsdómara að rannsaka rækilega ofangreind atriði svo og annað það, sem framhaldsrannsóknin veiti efni til.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 350.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim í hérað.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 350.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 24. júlí 1943.

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar og réttvísinnar samkv. stefnu, dags. 31. maí s. l., gegn Magnúsi Magnússyni íshússtjóra, Siglufirði, fyrir brot á bifreiðalögunum og XXIII. kafla hegningarlaganna.

5. júní s. l. var málið sent dómsmálaráðuneytinu vegna nýrra upplýsinga, hvort halda ætti áfram málshöfðuninni, og fékk dómarinn málsskjölin aftur í gær með fyrirskipun um málshöfðun.

Málavextir eru þeir, er nú greinir:

Kærður hefur skírteini fyrir að mega aka flutningabifreiðum. 19. sept. 1942 fékk hann leyfi bifreiðarstjóra, sem var að aka flutningabifreið, til þess að taka við stjórn bifreiðarinnar og aka henni, en hinn ráðni bifreiðarstjóri sat í flutningabifreiðinni við hliðina á kærðum, er sat í bifreiðarstjórasætinu.

Var nú ekið frá gatnamótum Vetrarbrautar og Aðalgötu og ætlað suður undir Hafnarbakka. Kærður hafði ekið upp Gránugötu og upp á Suðurgötu, en nokkur halli er þar á götunni og bugða kröpp, þar sem Suðurgata og Gránugata mætast, en austurkantur Suðurgötu sunnan þessara gatnamóta er upphlaðinn, um og yfir 3 metra hár bakki.

Þegar þessum gatnamótum sleppir og nokkrum föðmum er komið upp á Suðurgötuna, og bifreiðin er komin nokkurn veginn upp úr hallanum, þá opnast hurð stýrishúss bifreiðarinnar, og handfang hurðarinnar festist í vírnetsgirðingu, sem var á austurkanti Suðurgötu. Svo hægt var ekið, að bifreiðin stöðvaðist, eftir að hafa slitið nokkra möskva í vírnetinu og rekizt á einn girðingarstaur. En við það, að hurðarhandfangið varð fast í vírnetsgirðingunni, kipptist bifreiðin til hliðar, til vinstri, til austurs, til vegkantsins, sem

þarna er með 5,40 metra fláa, og lenti á girðingarstaur í austurkanti vegarins. Staurinn lét undan, og bifreiðin seig hægt og hægt niður, unz hún valt eina veltu niður. Þeir, sem í bifreiðinni voru og á palli hennar, meiddust lítið sem ekkert, nema Guðm. Jónsson. Var hann á palli bifreiðarinnar ásamt 2 öðrum og á milli þeirra, en er bifreiðin tók að hallast, stukku þeir af bifreiðinni niður á Suðurgötu, en Guðmundur Jónsson, sem átti þó hægara um vik að stökkva af bifreiðinni en sá, sem stóð á pallinum fyrir austan hann, stökk ekki af bifreiðinni, heldur virðist hafa slöngvazt af bifreiðinni, um leið og hún valt, og varð eitthvað undir henni, og meiddist hann svo mjög, að hann dó af meiðslunum 3 dögum síðar.

Þeir, sem voru á bifreiðinni eða í og náðst hefur í, hafa borið, að bifreiðin hafi ekið mjög hægt, er handfangið á bifreiðinni hafi orðið fast í virnetsgirðingunni, en að bifreiðin hafi við það kippzt út á götukantinn til vinstri, lent á girðingarstaur, sem hafi látið undan, en bifreiðin við það farið að síga með hægð fram af götunni og niður af götukantinum, og þá verið auðvelt og alls ekki hættulegt að stökkva af bifreiðinni niður á Suðurgötuna.

Aðalorsök þess, að mannsbani hlauzt af, verður að telja, að Guðm. Jónsson stökk ekki niður af bifreiðinni, sem rannsókn málsins leiðir í ljós, að hafi verið alveg hættulaust, og svo sjálfsagt sem verða mátti. En þótt árekstur inn við staurinn hafi verið hægur og nokkur aðdragandi orðið að því, að bifreiðin valt, þar sem hún fyrst, að vitnisburði vettvangsvotta, seig niður hægt og hægt, hefur hinum slasaða fipazt á einhvern hátt eða fatazt svo að gera það, sem sjálfsagt var, að meiðsl hlutust af, er leiddu hann til dauða.

Hins vegar verður að telja framferði kærðs meðorsök til slyssins. Að vísu eru gallar sjálfrar flutningsbifreiðarinnar meðorsök til slyssins, en það er þó in casu óaðgæzla kærðs sjálfs að aka bifreið, sem hann þekkir ekki galla á (að stýrishurðin var hviklæst) og það því fremur, sem honum bar engin nauðsyn til þess að aka, þótt sannað sé í málinu, að akstur hans á bifreiðinni hafi verið óaðfinnanlegur almennt álitið, þá hafi hann ekki verið það eins og á stóð. Kærður hafi því með því að taka við stjórn gallaðrar bifreiðar og gera eigi við akstur inn þær ráðstafanir, er fyrirbyggðu afleiðingar ágalla bifreiðarinnar, eigi sýnt þá nauðsynlegu aðgæzlu, sem eftir bifreiðalögunum á að gera kröfu til til bifreiðarstjóra, sbr. 27. gr. laga 23/1942, og með því orðið meðorsök í slysi því, er leiddi til mannsbana.

Kærðan ber því að dæma til refsingar eftir bifreiðalögunum nr. 23 frá 1941, 27. gr., og XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 215. gr., en með tilliti til þess, að óeðlilegt virðist, að mannsbani skyldi af hljótast, þar sem bifreiðin fyrst seig niður með hægð og sjónarvottar telja með öllu hafa verið hættulaust að

stökkva af bifreiðinni niður á Suðurgötuna, verður að telja hæfilegt, að sök kærðs varði 400 kr. sekt, er renni í ríkissjóð, en til vara komi 20 daga varðhald, ef sektin verður eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærður allan kostnað sakarinnar. Jóni Jóhannessyni málflm., Siglufirði, og umboðsmanni móður þess, er dó af slysinu, hafði verið tilkynnt af dómaranum, að móðirin ætti þess kost að koma að skaðabótamáli gegn kærðum í máli þessu, en hann lét dómarann vita, að þess væri eigi óskað.

Á máli þessu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Magnús Magnússon íshússtjóri, Siglufirði, greiði 400 kr. sekt í ríkissjóð, en sæti til vara 20 daga varðhaldi, ef sektin greiðist ekki innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. desember 1943.

Kærumálið nr. 13/1943. **Stefán Runólfsson**
gegn
Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

Ómerking og vísun máls frá héraðsdómi..

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 11. nóv. s. l., er hingað barst 2. þ. m., hefur sóknaraðili kært tvo úrskurði, kveðna upp á bæjarþingi Reykjavíkur 11. nóv. s. l., varðandi skyldu Ragnars Bjarkans stjórnarráðsfulltrúa og Eggerts Claessens hæstaréttarlögmanns til þess að bera vætti í máli varnaraðilja á hendur sóknaraðilja, sem rekið er fyrir bæjarþinginu. Krefst sóknaraðili þess, að báðir úrskurðir þessir verði úr gildi felldir. Varnaraðili krefst þess hins vegar, að úrskurðirnir verði staðfestir og honum dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómisins.

Athugun á málatilbúnaði, málflutningi og málsmeðferð í héraði, að því er kæruefnið varðar, hefur leitt í ljós það, sem hér segir:

Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður höfðaði mál í héraði f. h. Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu á hendur Stefáni Runólfssyni með stefnu 26. jan. 1943 til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 600.00. Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 28. janúar 1943. Þá lagði fyrirsvarsmaður sóknaraðilja í héraði fram stefnu, sáttakæru, málskostnaðarreikning og endurrit af dómi hæstaréttar í málinu: Páll Magnússon f. h. þrotabús Stefáns Runólfssonar gegn Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu, þar sem nefnt þrotabú er dæmt til að greiða Rafveitunni 600 krónur í ómaksbætur fyrir hæstarétti. Enga greinargerð lagði fyrirsvarsmaðurinn þá fram, og gerir hann þess enga grein í sáttakæru eða stefnu né á annan hátt, á hvaða ástæðu eða ástæðum hann reisir þá kröfu sína, að Stefán Runólfsson verði dæmdur til þess að greiða ómaksbætur þær, er þrotabúi hans hafði verið gert að greiða með greindum hæstaréttardómi.

Fyrirsvarsmaður varnaraðilja í héraði fékk nú léð málsskjölin og 14 daga frest. Að þeim fresti liðnum lagði hann fram greinargerð af sinni hálfu ásamt einu fylgiskjali. Í greinargerð þessari andmælir fyrirsvarsmaðurinn því, að Stefán Runólfsson beri persónulega ábyrgð á greiðslu greindra ómaksbóta. Telur hann skiptum á þrotabúi Stefáns ekki vera lokið og krefst aðallega frávísunar málsins frá bæjarþinginu, en til vara sýknu. Fyrirsvarsmaður sóknaraðilja í héraði fékk nú skjöl málsins í sínar hendur og 14 daga frest. Eftir það fær sami fyrirsvarsmaður hvern frestinn af öðrum, eða alls 5 fresti, til 29. apríl. Þann dag, en fyrr ekki, kemur fram greinargerð af hans hálfu. Í greinargerð þeirri mótmælir hann frávísunarkröfunni. Sýknukröfu gagnaðilja síns kveðst hann einnig andmæla, með því að „stefndur ábyrgist sjálfur allar kröfur bús síns". Hefur hann enga frekari grein gert í héraði fyrir málsástæðum sínum í máli þessu. Fyrirsvarsmaður varnaraðilja í héraði fékk nú 14 daga frest. Að þeim fresti liðnum skilaði hann aftur skjölum málsins, og var frávísunarkrafan þá tekin til dóms eða úrskurðar. Féll úrskurður bæjarþingsins 20. maí á þá leið, að frávísunarkröfunni var hrundið. Eftir þetta fékk

fyrirsvarsmaður varnaraðilja í héraði fresti til 24. júní, en þá töldu aðiljar gagnasöfnun lokið. Kveður dómari þá svo á, að dagur til munnlegs málflutnings verði síðar ákveðinn.

Í bæjarþingi Reykjavíkur 30. sept. er málið tekið fyrir af nýju. Fór fyrirsvarsmaður sóknaraðilja í héraði nú þess á leit, að honum yrði veittur frestur til frekari gagnasöfnunar, og fékk hann fresti í því skyni til 14. október. Er málið var þá fyrir tekið, krafðist fyrirsvarsmaður sóknaraðilja í héraði þess, að tilteknar spurningar yrðu lagðar fyrir vitnin Ragnar Bjarkan og Eggert Claessen. Spurningar til Ragnars Bjarkans, er verið hafði skiptaráðandi þrotabús Stefáns Runólfssonar, lúta sumar að því, hvort skiptum þrotabús þess sé lokið. Ekki verður séð, að fyrirsvarsmaður sóknaraðilja í héraði hafi á þeim tíma, sem við átti, þ. e. áður úrskurður gengi um frávísunarkröfu gagnaðilja hans, krafið nefndan skiptaráðanda embættisvottorðs um greint atriði, sbr. 4. tölulið 125. gr. laga nr. 85/1936. Svör við öðrum spurningum til þessa vitnis svo og við spurningum til vitnisins Eggerts Claessens virðist nefndur fyrirsvarsmaður samkvæmt greinargerð hér fyrir dómi ætla að nota til styrktar málsástæðu, sem hann hefur ekki enn hreyft í héraði. Af hálfu varnaraðilja í héraði hefur vitnaleiðslum þessum verið andmælt, og leiddi það til þess, að upp voru kveðnir úrskurðir þeir, er nú hafa verið kærðir.

Eins og sjá má, hefur mál þetta sætt meðferð andstæðri fyrirmælum laga nr. 85/1936. Fyrirsvarsmaður sóknaraðilja í héraði, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, leggur enga greinargerð fram, þegar málið er þingfest, og ekki er málsatvikum og málsástæðum lýst í sáttakæru né stefnu. Er þetta brýnt brot á 105. gr. greindra laga. Sameiginlegur frestur aðiljum, sem þeim ber að hagnýta sér í samvinnu eftir ástæðum, er ekki veittur samkvæmt 110. gr. sbr. 111. gr. s. l., heldur frestir á víxl, eins og tíðkaðist eftir eldri reglum. Ekki er ákveðið á þeim tíma, er segir í 109. gr. s. l., hvort mál skuli flutt munnlega eða skriflega. Hefur hæstiréttur margsinnis síðan 12. marz 1941 fundið að meðferð einkamála á bæjarþingi Reykjavíkur og bent á, um hvað áfátt væri. Eins og að framan er rakið, hefur með-

ferð máls þess af hendi dómara, Kristjáns setts lögmanns Kristjánssonar, og málflutningur af hendi umboðsmanns sóknaraðilja í héraði, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, brotið mjög í bága við fyrirmæli laga nr. 85/1936. Þykir ekki hlýða, að hinum ólöglega rekstri málsins sé lengur fram haldið, og verður að ómerkja hina áfrýjuðu úrskurði og alla meðferð málsins í héraði og vísa því frá héraðsdómi.

Þar sem sóknaraðili hér fyrir dómi hefur ekki krafizt málskostnaðar vegna kærumáls þessa, þykir málskostnaður fyrir hæstarétti eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinir kærðu úrskurðir svo og öll meðferð bæjarþingsmálsins eiga að vera ómerk og vísast málinu frá bæjarþinginu.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1943.

Mál þetta hefur Magnús Thorlacius hrm. f. h. Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitun gegn Stefáni Runólfssyni, Gunnarsbraut 34 hér í bæ, og gert þær kröfur, að stefndur verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 600.00, skv. hæstaréttardómi, uppkveðnum 22. júní 1942, í málinu: Páll Magnússon f. h. þrotabús Stefáns Runólfssonar gegn Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu, auk 6% ársvaxta frá 22. júní 1942 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar, og virðist svo af greinargerð þeirri, er fram hefur verið lögð af hans hálfu, að hann styðji kröfur sínar annars vegar við það, að skiptum í þrotabúi hans sé ekki lokið, og hins vegar það, að hann beri ekki persónulega ábyrgð á skuldum, sem þrotabúið stofnar.

Hinn 14. f. m. kom Ragnar Bjarkan, er var setuskiptaráðandi í þrotabúi stefnds, fyrir bæjarþingið sem vitni, og krafðist umboðsmaður stefnanda þess, að spurningarnar á þingskjali 13 A yrðu lagðar fyrir vitnið. Umboðsmaður stefnds mótmælti því og rökstuddi andmæli sín með því, að svör vitnisins við spurningum þessum myndu ýmist vera skýringar á opinberum réttarskjölum, og sé það hlutverk dómara, eða þau væri með öllu þýðingarlaus fyrir

málið. Umboðsmaður stefnanda hélt fast við kröfu sína, og var atriðið tekið til úrskurðar.

Ekki þykir unnt að fallast á það með stefndum, að vitni sé óheimilt að svara spurningu, er miði að því að skýra atriði í réttarskjölum, enda mun slíkt bann ekki eiga stoð í íslenzkum lögum. Þá þykir ekki augljóst, að svör vitnisins við nefndum spurningum verði þýðingarlaus fyrir málið, enda verður ekki annað séð en stefndur hafi í greinargerð sinni gefið stefnanda tilefni til að leggja spurningar þessar fyrir vitnið. Atriðið verður því úrskurðað á þá leið, að heimilað verður að leggja framangreindar spurningar fyrir vitnið.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi lögmanns, kvað upp úrskurð þenna, en dráttur á uppsögu hans stafar af því, er nú skal greint: Úrskurður um þetta efni var kveðinn upp samstundis í bæjarþinghaldi 14. f. m., og var honum skotið til hæstaréttar þegar í stað. Með dómi hæstaréttar 1. þ. m., er barst bæjarþinginu 3. þ. m., var úrskurðurinn ómerktur sakir formgalla og málinu vísað heim til uppsögu úrskurðar af nýju. Töf sú, er síðan hefur á orðið, stafar af embættisönnum.

Því úrskurðast:

Spurningarnar á þingskjali 13 A verða lagðar fyrir vitnið Ragnar Bjarkan.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1943.

Mál þetta hefur Magnús Thorlacius hrm. f. h. Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitun gegn Stefáni Runólfssyni, Gunnarsbraut 34 hér í bæ, og gert þær kröfur, að stefndur verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 600.00, skv. hæstaréttardómi, uppkveðnum 22. júní 1942, í málinu: Páll Magnússon f. h. þrotabús Stefáns Runólfssonar gegn Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu, auk 6% ársvaxta frá 22. júní 1942 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar, og virðist svo af greinargerð þeirri, er fram hefur verið lögð af hans hálfu, að hann styðji kröfur sínar annars vegar við það, að skiptum í þrotabúi hans sé ekki lokið, og hins vegar við það, að hann beri ekki persónulega ábyrgð á skuldum, sem þrotbúið stofnar.

Hinn 14. f. m. kom Eggert hrm. Claessen fyrir bæjarþingið sem vitni, og voru lagðar fyrir hann spurningarnar á þingskjali 13 B. Neitaði vitnið að svara spurningum þessum, þar eð svörin myndu ljósta upp leyndarmálum umbjóðanda hans, er hann hefði að lögum skyldu til að varðveita. Í annan stað kvað vitnið svör sín við spurningunum þýðingarlaus fyrir mál þetta. Umboðsmaður stefn-

anda andmælti heimild vitnisins til að skorast undan svörum, og var atriðið tekið til úrskurðar.

Gegn andmælum stefnanda þykja ekki nægar líkur hafa verið að því leiddar, að þær upplýsingar, sem svör vitnisins kynnu að láta í ljós, séu þess eðlis, að þagnarskylda vitnisins skv. 1. gr. laga nr. 61 frá 1942, sbr. 3. tölulið 126. gr. einkamálalaganna, taki til þeirra. Þá þykir ekki augljóst, að svör vitnisins við nefndum spurningum verði þýðingarlaus fyrir málið, enda verður ekki annað séð en stefndur hafi í greinargerð sinni gefið stefnanda tilefni til að leggja spurningar þessar fyrir vitnið. Atriðið verður því úrskurðað á þá leið, að vitnið verður skyldað til að svara framangreindum spurningum.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi lögmanns, kvað upp úrskurð þenna, en dráttur á uppsögu hans stafar af því, er nú skal greint:

Úrskurður um þetta efni var kveðinn upp samstundis í bæjarþinghaldi 14. f. m., og var honum skotið til hæstaréttar þegar í stað. Með dómi hæstaréttar 1. þ. m., er barst bæjarþinginu 3. þ. m., var úrskurðurinn ómerktur sakir formgalla og málinu vísað heim til uppsögu úrskurðar af nýju. Töf sú, er síðan hefur á orðið, stafar af embættisönnum.

Því úrskurðast:

Vitninu Eggert Claessen er skylt að svara spurningunum á þingskjali 13 B.

Miðvikudaginn 15. desember 1943.

Nr. 61/1943. **Hafnarstjórn Reykjavíkur**
(Cand. jur. Tómas Jónsson)
gegn
Stefáni Jóh. Stefánssyni f. h. Svensk-Isländska Fryseriaktiebolaget, Göteborg
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Forkaupsréttur að tilteknum eignum fyrir matsverð talinn vera fyrir hendi, þótt kaupsamningur eiganda þeirra og þriðja manns um þær hafi verið felldur úr gildi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. júní þ. á., gerir þessar dómkröfur: Aðallega að stefnda verði dæmt að veita honum afsal fyrir fasteign-

um á lóð þeirri, sem lóðarleigusamningur frá 26. febrúar 1927 tekur yfir, gegn greiðslu kr. 766458.55. Til vara, að honum, þ. e. áfrýjanda, verði dæmdur réttur til að fá afsal úr hendi stefnda fyrir fasteignum þessum gegn greiðslu verðs, sem ákveðið sé með virðingu samkvæmt 6. og 12. gr. nefnds samnings og miðað sé við verðlag hér í júní 1942. Til þrautavara, að honum verði dæmdur réttur til að fá afsal úr hendi stefnda fyrir fasteignunum gegn greiðslu kaupverðs, sem ákveðið sé með virðingu samkvæmt 6. og 12. gr. greinds samnings. Loks hefur áfrýjandi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Í 2. mgr. 6. gr. lóðarleigusamningsins frá 26. febrúar 1927 er svo kveðið á, að leigusali hafi forkaupsrétt að húsum og mannvirkjum á lóðinni fyrir matsverð, ef leigutaki vill selja rétt sinn. Þegar stefndi gerði kaupsamning við h/f Frosta um fasteignir þessar hinn 8. júní 1942, öðlaðist áfrýjandi rétt þann til kaupa, er lóðarleigusamningurinn veitir honum, og fellur réttur áfrýjanda ekki niður við það, þótt h/f Frosti og áfrýjandi hafi síðar komið sér saman um afnám kaupsamnings síns.

Það hafa ekki komið upp nægileg rök til stuðnings því, að ákvæði 2. mgr. 6. gr. lóðarleigusamningsins um kaup fasteignanna fyrir matsverð sé einungis sett í þágu áfrýjanda, og verður aðalkrafa hans því ekki tekin til greina. Átti áfrýjandi því við sölu fasteignanna til h/f Frosta rétt til að fá þær fyrir matsverð samkvæmt ákvæðum lóðarleigusamningsins. Þegar áfrýjandi þurfti að taka ákvörðun um það, hvort þess réttar, er lóðarsamningurinn veitti honum, skyldi neytt, var honum mikils vert að fá glöggva vitneskju um söluverð fasteignanna til h/f Frosta, því að söluverðið gat gefið vísbendingu um verð fasteignanna í kaupum og sölum, sbr. 10. gr. laga nr. 61/1917. Skýrslur um söluverðið til h/f Frosta komu ekki heim hver við aðra, og rengdi áfrýjandi þær, aðrar en skýrslu h/f Frosta í bréfi 29. október 1942. Áfrýjandi lýsti yfir því í bréfi til h/f Frosta 9.

nóv. og í simskeyti til stefnda 5. desember s. á., að hann ætlaði sér að neyta þess fyllsta réttar, er hann taldi sig eiga samkvæmt lóðarleigusamningnum. Höfðaði hann síðan mál þetta til gildis forkaupsréttinum með stefnu 30. des. s. á.

Þegar það er virt, að stefndi hafði í öndverðu við söluna til h/f Frosta forkaupsrétt áfrýjanda að engu og að áfrýjanda veittist mjög erfitt að fá hjá stefnda fræðslu um atriði, er mikils var vert um, þá þykir stefndi bera ábyrgð að miklu leyti á því, að skipti aðilja drógust á langinn. Verður háttsemi áfrýjanda því ekki metin honum til réttarspjalla.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda rétt til þess að fá afsal úr hendi stefnda fyrir fasteignum þeim, er í málinu greinir, gegn greiðslu kaupverðs, sem ákveðið sé með mati samkvæmt 6. og 12. gr. greinds lóðarleigusamnings, en ekki þykir rétt að fastskorða það mat við verðlag á þeim tíma, er í varakröfunni greinir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda upp í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti kr. 5000.00.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Hafnarstjórn Reykjavíkur, á rétt til afsals úr hendi stefnda, Stefáns Jóhanns Stefánssonar f. h. Svensk-Isländska Fryseriaktiebolaget, Göteborg, fyrir húsum og mannvirkjum á leigulóð stefnda samkvæmt lóðarleigusamningi frá 26. febrúar 1927 gegn greiðslu kaupverðs nefndra húsa og mannvirkja, er ákveðið sé með virðingu, er fram fari samkvæmt 6. og 12. gr. lóðarleigusamningsins.

Stefndi greiði áfrýjanda kr. 5000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. maí 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu samkvæmt heimild í lóðarleigusamningi, dags. 26. febrúar 1927,

með stefnu, útgefinni 30. desember 1942, af borgarritaranum í Reykjavík, Tómasi Jónssyni hdl., fyrir hönd og í umboði hafnarstjórnar Reykjavíkur gegn Svensk-Isländska Fryseriaktiebolaget, Göteborg, til þess að fá það dæmt til að gefa út afsal til hafnarstjórnarinnar fyrir fasteignum félagsins hér í bænum, þeim er lóðarleigusamningur frá 26. febr. 1927 veitir hafnarstjórn forkaupsrétt að við sölu, gegn greiðslu þess kaupverðs, er h/f Frosti greiddi fyrir eignirnar í júní f. á., kr. 766458.55, eða þeirrar fjárhæðar annarar, sem undir rekstri málsins verða færðar sönnur á, að kaupverðið hafi numið.

Til *vara* hefur stefnandi krafizt þess, að stefndur verði dæmdur til að gefa út afsal fyrir eignum þessum gegn greiðslu matsverðs, er verði miðað við verðlag í júní fyrra ár. Þá hefur hann undir rekstri málsins gert þá þrautavarakröfu, að stefndur verði dæmdur til að afsala eignunum samkvæmt mati.

Loks hefur hann gert kröfu um málskostnað úr hendi stefnds.

Stefndur hefur krafizt sýknu í máli þessu og málskostnaðar að skaðlausu.

Með samningi, dagsettum 26. febrúar 1927, leigði stefnandi stefndum lóð við Skúlagötu, Ingólfsstræti, Sölvhólsgötu og Geirsgötu, að stærð ca. 3400 fermetrar, og var leigutíminn ákveðinn 60 ár frá 1. júlí 1928 að telja. Var lóðin leigð til að gera á henni frystihús og mannvirki í sambandi við það. Í 6. gr. samnings þessa er leigutaka heimilað að veðsetja leigurétt sinn og selja hann öðrum og einnig nota lóðina til annars atvinnureksturs, ef rekstur frystihússins er ekki arðberandi, en þá hefur leigusali forkaupsrétt að húsum og mannvirkjum á lóðinni fyrir matsverð. Í 12. gr. samningsins eru svo ákvæði um það, hvernig skipun matsmanna skuli hagað.

Með kaupsamningi, dags. í Göteborg 8. júní 1942, lofar stefndur að selja sendifulltrúa Íslands í Svíþjóð, Vilhjálmi Finsen, „såsom representant för ett Köparekonsortium på Island" allar eignir sínar hér á landi, þar á meðal frystihúsið með vélum og öðru tilheyrandi, og með afsali, dagsettu í Göteborg 22. sama mánaðar, veitti stefndur h/f Frosta hér í Reykjavík afsal fyrir eignum þessum. Sala þessi var þvínæst tilkynnt í Morgunblaðinu 4. júlí f. á. og um svipað leyti í öðrum dagblöðum bæjarins.

5. febrúar 1942 kveður stefnandi, að í bæjarstjórn Reykjavíkur hafi verið kosin nefnd til að athuga fisksölumál bæjarins, og hafi nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að æskilegt væri að Reykjavíkurbær festi kaup á Sænsk-ísl. frystihúsinu, og í sambandi við það spurðist nefndin fyrir um möguleika fyrir kaupum á því, en fékk ekki nein ákveðin svör. Hafi nefndin síðan tilkynnt bæjarráði þetta álit sitt og athuganir með bréfi, dags. 16. júní 1942, en þá hafi frétzt um, að frystihúseignirnar væru seldar, án þess að hafnarstjórn eða bæjarstjórn væri nokkuð tilkynnt um málið eða

boðinn forkaupsréttur samkvæmt leigusamningnum. Þann 27. júní 1942 sendi borgarstjórinn í Reykjavík stefndum símskeyti, þar sem hann með skírskotun til samningsins frá 27. febrúar 1927 óskaði upplýsinga um söluverð frystihússins. Í svarskeyti stefnda frá 2. júlí 1942 er vísað til sendiherra Íslands í Stokkhólmi um allar upplýsingar í sambandi við söluna. Þann 4. júlí sendir borgarstjórinn í Reykjavík á ný stefndum símskeyti, þar sem hann bendir á, að samkvæmt áminnztum lóðarleigusamningi eigi Reykjavíkurbær forkaupsrétt að frystihúseignunum hér og mótmælir sölunni, þar sem Reykjavíkurbæ hafi ekki verið boðinn forkaupsréttur og krefst allra upplýsinga í sambandi við málið. Sama dag sendir hann sendiráðinu í Stokkhólmi símskeyti og óskar eftir öllum upplýsingum um söluverð og aðra söluskilmála um eignirnar jafnframt því sem hann bendir á það, að salan hafi átt sér stað, án þess að Reykjavíkurbæ væri boðinn forkaupsréttur að eignunum. Þann 7. sama mánaðar ritar hann stefndum bréf og vekur þar athygli á því, að í lóðarleigusamningnum frá 26. febrúar 1927 sé svo ákveðið, að leigusali, hafnarsjóður, eigi forkaupsrétt að húsum og mannvirkjum á lóðinni, ef leigurétturinn sé seldur, svo sem gert hafi verið, og áskilur hann leigusala þenna rétt, en áður en að ákvörðun sé tekin um það, hvort notaður verði forkaupsrétturinn, óskar hann upplýsinga um söluverð og aðra skilmála. Sams konar bréf ritar hann sama dag h/f Frosta, sem keypti eignirnar. Þann 8. júlí 1942 fékk borgarstjórinn í Reykjavík því næst símskeyti frá sendiráði Íslands í Stokkhólmi, þar sem bent er á, að auðveldara sé að fá allar upplýsingar um söluna hjá kaupendum, og haldið fram, að seljendurnir hafi aldrei við samningsumleitanirnar minnzt á forkaupsréttinn, og muni kaupendunum því að sjálfsögðu hafa verið ókunnugt um hann. Þetta síðasta atriði staðfestir h/f Frosti í bréfi sínu til borgarstjórans, dags. 17. sama mánaðar, og óskar þar jafnframt eftir, að hafnarsjóður falli frá ákvæðum lóðarleigusamningsins um forkaupsréttinn og staðfesti kaupin á frystihúsinu. Bréfi þessu svarar borgarstjóri næsta dag og lýsir þar yfir, að áður en afstaða sé tekin til þessa, sé nauðsynlegt, að fyrir liggi upplýsingar um kaupverð eignanna og aðra kaupskilmála, og óskar jafnframt eftir því, að þessar upplýsingar verði sendar honum hið allra bráðasta. Í símskeyti sama dag til sendiráðs Íslands í Stokkhólmi endurtekur borgarstjórinn í Reykjavík ósk sína um að fá upplýsingar um söluverð eignanna, og sama efnis eru símskeyti hans til stefnda 18. og 22. júlí s. l., auk þess sem hann þar heldur fast við forkaupsrétt Reykjavíkurbæjar á eignunum. Í símskeyti stefnda til borgarstjórans í Reykjavík, mótteknu 26. júlí s. l., er meðal annars óskað eftir upplýsingum um það, hvort Reykjavíkurbær vilji kaupa eignirnar fyrir matsverð samkv. 6. og 12. gr. samningsins frá 26. febrúar 1927. Eftir þetta fóru síðan fram bréfaviðskipti milli borgarstjór-

ans í Reykjavík og h/f Frosta eingöngu um kaupverð eignanna þar til 23. september 1942, en þann dag skrifar h/f Frosti borgarstjóranum í Reykjavík bréf, þar sem farið er fram á, að félagið fái nú þegar að vita um afstöðu Reykjavíkurbæjar til kaupanna. Þann 27. september 1942 svarar borgarstjórinn í Reykjavík loks forkaupsréttarboði stefnda í símskeyti hans frá 26. júlí sama ár á þá leið, að bæjarráð hafi ekki getað gert út um málið vegna ófullnægjandi upplýsinga um söluverð eignanna, og fer jafnframt fram á, að stefndur símsendi það af söluskilmálunum, sem máli skipti um ákvörðun kaupverðsins. Daginn eftir skrifar hann h/f Frosta bréf og tilkynnir, að enn hafi ekki borizt fullnægjandi greinargerð um söluskilmálana, og tilkynnir jafnframt, að hafnarstjórn og bæjarstjórn geti ekki tekið afstöðu til þess, hvort nota beri forkaupsréttinn, fyrr en þessar stofnanir fái fulla vitneskju um kaupin, enda hafi hann oft skýrt félaginu frá þessu. Samdægurs fer borgarstjórinn fram á það við utanríkismálaráðuneytið, að það afli upplýsinga um söluskilmálana hjá sendifulltrúa Íslands í Svíþjóð, og gerði í því bréfi grein fyrir gangi þessa máls og misræmi, er hann telur vera í þeim upplýsingum, sem hann hefur fengið um kaupin. Með bréfi h/f Frosta, dags. 30. september f. á., til borgarstjórans er sent meðal annars kaupsamningur og afsal fyrir eignunum, og er borgarstjóranum í bréfi þessu jafnframt bent á, að þar liggi fyrir allar upplýsingar um sölusamninga, og jafnframt farið fram á, að Reykjavíkurbær láti afstöðu sína til málsins þegar í ljósi eða að minnsta kosti svo fljótt sem kostur er. Með bréfi, dags. 3. október s. l., sendir utanríkisráðuneytið borgarstjóranum í Reykjavík svar sendifulltrúans við fyrirspurn hans um samningskjörin, og virðast þau hin sömu og greinir í kaupsamningi aðilja. Þann 6. október fyrra árs fékk borgarstjórinn í Reykjavík símskeyti frá stefnda til svars skeyti hans frá 27. september s. l., þar sem þeir telja fyrirspurnir um söluskilmála þýðingarlausar fyrir forkaupsréttinn, þar eð samningurinn frá 26. febrúar 1927 hafi ákveðin fyrirmæli um það, hvernig honum skuli beitt. Og jafnframt ítrekar hann fyrirspurn sína um það, hvort Reykjavíkurbær vilji neyta forkaupsréttarins samkv. ákvæðum 6. og 12. gr. nefnds samnings, og ef svo sé, þá geri Reykjavíkurbær ráðstafanir til þess, að mat fari fram þegar í stað. Í bréfi borgarstjórans í Reykjavík, dags. 9. október s. l., til utanríkisráðuneytisins óskar hann upplýsinga um ósamræmi um söluverð, er hann telur vera í svari sendifulltrúans frá 3. sama mánaðar, og þann 15. sama mánaðar berst honum svar þess efnis, að söluverðið sé ísl. kr. 1700000 eins og getur í kaupsamningnum. Þá er jafnframt getið um það í skeytinu, að stefndur hafi óskað aðstoðar ríkisstjórnarinnar íslenzku til þess að fá þegar í stað svar Reykjavíkurbæjar við forkaupsréttarboðinu. — Í símskeyti borgarstjórans til stefnds, dagsettu 12. október s. l., heldur hann því fram,

að Reykjavíkurbær eigi forkaupsrétt fyrir raunverulegt söluverð, og skorar á hann að gefa sér ýtarlegri skýringar á söluskilmálunum. Símskeyti þessu svarar stefndur með símskeyti til borgarstjórans, mótteknu 18. sama mánaðar, á þá leið, að ríkisstjórn Íslands hafi fyrir tilstilli sendifulltrúans fengið allar upplýsingar. Í bréfi h/f Frosta til borgarstjórans, dags. 29. október f. á., telur félagið, að það hafi kostað sig kr. 766458.55 að eignast þær eignir, er Reykjavíkurhöfn eigi forkaupsrétt að samkvæmt lóðarleigusamningnum frá 1927, en taka jafnframt fram, að vélarnar séu það úr sér gengnar, að hér sé að mestu um kaup á húsbyggingunni sjálfri að ræða.

Á fundi sínum 4. nóvember f. á. samþykkti hafnarstjórn að nota forkaupsréttinn fyrir söluverð það, er í stefnunni greinir, og að falla frá kröfum um mat það, sem gert er ráð fyrir í áminnztum lóðarleigusamningi. Daginn eftir var þessi ákvörðun samþykkt við fyrri umræðu á bæjarstjórnarfundi, og var h/f Frosta tilkynnt sú samþykkt með bréfi, dags. 9. sama mánaðar, en eigi verður séð, að stefnda hafi verið tilkynnt nokkuð um þetta. Mál þetta átti að koma fyrir bæjarstjórnarfund 19. nóvember f. á. til síðari umræðu, en með bréfi, dags. 18. sama mánaðar, tilkynnti h/f Frosti borgarstjóranum, að kaupin væru gengin til baka. Tilkynnti stefndur borgarstjóranum sömuleiðis með skeyti, mótteknu 20. sama mánaðar, að salan væri úr gildi felld, og hann muni því halda umræddum eignum og lóðarleigusamningi óbreyttum. Tekur hann það jafnframt fram, að forkaupsréttur Reykjavíkurbæjar eða kaup hans á annan hátt sé þar með úr sögunni.

Borgarstjórinn mótmælti þegar daginn eftir símleiðis, að þessi ráðstöfun hefði áhrif á forkaupsrétt Reykjavíkurbæjar, sem hann taldi, að hefði orðið virkur við söluna í júnímánuði fyrra ár. Stefndur mótmælti þegar í stað þessum skýringum á lóðarleigusamningnum og kvað engan söluvilja vera fyrir hendi af sinni hálfu.

Á bæjarstjórnarfundinum 19. nóvember var málið tekið út af dagskrá og frestað vegna hins breytta viðhorfs, en á bæjarstjórnarfundi 3. desember síðastliðinn var samþykkt við aðra umræðu málsins, að hafnarstjórn og bæjarstjórn haldi fram rétti sínum til að kaupa eignirnar, sem þessar stofnanir töldu, að hefði stofnazt við söluna í júnímánuði síðastliðnum, en þar sem stefndur hefur ekki viljað fallast á þessa skoðun stefnanda og neitað að afhenda eignirnar, er mál þetta höfðað, eins og að framan greinir.

Stefnandi byggir aðalkröfu sína á því, að matsákvæðið í 6. gr. lóðarleigusamningsins frá 26. febrúar 1927 hafi eingöngu verið sett í samninginn leigusala í hag, og eigi hann því, ef hann kýs það heldur, rétt á því að falla frá mati og krefjast eignarinnar fyrir söluverð. Drátturr sá, sem orðið hafi á samþykkt forkaupsréttarboðsins, hafi því eingöngu stafað af tregðu stefnanda á því að gefa upp

söluverðið, enda hafi forkaupsréttarboðið verið samþykkt, þegar er honum þótti fullnægjandi upplýsingar fram komnar.

Stefndur heldur því aftur á móti fram, að lóðarleigusamninginn beri að skilja þannig, að hvor aðilinn sem er geti haldið sér við matið, og hafi leigusali engan einhliða rétt í því efni. Bendir hann á, að af sinni hálfu hafi ávallt verið haldið fast við kröfu um mat og forkaupsréttarboðið miðað við það. Telur hann, að allar upplýsingar um söluverð eignanna hafi verið gefnar umfram skyldu, og fyrirspurnir borgarstjórans í Reykjavík um söluverð eignanna afsaki eigi þann drátt, sem orðið hafi hjá stefnanda um að taka ákvarðanir um forkaupsréttarboðið.

Fallast verður á þá skoðun stefnda, að hvorugur aðilja geti einhliða gengið fram hjá ákvæðum 6. gr. lóðarleigusamningsins frá 26. febrúar 1927 um mat á umræddum eignum, ef forkaupsréttar er neytt. Þegar af þessari ástæðu verður aðalkrafa stefnanda ekki tekin til greina. Auk þess verður að telja, að stefnandi hafi með aðgerðarleysi sínu um að svara fyrirspurn stefnda um forkaupsréttinn fyrirgert rétti sínum til að neyta hans samkvæmt ákvæðum leigusamningsins. Og af þeim ástæðum geta hinar aðrar kröfur stefnanda ekki orðið teknar til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Kristján Kristjánsson settur lögmaður hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Svensk-Isländska Fryseriaktiebolaget, Göteborg, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, hafnarstjórnar Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 17. desember 1943.

Nr. 64/1943. **Flosi Sigurðsson og Ólafur Jónsson f. h. Rúllu- og hleragerðar Reykjavíkur**
(Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Friðriki Sigfússyni og gagnsök
(Sigurður Ólason).

Bætur vegna ólögmæts útburðar úr leiguhúsnæði.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. júlí þ. á. Krefst hann aðallega sýknu, en til vara,

að lækkuð verði fjárhæð sú, er honum var dæmt að greiða í héraði. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 20. sept. þ. á. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 32132.35 ásamt 5% ársvöxtum frá 2. okt. 1942 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Í héraðsdómi eru greindir liðir skaðabótakröfu gagnáfrýjanda. Fallast má á rök héraðsdómara fyrir því, að 1. kröfuliður er tekinn til greina, en 2. og 4. kröfulið hrundið. Ekki eru fram komin næg rök fyrir því, að gagnáfrýjanda hafi verið nauðsyn að greiða fjárhæð þá, sem greind er í 5. kröfulið, og verður aðaláfrýjandi því ekki dæmdur til endurgreiðslu hennar. Að því er varðar 3. og 6. kröfulið, þá verður að ætla, að gagnáfrýjandi hafi beðið nokkurt atvinnutjón og óþægindi vegna útburðar hans. Bætur hans af þessum sökum þykja hæfilega metnar kr. 5000.00.

Samkvæmt framansögðu má staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 800.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Flosi Sigurðsson og Ólafur Jónsson f. h. Rúllu- og hleragerðar Reykjavíkur, greiði gagnáfrýjanda, Friðriki Sigfússyni, kr. 800.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. júní 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. okt. f. á., af Friðriki Sigfússyni, Hringbraut 183 hér í bæ, gegn

Flosa Sigurðssyni trésmið og Ólafi Jónssyni verzlunarmanni f. h. Rúllu- og hleragerðarinnar hér í bænum til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 32132.35, eða aðra upphæð eftir mati dómarans, ásamt 5% ársvöxtum frá 2. okt. 1942 til greiðsludags og málskostnaðar eftir reikningi eða mati réttarins.

Stefnda krefst *aðallega* sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans; *til vara*, að stefnukrafan verði lækkuð að miklum mun og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dags. 8. des. 1938, og viðbótarsamningi frá 30. nóv. 1939 leigði stefnda stefnanda húsnæði það og vinnupláss, sem frystihúsið „Snæfell" hafði haft á leigu í húseigninni nr. 8 við Klapparstíg hér í bæ. Hinn 28. nóv. 1940 sneri stefnda sér til lögmannsins í Reykjavík með beiðni um að bera stefnanda út úr hinu leigða húsnæði, og með úrskurðum fógetaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 24. des. 1940 og 3. jan. 1941, var stefnanda gert að rýma húsnæðið vegna meintra vanskila á húsaleigugreiðslum, en úrskurðir þessir voru síðan felldir úr gildi með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 30. jan. 1942.

Stefnandi reyndi síðan að fá aftur umráð húsnæðisins með innsetningargerð, en þeirri beiðni hans var synjað með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 13. marz 1942, og var sá úrskurður staðfestur með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 5. júní 1942. Hefur stefnandi síðan höfðað mál þetta gegn stefnda til greiðslu skaðabóta fyrir það tjón, er hann telur sig hafa orðið fyrir vegna hinnar ólögmætu útburðargerðar, en skaðabótakröfuna (*aðal*kröfuna) sundurliðar hann þannig:

1.	Tjón vegna neyðarsölu á vélum og áhöldum		kr. 10000.00
2.	Rekstrartap í desember 1940:		
	Leiga	kr. 250.00	
	Laun Haralds Jónssonar	— 394.00	
	Laun Friðriks Sigfússonar	— 600.00	
	Skrifstofukostnaður o. fl.	— 150.00	
			— 1364.00
3.	Kaup stefnanda frá 1. jan. til 31. des., kr. 600.00 á mán., auk verðlagsuppbótar		— 11520.00
4.	Málflutningslaun og kostnaður við málareksturinn:		
	Lárus Jóhannesson	kr. 300.00	
	Einar B. Guðmundsson	— 300.00	(sic)
	G. Ólafsson og Sig. Ólason	— 648.35	
			kr. 1548.35
5.	Greiðsla til F. Andersen vegna gerðs samnings um bókhald o. fl.		— 3000.00
6.	Væntanleg hlutdeild í hagnaði við áframhaldandi rekstur frystihússins o. fl.		— 5000.00
			Alls kr. 32432.35

Dómkröfur sínar byggir stefnda á því, að um algeran taprekstur hafi verið að ræða hjá stefnanda, sem hafi verið kominn svo í þrot með frystihúsreksturinn, að lokað hafi verið fyrir rafstraum og síma til frystihússins, en starfsfólkið hafði afhent kaupkröfur sínar til innheimtu. Vélar allar og áhöld hafi verið svo úr sér gengin, að frystihúsið hafi eigi orðið starfrækt af þeim sökum, nema með endurbótum og viðgerðum, sem stefnanda hafi skort fé til að láta framkvæma. Stefnandi hafi eigi átt kost á nýju rekstursfé, sem honum hefði mátt að gagni koma, og hefði honum eigi tekizt að selja vélar sínar á þeim tíma, sem hann gerði, og hætta rekstri sínum, hefði hann óhjákvæmilega orðið gjaldþrota innan lítils tíma.

Verða málsástæður stefnda teknar til athugunar í sambandi við hina einstöku liði í bótakröfu stefnanda, eins og hún er sett fram.

Um 1. Með framburðum vitna og öðrum gögnum, er fyrir liggja í málinu, verður eftir atvikum að telja leidd að því næg rök, að stefnandi hafi, vegna framangreindra aðgerða stefndu, neyðst til að selja umræddar vélar og áhöld fyrir allmiklu lægri upphæð en hann annars hefði getað, og þannig að nemi allt að þeirri fjárhæð, er stefnandi hefur krafizt að þessu leyti. Eins og atvikum er háttað, þykir stefnda því eiga að bæta stefnanda þetta tjón, og verður tekið tillit til þess við ákvörðun heildarbóta hér á eftir.

Um 2. Eftir þeim gögnum, er fyrir liggja, og gegn mótmælum stefndu verður eigi séð, að hér um rætt rekstrartap hafi þurft að verða vegna aðgerða stefndu í útburðarmálinu, þar sem hinn endanlegi úrskurður í málinu féll fyrst í fógetarétti í byrjun janúar 1941. Verður stefndu því eigi gert að bæta stefnanda þetta tjón.

Um 3. Þessi krafa byggist á því, að stefnandi, sem viðurkennir að hafa sjálfur átt í fjárhagsörðugleikum um þessar mundir, hafi átt þess kost að mynda félagsskap um frystihúsreksturinn með fjársterkum félögum, og hafi hann átt að fá þægilega atvinnu við fyrirtækið. Af þessu hafi ekki orðið vegna aðgerða stefndu, og þar sem hann (stefnandi) hafi verið heilsutæpur umrætt ár og ekki getað unnið, beri stefndu tvímælalaust að bæta sér þetta tjón.

Gegn eindregnum mótmælum stefndu verður það ekki talið nægjanlega sannað, að stefnandi hafi getað komið á fót félagsskap um frystihúsreksturinn með þeim skilmálum um atvinnu honum til handa, sem hann heldur fram. Og þar sem sýnt þykir, að rekstursafkoma fyrirtækisins, eins og stefnandi rak það upp á síðkastið, hafi verið svo bágborin, að ekki þykir líklegt, að hann hefði að óbreyttu hlotið atvinnutekjur, verður ekki talið, að unnt sé að taka þessa kröfu hans til greina.

Um 4. Tveir liðir þessarar kröfu standa í sambandi við rekstur framangreinds útburðarmáls, og var stefnanda dæmdur málskostnaður úr hendi stefndu í því sambandi með hæstaréttardóminum frá 30. jan. 1942. Verður því ekki talið, að stefnandi eigi rétt til frekari

greiðslu að þessu leyti. — Síðasti kröfuliðurinn stendur í sambandi við áðurnefnt innsetningarmál, en eins og því var háttað og drepið hefur verið á hér að framan, þykir stefnandi ekki eiga kröfu til að stefndu greiði honum þenna kostnað.

Um 5. Með gögnum þeim, er fyrir liggja, verður að telja nægjanlega sannað, að stefnandi hafi orðið að greiða umræddum F. Andersen, sem átti að annast bókhald fyrirtækisins, nefnda upphæð í bætur fyrir það, að ekkert varð úr því starfi hans. Verður að líta svo á, að stefndu beri að bæta stefnanda þetta, og verður tekið tillit til þess við ákvörðun bótanna.

Um 6. Með tilvísun til þess, er segir um *3* hér að framan, og að öðru leyti samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, þykir gegn mótmælum stefndu ósannað, að stefnandi hafi misst af hagnaði í þessu sambandi, og getur sú krafa hans því eigi orðið tekin til greina.

Eins og sést af framanskráðu, verða *aðal*kröfur málsaðilja því eigi teknar til greina. Í samræmi við *vara*kröfur þeirra verða bæturnar til stefnanda hins vegar ákveðnar með hliðsjón af því, er segir um *1* og *5* að framan, og að öðru leyti með tilliti til þess að telja verður, að stefnandi hafi haft óhagræði af framangreindum aðgerðum stefndu. Að þessu öllu athuguðu þykja bæturnar hæfilega ákveðnar kr. 15000.00, sem stefndu verður gert að greiða ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1100.00.

Fulltrúi lögmanns, Árni Tryggvason, hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Flosi Sigurðsson og Ólafur Jónsson f. h. Rúllu- og hleragerðarinnar, greiði stefnandanum, Friðriki Sigfússyni, kr. 15000.00 með 5% ársvöxtum frá 2. okt. 1942 til greiðsludags og kr. 1100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 18. desember 1943.

Kærumálið nr. 15/1943. **Gísli Kristjánsson** (Sveinbjörn Jónsson) gegn **Skipaútgerð ríkisins** (Ólafur Þorgrímsson).

Krafa um vísun máls frá héraðsdómi tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 27. nóv. s. l., er hingað barst 2. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, uppkveðnum 25. nóv. s. l., þar sem kröfu um vísun málsins: Skipaútgerð ríkisins gegn Gísla Kristjánssyni frá héraðsdómi er hrundið. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður þessi verði úr gildi felldur og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Varnaraðili krefst þess hins vegar, að úrskurðurinn verði staðfestur og sóknaraðilja dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Kærumál þetta hefur verið flutt munnlega fyrir hæstarétti, sbr. 3. málsgr. 199. gr. laga nr. 85/1936.

Varðskipið Ægir, sem veitti liðsinni það, sem í máli þessu er krafizt launa fyrir, er eign ríkisins og rekið á kostnað þess. Var löggjafarvaldinu þegar af þeirri ástæðu heimilt að setja ákvæði þau, er í 2. málsgr. 22. gr. laga nr. 32/1943 getur, um notkun skipsins til bjargstarfa, um laun fyrir slíkan starfa og ákvörðun þeirra. Hins vegar ber undir dómstóla að skera úr um það, hvort aðili sá, sem lögin fela ákvörðun launanna, fer um það eftir löglegum sjónarmiðum.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 600.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Varnaraðili, Skipaútgerð ríkisins, greiði sóknaraðilja, Gísla Kristjánssyni, kr. 600.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 25. nóv. 1943.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 19. þ. m., er með samkomulagi aðilja höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 11. júní s. l., af Pálma Loftssyni forstjóra hér í bæ f. h. Skipaútgerðar ríkisins gegn Gísla Kristjánssyni útgerðarmanni, Norðfirði, eiganda v/s Sæfinns N.K. 76, til greiðslu bjarglauna, að fjárhæð kr. 165000.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Sigurði Kristjánssyni, forstjóra Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, hefur og verið stefnt til réttargæzlu fyrir hönd vátryggjenda v/s Sæfinns.

Stefndur hefur gert þá aðalkröfu í málinu, að því verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað.

Stefnandi krefst þess hins vegar, að frávísunarkröfu stefnds verði hrundið og sjó- og verzlunardómurinn felli efnisdóm í málinu eftir löglegan undirbúning og stefndur verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir þenna hluta málsins, en munnlegur málflutningur hefur farið fram um frávísunarkröfu stefnds samkvæmt heimild í 108. gr. einkamálalaganna nr. 85 1936.

Málavextir eru þeir, að hinn 29. apríl s. l. brotnaði skrúfuöxull á skipi stefnds, v/s Sæfinni, þar sem það var statt 223 sjómílur í suðaustur frá Vestmannaeyjum. Sendu þá skipverjar út beiðni um hjálp skipinu til handa, og samkvæmt því tók varðskip ríkisins, Ægir, að leita að Sæfinni. Kom Ægir á vettvang næsta dag og dró síðan Sæfinn til Vestmannaeyja, en þangað var komið 2. maí s. l. Telur stefnandi, að hjálp sú, er Ægir veitti Sæfinni í þetta skipti, hafi verið björgun í skilningi siglingalaganna og krefur því f. h. eiganda varðskipsins og skipverja þess stefnda um björgunarlaun, eins og í stefnu greinir, fyrir björgun skips án farms.

V/s Sæfinnur, sem er 102 „brúttó“ smálestir að stærð, er samkvæmt heimild í gildandi lögum um vátryggingarfélög fyrir vélbáta tryggður í vélbátatryggingarfélagi Norðfjarðar, og hefur stefndur því frávísunarkröfu sinni til stuðnings skírskotað til 2.

málsgr. 22. gr. laga nr. 32 frá 11. júní 1942 um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, en ákvæði þetta er svo hljóðandi:

„Öll þau skip, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum eða af Samábyrgðinni, svo og öll þau skip, sem Skipaútgerð ríkisins eða ríkissjóður gerir út eða sér um útgerð á, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska. Greiðslu fyrir slíka hjálp verður ekki krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn hlutaðeigandi félags, ef bæði skipin eru tryggð hjá sama félagi, ella af stjórn Samábyrgðarinnar. Greiða skal aðeins það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti. Sbr. einnig 13. gr. 3. málsgr., og aldrei getur greiðslan orðið hærri en vátryggingarfjárhæð skipsins, sem hjálpina þáði. Ákvæði laga nr. 32 9. jan. 1935 um hlutdeild skipshafnar í björgunarlaunum breytist í samræmi við ákvæði greinar þessarar."

Telur stefndur lagaákvæði þetta svo skýrt, að tvímælalaust sé, að dómstólar eigi ekki úrlausn þess, hverja þóknun stefnanda beri fyrir umrædda hjálp, enda séu lögin á engan hátt þannig úr garði gerð, að unnt sé að meta þau ógild.

Af hálfu stefnanda er því hins vegar haldið fram, að umrætt lagaákvæði brjóti í bág við stjórnarskrána, þar sem hvorttveggja sé, að óheimilt sé að taka mál sem þessi — og á milli aðilja sem þeirra, er í máli þessu greinir, — undan úrskurðarvaldi dómstólanna, og óheimilt sé að ákveða endurgjald fyrir veitta hjálp á þann hátt, sem þar er gert.

Í lögum nr. 23 1921 um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip (Samábyrgð Íslands á fiskiskipum) er ákvæði um, að öll skip og bátar, sem vátryggð eru í Samábyrgðinni, séu skyld að hjálpa hvert öðru úr háska og sama gildi um skip annarra félaga, hafi þau og Samábyrgðin samið um að veita hvert öðru slíka hjálp. Borgunar fyrir hjálpina verði eigi krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skuli hún ákveðin af stjórn Samábyrgðarinnar eða gerðardómi, og miðist hún við tilkostnað þann og fjártjón, sem hjálpin hefur bakað þeim, er veitti. — Í hinum fyrstu viðtæku lögum um vátryggingarfélög fyrir vélbáta nr. 27 1938 (2. málsgr. 23. gr.) var gert ráð fyrir sams konar skyldu um hjálp af hálfu þeirra skipa, sem tryggð voru samkvæmt lögunum eða af Samábyrgðinni, og skyldi stjórn hlutaðeigandi vátryggingarfélags eða gerðardómur (ef aðiljar yrðu ásáttir um slíkt) ákveða þóknun fyrir hjálpina á sama hátt og segir í lögum nr. 23 1921, þó þannig, að þóknunin yrði aldrei hærri en næmi vátryggingarfjárhæð þess skips, er hjálpina þáði. — Með lögum nr. 38 frá 27. júní 1941 var ákvæðum þessum breytt að því leyti, að tiltekið var, að þóknunin skyldi ákveðin af stjórn hlutaðeigandi vátryggingarfélags, ef bæði skipin væru tryggð hjá sama félagi, en ella af stjórn Samábyrgðarinnar. Jafnframt voru annars staðar í lögunum ákvæði um, að ágreining milli félags og skips-

eiganda mætti bera undir gerðardóm þriggja manna, og ágreining milli félaga, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni, og milli félaganna og Samábyrgðarinnar skyldi leggja í gerð á sama hátt. — Þessi síðasttöldu lög (nr. 27 1938 og 38 1941) voru síðan felld úr gildi með lögum nr. 32 1942, og fjallar 2. málsgr. 22. gr. þeirra laga, — sem áður er rakin, — um skyldu skipa til að veita hvert öðru hjálp úr háska svo og um ákvörðun þóknunar fyrir slíka hjálp. Í 32. gr. laganna eru síðan óbreytt ákvæði fyrri laga (nr. 27 1938 og 38 1941) um gerðardóma.

Þess er að geta, að hinn 12. febrúar 1942 mun það samkomulag hafa orðið milli ríkisstjórnarinnar og Samábyrgðarinnar, að veittu varðskipin eða þau önnur skip, sem Skipaútgerð ríkisins gerði út, aðstoð skipum, sem tryggð voru samkvæmt lögum nr. 27 1938 eða af Samábyrgðinni, skyldi fyrst um sinn, þar til öðruvísi yrði ákveðið, ekki krafizt greiðslu fyrir slíka hjálp eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skyldi hún miðast við það fjártjón og þann tilkostnað, er hjálpin bakaði Skipaútgerðinni, og þó aldrei vera hærri en vátryggingarfjárhæð skipsins, er hjálpina þáði. Skyldi þetta samkomulag þó aðeins ná til þess hluta greiðslunnar, er rynni til skipsins eða útgerðar þess, en skerða að engu þann hluta, er skipverjum bæri samkvæmt varðskipalögunum eða almennum reglum um björgunarlaun. — Eftir því sem ráða mátti af hinum munnlega málflutningi um frávísunarkröfuna, eru aðiljar sammála um, að samkomulag þetta hafi fallið niður með setningu ákvæðanna í 2. málsgr. 22. gr. laga nr. 32 1942, og þau ein komi því hér til álita.

Eins og sést af framanskráðu, hefur löggjafinn um alllangt skeið tekið þau mál undan úrskurðarvaldi dómstóla, er um var að ræða ákvörðun þóknunar fyrir hjálp, sem skip, er vátryggð voru í sama eða sams konar félagi eða hjá sama endurtryggingarfélagi, veittu hvert öðru. Hafa dómstólar eigi talið, að með undantöku slíkra mála frá dómstólunum væri brotið í bág við hér að lútandi ákvæði stjórnarskrárinnar, enda hafa framangreindir aðiljar sameiginlegra hagsmuna að gæta í málum þessum, þ. e. að vátryggingarkjör þeirra verði sem bezt og hagkvæmust, og tilgangur nefndra lagaákvæða mun einmitt vera sá að koma því til leiðar (sbr. greinargerð með lagafrumvarpinu á Alþingi og umræður þar). Í 2. málsgr. 22. gr. laga nr. 32 1942 er sá viðauki gerður, að sams konar mál aðilja, sem geta verið utan fyrrgreindra vátryggingarfélaga, — eins og er um stefnanda þessa máls, — eru á sama hátt tekin undan úrlausn dómstólanna og fengin í tilviki því, er hér um ræðir, í hendur stjórnar Samábyrgðarinnar einnar, enda verður ekki séð, að heimild sé til að leggja mál sem þetta fyrir gerðardóm samkvæmt 32. gr. laganna. Það er að vísu svo, að nefnt lagaákvæði gerir ráð fyrir, að allir þeir aðiljar, sem þar eru greindir, njóti gagnkvæmra

hlunninda samkvæmt greininni, en þó er sá munur á afstöðu stefnanda þessa máls og annarra þeirra aðilja, er greinin tiltekur og eru innan fyrrnefndra félagssamtaka, að hann nýtur eigi góðs af bættum vátryggingarkjörum hjá þessum samtökum, eins og málsmeðferð sú, sem greinin ákveður, á einmitt sérstaklega að tryggja. Gagnvart stefnanda verður þessi tilgangur löggjafans því eigi talinn réttlæta þessa afbrigðilegu málsmeðferð, og með því að hér er aðilja, sem hefur mikilla hagsmuna að gæta, að sú þóknun, sem stefnandi fær fyrir umrædda hjálp, verði sem minnst, einkum falið úrskurðarvald um upphæð hennar, þá þykir nefnt lagaákvæði ganga að þessu leyti of langt um undantöku mála frá handhöfum dómsvaldsins, og stefnandi verði því eigi talinn við það bundinn. Þykir því eigi bera að frávísa máli þessu, heldur dæma það að efni til eftir löglegan undirbúning. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Í máli þessu skipuðu sjó- og verzlunardóminn þeir Árni Tryggvason, fulltrúi lögmanns, formaður og meðdómendurnir Jón Axel Pétursson hafnsögumaður og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því úrskurðast:

Máli þessu vísast eigi frá dómi, heldur verður það dæmt að efni til.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 20. desember 1943.

Kærumálið nr. 16/1943. **Jón B. Valfells**
gegn
Gunnari Árna Sveinssyni.

Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru, sem hingað barst 8. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði, uppkveðnum 19. nóv. þ. á. í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu af Oddgeiri Magnússyni, fulltrúa sýslumanns, um vitnaskyldu Þorsteins Sigurðssonar í útburðarmálinu: Jón B. Valfells gegn Gunnari Árna Sveinssyni. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og nefndu vitni dæmt skylt að svara

spurningum þeim, sem í málinu greinir. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hæstarétti hafa ekki borizt kröfur né greinargerð frá varnaraðilja.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er atvikalýsingu mjög áfátt. Einkum vantar greinargerð um afstöðu vitnisins Þorsteins Sigurðssonar til málsins. Skýrslu skortir um vottorð vitnisins, er varð efni þess, að það var leitt fyrir dóm, og rekja þarf nánar ástæður sóknaraðilja fyrir því, að hann vill fá svör vitnisins við nefndum spurningum. Svo er og úrskurðurinn gallaður að því leyti, að forsendum hans er tvískipt og sum atriði endurtekin.

Með því að héraðsdómari hefur samkvæmt því, er að framan segir, ekki gætt fyrirmæla 2. mgr. 190. gr. og 1. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, þykir verða að ómerkja úrskurðinn og vísa máli þessu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 19. nóvember 1943.

Í útburðarbeiðni, dags. 8. f. m., hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda farið þess á leit f. h. umbjóðanda síns og á hans ábyrgð, að Gunnar Árni Sveinsson leigutaki hans yrði borinn út úr fjósi og hlöðu á Fitjakoti í Kjalarneshreppi ásamt 70 svínum, er þar eru. Telur gerðarbeiðandi, að gerðarþola hafi verið leigt fyrrnefnt hús til svínaræktar með leigusamningi 16. apríl 1942, en að sá samningur hafi verið verulega vanefndur. Í réttarhaldi 19. þ. m. var lagt fram vottorð Þorsteins Sigurðssonar húsgagnameistara í Reykjavík, og mætti hann sem vitni þá, og kvaðst reiðubúinn að staðfesta vottorð sitt. Eftir ósk umboðsmanns gerðarbeiðanda, var vitnið að því spurt, hve mikið lán það hefði látið gerðarþola fá upphaflega til svínabúsrekstrar. Neitaði vitnið að svara þeirri spurningu.

Einnig neitaði vitnið að svara þeirri spurningu, hvort það hefði fengið veð í svínabúinu hjá gerðarþola.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda taldi, að svar við ofangreindri spurningu gæti haft þýðingu í sambandi við mat á sannleiksgildi vitnisins, ef um veð væri að ræða, og skipti máli um kröfu sína um útburð, og krafðist gegn mótmælum umboðsmanns gerðarþola, Gunnars Jónssonar hdm., að fógeti kvæði upp úrskurð, er skyldaði vitnið til að svara spurningunni.

Var atriði þetta tekið til úrskurðar, og kveðinn samstundis í réttinum upp svolátandi úrskurður:

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur krafizt þess, að vitnið, Þorsteinn Sigurðsson, svaraði þeirri spurningu með úrskurði fógeta (svo), hvort hann hafi fengið veð í umræddu svínabúi hjá gerðarþola fyrir láninu, er hann hafi veitt honum.

Gerðarþoli hefur neitað að svara spurningunni, þar sem hún sé útburðargerðinni óviðkomandi og svar hans.

Gerðarbeiðandi hefur ekki upplýst neitt það, er bendi til þess, að svar vitnisins við umræddri spurningu gæti haft áhrif á úrslit útburðarmálsins eða skipt neinu verulegu í sambandi við það.

Rétturinn verður að fallast á skoðun vitnisins og mótmæli umboðsmanns þess og neita um að úrskurða vitnið til að svara umræddri spurningu.

Því úrskurðast:

Krafa umboðsmanns gerðarbeiðanda um að vitnið, Þorsteinn Sigurðsson, verði skyldaður til að svara fyrrgreindri spurningu verður eigi til greina tekin.